ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 17

33. árgangur

19.3.2026

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2026/EES/17/01 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1590 frá 19. október 2018 um breytingu á ákvörðunum 2012/481/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB og 2014/893/ESB að því er varðar gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun 1

2026/EES/17/02 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1702 frá 8. nóvember 2018 um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna smurefna 4

2026/EES/17/03 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1478 frá 3. október 2018 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 til að uppfæra Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 19

2026/EES/17/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/323 frá 22. febrúar 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Sojet í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 29

2026/EES/17/05 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/589 frá 23. apríl 2020 um hæfi lögbærs yfirvalds í Lýðveldinu Suður-Afríku samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB 32

2026/EES/17/06 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/887 frá 20. maí 2021 um stofnun Evrópska hæfnisetursins í iðnaði, tækni og rannsóknum á sviði netöryggis og nets landsbundinna samhæfingarmiðstöðva 36

2026/EES/17/07 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/172 frá 24. janúar 2023 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2012/715/ESB að því er varðar að færa Kanada á skrána yfir þriðju lönd sem komið var á fót með þeirri ákvörðun 67

2026/EES/17/08 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1085 frá 2. júní 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 70

2026/EES/17/09 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1086 frá 2. júní 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 72

2026/EES/17/10 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1087 frá 2. júní 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir lambda-sýhalótríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 74

2026/EES/17/11 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1088 frá 2. júní 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir deltametríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 76

2026/EES/17/12 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1423 frá 5. júlí 2023 um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/1486 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 78

2026/EES/17/13 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1424 frá 5. júlí 2023 um að endurnýja ekki samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 80

2026/EES/17/14 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1017 frá 23. maí 2023 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1729 að því er varðar vöktun á meþisillínónæmum *Staphylococcus aureus* (MRSA) í eldissvínum 82

2026/EES/17/15 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2100 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 87

2026/EES/17/16 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2377 frá 28. september 2023 um að samþykkja ekki silfurkoparseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 89

2026/EES/17/17 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2378 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 91

2026/EES/17/18 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2380 frá 28. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 93

2026/EES/17/19 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2386 frá 29. september 2023 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 95

2026/EES/17/20 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/885 frá 5. febrúar 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingar sem ber að senda lögbæru yfirvaldi í umsókn um starfsleyfi fyrir þriðja aðila til að meta hvort farið sé að STS-kröfunum 97

2026/EES/17/21 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1851 frá 28. maí 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga í verðbréfun 105

2026/EES/17/22 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1224 frá 16. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar og einstök atriði varðandi verðbréfun sem upphafsaðili, umsjónaraðili og sérstakur verðbréfunaraðili eiga að láta í té 110

2026/EES/17/23 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1226 frá 12. nóvember 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 og um tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem á að leggja fram í samræmi við kröfur um STS-tilkynningar 326

2026/EES/17/24 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1229 frá 29. nóvember 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um rekstrarstaðla fyrir gagnasöfnun verðbréfunarskrár, söfnun, samanburð, aðgengi og sannprófun á heilleika og samræmi 356

2026/EES/17/25 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1230 frá 29. nóvember 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá og upplýsingarnar í einfaldaðri umsókn um framlengingu skráningar viðskiptaskrár 366

2026/EES/17/26 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415 frá 5. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um samvinnu, upplýsingaskipti og tilkynningarskyldu milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar 385

2026/EES/17/27 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2175 frá 7. júlí 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfuna um eftirhald áhættu fyrir upphafsaðila, umsjónaraðila, upphaflega lánveitendur og umsýslustofnanir 398

2026/EES/17/28 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1225 frá 29. október 2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið og stöðluð sniðmát sem upphafsaðili, umsjónaraðili og sérstakur verðbréfunaraðili skulu nota til að gera upplýsingar og einstök atriði um verðbréfun aðgengilegar 411

2026/EES/17/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1227 frá 12. nóvember 2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir veitingu upplýsinga í samræmi við kröfur um STS-tilkynningar 479

2026/EES/17/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1228 frá 29. nóvember 2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu sem verðbréfunarskrá eða um framlengingu skráningar viðskiptaskrár samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 494

2026/EES/17/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1929 frá 31. mars 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1227 að því er varðar sniðmát fyrir upplýsingamiðlun í samræmi við kröfur um STS-tilkynningar um tilbúnar verðbréfanir í efnahagsreikningi .. 499

2026/EES/17/32 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1301 frá 31. mars 2022 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/1226 að því er varðar upplýsingarnar sem á að leggja fram í samræmi við kröfur um STS-tilkynningar um tilbúnar verðbréfanir í efnahagsreikningi 511

2026/EES/17/33 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/584 frá 7. nóvember 2023 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/1851 að því er varðar einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga í einfaldri, gagnsærri og staðlaðri verðbréfun 553

2026/EES/17/34 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/920 frá 13. desember 2023 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar afkomutengda virkjandi atburði og viðmið fyrir kvörðun slíkra atburða 556

2026/EES/17/35 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1700 frá 5. mars 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina, fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa og fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun í efnahagsreikningi, innihald, aðferðafræði og framsetningu á upplýsingum í tengslum við helstu neikvæðu áhrif eigna sem fjármagnaðar eru með undirliggjandi áhættuskuldbindingum á sjálfbærniþætti 562

2026/EES/17/36 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2759 frá 19. júlí 2024 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvenær afleiður verða notaðar einungis til að verja gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingar-sjóðsins, kröfurnar fyrir innlausnarstefnu og lausafjárstýringartæki evrópsks langtímafjár-festingarsjóðs, aðstæður fyrir pörun beiðna um framsal á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, tiltekin viðmið fyrir ráðstöfun eigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og tilteknir þættir við birtingu upplýsinga um kostnað 570

2026/EES/17/37 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/258 frá 7. febrúar 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2400 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar meðalþungra og þungra vöruflutningabifreiða og þungra hópbifreiða og innfellingu ökutækja sem ganga fyrir vetni og annarrar nýrrar tækni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar gildandi reglur um ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar til að fá rýmkun á ESB-gerðarviðurkenningu . 588

2026/EES/17/38 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 frá 22. nóvember 2023 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf 693

2026/EES/17/39 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1047 frá 27. maí 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 9 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 7 761

2026/EES/17/40 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1266 frá 30. júní 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 9 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 7 770

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1590 **2026/EES/17/01**

frá 19. október 2018

um breytingu á ákvörðunum 2012/481/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB og 2014/893/ESB að því er varðar gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun

(tilkynnt með númeri C(2018) 6805) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gildistími vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir prentefni, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem er settur fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB ([2]) rennur út 31. desember 2018.

2) Gildistími vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem er settur fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/391/ESB ([3]) rennur út 23. júní 2018.

3) Gildistími vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem er settur fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB ([4]) rennur út 24. október 2018.

4) Gildistími vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem er settur fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/893/ESB ([5]) rennur út 9. desember 2018.

5) Í samræmi við niðurstöður gæðaeftirlits með umhverfismerki ESB (REFIT) frá 30. júní 2017 ([6]) lagði framkvæmdastjórnin, ásamt umhverfismerkinganefnd ESB, mat á vægi hvers vöruflokks áður en gerð var tillaga um framlengingu. Þetta mat staðfesti hversu viðeigandi núverandi vistfræðilegar viðmiðanir eru, sem og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun sem komið var á með ákvörðunum 2012/481/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB og 2014/893/ESB. Þetta mat sýndi enn fremur mikilvægi þess að halda þessum vöruflokkum undir umhverfismerki ESB en í sumum tilvikum með því að sameina þessa vöruflokka öðrum vöruflokkum sem fyrir eru til að bæta samlegðaráhrif þvert á vöruflokka og auka notkun umhverfismerkis ESB. Í endurskoðuninni ætti að gefa tilhlýðilegan gaum að samræmi milli viðeigandi stefna ESB, löggjafar og rannsóknaniðurstaðna.

6) Prentefni og umbreyttar pappírsafurðir eru nátengd. Enn fremur stendur yfir endurskoðunarferli í tengslum við grafískar pappírsafurðir, undirstöðuefni fyrir prentefni. Til að bæta samlegðaráhrif og auka notkun umhverfismerkis ESB fyrir þessa vöruflokka ætti að aðlaga gildistímabil núverandi viðmiðana fyrir prentefni að gildistímabilinu fyrir umbreyttar pappírsafurðir sem rennur út 31. desember 2020.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 264, 23.10.2018, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 96.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/481/ESB frá 16. ágúst 2012 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir prentefni (Stjtíð. ESB L 223, 21.8.2012, bls. 55).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/391/ESB frá 23. júní 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur (Stjtíð. ESB L 184, 25.6.2014, bls. 18).

([4]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/763/ESB frá 24. október 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur (Stjtíð. ESB L 320, 6.11.2014, bls. 46).

([5]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/893/ESB frá 9. desember 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun (Stjtíð. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 47).

([6]) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um endurskoðun á framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (COM(2017) 355, lokagerð).

7) Til að auka notkun umhverfismerkis ESB fyrir rúmdýnur ætti að huga að því að sameina þennan vöruflokk og vöruflokkinn fyrir húsgögn. Til að byrja með ætti að laga gildistímabil núverandi viðmiðana fyrir rúmdýnur að gildistímabilinu fyrir húsgögn sem rennur út 28. júlí 2022.

8) Að því er varðar ídrægar hreinlætisvörur ætti að framlengja núverandi viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir ídrægar hreinlætisvörur fram til 31. desember 2022 til að skapa stöðugleika á markaðinum og fyrir núverandi og mögulega framtíðarleyfishafa, sem getur leitt til frekari notkunar innan iðnaðarins.

9) Framlengja ætti viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB fyrir snyrtivörur, sem á að skola burt eftir notkun, til 31. desember 2021 til að gera það kleift að ljúka endurskoðun á þeim.

10) Því er rétt að framlengja gildistíma þessara viðmiðana og krafna um mat og sannprófun.

11) Því ætti að breyta ákvörðunum 2012/481/ESB, 2014/391/ESB, 2014/763/ESB og 2014/893/ESB til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2012/481/ESB kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „prentefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2020.“

2. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/391/ESB kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rúmdýnur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 28. júlí 2022.“

3. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/763/ESB kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „ídrægar hreinlætisvörur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2022.“

4. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/893/ESB kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „snyrtivörur sem á að skola burt eftir notkun“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2021.“

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1702 **2026/EES/17/02**

frá 8. nóvember 2018

um að setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB vegna smurefna

(tilkynnt með númeri C(2018) 7125) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 má veita þeim vörum, sem hafa lítil umhverfisáhrif á öllum vistferli sínum, umhverfismerki ESB.

2) Í reglugerð (EB) nr. 66/2010 er kveðið á um að setja skuli tilteknar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB samkvæmt vöruflokkum.

3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/381/ESB ([2]) var komið á viðmiðunum og tilheyrandi kröfum um mat og sannprófun fyrir smurefni. Gildistími þessara viðmiðana og krafna var framlengdur til 31. desember 2018 með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/877 ([3]).

4) Niðurstaðan úr gæðaeftirlitinu með umhverfismerki ESB (áætlun um markvissa og skilvirka löggjöf) 30. júní 2017, þar sem framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 66/2010 ([4]) var endurskoðuð, var að þörf væri á að þróa skipulegri nálgun fyrir umhverfismerki ESB, þ.m.t. einfaldaðar viðmiðanir við val á vörum. Í samræmi við þessa niðurstöðu og í samráði við umhverfismerkjanefnd ESB þykir rétt að endurskoða viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn smurefni, að teknu tilliti til núverandi árangurs, hagsmuna hagsmunaaðilanna sem tengjast vörunni og hugsanlegra tækifæra í framtíðinni til aukinnar útbreiðslu og aukinnar eftirspurnar á markaðnum eftir sjálfbærum vörum. Breyta ætti skilgreiningunni á vöruflokknum „smurefni“ til að bæta við vísun í virkni vörunnar í stað samsetningar hennar. Það á að tryggja að skilgreiningin nái skýrt yfir allar viðeigandi smurefnasamsetningar.

5) Til að taka tillit til nýlegrar markaðsþróunar og nýsköpunar sem hefur átt sér stað á tímabilinu þykir rétt að setja nýjar viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB varðandi vöruflokkinn „smurefni“. Markmiðið með þessum viðmiðunum ætti að vera að koma á framfæri vörum sem hafa takmörkuð áhrif á vatnsumhverfi, innihalda takmarkað magn hættulegra efna og virka jafn vel eða betur en hefðbundin smurefni sem eru fáanleg á markaðnum. Í samræmi við markmiðin í Evrópsku stefnuáætluninni fyrir plast í hringrásarhagkerfi ([5]) ættu viðmiðanirnar einnig að miða að því að auðvelda umbreytingu yfir í hagkerfi með meiri hringrás með því að stuðla að betri hönnun og efla frekar eftirspurnina eftir endurunnum efnum.

6) Nýju viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar ættu að gilda áfram til 31. desember 2024, með tilliti til nýsköpunarferils þessa vöruflokks.

7) Í þágu réttarvissu ætti að fella ákvörðun 2011/381/ESB úr gildi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 285, 13.11.2018, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 98.

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/381/ESB frá 24. júní 2011 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir smurefni (Stjtíð. ESB L 169, 29.6.2011, bls. 28).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/877 frá 4. júní 2015 um breytingu á ákvörðunum 2009/568/EB, 2011/333/ESB, 2011/381/ESB, 2012/448/ESB og 2012/481/ESB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tilteknar vörur (Stjtíð. ESB L 142, 6.6.2015, bls. 32).

([4]) Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins um endurskoðun á framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 122/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (COM(2017) 355).

([5]) COM(2018) 28, lokagerð.

8) Heimila ætti umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerki ESB fyrir smurefni á grundvelli viðmiðananna sem eru settar fram í ákvörðun 2011/381/ESB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum. Í takmarkaðan tíma eftir samþykkt þessarar ákvörðunar ætti framleiðendum að vera heimilt að leggja fram umsóknir, annaðhvort á grundvelli viðmiðana sem voru fastsettar með ákvörðun 2011/381/ESB eða endurskoðaðra viðmiðana sem eru fastsettar með þessari ákvörðun. Hafi umhverfismerki ESB verið veitt á grundvelli viðmiðana sem fastsettar voru með ákvörðun 2011/381/ESB ætti notkun þess ekki að vera heimil eftir 31. desember 2019.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „smurefni“ skal ná yfir öll smurefni sem tilheyra einum af eftirfarandi undirflokkum:

a) undirflokkur smurefna sem tapast að fullu, sem skal ná yfir keðjusagarolíu, stálvírasmurefni, steypumótalosa, smurfeiti sem tapast að fullu og önnur smurefni sem tapast að fullu,

b) undirflokkur smurefna sem tapast að hluta, sem skal ná yfir gírolíur sem eru ætlaðar til notkunar í opnum gírkerfum, skutpípuolíur, tvígengisolíur, tímabundna vernd gegn tæringu og smurfeiti sem tapast að hluta til,

c) undirflokkur smurefna sem tapast fyrir slysni, sem skal ná yfir vökvakerfi, málmvinnsluvökva, gírolíur til notkunar í lokuðum gírkerfum og smurfeiti sem tapast fyrir slysni.

2. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „smurefni“: vara sem getur minnkað núning, viðloðun, hita, slit eða tæringu þegar hún er borin á yfirborð eða sett á milli tveggja yfirborða sem hreyfast á móti hvort öðru, eða getur yfirfært vélræna orku. Algengustu innihaldsefnin eru grunnvökvar og íblöndunarefni,

2) „grunnvökvi“: smurvökvi sem engu íblöndunarefni eða engum íblöndunarefnum hefur verið bætt í til að hafa áhrif á flæði, endingu, smur- eða slitþolseiginleika eða eiginleika sem varða mengunarvalda í sviflausn,

3) „íblöndunarefni“: efni eða efnablanda sem hefur fyrst og fremst það hlutverk að bæta eitt eða fleiri eftirfarandi þátta: flæði, endingu, smur- og slitþolseiginleika og eiginleika sem varða mengunarvalda í sviflausn,

4) „efni“: frumefni og efnasambönd þess, náttúruleg eða unnin með framleiðsluferlum, þ.m.t. öll aukefni sem eru nauðsynleg til að viðhalda stöðugleika þess og öll óhreinindi sem stafa frá vinnslunni, en þó ekki leysiefni sem skilja má frá án þess að það hafi áhrif á stöðugleika efnisins eða breyti samsetningu þess,

5) „tap að fullu“: smurefnið losnar að fullu út í umhverfið á meðan á notkun stendur,

6) „tap að hluta“: smurefnið losnar að hluta til út í umhverfið á meðan á notkun stendur og hægt er að endurheimta þann hluta sem losnaði ekki til uppvinnslu, endurvinnslu eða förgunar,

7) „tap fyrir slysni“: smurefnið er notað í lokuðu kerfi og getur losnað út í umhverfið einungis fyrir tilviljun og hægt er að endurheimta það eftir notkun til uppvinnslu, endurvinnslu eða förgunar,

8) „keðjusagarolía“: smurefni sem er notað til að smyrja tein og keðju á einni eða fleiri gerðum keðjusaga,

9) „stálvírasmurefni“: smurefni sem er notað til að smyrja stálvír sem samanstendur af fleiri þráðum málmvíra sem eru teknir saman til að mynda kaðal,

10) „steypumótalosi“: smurefni sem er notað í byggingariðnaði til að koma í veg fyrir að nýlega lögð steypa loði við yfirborð, yfirleitt krossvið, yfirborðsmeðhöndlaðan krossvið, stál eða ál,

11) „smurfeiti“: smurefni í föstu eða hálffföstu formi sem inniheldur þykkingarefni til að þykkja eða breyta hnigfræðilegum eiginleikum grunnvökvans,

12) „gírolía“: smurefni sem er framleitt sérstaklega fyrir yfirfærslu, millikassa og mismunadrif í bifreiðum, vörubifreiðum og öðrum vélbúnaði,

13) „skutpípuolía“: smurefni sem er notað í skutpípu skips,

14) „tvígengisolía“: smurefni sem er notað í tvígengishreyfla,

15) „tímabundin vernd gegn tæringu“: smurefni sem er borið á málmyfirborð í þunnu lagi til að koma í veg fyrir að málmyfirborðið komist í snertingu við vatn og súrefni,

16) „vökvakerfi“: smurefni sem yfirfærir afl í vökvaknúnum vélbúnaði,

17) „málmvinnsluvökvi“: smurefni sem er ætlað í málmvinnsluferla, svo sem skurð og mótun, og hefur það helsta hlutverk að kæla, minnka núning, fjárlægja málmagnir og verja hlutina sem eru í vinnslu, verkfærið og smíðavélina gegn tæringu.

3. gr.

Smurefni skal falla undir vöruflokkinn „smurefni“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr. þessarar ákvörðunar, til þess að því sé veitt umhverfismerki ESB samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010 og skal vera í samræmi við viðmiðanir og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

4. gr.

Viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „smurefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2024.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „027“ notað fyrir vöruflokkinn „smurefni“.

6. gr.

Ákvörðun 2011/381/ESB er felld úr gildi.

7. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skulu umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „smurefni“, sem lagðar eru fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2011/381/ESB.

2. Umsóknir um umhverfismerki ESB fyrir vörur í vöruflokknum „smurefni“, sem lagðar eru fram innan tveggja mánaða frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar, geta annaðhvort grundvallast á viðmiðunum sem kveðið er á um í ákvörðun 2011/381/ESB eða viðmiðunum sem settar eru fram í þessari ákvörðun. Umsóknirnar skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

3. Ef umhverfismerki ESB er veitt á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í ákvörðun 2011/381/ESB má einungis nota umhverfismerki ESB til 31. desember 2019.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. nóvember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

RAMMI

VIÐMIÐANIR VEGNA UMHVERFISMERKIS ESB

Viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir smurefni

VIÐMIÐANIR

1. Undanskilin eða takmörkuð efni
2. Viðbótarkröfur vegna eiturhrifa á lífríki í vatni
3. Lífbrjótanleiki og uppsöfnun í lífverum
4. Kröfur vegna endurnýjanlegra innihaldsefna
5. Kröfur vegna umbúða/íláta
6. Lágmarks tæknileg afköst
7. Upplýsingar til neytenda varðandi notkun og förgun
8. Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerki ESB

MAT OG SANNPRÓFUN

a) **Kröfur**

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi yfirlýsingar, skjöl, greiningar, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar fyrir þar til bæra aðila mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans, eins og við á.

Þar til bærir aðilar skulu helst viðurkenna vottorð sem eru gefin út af aðilum sem eru faggiltir í samræmi við viðkomandi samhæfðan staðal fyrir prófunar- og kvörðunarstofur (almennar kröfur vegna hæfni prófunar- og kvörðunarstofa (ISO/IEC 17025:2005)) eða við meginreglur um góðar starfsvenjur við rannsóknir, og sannprófanir aðila sem eru faggiltir samkvæmt viðkomandi samhæfðum staðli fyrir aðila sem votta vörur, ferli og þjónustu. Faggildingar skulu fara fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([1]).

Heimilt er að nota, þar sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem vísað er til í hverri viðmiðun ef þar til bæri aðilinn, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Ef við á geta þar til bærir aðilar krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir eða vettvangsheimsóknir.

Forsendan er sú að varan uppfylli öll viðkomandi lagaskilyrði landsins eða landanna þar sem fyrirhugað er að setja hana á markað. Umsækjandinn skal lýsa því yfir að varan uppfylli þessa kröfu.

Smurefnaflokkunarskráin sem er fáanleg á vefsetri umhverfismerkis ESB ([2]) inniheldur efni og vöruheiti sem þar til bær aðili hefur metið að því er varðar viðeigandi kröfur í þessari ákvörðun og gögnin má nota beint í umsóknarferlinu.

Nota má samræmisbréf sem er gefið út af einu af lögbærum yfirvöldum umhverfismerkis ESB beint í umsóknarferlinu.

Leggja skal skrá yfir öll efni, sem bætt er í af ásetningi og/eða myndast af ásetningi eftir efnahvarf í smurefninu sem notað er í eða yfir styrk sem nemur 0,010% af massahlutfalli í fullunnu vörunni, fyrir þar til bæran aðila og tilgreina viðskiptaheiti (ef til er), efnaheiti, CAS-nr., ísett magn, verkunarmáta og form sem eru fyrir hendi í endanlegri efnasamsetningu vörunnar. Tilgreina skal öll skráð innihaldsefni, sem eru fyrir hendi í formi nanóefna, skýrt í skránni með orðinu „nanó“ innan sviga.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

([2]) http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/

Leggja skal fram öryggisblöð fyrir hvert innihaldsefni, sem er skráð, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ([1]). Ef öryggisblöð eru ekki tiltæk fyrir stakt efni vegna þess að það er hluti af blöndu skal umsækjandinn leggja fram öryggisblöð fyrir blönduna.

b) **Viðmiðunarmörk mælinga**

Þess er krafist að fullunna varan og innihaldsefni hennar, sem bætt er í af ásetningi og/eða myndast af ásetningi eftir efnahvarf í smurefninu sem notað er eins og tilgreint er innan hverrar viðmiðunar, uppfylli vistfræðilegu viðmiðanirnar.

Auk þess skal heildarþáttur skráðra efna, þar sem viðmiðun 2 og 3 gilda ekki, vera áfram undir 0,5% (massahlutfall).

Athugasemd: Ef hægt er að nota smurfeiti bæði í aðstæðum þar sem hún tapast að fullu og í aðstæðum þar sem hún tapast að hluta (ef um er að ræða fjölnota smurfeiti) gilda viðmiðanirnar sem gilda um undirflokk smurefna sem tapast að fullu. Ef hægt er að nota smurfeiti í aðstæðum þar sem hún tapast að hluta og tapast fyrir slysni en ekki að fullu gilda viðmiðanirnar sem gilda um undirflokk smurefna sem tapast að hluta.

Viðmiðanir sem gilda um undirflokk smurefna sem tapast að hluta skulu gilda um gírolíur sem eru notaðar í opnum gírkerfum, en um gírolíur sem eru notaðar í lokuðum gírkerfum skulu gilda viðmiðanir sem gilda um undirflokk smurefna sem tapast fyrir slysni. Ef hægt er að nota tiltekna gírolíu fyrir báðar gerðir gírkerfa gilda viðmiðanirnar sem gilda um undirflokk smurefna sem tapast að hluta.

VIÐMIÐUN 1 — UNDANSKILIN EÐA TAKMÖRKUÐ EFNI

Að því er varðar viðmiðun 1 skulu óhreinindi, sem gefin eru upp á öryggisblaðinu og eru í fullunnu vörunni í styrk sem er jafn eða meiri en 0,010%, uppfylla sömu kröfur og efni sem bætt er í af ásetningi.

1 a) **Hættuleg efni**

i. Fullunnin vara

Fullunna varan skal ekki flokkuð í samræmi við hættusetningarnar í töflu 1.

ii. Efni

Efnum sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun eftir hættusetningum í töflu 1 skal ekki bætt í af ásetningi eða þau myndast af ásetningi í fullunnu vörunni, eins og tilgreint er með viðkomandi viðmiðunarmörkum.

Ef almenn eða sértæk styrkleikamörk, sem eru ákvörðuð í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]), eru strangari skulu þau ganga framar.

Tafla 1

Takmarkandi hættusetningar

Hættusetning	Viðmiðunarmörk
H340 Getur valdið erfðagöllum	≤ 0,010% af massahlutfalli fyrir hvert efni í fullunnu vörunni
H350 Getur valdið krabbameini	
H350i Getur valdið krabbameini við innöndun	
H360F Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi	

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

Hættusetning	Viðmiðunarmörk
H360D Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	
H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi. Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	
H360Fd Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	
H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði. Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	
H341 Grunað um að valda erfðagöllum	
H351 Grunað um að valda krabbameini	
H361f Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi	
H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	
H361fd Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði	
H362 Getur skaðað börn á brjósti	
H300 Banvænt við inntöku (um munn)	
H310 Banvænt í snertingu við húð (gegnum húð)	
H330 Banvænt við innöndun (innöndun)	
H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	≤ 0,5 × flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H304
H301 Eitrað við inntöku	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H301
H311 Eitrað í snertingu við húð	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H311
H331 Eitrað við innöndun	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H331
ESB-H070 Eitrað í snertingu við augu	≤ 0,010% af massahlutfalli fyrir hvert efni í fullunnu vörunni
H370 Skaðar líffæri	
H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	
H371 Getur skaðað líffæri	
H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H373
H335 Getur valdið ertingu í öndunarfærum	≤ 0,010% af massahlutfalli fyrir hvert efni í fullunnu vörunni
H336 Getur valdið sljóleika eða svima	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H336
H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H317
H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	≤ 0,010% af massahlutfalli fyrir hvert efni í fullunnu vörunni
H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H314

Hættusetning	Viðmiðunarmörk
H315 Veldur húðertingu	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H315
H318: Veldur alvarlegum augnskaða	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H318
H319 Veldur alvarlegri augnertingu	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H319
H400 Mjög eitrað lífi í vatni	≤ 0,5 × flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H400
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	≤ 0,5 × flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H410
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir H412 og H413
H412 Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	
H413 Getur valdið langvinnum, skaðlegum áhrifum á líf í vatni	
H420 Skaðar lýðheilsu og umhverfið með því að eyða ósoni í háloftunum	≤ 0,010% af massahlutfalli fyrir hvert efni í fullunnu vörunni
ESB-H029 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við vatn	
ESB-H031 Myndar eitraða lofttegund í snertingu við sýru	
ESB-H032 Myndar mjög eitraða lofttegund í snertingu við sýru	
ESB-H066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð	< flokkunarmörk fullunnu vörunnar fyrir ESB-H066

Aths.: þegar flokkunarmörk fullunnu vörunnar (eða 0,5 × flokkunarmörk fullunnu vörunnar) eru tilgreind skal taka tillit til hámarksheildarstyrks allra flokkaðra efna með tiltekinni hættusetningu eða tilteknum hættusetningum.

Þessi viðmiðun gildir ekki um efni sem falla undir a- og b-lið 7. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 þar sem settar eru fram viðmiðanir um að undanskilja efni í IV. og V. viðauka við þá reglugerð frá kröfum um skráningu, eftirnotendur og mat. Í því skyni að ákvarða hvort þessi undanþága á við skal umsækjandinn skima fyrir því hvort eitthvert efni sem bætt er í af ásetningi/hefur myndast af ásetningi sé fyrir hendi í eða yfir styrk sem nemur 0,010% af massahlutfalli í fullunnu vörunni.

1 b) **Tilgreind efni sem sæta takmörkunum**

Efnunum sem eru tilgreind hér á eftir skal ekki bætt í af ásetningi eða þau myndast af ásetningi í eða yfir styrk sem nemur 0,010% af massahlutfalli í fullunnu vörunni:

— Efnum á skrá Sambandsins yfir forgangsefni á sviði stefnu í vatnsmálum í X. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ([1]), eins og henni var breytt með ákvörðun nr. 2455/2001/EB ([2]) og á OSPAR-skránni yfir íðefni sem útheimta forgangsaðgerðir (http://www.ospar.org/work-areas/hasec/chemicals/priority-action),

— Lífrænum halógensamböndum og nítrítsamböndum,

— Málmum eða málmsamböndum, að undanskildum natríum, kalíum, magnesíum og kalsíum. Ef um er að ræða þykkingarefni má einnig nota litíum- og/eða álsambönd í styrk sem takmarkast samkvæmt hinum viðmiðunum í viðaukanum við þessa ákvörðun.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

([2]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2455/2001/EB frá 20. nóvember 2001 um að taka saman skrá yfir forgangsefni að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu á tilskipun 2000/60/EB (Stjtíð. EB L 331, 15.12.2001, bls. 1).

1 c) **Sérlega varasöm efni (SVHCs)**

Fullunnin vara skal ekki innihalda nein efni sem bætt hefur verið í af ásetningi eða hafa myndast af ásetningi sem hafa verið tilgreind í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í 1. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1907/2006 þar sem komið er á fót skránni yfir efni sem koma til greina sem sérlega varasöm efni í eða yfir styrk sem nemur 0,010% af massahlutfalli eða meira í fullunnu vörunni.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram undirritaða yfirlýsingu um að ofangreindar undirkröfur séu uppfylltar, sem er studd yfirlýsingum frá birgjum, ef við á, ásamt eftirfarandi sönnunargögnum:

Til að sýna fram á samræmi við i. lið a-liðar í 1. lið skal umsækjandinn leggja fram öryggisblað fyrir fullunnu vöruna.

Til að sýna fram á samræmi við ii. lið a-liðar í 1. lið, b-lið 1. liðar og c-lið 1. liðar skal umsækjandinn leggja fram:

— öryggisblað fyrir efnablöndur sem bætt er í af ásetningi og styrk þeirra í fullunnu vörunni,

— öryggisblað fyrir efni sem bætt er í af ásetningi og styrk þeirra í fullunnu vörunni.

Að því er varðar efni sem eru undanþegin kröfunni í ii. lið a-liðar í 1. lið (sjá IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006) skal yfirlýsing þess efnis frá umsækjandanum nægja til hlítingar.

Að því er varðar kröfuna í c-lið 1. liðar skal vísun í nýjustu skrána yfir sérlega varasöm efni vera frá umsóknardeginum.

Hver birgir í birgðakeðju umsækjandans má einnig leggja ofangreind sönnunargögn beint fyrir þar til bæra aðila.

VIÐMIÐUN 2 — VIÐBÓTARKRÖFUR VEGNA EITURHRIFA Á LÍFRÍKI Í VATNI

Umsækjandi skal sýna fram á að varan uppfylli kröfur viðmiðunar 2.1 eða 2.2.

2.1. **Krafa varðandi smurefnið og aðalefnisþætti þess**

Markstyrkur eiturhrifa nýtilreidds smurefnis og hvers aðalefnisþáttar á lífríki í vatni skal ekki vera lægri en gildin sem tilgreind eru í töflu 2.

Aðalefnisþáttur: hvert það efni sem er meira en 5% af smurefninu miðað við þyngd,

Tafla 2

Gildi eiturhrifa nýtilreidds smurefnis og hvers aðalefnisþáttar á lífríki í vatni

		Smurefni sem tapast fyrir slysni	Smurefni sem tapast að hluta	Smurefni sem tapast að fullu
Eiturhrif nýtilreidds smurefnis á lífríki í vatni	Markstyrkur eiturhrifa á lífríki í vatni EÐA	> 100 mg/l	> 1 000 mg/l	> 1 000 mg/l
	Langvinn eiturhrif á lífríki í vatni	> 10 mg/l	> 100 mg/l	> 100 mg/l
Eiturhrif hvers aðalefnisþáttar á lífríki í vatni	Markstyrkur eiturhrifa á lífríki í vatni EÐA	> 100 mg/l		
	Langvinn eiturhrif á lífríki í vatni	> 10 mg/l		

Fyrirliggjandi gögn úr prófunum á bráðum eiturhrifum hvers aðalefnisþáttar á lífríki í vatni skulu lögð fram fyrir bæði eftirfarandi fæðuþrep:

— krabbadýr (helst halaflær),

— vatnaplöntur (helst þörunga).

Ef gögn úr prófunum á bráðum eiturhrifum á lífríki í vatni vantar fyrir eitt eða bæði fæðuþrep skal viðurkenna fyrirliggjandi gögn úr prófunum á langvinnum eiturhrifum á lífríki í vatni fyrir fæðuþrep krabbadýra (helst halaflóa) og fiska.

Nota má megindleg vensl efnabyggingar og virkni til að fylla í eyður fyrir langvinn eiturhrif eða bráð eiturhrif, einungis í einu af viðkomandi fæðuþrepum.

Ef fyrrnefnd prófunargögn liggja ekki fyrir um hvern aðalefnisþátt skal gera prófun til að afla gagna um bráð eiturhrif á fæðuþrepið eða fæðuþrepin sem vantar (þ.e. krabbadýr og/eða vatnaplöntur).

Fyrirliggjandi gögn úr prófunum á bráðum eiturhrifum smurefnisins á lífríki í vatni skulu lögð fram fyrir eftirfarandi þrjú fæðuþrep:

— krabbadýr (helst halaflær),

— vatnaplöntur (helst þörunga),

— fiska.

Ef gögn úr prófunum á bráðum eiturhrifum á lífríki í vatni af völdum smurefnisins, sem er notað, vantar fyrir eitthvert tilgreindra fæðuþrepa skal samþykkja fyrirliggjandi gögn úr prófunum á langvinnum eiturhrifum á lífríki í vatni fyrir fæðuþrepið eða fæðuþrepin sem vantar.

Ef fyrrnefnd gögn liggja ekki fyrir um smurefnið sem er notað skal gera prófun til að afla gagna um bráð eiturhrif á fæðuþrepið eða fæðuþrepin sem vantar.

2.2. **Krafa fyrir hvert efni sem bætt er í af ásetningi eða myndast af ásetningi í eða yfir 0,10% af massahlutfalli í fullunnu vörunni**

Heimilt er að nota efni, sem sýna tiltekin merki um eiturhrif á lífríki í vatni, upp að uppsöfnuðum massastyrk sem er tilgreindur í töflu 3.

Tafla 3

Mörk uppsafnaðs massahlutfalls (% massahlutfalls) fyrir efni sem finnast í vörunni að því er tekur til eiturhrifa þeirra á lífríki í vatni

	Uppsafnað massahlutfall (% af massahlutfalli í fullunnu vörunni)		
	Smurefni sem tapast fyrir slysni	Smurefni sem tapast að hluta	Smurefni sem tapast að fullu
Bráð eiturhrif á lífríki í vatni > 100 mg/l eða Langvinn eiturhrif á lífríki í vatni > 10 mg/l	Ekki takmörkuð		
Bráð eiturhrif á lífríki í vatni > 10 til ≤ 100 mg/l eða 1 mg/l < Langvinn eiturhrif á lífríki í vatni ≤ 10 mg/l	≤ 10 (≤ 20 fyrir smurfeiti sem tapast fyrir slysni)	≤ 10 (≤ 15 fyrir smurfeiti sem tapast að hluta)	≤ 2 (≤ 10 fyrir smurfeiti sem tapast að fullu)
Bráð eiturhrif á lífríki í vatni > 1 til ≤ 10 mg/l eða 0,1 mg/l < Langvinn eiturhrif á lífríki í vatni ≤ 1 mg/l	≤ 2,5 (≤ 1 fyrir smurfeiti sem tapast fyrir slysni)	≤ 0,6	≤ 0,4
Bráð eiturhrif á lífríki í vatni ≤ 1 mg/l eða Langvinn eiturhrif á lífríki í vatni ≤ 0,1 mg/l	≤ 0,1/M (*)	≤ 0,1/M (*)	≤ 0,1/M (*)

(*) Margföldunarstuðlar fyrir mjög eitraða efnisþætti í blöndum skulu gilda í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008 eins og lýst er í lið 4.1.3.5.5.5 í I. viðauka við þá reglugerð.

Leggja skal fram fyrirliggjandi gögn úr prófunum á langvinnum eiturhrifum á lífríki í vatni fyrir hvert efni (hvert efni sem bætt er í af ásetningi eða myndað af ásetningi í eða yfir 0,10% af massahlutfalli í fullunnu vörunni) fyrir hvort eftirfarandi fæðuþrepa:

— krabbadýr (helst halaflær) og

— fiska

Ef gögn úr prófunum á langvinnum eiturhrifum á lífríki í vatni vantar fyrir eitt eða bæði fæðuþrep skal viðurkenna fyrirliggjandi gögn úr prófunum á bráðum eiturhrifum á lífríki í vatni fyrir bæði fæðuþrep krabbadýra helst halaflóa) og vatnaplantna (helst þörunga).

Nota má megindleg vensl efnabyggingar og virkni til að fylla í eyður fyrir langvinn eiturhrif eða bráð eiturhrif, einungis í einu af viðkomandi fæðuþrepum.

Ef ofangreind gögn liggja ekki fyrir um hvert efni skal gera prófun til að afla gagna um bráð eiturhrif á fæðuþrepið eða fæðuþrepin sem vantar (þ.e. krabbadýr og/eða vatnaplöntur).

Mat og sannprófun sem gilda um viðmiðun 2.1. og 2.2

Ef umsækjandinn framkvæmir matið sjálfur skal hann leggja fram prófunarskýrslur eða heimildagögn ásamt tilvísunum fyrir hvert efni, aðalefnisþátt eða smurefnið sjálft, þ.m.t. tilvísanir þar sem sýnt er fram á að kröfurnar sem settar eru fram í undirviðmiðun 2.1. eða 2.2 eru uppfylltar.

Ef mat byggist á gildu samræmisbréfi skal leggja fram afrit af því bréfi fyrir hvert viðkomandi efni eða aðalefnisþátt. Mat á hverju efni eða aðalefnisþætti sem er valinn úr smurefnaflokkunarskránni getur byggist á upplýsingunum um þau í téðri skrá og ekki þarf að leggja fram gögn.

Annaðhvort gögn um eiturhrif á lífríki í sjó eða ferskvatni eru samþykkt.

Gögn um bráð eiturhrif á lífríki í vatni (fyrirliggjandi eða aflað fyrir umsóknina) skulu koma úr prófunum sem eru gerðar samkvæmt:

— ISO-staðli 10253 eða ISO-staðli 8692 eða OECD-viðmiðunarreglu 201 um prófanir eða lið C.3 í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 ([1]) fyrir þörunga,

— ISO-staðli 6341 eða OECD-viðmiðunarreglu 202 um prófanir eða lið C.2 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 fyrir halaflær,

— ISO-staðli 7346 eða OECD-viðmiðunarreglu 203 um prófanir eða lið C.1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 fyrir fiska (gildir eingöngu um fyrirliggjandi gögn),

— prófun á eiturhrifum á fósturvísa fiska (staðgöngukostur án dýra) samkvæmt OECD-viðmiðunarreglu 236 um prófanir eða lið C.49 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 fyrir fiska (gildir eingöngu ef gera þarf prófun vegna umsóknar).

Eingöngu eru samþykkt bráð eiturhrif (72 eða 96 klst.) ErC_{50} fyrir þörunga, (48 klst.) EC_{50} fyrir halaflær og (96 klst.) LC_{50} fyrir fiska.

Gögn um langvinn eiturhrif á lífríki í vatni (fyrirliggjandi) skulu koma úr prófunum sem eru gerðar samkvæmt:

— ISO-staðli 10253 eða ISO-staðli 8692 eða OECD-viðmiðunarreglu 201 um prófanir eða lið C.3 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 fyrir þörunga,

— Lið C.20 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 eða OECD-viðmiðunarreglu 211 um prófanir fyrir halaflær,

— OECD-viðmiðunarreglu 215 um prófanir eða lið C.14 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 eða ISO-staðli 12890 eða OECD-viðmiðunarreglu 212 um prófanir eða lið C.15 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 eða OECD-viðmiðunarreglu 210 um prófanir fyrir fiska.

Eingöngu skal samþykkja gögn um langvinn eiturhrif í formi gagna um styrk sem hefur engin merkjanleg áhrif.

Ef megindleg vensl efnabyggingar og virkni eru notuð til að fylla upp í gagnaeyður skal umsækjandinn leggja fram spána sem gerð var fyrir markefnið. Einungis skal samþykkja niðurstöður úr (Q)SAR-líkönum ef umsækjandinn leggur fram gögn um lögmæti og notkunarsvið líkansins sem er notað.

Þegar um lítillega leysanleg efni eða efnablöndur er að ræða (< 10 mg/l) má nota vatnslagðan þátt (WAF) við ákvörðun eiturhrifa á lífríki í vatni. Nota má fastsetta álagsmarkmiðið sem er nefnt LL50 og tengt er banvænu álagi, eða EL50 sem tengt er skilvirku álagi fyrir bráð eiturhrif á lífríki í vatni, og NOELR sem tengist hleðsluhlutfalli marka um engin merkjanleg áhrif langvinnra eiturhrifa á lífríki í vatni beint í flokkunarviðmiðunum. Tilreiðsla vatnslagðs þáttar skal fylgja tilmælunum sem sett eru fram í einni af eftirfarandi leiðbeiningum: Viðbæti C við tækniskýrslu Evrópumiðstöðvar rannsókna á umhverfiseiturhrifum og eiturefnafræði nr. 26 (1996), OECD 2002 Guidance Document on Aquatic Toxicity Testing of Difficult Substances and Mixtures (OECD Series on Testing and Assessment, nr. 23), ISO-staðli 5667-16,

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008 frá 30. maí 2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (Stjtíð. ESB L 142, 31.5.2008, bls.1).

vatnsgæði — sýnataka — 16. hluti (leiðbeiningar um líffræðilegar prófanir á sýnum), ASTM D6081-98 (Standard practice for Aquatic Toxicity Testing for Lubricants: Sample Preparation and Results Interpretation) eða jafngildar aðferðir. Auk þess skal líta svo á að kröfur þessarar viðmiðunar séu uppfylltar ef efni sýnir engin eiturhrif við vatnsleysnimörk.

Eftirfarandi efni eru undanþegin kröfum 2.1 og 2.2:

— öll efni sem ólíklegt er að fari gegnum líffræðilegar himnur (þ.e. ef mólmassinn er > 800 g/mol og þvermál sameindanna >1,5 nm (> 15 Å) eða

— öll efni sem eru fjölliður þar sem sameindamassaþátturinn sem er undir 1000 g/mol er minni en 1% eða

— öll efni sem leysast mjög illa í vatni (vatnsleysni < 10 µg/l),

Vatnsleysni efna skal ákvörðuð eftir því sem við á samkvæmt OECD-viðmiðunarreglu 105 um prófanir eða lið A.6 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 eða jafngildum prófunaraðferðum.

Ákvarða skal sameindamassaþátt fjölliðu sem er undir 1000 g/mol samkvæmt lið A.19 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 eða OECD-viðmiðunarreglu 119 um prófanir eða jafngildum prófunaraðferðum.

VIÐMIÐUN 3 — LÍFBRJÓTANLEIKI OG GETA TIL UPPSÖFNUNAR Í LÍFVERUM

Hvert efni sem bætt er í af ásetningi eða hefur myndast af ásetningi í eða yfir styrk sem nemur 0,10% af massahlutfalli í fullunnu vörunni skal uppfylla kröfur um lífbrjótanleika lífrænna efnasambanda og getu til uppsöfnunar í lífverum.

Smurefnið skal ekki innihalda efni sem eru bæði ólífbrjótanleg og geta (hugsanlega) safnast fyrir í lífverum. Hins vegar má smurefnið innihalda eitt eða fleiri efni sem eru niðurbrjótanleg að vissu marki og safnast hugsanlega eða raunverulega upp í lífverum, upp að uppsöfnuðum massastyrk sem tilgreindur er í töflu 4.

Tafla 4

Mörk uppsafnaðs massahlutfalls (% massahlutfall) efna í vörunni með tilliti til lífbrjótanleika þeirra og getu til uppsöfnunar í lífverum

	Smurefni sem tapast fyrir slysni	Smurefni sem tapast að hluta	Smurefni sem tapast að fullu	Smurfeiti (smurefni sem tapast fyrir slysni, smurefni sem tapast að hluta, smurefni sem tapast að fullu)
Auðlífbrjótanleg við loftháðar aðstæður	> 90	> 75	> 95	> 80
Lífbrjótanleg í eðli sínu við loftháðar aðstæður	≤ 10	≤ 25	≤ 5	≤ 20
Ólífbrjótanleg og safnast ekki fyrir í lífverum	≤ 5	≤ 20	≤ 5	≤ 15
Ólífbrjótanleg og safnast fyrir í lífverum	≤ 0,1	≤ 0,1	≤ 0,1	≤ 0,1

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal, fyrir hvert efni sem hann metur, leggja fram prófunarskýrslur eða heimildagögn ásamt tilvísunum um lífbrjótanleika og, ef þess er krafist, um (hugsanlega) getu til uppsöfnunar í lífverum.

Ef mat á efni byggist á gildu samræmisbréfi skal einungis leggja fram afrit af því bréfi.

Mat á hverju efni sem er valið úr smurefnaflokkunarskránni getur byggist á upplýsingunum um þau í téðri skrá og ekki þarf að leggja fram gögn.

Lífniðurbrot

„Lífbrjótanlegt í eðli sínu“: efni sem nær eftirfarandi niðurbrotsstigi:

> 70% eftir 28 daga ef um er að ræða prófun á eðlislægu lífniðurbroti eða

> 20% en < 60% eftir 28 daga í prófununum sem byggjast á eyðingu súrefnis eða myndun koltvísýrings.

Eðlislægur lífbrjótanleiki skal mældur í samræmi við eftirfarandi prófanir:

— Reglugerð (EB) nr. 440/2008 (liður C.9 í viðaukanum), OECD 302 eða jafngildar aðferðir,

— prófanir sem byggjast á eyðingu súrefnis eða myndun koltvísýrings: Reglugerð (EB) nr. 440/2008 (liður C.4 í viðaukanum), OECD 306, OECD 310 eða jafngildar aðferðir.

„Auðlífbrjótanlegt“: tilviljunarkennd flokkun íðefna sem hafa farið í gegnum tilteknar skimunarprófanir vegna fullnaðarlífbrjótanleika; þessar prófanir eru það strangar að gert er ráð fyrir að slík efnasambönd lífbrotni hratt og fullkomlega í vatnsumhverfi við loftháðar aðstæður. Efni teljast brotna hratt niður í umhverfinu ef ein af eftirtöldum viðmiðunum er uppfyllt:

1. að niðurbrot sé a.m.k. sem hér segir í 28 daga rannsóknum á auðlífbrjótanleika:

   — í prófunum sem byggjast á uppleystu lífrænu kolefni: 70%,

   — í prófunum sem byggjast á eyðingu súrefnis eða myndun koltvísýrings: 60% af fræðilegu hámarki.

   Þetta lífniðurbrot verður að nást innan 10 daga frá því að niðurbrotið hefst, sem telst vera þegar 10% efnisins hafa brotnað niður, nema efnið sé greint sem UVCB-efni eða sem flókið fjölþáttaefni með svipað uppbyggða efnisþætti. Í því tilviki og ef rökstuðningur er fullnægjandi má veita undanþágu frá skilyrðinu um 10-daga frestinn og beita viðmiðunarmörkum eftir 28 daga eða

2. ef eingöngu eru fyrir hendi gögn um lífræna og efnafræðilega súrefnisþörf: að hlutfall milli lífrænnar súrefnisþarfar og efnafræðilegrar súrefnisþarfar sé ≥ 0,5 eða

3. að fyrir liggi aðrar traustar rannsóknaniðurstöður sem sýna að efnið geti brotnað niður í vatnsumhverfi (með lífrænum og/eða ólífrænum hætti) svo nemur > 70% innan 28 daga.

Auðlífbrjótanleiki skal mældur í samræmi við eftirfarandi prófanir:

— Reglugerð (EB) nr. 440/2008 (liðir C.4, C.5 í tengslum við C.6 og C.42 í viðaukanum), OECD 301, OECD 306, OECD 310 eða jafngildar aðferðir.

Athugasemd: Innan ramma þessarar viðmiðunar á meginreglan um 10 daga mörk ekki endilega við. Ef efni nær viðmiðunarmörkum um lífrænt niðurbrot innan 28 daga en ekki innan 10 daga frestsins er gert ráð fyrir að niðurbrotið sé hægara.

„Ólífbrjótanlegt“: efni sem uppfyllir ekki viðmiðanirnar um fullkominn og eðlislægan lífbrjótanleika.

Umsækjanda er einnig heimilt að nota gögn um samanburð efna með svipaða byggingu til að meta lífbrjótanleika efnis. Gögn um samanburð efna með svipaða byggingu til að meta lífbrjótanleika efnis skulu teljast viðunandi ef aðeins einn virkur hópur eða efnishlutar skilja að viðmiðunarefnið og efnið sem notað er í vörunni. Ef viðmiðunarefnið er auðlífbrjótanlegt eða lífbrjótanlegt í eðli sínu og virki hópurinn hefur jákvæð áhrif á lífniðurbrot við loftháðar aðstæður má einnig telja efnið, sem notað er, auðlífbrjótanlegt eða lífbrjótanlegt í eðli sínu. Virkir hópar eða brot sem hafa jákvæð áhrif á lífniðurbrot eru: alifatískt og arómatískt alkóhól [-OH], alifatísk og arómatísk sýra [-C(= O)-OH], aldehýð [-CHO], estri [-C(= O)-O-C], amíð [-C(= O)–N eða -C(= S)–N]. Lögð skulu fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn um rannsóknina á viðmiðunarefninu. Ef samanburðurinn er við efnishluta, sem ekki er talinn upp hér að framan, skal leggja fram fullnægjandi og áreiðanleg gögn um jákvæð áhrif virka hópsins á lífrænt niðurbrot efna sem hafa svipaða byggingu.

Uppsöfnun í lífverum

Ekki þarf að ákvarða (hugsanlega) uppsöfnun í lífveru ef efnið:

— hefur mólmassa > 800 g/mol og þvermál sameinda er > 1,5 nm (> 15 Å) eða

— hefur gildi deilistuðuls fyrir oktanól/vatn, log K_{ow}, sem nemur < 3 eða > 7 eða

— hefur mældan lífþéttnistuðul sem nemur ≤ 100 l/kg eða

— er fjölliða og sameindamassaþáttur þess sem er undir 1000 g/mol er minni en 1%.

Flest efni sem notuð eru í smurefni eru frekar vatnsfælin og því ætti gildi lífþéttnistuðulsins að byggjast á fituinnihaldi auk þess sem tryggja verður að váhrifatími sé nægur. Lífþéttnistuðull efna skal metinn samkvæmt lið C.13 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 eða jafngildum prófunaraðferðum.

Deilistuðull oktanóls/vatns (log K_{ow}) skall metinn samkvæmt lið A.8 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 440/2008 eða OECD 123 eða jafngildum prófunaraðferðum. Ef um er að ræða lífrænt efni annað en yfirborðsvirkt efni og ekkert tilraunagildi liggur fyrir má nota útreikningsaðferð. Eftirfarandi útreikningsaðferðir eru leyfðar: CLOGP, LOGKOW, (KOWWIN) og

SPARC. Áætluð gildi fyrir log K_{ow} sem fást með einhverri þessara útreikningsaðferða og nema < 3 eða > 7 vísa til þess að ekki megi búast við að efnið safnist fyrir í lífverum.

Gildi fyrir log K_{ow} eiga einungis við um lífræn íðefni. Mæla skal lífþéttnistuðul til að meta uppsöfnun ólífrænna sambanda, yfirborðsvirkra efna og tiltekinna málmlífrænna sambanda í lífverum.

VIÐMIÐUN 4 — KRÖFUR VARÐANDI ENDURNÝJANLEG INNIHALDSEFNI

a) Ef um er að ræða sérstakt tilvik er varðar endurnýjanleg innihaldsefni úr pálmaolíu eða pálmakjarnaolíu eða sem eru fengin úr pálmaolíu eða pálmakjarnaolíu skulu 100% endurnýjanlegra innihaldsefna sem eru notuð uppfylla kröfurnar um vottunarkerfi fyrir sjálfbæra framleiðslu sem er fjölhagsmunasamtök með meðlimum sem koma víða að, þ.m.t. úr frjálsum félagasamtökum, iðnaði og frá hinu opinbera og sem taka á umhverfisáhrifum á jarðveg, líffræðilega fjölbreytni, lífrænar kolefnisbirgðir og varðveislu náttúruauðlinda.

b) Ef hugtakið „lífgrundað“ eða „lífsmurefni“ er notað skal lífgrundað kolefnisinnihald í fullunnu vörunni vera að lágmarki 25% í samræmi við EN 16807.

Mat og sannprófun

Til að sýna fram á samræmi við viðmiðun 4 a) skal leggja fram sannanir með vottorðum um aðfangakeðju frá þriðja aðila um að innihaldsefnin sem eru notuð við framleiðsluna séu upprunnin á plantekrum sem er stjórnað með sjálfbærum hætti. Samþykkja skal vottorð frá RSPO (Umræðufundur um sjálfbæra pálmaolíu (e. Roundtable on Sustainable Palm Oil)) eða vottun úr jafngildu eða strangara kerfi um sjálfbæra framleiðslu sem sýnir fram á samræmi við eitt af eftirfarandi kerfum: auðkenni fylgir, aðskilnaður eða massajöfnuður. Að því er varðar afleiður pálmaolíu og pálmakjarnaolíu skal leggja fram fjölda RSPO-eininga sem keyptar eru og leystar út í RSPO PalmTrace kerfinu á síðasta árlega viðskiptatímabilinu til að sýna fram á samræmi við „book and claim“ líkanið fyrir aðfangakeðju.

Til að sýna fram á að viðmiðun 4 b) sé uppfyllt skal umsækjandinn láta fylgja prófunarskýrslu fyrir fullunnu vöruna í samræmi við EN 16807, ASTM D 6866, DIN CEN/TS 16137 (SPEC 91236), EN 16640 eða EN 16785-1.

VIÐMIÐUN 5 — KRÖFUR VEGNA UMBÚÐA/ÍLÁTA

a) Endurunnið innihald (gildir eingöngu ef um er að ræða smurefni sem eru seld í plastumbúðum/-ílátum): plastumbúðir/-ílát skulu gerð úr a.m.k. 25% endurunnu plasti frá neytendum.

b) Hönnun (gildir eingöngu ef um er að ræða smurefni sem eru ætluð til sölu til endanlegra einkaneytenda): umbúðir/ílát ættu að búa yfir viðeigandi kerfi (t.d. framlengingu eða þröngum opum) til að koma í veg fyrir leka við notkun.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram eftirfarandi sönnunargögn, eftir því sem við á:

Samsetningu plastumbúða/-íláta og hlutdeild endurunnins og nýs efniviðar. Ef nauðsyn krefur skal fylgja samræmisyfirlýsing frá birgja fyrir plastumbúðir/-ílát.

„Plast frá neytendum“: plast sem verður til á heimilum eða hjá verslunum, í iðnaði og á stofnunum, við hlutverk þeirra sem endanlegir notendur varanna, sem ekki er lengur hægt að nota í upprunalegum tilgangi. Þar með telst plast sem er skilað til baka úr dreifingarkeðjunni.

Magn plasts frá neytendum skal reiknað eins og sýnt er hér á eftir. Þar eð engar aðferðir eru tiltækar til að mæla beint magn endurunnins efnis í vöru eða umbúðum skal nota massa plasts sem fæst úr endurvinnsluferli, að teknu tilliti til taps og annarrar rýrnunar.

$X(\%) = A/P \times 100$

þar sem:

X er endurunnið innihald (frá neytendum)

A er massi endurunnins plasts (frá neytendum)

P er massi umbúða/íláts

Einnig skal fylgja lýsing á hönnun umbúða/íláts ásamt myndum eða tæknilegum teikningum.

VIÐMIÐUN 6 — LÁGMARKS TÆKNILEG AFKÖST

Smurefnið skal uppfylla samsvarandi lágmarkskröfur um tæknileg afköst, eins og tilgreint er í töflu 5.

Tafla 5

Lágmarks tæknileg afköst fyrir smurefni

Flokkur smurefna	Lágmarks tæknileg afköst
Keðjusagarolía	KWF-prófun, útgáfa 2017 eða jafngild
— Stálvírasmurefni — Steypumótalosar — Önnur smurefni sem tapast að fullu — Skutpípuolíur — Málmvinnsluvökvar	„Hentar til fyrirhugaðrar notkunar“ sýnt fram á með a.m.k. einu „samþykki viðskiptavinar umsækjanda“.
Gírolíur	gírolíur (lokuð gírkerfi): ISO 12925-1 eða DIN 51517 (I., II. eða III. liður) gírolíur (opin gírkerfi): „Hentar til fyrirhugaðrar notkunar“ sýnt fram á með a.m.k. einu „samþykki viðskiptavinar umsækjanda“.
Tvígengisolíur	tvígengisolíur fyrir notkun á sjó: NMMA TC-W3 tvígengisolíur fyrir notkun á landi: ISO 13738 (EGD)
Vökvakerfi	ISO 15380 (töflur 2 til 5) Brunaþolnir vökvakerfisvökvar: ISO 15380 (töflur 2 til 5) + ISO 12922 (töflur 1 til 3) eða gagnkvæmt samþykki fyrirtækja (e. *Factory Mutual Approval*)
Tímabundin vernd gegn tæringu	ISO/TS 12928 eða „Hentar til fyrirhugaðrar notkunar“ sýnt fram á með a.m.k. einu „samþykki viðskiptavinar umsækjanda“.
Smurfeiti	Feiti til tímabundinnar verndar gegn tæringu: ISO/TS 12928 eða „Hentar til fyrirhugaðrar notkunar“ sýnt fram á með a.m.k. einu „samþykki viðskiptavinar umsækjanda“. Feiti fyrir lokuð gírkerfi: DIN 51826 Feiti fyrir keflalegur, sléttlegur og rennslisfleti: DIN 51825 Öll önnur feiti: ISO 12924 eða „Hentar til fyrirhugaðrar notkunar“ sýnt fram á með a.m.k. einu „samþykki viðskiptavinar umsækjanda“.

Athugasemd: Fjölnota feiti, sem unnt er að nota á einhvern ofangreindra notkunarmáta, skal prófuð samkvæmt samsvarandi sértækri prófun fyrir viðkomandi tilgreinda notkun.

Mat og sannprófun

Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun sem er studd með prófunarniðurstöðum, eftir því sem við á.

Að því er varðar vökvakerfi skal tilgreina á vöruupplýsingablaði hvaða teygjuefni hafa verið prófuð.

„Samþykki viðskiptavinar umsækjanda“: bréf/skjal/yfirlýsing sem viðskiptavinur fyrir tiltekna vöru gefur út, þar sem staðfest er að varan hafi uppfyllt nákvæmar skilgreiningar þeirra og virki sem skyldi við fyrirhugaða notkun.

VIÐMIÐUN 7 — UPPLÝSINGAR TIL NEYTENDA VARÐANDI NOTKUN OG FÖRGUN

Ef um er að ræða smurefni sem eru ætluð til sölu til endanlegra einkaneytenda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram (í formi texta eða skýringarmyndar) á umbúðum/ílátum (sambærilegt orðalag er leyfilegt):

„Forðist að ónotuð vara leki út í umhverfið“,

„Vöruleifum og umbúðum/ílátum skal fargað á þar til ætluðum söfnunarstöðum“.

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram sýni af umbúðum/ílátum fyrir vöruna eða hreinteikningu þar sem ofangreindar upplýsingar koma fram.

VIÐMIÐUN 8 — UPPLÝSINGAR SEM KOMA FRAM Á UMHVERFISMERKI ESB

Á valkvæða merkimiðanum með textareitnum getur verið eftirfarandi texti:

a) „Hættuminni efni sem losna út í umhverfið“,

b) „Sannprófuð afköst“,

c) „X% af vottuðum endurnýjanlegum innihaldsefnum notuð“ (ef við á) ([1]),

Viðmiðunarreglur um notkun á valkvæða merkimiðanum með textareitnum má finna í „Guidelines for the use of the EU Ecolabel logo“ (viðmiðunarreglur um notkun á kennimerki umhverfismerkis ESB) á vefsetrinu:

http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/documents/logo_guidelines.pdf

Mat og sannprófun

Umsækjandinn skal leggja fram sýnishorn af merkimiðanum. Ef yfirlýsing c) er notuð skal umsækjandinn leggja fram viðeigandi vottorð varðandi hlutfall eins eða fleiri vottaðra endurnýjanlegra innihaldsefna sem notuð eru.

_____

([1]) Ef vottuð endurnýjanleg innihaldsefni eru notuð, án tillits til gerðar lífmassa (t.d. repjufræ, sólblóm, pálmi, soja o.s.frv.) má tilgreina heildarinnihald vottaðra innihaldsefna.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1478 **2026/EES/17/03**

frá 3. október 2018

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 til að uppfæra Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar sem komið var á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB ([1]), einkum 4. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópuskránni yfir skipaendurvinnslustöðvar (hér á eftir nefnd Evrópuskráin) var komið á fót með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 ([2]) og hefur verið breytt með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/684 ([3]).

2) Bretland hefur upplýst framkvæmdastjórnina um að lögbært yfirvald hafi gefið út starfsleyfi fyrir skipaendurvinnslustöð sem er staðsett á yfirráðasvæði þeirra, í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, og hefur veitt framkvæmdastjórninni allar nauðsynlegar upplýsingar til innfærslu stöðvarinnar í Evrópuskrána.

3) Starfsleyfi fyrir tvær skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í Póllandi runnu út 28. apríl 2018 og hefur framkvæmdastjórnin ekki fengið upplýsingar frá Póllandi um að starfsleyfin sem voru gefin út fyrir þessar stöðvar til skipaendurvinnslu hafi verið eða yrðu endurnýjuð. Af þessum sökum uppfylla þessar tvær stöðvar ekki lengur kröfurnar sem settar eru fram í a-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 og ætti að taka þær út af Evrópuskránni í samræmi við ii. lið b-liðar 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

4) Því er rétt að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323.

5) Að því er varðar skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í þriðja landi þar sem umsókn um innfærslu í Evrópuskrána hefur verið lögð fram til framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, stendur enn yfir mat á viðeigandi upplýsingum og stuðningsgögnum sem liggja fyrir eða er aflað. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir er varða þær skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar utan Sambandsins um leið og matinu er lokið.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 249, 4.10.2018, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 99.

([1]) Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 frá 19. desember 2016 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjtíð. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 119)

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/684 frá 4. maí 2018 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 til að uppfæra Evrópuskrána yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 (Stjtíð. ESB L 116, 7.5.2018, bls. 47).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 3. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

EVRÓPUSKRÁ YFIR SKIPAENDURVINNSLUSTÖÐVAR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 16. GR. REGLUGERÐAR (ESB) NR. 1257/2013

Skipaendurvinnslustöðvar sem eru staðsettar í aðildarríki Sambandsins

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
BELGÍA						
NV Galloo Recycling Ghent Scheepszatestraat 9 9000 Gent BELGÍA Símanúmer: +32 92512521 Tölvupóstfang: peter.wyntin@galloo.com	Samhliða (legupláss á floti), hallandi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 265 metrar Breidd: 36 metrar Djúprista: 12,5 metrar		Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartíma abils er 30 dagar	34 000 (4)	31. mars 2020
DANMÖRK						
Fornæs ApS Rolshøjvej 12-16 8500 Grenå DANMÖRK www.fornaes.dk	Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan úrelding á ógegndræpu gólfi með skilvirku frárennsliskerfi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 150 metrar Breidd: 25 metrar Djúprista: 6 metrar BT: 10 000	Sveitarfélagið Norddjurs hefur rétt til að úthluta hættulegum úrgangi til samþykktra umhverfisvænna móttökustöðva.	Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartíma abils er 14 dagar	30 000 (5)	30. júní 2021
Smedegaarden A/S Vikingkaj 5 6700 Esbjerg DANMÖRK www.smedegaarden.net	Sundurhlutun við hafnarbakka og síðan úrelding á ógegndræpu gólfi með skilvirku frárennsliskerfi	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 170 metrar Breidd: 40 metrar Djúprista: 7,5 metrar		Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartíma abils er 14 dagar	20 000 (6)	15. september 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
EISTLAND						
OÜ BLRT Refonda Baltic	Á floti við viðlegubryggju og í flotkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 197 metrar Breidd: 32 metrar Djúprista: 9,6 metrar BT: 28 000	Leyfi fyrir úrgangi nr. L.JÄ/327249. Leyfi fyrir meðhöndlun hættulegs úrgangs nr. 0222. Reglur hafnarinnar Vene-Balti, handbók um endurvinnslu skipa MSR-Refonda. Umhverfisstjórnunarkerfi, meðhöndlun úrgangs EP 4.4.6-1-13 Stöðin getur einungis endurunnið þau hættulegu efni sem hún hefur fengið leyfi fyrir.	Óbeint samþykki, þar sem hámark endurskoðunartíma bils er 30 dagar	21 852 ([7])	15. febrúar 2021
SPÁNN						
DDR VESSELS XXI, S.L. Höfnin „El Musel“ Gijón SPÁNN Símanúmer: +34 630144416 Tölvupóstfang: abarredo@ddr-vessels.com	Sundurhlutunarrampur	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013, að undanskildum kjarnorkuknúnum skipum. Hámarksmál skipa: Lengd: 84,95 metrar (Samþykkja má skip allt að 169,9 m að lengd með enga eða takmarkaða hreyfingu á rampinum, með hliðsjón af niðurstöðu úr nákvæmri hagkvæmniathugun)	Takmarkanirnar eru í samþætta umhverfisleyfinu.	Engin sértæk málsmeðferð hefur enn verið skilgreind.	0 ([8])	28. júlí 2020
FRAKKLAND						
Démonaval Recycling ZI du Malaquis Rue François Arago 76580 LE TRAIT FRAKKLAND Símanúmer: + 33 769791280 Tölvupóstfang: patrick@demonaval-recycling.fr	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 140 metrar Breidd: 25 metrar Dýpt: 5 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki – lögbært yfirvald varðandi ákvörðun um samþykki er ráðherra umhverfismála.	0 ([9])	11. desember 2022

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
Gardet & De Bezenac Recycling/Groupe BAUDELET ENVIRONNEMENT – GIE MUG 616, Boulevard Jules Durand 76600 Le Havre FRAKKLAND Símanúmer: +33 235951634 Tölvupóstfang: infos@gardet-bezenac.com	Á floti og á dráttarbraut	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 150 metrar Breidd: 18 metrar EÞT: 7 000	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki – lögbært yfirvald varðandi ákvörðun um samþykki er ráðherra umhverfismála.	16 000 (10)	30. desember 2021
Grand Port Maritime de Bordeaux 152, Quai de Bacalan — CS 41320 - 33082 Bordeaux Cedex FRAKKLAND Símanúmer: +33 556905800 Tölvupóstfang: maintenance@bordeaux-port.fr	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 240 metrar Breidd: 37 metrar Dýpt: 17 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki – lögbært yfirvald varðandi ákvörðun um samþykki er ráðherra umhverfismála.	18 000 (11)	21. október 2021
Les Recycleurs bretons Zone Industrielle de Kerbriant - 29 610 Plouigneau FRAKKLAND Símanúmer: +33 298011106 Tölvupóstfang: navaleo@navaleo.fr	Samhliða, þurrkví	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (þurrkví): Lengd: 225 metrar Breidd: 34 metrar Dýpt: 27 metrar	Umhverfistakmarkanir eru skilgreindar í leyfi sýslumanns.	Beint samþykki – lögbært yfirvald varðandi ákvörðun um samþykki er ráðherra umhverfismála.	5 500 (12)	24. maí 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa (1)	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð (2)	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána (3)
LETTLAND						
A/S „Tosmares kuģubūvētava“ Ģenerāļa Baloža street 42/44, Liepaja, LV-3402 LETTLAND Símanúmer: +371 63401919 Tölvupóstfang: shipyard@tosmare.lv	Sundurhlutun skipa (legupláss á floti og þurrkví)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 165 m Breidd: 22 m Dýpt: 7 m BG: 14 000 BT: 200–12 000 Þyngd: 100–5 000 tonn EÞT: 100–5 000	Sjá landsbundið leyfi nr. LI10IB0024.	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	0 (13)	11. júní 2020
LITÁEN						
UAB APK Minijos 180 (legupláss 133A), LT 93269, Klaipėda, LITÁEN Símanúmer: +370 46365776 Símbréf +370 46365776 Tölvupóstfang: uab.apk@gmail.com	Samhliða (legupláss á floti)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 130 metrar Breidd: 35 metrar Dýpt: 10 metrar BT: 3 500	Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-15/2015.	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	1 500 (14)	17. mars 2020
UAB Armar Minijos 180 (legupláss 127A, 131A), LT 93269, Klaipėda, LITÁEN Símanúmer: +370 68532607 Tölvupóstfang: armar.uab@gmail.com; albatrosas33@gmail.com	Samhliða (legupláss á floti)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa (legupláss 127A): Lengd: 80 metrar	Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-16/2015 (legupláss 127A) Sjá landsbundið leyfi nr. TL-KL.1-51/2017 (legupláss 131A)	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	3 910 (15)	17. mars 2020 (legupláss 127A) 19. apríl 2022 (legupláss 131A)

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
		Breidd: 16 metrar Dýpt: 6 metrar BT: 1 500 Hámarksmál skipa (legupláss 131A): Lengd: 80 metrar Breidd: 16 metrar Dýpt: 5 metrar BT: 1 500				
UAB Vakaru refonda Minijos 180 (legupláss 129, 130, 131A, 131, 132, 133A), LT 93269, Klaipėda, LITÁEN Símanúmer: +370 46483940/483891 Símbréf +370 46483891 Tölvupóstfang: refonda@wsy.lt	Samhliða (legupláss á floti)	Skip eins og þau eru skilgreind í 1. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 Hámarksmál skipa: Lengd: 230 metrar Breidd: 55 metrar Dýpt: 14 metrar BT: 70 000	Sjá landsbundið leyfi nr. (11.2)-30-161/2011/TL-KL.1-18/2015	Beint samþykki — skrifleg tilkynning innan 30 virkra daga	20 140 ([16])	21. maí 2020
HOLLAND						
Keppel-Verolme Prof. Gerbrandyweg 25 3197 KK Rotterdam-Botlek HOLLAND Símanúmer: +31 181234353 Tölvupóstfang: mzoethout@keppelverolme.nl	Niðurrif skipa	Hámarksmál skipa: Lengd: 405 metrar Breidd: 90 metrar Dýpt: 11,6 metrar	Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur.	Beint samþykki	52 000 ([17])	21. júlí 2021

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
Scheepssloperij Nederland B.V. Havenweg 1; 3295 XZ s-Gravendeel Postbus 5234; 3295 ZJ s-Gravendeel HOLLAND Símanúmer: +31 786736055 Tölvupóstfang: info@sloperij-nederland.nl	Niðurrif skipa	Hámarksmál skipa: Lengd: 200 metrar Breidd: 33 metrar Dýpt: 6 metrar Hæð: 45 metrar (Botlek-brú) Endurvinnsluaðgerðir hefjast á floti til að létta skrokkinn; vindan til að draga skipin upp á rampinn getur dregið 2 000 tonn.	Stöðin hefur rekstrarleyfi; leyfið felur í sér takmarkanir og skilyrði fyrir umhverfisvænan rekstur.	Beint samþykki	9 300 ([18])	27. september 2021
PORTÚGAL						
Navalria — Docas, Construções e Reparações Navais Porto Comercial, Terminal Sul, Apartado 39, 3811-901 Aveiro PORTÚGAL Símanúmer: +351 234378970, +351 232767700 Tölvupóstfang: info@navalria.pt	Sundurhlutun í þurrkví, afmengun og sundurhlutun á láréttum og hallandi fleti í þurrkví, í samræmi við stærð skipsins	Nafnrúmtak lárétta flatarins: 700 tonn Nafnrúmtak hallandi flatarins: 900 tonn		Skilyrði sem gilda um starfsemina eru skilgreind í forskriftum sem fylgja bálknum (AL n.º 5/2015/CCDRC frá 26. janúar 2016)	1 900 tonn ([19])	26. janúar 2020
BRETLAND						
Able UK Limited Teesside Environmental Reclamation and Recycling Centre Graythorp Dock Tees Road Hartlepool Cleveland TS25 2DB BRETLAND Símanúmer: +44 1642806080 Tölvupóstfang: info@ableuk.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip í þeirri stærð sem eru heimiluð í leyfinu. Hámarksmál skipa: Lengd: 337,5 metrar Mesta breidd skips: 120 metrar Djúprista: 6,65 metrar	Stöðin hefur áætlun fyrir skipa-endurvinnslustöðvar sem upp-fyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun EPR/VP3296ZM) sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	66 340 ([20])	6. október 2020

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
Dales Marine Services Ltd Imperial Dry Dock Leith Edinburgh EH6 7DR BRETLAND Tengiliður: Símanúmer: +44 1314543380 Tölvupóstfang: leithadmin@dalesmarine.co.uk; b.robertson@dalesmarine.co.uk	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip að hámarki 7 000 tonn Hámarksmál skipa: Lengd: 165 metrar Mesta breidd skips: 21 metri Djúprista: 7,7 metrar	Stöðin hefur áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun WML L 1157331) sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	7 275 ([21])	2. nóvember 2022
Harland and Wolff Heavy Industries Limited Queen's Island Belfast BT3 9DU BRETLAND Símanúmer: +44 2890458456 Tölvupóstfang: trevor.hutchinson@harland-wolff.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip í stærð sem tilgreind er í samþykktri vinnuáætlun. Hámarksmál skipa: Aðalskipakvíin (sú stærsta) hefur burðargetu sem nemur 556 m × 93 m × 1,2 m og getur tekið för allt að þeirri stærð. Stærsta þurrkvíin hefur burðargetu sem nemur 1,2 millj.	Stöðin hefur áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013. Stöðin er samþykkt með leyfi fyrir meðhöndlun úrgangs, leyfisnúmer LN/07/21/V2, sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.	Beint samþykki	13 200 ([22])	3. ágúst 2020
Swansea Drydock Ltd Prince of Wales Dry Dock Swansea Wales SA1 1LY BRETLAND Símanúmer: +44 1792654592 Tölvupóstfang: info@swanseadrydocks.com	Sundurhlutun skipa og tilheyrandi meðhöndlun sem er leyfð í þurrkví og leguplássi á floti	Öll skip í þeirri stærð sem eru heimiluð í leyfinu. Hámarksmál skipa: Lengd: 200 metrar	Stöðin hefur áætlun fyrir skipaendurvinnslustöðvar sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1257/2013.	Beint samþykki	7 275 ([23])	2. júlí 2020

Heiti stöðvar	Aðferð við endurvinnslu	Tegund og stærð skipa sem hægt er að endurvinna	Takmarkanir á og skilyrði fyrir starfi skipaendurvinnslustöðvarinnar, þ.m.t. að því er varðar meðhöndlun hættulegs úrgangs	Nákvæmar upplýsingar um beina eða óbeina málsmeðferð við samþykki lögbærs yfirvalds fyrir endurvinnsluáætlun skipa ([1])	Hámarksfrálag frá skipaendurvinnslu á ári, reiknað sem summan af þyngd skipa, sett fram sem eigin þyngd í tonnum (EÞT), sem hafa verið endurunnin á tilteknu ári á þeirri starfsstöð ([2])	Gildislok innfærslu í Evrópuskrána ([3])
		Mesta breidd skips: 27 metrar Djúprista: 7 metrar	Stöðin er samþykkt með leyfi (tilvísun EPR/UP3298VL) sem takmarkar starfsemi og setur rekstraraðila stöðvarinnar skilyrði.			

([1]) Eins og um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa
([2]) Eins og um getur í þriðja málslið a-liðar 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013
([3]) Gildislok innfærslu í Evrópuskrána samsvarar lokadagsetningu gildistíma leyfisins eða starfsleyfisins sem stöðinni var veitt í aðildarríkinu.
([4]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.
([5]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.
([6]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 50 000 EÞT á ári.
([7]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 15 000 EÞT á ári.
([8]) Samkvæmt upplýsingum sem lagt var fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 60 000 EÞT á ári.
([9]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 15 000 EÞT á ári.
([10]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 18 000 EÞT á ári.
([11]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 23 000 EÞT á ári.
([12]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 10 000 EÞT á ári.
([13]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 15 000 EÞT á ári.
([14]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 30 000 EÞT á ári.
([15]) Samkvæmt leyfunum er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 12 000 tonn EÞT á ári (6 000 EÞT á hvert leguplass).
([16]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 45 000 EÞT á ári.
([17]) Samkvæmt leyfinu er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 100 000 tonn á ári.
([18]) Samkvæmt upplýsingum sem hafa verið lagðar fram er fræðileg árleg hámarksafkastageta skipaendurvinnslu stöðvarinnar 45 000 EÞT á ári.
([19]) Engar upplýsingar voru lagðar fram um fræðilega árlega hámarksafkastagetu skipaendurvinnslu.
([20]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 230 000 tonn á ári.
([21]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 7 275 tonn á ári.
([22]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 300 000 tonn á ári.
([23]) Samkvæmt leyfinu er stöðinni heimilt að endurvinna að hámarki 74 999 tonn á ári.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/323 **2026/EES/17/04**

frá 22. febrúar 2022

um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Sojet í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012

(tilkynnt með númeri C(2022) 973) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 3. mgr. 36. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 8. apríl 2020 lagði fyrirtækið Sharda Cropchem España S.L. (hér á eftir nefnt umsækjandinn) umsókn fyrir Frakkland um raðbundna gagnkvæma viðurkenningu, í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, á landsbundnu leyfi fyrir sæfivörunni Sojet (hér á eftir nefnd sæfivaran) sem hafði þegar verið veitt í Þýskalandi. Sæfivaran er skordýraeyðir í vöruflokki 18, til notkunar fyrir fagfólk, til notkunar innanhúss í iðnaðar- eða atvinnuhúsnæði, á heimilum eða til einkanota, á almennum svæðum og í gripahúsum til að verjast flugum. Sæfivörunni er dreift í vatn og borin á pappaspjöld með bursta og inniheldur virku efnin imídaklópríð og cis-tríkos-9-en.

2) Hinn 6. október 2020 vísaði Frakkland andmælum skv. 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 til samræmingarhópsins og tilgreindi að skilyrðin í leyfinu sem Þýskaland setti tryggi ekki að sæfivaran uppfylli kröfuna sem mælt er fyrir um í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar. Frakkland telur að til að tryggja örugga meðhöndlun sæfivörunnar þurfi að nota persónuhlífar sem samanstanda af efnaþolnum hlífðarhönskum (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum) og einnota utanyfirgalla a.m.k. af gerð 6 samkvæmt EN 13034. Samkvæmt Frakklandi tryggir beiting tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana í samræmi við tilskipun ráðsins 98/24/EB ([2]), eins og sett er fram í leyfinu sem Þýskaland veitti, sem hugsanlegur staðgöngukostur fyrir notkun á persónuhlífum ekki fullnægjandi vernd ef þessar ráðstafanir eru ekki tilgreindar og metnar í matinu á sæfivörunni.

3) Þýskaland telur að með tilskipun 98/24/EB sé fastsett forgangsröðun fyrir mismunandi ráðstafanir til áhættumildunar til að vernda starfsfólk og beiting tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana sett í forgang fram yfir notkun á persónuhlífum við notkun á sæfivörunni. Samkvæmt Þýskalandi er það vinnuveitandans að ákveða, samkvæmt þeirri tilskipun, hvaða tæknilegu og skipulagslegu ráðstöfunum skuli beita og þar eð slíkar ráðstafanir eru margs konar sé ekki gerlegt að lýsa ráðstöfununum og meta þær í leyfinu fyrir sæfivöruna.

4) Hinn 3. mars 2021 vísaði Þýskaland óleystu andmælunum til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð ekki náðist samkomulag innan samræmingarhópsins. Við það tækifæri lét það framkvæmdastjórninni í té ítarlegt yfirlit um þau atriði sem aðildarríki náðu ekki samkomulagi um og ástæðurnar fyrir ósamkomulagi þeirra. Sú yfirlýsing var send hlutaðeigandi aðildarríkjum og umsækjandanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2022, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 310/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 35.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað (fjórtánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtíð. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11).

5) Í b- og c-lið 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er kveðið á um að sú reglugerð skuli ekki hafa áhrif á tilskipun ráðsins 89/391/EBE ([3]) og tilskipun ráðsins 98/24/EB.

6) Í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 kemur fram að ein af viðmiðununum fyrir veitingu leyfis sé að sæfivaran sjálf eða leifar hennar hafi engin óviðunandi áhrif á heilbrigði manna.

7) Í 9. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er tilgreint að beiting sameiginlegu meginreglnanna, sem mælt er fyrir um í þeim viðauka, um mat á málsskjölum fyrir sæfivörur, sem um getur í b-lið 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar, ásamt öðrum skilyrðum sem sett eru fram í 19. gr. hennar skuli leiða til þess að lögbær yfirvöld eða framkvæmdastjórnin ákveði hvort hægt sé að veita leyfi fyrir sæfivöru. Slíkt leyfi getur falið í sér takmarkanir á notkun sæfivörunnar eða önnur skilyrði.

8) Í d-lið 18. liðar VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er tilgreint að í áhættumatinu sem er gert fyrir vöruna skuli ákvarða hvaða ráðstafanir séu nauðsynlegar til verndar mönnum, dýrum og umhverfinu, bæði við fyrirhugaða, eðlilega notkun sæfivörunnar og við raunhæfar verstu aðstæður.

9) Í 2. lið 56. liðar VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er tilgreint að ein af niðurstöðunum sem matsaðilinn skal komast að til að staðfesta að viðmiðanirnar sem settar eru fram í b-lið 1. mgr. 19. gr. séu uppfylltar sé sú að sæfivaran geti uppfyllt viðmiðanirnar að tilteknum skilyrðum uppfylltum eða með tilteknum takmörkunum.

10) Í 62. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er tilgreint að matsaðili skuli, eftir því sem við á, komast að þeirri niðurstöðu að einungis sé hægt að uppfylla viðmiðunina í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar með því að nota forvarnar- og varnarráðstafanir, þ.m.t. útfærslu verkferla, tæknilegt eftirlit, notkun fullnægjandi búnaðar og efniviðar, beitingu ráðstafana til verndar starfsmönnum almennt og, ef ekki er unnt að koma í veg fyrir váhrif með öðrum aðferðum, ráðstafanir til að verja einstaklinga, þar með taldar persónuhlífar s.s. öndunar- og rykgrímur, hlífðargallar, hanskar og hlífðargleraugu, í því skyni að minnka váhrif á þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

11) Í 62. lið VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012 er þó ekki kveðið á um að matið sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að einungis sé hægt að uppfylla viðmiðunina í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar með því að nota forvarnar- og varnarráðstafanir skuli framkvæmt í samræmi við tilskipun 98/24/EB. Þar er ekki heldur kveðið skýrt á um að sú tilskipun myndi ekki gilda. Því ætti ekki að draga þá ályktun út frá þessum ákvæðum að tilskipun 98/24/EB gildi ekki. Þar að auki eru viðeigandi skuldbindingar samkvæmt tilskipun 98/24/EB lagðar á vinnuveitendur en ekki á lögbær yfirvöld aðildarríkja.

12) Í 4. gr. tilskipunar 98/24/EB er kveðið á um að við mat á áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsfólks sem stafar af tilvist efnafræðilegra áhrifavalda skuli vinnuveitendur afla sér nauðsynlegra viðbótarupplýsinga frá birginum eða frá öðrum tiltækum heimildum og að þessar upplýsingar skuli, eftir því sem við á, taka til sértæka matsins á áhættu fyrir notendur sem byggist á löggjöf Sambandsins um efnafræðilega áhrifavalda.

13) Í 6. gr. tilskipunar 98/24/EB er mælt fyrir um forgangsröðun þeirra ráðstafana sem vinnuveitandi skal gera til að vernda starfsfólk fyrir áhættum sem tengjast efnafræðilegum áhrifavöldum á vinnustað. Það skal sett í forgang að skipta hættulega efninu út og ef því verður ekki við komið verður að draga eins og kostur er úr áhættu vegna hættulega efnafræðilega áhrifavaldsins að því er varðar öryggi og heilsu starfsfólks á vinnustað með því að beita ráðstöfunum til verndar og forvarna. Ef ekki er mögulegt að koma í veg fyrir váhrif frá hættulegu efni með öðrum aðferðum skal tryggja vernd starfsfólks með því að beita einstaklingsbundnum verndarráðstöfunum, þ.m.t. persónuhlífum.

([3]) Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).

14) Að teknu tilliti til aðferðar við að bera sæfivöruna á og fyrirliggjandi upplýsinga frá matsaðilanum eru ekki tilgreindar neinar slíkar tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir í umsókninni um leyfi fyrir sæfivörunni og ekki heldur við matið á þeirri umsókn.

15) Því er það álit framkvæmdastjórnarinnar að sæfivaran uppfylli viðmiðunina sem mælt er fyrir um í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði varðandi notkun hennar komi fram í leyfinu og á merkimiða sæfivörunnar: „Við notkun á vörunni verður að nota efnaþolna hlífðarhanska (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum) og einnota utanyfirgalla a.m.k. af gerð 6 samkvæmt EN 13034. Þetta hefur ekki áhrif á beitingu vinnuveitenda á tilskipun ráðsins 98/24/EB og annarri löggjöf Sambandsins á sviði heilbrigðis og öryggis á vinnustöðum.“

16) Ef umsækjandi um leyfi eða leyfisyfirvaldið tilgreinir skilvirkar tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir sem leiða til þess að dregið verði jafnmikið eða meira úr váhrifum ættu þó þessar ráðstafanir að koma í staðinn fyrir notkun persónuhlífa og vera tilgreindar í leyfinu og á merkimiða sæfivörunnar.

17) Hinn 23. nóvember 2021 gaf framkvæmdastjórnin umsækjandanum færi á að leggja fram skriflegar athugasemdir í samræmi við 2. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sem framkvæmdastjórnin tók síðan tillit til.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Sæfivaran sem er auðkennd með málsnúmerinu BC-RW058475-96 í sæfivöruskránni uppfyllir skilyrðið sem mælt er fyrir um í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði varðandi notkun hennar komi fram í leyfinu og á merkimiða sæfivörunnar: „Við notkun á vörunni verður að nota efnaþolna hlífðarhanska (handhafi leyfisins skal tilgreina efnið í hönskunum í vöruupplýsingum) og einnota utanyfirgalla a.m.k. af gerð 6 samkvæmt EN 13034. Þetta hefur ekki áhrif á beitingu vinnuveitenda á tilskipun ráðsins 98/24/EB og annarri löggjöf Sambandsins á sviði heilbrigðis og öryggis á vinnustöðum.“

Ef umsækjandi um leyfi eða leyfisyfirvaldið tilgreinir tæknilegar eða skipulagslegar ráðstafanir sem verða til þess að dregið verður jafnmikið eða meira úr váhrifum en með þeirri minnkun sem næst með því að nota persónuhlífarnar sem um getur í fyrstu málsgrein skal þó beita þeim ráðstöfunum í stað þess að nota umræddar persónuhlífar og þær skulu tilgreindar í leyfinu og á merkimiða sæfivörunnar. Í því tilviki skal skyldan til að tilgreina skilyrðið varðandi notkun sæfivörunnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein ekki gilda.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. febrúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/589 **2026/EES/17/05**

frá 23. apríl 2020

um hæfi lögbærs yfirvalds í Lýðveldinu Suður-Afríku samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB

(tilkynnt með númeri C(2020) 2026) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE ([1]), einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 47. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB mega aðildarríki því aðeins heimila miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja sem þau hafa viðurkennt, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna sem varða viðkomandi endurskoðanir, til lögbæru yfirvaldanna í þriðja landi, að þau yfirvöld uppfylli kröfur sem framkvæmdastjórnin hefur lýst yfir að séu fullnægjandi og um sé að ræða vinnutilhögun á grundvelli gagnkvæmni milli þeirra og lögbæru yfirvaldanna í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

2) Við ákvörðun um hæfi skv. 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB er ekki fjallað um aðrar sértækar kröfur fyrir miðlun vinnuskjala við endurskoðun og annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna, s.s. samkomulagið um vinnutilhögun á grundvelli gagnkvæmni milli lögbæru yfirvaldanna sem sett er fram í d-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB eða kröfur um miðlun persónuupplýsinga sem settar eru fram í e-lið 1. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar.

3) Samstarf um miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna til lögbærs yfirvalds þriðja lands, varðar mikilvæga almannahagsmuni í tengslum við framkvæmd óháðs, opinbers eftirlits. Af þeim sökum ættu lögbæru yfirvöldin í aðildarríkjunum, innan ramma vinnutilhögunarinnar sem um getur í 2. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, að tryggja að lögbæra yfirvaldið í Suður-Afríku noti skjöl sem miðlað hefur verið til þess í samræmi við 1. mgr. 47. gr. þeirrar tilskipunar, einungis til að sinna hlutverki sínu við opinbert eftirlit, ytri gæðatryggingu og rannsóknir á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum.

4) Þegar úttektir eða rannsóknir fara fram er löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum ekki heimilt að veita lögbæra yfirvaldinu í Suður-Afríku aðgang að vinnuskjölum sínum við endurskoðun eða öðrum skjölum, eða senda þau til þeirra, samkvæmt neinum öðrum skilyrðum en þeim sem sett eru fram í 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB og þessari ákvörðun.

5) Að því er varðar opinbert eftirlit, gæðatryggingu og rannsóknir á löggiltum endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum ættu aðildarríki að sjá til þess að samskipti milli löggiltu endurskoðendanna og endurskoðunarfyrirtækjanna sem þau viðurkenna og lögbæra yfirvaldsins í Suður-Afríku fari fram fyrir milligöngu lögbæru yfirvaldanna í hlutaðeigandi aðildarríkjum, sbr. þó 4. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

6) Í samræmi við d-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB geta aðildarríki heimilað miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja sem þau hafa viðurkennt, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna til lögbæra yfirvaldsins í Suður-Afríku, að uppfylltu því skilyrði að komist sé að samkomulagi um vinnutilhögun milli hinna hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2020, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 355/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 107.

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

7) Aðildarríki ættu að tryggja að slíkt samkomulag um vinnutilhögun milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbæra yfirvaldsins í Suður-Afríku sé gert á grundvelli gagnkvæmni og með fyrirvara um skilyrðin í 1. og 2. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, þ.m.t. vernd atvinnuleyndarmála og viðskiptahagsmuna, m.a. iðnaðar- og hugverkaréttinda, sem slík skjöl innihalda um endurskoðuðu aðilana eða um löggiltu endurskoðendurna og endurskoðunarfyrirtækin sem endurskoðuðu þá aðila.

8) Þegar miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna til lögbæra yfirvaldsins í Suður-Afríku felur í sér miðlun persónuupplýsinga, er slík miðlun aðeins lögleg ef hún er einnig í samræmi við kröfur um alþjóðlega gagnaflutninga sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([2]). Í e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB er þess því krafist að aðildarríki tryggi að miðlun persónuupplýsinga milli lögbærra yfirvalda þeirra og lögbæra yfirvaldsins í Suður-Afríku sé í samræmi við allar gildandi meginreglur og reglur um persónuvernd og einkum ákvæði V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679. Aðildarríki ættu að sjá til þess að gerðar séu viðeigandi verndarráðstafanir fyrir miðlun persónuupplýsinga, í samræmi við 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Að auki ættu aðildarríki að tryggja að lögbæra yfirvaldið í Suður-Afríku deili ekki persónuupplýsingum sem skjölin sem miðlað er hafa að geyma, án undanfarandi samþykkis lögbæru yfirvaldanna í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

9) Óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum (IRBA) er lögbæra yfirvaldið í Suður-Afríku sem ber ábyrgð á opinberu eftirliti, ytri gæðatryggingu og rannsóknum á endurskoðendum og endurskoðunarfyrirtækjum. Nefndin gerir fullnægjandi verndarráðstafanir sem fela í sér bann og viðurlög við því að núverandi eða fyrrverandi starfsmenn hennar láti þriðja aðila eða yfirvaldi í té trúnaðarupplýsingar. Samkvæmt lögum Suður-Afríku um endurskoðendur frá 2005 (e. *The South African Audit Profession Act 2005*) og hátternisreglum óháðu eftirlitsnefndarinnar með endurskoðendum má nefndin miðla skjölum, jafngildum þeim sem um getur í 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, til lögbæru yfirvaldanna í aðildarríkjunum.

10) Skjölum sem óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum hefur aflað við úttektir og úttektarskýrslum má einungis deila að fengnu samþykki endurskoðandans eða endurskoðandafyrirtækisins sem skráð er hjá óháðu eftirlitsnefndinni með endurskoðendum. Þessi krafa getur valdið erfiðleikum við framkvæmd krafna um reglusetningarsamstarfið sem fjallað er um í 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Því ætti reglusetningarsamstarfið milli óháðu eftirlitsnefndarinnar með endurskoðendum og lögbæru yfirvaldanna í aðildarríkjunum að sæta nánu eftirliti og endurskoðun af hálfu framkvæmdastjórnarinnar til að meta hvort krafan um samþykki hafi í raun hamlandi áhrif á upplýsingaskipti.

11) Óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum er lögbæra yfirvaldið sem ábyrgt er fyrir samstarfi og gerð tvíhliða samninga við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna um miðlun vinnuskjala við endurskoðun. Trúnaður um vinnuskjöl er tryggður með fordæmisrétti (e. *common law*) Suður-Afríku um þagnarskyldu, þar sem settar eru fram almennar faglegar skyldur og skuldbindingar endurskoðandans um að virða trúnað um gögn viðskiptavina.

12) Samkvæmt suður-afrískum lögum og reglum kann óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum að falla undir kröfuna um að deila þeim upplýsingum *sem um getur í 1. mgr. 47. gr.* tilskipunar 2006/43/EB með „viðeigandi eftirlitsyfirvaldi“ en hún hefur ákvörðunarrétt til að ákveða hvort þess háttar deiling væri í þágu verndunar almennings og *almannahagsmuna*. Við undirritun tvíhliða samninga við óháðu eftirlitsnefndina með endurskoðendum geta lögbæru yfirvöldin í aðildarríkjum krafist þess að óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum fái fyrirframsamþykki þeirra ef óháðu eftirlitsnefndinni með endurskoðendum er skylt að miðla til „viðeigandi eftirlitsyfirvalds“ einhverjum óopinberum upplýsingum sem mótteknar eru meðan á samstarfinu stendur. Enn fremur ættu þau að hafa í huga að gera kröfu um að óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum deili slíkum upplýsingum eingöngu með þeim aðilum sem tilgreindir eru í samningunum, og taka fram að þessir aðilar ættu að viðhafa trúnað og þagnarskyldu um slíkar upplýsingar. Þar að auki er vinnsla persónuupplýsinga eingöngu heimil í tilteknum tilgangi sem getið er í þessari ákvörðun, eins og tekið er fram í 3. forsendu og 1. gr. og í samræmi við skilyrðin sem getið er sérstaklega í 8. forsendu þessarar ákvörðunar.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

13) Samkvæmt 1. gr. framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1010 ([3]) var lýst yfir að nokkur lögbær yfirvöld þriðju landa eða yfirráðasvæða, þ.m.t. óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum, væru hæf í skilningi c-liðar 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, að því er varðar miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala og úttektar- og rannsóknarskýrslna. Samkvæmt 3. gr. framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/1010 hætti sú framkvæmdarákvörðun að gilda um óháðu eftirlitsnefndina með endurskoðendum 1. ágúst 2019.

14) Enda þótt óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum hafi ekki gert tvíhliða samkomulag um vinnutilhögun við nein af lögbæru yfirvöldunum í aðildarríkjunum fyrir 31. júlí 2019, hafa sum aðildarríki sýnt áhuga á að þróa samstarf við óháðu eftirlitsnefndina með endurskoðendum.

15) Evrópunefnd eftirlitsaðila endurskoðenda hefur endurmetið lagaramma Suður-Afríku, á grundvelli laga um endurskoðendur frá 2005, sem hefur ekki breyst eftir framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/1010. Að teknu tilliti til *tæknimats* Evrópunefndar eftirlitsaðila endurskoðenda, sem um getur í c-lið 7. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 ([4]), uppfyllir óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum kröfur sem lýsa ætti yfir að séu fullnægjandi að því er varðar c-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

16) Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á samstarfsfyrirkomulagið sem um getur í 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB ([5]).

17) Hvers konar niðurstaða um það hvort kröfurnar sem lögbæru yfirvöldin í þriðja landi uppfylla séu fullnægjandi samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB, hefur ekki forgang fram yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin kann að samþykkja um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki þess þriðja lands skv. 2. mgr. 46. gr. þeirrar tilskipunar.

18) Ákvörðun þessi miðar að því að greiða fyrir skilvirku samstarfi á milli lögbæru yfirvaldanna í aðildarríkjunum og óháðu eftirlitsnefndarinnar með endurskoðendum. Markmið hennar er að gera þessum yfirvöldum kleift að gegna hlutverki sínu við opinbert eftirlit, ytri gæðatryggingu og rannsóknir og jafnframt gæta réttinda þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Þegar lögbært yfirvald ákveður að gera samkomulag um vinnutilhögun á grundvelli gagnkvæmni við óháðu eftirlitsnefndina með endurskoðendum, í því skyni að auðvelda miðlun vinnuskjala við endurskoðun og annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna er hlutaðeigandi aðildarríki skuldbundið að tilkynna framkvæmdastjórninni um þá gagnkvæmu vinnutilhögun sem samið hefur verið um við óháðu eftirlitsnefndina með endurskoðendum, til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta hvort samstarfið fari fram í samræmi við 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

19) Lokamarkmið samstarfs um endurskoðunareftirlit milli lögbærra yfirvalda aðildarríkja og óháðu eftirlitsnefndarinnar með endurskoðendum er að skapa gagnkvæmt traust á eftirlitskerfum hvers annars og að auka samleitni í gæðum endurskoðunar. Slíkt gagnkvæmt traust og aukin samleitni ættu að byggja á jafngildi endurskoðunareftirlitskerfanna í Sambandinu og Suður-Afríku. Af þessum sökum ætti miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, og úttektar- eða rannsóknarskýrslna að endingu að heyra til undantekninga.

20) Þar eð skortur er á hagnýtri reynslu af samstarfi við eftirlit við óháðu eftirlitsnefndina með endurskoðendum og því ekki hægt að meta hvort kröfurnar um að óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum afli fyrirframsamþykkis endurskoðandans eða endurskoðunarfyrirtækisins fyrir að deila skjölunum sem aflað hefur verið við úttektir og úttektarskýrslum hafi í raun hamlandi áhrif á upplýsingaskipti, ætti þessi ákvörðun að gilda í takmarkaðan tíma.

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1010 frá 21. júní 2016 um hæfi lögbæru yfirvaldanna í tilteknum þriðju löndum og á tilteknum yfirráðasvæðum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB (Stjtíð. ESB L 165, 23.6.2016, bls. 17).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

21) Þrátt fyrir tímamörkin mun framkvæmdastjórnin fylgjast reglulega með markaðsþróuninni, þróun eftirlits- og regluramma og skilvirkni eftirlitssamstarfsins, að teknu tilliti til fenginnar reynslu á meðan á eftirlitssamstarfinu stendur og jafnframt byggðu á endurgjöf aðildarríkja. Einkum getur framkvæmdastjórnin framkvæmt sérstaka endurskoðun á þessari ákvörðun hvenær sem er fyrir lok gildistíma hennar, ef viðkomandi þróun gerir það nauðsynlegt að endurmeta yfirlýsinguna um hæfi sem gefin er með þessari ákvörðun. Slíkt endurmat gæti leitt til niðurfellingar á þessari ákvörðun.

22) Evrópska persónuverndarstofnunin skilaði áliti 3. desember 2019.

23) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Óháða eftirlitsnefndin með endurskoðendum í Suður-Afríku uppfyllir kröfur sem skulu teljast fullnægjandi í skilningi c-liðar 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB að því er varðar miðlun vinnuskjala við endurskoðun eða annarra skjala og úttektar- og rannsóknarskýrslna skv. 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2006/43/EB.

2. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að þegar vinnuskjöl við endurskoðun eða önnur skjöl, sem eru í vörslu löggiltra endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækja, eru eingöngu í vörslu löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis sem skráð(ur) er í öðru aðildarríki en því aðildarríki þar sem endurskoðandi samstæðu er skráður og lögbært yfirvald þess ríkis hefur fengið beiðni frá óháðu eftirlitsnefndinni með endurskoðendum í Suður-Afríku, skal einungis miðla slíkum skjölum til lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina hafi lögbæra yfirvaldið í fyrsta aðildarríkinu veitt skýlaust samþykki fyrir því.

3. gr.

Þessi ákvörðun gildir frá 1. maí 2020 til 30. apríl 2026.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Valdis DOMBROVSKIS

stjórnandi varaforseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2021/887 **2026/EES/17/06**

frá 20. maí 2021

um stofnun Evrópska hæfnisetursins í iðnaði, tækni og rannsóknum á sviði netöryggis og nets landsbundinna samhæfingarmiðstöðva (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 3. mgr. 173. gr. og fyrstu málsgrein 188. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Meirihluti íbúa Sambandsins hefur nettengingu. Daglegt líf fólks og hagkerfi verða sífellt háðari stafrænni tækni. Borgarar og fyrirtæki verða sífellt berskjaldaðri gagnvart alvarlegum netöryggisatvikum og mörg fyrirtæki í Sambandinu verða fyrir a.m.k. einu netöryggisatviki á ári. Þetta undirstrikar þörfina á viðnámsþoli, á að styrkja getu í tækni og iðnaði og á notkun strangra netöryggisstaðla og heildstæðra netöryggislausna sem ná til fólks, vara, ferla og tækni í Sambandinu, sem og nauðsyn þess að Sambandið hafi forystu á sviði netöryggis og stafræns sjálfstæðis. Einnig má bæta netöryggi með vitundarvakningu um netöryggisógnir og með því að þróa hæfni, getu og færni í öllu Sambandinu ásamt því að taka rækilegt tillit til samfélagslegra og siðferðilegra afleiðinga og áhyggjuefna.

2) Sambandið hefur jafnt og þétt aukið aðgerðir sínar til að takast á við vaxandi áskoranir í tengslum við netöryggi í kjölfar stefnuáætlunarinnar um netöryggi, sem framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) lögðu fram í sameiginlegri orðsendingu sinni til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar frá 7. febrúar 2013 og ber yfirskriftina „Stefnuáætlun Evrópusambandsins um netöryggi: opnir og öruggir netheimar“ („stefnuáætlunin um netöryggi frá 2013“). Stefnuáætlunin um netöryggi frá 2013 miðar að því að ýta undir áreiðanlegt, öruggt og opið vistkerfi netöryggis. Árið 2016 samþykkti Sambandið fyrstu ráðstafanirnar á sviði netöryggis með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 ([3]) um öryggi net- og upplýsingakerfa.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 202, 8.6.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2023 frá 3. febrúar 2023 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 75, 19.10.2023, bls. 41.

([1]) Stjtíð. ESB C 159, 10.5.2019, bls. 63.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 17. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 20. apríl 2021 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Afstaða Evrópuþingsins frá 19. maí 2021 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1148 frá 6. júlí 2016 varðandi ráðstafanir til að ná háu sameiginlegu öryggisstigi í net- og upplýsingakerfum í öllu Sambandinu (Stjtíð. ESB L 194, 19.7.2016, bls. 1).

3) Í september 2017 lögðu framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúinn sameiginlega orðsendingu fyrir Evrópuþingið og ráð Evrópusambandsins, sem ber yfirskriftina „Viðnámsþol, fælingarmáttur og varnir: að byggja upp öflugt netöryggi fyrir ESB“, til að styrkja enn frekar viðnámsþol, fælingarmátt og viðbrögð Sambandsins við netárásum.

4) Á stafræna leiðtogafundinum í Tallinn í september 2017 hvöttu þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnarleiðtogar til þess að Sambandið yrði leiðandi á sviði netöryggis á heimsvísu eigi síðar en 2025, til að tryggja traust, tiltrú og vernd borgara, neytenda og fyrirtækja á netinu og til að gera það mögulegt að netið verði frjálst, öruggara og heyri undir lög, og lýstu yfir áformum sínum um að nota í auknum mæli opnar lausnir og opna staðla við (endur)uppbyggingu kerfa og lausna á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni, einkum til að komast hjá bindingu við seljanda, þ.m.t. lausnir og staðla sem áætlanir Sambandsins um samvirkni og stöðlun, s.s. ISA^2-áætlunin, þróa eða kynna.

5) Evrópska hæfnisetrið í iðnaði, tækni og rannsóknum á sviði netöryggis (hér á eftir nefnt „hæfnisetrið“), sem komið er á fót með þessari reglugerð, ætti að stuðla að því að auka öryggi net- og upplýsingakerfa, þ.m.t. netsins og annarra innviða sem eru mikilvægir fyrir virkni samfélagsins, t.d. á sviði flutninga, heilbrigðisþjónustu, orku, stafrænna grunnvirkja, vatnsveitna, fjármálamarkaða og bankakerfa.

6) Verulegar truflanir á net- og upplýsingakerfum geta haft áhrif á einstök aðildarríki og Sambandið í heild sinni. Hátt öryggisstig net- og upplýsingakerfa í öllu Sambandinu er þar af leiðandi nauðsynlegt fyrir bæði samfélagið og hagkerfið. Sem stendur er Sambandið háð veitendum netöryggisþjónustu utan Evrópu. Hins vegar er það í þágu stefnumótandi hagsmuna Sambandsins að tryggja að það viðhaldi og þrói nauðsynlega rannsóknar- og tæknigetu í tengslum við netöryggi til að tryggja net- og upplýsingakerfi borgara og fyrirtækja, einkum til að vernda mikilvæg net- og upplýsingakerfi og veita lykilþjónustu á sviði netöryggis.

7) Mikil sérþekking og reynsla á sviði rannsókna, tækni og iðnaðarþróunar í tengslum við netöryggi er til staðar í Sambandinu en viðleitni iðnaðarumhverfis og rannsóknarsamfélaga er sundurleit og skortir samræmingu og sameiginlegt hlutverk, sem stendur í vegi fyrir samkeppnishæfni og skilvirkri vernd netkerfa og kerfa í því umhverfi. Nauðsynlegt er að sameina slíka viðleitni og sérþekkingu, tengja saman og nota á skilvirkan hátt til að styrkja og bæta við fyrirliggjandi getu og færni á sviði rannsókna, tækni og iðnaðar á vettvangi Sambandsins og á landsvísu. Þó að upplýsinga- og fjarskiptatæknigeirinn standi frammi fyrir mikilvægum áskorunum, s.s. að anna eftirspurn eftir hæfu starfsfólki, getur hann haft hag af því að tjá fjölbreytileika samfélagsins í heild með því að ná fram jöfnu hlutfalli kynja, þjóðernislegri fjölbreytni og banni við mismunun gagnvart fötluðu fólki, ásamt því að auðvelda aðgengi að þekkingu og þjálfun fyrir netöryggissérfræðinga framtíðarinnar, þ.m.t. menntun slíkra sérfræðinga í óformlegu samhengi, t.d. í frjálsum og opnum hugbúnaðarverkefnum, borgaralegum tækniverkefnum, sprotafyrirtækjum og örfyrirtækjum.

8) Lítil og meðalstór fyrirtæki eru mikilvægir hagsmunaaðilar í netöryggisgeiranum í Sambandinu og geta lagt fram framsæknar lausnir vegna sveigjanleika síns. Hins vegar er einnig hætt við að lítil og meðalstór fyrirtæki sem ekki eru sérhæfð í netöryggi verði berskjaldaðri fyrir netöryggisatvikum vegna þess hve mikillar fjárfestingar og þekkingar það krefst að innleiða skilvirkar netöryggislausnir. Því er nauðsynlegt að hæfnisetrið og net landsbundinna samhæfingarmiðstöðva (hér á eftir nefnt „net samhæfingarmiðstöðva“) veiti litlum og meðalstórum fyrirtækjum stuðning með því að auðvelda þeim aðgengi að þekkingu og veita þeim sérsniðinn aðgang að niðurstöðum rannsókna og þróunar, til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki geti tryggt öryggi sitt með fullnægjandi hætti og til að lítil og meðalstór fyrirtæki, sem eru virk á sviði netöryggis, geti verið samkeppnishæf og stuðlað að forystu Sambandsins á sviði netöryggis.

9) Sérþekking er ekki eingöngu fyrir hendi í iðnaði og rannsóknum. Verkefni sem eru ekki viðskiptaleg eðlis og verkefni sem enn hafa ekki verið markaðssett, svokölluð „borgaraleg tækniverkefni“, nýta opna staðla, opin gögn og frjálsan og opinn hugbúnað í þágu samfélagsins og almennings.

10) Svið netöryggis er fjölbreytt. Viðkomandi hagsmunaaðilar koma m.a. frá opinberum aðilum, aðildarríkjunum og Sambandinu, sem og frá iðnaði, borgaralegu samfélagi, s.s. stéttarfélögum, frá neytendasamtökum, frjálsa og opna hugbúnaðarsamfélaginu og háskóla- og rannsóknarsamfélaginu ásamt öðrum aðilum.

11) Í ályktunum ráðsins, sem samþykktar voru í nóvember 2017, var framkvæmdastjórnin hvött til að leggja með hraði fram áhrifamat á hugsanlegum möguleikum á að koma á fót neti hæfnisetra á sviði netöryggis og evrópsku hæfnisetri í rannsóknum á sviði netöryggis og til að leggja til, eigi síðar en um mitt ár 2018, viðeigandi lagagerning fyrir stofnun slíks nets og slíks seturs.

12) Sambandið skortir enn nægilega getu og hæfni á sviði tækni og iðnaðar til að tryggja sjálft öryggi hagkerfis síns og mikilvægra innviða og verða leiðandi á sviði netöryggis á heimsvísu. Stefnumótandi og sjálfbær samræming og samstarf milli iðnaðar, rannsóknarsamfélaga á sviði netöryggis og stjórnvalda er ófullnægjandi. Sambandið líður fyrir ófullnægjandi fjárfestingar og takmarkaðan aðgang að verkkunnáttu, færni og aðstöðu á sviði netöryggis og fáar niðurstöður rannsókna og nýsköpunar á sviði netöryggis í Sambandinu verða að markaðshæfum lausnum eða eru notaðar víða í hagkerfinu.

13) Besta leiðin til að uppfylla markmið þessarar reglugerðar er að koma á fót hæfnisetrinu og neti samhæfingarmiðstöðva, með umboð til að vinna að ráðstöfunum til stuðnings iðntækni og á sviði rannsókna og nýsköpunar samhliða því að hafa mest efnahagsleg, samfélagsleg og umhverfisleg áhrif og standa vörð um hagsmuni Sambandsins.

14) Hæfnisetrið ætti að vera helsta tæki Sambandsins til að samnýta fjárfestingar í rannsóknum, tækni og iðnþróun á sviði netöryggis og til að hrinda viðeigandi verkefnum og framtaksverkefnum í framkvæmd í samstarfi við net samhæfingarmiðstöðva. Hæfnisetrið ætti að hafa umsjón með fjárstuðningi, sem tengist netöryggi, frá Horizon Europe – rammaáætluninni um rannsóknir og nýsköpun (hér á eftir nefnd „Horizon Europe“), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/695 ([4]), og áætluninni um stafræna Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/694 ([5]), og ætti að vera opið fyrir öðrum áætlunum eftir því sem við á. Þessi nálgun ætti að stuðla að því að skapa samlegðaráhrif og samræma fjárstuðning í tengslum við framtaksverkefni Sambandsins á sviði rannsókna og þróunar, nýsköpunar, tækni og iðnþróunar á sviði netöryggis og ætti að komast hjá óþarfa tvítekningu.

15) Mikilvægt er að tryggja að grundvallarréttindi og siðferðileg háttsemi séu virt í rannsóknarverkefnum sem tengjast netöryggi sem studd eru af hæfnisetrinu.

16) Hæfnisetrið ætti ekki að sinna aðgerðatengdum netöryggisverkefnum, s.s. verkefnum sem tengjast viðbragðsteymum vegna váatvika er varða tölvuöryggi, þ.m.t. vöktun og meðhöndlun netöryggisatvika. Hæfnisetrið ætti hins vegar að geta liðkað fyrir þróun grunnvirkja í upplýsinga- og fjarskiptatækni sem þjóna atvinnulífinu, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, rannsóknarsamfélögum, borgaralegu samfélagi og opinbera geiranum, í samræmi við það hlutverk og þau markmið sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þegar viðbragðsteymi vegna váatvika er varða tölvuöryggi og aðrir hagsmunaaðilar leitast við að hvetja til tilkynningar og birtingar upplýsinga um veikleika ætti hæfnisetrið og aðilar netöryggissamfélagsins (hér á eftir nefnt „netöryggissamfélagið“) að geta stutt þessa hagsmunaaðila, að fram kominni beiðni þeirra og innan marka eigin verkefna, jafnframt því að forðast hvers kyns tvíverknað við starfsemi Netöryggisstofnunar Evrópusambandsins, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/881 ([6]).

17) Að því er varðar stjórn netöryggissamfélagsins og þátttöku þess í hæfnisetrinu er hæfnisetrinu, netöryggissamfélaginu og neti samhæfingarmiðstöðva ætlað að njóta góðs af reynslu og víðtækri þátttöku viðeigandi hagsmunaaðila, sem byggist á samningsbundnu samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila um netöryggi milli framkvæmdastjórnarinnar og Evrópustofnunarinnar um netöryggi (ESCO) meðan á Horizon 2020 rammaáætluninni um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) stendur, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 ([7]), af þeim lærdómi sem dreginn var af fjórum tilraunaverkefnum sem hleypt var af stokkunum snemma árs 2019 innan ramma Horizon 2020, þ.e.a.s. CONCORDIA, ECHO, SPARTA og CyberSec4Europe, og af tilraunaverkefninu og undirbúningsaðgerðinni vegna úttekta á frjálsum og opnum hugbúnaði (EU FOSSA).

18) Með hliðsjón af umfangi þeirrar áskorunar sem netöryggi skapar og í ljósi fjárfestinga í getu og hæfni tengdum netöryggi og getu í öðrum heimshlutum ætti að hvetja Sambandið og aðildarríkin til að auka fjárstuðning sinn til rannsókna, þróunar og nýtingar á þessu sviði. Til þess að ná fram stærðarhagkvæmni og ná sambærilegu verndarstigi í öllu Sambandinu ættu aðildarríkin að setja krafta sína í ákveðinn ramma Sambandsins með því að taka virkan þátt í störfum hæfnisetursins og nets samhæfingarmiðstöðva.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/695 frá 28. apríl 2021 um að koma á fót Horizon Europe – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun, um reglur hennar um þátttöku og miðlun og um niðurfellingu reglugerða (ESB) nr. 1290/2013 og (ESB) nr. 1291/2013 (Stjtíð. ESB L 170, 12.5.2021, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/694 frá 29. apríl 2021 um að koma á fót áætlun um stafræna Evrópu og um niðurfellingu á ákvörðun (ESB) 2015/2240 (Stjtíð. ESB L 166, 11.5.2021, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/881 frá 17. apríl 2019 um Netöryggisstofnun Evrópusambandsins (ENISA), um netöryggisvottun upplýsinga- og fjarskiptatækni og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 526/2013 (gerð um netöryggi) (Stjtíð. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 15).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1291/2013 frá 11. desember 2013 um að koma á fót Horizon 2020 - rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun (2014-2020) og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 1982/2006/EB (Stjtíð. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 104).

19) Í því skyni að efla samkeppnishæfni Sambandsins og stranga netöryggisstaðla á alþjóðavísu skulu hæfnisetrið og netöryggissamfélagið leitast við að skiptast á upplýsingum við alþjóðasamfélagið um þróun á sviði netöryggis, þ.m.t. að því er varðar vörur og ferla, staðla og tæknistaðla, þar sem það viðkemur hlutverki, markmiðum og verkefnum hæfnisetursins. Að því er varðar þessa reglugerð gætu viðeigandi tæknistaðlar falið í sér að búnar séu til viðmiðunarútfærslur, þ.m.t. þær sem birtar eru samkvæmt opnum stöðluðum leyfum.

20) Hæfnisetrið hefur aðsetur í Búkarest.

21) Þegar hæfnisetrið undirbýr árlega vinnuáætlun sína („árleg vinnuáætlun“) ætti það að upplýsa framkvæmdastjórnina um sameiginlega fjármögnunarþörf sína á grundvelli fyrirhugaðra samfjármögnunarframlaga aðildarríkjanna til sameiginlegra aðgerða svo að framkvæmdastjórnin geti tekið tillit til samsvarandi framlags Sambandsins við undirbúning draga að fjárlögum Sambandsins fyrir komandi ár.

22) Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr vinnuáætlun Horizon Europe í málefnum sem tengjast netöryggi, þ.m.t. í tengslum við samráðsferli hagsmunaaðila, og einkum áður en sú vinnuáætlun er samþykkt, ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til innleggs hæfnisetursins og deila því með áætlananefnd Horizon Europe.

23) Til að gera hæfnisetrinu kleift að sinna hlutverki sínu á sviði netöryggis, að greiða fyrir þátttöku nets samhæfingarmiðstöðva og að tryggja aðildarríkjunum öflugt stjórnunarhlutverk ætti að koma hæfnisetrinu á fót sem stofnun Sambandsins með réttarstöðu lögaðila og sem skal heyra undir framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/715 ([8]). Hæfnisetrið ætti að gegna tvíþættu hlutverki, takast á hendur sérstök verkefni á sviði iðnaðar, tækni og rannsókna í netöryggi, eins og mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og stjórna fjármögnun sem tengist netöryggi frá nokkrum áætlunum samtímis, einkum Horizon Europe og áætluninni um stafræna Evrópu og hugsanlega einnig frá öðrum áætlunum Sambandsins. Slík stjórnun myndi þurfa að vera í samræmi við þær reglur sem gilda um þessar áætlanir. Engu að síður, með tilliti til þess að fjármögnun á starfsemi hæfnisetursins kæmi fyrst og fremst frá Horizon Europe og áætluninni um stafræna Evrópu, er nauðsynlegt að litið sé á hæfnisetrið sem samstarfsaðila að því er varðar framkvæmd fjárhagsáætlunar, þ.m.t. í áætlunargerðaráfanganum.

24) Vegna framlags Sambandsins skal aðgangur að niðurstöðum starfsemi og verkefna hæfnisetursins vera eins opinn og unnt er og eins lokaður og nauðsyn krefur og endurnotkun slíkra niðurstaðna skal vera möguleg eftir því sem við á.

25) Hæfnisetrið ætti að greiða fyrir starfi nets samhæfingarmiðstöðva og samræma það. Net samhæfingarmiðstöðva ætti að samanstanda af einni landsbundinni samhæfingarmiðstöð frá hverju aðildarríki. Landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar, sem framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt að búi yfir nauðsynlegri getu til að stjórna fjármunum til að uppfylla það hlutverk og þau markmið sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ættu að fá beinan fjárstuðning frá Sambandinu, þ.m.t. styrki sem eru veittir án auglýsingar eftir tillögum, til að sinna starfsemi sinni í tengslum við þessa reglugerð.

26) Landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar ættu að vera opinberir aðilar eða stofnanir þar sem þátttaka almennings er stærsti hlutinn, sem annast verkefni á sviði opinberrar stjórnsýslu samkvæmt landslögum, þ.m.t. samkvæmt framsali, og ættu aðildarríkin að sjá um að velja þær. Stofnun, sem sinnir öðrum hlutverkum sem leiðir af lögum Sambandsins, s.s. hlutverki lögbærs landsyfirvalds, sameiginlegs tengiliðar í skilningi tilskipunar (ESB) 2016/1148 eða annarrar reglugerðar Sambandsins, eða hlutverki miðstöðvar stafrænnar nýsköpunar í skilningi reglugerðar (ESB) 2021/694, ætti að geta sinnt hlutverki landsbundinnar samhæfingarmiðstöðvar í tilteknu aðildarríki. Aðrir opinberir aðilar eða stofnanir sem annast verkefni á sviði opinberrar stjórnsýslu í aðildarríki ættu að geta aðstoðað landsbundnu samhæfingarmiðstöðina í því aðildarríki við framkvæmd verkefna sinna.

27) Landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar ættu að hafa nauðsynlega stjórnsýslulega getu, búa yfir eða hafa aðgang að sérþekkingu í netöryggisiðnaði, tækni og rannsóknum tengdum netöryggi og vera í aðstöðu til að hafa skoðanaskipti við og samræma vinnu við iðnaðinn, opinbera geirann og rannsóknarsamfélagið á skilvirkan hátt.

28) Menntun í aðildarríkjunum ætti að endurspegla mikilvægi þess að hafa nægilega vitund og færni varðandi netöryggi. Í því skyni ættu landsbundnar samræmingarmiðstöðvar, ásamt viðeigandi opinberum yfirvöldum og hagsmunaaðilum, að leggja sitt af mörkum til að kynna og miðla fræðsluáætlunum um netöryggi, að teknu tilliti til hlutverks Netöryggisstofnunar Evrópusambandsins og án þess að það hafi áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna á sviði menntamála.

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/715 frá 18. desember 2018 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem komið er á fót skv. sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og sáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu og sem um getur í 70. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 2018/1046 (Stjtíð. ESB L 122, 10.5.2019, bls. 1).

29) Landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar ættu að geta fengið styrki frá hæfnisetrinu til þess að veita þriðju aðilum fjárstuðning í formi styrkja. Beinn kostnaður landsbundinna samhæfingarmiðstöðva við veitingu og stjórnun fjárstuðnings til þriðju aðila ætti að uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun samkvæmt viðkomandi áætlunum.

30) Hæfnisetrið, net samhæfingarmiðstöðva og netöryggissamfélagið ættu að aðstoða við framþróun og miðlun á nýjustu vörum, þjónustu og ferlum á sviði netöryggis. Jafnframt ættu hæfnisetrið og net samhæfingarmiðstöðva að efla netöryggisgetu þeirra hliðar iðnaðarins sem snýr að eftirspurn, einkum með því að styðja við þróunar- og rekstraraðila í geirum á borð við flutninga, orku, heilbrigði, fjármál, hið opinbera, fjarskipti, framleiðslu og geimvísindi, til að aðstoða slíka þróunar- og rekstraraðila við að leysa netöryggisvandamál sín, s.s. með innleiðingu innbyggðs öryggis (e. *security by design*). Hæfnisetrið og net samhæfingarmiðstöðva ættu einnig að styðja við stöðlun og nýtingu á vörum, þjónustu og ferlum á sviði netöryggis ásamt því að efla, ef mögulegt er, framkvæmd evrópska netöryggisvottunarrammans sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2019/881.

31) Vegna örra breytinga netógna og netöryggis þarf Sambandið að vera fært um að aðlagast hratt og stöðugt að nýrri þróun á þessu sviði. Því ættu hæfnisetrið, net samhæfingarmiðstöðva og netöryggissamfélagið að vera nægilega sveigjanleg til að tryggja að þau hafi nauðsynlega getu til að bregðast við slíkri þróun. Þau ættu að greiða fyrir verkefnum sem hjálpa stofnunum við að byggja stöðugt upp getu til að bæta eigið viðnámsþol og viðnámsþol Sambandsins.

32) Hæfnisetrið ætti að styðja netöryggissamfélagið. Hæfnisetrið ætti að koma þeim hlutum Horizon Europe og áætlunarinnar um stafræna Evrópu sem varða netöryggi í framkvæmd í samræmi við vinnuáætlun hæfnisetursins til margra ára („vinnuáætlun til margra ára“), árlegu vinnuáætlunina og stefnumótandi áætlanagerðarferli Horizon Europe með úthlutun styrkja og annarri fjármögnun, einkum í kjölfar auglýsingar eftir tillögum með samkeppnisfyrirkomulagi. Hæfnisetrið ætti einnig að greiða fyrir miðlun sérþekkingar innan nets samhæfingarmiðstöðva og netöryggissamfélagsins og styðja þátttöku Sambandsins, aðildarríkjanna eða iðnaðarins í sameiginlegum fjárfestingum. Það ætti að beina sérstakri athygli að því að styðja við lítil og meðalstór fyrirtæki á sviði netöryggis, sem og að aðgerðum sem stuðla að því að vinna á færnigloppum.

33) Tækniaðstoð vegna verkefnaundirbúnings ætti að fara fram á fyllilega hlutlægan og gagnsæjan hátt sem tryggir að allir hugsanlegir aðstoðarþegar fái sömu upplýsingar og til að forðast hagsmunaárekstra.

34) Hæfnisetrið ætti að örva og styðja langtíma stefnumótandi samstarf og samræmingu á starfsemi netöryggissamfélagsins, sem myndi taka til stórs, opins, þverfaglegs og fjölbreytts hóps evrópskra hagsmunaaðila sem koma að netöryggistækni. Netöryggissamfélagið ætti að ná yfir rannsóknaraðila, iðnaðinn og opinbera geirann. Netöryggissamfélagið ætti að koma með innlegg í starfsemi hæfnisetursins, vinnuáætlunina til margra ára og árlegu vinnuáætlunina, einkum í gegnum ráðgjafarhópinn vegna stefnumótunar. Netöryggissamfélagið ætti einnig að njóta ávinnings af samfélagsuppbyggingarstarfi hæfnisetursins og nets samhæfingarmiðstöðva, en að öðru leyti ætti það ekki að njóta forgangs að því er varðar auglýsingar eftir tillögum eða útboð. Netöryggissamfélagið ætti að samanstanda af samtökum og stofnunum. Til að njóta góðs af allri sérþekkingu tengdri netöryggi í Sambandinu ættu hæfnisetrið og aðilar innan þess jafnframt að geta leitað til sérþekkingar einstaklinga sem sérstakra sérfræðinga.

35) Hæfnisetrið ætti að vinna með og tryggja samlegðaráhrif við Netöryggisstofnun Evrópusambandsins og ætti að fá viðeigandi innlegg frá Netöryggisstofnun Evrópusambandsins við ákvörðun á forgangsröðun fjármögnunar.

36) Til að bregðast við þörfum eftirspurnar og framboðs að því er varðar netöryggi ætti það verkefni hæfnisetursins að sjá iðnaðinum fyrir þekkingu og tækniaðstoð varðandi netöryggi að eiga bæði við um vörur, ferla og þjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni og allar aðrar tæknilegar vörur og ferla þar sem netöryggi verður innbyggt. Ef óskað er eftir því gæti opinberi geirinn einnig haft ávinning af stuðningi frá hæfnisetrinu.

37) Til að koma á sjálfbæru netöryggisumhverfi er mikilvægt að innbyggt öryggi verði meginregla í því ferli að þróa, viðhalda, reka og uppfæra grunnvirki, vörur og þjónustu, einkum með því að styðja öruggar þróunaraðferðir sem byggja á nýjustu tækni, fullnægjandi öryggisprófanir og öryggisúttektir, með því að gera tafarlaust tiltækar uppfærslur sem ráða bót á þekktum veikleikum eða ógnum og, ef mögulegt er, með því að gera þriðju aðilum kleift að búa til og láta í té uppfærslur eftir að þjónustutímabili vörunnar lýkur. Tryggja ætti innbyggt öryggi vara, þjónustu eða ferla í upplýsinga- og fjarskiptatækni allan endingartíma þeirra og með þróunarferlum sem eru í stöðugri þróun til að draga úr hættu á tjóni vegna illviljaðrar notkunar.

38) Þó að hæfnisetrið og net samhæfingarmiðstöðva ættu að leitast við að efla samlegðaráhrif og samræmingu milli borgaralegra og varnartengdra netöryggissviða, ættu verkefni samkvæmt þessari reglugerð, sem fjármögnuð eru af Horizon Europe, að vera framkvæmd í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/695, þar sem kveðið er á um að starfsemi á sviði rannsókna og nýsköpunar, sem fram fer innan ramma Horizon Europe, skuli eingöngu miða að notkun í borgaralegum tilgangi.

39) Þessi reglugerð gildir fyrst og fremst um borgaraleg málefni en aðgerðir aðildarríkja samkvæmt þessari reglugerð geta endurspeglað sérstöðu þeirra í tilvikum þegar yfirvöld, sem sinna bæði borgaralegum og hernaðarlegum verkefnum, ættu að fylgja stefnu um netöryggi og leitast við að koma til fyllingar og forðast skörun við fjármögnunarleiðir sem tengjast varnarmálum.

40) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu að tryggja ábyrgð og gagnsæi hæfnisetursins og þeirra fyrirtækja sem fá fjármögnun í samræmi við viðeigandi reglugerðir um áætlanir.

41) Framkvæmd nýtingarverkefna, einkum þeirra sem tengjast innviðum og getu, sem nýtt eru á vettvangi Sambandsins eða með sameiginlegum innkaupum, mætti skipta í mismunandi framkvæmdaráfanga, s.s. aðskilin tilboð fyrir hönnun vélbúnaðar- og hugbúnaðarhögunar, framleiðslu þeirra, rekstur og viðhald en fyrirtæki gætu aðeins tekið þátt í einum af þessum áfanga og, eftir því sem við á, gætu krafist þess að haghafar í einum eða fleirum af þessum áföngum uppfylli tiltekin skilyrði með tilliti til evrópsks eignarhalds eða yfirráða.

42) Í ljósi sérþekkingar Netöryggisstofnunar Evrópusambandsins á netöryggi og umboðs hennar sem viðmiðunarpunktur fyrir ráðgjöf og sérþekkingu á netöryggi fyrir meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins, sem og fyrir viðeigandi hagsmunaaðila Sambandsins, og í ljósi uppsafnaðs framlags stofnunarinnar í gegnum verkefni hennar, ætti hún að taka virkan þátt í starfsemi hæfnisetursins, þ.m.t. þróun stefnuáætlunarinnar, og forðast tvíverknað, einkum í gegnum hlutverk sitt sem fastur áheyrnarfulltrúi í yfirstjórn hæfnisetursins. Að því er varðar drög að stefnuáætluninni, árlegu vinnuáætluninni og vinnuáætluninni til margra ára ættu framkvæmdastjóri hæfnisetursins og yfirstjórnin að taka tillit til allrar viðeigandi ráðgjafar vegna stefnumótunar og innleggs frá Netöryggisstofnun Evrópusambandsins, í samræmi við starfsreglur yfirstjórnarinnar.

43) Ef landsbundnu samhæfingarmiðstöðvarnar og stofnanirnar sem eru hluti af netöryggissamfélaginu fá fjárframlag af almennum fjárlögum Sambandsins ættu þær að kunngera að starfsemi þeirra fari fram innan ramma þessarar reglugerðar.

44) Sambandið og aðildarríkin ættu að fjármagna kostnaðinn, sem hlýst við að koma hæfnisetrinu á fót og vegna stjórnsýslu- og samræmingarstarfsemi þess, í hlutfalli við frjáls framlög frá aðildarríkjunum til sameiginlegra aðgerða. Til að komast hjá tvífjármögnun ætti þessi starfsemi ekki að njóta samtímis framlaga úr öðrum áætlunum Sambandsins.

45) Yfirstjórnin, sem ætti að vera skipuð fulltrúum frá aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, ætti að ákvarða almenna stefnu í starfsemi hæfnisetursins og tryggja að hæfnisetrið sinni verkefnum sínum í samræmi við þessa reglugerð. Yfirstjórnin ætti að samþykkja stefnuáætlunina.

46) Yfirstjórnin ætti að hafa nauðsynlegar heimildir til að gera fjárhagsáætlun fyrir hæfnisetrið. Hún ætti að sannreyna framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar, samþykkja viðeigandi fjárhagsreglur og ákvarða gagnsæjar starfsreglur varðandi ákvarðanatöku hæfnisetursins, þ.m.t. við samþykkt árlegu vinnuáætlunarinnar og vinnuáætlunarinnar til margra ára, sem endurspegla stefnuáætlunina. Yfirstjórnin ætti einnig setja sér starfsreglur, skipa framkvæmdastjóra og taka ákvörðun um hvort skipunartími framkvæmdastjóra skuli framlengdur eða honum lokið.

47) Yfirstjórnin ætti að hafa eftirlit með starfsemi hæfnisetursins á sviði stefnumótunar og framkvæmdar og ætti að tryggja að starfsemin sé samræmd. Í ársskýrslu sinni ætti hæfnisetrið að leggja sérstaka áherslu á þau stefnumótandi markmið sem það hefur náð og, ef nauðsyn krefur, leggja til aðgerðir til að bæta enn frekar árangurinn við að ná þessum stefnumótandi markmiðum.

48) Til að hæfnisetrið geti starfað á tilhlýðilegan og skilvirkan hátt ættu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin að tryggja að einstaklingarnir sem skipaðir eru í yfirstjórnina búi yfir viðeigandi sérfræðiþekkingu og reynslu á sviði starfseminnar. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin ættu einnig að leitast við að takmarka mannaskipti á fulltrúum sínum í yfirstjórninni til að tryggja samfellu í starfi hennar.

49) Í ljósi sérstakrar stöðu hæfnisetursins og ábyrgðar þess á stjórnun á fjármunum Sambandsins, einkum þeim sem koma frá Horizon Europe og áætluninni um stafræna Evrópu, ætti framkvæmdastjórnin að hafa 26% af heildaratkvæðum í yfirstjórninni að því er varðar ákvarðanir sem varða fjármuni Sambandsins, til að hámarka virðisauka Sambandsins af þessum ákvörðunum, en tryggja um leið að þessar ákvarðanir séu löglegar og séu í samræmi við forgangsatriði Sambandsins.

50) Til þess að starfsemi hæfnisetursins gangi snurðulaust fyrir sig er þess krafist að framkvæmdastjóri þess verði skipaður á gagnsæjan hátt, á grundvelli verðleika sinna og skjalfestra stjórnsýslu- og stjórnunarhæfileika og hæfni og reynslu sem tengist netöryggi og að hann sinni skyldum sínum algjörlega sjálfstætt.

51) Hæfnisetrið ætti að hafa ráðgjafarhóp vegna stefnumótunar sér til ráðgjafar. Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar ætti að veita ráðgjöf á grundvelli reglulegra samskipta milli hæfnisetursins og netöryggissamfélagsins, sem ætti að samanstanda af fulltrúum einkageirans, neytendasamtaka, háskólasamfélagsins og annarra hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar ætti að einbeita sér að málefnum sem skipta hagsmunaaðila máli og vekja athygli yfirstjórnarinnar og framkvæmdastjórans á þeim. Meðal verkefna ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar ætti að vera ráðgjöf varðandi stefnuáætlunina, árlegu vinnuáætlunina og vinnuáætlunina til margra ára. Jafnt hlutfall ætti að vera á milli fulltrúa mismunandi hagsmunaaðila í ráðgjafarhópnum vegna stefnumótunar, með sérstaka áherslu á hlutfall fulltrúa lítilla og meðalstórra fyrirtækja, til að tryggja að hagsmunaaðilar hafi viðeigandi fyrirsvar í starfi hæfnisetursins.

52) Framlag aðildarríkjanna til fjármagns hæfnisetursins getur verið fjárhagslegt eða í fríðu. Til dæmis gætu slík fjárframlög verið styrkur sem aðildarríki veitir aðstoðarþega í því aðildarríki sem leggur fram fjárstuðning til viðbótar fjárstuðningi Sambandsins til verkefnis samkvæmt árlegu vinnuáætluninni. Hins vegar eru framlög í fríðu yfirleitt veitt þegar stofnun í aðildarríkinu nýtur sjálf aðstoðar með fjárstuðningi frá Sambandinu. Ef Sambandið styrkti til að mynda starfsemi landsbundinnar samhæfingarmiðstöðvar með 50% fjármögnunarhlutfalli væri eftirstandandi kostnaður við starfsemina færður sem framlag í fríðu. Í öðru dæmi, ef stofnun í aðildarríkinu fær fjárstuðning frá Sambandinu til að koma á fót eða endurnýja grunnvirki og hagsmunaaðilar deila með sér í samræmi við árlegu vinnuáætlunina, yrði tengdur kostnaður sem ekki er niðurgreiddur færður sem framlög í fríðu.

53) Í samræmi við viðeigandi ákvæði framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/715 um hagsmunaárekstra ætti hæfnisetrið að hafa í gildi reglur til að koma í veg fyrir, greina, leysa og takast á við hagsmunaárekstra að því er varðar aðila þess, stofnanir og starfsfólk, yfirstjórnina og ráðgjafarhóp vegna stefnumótunar og netöryggissamfélagið. Aðildarríkin ættu að tryggja að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra, þeir séu greindir og leyst sé úr þeim að því er varðar landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar í samræmi við landslög. Hæfnisetrið ætti einnig að beita viðeigandi lögum Sambandsins um almennan aðgang að skjölum eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 ([9]). Vinnsla hæfnisetursins á persónuupplýsingum ætti að falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([10]). Hæfnisetrið ætti að fara að ákvæðum laga Sambandsins sem gilda um stofnanir Sambandsins, sem og landslaga, varðandi meðferð upplýsinga, einkum meðhöndlun viðkvæmra upplýsinga sem ekki eru trúnaðarflokkaðar og trúnaðarflokkaðra upplýsinga ESB.

54) Verja ætti fjárhagslega hagsmuni Sambandsins og aðildarríkjanna með hóflegum ráðstöfunum meðan á öllu útgjaldatímabilinu stendur, þ.m.t. með því að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, eftir því sem við á, með því að beita stjórnsýslulegum og fjárhagslegum viðurlögum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([11]) („fjárhagsreglugerðin“).

55) Hæfnisetrið ætti að vera starfrækt á opinn og gagnsæjan hátt. Það ætti að láta í té allar upplýsingar tímanlega og kynna almenningi starfsemi sína, þ.m.t. upplýsinga- og miðlunarstarfsemi. Starfsreglur yfirstjórnar hæfnisetursins og ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar ættu að vera gerðar aðgengilegar öllum.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) Nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

56) Innri endurskoðandi framkvæmdastjórnarinnar ætti að beita sömu heimildum gagnvart hæfnisetrinu og þeim sem beitt er gagnvart framkvæmdastjórninni.

57) Framkvæmdastjórnin, Endurskoðunarrétturinn og Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum ættu að fá aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum og starfstöðvum hæfnisetursins til að framkvæma endurskoðanir og rannsóknir á styrkjum, samningum og samkomulagi sem hæfnisetrið hefur undirritað.

58) Þar eð aðildarríkin geta ekki ein fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að efla samkeppnishæfni og getu Sambandsins, viðhalda og þróa getu Sambandsins á sviði tækni og iðnaðar til rannsókna tengdum netöryggi, auka samkeppnishæfni netöryggisiðnaðarins í Sambandinu og gera netöryggi að samkeppnisforskoti fyrir annan iðnað í Sambandinu, vegna þess að fyrirliggjandi, takmarkaðir fjármunir eru dreifðir og vegna umfangs nauðsynlegra fjárfestinga, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, með því að sneiða hjá óþarfa tvíverknaði á þessari viðleitni, stuðla að því að ná markumfangi fjárfestinga, sjá til þess að opinbert fjármagn sé notað eins og best verður á kosið og tryggja að öflugt netöryggi sé stutt í öllum aðildarríkjum, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði og meginreglur fyrir hæfnisetrið og net samhæfingarmiðstöðva

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er Evrópska hæfnisetrinu í iðnaði, tækni og rannsóknum á sviði netöryggis („hæfnisetrinu“) og neti landsbundinna samhæfingarmiðstöðva („neti samhæfingarmiðstöðva“) komið á fót. Í henni er mælt fyrir um reglur um tilnefningar landsbundinna samhæfingarmiðstöðva, sem og reglur fyrir stofnun „netöryggissamfélagsins“.

2. Hæfnisetrið skal gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd netöryggishluta áætlunarinnar um stafræna Evrópu, einkum að því er varðar aðgerðir sem tengjast 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/694, og skal stuðla að framkvæmd Horizon Europe, einkum að því er varðar lið 3.1.3 í stoð II í I. viðauka við ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/764 ([12]).

3. Aðildarríkin skulu í sameiningu leggja sitt af mörkum til starfs hæfnisetursins og nets samhæfingarmiðstöðva.

4. Þessi reglugerð er með fyrirvara um valdheimildir aðildarríkjanna að því er varðar almannaöryggi, varnir, þjóðaröryggi og starfsemi ríkisins á sviði refsivörslu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „netöryggi“: sú starfsemi sem nauðsynleg er til að vernda net- og upplýsingakerfi, notendur slíkra kerfa og aðra einstaklinga sem verða fyrir netógnum,

2) „net- og upplýsingakerfi“: net- og upplýsingakerfi eins og skilgreint er í 1. lið 4. gr. tilskipunar (ESB) 2016/1148,

3) „vörur, þjónusta og ferlar á sviði netöryggis“: vörur, þjónusta eða ferlar á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni sem eru viðskiptalegs eðlis og ekki viðskiptalegs eðlis og sem hafa þann sérstaka tilgang að vernda net- og upplýsingakerfi eða sjá til þess að trúnaðarkvöð, heilleiki og aðgengileiki gagna sem eru unnin eða geymd í net- og upplýsingakerfum séu tryggð, sem og netöryggi notenda slíkra kerfa og annarra aðila sem netógnir hafa áhrif á,

4) „netógn“: allar hugsanlegar aðstæður, atburðir eða aðgerðir sem gætu valdið skemmdum, röskun eða haft á annan hátt neikvæð áhrif á net- og upplýsingakerfi, notendur slíkra kerfa og aðra aðila,

([12]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/764 frá 10. maí 2021 um að koma á fót sérstakri áætlun um framkvæmd Horizon Europe–rammaáætlunar um rannsóknir og nýsköpun, og um niðurfellingu á ákvörðun 2013/743/ESB (Stjtíð. ESB L 167 I, 12.5.2021, bls. 1).

5) „sameiginleg aðgerð“: aðgerð sem fellur undir árlegu vinnuáætlunina og fær fjárstuðning frá Horizon Europe, áætluninni um stafræna Evrópu eða öðrum áætlunum Sambandsins, auk fjárstuðnings eða stuðnings í fríðu frá einu eða fleiri aðildarríkjum, og sem er framkvæmd með verkefnum með þátttöku aðstoðarþega með staðfestu í þessum aðildarríkjum og sem fá fjárstuðning eða stuðning í fríðu frá þeim,

6) „framlag í fríðu“: aðstoðarhæfur kostnaður sem landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar og aðrir opinberir aðilar stofna til þegar þau taka þátt í verkefnum sem eru fjármögnuð samkvæmt þessari reglugerð, þegar sá kostnaður er ekki fjármagnaður með framlagi Sambandsins eða með fjárframlögum frá aðildarríkjum,

7) „evrópsk miðstöð stafrænnar nýsköpunar“: evrópsk miðstöð stafrænnar nýsköpunar eins og hún er skilgreind í e-lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/694,

8) „stefnuáætlun“: heildstæð og sjálfbær stefnuáætlun um netöryggi tengd iðnaði, tækni og rannsóknum þar sem sett eru fram stefnumótandi tilmæli til að þróa og auka netöryggi í iðnaðar-, tækni- og rannsóknargeiranum í Evrópu og stefnumótandi forgangsatriði í tengslum við starfsemi hæfnisetursins, sem eru ekki bindandi að því er varðar ákvarðanir sem taka skal um árlegar vinnuáætlanir,

9) „tækniaðstoð“: aðstoð sem hæfnisetrið veitir landsbundnum samhæfingarmiðstöðvum eða netöryggissamfélaginu við framkvæmd verkefna sinna með því að veita þekkingu eða greiða fyrir aðgang að sérþekkingu á sviði rannsókna, tækni og iðnaðar í tengslum við netöryggi, greiða fyrir tengslamyndun, auka vitund og ýta undir samstarf eða aðstoð sem hæfnisetrið og landsbundnar samræmingarmiðstöðvar veita hagsmunaaðilum að því er varðar undirbúning verkefna í tengslum við hlutverk hæfnisetursins og nets samhæfingarmiðstöðva og markmið hæfnisetursins.

3. gr.

Hlutverk hæfnisetursins og nets samhæfingarmiðstöðva

1. Hlutverk hæfnisetursins og nets samhæfingarmiðstöðva er að aðstoða Sambandið við að:

a) styrkja forystu þess og stefnumótandi sjálfræði á sviði netöryggis með því að viðhalda og þróa getu og færni Sambandsins á sviði netöryggis að því er varðar rannsóknir, fræði, samfélag, tækni og iðnað, sem er nauðsynleg til að efla traust og öryggi, þ.m.t. trúnaðarkvöð, heilleika og aðgengileika gagna á stafræna innri markaðnum,

b) styðja tæknikunnáttu, hæfni og færni Sambandsins í tengslum við viðnámsþol og áreiðanleika grunnvirkja net- og upplýsingakerfa, þ.m.t. mikilvæg grunnvirki og vélbúnað og hugbúnað sem almennt er notaður í Sambandinu og

c) auka samkeppnishæfni netöryggisiðnaðarins í Sambandinu á heimsvísu, tryggja stranga netöryggisstaðla í öllu Sambandinu og gera netöryggi að samkeppnisforskoti fyrir annan iðnað í Sambandinu.

2. Hæfnisetrið og net samhæfingarmiðstöðva skulu vinna verkefni sín í samstarfi við Netöryggisstofnun Evrópusambandsins og netöryggissamfélagið, eins og við á.

3. Í samræmi við lagagerðirnar um að koma á fót viðeigandi áætlunum, einkum Horizon Europe og áætlunina um stafræna Evrópu, skal hæfnisetrið nota viðeigandi fjármagn frá Sambandinu þannig að það efli hlutverkið sem sett er fram í 1. mgr.

4. gr.

Markmið hæfnisetursins

1. Heildarmarkmið hæfnisetursins skal vera að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og nýtingu á sviði netöryggis til að uppfylla það hlutverk sem sett er fram í 3. gr.

2. Sértæk markmið hæfnisetursins eru eftirfarandi:

a) að styrkja getu, hæfni, þekkingu og innviði í tengslum við netöryggi í þágu iðnaðar, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, rannsóknarsamfélaga, opinbera geirans og borgaralegs samfélags, eins og við á,

b) að efla viðnámsþol netöryggis, upptöku bestu starfsvenja í netöryggi, meginregluna um innbyggt öryggi og vottun á öryggi stafrænna framleiðsluvara og þjónustu, með þeim hætti að það komi til viðbótar við framtak annarra opinberra aðila,

c) að stuðla að öflugu evrópsku netöryggisvistkerfi sem leiðir saman alla viðkomandi hagsmunaaðila.

3. Hæfnisetrið skal framkvæma sértæku markmiðin sem um getur í 2. mgr. með því að:

a) ákvarða stefnumótandi tilmæli fyrir rannsóknir, nýsköpun og nýtingu að því er varðar netöryggi í samræmi við lög Sambandsins og stefnumótandi forgangsatriði í starfsemi hæfnisetursins,

b) framkvæma aðgerðir innan ramma viðeigandi fjármögnunaráætlana Sambandsins í samræmi við viðeigandi vinnuáætlanir og lagagerðir Sambandsins sem koma þessum fjármögnunaráætlunum á,

c) efla samstarf og samræmingu meðal landsbundinna samhæfingarmiðstöðva og við og innan netöryggissamfélagsins og

d) þar sem við á og rétt þykir, eignast og reka grunnvirki og þjónustu í upplýsinga- og fjarskiptatækni, ef nauðsyn krefur, til að uppfylla verkefnin, sem sett eru fram í 5. gr., og í samræmi við viðkomandi vinnuáætlanir, sem settar eru fram í b-lið 3. mgr. 5. gr.

5. gr.

Verkefni hæfnisetursins

1. Hæfnisetrið skal sinna eftirfarandi verkefnum til að uppfylla hlutverk sitt og markmið:

a) stefnumótandi verkefnum og

b) framkvæmdarverkefnum.

2. Stefnumótandi verkefnin, sem um getur í a-lið 1. mgr., skulu samanstanda af:

a) þróun og vöktun á framkvæmd stefnuáætlunarinnar,

b) með aðstoð stefnuáætlunarinnar og vinnuáætlunarinnar til margra ára, en forðast jafnframt skörun við starfsemi Netöryggisstofnunar Evrópusambandsins, og að teknu tilliti til þarfarinnar fyrir að skapa samlegðaráhrif milli netöryggis og annarra hluta Horizon Europe og áætlunarinnar um stafræna Evrópu:

   i) ákvörðun á forgangsröðun fyrir vinnu hæfnisetursins í tengslum við:

      1) eflingu rannsókna og nýsköpunar á sviði netöryggis, sem nær yfir allt nýsköpunarferlið, og nýtingu þeirra rannsókna og nýsköpunar,

      2) þróun á getu, færni og innviðum iðnaðar, tækni og rannsókna á sviði netöryggis,

      3) styrkingu á færni og hæfni í iðnaði, tækni og rannsóknum á sviði netöryggis og á öllum viðeigandi menntunarstigum, sem styður við jafnt hlutfall kynjanna,

      4) nýtingu á vörum, þjónustu og ferlum á sviði netöryggis,

      5) stuðning við markaðsútbreiðslu vara, þjónustu og ferla á sviði netöryggis sem eflir hlutverkið sem sett er fram í 3. gr.,

      6) stuðning við opinber yfirvöld, að þeirra beiðni, þá hlið iðnaðarins sem snýr að eftirspurn og aðra notendur við að taka upp og samþætta nýjustu netöryggisvörur, -þjónustu og -ferli,

   ii) stuðning við netöryggisiðnaðinn, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, með það í huga að efla gæði, getu og samkeppnishæfni Sambandsins að því er varðar netöryggi, þ.m.t. í því skyni að tengjast hugsanlegum mörkuðum og tækifærum til nýtingar og til að laða til sín fjárfestingar, og

   iii) stuðning og tækniaðstoð við sprotafyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki, örfyrirtæki, samtök, einstaka sérfræðinga á sviði netöryggis og borgaraleg tækniverkefni,

c) því að tryggja samlegðaráhrif milli viðeigandi meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins og samstarf við þær, einkum Netöryggisstofnun Evrópusambandsins, en forðast jafnframt hvers konar tvíverknað í tengslum við þessar meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins,

d) samræmingu landsbundinna samhæfingarmiðstöðva í gegnum net samhæfingarmiðstöðva og tryggja regluleg skipti á sérþekkingu,

e) því að veita aðildarríkjunum sérfræðiráðgjöf um netöryggi á sviði iðnaðar, tækni og rannsókna að beiðni þeirra, þ.m.t. að því er varðar innkaup og nýtingu á tækni,

f) því að greiða fyrir samstarfi og miðlun sérþekkingar milli allra viðkomandi hagsmunaaðila, einkum aðila að netöryggis-samfélaginu,

g) því að sækja ráðstefnur á vegum Sambandsins, landsbundnar og alþjóðlegar ráðstefnur, kaupstefnur og málþing sem tengjast hlutverki, markmiðum og verkefnum hæfnisetursins með það að markmiði að deila skoðunum og miðla bestu starfsvenjum til annarra þátttakenda,

h) því að greiða fyrir notkun niðurstaðna úr rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum í aðgerðum sem tengjast þróun á vörum, þjónustu og ferlum á sviði netöryggis, jafnframt því að leitast við að forðast brotakennda viðleitni og tvíverknað og hafa sem fyrirmynd góðar starfsvenjur á sviði netöryggis og góðar vörur, ferla og þjónustu tengdri netöryggi, einkum þeim sem lítil og meðalstór fyrirtæki og þeir sem nota opinn hugbúnað hafa þróað.

3. Framkvæmdarverkefnin sem um getur í b-lið 1. mgr. skulu samanstanda af:

a) því að samræma og stýra starfi nets samhæfingarmiðstöðva og netöryggissamfélagsins til uppfylla hlutverkið sem er sett fram í 3. gr., einkum með því að styðja við sprotafyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki, örfyrirtæki, samtök og borgaraleg tækniverkefni á sviði netöryggis í Sambandinu, og auðvelda aðgengi þeirra að sérþekkingu, fjármögnun, fjárfestingu og mörkuðum,

b) því að ákvarða og framkvæma árlegu vinnuáætlunina, í samræmi við stefnuáætlunina og vinnuáætlunina til margra ára, fyrir netöryggishlutana í:

   i) áætluninni um stafræna Evrópu, einkum aðgerðum sem tengjast 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/694,

   ii) sameiginlegum aðgerðum sem njóta stuðnings samkvæmt ákvæðum sem tengjast netöryggi í Horizon Europe, einkum með tilliti til liðar 3.1.3 í stoð II í I. viðauka við ákvörðun (ESB) 2021/764, í samræmi við vinnuáætlunina til margra ára og stefnumótandi áætlanagerð Horizon Europe og

   iii) öðrum áætlunum sem kveðið er á um í viðeigandi lagagerðum Sambandsins,

c) stuðningi, eftir því sem við á, við að ná sértæku markmiði 4 – „Háþróuð stafræn færni“, eins og sett er fram í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2021/694, í samstarfi við evrópskar miðstöðvar stafrænnar nýsköpunar,

d) því að veita framkvæmdastjórninni sérfræðiráðgjöf að því er varðar iðnað, tækni og rannsóknir á sviði netöryggis þegar framkvæmdastjórnin semur drög að vinnuáætlunum samkvæmt 13. gr. ákvörðunar (ESB) 2021/764,

e) því að framkvæma nýtingu grunnvirkja í upplýsinga- og fjarskiptatækni eða gera hana mögulega og greiða fyrir öflun slíkra grunnvirkja í þágu samfélagsins, iðnaðarins og hins opinbera, að beiðni aðildarríkjanna, rannsóknarsamfélaga og rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu, m.a. með framlögum frá aðildarríkjum og fjármögnun Sambandsins til sameiginlegra aðgerða í samræmi við stefnuáætlunina, árlegu vinnuáætlunina og vinnuáætlunina til margra ára,

f) því að vekja athygli á hlutverki hæfnisetursins og nets samhæfingarmiðstöðva og markmiðum og verkefnum hæfnisetursins,

g) án þess að hafa áhrif á borgaralega eiginleika verkefna sem á að fjármagna með Horizon Europe og í samræmi við reglugerðir (ESB) 2021/695 og (ESB) 2021/694, því að auka samlegðaráhrif og samræmingu milli borgaralegra og varnartengdra netöryggissviða með því að greiða fyrir skiptum á:

   i) þekkingu og upplýsingum að því er varðar tækni og forrit með tvíþætt notagildi,

   ii) niðurstöðum, kröfum og bestu starfsvenjum og

   iii) upplýsingum að því er varðar forgangsröðun viðeigandi áætlana Sambandsins.

4. Hæfnisetrið skal inna af hendi þau verkefni sem sett eru fram í 1. mgr. í nánu samstarfi við net samhæfingarmiðstöðva.

5. Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695 og með fyrirvara um samkomulag um framlag, eins og skilgreint er í 18. lið 2. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, er heimilt að fela hæfnisetrinu framkvæmd þeirra hluta netöryggis innan ramma Horizon Europe sem aðildarríkin fjármagna ekki sameiginlega, einkum að því er varðar lið 3.1.3 í stoð II í I. viðauka við ákvörðun (ESB) 2021/764.

6. gr.

Tilnefningar landsbundinna samhæfingarmiðstöðva

1. Eigi síðar en 29. desember 2021 skal hvert aðildarríki tilnefna eina stofnun sem uppfyllir viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 5. mgr., til að gegna hlutverki landsbundinnar samhæfingarmiðstöðvar að því er þessa reglugerð varðar. Hvert aðildarríki skal án tafar tilkynna yfirstjórninni um þá stofnun. Slík stofnun getur verið stofnun sem er þegar með staðfestu í því aðildarríki.

Fresturinn, sem settur er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal framlengdur um þann tíma sem framkvæmdastjórnin hefur til að gefa út álit sitt, sem um getur í 2. mgr.

2. Aðildarríki getur hvenær sem er óskað eftir áliti framkvæmdastjórnarinnar á því hvort stofnunin, sem aðildarríkið hefur tilnefnt eða hyggst tilnefna í hlutverk landsbundinnar samhæfingarmiðstöðvar, hafi nauðsynlega getu til að stjórna fjármunum til að uppfylla hlutverkið og markmiðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal leggja álit sitt fyrir aðildarríkið innan þriggja mánaða frá beiðni aðildarríkisins.

3. Á grundvelli tilkynningar aðildarríkis um stofnun, eins og um getur í 1. mgr., skal yfirstjórnin skrá þá stofnun sem landsbundna samhæfingarmiðstöð eigi síðar en þremur mánuðum eftir tilkynninguna. Hæfnisetrið skal birta listann yfir tilnefndar landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar.

4. Aðildarríki er hvenær sem er heimilt að tilnefna nýja stofnun til að gegna hlutverki landsbundinnar samhæfingarmiðstöðvar að því er þessa reglugerð varðar. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. skulu gilda um tilnefningu allra nýrra stofnana.

5. Landsbundna samhæfingarmiðstöðin skal vera opinber aðili eða stofnun, sem er í meirihlutaeigu aðildarríkisins, sem sinnir opinberum stjórnsýsluverkefnum samkvæmt landslögum, þ.m.t. með framsali, og hefur getu til að styðja við hæfnisetrið og net samhæfingarmiðstöðva við að uppfylla hlutverk sitt eins og sett er fram í 3. gr. þessarar reglugerðar. Hún skal annaðhvort hafa yfir að ráða eða hafa aðgang að sérþekkingu á sviði rannsókna og tækni tengdri netöryggi. Hún skal hafa getu til að hafa skilvirk skoðanaskipti við og eiga í samstarfi við iðnaðinn, opinbera geirann, háskóla- og rannsóknarsamfélagið og borgarana, sem og við yfirvöld sem tilnefnd eru samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/1148.

6. Hvenær sem er getur landsbundin samhæfingarmiðstöð lagt fram beiðni um að fá viðurkenningu á því að hún búi yfir nauðsynlegri getu til að stjórna fjármunum til að uppfylla hlutverkið og markmiðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, í samræmi við reglugerðir (ESB) 2021/695 og (ESB) 2021/694. Innan þriggja mánaða frá slíkri beiðni skal framkvæmdastjórnin meta hvort landsbundna samhæfingarmiðstöðin hafi slíka getu og gefa út ákvörðun.

Ef framkvæmdastjórnin skilar jákvæðu áliti til aðildarríkis, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr., telst álitið vera ákvörðun þar sem viðurkennt er að viðkomandi stofnun hafi nauðsynlega getu að því er varðar þessa málsgrein.

Eigi síðar en 29. ágúst 2021 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við yfirstjórnina, gefa út viðmiðunarreglur um matið sem um getur í fyrstu undirgrein, þ.m.t. lýsingu á skilyrðum fyrir viðurkenningu og hvernig álit og mat fer fram.

Áður en framkvæmdastjórnin gefur út álitið, sem um getur í 2. mgr., og ákvörðunina, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skal hún taka tillit til allra upplýsinga og gagna sem landsbundna samhæfingarmiðstöðin, sem leggur fram beiðnina, lætur í té.

Rökstyðja skal allar ákvarðanir um að viðurkenna ekki að landsbundin samhæfingarmiðstöð hafi nauðsynlega hæfni til að stjórna fjármunum til að uppfylla hlutverkið og markmiðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, á viðeigandi hátt og með upplýsingum um þær kröfur sem landsbundna samræmingarmiðstöðin, sem leggur fram beiðnina, hefur ekki enn uppfyllt sem réttlæta ákvörðunina um synjun á viðurkenningu. Sérhver landsbundin samhæfingarmiðstöð, sem hefur fengið synjun á beiðni um viðurkenningu, getur hvenær sem er lagt beiðnina fram að nýju með viðbótarupplýsingum.

Ef gerðar eru breytingar á landsbundnu samhæfingarmiðstöðinni skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um það, s.s. á samsetningu landsbundnu samhæfingarmiðstöðvarinnar, félagsformi hennar eða á öðrum viðeigandi þáttum sem hafa áhrif á getu hennar til að stjórna fjármunum til að uppfylla hlutverkið og markmiðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þegar framkvæmdastjórninni berast þessar upplýsingar er henni heimilt að endurskoða ákvörðun sína um að heimila eða synja landsbundinni samhæfingarmiðstöð um viðurkenningu á því að hún hafi nauðsynlega getu til að stjórna fjármunum.

7. Net samhæfingarmiðstöðva skal samanstanda af öllum landsbundnum samhæfingarmiðstöðvum sem aðildarríkin hafa tilkynnt til yfirstjórnarinnar.

7. gr.

Verkefni landsbundinna samhæfingarmiðstöðva

1. Landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar skulu sinna eftirfarandi verkefnum:

a) vera tengiliðir á landsvísu fyrir netöryggissamfélagið til að styðja hæfnisetrið við að uppfylla hlutverk sitt og markmið, einkum með því að samræma netöryggissamfélagið með samræmingu aðila þess í aðildarríkjum þeirra,

b) veita sérþekkingu og taka virkan þátt í stefnumarkandi verkefnunum, sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr., að teknu tilliti til viðeigandi landsbundinna og svæðisbundinna áskorana fyrir netöryggi á mismunandi sviðum,

c) efla, hvetja til og greiða fyrir þátttöku borgaralegs samfélags, iðnaðar, einkum sprotafyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, háskóla- og rannsóknarsamfélagsins og annarra hagsmunaaðila á landsvísu í verkefnum sem ná yfir landamæri og í aðgerðum á sviði netöryggis sem fjármagnaðar eru af viðeigandi áætlunum Sambandsins,

d) veita hagsmunaaðilum tækniaðstoð með því að styðja þá á umsóknarstigi verkefna sem hæfnisetrið stýrir í tengslum við hlutverk sitt og markmið og í fullu samræmi við reglur um trausta fjármálastjórnun, einkum að því er varðar hagsmunaárekstra,

e) leitast við að ná samlegðaráhrifum við viðeigandi starfsemi á lands-, svæðis- og staðarvísu, s.s. landsbundnar stefnur að því er varðar rannsóknir, þróun og nýsköpun á sviði netöryggis, einkum þær stefnur sem koma fram í landsbundnum stefnuáætlunum um netöryggi,

f) framkvæma sértækar aðgerðir, sem hafa fengið styrk frá hæfnisetrinu, þ.m.t. með því að veita þriðju aðilum fjárstuðning í samræmi við 204. gr. fjárhagsreglugerðarinnar samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í viðkomandi styrksamningum,

g) án þess að hafa áhrif á valdheimildir aðildarríkja til menntunar og að teknu tilliti til viðeigandi verkefna Netöryggisstofnunar Evrópusambandsins, vinna með landsyfirvöldum að því er varðar mögulegt framlag til þess að efla og miðla fræðsluáætlunum í tengslum við netöryggi,

h) efla og miðla viðeigandi niðurstöðum af starfi nets samhæfingarmiðstöðva, netöryggissamfélagsins og hæfnisetursins á lands-, svæðis- eða staðarvísu,

i) meta beiðnir frá stofnunum, sem hafa staðfestu í sama aðildarríki og landsbundna samhæfingarmiðstöðin, um að verða hluti af netöryggissamfélaginu,

j) beita sér fyrir og stuðla að þátttöku viðeigandi stofnana í starfsemi sem kemur til vegna hæfnisetursins, nets samhæfingarmiðstöðva og netöryggissamfélagsins og vakta, eftir því sem við á, umfang þátttöku þeirra í rannsóknum, þróun og nýtingu á sviði netöryggis auk fjárhæðar opinbers fjárstuðnings sem veittur er í því samhengi.

2. Að því er varðar f-lið 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að veita fjárstuðning til þriðju aðila í hverju því formi framlags Sambandsins sem tilgreint er í 125. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, þ.m.t. í formi eingreiðslna.

3. Á grundvelli ákvörðunar, eins og um getur í 6. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, geta landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar fengið styrk frá Sambandinu, í samræmi við d-lið fyrstu málsgreinar 195. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, í tengslum við framkvæmd verkefnanna sem mælt er fyrir um í þessari grein.

4. Landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar skulu, þar sem við á, starfa saman í gegnum net samhæfingarmiðstöðva.

8. gr.

Netöryggissamfélagið

1. Netöryggissamfélagið skal leggja sitt af mörkum til hlutverks hæfnisetursins og nets samhæfingarmiðstöðva, sem sett er fram í 3. gr., og skal efla, deila og miðla sérþekkingu á netöryggi innan alls Sambandsins.

2. Netöryggissamfélagið skal samanstanda af iðnaðinum, þ.m.t. litlum og meðalstórum fyrirtækjum, háskóla- og rannsóknarstofnunum, öðrum viðeigandi samtökum borgaralegs samfélags sem og, eins og við á, viðeigandi evrópskum staðlastofnunum, opinberum aðilum og öðrum stofnunum sem fást við rekstrarleg og tæknileg málefni í tengslum við netöryggi og, þar sem við á, hagsmunaaðilum á sviðum sem hafa hagsmuna að gæta í tengslum við netöryggi og standa frammi fyrir áskorunum í tengslum við netöryggi. Netöryggissamfélagið skal leiða saman helstu hagsmunaaðila að því er varðar getu í tengslum við netöryggi í tækni, iðnaði, fræðum og rannsóknum í Sambandinu. Það skal taka til landsbundinna samhæfingarmiðstöðva, evrópskra miðstöðva stafrænnar nýsköpunar, þar sem við á, sem og meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins með viðeigandi sérþekkingu, s.s. Netöryggisstofnunar Evrópusambandsins.

3. Einungis skal skrá stofnanir með staðfestu innan aðildarríkjanna sem aðila að netöryggissamfélaginu. Þær skulu sýna fram á að þær geti lagt sitt af mörkum til hlutverksins og skulu hafa sérþekkingu á sviði netöryggis að því er varðar a.m.k. eitt af eftirfarandi sviðum:

a) fræði, rannsóknir eða nýsköpun,

b) þróun iðnaðar eða vöruþróun,

c) þjálfun og menntun,

d) aðgerðir vegna upplýsingaöryggis eða viðbragðsaðgerðir vegna atvika,

e) siðfræði,

f) formlega og tæknilega stöðlun og formlegar og tæknilegar forskriftir.

4. Hæfnisetrið skal skrá stofnanir, að beiðni þeirra, sem aðila að netöryggissamfélaginu eftir að landsbundna samhæfingarmiðstöðin í aðildarríkinu þar sem þessar stofnanir eru með staðfestu hefur framkvæmt mat til að staðfesta að stofnanirnar uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. mgr. þessarar greinar. Í matinu skal einnig taka tillit til hvers konar viðeigandi landsbundins mats af öryggisástæðum, sem lögbær landsyfirvöld framkvæma. Slíkar skráningar skulu ekki hafa tímamörk en þó er hæfnisetrinu heimilt að afturkalla þær hvenær sem er ef viðkomandi landsbundin samhæfingarmiðstöð telur að viðkomandi stofnun uppfylli ekki lengur viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. mgr. þessarar greinar eða falli undir 136. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, eða ef til þess liggja rökstuddar öryggisástæður. Ef aðild að netöryggissamfélaginu er afturkölluð af öryggisástæðum skal ákvörðunin um afturköllun virða meðalhóf og vera rökstudd. Landsbundnu samhæfingarmiðstöðvarnar skulu leitast við að ná jöfnu hlutfalli hagsmunaaðila í netöryggissamfélaginu og hvetja með virkum hætti, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, til þátttöku.

5. Hvetja skal landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar til samstarfs í gegnum net samhæfingarmiðstöðva í því skyni að samræma með hvaða hætti þær beita viðmiðununum sem settar eru fram í 3. mgr. og verklagsreglunum varðandi mat og skráningu á stofnunum sem um getur í 4. mgr.

6. Hæfnisetrið skal skrá viðkomandi meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins sem aðila að netöryggissamfélaginu eftir að hafa framkvæmt mat til að staðfesta að sú meginstofnun, stofnun, skrifstofa eða fagstofnun Sambandsins uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. mgr. þessarar greinar. Slíkar skráningar skulu ekki hafa tímamörk en þó er hæfnisetrinu heimilt að afturkalla þær hvenær sem er ef það telur að sú meginstofnun, stofnun, skrifstofa eða fagstofnun Sambandsins uppfylli ekki lengur viðmiðanirnar sem settar eru fram í 3. mgr. þessarar greinar eða falli undir 136. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

7. Fulltrúum meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins er heimilt að taka þátt í vinnu netöryggissamfélagsins.

8. Stofnun, sem er skráð sem aðili að netöryggissamfélaginu, skal tilnefna fulltrúa til að tryggja skilvirk samskipti. Þessir fulltrúar skulu búa yfir sérþekkingu að því er varðar rannsóknir, tækni eða iðnað á sviði netöryggis. Yfirstjórnin getur tilgreint nánar kröfurnar án þess að takmarka að óþörfu stofnanirnar við tilnefningu fulltrúa sinna.

9. Netöryggissamfélagið skal, fyrir tilstuðlan vinnuhópa sinna og einkum fyrir tilstuðlan ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar, veita framkvæmdastjóranum og yfirstjórninni ráðgjöf vegna stefnumótunar að því er varðar stefnuáætlunina, árlegu vinnuáætlunina og vinnuáætlunina til margra ára, í samræmi við starfsreglur yfirstjórnarinnar.

9. gr.

Verkefni aðilanna að netöryggissamfélaginu

Aðilar að netöryggissamfélaginu skulu:

a) aðstoða hæfnisetrið við að uppfylla hlutverk sitt og markmið og skulu í því skyni vinna náið með hæfnisetrinu og landsbundnu samhæfingarmiðstöðvunum,

b) taka þátt í, þar sem við á, formlegri eða óformlegri starfsemi og vinnuhópunum, sem um getur í n-lið 3. mgr. 13. gr., til að annast sértæka starfsemi í samræmi við árlegu vinnuáætlunina og

c) styðja, ef við á, hæfnisetrið og landsbundnu samhæfingarmiðstöðina í að efla sérstök verkefni.

10. gr.

Samstarf hæfnisetursins við meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins og alþjóðastofnanir

1. Til að tryggja samræmi og samstillingu og forðast jafnframt hvers kyns tvíverknað skal hæfnisetrið starfa með viðeigandi meginstofnunum, stofnunum, skrifstofum og fagstofnunum Sambandsins, þ.m.t. Netöryggisstofnun Evrópusambandsins, utanríkisþjónustu Evrópusambandsins, stjórnarsviði sameiginlegrar rannsóknamiðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar, evrópsku framkvæmdaskrifstofunni fyrir rannsóknir, framkvæmdaskrifstofu evrópska rannsóknarráðsins og evrópsku framkvæmdaskrifstofunni fyrir heilbrigðismál og stafræn málefni, sem komið var á fót með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/173 ([13]), viðkomandi evrópskum miðstöðvum stafrænnar nýsköpunar, evrópsku tölvu- og netglæpamiðstöðinni hjá Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 ([14]), Varnarmálastofnun Evrópu í tengslum við verkefnin sem sett eru fram í 5. gr. þessarar reglugerðar og öðrum viðeigandi stofnunum Sambandsins. Hæfnisetrið getur einnig starfað með alþjóðastofnunum, ef við á.

2. Samstarfið, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, getur farið fram innan ramma samkomulags um vinnutilhögun. Þetta samkomulag skal lagt fram til samþykkis yfirstjórnarinnar. Öll miðlun trúnaðarflokkaðra upplýsinga skal fara fram innan ramma stjórnunarfyrirkomulags sem gert er í samræmi við 3. mgr. 36. gr.

II. KAFLI

Uppbygging hæfnisetursins

11. gr.

Aðild og skipulag

1. Aðilar að hæfnisetrinu skulu vera Sambandið, sem framkvæmdastjórnin er í fyrirsvari fyrir, og aðildarríkin.

2. Skipulag hæfnisetursins skal tryggja að markmiðunum, sem sett eru fram í 4. gr., sé náð og verkefnin, sem fram koma í 5. gr., leyst og skal samanstanda af:

a) yfirstjórn,

b) framkvæmdastjóra,

c) ráðgjafarhóp vegna stefnumótunar.

([13]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/173 frá 12. febrúar 2021 um að koma á fót evrópsku framkvæmdaskrifstofunni fyrir loftslagsmál, grunnvirki og umhverfismál, evrópsku framkvæmdaskrifstofunni fyrir heilbrigðismál og stafræn málefni, evrópsku framkvæmdaskrifstofunni fyrir rannsóknir, evrópska nýsköpunarráðinu og framkvæmdaskrifstofunni fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, framkvæmdaskrifstofu evrópska rannsóknarráðsins og evrópsku framkvæmdaskrifstofunni fyrir mennta- og menningarmál og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðununum 2013/801/ESB, 2013/771/ESB, 2013/778/ESB, 2013/779/ESB, 2013/776/ESB og 2013/770/ESB (Stjtíð. ESB L 50, 15.2.2021, bls. 9).

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 frá 11. maí 2016 um Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnunina (Europol)) sem kemur í stað og fellir úr gildi ákvarðanir ráðsins 2009/371/DIM, 2009/934/DIM, 2009/935/DIM, 2009/936/DIM og 2009/968/DIM (Stjtíð. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 53).

I. þáttur

Yfirstjórn

12. gr.

Skipan yfirstjórnar

1. Yfirstjórnin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríki og tveimur fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar sem koma fram fyrir hönd Sambandsins.

2. Allir stjórnarmenn í yfirstjórninni skulu hafa varamann. Varamaðurinn skal koma fram fyrir hönd stjórnarmannsins í fjarveru hans.

3. Stjórnarmenn í yfirstjórninni, sem aðildarríkin tilnefna, og varamenn þeirra skulu vera starfsfólk hins opinbera í viðkomandi aðildarríki og skulu skipaðir á grundvelli þekkingar sinnar á sviði rannsókna, tækni og iðnaðar tengdu netöryggi, getu sinnar til að tryggja að aðgerðir og stöður séu samræmdar við eigin landsbundnu samhæfingarmiðstöðvar, eða viðeigandi færni þeirra á sviði stjórnunar, stjórnsýslu og fjárhagsáætlunargerðar. Framkvæmdastjórnin skal skipa sína stjórnarmenn í yfirstjórninni og varamenn þeirra á grundvelli þekkingar þeirra á sviði netöryggis, tækni eða viðeigandi færni á sviði stjórnunar, stjórnsýslu og fjárhagsáætlunargerðar og á grundvelli getu þeirra til að tryggja samræmingu, samlegðaráhrif og, eftir því sem unnt er, sameiginleg framtaksverkefni milli ólíkra stefna Sambandsins í tengslum við netöryggi, sem varða einstaka geira eða sem eru þverlægar. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu leitast við að takmarka skipti á stjórnarmönnum sínum í yfirstjórninni til að tryggja samfellu í starfi hennar. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu leitast við að ná jöfnu kynjahlutfalli í yfirstjórninni.

4. Skipunartími stjórnarmanna í yfirstjórninni og varamanna þeirra skal vera fjögur ár. Heimilt skal vera að endurnýja skipunartímann.

5. Stjórnarmenn í yfirstjórninni skulu tryggja að hlutverk, markmið, einkenni og sjálfstæði hæfnisetursins séu tryggð og að aðgerðir hennar séu í samræmi við þetta hlutverk og þessi markmið, á óháðan og gagnsæjan hátt.

6. Yfirstjórnin getur boðið áheyrnarfulltrúum að taka þátt í fundum sínum eins og við á, þ.m.t. fulltrúum viðeigandi meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins og aðilum að netöryggissamfélaginu.

7. Fulltrúi frá Netöryggisstofnun Evrópusambandsins skal vera fastur áheyrnarfulltrúi í yfirstjórninni. Yfirstjórnin getur boðið fulltrúa frá ráðgjafarhópi vegna stefnumótunar að sitja fundi sína.

8. Framkvæmdastjórinn skal taka þátt í fundum yfirstjórnarinnar án atkvæðisréttar.

13. gr.

Verkefni yfirstjórnarinnar

1. Yfirstjórnin skal bera heildarábyrgð á því að marka stefnu og rekstur hæfnisetursins, hafa eftirlit með framkvæmd starfseminnar og bera ábyrgð á öllum verkefnum sem ekki eru sérstaklega falin framkvæmdastjóranum.

2. Yfirstjórnin setur sér starfsreglur. Þessar starfsreglur skulu fela í sér sértækar verklagsreglur til að greina og komast hjá hagsmunaárekstrum og tryggja trúnaðarkvöð um viðkvæmar upplýsingar.

3. Yfirstjórnin skal taka nauðsynlegar stefnumótandi ákvarðanir, einkum að því er varðar:

a) þróun og samþykkt stefnuáætlunarinnar og vöktun á framkvæmd hennar,

b) með hliðsjón af forgangsröðun Sambandsins við stefnumótun og stefnuáætlunina, samþykkt vinnuáætlunarinnar til margra ára sem inniheldur sameiginleg forgangsverkefni á sviði iðnaðar, tækni og rannsókna, sem byggjast á þörfum sem aðildarríkin hafa greint í samstarfi við netöryggissamfélagið og sem krefjast forgangs að því er varðar fjárstuðning frá Sambandinu, þ.m.t. tækni og svið sem eru mikilvæg til að þróa eigin getu Sambandsins í netöryggi,

c) samþykkt árlegrar vinnuáætlunar um stjórnun á viðeigandi fjármunum Sambandsins, einkum þeirra hluta Horizon Europe sem tengjast netöryggi, að því leyti að þeir eru að hluta til fjármagnaðir af aðildarríkjum og áætluninni um stafræna Evrópu, í samræmi við vinnuáætlun hæfnisetursins til margra ára og stefnumótandi áætlanagerð Horizon Europe,

d) samþykkt ársreikninga og efnahagsreikninga hæfnisetursins og ársskýrslu um starfsemina, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjóranum,

e) samþykkt sérstakra fjárhagsreglna hæfnisetursins í samræmi við 70. gr. fjárhagsreglugerðarinnar,

f) sem hluta af árlegu vinnuáætluninni, úthlutun fjármuna af fjárlögum Sambandsins til sameiginlegra aðgerða Sambandsins og aðildarríkjanna,

g) sem hluta af árlegu vinnuáætluninni og í samræmi við ákvarðanirnar, sem um getur í f-lið þessarar undirgreinar og í samræmi við reglugerðir (ESB) 2021/695 og (ESB) 2021/694, lýsingu á sameiginlegu aðgerðunum, sem um getur í f-lið þessarar undirgreinar, og ákvörðun skilyrða fyrir framkvæmd slíkra sameiginlegra aðgerða,

h) samþykkt málsmeðferðar við skipun framkvæmdastjóra og skipun, brottvikningu, framlengingu skipunartíma, veitingu leiðbeininga til framkvæmdastjórans og vöktun á frammistöðu hans,

i) samþykkt leiðbeininga varðandi mat og skráningu stofnana sem aðila að netöryggissamfélaginu,

j) samþykkt samkomulags um vinnutilhögun, sem um getur í 2. mgr. 10. gr.,

k) skipun þess sem annast bókhaldsstjórn,

l) samþykkt árlegrar fjárhagsáætlunar hæfnisetursins, þ.m.t. samsvarandi yfirlit um stöðugildi með upplýsingum um fjölda tímabundinna stöðugilda í hverjum starfa- og launaflokki, þar sem samningsbundnir starfsmenn og landssérfræðingar, sem lánaðir eru til starfa, eru taldir í heilum stöðugildum,

m) samþykkt reglna um gagnsæi fyrir hæfnisetrið og reglna til forvarna og stýringar á hagsmunaárekstrum, þ.m.t. að því er varðar stjórnarmenn í yfirstjórninni, í samræmi við 42. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/715,

n) stofnun vinnuhópa í netöryggissamfélaginu, þar sem við á, að teknu tilliti til ráðgjafar sem ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar lætur í té,

o) skipun aðila í ráðgjafarhópinn vegna stefnumótunar,

p) samþykkt reglna um endurgreiðslu kostnaðar vegna aðila í ráðgjafarhópnum vegna stefnumótunar,

q) stofnun vöktunarkerfis til að tryggja að stjórnun á viðkomandi fjármunum, sem stjórnað er af hæfnisetrinu, fari fram í samræmi við stefnuáætlunina, hlutverk setursins, vinnuáætlunina til margra ára og reglur þeirra áætlana sem viðkomandi fjármögnun kemur frá,

r) tryggingu reglulegra samskipta og að koma á skilvirku fyrirkomulagi á samstarfi við netöryggissamfélagið,

s) mörkun samskiptastefnu hæfnisetursins á grundvelli ráðlegginga frá framkvæmdastjóranum,

t) eftir því sem við á, setningu reglna um framkvæmd starfsmannareglna embættismanna og ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópusambandsins, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 ([15]) („starfsmannareglur“ og „ráðningarskilmálar“), í samræmi við 3. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar,

u) eftir því sem við á, setningu reglna um lán á innlendum sérfræðingum til starfa hjá hæfnisetrinu tímabundið og um notkun starfsnema í samræmi við 2. mgr. 31. gr.,

v) samþykkt öryggisreglna fyrir hæfnisetrið,

w) samþykkt stefnuáætlunar sem beinist gegn svikum og spillingu, sem er í réttu hlutfalli við hætturnar á svikum og spillingu, sem og samþykkt umfangsmikilla ráðstafana, í samræmi við gildandi löggjöf Sambandsins, til að vernda einstaklinga sem tilkynna um brot á lögum Sambandsins, með hliðsjón af kostnaðar- og ábatagreiningu á ráðstöfununum sem skulu koma til framkvæmda,

x) ef nauðsyn krefur, samþykkt aðferðafræði til að reikna út frjáls fjárframlög og framlög í fríðu frá aðildarríkjum sem veita framlög í samræmi við reglugerðir (ESB) 2021/695 og (ESB) 2021/694 eða aðra gildandi löggjöf,

([15]) Stjtíð. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1.

y) í tengslum við árlegu vinnuáætlunina og vinnuáætlunina til margra ára, að tryggja samræmi og samvirkni við þá hluta áætlunarinnar um stafræna Evrópu og Horizon Europe sem falla ekki undir stjórn hæfnisetursins, sem og við aðrar áætlanir Sambandsins,

z) samþykkt ársskýrslu um framkvæmd stefnumótandi markmiða og forgangsatriða hæfnisetursins, með tilmælum um, ef nauðsyn krefur, hvernig skal betur ná þessum markmiðum og forgangsatriðum.

Að því marki sem árlega vinnuáætlunin felur í sér sameiginlegar aðgerðir skal hún innihalda upplýsingar um frjáls framlög aðildarríkja til sameiginlegra aðgerða. Eftir því sem við á skal í tillögunum, einkum í tillögunni að árlegu vinnuáætluninni, meta þörfina á að beita öryggisreglum, eins og sett er fram í 33. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. verklagsreglum um sjálfsmat á sviði öryggismála í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695.

4. Framkvæmdastjórinn og yfirstjórnin skulu, að því er varðar ákvarðanirnar sem settar eru fram í a-, b-, og c-lið 3. mgr, taka tillit til allrar viðeigandi ráðgjafar vegna stefnumótunar og innleggs frá Netöryggisstofnun Evrópusambandsins, í samræmi við starfsreglur yfirstjórnarinnar.

5. Yfirstjórnin skal bera ábyrgð á því að sjá til þess að tilmælunum í framkvæmdaskýrslunni og úttektinni, sem um getur í 2. og 4. mgr. 38. gr., sé fylgt eftir með fullnægjandi hætti.

14. gr.

Formaður og fundir yfirstjórnar

1. Yfirstjórnin skal kjósa formann og varaformann úr röðum stjórnarmanna og skal hver sitja í þrjú ár. Umboð formanns og varaformanns má framlengja í eitt skipti með ákvörðun yfirstjórnar. Ef stjórnarsetu formanns eða varaformanns yfirstjórnarinnar lýkur meðan á skipunartíma þeirra stendur skal skipunartíma þeirra þó ljúka sjálfkrafa á þeim tíma. Varaformaður kemur í krafti embættis síns í stað formanns í forföllum hans eða hennar. Formaðurinn skal taka þátt í atkvæðagreiðslum.

2. Yfirstjórnin skal halda almenna fundi a.m.k. þrisvar sinnum á ári. Hún getur haldið aukafundi að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, að beiðni þriðjungs stjórnarmanna, að beiðni formannsins, eða að beiðni framkvæmdastjórans til að leysa verkefni sín af hendi.

3. Framkvæmdastjórinn skal taka þátt í umræðum yfirstjórnarinnar, nema yfirstjórnin ákveði annað, en skal ekki hafa atkvæðisrétt.

4. Yfirstjórnin getur boðið öðrum aðilum að sitja fundi sína sem áheyrnarfulltrúar í hverju tilviki fyrir sig.

5. Formaðurinn getur boðið fulltrúum netöryggissamfélagsins að taka þátt í fundum yfirstjórnarinnar en þeir skulu ekki hafa neinn atkvæðisrétt.

6. Stjórnarmenn í yfirstjórninni og varamenn þeirra mega, með fyrirvara um starfsreglur yfirstjórnar, njóta aðstoðar ráðgjafa eða sérfræðinga á fundunum.

7. Hæfnisetrið skal annast skrifstofuhald fyrir yfirstjórnina.

15. gr.

Reglur um atkvæðagreiðslu yfirstjórnarinnar

1. Yfirstjórnin skal miða við að ná samhljóða samþykki í umræðum sínum. Ef stjórnarmönnum í yfirstjórninni tekst ekki að ná samhljóða samþykki skal atkvæðagreiðsla fara fram.

2. Ef yfirstjórninni tekst ekki að ná samhljóða samþykki í máli skal hún taka ákvarðanir með a.m.k. 75% meirihluta atkvæða allra stjórnarmanna og skulu fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar teljast einn stjórnarmaður í þeim tilgangi. Fjarverandi stjórnarmaður í yfirstjórn getur falið varamanni sínum atkvæði sitt eða, í fjarveru varamanns hans, öðrum stjórnarmanni. Hver stjórnarmaður í yfirstjórn getur aðeins farið með fyrirsvar fyrir einn annan stjórnarmann.

3. Yfirstjórnin skal taka ákvarðanir um sameiginlegar aðgerðir og stjórnun þeirra, eins og um getur í f- og g-lið 3. mgr. 13. gr., sem hér segir:

a) taka skal ákvarðanir um að úthluta fjármunum af fjárlögum Sambandsins til sameiginlegra aðgerða, eins og um getur í f-lið 3. mgr. 13. gr., og ákvarðanir um að fella slíkar sameiginlegar aðgerðir inn í árlegu vinnuáætlunina, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar,

b) þátttökuaðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu taka ákvarðanir sem varða lýsingu á sameiginlegum aðgerðum og að mæla fyrir um skilyrði fyrir framkvæmd þeirra, sem um getur í g-lið 3. mgr. 13. gr., með fyrirvara um að atkvæðisréttur stjórnarmanna sé í hlutfalli við framlag þeirra til sameiginlegu aðgerðarinnar, reiknað út í samræmi við aðferðafræðina sem samþykkt er skv. x-lið 3. mgr. 13. gr.

4. Að því er varðar ákvarðanir sem eru teknar skv. b-, c-, d-, e-, f-, k-, l-, p-, q-, t-, u-, w-, x- og y-lið 3. mgr. 13. gr. skal framkvæmdastjórnin fara með 26% af heildaratkvæðum í yfirstjórninni.

5. Að því er varðar aðrar ákvarðanir en þær sem um getur í b-lið 3. mgr. og í 4. mgr. skal hvert aðildarríki og Sambandið hafa eitt atkvæði. Tveir fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar skulu greiða atkvæði sameiginlega fyrir hönd Sambandsins.

6. Formaðurinn skal taka þátt í atkvæðagreiðslum.

II. þáttur

Framkvæmdastjóri

16. gr.

Skipun framkvæmdastjóra, brottvikning hans og framlenging skipunartíma hans

1. Framkvæmdastjórinn skal búa yfir sérþekkingu og hafa gott orðspor á þeim svæðum sem hæfnisetrið starfar á.

2. Framkvæmdastjórinn skal ráðinn tímabundið til hæfnisetursins skv. a-lið 2. gr. ráðningarskilmálanna.

3. Yfirstjórnin skal skipa framkvæmdastjórann af skrá yfir umsækjendur sem framkvæmdastjórnin gerir tillögu um eftir opið og gagnsætt valferli án mismununar.

4. Formaður yfirstjórnarinnar skal gera samning við framkvæmdastjórann fyrir hönd hæfnisetursins.

5. Skipunartími framkvæmdastjóra skal vera fjögur ár. Fyrir lok þess tímabils skal framkvæmdastjórn ESB framkvæma mat sem tekur tillit til frammistöðu framkvæmdastjórans og verkefna og áskorana hæfnisetursins í framtíðinni.

6. Yfirstjórnin getur, á grundvelli tillögu frá framkvæmdastjórninni, sem hefur hliðsjón af því mati sem um getur í 5. mgr., framlengt skipunartíma framkvæmdastjóra í eitt skipti um allt að fjögur ár.

7. Framkvæmdastjóri sem fengið hefur framlengingu á skipunartíma má ekki taka þátt í öðru valferli fyrir sömu stöðu.

8. Einungis skal víkja framkvæmdastjóranum úr starfi með ákvörðun yfirstjórnarinnar, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar eða að tillögu a.m.k. 50% aðildarríkjanna.

17. gr.

Verkefni framkvæmdastjóra

1. Framkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á rekstri og daglegri stjórnun hæfnisetursins og vera lagalegur fyrirsvarsmaður þess. Framkvæmdastjórinn skal vera ábyrgur gagnvart yfirstjórninni og hafa fullt sjálfstæði til að gegna störfum sínum innan þess umboðs sem honum er falið. Framkvæmdastjórinn skal njóta aðstoðar starfsfólks hæfnisetursins.

2. Framkvæmdastjórinn skal annast að minnsta kosti eftirfarandi verkefni á óháðan hátt:

a) framkvæma ákvarðanir sem yfirstjórnin samþykkir,

b) aðstoða yfirstjórnina við störf sín, annast skrifstofuhald fyrir fundi hennar og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo hún geti gegnt skyldustörfum sínum,

c) að höfðu samráði við yfirstjórnina og framkvæmdastjórnina og að teknu tilliti til innleggs landsbundnu samhæfingarmiðstöðvanna og netöryggissamfélagsins, undirbúa og leggja fram stefnuáætlunina til samþykktar hjá yfirstjórninni, sem og, í samræmi við stefnuáætlunina, drög að árlegri vinnuáætlun hæfnisetursins og drög að vinnuáætlun hæfnisetursins til margra ára, þ.m.t. umfang auglýsinga eftir tillögum, auglýsinga eftir áhugayfirlýsingum og auglýsinga eftir tilboðum, sem nauðsynleg eru til að framkvæma árlegu vinnuáætlunina, og samsvarandi áætlanir um útgjöld, eins og aðildarríkin og framkvæmdastjórnin leggja þær til,

d) undirbúa og leggja drög að árlegri fjárhagsáætlun fyrir yfirstjórnina til samþykktar, þ.m.t. samsvarandi yfirlit um stöðugildi, sem um getur í l-lið 3. mgr. 13. gr., með upplýsingum um fjölda tímabundinna stöðugilda í hverjum starfa- og launaflokki og fjölda samningsbundinna starfsmanna og landssérfræðinga, sem lánaðir eru til starfa, í heilum stöðugildum,

e) koma árlegu vinnuáætluninni og vinnuáætluninni til margra ára í framkvæmd og leggja skýrslu fyrir yfirstjórnina þar að lútandi,

f) semja drög að ársskýrslu um starfsemi hæfnisetursins, þ.m.t. upplýsingar um tilheyrandi útgjöld og framkvæmd stefnuáætlunarinnar og vinnuáætlunarinnar til margra ára og ef nauðsyn krefur skulu þeirri skýrslu fylgja tillögur um frekari úrbætur til að hrinda stefnumótandi markmiðum og forgangsmálum í framkvæmd eða gera endurbætur á þeim,

g) tryggja framkvæmd á skilvirku verklagi að því er varðar vöktun og úttekt í tengslum við frammistöðu hæfnisetursins,

h) semja aðgerðaáætlun til að fylgja eftir niðurstöðum framkvæmdaskýrslunnar og úttektinni, sem um getur í 2. og 4. mgr. 38. gr., og leggja skýrslur um framvindu hennar fyrir Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina á tveggja ára fresti,

i) undirbúa og gera samninga við landsbundnu samhæfingarmiðstöðvarnar,

j) bera ábyrgð á málum er varða stjórnun, fjármál og starfsmenn, þ.m.t. framkvæmd fjárhagsáætlunar hæfnisetursins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til ráðgjafar sem fengist hefur frá viðeigandi deild innri endurskoðunar, í samræmi við ákvarðanirnar sem um getur í e-, l-, t-, u-, v- og w-lið 3. mgr. 13. gr.,

k) samþykkja og hafa umsjón með auglýsingum eftir tillögum, í samræmi við árlegu vinnuáætlunina, og annast stjórnun styrksamninga og -ákvarðana sem af þeim leiðir,

l) samþykkja skrá yfir aðgerðir sem hljóta fjármögnun á grundvelli forgangslista sem nefnd óháðra sérfræðinga setur saman,

m) samþykkja og hafa umsjón með útboðum í samræmi við árlegu vinnuáætlunina og annast stjórnun samninga sem af þessu leiðir,

n) samþykkja tilboðin sem valin eru til fjármögnunar,

o) leggja drög að ársreikningum og efnahagsreikningum fyrir viðeigandi deild innri endurskoðunar og síðan fyrir yfirstjórnina,

p) tryggja að áhættumat og áhættustýring fari fram,

q) undirrita einstaka styrksamninga, -ákvarðanir og -samninga,

r) undirrita innkaupasamninga,

s) semja aðgerðaáætlun til að fylgja eftir niðurstöðum innri eða ytri endurskoðunarskýrslna, auk rannsókna Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF), sem komið var fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/352/EB, KSE, KBE ([16]) og gefa framvinduskýrslu tvisvar á ári til framkvæmdastjórnarinnar og reglulega til yfirstjórnarinnar,

t) semja drög að fjárhagsreglum fyrir hæfnisetrið,

u) koma á fót og tryggja starfsemi skilvirks og árangursríks innra eftirlitskerfis og tilkynna allar verulegar breytingar á því til yfirstjórnarinnar,

([16]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/352/EB, KSE, KBE frá 28. apríl 1999 um að koma á fót Evrópuskrifstofu um aðgerðir gegn svikum (OLAF) (Stjtíð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 20).

v) tryggja skilvirk samskipti við meginstofnanir Sambandsins og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu, þegar þeim er boðið að gera það,

w) gera allar aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að meta hvernig hæfnisetrið uppfyllir hlutverk sitt og markmið,

x) vinna öll önnur verkefni sem yfirstjórnin felur honum.

III. þáttur

Ráðgjafarhópur vegna stefnumótunar

18. gr.

Samsetning ráðgjafarhóps vegna stefnumótunar

1. Í ráðgjafarhópnum vegna stefnumótunar skulu ekki vera fleiri en 20 aðilar. Aðilarnir skulu tilnefndir af yfirstjórninni, að tillögu framkvæmdastjórans, úr hópi fulltrúa aðila að netöryggissamfélaginu annarra en fulltrúa meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Evrópusambandsins. Aðeins fulltrúar aðila, sem eru ekki undir stjórn þriðja lands eða stofnunar sem hefur staðfestu í þriðja landi, koma til greina. Tilnefningin skal vera í samræmi við opið og gagnsætt verklag og án mismununar. Yfirstjórnin skal leitast við að samsetning ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar verði jafnt hlutfall fulltrúa netöryggissamfélagsins milli stofnana á sviði vísinda, iðnaðar og borgaralegs samfélags, þeirrar hliðar iðnaðar sem snýr að eftirspurn og framboði, stórra fyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem og jafnt með tilliti til landfræðilegs uppruna og kyns. Hún skal einnig leitast við að ná jafnvægi innan geirans með hliðsjón af samheldni Sambandsins og allra aðildarríkjanna á sviði rannsókna, iðnaðar og tækni í tengslum við netöryggi. Samsetning ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar skal vera þannig að hún stuðli að yfirgripsmiklum, samfelldum og stöðugum samskiptum á milli netöryggissamfélagsins og hæfnisetursins.

2. Aðilar í ráðgjafarhópnum vegna stefnumótunar skulu búa yfir sérþekkingu að því er varðar rannsóknir á sviði netöryggis, iðnþróun, framboð, framkvæmd eða nýtingu sérfræðiþjónustu eða -vara. Yfirstjórnin skal tilgreina nánar kröfurnar um slíka sérþekkingu.

3. Í starfsreglum yfirstjórnarinnar skal tilgreina verklagsreglur varðandi skipun aðila í ráðgjafarhópinn vegna stefnumótunar og starf ráðgjafarhóps vegna stefnumótunar og birta opinberlega.

4. Skipunartími aðila sem sæti eiga í ráðgjafarhópnum vegna stefnumótunar skal vera tvö ár. Heimilt er að framlengja skipunartíma einu sinni.

5. Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar getur boðið fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar og annarra meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins, einkum Netöryggisstofnunar Evrópusambandsins, að taka þátt í og styðja starf hans. Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar getur boðið viðbótarfulltrúum frá netöryggissamfélaginu sem áheyrnarfulltrúum, ráðgjöfum eða sérfræðingum, eins og við á í hverju tilviki fyrir sig, til að taka tillit til virkrar þróunar á sviði netöryggis. Stjórnarmönnum í yfirstjórninni er heimilt að sitja fundi ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar sem áheyrnarfulltrúar.

19. gr.

Starfsemi ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar

1. Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar skal koma saman a.m.k. þrisvar sinnum á ári.

2. Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar skal veita yfirstjórninni ráðgjöf um stofnun vinnuhópa innan netöryggis-samfélagsins, í samræmi við n-lið 3. mgr. 13. gr., um sértæk málefni sem tengjast starfi hæfnisetursins, þegar þessi málefni tengjast beint verkefnunum og verksviðunum sem sett eru fram í 20. gr. Ef nauðsyn krefur skulu slíkir vinnuhópar falla undir heildarsamræmingu eins eða fleiri fulltrúa í ráðgjafarhópnum vegna stefnumótunar.

3. Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar skal kjósa sér formann með einföldum meirihluta fulltrúa sem í honum sitja.

4. Framkvæmdastjóri og starfsfólk hæfnisetursins skulu annast skrifstofuhald fyrir ráðgjafarhópinn vegna stefnumótunar og skulu nýta það fjármagn sem til er, að teknu tilhlýðilegu tilliti til heildarvinnuálags hæfnisetursins. Tilgreina skal fjármagnið, sem veitt er til að styðja ráðgjafarhópinn vegna stefnumótunar, í drögum að árlegri fjárhagsáætlun.

5. Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar skal setja sér starfsreglur með einföldum meirihluta atkvæða fulltrúa.

20. gr.

Verkefni ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar

Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar skal reglulega veita hæfnisetrinu ráðgjöf að því er varðar framkvæmd á starfsemi þess og tryggja samskipti við netöryggissamfélagið og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Ráðgjafarhópurinn vegna stefnumótunar skal einnig:

a) að teknu tilliti til framlaga frá netöryggissamfélaginu og vinnuhópunum, sem um getur í n-lið 3. mgr. 13. gr., þar sem við á, veita framkvæmdastjóranum og yfirstjórninni reglulega ráðgjöf vegna stefnumótunar og upplýsa þau um innlegg að því er varðar stefnuáætlunina, árlegu vinnuáætlunina og vinnuáætlunina til margra ára innan þess frests sem yfirstjórnin setur,

b) veita yfirstjórninni ráðgjöf um stofnun vinnuhópa innan netöryggissamfélagsins, í samræmi við n-lið 3. mgr. 13. gr., um tiltekin mál sem varða starf hæfnisetursins,

c) með fyrirvara um samþykki yfirstjórnarinnar, ákveða og skipuleggja samráð við almenning, sem er opið öllum opinberum hagsmunaaðilum og hagsmunaaðilum í einkageiranum sem hafa hagsmuna að gæta á sviði netöryggis, til að safna innleggi fyrir ráðgjöf vegna stefnumótunar, sem um getur í a-lið.

III. KAFLI

Fjárhagsákvæði

21. gr.

Fjárframlög Sambandsins og aðildarríkja

1. Hæfnisetrið skal vera fjármagnað af Sambandinu á meðan sameiginlegar aðgerðir skulu vera fjármagnaðar af Sambandinu og frjálsum framlögum frá aðildarríkjunum.

2. Sambandið skal standa straum af stjórnsýslu- og rekstrarkostnaði sameiginlegra aðgerða ásamt þeim aðildarríkjum sem leggja sitt af mörkum til sameiginlegu aðgerðanna, í samræmi við reglugerðir (ESB) 2021/695 og (ESB) 2021/694.

3. Framlag Sambandsins til hæfnisetursins til að standa straum af stjórnsýslu- og rekstrarkostnaði skal vera eftirfarandi:

a) allt að 1 649 566 000 evrur frá áætluninni um stafræna Evrópu, þ.m.t. allt að 32 000 000 evrur vegna stjórnsýslukostnaðar,

b) fjárhæð frá Horizon Europe, þ.m.t. vegna stjórnsýslukostnaðar, fyrir sameiginlegar aðgerðir, sem er jafnhá fjárhæðinni sem aðildarríkin leggja fram skv. 7. mgr. þessarar greinar en fer ekki yfir fjárhæðina sem ákvörðuð er í stefnumótandi áætlunargerð Horizon Europe, sem framkvæma á skv. 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695, í árlegu vinnuáætluninni eða vinnuáætluninni til margra ára,

c) fjárhæð frá öðrum viðeigandi áætlunum Sambandsins, eftir því sem þörf er á til að framkvæma verkefni hæfnisetursins eða ná markmiðum þess, með fyrirvara um ákvarðanir sem teknar eru í samræmi við réttargerðir Sambandsins um að koma þessum áætlunum á fót.

4. Hámarksframlag Sambandsins skal greitt af fjárveitingu á fjárlögum Sambandsins, sem er úthlutað til áætlunarinnar um stafræna Evrópu, séráætlunarinnar um framkvæmd Horizon Europe, sem komið var á fót með ákvörðun (ESB) 2021/764, og annarra áætlana og verkefna sem falla undir gildissvið hæfnisetursins eða nets samhæfingarmiðstöðva.

5. Hæfnisetrið skal framkvæma aðgerðir til netöryggis innan ramma áætlunarinnar um stafræna Evrópu og Horizon Europe í samræmi við iv. lið c-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 62. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

6. Ekki skal gera grein fyrir framlögum frá áætlunum Sambandsins, öðrum en þeim sem um getur í 3. og 4. mgr., sem eru hluti af sameiginlegri fjármögnun Sambandsins til áætlunar sem eitt aðildarríkjanna kemur í framkvæmd, við útreikning á hámarksfjárframlagi Sambandsins sem um getur í þessum málsgreinum.

7. Aðildarríki skulu sjálfviljug taka þátt í sameiginlegum aðgerðum með frjálsum fjárframlögum og/eða framlögum í fríðu. Ef aðildarríki tekur þátt í sameiginlegri aðgerð skal fjárframlag þess aðildarríkis ná yfir stjórnsýslukostnað í hlutfalli við framlag þess til sameiginlegu aðgerðarinnar. Fjárframlögin skulu ná yfir stjórnsýslukostnað vegna sameiginlegra aðgerða. Unnt er að mæta rekstrarkostnaði sameiginlegra aðgerða með fjárframlögum eða framlögum í fríðu, eins og kveðið er á um í Horizon Europe og áætluninni um stafræna Evrópu. Framlög frá hverju aðildarríki geta verið í formi stuðnings, sem aðildarríkið veitir aðstoðarþegum með staðfestu í því aðildarríki, í sameiginlegri aðgerð. Framlög aðildarríkja í fríðu samanstanda af aðstoðarhæfum kostnaði sem landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar og aðrir opinberir aðilar stofna til þegar þeir taka þátt í

verkefnum sem fjármögnuð eru með þessari reglugerð, að frádregnu framlagi Sambandsins vegna þessa kostnaðar. Ef um er að ræða verkefni sem fjármögnuð eru af Horizon Europe skal reikna út aðstoðarhæfan kostnað í samræmi við 36. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695. Ef um er að ræða verkefni sem eru fjármögnuð af áætluninni um stafræna Evrópu skal reikna út aðstoðarhæfan kostnað í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

Fyrirhuguð heildarfjárhæð frjálsra framlaga aðildarríkja til sameiginlegra aðgerða innan ramma Horizon Europe, þ.m.t. fjárframlög vegna stjórnsýslukostnaðar, skal ákvörðuð svo taka megi tillit til hennar við stefnumótandi áætlanagerð Horizon Europe, sem framkvæma skal skv. 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695, með innleggi frá yfirstjórninni. Að því er varðar aðgerðir innan ramma áætlunarinnar um stafræna Evrópu geta aðildarríkin, þrátt fyrir 15. gr. reglugerðar (ESB) 2021/694, veitt framlag vegna kostnaðar við hæfnisetrið, sem er að hluta til fjármagnaður með áætluninni um stafræna Evrópu, sem er lægri en fjárhæðirnar sem eru tilgreindar í a-lið 3. mgr. þessarar greinar.

8. Sameiginleg landsbundin fjármögnun aðildarríkja á aðgerðum, sem eru studdar af áætlunum Sambandsins öðrum en Horizon Europe og áætluninni um stafræna Evrópu, skal teljast vera landsbundið framlag aðildarríkja, svo fremi að þessi framlög séu hluti af sameiginlegum aðgerðum og séu innifalin í vinnuáætluninni fyrir hæfnisetrið.

9. Í þeim tilgangi að meta framlögin, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og í b-lið 2. mgr. 22. gr., skal ákvarða kostnað í samræmi við hefðbundnar aðferðir við kostnaðarútreikning hlutaðeigandi aðildarríkis, gildandi reikningsskilastaðla hlutaðeigandi aðildarríkis og viðeigandi alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS-staðla og IFRS-staðla). Óháður, utanaðkomandi endurskoðandi, sem hlutaðeigandi aðildarríki tilnefnir, skal votta kostnaðinn. Hæfnisetrið getur sannprófað matsaðferðina ef einhver óvissa ríkir vegna vottunarinnar.

10. Ef aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar sínar varðandi fjárframlög sín eða framlög í fríðu til sameiginlegra aðgerða skal framkvæmdastjórinn tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um það skriflega og ákveða hæfilegan frest til að ráða bót á slíkum vanskilum. Ef ekki er ráðin bót á ástandinu innan þessa frests skal framkvæmdastjórinn boða til fundar með yfirstjórninni til að ákveða hvort afturkalla eigi atkvæðisrétt þátttökuaðildarríkisins sem er í vanskilum eða hvort grípa eigi til annarra aðgerða þar til það aðildarríki hefur uppfyllt skuldbindingar sínar. Fella skal tímabundið niður atkvæðarétt aðildarríkis sem er í vanskilum, að því er varðar sameiginlegar aðgerðir, þar til bætt hefur verið fyrir vanefndir á skuldbindingum þess.

11. Framkvæmdastjórninni er heimilt að afnema eða skerða hlutfallslega fjárframlag Sambandsins til sameiginlegra aðgerða eða fella það tímabundið niður ef þau aðildarríki sem koma með fjárframlög gera það ekki, leggja aðeins fram hluta þeirra eða leggja framlögin seint fram, að því er varðar framlögin sem um getur í b-lið 3. mgr. Afnám, skerðing eða tímabundin niðurfelling fjárframlags Sambandsins af hálfu framkvæmdastjórnarinnar skal, hvað varðar upphæð og tímaramma, vera í réttu hlutfalli við vanrækslu aðildarríkisins við að koma með framlög, leggja aðeins fram hluta þeirra eða leggja framlögin seint fram.

12. Aðildarríkin sem koma með framlög skulu, eigi síðar en 31. janúar ár hvert, gefa yfirstjórninni skýrslu um virði framlaganna, sem um getur í 7. mgr., vegna sameiginlegra aðgerða með Sambandinu sem veitt eru á hverju undangengnu fjárhagsári.

22. gr.

Kostnaður og fjármunir hæfnisetursins

1. Stjórnsýslukostnaður vegna hæfnisetursins skal að jafnaði greiddur með árlegum fjárframlögum frá Sambandinu. Aðildarríkin sem koma með framlög skulu leggja fram viðbótarfjárframlög í hlutfalli við frjáls framlög þeirra til sameiginlegra aðgerða. Ef hluti framlagsins vegna stjórnsýslukostnaðar er ekki notaður má nota hann til að standa undir rekstrarkostnaði hæfnisetursins.

2. Rekstrarkostnaður hæfnisetursins skal greiddur með:

a) fjárframlögum Sambandsins,

b) frjálsum fjárframlögum eða framlögum í fríðu frá aðildarríkjunum sem koma með framlög, ef um er að ræða sameiginlegar aðgerðir.

3. Fjármunir hæfnisetursins, sem færðir eru inn í fjárhagsáætlun hennar, skulu samanstanda af eftirfarandi framlögum:

a) fjárframlögum Sambandsins vegna rekstrar- og stjórnsýslukostnaðar,

b) frjálsum fjárframlögum aðildarríkjanna sem koma með framlög vegna stjórnsýslukostnaðar ef um er að ræða sameiginlegar aðgerðir,

c) frjálsum fjárframlögum aðildarríkjanna sem koma með framlög til rekstrarkostnaðar, ef um er að ræða sameiginlegar aðgerðir,

d) öllum tekjum hæfnisetursins,

e) öllu öðru fjárframlagi, fjármunum eða tekjum.

4. Allir vextir af framlögum sem aðildarríkin sem koma með framlög greiða til hæfnisetursins skulu teljast til tekna hæfnisetursins.

5. Nota skal alla fjármuni hæfnisetursins og starfsemi hennar til að ná markmiðum hennar.

6. Hæfnisetrið skal eiga allar eignir sem það myndar eða sem eru fluttar til þess í þeim tilgangi að uppfylla markmið hennar. Án þess að hafa áhrif á gildandi reglur viðeigandi fjármögnunaráætlunar skal eignarhald á eignum, sem myndast eða er aflað í tengslum við sameiginlegar aðgerðir, ákveðið í samræmi við b-lið 3. mgr. 15. gr.

7. Allar tekjur umfram útgjöld skulu vera áfram í eigu viðkomandi hæfniseturs og ekki skal greiða þær til þeirra aðila hæfnisetursins sem koma með framlög, nema þegar starfsemi þess er slitið.

8. Hæfnisetrið skal vinna náið með öðrum meginstofnunum, stofnunum, skrifstofum og fagstofnunum Sambandsins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til umboðs hverrar þeirra um sig og án þess að fyrirliggjandi samstarfsfyrirkomulag skarist, til að njóta ávinnings af samlegðaráhrifum við þær og, þegar unnt er og við á, til að draga úr stjórnsýslukostnaði.

23. gr.

Fjárhagsskuldbindingar

Fjárhagsskuldbindingar hæfnisetursins skulu ekki vera umfram það fjármagn sem er fyrir hendi eða sem aðilar hennar hafa skuldbundið sig til að leggja til fjárhagsáætlunarinnar.

24. gr.

Fjárhagsár

Fjárhagsárið hefst 1. janúar og lýkur 31. desember.

25. gr.

Gerð fjárhagsáætlunar

1. Ár hvert skal framkvæmdastjórinn gera drög að yfirliti yfir áætlaðar tekjur og gjöld hæfnisetursins fyrir komandi fjárhagsár og senda til yfirstjórnarinnar ásamt drögum að yfirliti yfir stöðugildi, sem um getur í l-lið 3. mgr. 13. gr. Jöfnuður skal vera milli tekna og útgjalda. Til útgjalda hæfnisetursins skal telja kostnað vegna starfsmanna, stjórnunar, grunnvirkja og rekstrar. Stjórnunarkostnaði skal haldið í lágmarki, þ.m.t. með tilfærslu starfsfólks eða stöðugilda.

2. Ár hvert skal yfirstjórnin, á grundvelli draga að yfirliti yfir áætlaðar tekjur og gjöld, sem um getur í 1. mgr., leggja fram áætlun um tekjur og gjöld hæfnisetursins fyrir komandi fjárhagsár.

3. Yfirstjórnin skal, eigi síðar en 31. janúar ár hvert, senda framkvæmdastjórninni áætlunina, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sem skal vera hluti af drögunum að samræmdu áætlunarskjali, sem um getur í 1. mgr. 32. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/715.

4. Á grundvelli áætlunarinnar, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin fella inn í drögin að fjárlögum Sambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirliti um stöðugildi, sem um getur í l-lið 3. mgr. 13. gr. í þessari reglugerð, og framlag það sem veita skal af fjárlögum, og leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið í samræmi við 313. og 314. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. Evrópuþingið og ráðið skulu heimila fjárveitingar fyrir framlagið til hæfnisetursins.

6. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja yfirlitið um stöðugildi, sem um getur í l-lið 3. mgr. 13. gr.

7. Yfirstjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlunina fyrir hæfnisetrið ásamt árlegu vinnuáætluninni og vinnuáætluninni til margra ára. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Sambandsins. Yfirstjórnin skal aðlaga fjárhagsáætlun hæfnisetursins og árlegu vinnuáætlunina, eftir því sem við á, í samræmi við fjárlög Sambandsins.

26. gr.

Reikningsskil hæfnisetursins og staðfesting reikninga

Við bráðabirgðareikningsskil og endanleg reikningsskil hæfnisetursins og staðfestingu reikninga skal hlíta reglum og tímaáætlun fjárhagsreglugerðarinnar og fjárhagsreglum hæfnisetursins.

27. gr.

Skýrslugjöf um rekstur og fjárhag

1. Framkvæmdastjórinn skal gefa yfirstjórninni árlega skýrslu varðandi framkvæmd verkefna sinna í samræmi við fjárhagsreglur hæfnisetursins.

2. Innan tveggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs skal framkvæmdastjórinn leggja ársskýrslu um starfsemi sína varðandi framvindu hæfnisetursins á fyrra almanaksári, einkum í tengslum við árlegu vinnuáætlunina fyrir það ár og efndir á stefnumótandi markmiðum hennar og forgangsmálum, fyrir yfirstjórnina til samþykktar. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a) rekstraraðgerðir sem framkvæmdar eru og tilheyrandi útgjöld,

b) aðgerðirnar sem lagðar eru fram ásamt sundurliðun eftir tegund þátttakenda, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, og eftir aðildarríki,

c) aðgerðirnar sem hljóta fjármögnun ásamt sundurliðun eftir tegund þátttakenda, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, og eftir aðildarríki, og upplýsingar um framlag hæfnisetursins til einstakra þátttakenda og aðgerða,

d) uppfylling hlutverksins og markmiðanna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, og tillögur að frekari vinnu sem nauðsynleg er til að uppfylla þetta hlutverk og þessi markmið,

e) samræmi milli framkvæmdarverkefnanna og stefnuáætlunarinnar og árlegu vinnuáætlunarinnar.

3. Þegar yfirstjórnin hefur samþykkt ársskýrsluna um starfsemina skal hún gerð aðgengileg öllum.

28. gr.

Fjárhagsreglur

Hæfnisetrið skal samþykkja sínar eigin sérstöku fjárhagsreglur í samræmi við 70. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

29. gr.

Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

1. Hæfnisetrið skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins við framkvæmd aðgerða sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari reglugerð, með því að beita forvarnarráðstöfunum gegn svikum, spillingu og öllu öðru ólöglegu athæfi, með því að beita reglulegu og skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.

2. Hæfnisetrið skal veita starfsfólki framkvæmdastjórnarinnar og öðrum aðilum með umboð frá framkvæmdastjórninni, sem og Endurskoðunarréttinum, aðgang að stöðum og athafnasvæðum hæfnisetursins og að öllum upplýsingum, þ.m.t. upplýsingum á rafrænu formi, sem eru nauðsynlegar til að framkvæma endurskoðunina.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur framkvæmt rannsóknir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 ([17]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 ([18]), til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning eða samning sem er fjármagnaður beint eða óbeint í samræmi við þessa reglugerð.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samningar og styrksamningar, sem af framkvæmd þessarar reglugerðar leiðir, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, hæfnisetrinu, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að framkvæma slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig. Þegar framkvæmd aðgerðar er útvistað eða öðrum veitt umboð þar að lútandi, að fullu eða að hluta til, eða þegar gera þarf innkaupasamning eða láta í té fjárstyrk til þriðja aðila skal samningur eða styrksamningur innihalda skuldbindingu verktakans eða aðstoðarþegans til að krefja hlutaðeigandi þriðju aðila um skilmerkilegt samþykki á valdheimildum framkvæmdastjórnarinnar, hæfnisetursins, Endurskoðunarréttarins og Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum.

IV. KAFLI

Starfsfólk hæfnisetursins

30. gr.

Starfsfólk

1. Starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálarnir og reglurnar, sem meginstofnanir Evrópusambandsins hafa samþykkt sameiginlega til beitingar þessum starfsmannareglum og ráðningarskilmálum, skulu gilda um starfsfólk hæfnisetursins.

2. Yfirstjórnin skal beita, að því er varðar starfsfólk hæfnisetursins, valdheimildum sem starfsmannareglurnar veita tilnefningaryfirvaldinu og heimildum sem ráðningarskilmálarnir veita yfirvaldinu sem hefur heimild til að gera ráðningarsamning („heimildir tilnefningaryfirvaldsins“).

3. Yfirstjórnin skal samþykkja, í samræmi við 110. gr. í starfsmannareglunum, ákvörðun, sem byggist á 1. mgr. 2. gr. starfsmannareglnanna og 6. gr. ráðningarskilmálanna, um að framselja viðeigandi valdheimildir tilnefningaryfirvaldsins til framkvæmdastjórans og þar sem gert er grein fyrir með hvaða skilyrðum fella má þetta framsal niður. Framkvæmdastjóranum er heimilt að framselja þessar valdheimildir.

4. Ef sérstakar aðstæður krefjast þess er yfirstjórninni heimilt að fella tímabundið úr gildi, með ákvörðun, framsal á valdheimildum tilnefningaryfirvaldsins til framkvæmdastjórans og öll framsöl sem framkvæmdastjórinn hefur gert. Í slíku tilviki skal yfirstjórnin beita valdheimildum tilnefningaryfirvaldsins sjálf eða framselja þær einum stjórnarmanni sínum eða starfsmanni hæfnisetursins öðrum en framkvæmdastjóra.

5. Yfirstjórnin skal samþykkja framkvæmdarreglur að því er varðar starfsmannareglurnar og ráðningarskilmálana í samræmi við 110. gr. starfsmannareglnanna.

6. Mannauðurinn skal ákvarðaður í yfirlitinu um stöðugildi, sem um getur í l-lið 3. mgr. 13. gr., með upplýsingum um fjölda tímabundinna stöðugilda í hverjum starfa- og launaflokki ásamt fjölda samningsbundinna starfsmanna í heilum stöðugildum, í samræmi við árlega fjárhagsáætlun hæfnisetursins.

7. Starfsmannaþörf hæfnisetursins skal mæta fyrst með tilfærslu starfsfólks eða stöðugilda frá meginstofnunum, stofnunum, skrifstofum og fagstofnunum Sambandsins og frekari starfsmannaþörf skal uppfylla með ráðningum. Starfsfólk hæfnisetursins getur verið fólk í tímabundnu starfi og samningsbundið starfsfólk.

([17]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

([18]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

8. Hæfnisetrið skal bera allan kostnað í tengslum við starfsfólk.

31. gr.

Landssérfræðingar sem lánaðir eru til starfa og annað starfsfólk

1. Hæfnisetrinu er heimilt að njóta liðsinnis landssérfræðinga sem lánaðir eru til starfa eða annars starfsfólks sem ekki starfar hjá hæfnisetrinu.

2. Yfirstjórnin skal samþykkja ákvörðun þar sem mælt er fyrir um reglur um lán landssérfræðinga til hæfnisetursins til starfa, í samráði við framkvæmdastjórnina.

32. gr.

Sérréttindi og friðhelgi

Bókun 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins, sem fylgir með í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, skal gilda um hæfnisetrið og starfsfólk þess.

V. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

33. gr.

Öryggisreglur

1. Ákvæði 12. gr. reglugerðar (ESB) 2021/694 skulu gilda um þátttöku í öllum aðgerðum sem hæfnisetrið fjármagnar.

2. Eftirfarandi sértækar öryggisreglur skulu gilda um aðgerðir sem eru fjármagnaðar af Horizon Europe:

a) að því er varðar 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695, þegar kveðið er á um slíkt í árlegu vinnuáætluninni, má takmarka veitingu almennra nytjaleyfa við þriðju aðila sem hafa staðfestu eða teljast hafa staðfestu í aðildarríki og lúta yfirráðum þess aðildarríkis eða ríkisborgurum þess aðildarríkis,

b) að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695 skal yfirfærsla eða leyfi til lögaðila, með staðfestu í samstarfslandi eða í Sambandinu en stjórnað frá þriðju löndum, vera ástæða fyrir andmælum gegn yfirfærslu eignarréttar á niðurstöðum eða veitingu sérstaks nytjaleyfis varðandi niðurstöður,

c) að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar 7. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695, þegar kveðið er á um slíkt í árlegu vinnuáætluninni, má takmarka veitingu aðgangsréttar, eins og skilgreint er í 9. lið 2. gr. í þeirri reglugerð, við lögaðila sem hafa staðfestu eða teljast hafa staðfestu í aðildarríki og lúta yfirráðum þess aðildarríkis eða ríkisborgurum þess aðildarríkis.

34. gr.

Gagnsæi

1. Hæfnisetrið skal sjá til þess að starfsemi þess fari fram með mjög gagnsæjum hætti.

2. Hæfnisetrið skal sjá til þess að almenningur og hagsmunaaðilar fái viðeigandi, hlutlægar, áreiðanlegar og auðfengnar upplýsingar tímanlega, einkum að því er varðar niðurstöður úr starfi þess. Það skal einnig birta hagsmunayfirlýsingar, sem gefnar eru út í samræmi við 43. gr., opinberlega. Þessar kröfur gilda einnig um landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar, netöryggissamfélagið og ráðgjafarhópinn vegna stefnumótunar í samræmi við viðeigandi lög.

3. Yfirstjórninni er, að tillögu framkvæmdastjórans, heimilt að leyfa hagsmunaaðilum að fylgjast með hluta af starfsemi hæfnisetursins.

4. Í starfsreglum yfirstjórnar hæfnisetursins og ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar skal hæfnisetrið mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag til að koma reglunum um gagnsæi, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, til framkvæmda. Að því er varðar aðgerðir sem fjármagnaðar af Horizon Europe skal í því samhengi hafa hliðsjón af reglunum og fyrirkomulaginu í reglugerð (ESB) 2021/695.

35. gr.

Jafnt hlutfall kynjanna

Við framkvæmd þessarar reglugerðar skulu framkvæmdastjórnin, aðildarríkin og aðrir hagsmunaaðilar í hag- og einkageiranum, þegar þau tilnefna þátttakendur eða leggja til fulltrúa, velja fulltrúa úr nokkrum fjölda þátttakenda, ef það er mögulegt, og í þeim tilgangi að tryggja jafnt hlutfall kynjanna.

36. gr.

Öryggisreglur um verndun trúnaðarflokkaðra upplýsinga og viðkvæmra upplýsinga sem ekki eru trúnaðarflokkaðar

1. Að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar skal yfirstjórnin samþykkja öryggisreglur hæfnisetursins. Þessar öryggisreglur skulu hlíta meginreglunum og reglunum um öryggi sem mælt er fyrir um í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/443 ([19]) og (ESB, KBE) 2015/444 ([20]).

2. Stjórnarmenn í yfirstjórninni, framkvæmdastjórinn, utanaðkomandi sérfræðingar í sérskipuðum vinnuhópum og starfsfólk hæfnisetursins skulu fara að ákvæðum 339. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins sem varða kröfur um trúnaðarkvöð sem helst enda þótt þeir láti af störfum.

3. Hæfnisetrinu er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum, sem skipta máli fyrir verkefni hennar, við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin og, ef við á, viðeigandi meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins. Sérhver stjórnvaldsráðstöfun sem gerð er í því skyni, að því er varðar skipti á trúnaðarflokkuðum upplýsingum Evrópusambandsins (EUCI) eða, ef slíkar ráðstafanir eru ekki fyrir hendi, sérhver miðlun trúnaðarflokkaðra upplýsinga Evrópusambandsins í sérstöku undantekningartilviki, skal hafa hlotið fyrirframsamþykki framkvæmdastjórnarinnar.

37. gr.

Aðgangur að skjölum

1. Reglugerð (EB) nr. 1049/2001 gildir um skjöl í vörslu hæfnisetursins.

2. Yfirstjórnin skal samþykkja fyrirkomulag til að koma reglugerð (EB) nr. 1049/2001 til framkvæmdar eigi síðar en 29. desember 2021.

3. Ákvarðanir sem hæfnisetrið tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 geta orðið tilefni kvörtunar til umboðsmannsins, skv. 228. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eða málshöfðunar fyrir Dómstól Evrópusambandsins, skv. 263. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

38. gr.

Vöktun, úttekt og eftirlit

1. Hæfnisetrið skal sjá til þess að starfsemi þess, þ.m.t. sú sem landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar og net samhæfingarmiðstöðva hafa umsjón með, sé undir stöðugri og kerfisbundinni vöktun og gangist undir reglubundið mat. Hæfnisetrið skal sjá til þess að gögnum, að því er varðar vöktun á framkvæmd og niðurstöðum fjármögnunaráætlana Sambandsins, sem um getur í b-lið 3. mgr. 4. gr., sé safnað á skilvirkan, árangursríkan hátt og tímanlega og skal setja kröfu um hóflega skýrslugjöf á viðtakendur fjármuna Sambandsins og aðildarríkjanna. Birta skal niðurstöðurnar úr þessari úttekt opinberlega.

2. Þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir um framkvæmd þessarar reglugerðar og eigi síðar en 30 mánuðum eftir dagsetninguna, sem kveðið er á um í 4. mgr. 46. gr., skal framkvæmdastjórnin taka saman framkvæmdarskýrslu um starfsemi hæfnisetursins, að teknu tilliti til bráðabirgðainnleggs yfirstjórnarinnar, landsbundnu samhæfingarmiðstöðvanna og netöryggissamfélagsins. Framkvæmdastjórnin skal leggja þessa framkvæmdaskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 30. júní 2024. Hæfnisetrið og aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að taka þessa skýrslu saman.

3. Framkvæmdaskýrslan, sem um getur í 2. mgr., skal innihalda mat á:

a) vinnslugetu hæfnisetursins með tilliti til hlutverks þess, markmiða, umboðs og verkefna og samstarfs og samræmingar við aðra hagsmunaaðila, einkum landsbundnar samhæfingarmiðstöðvar, netöryggissamfélagið og Netöryggisstofnun Evrópusambandsins,

([19]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/443 frá 13. mars 2015 um öryggismál hjá framkvæmdastjórninni (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 41).

([20]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/444 frá 13. mars 2015 um öryggisreglur til verndar trúnaðarflokkuðum upplýsingum ESB (Stjtíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 53).

b) þeim árangri sem hæfnisetrið hefur náð, með hliðsjón af hlutverki þess, markmiðum, umboði og verkefnum, einkum skilvirkni setursins við að samhæfa fjármuni Sambandsins og samnýta sérþekkingu,

c) samræmi milli framkvæmdarverkefnanna og stefnuáætlunarinnar og árlegu vinnuáætlunarinnar,

d) samhæfingu og samstarfi hæfnisetursins við áætlunarnefndir Horizon Europe og áætlunarinnar um stafræna Evrópu, einkum með það fyrir augum að auka samræmi og samlegðaráhrif við stefnuáætlunina, árlegu vinnuáætlunina, vinnuáætlunina til margra ára, Horizon Europe og áætlunina um stafræna Evrópu,

e) sameiginlegum aðgerðum.

4. Eftir að framkvæmdaskýrslan, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, hefur verið lögð fram skal framkvæmdastjórnin annast úttekt á hæfnisetrinu, að teknu tilliti til bráðabirgðainnleggs yfirstjórnarinnar, landsbundnu samhæfingarmiðstöðvanna og netöryggissamfélagsins. Í þeirri úttekt skal vísa til matanna, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, eða uppfæra þau eftir þörfum, og skal hún fara fram áður en tímabilið, sem tilgreint er í 1. mgr. 47. gr., rennur út til að hægt sé að ákvarða tímanlega hvort viðeigandi sé að framlengja gildistíma umboðs hæfnisetursins fram yfir það tímabil. Í þeirri úttekt skal leggja mat á lagalega og stjórnsýslulega þætti að því er varðar umboð hæfnisetursins og möguleikann á að skapa samlegðaráhrif og koma í veg fyrir sundrun við aðrar meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins.

Telji framkvæmdastjórnin að réttlætanlegt sé að halda áfram rekstri hæfnisetursins, að því er varðar hlutverk þess, markmið, umboð og verkefni, getur hún lagt fram tillögu að nýrri löggjöf til að framlengja gildistíma umboðs hæfnisetursins sem sett er fram í 47. gr.

5. Á grundvelli niðurstaðna framkvæmdaskýrslunnar sem um getur í 2. mgr. getur framkvæmdastjórnin gripið til viðeigandi aðgerða.

6. Vöktun, úttekt, niðurfelling í áföngum og endurnýjun framlagsins frá Horizon Europe skal fara fram í samræmi við 10., 50. og 52. gr. reglugerðar (ESB) 2021/695 og samþykkt framkvæmdarfyrirkomulag.

7. Vöktun, skýrslugjöf og úttekt á framlaginu frá áætluninni um stafræna Evrópu skal fara fram í samræmi við 24. og 25. gr. reglugerðar (ESB) 2021/694.

8. Við slit hæfnisetursins skal framkvæmdastjórnin gera lokaúttekt á því innan sex mánaða frá slitum hæfnisetursins og eigi síðar en tveimur árum eftir að slitameðferðin, sem um getur í 47. gr., hefst. Leggja skal niðurstöður lokaúttektarinnar fyrir Evrópuþingið og ráðið.

39. gr.

Réttarstaða lögaðila hæfnisetursins

1. Hæfnisetrið skal hafa réttarstöðu lögaðila.

2. Hæfnisetrið skal hafa það rétthæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem lög viðkomandi aðildarríkis framast veita lögaðilum. Því er einkum og sér í lagi heimilt að afla sér lausafjár og fasteigna eða ráðstafa þeim og það getur verið aðili að dómsmáli.

40. gr.

Bótaábyrgð hæfnisetursins

1. Skaðabótaábyrgð hæfnisetursins innan samninga skal falla undir þau lög sem gilda um viðkomandi samkomulag, ákvörðun eða samning.

2. Þegar um er að ræða skaðabótaábyrgð utan samninga ber hæfnisetrinu, samkvæmt almennum meginreglum í lögum aðildarríkjanna, að bæta allt tjón sem starfsfólk þess kann að valda við skyldustörf sín.

3. Allar greiðslur hæfnisetursins vegna bótaábyrgðar, sem um getur í 1. og 2. mgr., og tengdur kostnaður og útgjöld skulu teljast til útgjalda hæfnisetursins og greiðast af tekjum þess.

4. Hæfnisetrið ber eitt ábyrgð á að uppfylla skuldbindingar sínar.

41. gr.

Dómsvald Dómstóls Evrópusambandsins og gildandi lög

1. Dómstóll Evrópusambandsins skal hafa dómsvald:

a) til að kveða upp dóma á grundvelli gerðardómsákvæða í ákvörðunum sem hæfnisetrið hefur samþykkt, eða samkomulagi eða samningum sem hæfnisetrið hefur gert,

b) í deilumálum varðandi bætur vegna tjóns sem starfsfólk hæfnisetursins hefur valdið við skyldustörf sín,

c) í öllum deilumálum milli hæfnisetursins og starfsfólks þess, innan þeirra marka og að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglunum.

2. Að því er varðar mál sem falla ekki undir þessa reglugerð eða aðrar réttargerðir Sambandsins gilda lög aðildarríkisins þar sem hæfnisetrið hefur aðsetur.

42. gr.

Bótaábyrgð Sambandsins og aðildarríkjanna og trygging

1. Fjárskuldbinding Sambandsins og aðildarríkjanna vegna skulda hæfnisetursins skal takmarkast við framlagið sem þau hafa þegar lagt fram vegna stjórnsýslukostnaðar.

2. Hæfnisetrið skal kaupa og hafa viðeigandi tryggingu.

43. gr.

Hagsmunaárekstrar

Yfirstjórnin skal samþykkja reglur um það hvernig koma skuli í veg fyrir, greina og leysa úr hagsmunaárekstrum að því er varðar aðila hæfnisetursins, stofnanir og starfsfólk, þ.m.t. framkvæmdastjórann. Í þessum reglum skulu vera ákvæði sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra að því er varðar fulltrúa stjórnarmanna yfirstjórnarinnar auk ráðgjafarhópsins vegna stefnumótunar, í samræmi við fjárhagsreglugerðina, þ.m.t. ákvæði um allar hagsmunayfirlýsingar. Að því er varðar hagsmunaárekstra skulu landsbundnu samhæfingarmiðstöðvarnar heyra undir landslög.

44. gr.

Vernd persónuupplýsinga

1. Vinnsla hæfnisetursins á persónuupplýsingum fellur undir reglugerð (ESB) 2018/1725.

2. Yfirstjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir eins og um getur í 3. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725. Yfirstjórnin getur samþykkt viðbótarráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar hæfnisetursins á þeirri reglugerð.

45. gr.

Stuðningur frá gistiaðildarríkinu

Gera má framkvæmdasamning milli hæfnisetursins og gistiaðildarríkisins þar sem það hefur aðsetur, um forréttindi og friðhelgi og annan stuðning sem það aðildarríki veitir hæfnisetrinu.

VI. KAFLI

Lokaákvæði

46. gr.

Fyrstu aðgerðir

1. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á stofnun hæfnisetursins og upphaflegum rekstri hennar þar til það hefur rekstrarlegt hæfi til að annast framkvæmd eigin fjárhagsáætlunar. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma allar nauðsynlegar aðgerðir, í samræmi við lög Sambandsins, með aðstoð þar til bærra aðila hæfnisetursins.

2. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar getur framkvæmdastjórnin tilnefnt framkvæmdastjóra til bráðabirgða þar til framkvæmdastjórinn hefur störf að lokinni tilnefningu yfirstjórnarinnar, í samræmi við 16. gr. Bráðabirgðaframkvæmdastjórinn skal annast skyldur framkvæmdastjórans og er honum heimilt að njóta aðstoðar takmarkaðs fjölda starfsfólks framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin getur sent takmarkaðan fjölda af starfsfólki sínu til starfa hjá hæfnisetrinu til bráðabirgða.

3. Bráðabirgðaframkvæmdastjórinn getur heimilað allar greiðslur sem falla undir fjárveitingarnar sem kveðið er á um í árlegri fjárhagsáætlun hæfnisetursins þegar yfirstjórnin hefur samþykkt hana og getur gert samkomulag og samninga, þ.m.t. starfsmannasamninga, og samþykkt ákvarðanir þegar yfirlitið um stöðugildi, sem um getur í l-lið 3. mgr. 13. gr., hefur verið samþykkt.

4. Bráðabirgðaframkvæmdastjórinn skal ákveða, með samhljóða samkomulagi við framkvæmdastjórann og með fyrirvara um samþykki yfirstjórnarinnar, frá hvaða degi hæfnisetrið hefur getu til að annast framkvæmd eigin fjárhagsáætlunar. Frá og með þeim degi skal framkvæmdastjórnin láta af því að gera skuldbindingar og inna af hendi greiðslur fyrir starfsemi hæfnisetursins.

47. gr.

Tímalengd

1. Hæfnisetrið skal vera starfrækt frá 28. júní 2021 til 31. desember 2029.

2. Slitameðferðin skal sjálfkrafa hefjast við lok tímabilsins sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, nema umboð hæfnisetursins sé framlengt í samræmi við 4. mgr. 38. gr.

3. Yfirstjórnin skal tilnefna einn eða fleiri skiptastjóra til að framkvæma slitameðferð hæfnisetursins, sem skulu fara að ákvörðunum yfirstjórnarinnar.

4. Við slitameðferð hæfnisetursins skal nota eignir þess til að standa straum af skuldum þess og kostnaði í tengslum við slit þess. Skipta skal öllum tekjuafgangi á milli Sambandsins og aðildarríkjanna sem koma með framlög í hlutfalli við fjárframlag þeirra til hæfnisetursins. Öllum tekjuafgangi sem Sambandinu er þannig úthlutað skal skilað til fjárlaga Sambandsins.

48. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2021.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D.M. SASSOLI	A.P. ZACARIAS
forseti.	*forseti.*

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/172 **2026/EES/17/07**

frá 24. janúar 2023

um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2012/715/ESB að því er varðar að færa Kanada á skrána yfir þriðju lönd sem komið var á fót með þeirri ákvörðun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]), einkum 1. mgr. 111. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þriðja landi er heimilt að óska eftir því við framkvæmdastjórnina, í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB, að hún meti hvort reglurammi viðkomandi lands fyrir virk efni, sem eru flutt út til Sambandsins, og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar tryggi lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, í því skyni að vera fært á skrá yfir þriðju lönd sem tryggja jafngilda lýðheilsuvernd.

2) Í bréfi, dagsettu 1. október 2018, óskaði Kanada eftir að vera fært á skrá í samræmi við 1. mgr. 111. gr. b í tilskipun 2001/83/EB.

3) Framkvæmdastjórnin lagði mat á beiðnina með því að inna af hendi athugun á viðeigandi skjölum og athugun á vettvangi á reglukerfi Kanada og eftirlitsúttekt og að teknu tilhlýðilegu tilliti til aðgerðaáætlunar sem lögbært yfirvald Kanada, Health Canada/Santé Canada, setti fram 23. september 2022.

4) Framkvæmdastjórnin lagði einnig mat á reglugerðir um að rýmka leyfisveitingarrammann fyrir lyfjafyrirtæki í Kanada og kröfur um góða framleiðsluhætti fyrir starfsstöðvar sem stunda eftirlitsskilda starfsemi með virk efni sem eru eingöngu ætluð til útflutnings ([2]) sem eiga að öðlast gildi 8. desember 2022.

5) Á grundvelli þessa jafngildismats komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að kröfurnar í b-lið 111. gr. tilskipunar 2001/83/EB væru uppfylltar.

6) Breyta ætti framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/715/ESB ([3]) til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við framkvæmdarákvörðun 2012/715/ESB kemur viðaukinn við þessa ákvörðun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 24, 26.1.2023, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2023 frá 13. júní 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 87, 30.11.2023, bls. 7.

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

([2]) Canada Gazette Part II, Vol. 156, No 12/Gazette du Canada Partie II, vol. 156, no 12 p. 1521

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/715/ESB frá 22. nóvember 2012 um skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni í mannalyf og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB (Stjtíð. ESB L 325, 23.11.2012, bls. 15).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 24. janúar 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd með regluramma sem gildir um virk efni sem eru flutt út til Sambandsins og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar sem tryggir lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu

Þriðja land	Athugasemdir
Ástralía	
Brasilía	
Kanada	
Ísrael (1)	
Japan	
Suður-Kórea	
Sviss	
Bandaríkin	

(1) Skilst héðan í frá sem Ísraelsríki, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum sem hafa verið undir stjórn Ísraels frá júní 1967, þ.e. Gólanhæðir, Gasasvæðið, Austur-Jerúsalem og allur Vesturbakkinn (Stjtíð. ESB L 171, 2.7.2015, bls. 24).“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1085 **2026/EES/17/08**

frá 2. júní 2023

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52, til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52 var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Samþykki fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis*, sermigerð H14, stofni AM65-52 til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (hér á eftir nefnt samþykkið) rennur út 30. september 2023. Umsókn um endurnýjun á samþykki (hér á eftir nefnd umsóknin) var lögð fram 30. mars 2022 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 2. febrúar 2023 upplýsti lögbært matsyfirvald Ítalíu framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að krefjast þess að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í því tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkisins í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Með tilliti til tímamarkanna fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunar Evrópu og þess tíma sem þarf til að ákveða hvort hægt sé að endurnýja samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis*, sermigerð H14, stofni AM65-52 til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ætti að fresta lokadeginum til 31. mars 2026.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 5.6.2023, bls. 94. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 266/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 16.5.2024, bls. 35.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

7) Samþykkið fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis*, sermigerð H14, stofni AM65-52 til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 gildir áfram eftir frestun lokadags samþykkisins, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir *Bacillus thuringiensis* undirteg. *israelensis*, sermigerð H14, stofn AM65-52 til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, sem settur er fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, er frestað til 31. mars 2026.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 2. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1086 **2026/EES/17/09**

frá 2. júní 2023

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Metóflútrín var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt til 30. apríl 2021 samkvæmt þeirri reglugerð, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (hér á eftir nefnd umsóknin) var lögð fram 25. október 2019 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 15. október 2020 upplýsti lögbært matsyfirvald Írlands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að krefjast þess að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í því tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/327 ([3]) var lokadegi samþykkis fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 frestað til 31. október 2023 til að nægur tími gæfist til að taka umsóknina til meðferðar.

7) Hinn 2. febrúar 2023 upplýsti lögbæra matsyfirvaldið framkvæmdastjórnina um að matið myndi tefjast vegna þess að meta þyrfti viðbótargögn sem farið var fram á frá umsækjandanum. Lögbæra matsyfirvaldið býst við að leggja matsskýrsluna um endurnýjunina fyrir Efnastofnunina á fjórða fjórðungi ársins 2023.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 5.6.2023, bls. 96. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 266/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 16.5.2024, bls. 35.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/327 frá 23. febrúar 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (Stjtíð. ESB L 64, 24.2.2021, bls. 10).

8) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta enn frekar lokadegi samþykkisins í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Með tilliti til þess tíma sem þarf fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins, fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunarinnar og fyrir framkvæmdastjórnina til að ákveða hvort endurnýja skuli samþykkið fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ætti að fresta lokadeginum til 31. október 2024.

9) Samþykkið fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 gildir áfram eftir frekari frestun lokadags samþykkisins, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir metóflútríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, sem settur er fram í framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/327, er frestað til 31. október 2024.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 2. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1087 **2026/EES/17/10**

frá 2. júní 2023

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir lambda-sýhalótríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lambda-sýhalótrín var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Samþykki fyrir lambda-sýhalótríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (hér á eftir nefnt samþykkið) rennur út 30. september 2023. Umsókn um endurnýjun á samþykki (hér á eftir nefnd umsóknin) var lögð fram 24. mars 2022 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 16. september 2022 upplýsti lögbært matsyfirvald Grikklands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að krefjast þess að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í því tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkisins í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Með tilliti til tímamarkanna fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunar Evrópu og þess tíma sem þarf til að ákveða hvort hægt sé að endurnýja samþykkið fyrir lambda-sýhalótríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ætti að fresta lokadeginum til 31. mars 2026.

7) Samþykkið fyrir lambda-sýhalótríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 gildir áfram eftir frestun lokadags samþykkisins, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 5.6.2023, bls. 98. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 266/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 16.5.2024, bls. 35.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir lambda-sýhalótríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, sem settur er fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, er frestað til 31. mars 2026.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 2. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1088 **2026/EES/17/11**

frá 2. júní 2023

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir deltametríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Deltametrín var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Samþykki fyrir deltametríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 (hér á eftir nefnt samþykkið) rennur út 30. september 2023. Tvær umsóknir um endurnýjun á samþykkinu (hér á eftir nefndar umsóknirnar) voru lagðar fram 27. og 29. mars 2022 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 21. júní 2022 upplýsti lögbært matsyfirvald Svíþjóðar framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að krefjast þess að umsækjendur leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í því tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkisins í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknirnar til meðferðar. Með tilliti til tímamarkanna fyrir möt af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunar Evrópu og þess tíma sem þarf til að ákveða hvort hægt sé að endurnýja samþykkið fyrir deltametríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 ætti að fresta lokadeginum til 31. mars 2026.

7) Samþykkið fyrir deltametríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 gildir áfram eftir frestun lokadags samþykkisins, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 5.6.2023, bls. 100. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 266/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 16.5.2024, bls. 35.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir deltametríni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18, sem settur er fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, er frestað til 31. mars 2026.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 2. júní 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1423 **2026/EES/17/12**

frá 5. júlí 2023

um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/1486 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Akrólín var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt til 31. ágúst 2020 samkvæmt þeirri reglugerð, með fyrirvara um kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 (hér á eftir nefnd umsóknin) var lögð fram 28. febrúar 2019, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þar eð samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 átti að renna út 31. ágúst 2020.

3) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1037 ([3]) var lokadegi samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 frestað til 28. febrúar 2023 til að nægur tími gæfist til að taka umsóknina til meðferðar. Lokadeginum var frestað aftur til 28. febrúar 2025 með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1486 ([4]).

4) Hins vegar upplýsti lögbært matsyfirvald Tékklands Efnastofnunina og framkvæmdastjórnina um það 6. október 2022 að umsækjandinn hefði dregið til baka umsókn sína um endurnýjun á samþykki fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12. Af þessum sökum, þar eð ekki hefur verið sýnt fram á að akrólín uppfylli enn þá skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, var samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 ekki endurnýjað með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1424 ([5]). Því þykir rétt að fella úr gildi framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/1486 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 267/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 16.5.2024, bls. 38.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1037 frá 15. júlí 2020 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 (Stjtíð. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 72).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1486 frá 7. september 2022 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 233, 8.9.2022, bls. 83).

([5]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1424 frá 5. júlí 2023 um að endurnýja ekki samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 17).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/1486 er felld úr gildi.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1424 **2026/EES/17/13**

frá 5. júlí 2023

um að endurnýja ekki samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum b-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Akrólín var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt til 31. ágúst 2020 samkvæmt þeirri reglugerð, með fyrirvara um kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 (hér á eftir nefnd umsóknin) var lögð fram 28. febrúar 2019, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þar eð samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 átti að renna út 31. ágúst 2020.

3) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1037 ([3]) var lokadegi samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 frestað til 28. febrúar 2023 til að nægur tími gæfist til að taka umsóknina til meðferðar. Lokadeginum var frestað aftur til 28. febrúar 2025 með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1486 ([4]).

4) Hins vegar upplýsti lögbært matsyfirvald Efnastofnunina og framkvæmdastjórnina um það 6. október 2022 að umsækjandinn hefði dregið til baka umsókn sína um endurnýjun á samþykki fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12. Af þessum sökum, þar eð ekki hefur verið sýnt fram á að akrólín uppfylli enn þá skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þykir rétt að endurnýja ekki samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Samþykkið fyrir akrólíni sem virku efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 er ekki endurnýjað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 267/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 42, 16.5.2024, bls. 38.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1037 frá 15. júlí 2020 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 (Stjtíð. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 72).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1486 frá 7. september 2022 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 233, 8.9.2022, bls. 83).

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. júlí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/1017 **2026/EES/17/14**

frá 23. maí 2023

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1729 að því er varðar vöktun á meþisillínónæmum *Staphylococcus aureus* (MRSA) í eldissvínum

(tilkynnt með númeri C(2023) 3251) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um vöktun mannsmitanlegra dýrasjúkdóma og smitvalda þeirra, breytingu á ákvörðun ráðsins 90/424/EBE og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/117/EBE ([1]), einkum 4. gr. (5. mgr.), 7. gr. (3. mgr.) og 9. gr. (fjórða undirgrein 1. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2003/99/EB er þess krafist að aðildarríkin tryggi að með vöktun verði til samanburðarhæf gögn um tilvik ónæmis gegn sýkingalyfjum hjá smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra og hjá öðrum sjúkdómsvöldum, að svo miklu leyti sem þeir eru ógn við lýðheilsu.

2) Í tilskipun 2003/99/EB er einnig kveðið á um að aðildarríkin skuli meta leitni og upptök þols gegn sýkingalyfjum á yfirráðasvæði sínu og senda framkvæmdastjórninni skýrslu á hverju ári með gögnum sem safnað er í samræmi við þá tilskipun.

3) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1729 ([2]) er mælt fyrir um ítarlegar reglur um samræmda vöktun og skýrslugjöf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum. Reglurnar sem mælt er fyrir um í þeirri framkvæmdarákvörðun taka til tímabilsins 2021 til 2027 og kveðið er á um árlegt skiptikerfi fyrir sýnatöku úr dýrategundum. Í samræmi við þetta skiptikerfi þarf að taka sýni úr eldissvínum á árinu 2025.

4) Meþisillínónæmur *Staphylococcus aureus* (MRSA) er sjúkdómsvaldur sem veldur mörgum samfélagstengdum sýkingum og sýkingum innan heilbrigðisþjónustu sem er erfitt að meðhöndla í mönnum þar eð hann er þolinn gegn mörgum sýklalyfjum. Á undanförnum áratugum hefur uppkoma og aukið algengi búfjártengdra meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (LA-MRSA), einkum raðgerð 398 sem tilheyrir klónalgerð (e. *clonal complex*) 398, í svínum orðið að áhyggjuefni á heimsvísu þar eð útbreiðsla þeirra getur stofnað í hættu árangursríkri meðhöndlun smitsjúkdóma í mönnum. Eldi og slátrun svína sem eru sýkt af búfjártengdum meþisillínónæmum *Staphylococcus aureus* (LA-MRSA) eru einnig hugsanlegir áhættuþættir m.t.t. sýkingar í tilteknum hópum manna, s.s. bændum og starfsfólki sláturhúsa. Vöktun á algengi búfjártengdra meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (LA-MRSA) í eldissvínum yrði því mjög mikilvæg til að fá yfirgripsmiklar, samanburðarhæfar og áreiðanlegar upplýsingar um þróun og dreifingu meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) á vettvangi Sambandsins með það fyrir augum að þróa viðeigandi inngrip, ef það er talið nauðsynlegt, til að koma í veg fyrir og verjast sýkingum af völdum meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA).

5) Hinn 17. október 2022 birti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) vísindaskýrslu „Technical specifications for a baseline survey on the prevalence of methicillin resistant *Staphylococcus aureus* (MRSA) in pigs“([3]) (tækniforskriftir fyrir grunnlínukönnun á algengi meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) í svínum) (hér á eftir nefnd tækniforskriftir Matvælaöryggisstofnunarinnar). Í þessari skýrslu er lögð áhersla á að það sé viðeigandi að gera könnun yfir eins árs tímabil í öllu Evrópusambandinu í hópum eldissvína við slátrun til að áætla algengi meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) í evrópskum stofni eldissvína og skilgreind aðferðarlýsing fyrir þessa könnun, þ.m.t. markþýðið, kröfur um sýnatöku, greiningaraðferðir og kröfur um skýrslugjöf um gögn.

6) Taka ætti tillit til tækniforskrifta Matvælaöryggisstofnunarinnar þegar mælt er fyrir um reglur um samræmda vöktun og skýrslugjöf um meþisillínónæma *Staphylococcus aureus* (MRSA) í eldissvínum í Sambandinu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2023, bls. 78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 303/2023 frá 8. desember 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 13.6.2024, bls. 11.

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1729 frá 17. nóvember 2020 um vöktun og skýrslugjöf varðandi ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun 2013/652/ESB (Stjtíð. ESB L 387, 19.11.2020, bls. 8).

([3]) https://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/7620

7) Til að nýta þá sýnatöku úr eldissvínum sem er áætluð á árinu 2025 vegna annarra baktería í samræmi við árlega skiptikerfið sem er þegar til staðar ætti að mæla fyrir um kröfur varðandi vöktun á meþisillínónæmum *Staphylococcus aureus* (MRSA) í eldissvínum í framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1729 og beita þeim frá 1. janúar 2025.

8) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1729 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1729

Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1729 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi f-lið er bætt við í 2. mgr. 1. gr.:

„f) Meþisillínónæmir *Staphylococcus aureus* (MRSA).“

2) Í stað 2. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„2) Landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum, eða aðrar rannsóknarstofur sem lögbær yfirvöld tilnefna í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, skulu bera ábyrgð á því að annast:

a) prófun á þoli bakteríueinangra gegn sýkingalyfjum, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í 4. lið A-hluta viðaukans,

b) sértæka vöktun á E. coli sem myndar breiðvirkan β-laktamasa (ESBL), AmpC β-laktamasa (AmpC) eða karbapenemasa (CP), í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í 5. lið A-hluta viðaukans,

c) sértæka vöktun á meþisillínónæmum *Staphylococcus aureus* (MRSA), í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í 5. lið a í A-hluta viðaukans,

d) staðgönguaðferðina sem um getur í 6. lið A-hluta viðaukans.“

3) Viðaukanum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Beiting

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2025.

3. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. maí 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1729 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi f-lið er bætt við í 1. lið:

„f) Einangur meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) sem fást úr nefsýnum sem eru tekin úr eldissvínum við slátrun.“

2. Í stað a-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„a) Á árunum 2021, 2023, 2025 og 2027: Vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum skal innt af hendi með eldissvínum, nautgripum yngri en eins árs, svínakjöti og nautakjöti, að undanskilinni vöktun á meþisillínónæmum *Staphylococcus aureus* (MRSA) í eldissvínum sem skal ekki innt af hendi á árunum 2023 og 2027.“

3. Í stað liðar 3.1 kemur eftirfarandi:

„3.1 *Í sláturhúsum*

a) Úrtakssnið:

Þegar aðildarríkin móta áætlun sína um sýnatöku úr innihaldi botnristils í sláturhúsum skulu þau hafa hliðsjón af tækniforskriftum Matvælaöryggisstofnunarinnar um sýnatöku af handahófi vegna samræmdar vöktunar á ónæmi gegn sýkingalyfjum hjá bakteríum, sem valda sjúkdómi sem berst milli manna og dýra, og hjá gistilífsbakteríum ([1]).

Þegar aðildarríkin móta sýnatökuáætlun sína um nefsýni úr eldissvínum í sláturhúsum skulu þau hafa hliðsjón af tækniforskriftum Matvælaöryggisstofnunarinnar fyrir grunnlínukönnun á algengi meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) í svínum ([2]).

Aðildarríkin skulu tryggja hlutfallslegt, lagskipt úrtak úr sýnum í sláturhúsum sem vinna a.m.k. 60% af sértækum húsdýrastofnum í aðildarríkjunum með jafna dreifingu sýna sem eru tekin á vöktunartímabilinu og, að því marki sem mögulegt er, slembiröðun sýnatökudaganna í hverjum mánuði. Taka skal sýnin úr heilbrigðum dýrum úr faraldsfræðilegum einingum sem eru valdar af handahófi. Faraldsfræðileg eining fyrir holdakjúklinga og eldiskalkúna skal vera hópurinn. Faraldsfræðileg eining fyrir eldissvín og nautgripi, yngri en eins árs, skal vera slátrunarhópurinn.

Einungis skal taka eitt sýni úr botnristli úr sömu faraldsfræðilegu einingunni á ári. Hvert sýni úr botnristli skal tekið úr einum skrokki sem er valinn af handahófi úr faraldsfræðilegu einingunni. Að því er varðar holdakjúklinga skal þó hvert sýni úr botnristli tekið úr 10 skrokkum sem eru valdir af handahófi úr faraldsfræðilegu einingunni.

Taka skal 20 nefsýni úr 20 mismunandi svínum, sem eru valin af handahófi úr sömu faraldsfræðilegu einingunni, á hverju ári. Þessi sýni skulu hópuð í fjóra samsetta hópa með 5 sýnum í hverjum hóp. Ef faraldsfræðileg eining samanstendur af færri en 20 svínum skal taka sýni úr öllum svínum í þessari faraldsfræðilegu einingu og sýnin sem fást skulu hópuð eins jafnt og unnt er til að mynda fjóra samsetta hópa sýna. Sýnin skulu tekin eftir að svínin eru deyfð en fyrir skáldun skrokkanna.

Fjöldi sýna sem er safnað í hverju sláturhúsi skal vera í réttu hlutfalli við árlegt gegnumstreymi í hverju sláturhúsi sem fellur undir sýnatökuáætlunina.

b) *Fjöldi sýna:*

Í því skyni að prófa tilskilinn lágmarksfjölda bakteríueinangra, sem um getur í lið 4.1, fyrir þoli gegn sýkingalyfjum skulu aðildarríkin árlega taka nægan fjölda sýna, sem um getur í ii. og iii. lið a-liðar í 1. lið, b-lið 1. liðar og i. til iv. lið c-liðar í 1. lið, með því að taka tillit til áætlaðs algengis bakteríutegundanna sem eru vaktaðar í viðkomandi dýrastofni.

([1]) https://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/6364
([2]) https://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/7620

Ef vitað er að algengi bakteríutegundanna sem eru vaktaðar er 30% eða lægra í viðkomandi dýrastofni eða ef þetta algengi er óþekkt á fyrsta vöktunarárinu eða ef fjöldi faraldsfræðilegra eininga sem er aðgengilegur til sýnatöku er ekki nægur til að koma í veg fyrir endurtekna sýnatöku í sömu einingunum er aðildarríkjunum heimilt, þrátt fyrir fyrsta lið þessa liðar, að ákveða að takmarka árlegan fjölda sýna, sem skal taka, við 300. Hægt er að fækka þessum árlega fjölda enn frekar í 150 fyrir hverja tiltekna samsetningu af bakteríueinangrum/stofnum dýra ef árleg landsframleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af holdakjúklingakjöti, minni en 100 000 tonn af kalkúnakjöti, minni en 100 000 tonn af svínakjöti eða minni en 50 000 tonn af nautakjöti. Aðildarríki sem nýta sér möguleikann á að takmarka árlegan fjölda sýna skulu byggja ákvörðun sína á skjalfestum sönnunum, s.s. niðurstöðum kannana, og skulu leggja þessar sannanir fyrir framkvæmdastjórnina áður en fækkun sýna kemur til framkvæmdar í fyrsta sinn.

Aðildarríkin skulu árlega taka a.m.k. 300 sýni úr hverjum dýrastofni sem um getur í i. til iv. lið d-liðar í 1. lið. Ef árleg landsframleiðsla aðildarríkja er minni en 100 000 tonn af holdakjúklingakjöti, minni en 100 000 tonn af kalkúnakjöti, minni en 100 000 tonn af svínakjöti eða minni en 50 000 tonn af nautakjöti er þeim heimilt, þrátt fyrir þessa kröfu, að ákveða að taka að lágmarki 150 sýni í stað 300 sýna úr hverjum tilteknum viðkomandi dýrastofni.

Aðildarríki skulu árlega taka sýni úr nægilega mörgum faraldsfræðilegum einingum úr dýrastofnunum sem um getur í f-lið 1. liðar til að ná að meta nákvæmlega algengi meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) í eldissvínastofnum sínum. Í þessu skyni skulu þau nota reikniformúlurnar fyrir fjölda slátrunarhópa sem taka skal sýni úr eins og um getur í tækniforskriftum Matvælaöryggisstofnunarinnar fyrir grunnlínukönnun á algengi meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) í svínum ([3])."

4. Í lið 4.1 er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„Fyrir meþisillínónæma *Staphylococcus aureus* (MRSA):

— Allt að 208 einangur sem fást úr sýnunum sem um getur í f-lið 1. liðar og eru staðfest í samræmi við 5. lið a."

5. Ákvæðum liðar 4.2 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu nota faraldsfræðileg þröskuldsgildi og styrkbil, sem sett eru fram í töflum 2, 3, 4 og 4a, til að ákvarða þol *Salmonella* spp., *C. coli*, *C. jejuni*, vísbendandi gistilífveranna *E. coli*, *E. faecalis*, *E. faecium* og meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) gegn sýkingalyfjum."

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir þriðju málsgrein:

„Fyrir sértæka vöktun á meþisillínónæmum *Staphylococcus aureus* (MRSA) skulu aðildarríkin nota aðferðirnar sem um getur í 5. lið a."

c) Eftirfarandi töflu 4a er bætt við á eftir töflu 4:

„Tafla 4a

Flokkur sýkingalyfjaefna sem eiga að falla undir vöktun á ónæmi gegn sýkingalyfjum, þröskuldsgildi Evrópunefndarinnar um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum (EUCAST) að því er varðar ónæmi og styrkbil sem á að prófa hjá *Staphylococcus aureus*

Sýkingalyf	Flokkur sýkingalyfja	Túlkunarþröskuldsgildi ónæmis gegn sýkingalyfjum (mg/L)		Styrkbil (mg/L) (Fjöldi hola í sviga)
		ECOFF 2022	Klíniskur brotpunktur 2022	
Sefoxitín	Sefamýsín	>4	>4*	0,5–16 (6)
Klóramfenikól	Fenikól	>16	>8	4–64 (5)

([3]) https://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/7620

Síprófloxasín	Flúorókínólón	>2	>1	0,25–8 (6)
Klindamýsín	Linkósamíð	>0,25	>0,25	0,125–4 (6)
Erýtrómýsín	Makrólíð	>1	>1	0,25–8 (6)
Gentamísín	Amínóglýkósíð	>2	>2	0,5–16 (6)
Línesólíð	Oxasólidínón	>4	>4	1–8 (4)
Múpírósín	Karboxýlsýra	>1	Á ekki við	0,5–2 + 256 (4)
Kínúpristín/dalfópristín	Streptógramín	>1	>2	0,5–4 (4)
Súlfametoxasól	Blokki fólatferlis	>128	Á ekki við	64-512 (4)
Tetrasýklín	Tetrasýklín	>1	>2	0,5–16 (6)
Tíamúlín	Plevrómútilín	>2	Á ekki við	0,5–4 (4)
Trímetóprím	Blokki fólatferlis	>2	>4	1–16 (5)
Vankómýsín	Glýkópeptíð	>2	>2	1–8 (4)

EFH: ekki fyrir hendi, *: Ekki tilgreint sem klíniskur brotpunktur af Evrópunefndinni um prófanir á næmi gegn sýkingalyfjum (EUCAST)“

6. Eftirfarandi lið 5a er bætt við á eftir 5. lið:

„5a. **Sértæk vöktun á meþisillínónæmum *Staphylococcus aureus* (MRSA)**

Til að greina meþisillínónæma *Staphylococcus aureus* (MRSA) í nefsýnum sem er safnað í samræmi við f-lið 1. liðar skulu rannsóknarstofurnar, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., nota einangrun og staðfestingaraðferðir á grundvelli kjarnsýrumögnunar ([4]) eins og um getur í tækniforskriftum Matvælaöryggisstofnunarinnar fyrir grunnlínukönnun á algengi meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) í svínum ([5]) og er lýst í aðferðalýsingum tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum ([6]).

Til að staðfesta einangur sem eru líkleg til að mynda meþisillínónæma *Staphylococcus aureus* (MRSA) geta rannsóknarstofurnar ákveðið að skipta staðfestingaraðferð á grundvelli kjarnsýrumögnunar út fyrir aðferð til raðgreiningar á öllu genamenginu sem er framkvæmd í samræmi við aðferðalýsingar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum ([7]).

Öll staðfest einangur meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA), með að hámarki 208 einangur, sem eru sanngreind með aðferð á grundvelli kjarnsýrumögnunar eða aðferðum til raðgreininga á öllu genamenginu skulu prófuð samkvæmt flokki sýkingalyfjaefna í samræmi við töflu 4a. Ekki skal prófa fleiri en eitt einangur úr hverri faraldsfræðilegri einingu. Einangur meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA) sem hafa verið staðfest með aðferð á grundvelli kjarnsýrumögnunar og tilheyra ekki klónalgerð 398 skulu prófuð með aðferð til raðgreiningar á öllu genamenginu sem er framkvæmd í samræmi við aðferðalýsingar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir ónæmi gegn sýkingalyfjum ([8]). Prófa skal 20% af einangrum meþisillínónæmra *Staphylococcus aureus* (MRSA), sem voru staðfest með aðferð á grundvelli kjarnsýrumögnunar og tilheyra klónalgerð 398, með aðferð til raðgreiningar á öllu genamenginu, að hámarki 20 prófuð einangur.“

———————

([4]) Aðferð á grundvelli kjarnsýrumögnunargreiningar (PCR) -aðferða
([5]) https://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/pub/7620
([6]) https://www.eurl-ar.eu/protocols.aspx
([7]) https://www.eurl-ar.eu/protocols.aspx
([8]) https://www.eurl-ar.eu/protocols.aspx

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2100 **2026/EES/17/15**

frá 28. september 2023

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Kopar(II)oxíð var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Samþykki fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (hér á eftir nefnt samþykkið) rennur út 31. janúar 2024. Umsókn um endurnýjun á samþykki (hér á eftir nefnd umsóknin) var lögð fram 27. júlí 2022 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 21. mars 2023 upplýsti lögbært matsyfirvald Frakklands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að krefjast þess að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í því tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkisins í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Með tilliti til tímamarkanna fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunar Evrópu og þess tíma sem þarf til að ákveða hvort hægt sé að endurnýja samþykkið fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ætti að fresta lokadeginum til 31. júlí 2026.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 29.9.2023, bls. 145. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 51, 27.6.2024, bls. 29.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

7) Samþykkið fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 gildir áfram eftir frestun lokadags samþykkisins, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir kopar(II)oxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, sem settur er fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, er frestað til 31. júlí 2026.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2377 **2026/EES/17/16**

frá 28. september 2023

um að samþykkja ekki silfurkoparseólít sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ([2]) er komið á fót skrá yfir fyrirliggjandi virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir silfurkoparseólít (CAS-nr. 1130328-19-7) fyrir vöruflokk 4.

2) Svíþjóð var tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki. Lögbært yfirvald Svíþjóðar (hér á eftir nefnt lögbært matsyfirvald) lagði mat á silfurkoparseólít fyrir notkun í sæfivörur í vöruflokki 4, sótthreinsiefni til notkunar á svæðum fyrir matvæli og fóður, eins og um getur í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.

3) Lögbært matsyfirvald lagði matsskýrsluna um umsóknina fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) 12. júní 2017 ásamt niðurstöðum úr mati sínu. Efnastofnunin fjallaði um matsskýrsluna og niðurstöðurnar á tæknifundum.

4) Í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 útbýr sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar að því er varðar umsóknir um samþykki fyrir virkum efnum. Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014, með hliðsjón af 1. og 4. mgr. 75. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, samþykkti sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar 3. mars 2021 ([3]), með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.

5) Í áliti sínu komst Efnastofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið sýnt fram á nægilega verkun fyrir notkunina sem felst í því að blanda dæmigerðu sæfivörunni í snertiefni matvæla. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 4 sem innihalda silfurkoparseólít uppfylli viðmiðunina sem sett er fram í i. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Efnastofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að óviðunandi áhættur fyrir heilbrigði manna hefðu greinst við neyslu matvæla sem hafa verið í snertingu við meðhöndlaðar fjölliður og að ekki hafi verið unnt að greina viðeigandi mildandi ráðstöfun til að draga úr þessum áhættum. Þess vegna er ekki gert ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 4 sem innihalda silfurkoparseólít uppfylli viðmiðunina sem sett er fram í iii. lið b-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

7) Að teknu tilliti til álits Efnastofnunarinnar er rétt að samþykkja ekki silfurkoparseólít sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2377, 3.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 51, 27.6.2024, bls. 29.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirliggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtíð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

([3]) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu silfurkoparseólíti, vöruflokkur 4 (Opinion on the application for approval of the active substance: silver copper zeolite, Product type: 4), ECHA/BPC/277/2021, samþykkt 3. mars 2021.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Silfurkoparseólít (CAS-nr.: 130328-19-7) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 4.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2378 **2026/EES/17/17**

frá 28. september 2023

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Alfaklóralósi var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (hér á eftir nefnd umsóknin) var lögð fram 24. desember 2019 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 15. október 2020 upplýsti lögbært matsyfirvald Póllands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að krefjast þess að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í því tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/333 ([3]) var lokadegi samþykkis fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 frestað frá 30. júní 2021 til 31. desember 2023 til að nægur tími gæfist til að taka umsóknina til meðferðar.

7) Hinn 28. apríl 2023 upplýsti lögbæra matsyfirvaldið framkvæmdastjórnina um að matið myndi tefjast vegna þess að lögbæra matsyfirvaldið þyrfti að meta viðbótargögn um viðmiðunarforskriftir og hugsanleg áhrif virka efnisins sem krabbameinsvaldandi, með eiturhrif á æxlun, innkirtlatruflandi áhrif og eiginleika sem efni sem er þrávirkt, safnast fyrir í lífverum og er eitrað.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2378, 3.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 51, 27.6.2024, bls. 29.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/333 frá 24. febrúar 2021 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 (Stjtíð ESB L 65, 25.2.2021, bls. 58).

8) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta enn frekar lokadegi samþykkisins í nægilega langan tíma til að unnt sé að ljúka meðferð umsóknarinnar. Með tilliti til þess tíma sem þarf fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins, fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunarinnar og fyrir framkvæmdastjórnina til að ákveða hvort endurnýja skuli samþykkið fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 ætti að fresta lokadeginum til 30. júní 2026.

9) Samþykkið fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14 gildir áfram eftir frekari frestun lokadags samþykkisins, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir alfaklóralósi til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 14, sem settur er fram í framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/333, er frestað til 30. júní 2026.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2380 **2026/EES/17/18**

frá 28. september 2023

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Basískt koparkarbónat var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Samþykki fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (hér á eftir nefnt samþykkið) rennur út 31. janúar 2024. Umsókn um endurnýjun á samþykki (hér á eftir nefnd umsóknin) var lögð fram 28. júlí 2022 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 21. mars 2023 upplýsti lögbært matsyfirvald Frakklands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að krefjast þess að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í því tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkisins í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Með tilliti til tímamarkanna fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunar Evrópu og þess tíma sem þarf til að ákveða hvort hægt sé að endurnýja samþykkið fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ætti að fresta lokadeginum til 31. júlí 2026.

7) Samþykkið fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 gildir áfram eftir frestun lokadags samþykkisins, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2380, 2.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 51, 27.6.2024, bls. 29.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir basísku koparkarbónati til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, sem settur er fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, er frestað til 31. júlí 2026.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2386 **2026/EES/17/19**

frá 29. september 2023

um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ([1]), einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Koparhýdroxíð var skráð í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([2]) sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8. Samkvæmt 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 taldist það því samþykkt samkvæmt þeirri reglugerð með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

2) Samþykki fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (hér á eftir nefnt samþykkið) rennur út 31. janúar 2024. Umsókn um endurnýjun á samþykki (hér á eftir nefnd umsóknin) var lögð fram 27. júlí 2022 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

3) Hinn 21. mars 2023 upplýsti lögbært matsyfirvald Frakklands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.

4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að krefjast þess að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012. Í því tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.

5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.

6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkisins í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar. Með tilliti til tímamarkanna fyrir mat af hálfu lögbæra matsyfirvaldsins og fyrir undirbúning og framlagningu álits af hálfu Efnastofnunar Evrópu og þess tíma sem þarf til að ákveða hvort hægt sé að endurnýja samþykkið fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ætti að fresta lokadeginum til 31. júlí 2026.

7) Samþykkið fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 gildir áfram eftir frestun lokadags samþykkisins, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2386, 2.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2024 frá 2. febrúar 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 51, 27.6.2024, bls. 29.

([1]) Stjtíð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir koparhýdroxíði til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8, sem settur er fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB, er frestað til 31. júlí 2026.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 29. september 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/885 2026/EES/17/20

frá 5. febrúar 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingar sem ber að senda lögbæru yfirvaldi í umsókn um starfsleyfi fyrir þriðja aðila til að meta hvort farið sé að STS-kröfunum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 4. mgr. 28. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Upplýsingarnar sem þriðji aðili sem sækir um starfsleyfi skal veita til að unnt sé að meta hvort verðbréfanir uppfylli STS-viðmiðin sem mælt er fyrir um í 19.–22. gr. eða 23.–26. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 ættu að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta hvort og að hvaða marki umsækjandi uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

2) Þriðji aðili með starfsleyfi mun geta veitt STS-matsþjónustu um gervallt Sambandið. Í umsókninni um starfsleyfi ætti því að koma skýrt fram hver sá þriðji aðili er, hvaða samstæðu hann tilheyrir og umfang starfsemi hans. Að því er varðar STS-matsþjónustuna sem fyrirhugað er að veita ætti umsóknin að innihalda fyrirhugað umfang þjónustunnar sem ætlað er að veita sem og landfræðilegt umfang hennar.

3) Til að stuðla að skilvirkri notkun á leyfisveitingarauðlindum lögbærs yfirvalds ætti hver umsókn um starfsleyfi að innihalda töflu sem sýnir með skýrum hætti hvert framlagt skjal og þýðingu þess fyrir skilyrðin sem uppfylla skal til að starfsleyfi verði veitt.

4) Til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hvort gjöldin sem innheimt eru af þriðja aðila séu án mismununar og fullnægjandi og viðeigandi til að ná yfir kostnaðinn sem hlýst af veitingu STS-matsþjónustunnar, eins og krafist er skv. a-lið 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, ætti þriðji aðilinn að veita ítarlegar upplýsingar um verðstefnur, viðmið fyrir verðlagningu, fyrirkomulag gjaldtöku og gjaldskrár.

5) Til að gera lögbæru yfirvöldunum kleift að meta hvort þriðji aðili geti tryggt heilleika og óhæði STS-matsferlisins ætti viðkomandi þriðji aðili að veita upplýsingar um fyrirkomulag þessa innra eftirlits. Til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hvort gæði rekstrarlegu varnanna varðandi STS-matsferlið eru nægilega mikil til að tryggja að ekki sé mögulegt

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 142, 29.5.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 50.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35.

að hafa áhrif á niðurstöður þess og til að meta hvort stjórnarmenn uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í d-lið 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, ætti þriðji aðilinn þar að auki að veita ítarlegar upplýsingar um samsetningu stjórnarinnar og um menntun og hæfi og mannorð hvers og eins stjórnarmanns.

6) Samþjöppun tekna þriðja aðila er ákvörðunarþáttur við mat á sjálfstæði hans og ráðvendni. Samþjöppun tekna er ekkert endilega aðeins frá einu fyrirtæki heldur er mögulegt að hún sé afleiðing tekjustreyma frá hópi efnahagslega tengdra fyrirtækja. Í því samhengi ætti líta á hóp efnahagslega tengdra fyrirtækja sem tengd fyrirtæki eins og um getur í b-lið 9. mgr. í alþjóðlegum reikningsskilastaðli. IAS-staðall 24 („upplýsingagjöf um viðskipti tengdra aðila“) í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([2]), þar sem líta ætti á hugtökin „eining“ og „skýrslugefandi aðili“ sem tilvísun í „fyrirtæki“ að því er varðar þessa reglugerð.

7) Verðbréfunargerningar eru flóknar afurðir, sem eru í þróun, og krefjast sérfræðiþekkingar. Til að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hvort þriðji aðili hafi fullnægjandi rekstrarlegar varnir og innri ferli til að meta uppfylllingu STS-viðmiðanna ætti þriðji aðilinn að veita upplýsingar um verklagsreglur varðandi kröfur um menntun og hæfi starfsfólks hans. Þriðji aðilinn ætti einnig að sýna fram á að aðferðafræði hans við STS-matið sé næm fyrir tegund verðbréfunar og að hún tilgreini aðgreindar verklagsreglur og varnir fyrir viðskipti með/áætlanir um eignatryggð skammtímaskuldabréf og verðbréfanir án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa.

8) Að nota útvistunarsamninga og reiða sig á notkun utanaðkomandi sérfræðinga getur valdið áhyggjum um traustleika rekstrarlegu varnanna og innri ferla. Umsóknin ætti því að innihalda sértækar upplýsingar um eðli og umfang slíkra útvistunarsamninga eða notkun utanaðkomandi sérfræðinga sem og stjórnarhætti þriðja aðila að því er varðar þessa samninga.

9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Auðkenning á þriðja aðila

1. Umsókn um starfsleyfi eins og um getur í 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar, að því marki sem þær skipta máli:

a) firmaheiti þriðja aðila og rekstrarform hans að lögum,

b) LEI-auðkenni þriðja aðila eða, ef það er ekki tiltækt, annað auðkenni sem krafist er samkvæmt gildandi landslögum,

c) heimilisfang þriðja aðila og heimilisfang skrifstofa hans innan Sambandsins,

d) veffang (URL) vefseturs þriðja aðilans,

e) útdrátt úr viðkomandi fyrirtækjaskrá eða dómabók eða annars konar vottun á því hvar þriðji aðilinn hefur staðfestu og á umfangi atvinnustarfsemi þriðja aðilans, sem er í gildi á umsóknardegi,

f) samþykktir þriðja aðila eða önnur lögformleg gögn sem sýna fram á að þriðji aðilinn meti hvort verðbréfanir uppfylli viðmiðin sem kveðið er á um í 19.–22. gr. eða 23.–26. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 („uppfylling STS-viðmiða“),

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

g) nýjustu árlegu reikningsskil þriðja aðilans, þ.m.t. bæði eigin reikningsskilum og samstæðureikningsskilum þar sem við á, að því marki sem hægt er, og ef reikningsskil þriðja aðila falla undir lögboðna endurskoðun eins og hún er skilgreind í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ([4]), áritun endurskoðanda varðandi þessi reikningsskil,

h) nafn, starfsheiti, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer tengiliðar að því er varðar umsóknina,

i) skrá yfir aðildarríki þar sem þriðji aðili ætlar að veita STS-þjónustu.

j) skrá yfir tegundir verðbréfana sem þriðji aðili fyrirhugar að veita STS-þjónustu fyrir, þar sem greint er á milli verðbréfana án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa og verðbréfana með/áætlana um eignatryggð skammtímabréf.

k) lýsingu á allri þjónustu, annarri en STS-þjónustu, sem þriðji aðili veitir eða fyrirhugar að veita,

l) skrá yfir aðila sem þriðji aðili veitir ráðgjafarþjónustu, endurskoðunarþjónustu eða sambærilega þjónustu.

2. Í umsókn um starfsleyfi skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í fylgiskjölum:

a) skrá með nöfnum og heimilisfangi starfsstöðva allra aðila eða eininga sem eiga 10% eða meira af hlutafé í þriðja aðila eða 10% eða meira af atkvæðisrétti hans eða geta, í krafti eignarhlutar síns, haft veruleg áhrif á þriðja aðila, ásamt:

   i. hlutfalli hlutafjár og atkvæðisréttar og, eftir atvikum, lýsingu á fyrirkomulagi sem gerir aðilanum eða einingunni kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun þriðja aðila,

   ii. eðli atvinnustarfsemi aðilanna og eininganna sem um getur í a-lið,

b) skrá sem inniheldur heiti og heimilisfang einingar sem aðili eða eining sem um getur í a-lið á meira en 20% af hlutafé eða atkvæðisrétti í og lýsingu á starfsemi þeirrar einingar,

c) útfyllt afrit af töflunni sem sett er fram í 1. viðauka.

3. Ef þriðji aðili á móðurfélag skal í umsókninni sem um getur í 1. mgr. taka fram hvort næsta móðurfélag eða endanlegt móðurfélag hafi starfsleyfi, sé skráð eða falli undir eftirlit og ef svo er setja fram öll tengd tilvísunarnúmer og heiti eftirlitsyfirvaldsins sem ber ábyrgð.

4. Ef þriðji aðili á dótturfélög eða útibú skal í umsókn um starfsleyfi setja fram heiti og heimilisfang þessara dótturfélaga eða útibúa og taka fram á hvaða sviði atvinnustarfsemi hvers dótturfélags eða útibús er.

5. Umsókn um starfsleyfi skal innihalda mynd sem sýnir eignatengsl milli þriðja aðila, móðurfélags hans og endanlegs móðurfélags, dótturfélaga og hlutdeildarfélaga og allra annarra aðila og eininga sem tengjast eða eru tengd með netkerfi eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. tilskipunar 2006/43/EB. Myndin skal sýna fullt nafn fyrirtækjanna, LEI-auðkenni þeirra eða, ef það er ekki tiltækt, annað auðkenni sem krafist er í samræmi við gildandi landslög, félagsform og heimilisfang fyrirtækis.

2. gr.

Samsetning stjórnar og stjórnskipulag

1. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda stefnur þriðja aðila um innri stjórnarhætti og skilmála verklagsreglna sem gilda um stjórn hans, óháða stjórnarmenn og, þar sem því hefur verið komið á, nefndir eða undirhluta stjórnar hans.

2. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal tilgreina stjórnarmenn, þ.m.t. óháða stjórnarmenn, og, eftir atvikum, aðila nefnda eða annarra undirhluta sem komið er upp innan stjórnarinnar. Fyrir hvern stjórnarmann, þ.m.t. óháða stjórnarmenn, skal í umsókninni lýsa stöðunni sem hann gegnir innan stjórnarinnar, skyldurnar sem fylgja þeirri stöðu og tímann sem mun verða tileinkaður í að uppfylla þær skyldur.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

3. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda mynd sem lýsir stjórnskipulagi þriðja aðila sem tilgreinir skýrt hlutverk hvers og eins stjórnarmanns þess þriðja aðila. Ef þriðji aðili veitir eða fyrirhugar að veita aðra þjónustu en STS-þjónustu skal skipuritið sýna deili á og ábyrgð stjórnarmanna að því er varðar þessa þjónustu.

4. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um hvern stjórnarmann:

a) afrit af ferilskrá hvers aðila, þ.m.t.:

   i. yfirlit yfir viðeigandi menntun aðilans,

   ii. öll fyrri starfsreynsla aðilans með viðeigandi dagsetningum, tilgreiningu á stöðum sem hann gegndi og lýsingu á starfssviðum,

   iii. sérhver fagleg menntun aðilans og hæfi, ásamt dagsetningum þegar þeirrar menntunar var aflað og, eftir atvikum, félagsaðildarstaða í viðkomandi fagfélagi,

b) upplýsingar um hvers konar sakfellingar í refsimálum í formi vottorðs úr opinberri sakaskrá,

c) undirritaða yfirlýsingu aðilans þar sem lýst er yfir hvort viðkomandi:

   i. hefur sætt ákvörðun sér í óhag í viðurlagamáli hjá eftirlitsyfirvaldi, opinberum aðila, stofnun eða fagfélagi,

   ii. hefur sætt úrskurði sér í óhag í einkamáli fyrir dómstóli, þ.m.t. vegna misferlis eða svika í atvinnurekstri,

   iii. hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem eftirlitsaðili, opinber aðili eða stofnun hefur afturkallað skráningu eða starfsleyfi fyrir,

   iv. hefur verið synjað af eftirlitsaðila, opinberum aðila, stofnun eða fagstofnun um rétt til að stunda starfsemi sem krefst skráningar eða starfsleyfis,

   v. hefur setið í stjórn fyrirtækis sem hefur orðið gjaldþrota eða verið tekið til slitameðferðar meðan einstaklingurinn gegndi slíkri stöðu eða innan árs frá því að einstaklingurinn hætti að gegna slíkri stöðu,

   vi. hefur setið í stjórn fyrirtækis sem hefur sætt úrskurði sér í óhag eða verið beitt viðurlögum af hálfu eftirlitsyfirvalds, opinbers aðila, stofnunar eða fagstofnunar,

   vii. hefur verið vikið úr starfi sem framkvæmdastjóri eða stjórnunarstöðu eða honum hefur verið sagt upp störfum eða hann leystur frá öðrum skyldum vegna misferlis eða vanrækslu í starfi,

   viii. hefur hlotið annars konar sektir, sætt tímabundinni sviptingu, verið gerður vanhæfur eða beittur öðrum viðurlögum af stjórnvöldum, eftirlitsaðila, opinberrar stofnunar, aðila eða fagstofnun í tengslum við svik eða fjárdrátt,

   ix. sætir yfirstandandi rannsókn, eða bíður meðferðar dóms, stjórnsýslu eða gerðardóms, þ.m.t. af stjórnvöldum, eftirlitsaðila, opinberrar stofnunar, aðila eða fagstofnun í tengslum við svik eða fjárdrátt,

d) undirritaða yfirlýsingu um alla mögulega hagsmunaárekstra sem aðilinn gæti haft við að gegna starfsskyldunum sínum og hvernig tekið er á þessum árekstrum, þ.m.t. skrá yfir allar stöður sem aðilinn gegnir í öðrum fyrirtækjum,

e) ef ekki nú þegar í a-lið, lýsingu á þekkingu aðilans og reynslu að því er varðar verkefnin sem skipta máli fyrir veitingu þriðja aðila á STS-þjónustu og sérstaklega þekkingu og reynslu varðandi mismunandi tegundir verðbréfana eða mismunandi undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

5. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um hvern óháðan stjórnarmann:

a) sönnun á óhæði stjórnarmannsins innan stjórnarinnar,

b) upplýsingar um fyrri eða núverandi starfsemi, ráðningarsamband eða annað samband sem veldur eða gæti valdið mögulegum hagsmunaárekstrum,

c) upplýsingar um öll viðskiptasambönd, fjölskyldutengsl eða önnur tengsl við þriðja aðila, ráðandi hluthafa í þriðja aðila eða stjórn annars hvors þeirra sem gæti valdið eða veldur hagsmunaárekstrum.

3. gr.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Ef þriðji aðili fylgir viðurkenndum hátternisreglum um stjórnarhætti fyrirtækja við tilnefningu og varðandi hlutverk óháðra stjórnarmanna og stjórnun hagsmunaárekstra skal í umsókninni sem um getur í 1. gr. tilgreina þær reglur og gefa útskýringu á öllum frávikum þriðja aðila frá þeim reglum.

4. gr.

Óhæði og aðferðir til að komast hjá hagsmunaárekstrum

1. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda ítarlegar upplýsingar um innra eftirlit umsækjanda til stýringar hagsmunaárekstra, þ.m.t. lýsingu á regluvörslu þriðja aðila og fyrirkomulag áhættumats.

2. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda upplýsingar um stefnur og verklagsreglur um greiningu, stýringu, eyðingu, mildun og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra og ógnana fyrir óhæði veitingar þriðja aðila á STS-þjónustu.

3. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda lýsingu á öllum öðrum ráðstöfunum og stýringum sem beitt er til að tryggja snurðulausa og tímanlega greiningu, stýringu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra.

4. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda uppfærða skrá yfir alla mögulega eða raunverulega hagsmunaárekstra sem þriðji aðili greinir í samræmi við f-lið 1. mgr. 28. gr. í reglugerð (ESB) 2017/2402 og skal innihalda:

a) lýsingu á raunverulegum eða mögulegum hagsmunaárekstrum sem varða þriðja aðila, hluthafa, eigendur eða aðila þriðja aðila, stjórnarmenn, forstöðumenn, starfsfólk þriðja aðila eða aðra einstaklinga sem bjóða þjónustu fyrir hönd eða undir stjórn þriðja aðila,

b) lýsingu á raunverulegum eða mögulegum hagsmunaárekstrum sem leiða af núverandi eða fyrirhuguðum viðskiptasambönd um þriðja aðila, þ.m.t. allir núverandi eða fyrirhugaðir útvistunarsamningar, eða af annarri starfsemi þriðja aðila.

5. Í umsókninni sem um getur í 1. gr. skal setja fram upplýsingar um stefnur eða verklagsreglur sem miða að því að tryggja að þriðji aðili veiti ekki upphafsaðila, umsjónaraðila eða sérstökum verðbréfunaraðila, sem tekur þátt í verðbréfuninni og þriðji aðilinn metur hvort uppfylli STS-skilyrðin, neina ráðgjafarþjónustu, endurskoðunarþjónustu eða jafngilda þjónustu

6. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) tekjur af annarri þjónustu en STS-þjónustu sem þriðji aðili veitir, sundurliðaðar í tekjur af þjónustu sem varðar ekki verðbréfun og tekjur af verðbréfunarþjónustu, fyrir hvert þriggja árlegra skýrslutímabila fyrir framlagningu umsóknar, eða, ef þær eru ekki tiltækar, frá stofnsetningu þriðja aðilans,

b) fyrirhugað hlutfall tekna af STS-þjónustu í samanburði við fyrirhugaðar heildartekjur næsta þriggja ára viðmiðunartímabils.

7. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda, eftir atvikum, eftirfarandi upplýsingar um samþjöppun tekna frá einu fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæðu:

a) upplýsingar sem tilgreina öll fyrirtæki, eða samstæðu efnahagslega tengdra fyrirtækja, sem skila meira en 10% af heildartekjum þriðja aðila á hverju þriggja árlegra skýrslutímabila sem koma á undan framlagningu umsóknarinnar eða, ef þær eru ekki tiltækar, frá stofnsetningu þriðja aðila,

b) yfirlýsingu þess efnis hvort áætlað sé að fyrirtæki, eða samstæða efnahagslega tengdra fyrirtækja, muni skila a.m.k. 10% af fyrirhuguðum tekjum af veitingu STS-þjónustu á hverju af næstu þremur árum.

8. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal, eftir atvikum, innihalda mat á því hvernig samþjöppun tekna frá einu fyrirtæki eða hópi efnahagslega tengdra fyrirtækja, sem tilgreind eru í 7. mgr., sé í samræmi við stefnur og verklagsreglur þriðja aðila um óhæði STS-þjónustu sem um getur í 2. mgr.

5. gr.

Gjaldskrár

1. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda upplýsingar um verðlagningarstefnur fyrir STS-þjónustu og skal innihalda allt eftirfarandi:

a) verðlagningarviðmið og uppbygging gjaldtöku eða gjaldskrár fyrir STS-þjónustu varðandi hverja tegund verðbréfunar sem slík þjónusta er boðin fyrir (þar sem greint er á milli verðbréfana án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa og verðbréfana með/áætlana um eignatryggð skammtímabréf), þ.m.t. allar innri viðmiðunarreglur og verklagsreglur um verðlagningu eru notaðar til að ákvarða eða setja einstök gjöld,

b) upplýsingar um aðferðirnar sem notaðar eru til að skrá tiltekinn kostnað sem fellur til við veitingu STS-þjónustu, þ.m.t. tilfallandi viðbótarkostnað í tengslum við veitingu STS-þjónustu, m.a. vegna flutnings og gistingar, og, ef þriðji aðili ætlar að útvista hluta af STS-þjónustu sinni, lýsingu á því hvernig tekið verður tillit til þeirrar útvistunar við verðlagninguna,

c) ítarlega lýsingu á öllum þeim aðferðum sem komið hefur verið á til að breyta gjöldum eða til að víkja frá gjaldskránni, þ.m.t. allar afsláttaráætlanir vegna mikillar notkunar,

d) ítarlega lýsingu á öllum þeim aðferðum eða innra eftirliti sem komið hefur verið á til að tryggja og fylgjast með því að farið sé að verðlagningarstefnu, þ.m.t. allar verklagsreglur eða innra eftirlit til að fylgjast með þróun einstakra gjalda yfir tíma og þvert á mismunandi viðskiptavini sem veitt er STS-þjónusta,

e) ítarlega lýsingu á öllum aðferðum til að endurskoða og uppfæra bæði kostnaðarkerfið og verðlagningarstefnurnar,

f) ítarlega lýsingu á öllum verklagsreglum og innra eftirliti um viðhald skráa að því er varðar fyrirkomulag gjalda, einstök gjöld eða breytingar á verðlagningarstefnu þriðja aðilans.

2. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

a) hvort gjöldin séu ákvörðuð áður en veiting STS-þjónustu fer fram,

b) hvort fyrirframgreidd gjöld séu óendurgreiðanleg,

c) allar rekstrarlegar varnir sem miða að því að tryggja að samningar milli þriðja aðilans og upphafsaðila, umsjónaraðila eða sérstaks verðbréfunaraðila um veitingu STS-þjónustu innihaldi ekki ákvæði um samningsslit eða kveði á um brot gegn samningi eða vanefndir samnings ef niðurstaða STS-matsins sýni fram á að verðbréfunin uppfyllir ekki STS-viðmiðin.

6. gr.

Rekstrarlegar varnir og innra eftirlit til að meta hvort farið sé að STS-viðmiðunum

1. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda ítarlega samantekt á öllum stefnum, verklagsreglum og handbókum um eftirlit og rekstrarlegar varnir sem komið er á til að tryggja óhæði mats þriðja aðila á því hvort farið sé að STS-viðmiðunum og heilleika matsins.

2. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda upplýsingar sem sýna fram á að þriðji aðili hafi komið á rekstrarlegum vörnum og innra eftirliti sem gerir honum kleift að meta á tilhlýðilegan hátt hvort farið sé að STS-viðmiðunum, þ.m.t. eftirfarandi:

a) fjölda starfsfólks, reiknað á grundvelli heilla stöðugilda, sundurliðað eftir tegund staðna innan þriðja aðila,

b) upplýsingar um stefnur og verklagsreglur sem þriðji aðili hefur komið á að því er varðar:

   i. óhæði einstaks starfsfólks,

   ii. uppsögn ráðningarsamninga, þ.m.t. ráðstafanir til að tryggja óhæði og heilleika STS-matsins í tengslum við uppsögn starfsmanns, þ.m.t. stefnur og verklagsreglur í tengslum við samningaviðræður við önnur fyrirtæki um ráðningu í framtíðinni fyrir starfsfólk sem tekur beinan þátt í STS-matinu,

   iii. hæfnikröfur til starfsfólks sem tekur beinan þátt í veitingu STS-þjónustu, aðgreindar eftir tegund stöðu,

iv. þjálfunar- og þróunarstefnur fyrir starfsfólk sem tekur beinan þátt í veitingu STS-þjónustu,

v. frammistöðumat og stefnu um launakjör starfsfólks sem tekur beinan þátt í veitingu STS-þjónustu,

c) lýsingu á öllum ráðstöfunum sem þriðji aðili gerir til að milda áhættu af því að treysta um of á tiltekið starfsfólk við veitingu STS-þjónustu,

d) eftirfarandi upplýsingar ef þriðji aðili treystir á útvistun eða utanaðkomandi sérfræðinga við STS-mat:

i. upplýsingar um allar stefnur og verklagsreglur að því er varðar útvistun starfsemi og ráðningu utanaðkomandi sérfræðinga,

ii. lýsing á öllum útvistunarsamningum sem gerðir eru eða fyrirhugað er að gera við þriðja aðila, ásamt afriti af samningum sem gilda um þessa útvistun,

iii. lýsingu á þjónustunni sem utanaðkomandi sérfræðingur mun veita, þ.m.t. umfang þeirrar þjónustu og skilyrðin sem gilda um veitingu þessarar þjónustu,

iv. ítarlega útskýringu á því hvernig þriðji aðili fyrirhugar að greina, stýra og hafa eftirlit með áhættu sem stafar af útvistun og lýsingu á vörnunum sem komið er á til að tryggja óhæði við STS-matsferlið,

e) lýsingu á öllum ráðstöfunum sem nota skal ef um er að ræða brot gegn einhverjum af þeim stefnum eða verklagsreglum sem vísað er til í b-lið 2. mgr. og i. lið d-liðar 2. mgr.,

f) lýsingu á öllum stefnum um skýrslugjöf til lögbærra yfirvalda um hvers konar verulegt brot gegn stefnum og verklagsreglum sem um getur í b-lið 2. mgr. og i. lið d-liðar 2. mgr. eða um aðra málavexti, atburð eða aðstæður sem mögulega gætu falið í sér brot gegn skilyrðunum fyrir starfsleyfi þriðja aðila,

g) lýsingu á hvers konar fyrirkomulagi sem komið er á fót til að viðeigandi aðilar verði varir við stefnur og verklagsreglur sem um getur í b-lið 2. mgr. og i. lið d-liðar 2. mgr. og lýsingu á hvers konar fyrirkomulagi varðandi eftirlit, endurskoðun og uppfærslu á þessum stefnum og verklagsreglum.

3. Umsóknin sem um getur í 1. gr. skal innihalda eftirfarandi fyrir hverja tegund verðbréfunar sem þriðji aðili fyrirhugar að veita STS-þjónustu fyrir:

a) lýsingu á aðferðafræðinni sem fyrirhugað er að beita við STS-matið, þ.m.t. allar verklagsreglur og aðferðafræði varðandi gæðatryggingu þess mats,

b) sniðmát fyrir STS-sannprófunarskýrsluna sem leggja skal fram hjá upphafsaðilanum, umsjónaraðilanum eða sérstaka verðbréfunaraðilanum.

7. gr.

Framsetning umsóknar

1. Þriðji aðili skal úthluta sérstöku tilvísunarnúmeri á hvert skjal sem hann leggur fram hjá lögbæra yfirvaldsinu sem hluta af umsókn sinni.

2. Þriðji aðili skal í umsókn sinni setja fram rökstudda skýringu vegna allra krafna sem settar er fram í þessari reglugerð sem hann telur ekki eiga við.

3. Umsókninni sem um getur í 1. gr. skal fylgja bréf undirritað af stjórnarmanni þriðja aðila sem staðfestir að:

a) framlagðar upplýsingar séu réttar og tæmandi að því er hann eða hún best veit, á þeim degi sem umsóknin er lögð fram,

b) umsækjandinn sé hvorki eftirlitsskyldur aðili eins og skilgreint er í 4. lið 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB ([5]) né lánshæfismatsfyrirtæki eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1060/2009. ([6])

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Tilvísun í skjöl

Grein í þessari reglugerð	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjalsins	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingarnar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingarnar eru ekki veittar

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1851 2026/EES/17/21

frá 28. maí 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga í verðbréfun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 14. mgr. 20. gr. og þriðju undirgrein 21. mgr. 24. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að fjárfestar geti framkvæmt trausta áreiðanleikakönnun og til að auðvelda þeim mat á undirliggjandi áhættu, í samræmi við markmið reglugerðar (ESB) 2017/2402, ættu undirliggjandi áhættuskuldbindingar verðbréfunar að hafa sambærileg áhættusnið. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um samræmd viðmið til að ákvarða um einsleitni tiltekins safns undirliggjandi áhættuskuldbindinga.

2) Eingöngu ætti að telja safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga einsleitt ef það inniheldur áhættuskuldbindingar af einni tegund eigna. Skýrt aðgreindar eignategundir ætti því að skilgreina þannig að hægt sé að flokka áhættuskuldbindingar til samræmis við það. Samkvæmt markaðsvenju eru vel þekktar eignategundir þegar skilgreindar til að ákvarða einsleitni tiltekins safns undirliggjandi áhættuskuldbindinga. Til að tryggja að nýsköpun á fjármálasviði sé ekki takmörkunum háð og ekki settar hindranir á ríkjandi markaðsvenjur, ætti þó að heimila að tiltekin söfn undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem samsvara ekki einum af þessum vel þekktu eignategundum teljist einnig sérstök eignategund á grundvelli innri aðferðafræði og mæliþátta sem upphafsaðilinn eða umsjónaraðilinn beitir með samræmdum hætti. Einnig er mögulegt að hægt sé að heimfæra eina áhættuskuldbindingu á fleiri en eina eignategund. Þrátt fyrir þetta ættu allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar í tiltekinni verðbréfun að tilheyra sömu eignategund.

3) Útlánareglur eru hannaðir til að mæla og meta útlánaáhættuna sem samfara er undirliggjandi áhættuskuldbindingum í verðbréfun og gefa þess vegna gagnlega vísbendingu um einsleitni þessara áhættuskuldbindinga. Til samræmis við það ætti beiting svipaðra útlánareglna að vera notuð sem vísbending um að safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga hafi svipað áhættusnið en beiting útlánareglna sem ekki eru svipaðar geti leitt til að áhættuskuldbindingar séu með verulega ólík áhættusnið, jafnvel þótt slíkar útlánareglur séu allar af miklum gæðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 285, 6.11.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 50.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12. 2017, bls. 35.

4) Umsýslan tengd undirliggjandi áhættuskuldbindingum, þ.m.t. vöktun, innheimta og stjórnun viðskiptakrafna í reiðufé frá undirliggjandi áhættuskuldbindingum á eignahlið í sérstaka verðbréfunaraðilanum hefur veruleg áhrif á vænt sjóðstreymi frá þessum undirliggjandi áhættuskuldbindingum og auðveldar þess vegna sjóðstreymisspár og gerir fjárfestum mögulegt að byggja á tölfræðilega áreiðanlegum forsendum um greiðslu- og vanskilaeiginleika. Óháð því hvort umsýslan sé á hendi upphafsaðilans, upphafsaðilanna og þriðja aðilans eða þriðju aðilanna, ætti svipað verklag, kerfi og stjórnarhættir við stjórnun á safni undirliggjandi áhættuskuldbindinga að vera nauðsynlegt skilyrði fyrir að viðurkenna safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem einsleitt. Undirliggjandi áhættuskuldbindingar í safninu ættu þess vegna að falla undir umsýsluferli sem eru nægjanlega lík til gera fjárfesti kleift að meta með vissu áhrifin af umsýslu innan svipaðra mæliþátta.

5) Fyrir tilteknar tegundir eigna geta fjárfestar mögulega ekki metið á tilhlýðilegan hátt undirliggjandi áhættu í tengslum við safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga, eingöngu á grunni svipaðrar umsýslu og útlánareglna. Þess vegna ætti að beita tilteknum þáttum á sumar eignategundir til að tryggja nákvæmt mat á einsleitni. Upphafsaðili eða umsjónaraðili ætti þess vegna að beita einum eða fleiri viðkomandi þáttum í hverju tilviki fyrir sig, að teknu tilliti til tegundar verðbréfunar (þ.e. verðbréfunar án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa eða verðbréfunar eignatryggðra skammtím-askuldabréfa), einkennanna sem sértæk eru fyrir það tiltekna safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga og hvort fjárfestar geti á grundvelli almennrar aðferðafræði og mæliþátta metið undirliggjandi áhættu af safninu sem leiðir af þeim. Eignategundirnar „lánsheimildir til einstaklinga til einka-, fjölskyldu- eða heimilisnota“ og „viðskiptakröfur“ eru þó taldar nægjanlega einsleitar sem eignategundir, að því tilskildu svipuðum útlánareglum og umsýsluferli sé einnig beitt. Beiting viðbótarkrafna á þessar eignategundir á formi einsleitniþátta myndi leiða til óhóflegrar samþjöppunar í verðbréfuðum eignasöfnum. Beitingu einsleitniþátta ætti þess vegna ekki að vera krafist fyrir þessar eignategundir.

6) Ef einkenni undirliggjandi áhættuskuldbindinga breytast að því er varðar skilyrði fyrir einsleitni, þ.m.t. einsleitniþættir, af ástæðum sem ekki eru á valdi upphafsaðilans eða umsjónaraðilans, og stafar ekki af villu af hálfu upphafsaðilans, ætti það ekki að teljast hafa áhrif á einsleitni safnsins, svo fremi áhættuskuldbindingarnar uppfylli að öðru leyti kröfur þessarar reglugerðar við útgáfu verðbréfunarinnar og slík breyting átti sér stað eftir útgáfu verðbréfunarinnar. Að því gefnu að skilyrðin til að ákvarða um einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga eigi bæði við um verðbréfanir eignatryggðra skammtímaskuldabréfa og verðbréfanir án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa, ættu samræmd ákvæði að gilda um báðar tegundir af verðbréfun, án tillits til einstakra einsleitniþátta sem eingöngu geta átt við um tilteknar eignategundir verðbréfana eignatryggðra skammtímaskuldabréfa og verðbréfana án eignatryggðra skammtím-askuldabréfa.

7) Ákvæði þessarar reglugerðar tengjast náið þar eð þau fjalla um einsleitni fyrir bæði verðbréfanir eignatryggðra skammtímaskuldabréfa og verðbréfanir án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða, sem ættu að taka gildi á sama tíma, og til að auðvelda einstaklingum sem falla undir þessar skyldur að fá heildaryfirsýn og þægilegt aðgengi að þeim þykir rétt að hafa báða tæknilegu eftirlitsstaðlana um einsleitni sem krafist er með reglugerð (ESB) nr. 2017/2402 í einni reglugerð. Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hafði náið samstarf við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina (ESMA) og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina (EIOPA) áður en drögin að tæknilegu stöðlunum sem þessi reglugerð byggist á voru lögð fram. Hún hefur einnig haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga

Að því er varðar ákvæði 8. mgr. 20. gr. og 15. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 skulu undirliggjandi áhættuskuldbindingar teljast vera einsleitar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þær samsvara einni af eftirfarandi tegundum eigna:

   i. íbúðalánum sem eru annað hvort tryggð með fasteignaveði, einu eða fleiri, í íbúðarhúsnæði eða að fullu tryggð af viðurkenndum veitanda útlánavarnar, sem er meðal þeirra sem um getur í 1. mgr. 201. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([3]), og uppfyllir skilyrði vegna 2. lánshæfisþreps eða hærra eins og sett er fram í 2. kafla, II. bálks, þriðja hluta þeirrar reglugerðar,

   ii. viðskiptalánum sem tryggð eru með fasteignaveði, einu eða fleiri, í viðskiptahúsnæði, þ.m.t. skrifstofu- eða öðru viðskiptahúsnæði,

   iii. lánsheimildum sem veittar eru einstaklingum til einka-, fjölskyldu- eða heimilisnota,

   iv. lánsheimildum, þ.m.t. lán og leigumálar, sem veittar eru fyrirtæki af hvaða gerð sem er,

   v. bílalánum og -kaupleigusamningum,

   vi. viðskiptakröfum vegna kreditkorta,

   vii. viðskiptakröfum,

   viii. öðrum undirliggjandi áhættuskuldbindingum sem upphafsaðilinn eða umsjónaraðilinn telur á grundvelli innri aðferðafræðilegi og mæliþátta að standi fyrir sérstaka eignategund,

b) þær eru tryggðar í samræmi við staðla þar sem beitt er svipaðri nálgun við mat á tengdri útlánaáhættu,

c) umsýsla þeirra er í samræmi við svipaðar aðferðir við vöktun, söfnun og stjórnum viðskiptakrafna í reiðufé á eignahlið í sérstaka verðbréfunaraðilanum,

d) einum eða fleiri einsleitniþáttum er beitt í samræmi við 2. gr.

Að því er varðar a-lið þessarar greinar, þegar undirliggjandi áhættuskuldbinding samsvarar fleiri en einni eignategund skal þeirri áhættuskuldbindingu úthlutað á einungis eina eignategund í þeirri verðbréfun.

Allar breytingar á undirliggjandi áhættuskuldbindingum í safni sem talið er einsleitt samkvæmt þessari reglugerð skulu ekki hafa áhrif á slíka einsleitni þegar slíkar breytingar eru af ástæðum sem ekki eru á valdi upphafsaðilans eða umsjónaraðilans.

2. gr.

Einsleitniþættir

1. Einsleitniþættirnir fyrir eignategundina sem um getur í i. lið a-liðar 1. gr. skulu vera eftirfarandi:

a) röðun tryggingaréttar, þar sem safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga samanstendur eingöngu af einu eftirfarandi:

   i. lánum sem tryggð eru með fyrsta tryggingarétti í íbúðarhúsnæði,

   ii. lánum sem tryggð eru með lægri og öllum forgangstryggingarétti í íbúðarhúsnæði,

   iii. lánum sem tryggð eru með lægri tryggingarétti í íbúðarhúsnæði,

b) tegund íbúðarhúsnæðis, þar sem safnið samanstendur af eingöngu einni eftirfarandi tegund:

   i. tekjuskapandi eignum,

   ii. eignum sem ekki eru tekjuskapandi,

c) lögsögu, þar sem safnið samanstendur af áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði sem staðsett er í sömu lögsögu.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

2. Einsleitniþættirnir fyrir eignategundina sem um getur í ii. lið a-liðar 1. gr. skulu vera eftirfarandi:

a) röðun tryggingaréttar, þar sem safnið samanstendur eingöngu af einni eftirfarandi tegund undirliggjandi áhættuskuldbindinga:

   i. lánum sem tryggð eru með fyrsta tryggingarétti í viðskiptahúsnæði,

   ii. lánum sem tryggð eru með lægri og öllum forgangstryggingarétti í viðskiptahúsnæði,

   iii. lánum sem tryggð eru með lægri tryggingarétti í viðskiptahúsnæði,

b) tegund viðskiptahúsnæðis, þar sem safnið samanstendur af eingöngu einni eftirfarandi tegund:

   i. skrifstofuhúsnæði,

   ii. verslunarrými,

   iii. sjúkrahúsum,

   iv. geymsluaðstöðu,

   v. hótelum,

   vi. iðnaðarhúsnæði,

   vii. öðrum sérstökum tegundum viðskiptahúsnæðis,

c) lögsaga, þar sem safnið samanstendur af undirliggjandi áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með fasteignum sem staðsettar eru í sömu lögsögu.

3. Einsleitniþættirnir fyrir eignategundina sem um getur í iv. lið a-liðar 1. gr. skulu vera eftirfarandi:

a) tegund skuldara, þar sem safnið samanstendur eingöngu af einni eftirfarandi tegund skuldara:

   i. örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum,

   ii. öðrum tegundum fyrirtækja,

b) lögsaga, þar sem safnið samanstendur eingöngu af einni eftirfarandi tegund undirliggjandi áhættuskuldbindinga:

   i. áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með fasteign sem staðsett er í sömu lögsögu,

   ii. áhættuskuldbindingum vegna skuldara með búsetu í sömu lögsögu.

4. Einsleitniþættirnir fyrir eignategundina sem um getur í v. lið a-liðar 1. gr. skulu vera eftirfarandi:

a) tegund skuldara, þar sem safnið samanstendur af undirliggjandi áhættuskuldbindingum með eingöngu einni eftirfarandi tegund skuldara:

   i. einstaklingum,

   ii. örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum,

   iii. öðrum tegundum fyrirtækja,

   iv. opinberum aðilum,

   v. fjármálastofnunum,

b) lögsaga, þar sem safnið samanstendur af undirliggjandi áhættuskuldbindingum vegna skuldara með búsetu í sömu lögsögu.

5. Einsleitniþættirnir fyrir eignategundina sem um getur í vi. lið a-liðar 1. gr. skulu vera eftirfarandi:

a) tegund skuldara, þar sem safnið samanstendur af undirliggjandi áhættuskuldbindingum með eingöngu einni eftirfarandi tegund skuldara:

   i. einstaklingum,

   ii. örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum,

   iii. öðrum tegundum fyrirtækja,

   iv. opinberum aðilum,

   v. fjármálastofnunum,

b) lögsaga, þar sem safnið samanstendur af undirliggjandi áhættuskuldbindingum vegna skuldara með búsetu í sömu lögsögu.

6. Einsleitniþættirnir fyrir eignategundina sem um getur í viii. lið a-liðar 1. gr. skulu vera eftirfarandi:

a) tegund skuldara,

b) röðun tryggingaréttar,

c) tegund fasteignar,

d) lögsaga.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. maí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1224 2026/EES/17/22

frá 16. október 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar og einstök atriði varðandi verðbréfun sem upphafsaðili, umsjónaraðili og sérstakur verðbréfunaraðili eiga að láta í té (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 3. mgr. 7. gr. og a-lið 2. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gildissvið ákvæðis 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 vísar til allra verðbréfana, þ.m.t. verðbréfana þar sem lýsing hefur verið gerð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 ([2]) (venjulega vísað til sem „opinberra“ verðbréfana) og verðbréfana þar sem lýsing hefur ekki verið gerð (venjulega vísað til sem „verðbréfana einkaaðila“). Ákvæði a-liðar 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 vísar til verðbréfana þar sem upplýsingar eru gerðar aðgengilegar hjá verðbréfunarskrá og taka ekki til verðbréfana einkaaðila. Til að endurspegla þennan mismun hefur þessari reglugerð verið skipt upp í aðskilda þætti þar sem tilgreindar eru upplýsingar sem varða allar verðbréfanir og upplýsingar er varða opinberar verðbréfanir eingöngu.

2) Birting tiltekinna upplýsinga varðandi verðbréfun er nauðsynleg fyrir fjárfesta og hugsanlega fjárfesta svo þeir geti á skilvirkan hátt gert áreiðanleikakönnun og tilhlýðilegt áhættumat á greiðslufallsáhættu undirliggjandi áhættuskuldbindinga, líkansáhættu, lagalegri áhættu, rekstraráhættu, mótaðilaáhættu, þjónustuáhættu, lausafjáráhættu og samþjöppunaráhættu. Upplýsingarnar sem á að birta ættu einnig að vera nægjanlega nákvæmar til að gera aðilunum sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 kleift að vakta á skilvirkan hátt heildarvirkni verðbréfunarmarkaða, þróun undirliggjandi eignasafna, skipulag verðbréfunar, innbyrðis samtengingu mótaðila og áhrifin af verðbréfun á fjármálakerfið í víðara þjóðhagslegu samhengi Sambandsins.

3) Verðbréfunum fylgja margar tegundir undirliggjandi áhættuskuldbindinga, s.s. lán, kaupleigusamningar, skuldir, lánsheimildir eða annað sjóðstreymi sem myndar viðskiptakröfur. Því er viðeigandi að koma á sérsniðnum kröfum um skýrslugjöf fyrir þær tegundir undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem eru mest áberandi í Sambandinu, að teknu tilliti til bæði útistandandi fjárhæða og staðbundinnar dreifingar. Sértækum kröfum um skýrslugjöf fyrir „duldar“ undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem ekki eru í samræmi við tegundirnar sem eru mest áberandi ætti einnig að koma á til að tryggja að upplýsingar um allar tegundir undirliggjandi áhættuskuldbindinga séu veittar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 50.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12. 2017, bls. 35.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).

4) Ein tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar getur fallið innan nokkurra krafna um skýrslugjöf samkvæmt þessari reglugerð. Í samræmi við núverandi markaðsvenju ætti að tilkynna upplýsingar um safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem að öllu leyti samanstendur af undirliggjandi áhættuskuldbindingum í bifreiðum, með því að nota tilsvarandi sniðmát um undirliggjandi áhættuskuldbindingar í bifreiðum sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, án tillits til þess hvort undirliggjandi áhættuskuldbindingar í bifreiðum séu lán eða kaupleigusamningar. Jafnframt ætti í samræmi við núverandi markaðsvenju að tilkynna upplýsingar um safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga þar sem hinar undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru að öllu leyti kaupleigusamningar, með því að nota tilsvarandi sniðmát um undirliggjandi áhættuskuldbindingar í kaupleigusamningum sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, nema safnið af undirliggjandi áhættuskuldbindingum samanstandi einvörðungu af bifreiðaleigusamningum en í því tilviki ætti að nota sniðmátið um undirliggjandi áhættuskuldbindingar í bifreiðum sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð til að veita upplýsingar.

5) Til að gæta samræmis ætti að nota hugtök er varða lánveitingar vegna íbúðar- og viðskiptahúsnæðis sem eiga rætur að rekja til tilmæla evrópska kerfisáhætturáðsins 2016/14 ([3]). Í samræmi við þau tilmæli ætti að telja eign sem bæði er notuð til íbúðar og viðskipta, sem ólíkar eignir, ef slík sundurliðun er möguleg. Ef slík sundurliðun er ekki möguleg ætti að flokka eignina samkvæmt þeirri notkun hennar sem er ráðandi.

6) Til að tryggja samfellu við núverandi sniðmát fyrir veitingu tiltekinna upplýsinga ætti að einnig að nota hugtök er varða örfyrirtæki, lítil fyrirtæki og meðalstór fyrirtæki sem eiga rætur að rekja til tilmæla framkvæmdastjórnarinnar (2003/361/EB) ([4]). Jafnframt ætti að nota hugtök er varða undirliggjandi áhættuskuldbindingar vegna bifreiða, neytenda, kreditkorta og leigumála sem eiga rætur að rekja til framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/3 ([5]).

7) Sundurgreinanleiki upplýsinganna sem birta á fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar í verðbréfun án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa ætti að endurspegla dýpt láns-/kaupleigusamningsins sem notuð er í núverandi ákvæðum um veitingu upplýsinga og gagnaöflun. Í tilgangi áreiðanleikakönnunar, vöktunar og eftirlits eru sundurliðuð gögn á stigi undirliggjandi áhættuskuldbindinga verðmæt fyrir fjárfesta og hugsanlega fjárfesta í verðbréfun, lögbær yfirvöld og, að því er varðar opinberar verðbréfanir, fyrir hina aðilana sem taldir eru upp í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402. Enn fremur eru gögn á stigi undirliggjandi áhættuskuldbindinga lykill að því að endurheimta tiltrú almennings og fjárfesta á verðbréfunarmörkuðum. Að því er varðar eignatryggð skammtímabréf (ABCP) draga bæði skammtímaeinkenni skuldbindinganna og tilvist viðbótarstuðnings umfram undirliggjandi áhættuskuldbindingar úr þörfinni fyrir gögn á láns-/kaupleigusamningastigi.

8) Minna gagn er að því fyrir fjárfesta, hugsanlega fjárfesta, lögbær yfirvöld og, að því er varðar opinberar verðbréfanir, hina aðilana sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, að halda áfram að fá upplýsingar um „óvirkar“ áhættuskuldbindingar. Þetta er vegna þess að „óvirkar“ áhættuskuldbindingar, s.s. lán í vanskilum án frekari væntinga um endurheimtur eða lán sem hafa verið innleyst, fyrirframgreidd, niðurfelld, endurkeypt eða skipt út, leggja ekkert lengur til áhættusniðs verðbréfunarinnar. Því er rétt, í þágu gagnsæis, að tilgreina upplýsingar um umbreytinguna á stöðu óvirkra áhættuskuldbindinga frá „virkri“ til „óvirkrar“, en engin þörf er á að tilkynna slíkar áhættuskuldbindingar eftir það.

9) Mögulegt er að skýrslugjafakröfur samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402 kalli á að verulegur fjöldi og margs konar skjöl og önnur atriði verði gerð aðgengileg. Til að auðvelda rakningu slíkra skjala ætti upphafsaðilinn, umsjónaraðilinn eða sérstaki verðbréfunaraðilinn að nota mengi liðakóða þegar upplýsingar eru gerðar verðbréfunarskrá aðgengilegar.

10) Í samræmi við bestu starfsvenjur um skýrslugjöf og til að aðstoða fjárfesta, mögulega fjárfesta, lögbær yfirvöld og, að því er varðar opinberar verðbréfanir, aðra aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 við rakningu viðkomandi upplýsinga ætti að úthluta stöðluðum auðkennum á upplýsingarnar sem gerðar eru aðgengilegar. Enn fremur ættu þessi stöðluðu auðkenni að vera einkvæm og varanleg þannig að hægt sé að vakta þróun upplýsinga um verðbréfun til lengri tíma.

([3]) Tilmæli Evrópska kerfisáhætturáðsins frá 31. október 2016 um að fylla í gagnaeyður varðandi fasteignir (Evrópska kerfisáhætturáðið/2016/14) (Stjtíð. ESB C 31, 31.1.2017, bls. 1).

([4]) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (2003/361/EB) (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

([5]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/3 frá 30. september 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um birtingarkröfur fyrir samsetta fjármálagerninga (Stjtíð ESB L 2, 6.1.2015, bls. 57).

11) Í því skyni að gera fjárfestum, mögulegum fjárfestum, lögbærum yfirvöldum og, að því er varðar opinberar verðbréfanir, öðrum aðilum sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, kleift að uppfylla áreiðanleikakönnun sína og aðrar skuldbindingar samkvæmt þeirri reglugerð, er mikilvægt að upplýsingarnar sem gerðar eru aðgengilegar séu heildstæðar, samkvæmar og uppfærðar. Breyting á áhættueinkennum undirliggjandi áhættuskuldbindinga eða í samanlagða sjóðstreyminu sem myndast af undirliggjandi áhættuskuldbindingum eða á öðrum upplýsingum sem settar eru fram í fjárfestaskýrslunni getur haft veruleg áhrif á árangurinn af verðbréfuninni og marktæk áhrif á verð áhættulaga/skuldabréfa þeirrar verðbréfunar. Innherjaupplýsingar eða upplýsingar um mikilvægan atburð ættu þess vegna að vera gerðar aðgengilegar, fyrir opinberar verðbréfanir, jafnóðum og upplýsingar um undirliggjandi áhættuskuldbindingar og fjárfestaskýrsla eru gerð aðgengileg hjá verðbréfunarskrá. Enn fremur, fyrir opinberar verðbréfanir, ættu innherjaupplýsingar eða upplýsingar um mikilvægan atburð að innihalda nákvæmar upplýsingar um verðbréfun án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa, áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf, viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf, áhættulögin/skuldabréfin, reikningana, mótaðilana og upplýsingar um einkenni sem skipta máli fyrir tilbúnar verðbréfanir eða verðbréfanir lánavafninga.

12) Í þágu gagnsæis, ef ekki er hægt að gera upplýsingar aðgengilegar eða þær eru ekki tiltækar, ætti upphafsaðilinn, umsjónaraðilinn eða sérstaki verðbréfunaraðilinn að vekja athygli á og útskýra, á staðlaðan hátt, þær sértæku ástæður og aðstæður sem valda því að gögnin eru ekki tilkynnt. Í því skyni ætti að þróa nokkra valkosti fyrir „Engin gögn“ til að endurspegla núverandi venjur við birtingu upplýsinga um verðbréfun.

13) Valkostina „Engin gögn“ ætti eingöngu að nota þegar upplýsingar eru ekki tiltækar af réttlætanlegum ástæðum, þ.m.t. þegar sérstakur liður sem tilgreina skal er ekki tiltækur vegna misleitni í undirliggjandi áhættuskuldbindingum tiltekinnar verðbréfunar. Notkunin á valkostunum „Engin gögn“ ætti þó á engan hátt að valda sniðgöngu skýrslugjafarskyldna. Notkunin á valkostunum „Engin gögn“ ætti þess vegna að vera sannprófanleg á hlutlægan hátt og á viðvarandi grundvelli, einkum með því að veita lögbærum yfirvöldum hvenær sem er útskýringar, að fenginni beiðni þar um, á aðstæðunum sem leiddu til notkunarinnar á gildunum „Engin gögn“.

14) Fyrir nákvæmnisakir ættu upplýsingar sem tilkynntar eru að vera uppfærðar. Upplýsingar sem gerðar eru aðgengilegar ættu þess vegna að hafa vísun í tímabil sem er eins nálægt framlagningardeginum og mögulegt er, að teknu tilhlýðilegu tilliti til rekstrarlegra aðgerða sem upphafsaðilinn, umsjónaraðilinn eða sérstaki verðbréfunaraðilinn gera til að skipuleggja og leggja fram tilskildar upplýsingar.

15) Ákvæðin í þessari reglugerð tengjast náið þar sem þau fást við upplýsingar um verðbréfun sem upphafsaðili, umsjónaraðili eða sérstakur verðbréfunaraðili þeirrar verðbréfunar eiga að gera aðgengilegar ýmsum aðilum eins og krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem taka ættu gildi á sama tíma og til að gera mögulega yfirgripsmikla yfirsýn og skilvirkan aðgang að öllum upplýsingum um verðbréfun sem skipta máli er æskilegt að fella tæknilegu framkvæmdarstaðlana inn í eina reglugerð.

16) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

17) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([6]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „gagnaskilaaðili“: aðilinn sem tilnefndur er í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2) „lokadagsetning fyrir gögn“: viðmiðunardagsetningin fyrir upplýsingarnar sem tilkynntar eru í samræmi við þessa reglugerð,

3) „virk undirliggjandi áhættuskuldbinding“: undirliggjandi áhættuskuldbinding sem, á lokadagsetningunni fyrir gögn, búast má við að myndi inn- eða útstreymi handbærs fjár í framtíðinni,

4) „óvirk undirliggjandi áhættuskuldbinding“: undirliggjandi áhættuskuldbinding sem er í vanskilum án frekari væntinga um endurheimtur eða sem hefur verið innleyst, fyrirframgreidd, niðurfelld, endurkeypt eða skipt út,

5) „skuldaþekjuhlutfall“: árlegar leigutekjur af viðskiptahúsnæði sem að fullu eða hluta til er fjármagnað með skuldum, að frádregnum sköttum og rekstrarkostnaði vegna viðhalds á eigninni, í hlutfalli við árlegar samanlagðar vaxta- og höfuðstólsendurgreiðslur af heildarskuld lántaka yfir tiltekið tímabil lánsins sem tryggt er með eigninni,

6) „vaxtaþekjuhlutfall“: vergar árlegar leigutekjur, fyrir rekstrarkostnað og skatta, af eign sem keypt er til útleigu eða hreinar árlegar leigutekjur af viðskiptahúsnæði eða fleiri eignum í hlutfalli við árlegan vaxtakostnað af láninu sem tryggt er með eigninni eða fleiri eignum.

1. ÞÁTTUR

Upplýsingar sem gera skal aðgengilegar fyrir allar verðbréfanir

2. gr.

Upplýsingar um undirliggjandi áhættuskuldbindingar

1. Upplýsingarnar sem gera skal aðgengilegar vegna verðbréfunar án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa skv. a-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 eru tilgreindar í:

a) II. viðauka fyrir lán til einkaheimila sem tryggð eru með íbúðarhúsnæði, óháð tilganginum með þessum lánum,

b) III. viðauka fyrir lán í þeim tilgangi að kaupa viðskiptahúsnæði eða sem tryggt er með viðskiptahúsnæði,

c) IV. viðauka fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækis, þ.m.t. undirliggjandi áhættuskuldbindingar vegna örfyrirtækja, lítilla og meðalstórra fyrirtækja,

d) V. viðauka fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar vegna bifreiða, þ.m.t. bæði lán og kaupleigusamningar til lögaðila eða einstaklinga með bifreiðar sem tryggingu,

e) VI. viðauka fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar vegna neytendalána,

f) VII. viðauka fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar vegna kreditkorta,

g) VIII. viðauka fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar vegna leigumála,

h) IX. viðauka fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem ekki falla innan neins af flokkunum í a- til g-liðum.

Að því er varðar a-lið merkir íbúðarhúsnæði sérhverja þá fasteign sem tiltæk er í þeim tilgangi að dvelja í (þ.m.t. húsnæði eða eign sem keypt er til útleigu), sem einkaheimili hefur keypt, byggt eða endurnýjað og sem ekki telst vera viðskiptahúsnæði.

Að því er varðar b-lið merkir viðskiptahúsnæði sérhverja tekjuskapandi fasteign, annað hvort tilbúna eða í byggingu, að undanskildu félagslegu húsnæði og eign í eigu endanlegs notanda.

2. Ef verðbréfun án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa inniheldur fleiri en eina tegund undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem skráðar eru í 1. mgr., skal gagnaskilaaðilinn fyrir þá verðbréfun gera upplýsingarnar sem tilgreindar eru í viðeigandi viðauka aðgengilegar fyrir hverja tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

3. Gagnaskilaaðilinn fyrir verðbréfun sem er með vanefnda áhættuskuldbindingu skal gera aðgengilegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í:

a) viðaukunum sem um getur í a- til h-liðum 1. mgr., eftir því sem á við fyrir þá tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar,

b) X. viðauka.

Að því er varðar þessa málsgrein, skal verðbréfun með vanefnda áhættuskuldbindingu talin vera verðbréfun án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa þar sem meirihluti virkra undirliggjandi áhættuskuldbindinga, mælt með tilliti til útistandandi eftirstöðva höfuðstóls eins og á lokadagsetningunni fyrir gögn, er eitt af eftirfarandi:

a) vanefndar áhættuskuldbindingar eins og um getur í 213. til 239. mgr. V. viðauka 2. hluta við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 ([7]),

b) virðisrýrðar fjáreignir eins og skilgreint er í viðauka A við alþjóðlegan reikningsskilastaðal 9 í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ([8]) eða fjáreignir sem færðar eru sem virðisrýrðar samkvæmt landsbundnum reglum um beitingu góðra reikningsskilavenja (GAAP) er byggja á tilskipun ráðsins 86/635/EBE ([9]).

4. Gagnaskilaaðilinn fyrir viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf skal gera aðgengilegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í XI. viðauka.

5. Að því er varðar þessa grein skulu upplýsingarnar sem gera á aðgengilegar skv. 1. til 4. mgr. eiga við um:

a) virkar undirliggjandi áhættuskuldbindingar á lokadagsetningunni fyrir gögn,

b) óvirkar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem voru virkar undirliggjandi áhættuskuldbindingar á næstliðinni lokadagsetningu fyrir gögn.

3. gr.

Upplýsingar um fjárfestaskýrslur

1. Gagnaskilaaðilinn vegna verðbréfunar án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa skal gera aðgengilegar upplýsingarnar um fjárfestaskýrslur sem tilgreindar eru í XII. viðauka.

2. Gagnaskilaaðilinn vegna verðbréfunar eignatryggðra skammtímaskuldabréfa skal gera aðgengilegar upplýsingarnar um fjárfestaskýrslur sem tilgreindar eru í XIII. viðauka.

4. gr.

Sundurgreinanleiki upplýsinga

1. Gagnaskilaaðilinn skal gera aðgengilegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í II. til X. viðauka og XII. viðauka um eftirfarandi:

a) undirliggjandi áhættuskuldbindingar, í tengslum við hverja einstaka undirliggjandi áhættuskuldbindingu,

b) veðtryggingar, ef einhver af eftirfarandi skilyrðum eru uppfyllt og að því er varðar hvern lið veðsins til tryggingar hverri undirliggjandi áhættuskuldbindingu:

   i. undirliggjandi áhættuskuldbinding er tryggð með ábyrgðaryfirlýsingu,

   ii. undirliggjandi áhættuskuldbinding er tryggð með efnislegu eða fjárhagslegu veði,

   iii. lánveitandinn getur einhliða búið til tryggingu fyrir hinni undirliggjandi áhættuskuldbindingu án þess að þurfa frekara samþykki frá skuldaranum eða ábyrgðarveitandanum,

c) leigutaka, fyrir hvern þriggja stærstu leigutakanna sem umráð hafa yfir viðskiptahúsnæði, mælt sem árleg heildarleiga til greiðslu frá hverjum leigutaka í eigninni,

d) undangengnar innheimtur, fyrir hverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu og fyrir hvern mánuð á tímabilinu frá lokadagsetningunni fyrir gögn og allt að 36 mánuðum fyrir þá dagsetningu,

([7]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skýrslugjöf stofnana til eftirlitsyfirvalda samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. L 191, 28.6.2014, bls. 1).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1).

([9]) Tilskipun ráðsins 86/635/EBE frá 8. desember 1986 um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana (Stjtíð. EB L 372, 31.12.1986, bls. 1).

e) sjóðstreymi, fyrir hvern innstreymis- eða útstreymislið í verðbréfuninni, eins og sett er fram í gildandi forgangi fyrir tekjur eða greiðslur á lokadagsetningunni fyrir gögn,

f) prófanir/atburði/virkjandi atburði, fyrir hverja prófun/atburð/virkjandi atburð sem hefur í för með sér breytingar á forgangsröðun greiðslna eða útskipti einhverra mótaðila.

Að því er varðar a- og d-lið, skulu verðbréfaðir lánahlutar meðhöndlaðir sem einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

Að því er varðar b-lið skal hver eign sem er trygging fyrir lánum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 2. gr. meðhöndluð sem einstakur veðtryggingarliður.

2. Gagnaskilaaðilinn skal gera aðgengilegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í XI. og XIII. viðauka um eftirfarandi:

a) viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf, fyrir eins mörg viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf og eru í áætluninni um eignatryggð skammtímaskuldabréf á lokadagsetningunni fyrir gögn,

b) hverja áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf sem á lokadagsetningunni fyrir gögn fjármagnar viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf sem upplýsingar eru gerðar aðgengilegar um skv. a-lið,

c) prófanir/atburði/virkjandi atburði, fyrir hverja prófun/atburð/virkjandi atburð í verðbréfun eignatryggðra skammtímaskuldabréfa sem hefur í för með sér breytingar á forgangsröðun greiðslna eða útskipti einhverra mótaðila,

d) undirliggjandi áhættuskuldbindingar, fyrir hver viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf sem upplýsingar eru gerðar aðgengilegar um skv. a-lið og fyrir hverja tegund áhættuskuldbindingar sem er með í þeim viðskiptum með eignatryggð skammtímaskuldabréf, á lokadagsetningunni fyrir gögn, í samræmi við skrána í reit IVAL5 í XI. viðauka.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingar sem gera skal aðgengilegar um verðbréfanir sem semja verður lýsingu fyrir (opinberar verðbréfanir)

5. gr.

Liðakóðar

Gagnaskilaaðilar skulu úthluta liðakóðum á upplýsingarnar sem gerðar eru aðgengilegar verðbréfunarviðskiptaskrám. Í þessum tilgangi skulu gagnaskilaeiningar úthluta þeim liðakóða sem tilgreindur er í töflu 3 í I. viðauka sem samsvarar best þeim upplýsingum.

6. gr.

Innherjaupplýsingar

1. Gagnaskilaaðilinn vegna verðbréfunar án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa skal gera aðgengilegar innherjaupplýsingarnar sem tilgreindar eru í XIV. viðauka.

2. Gagnaskilaaðilinn vegna verðbréfunar eignatryggðra skammtímaskuldabréfa skal gera aðgengilegar innherjaupplýsingarnar sem tilgreindar eru í XV. viðauka.

7. gr.

Upplýsingar um mikilvæga atburði

1. Gagnaskilaaðilinn vegna verðbréfunar án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa skal gera aðgengilegar upplýsingarnar um mikilvæga atburði sem tilgreindir eru í XIV. viðauka.

2. Gagnaskilaaðilinn vegna verðbréfunar eignatryggðra skammtímaskuldabréfa skal gera aðgengilegar upplýsingarnar um mikilvæga atburði sem tilgreindir eru í XV. viðauka.

8. gr.

Sundurgreinanleiki upplýsinga

1. Gagnaskilaaðilinn skal gera aðgengilegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í XIV. viðauka um eftirfarandi:

a) áhættulögin/skuldabréfin í verðbréfuninni, fyrir hverja útgáfu áhættulags í verðbréfuninni eða annan gerning sem hefur verið úthlutað ISIN-númeri og fyrir hvert víkjandi lán í verðbréfuninni,

b) reikninga, fyrir hvern reikning í verðbréfuninni,

c) mótaðila, fyrir hvern mótaðila í verðbréfuninni,

d) ef verðbréfunin er tilbúin verðbréfun án eignatryggðra skammtímabréfa:

   i. tilbúna þekju, fyrir allt varnarfyrirkomulag sem til staðar er í verðbréfuninni,

   ii. veð útgefanda, fyrir hverja einstaka veðeign sem sérstaki verðbréfunaraðilinn heldur fyrir hönd fjárfesta og til staðar er fyrir hið tiltekna varnarfyrirkomulag,

e) ef verðbréfunin er lánavafningur (CLO) sem ekki er verðbréfun eignatryggðra skammtímaskuldabréfa:

   i. stjórnanda lánavafnings, fyrir hvern stjórnanda lánavafnings í verðbréfuninni,

   ii. verðbréfun lánavafningsins.

Að því er varðar ii. lið d-liðar, skal meðhöndla hverja eign sem til er ISIN-númer fyrir sem einstaka veðeign, reiðufjárveð í sama gjaldmiðli skal leggja saman og meðhöndla sem einstaka veðeign og reiðufjárveð í mismunandi gjaldmiðlum skal tilgreina sem aðskildar veðeignir.

2. Gagnaskilaaðilinn skal gera aðgengilegar upplýsingarnar sem tilgreindar eru í XV. viðauka um eftirfarandi:

a) viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf, fyrir eins mörg viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf og eru í áætluninni um eignatryggð skammtímaskuldabréf á lokadagsetningunni fyrir gögn,

b) áætlanir um eignatryggð skammtímaskuldabréf, fyrir eins margar áætlanir um eignatryggð skammtímaskuldabréf og, á lokadagsetningunni fyrir gögn, fjármagna viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf sem upplýsingar eru gerðar aðgengilegar um skv. a-lið,

c) áhættulögin/skuldabréfin í áætluninni um eignatryggð skammtímaskuldabréf, fyrir hverja útgáfu áhættulags eða skammtímabréfs í verðbréfuninni eða annan gerning sem hefur verið úthlutað ISIN-númeri og fyrir hvert víkjandi lán í áætluninni um eignatryggð skammtímaskuldabréf,

d) reikninga, fyrir hvern reikning í verðbréfun eignatryggðu skammtímaskuldabréfanna,

e) mótaðila, fyrir hvern mótaðila í verðbréfun eignatryggðu skammtímaskuldabréfanna.

3. ÞÁTTUR

Almenn ákvæði

9. gr.

Heilleiki og samkvæmni upplýsinga

1. Upplýsingarnar sem gerðar eru aðgengilegar samkvæmt þessari reglugerð skulu vera heildstæðar og samkvæmar.

2. Ef gagnaskilaaðilinn sannreynir að staðreyndavillur séu í einhverjum af upplýsingunum sem hann hefur gert aðgengilegar samkvæmt þessari reglugerð, skal hann gera aðgengilega, án ástæðulausrar tafar, leiðrétta skýrslu með öllum upplýsingum um verðbréfunina sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð.

3. Ef heimilt er samkvæmt tilsvarandi viðauka getur gagnaskilaaðilinn tilgreint eitt af eftirfarandi gildum fyrir valkostinn „Engin gögn“ („ND“) sem samsvarar ástæðunni sem réttlætir óaðgengileika upplýsinganna sem gera á aðgengilegar:

a) gildi „ND1“, ef tilskildum upplýsingum hefur ekki verið safnað vegna þess ekki var gerð krafa um það samkvæmt lána- eða útlánaviðmiðunum við uppruna hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar,

b) gildi „ND2“, ef tilskildum upplýsingum hefur verið safnað við útgáfu hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar en ekki verið hlaðið inn í tilkynningakerfi gagnaskilaaðilans á lokadagsetningunni fyrir gögn,

c) gildi „ND3“, ef tilskildum upplýsingum hefur verið safnað við útgáfu hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar en verið hlaðið inn í annað kerfi en tilkynningakerfi gagnaskilaaðilans á lokadagsetningunni fyrir gögn,

d) gildi „ND4-ÁÁÁÁ-MM-DD“, ef tilskildum upplýsingum hefur verið safnað en eingöngu verður mögulegt að gera þær aðgengilegar eftir lokadagsetninguna fyrir gögn, „ÁÁÁÁ-MM-DD“ skal eftir því sem við á vísa til talnanna fyrir ár, mánuð og dag sem samsvara þeim framtíðardegi sem tilskildar upplýsingar verða gerðar aðgengilegar,

e) gildi „ND5“, ef tilskildar upplýsingar eiga ekki við um liðinn sem tilgreindur er.

Að því er varðar þessa málsgrein, skal tilgreiningin á ND gildi ekki notuð til að sniðganga kröfurnar í þessarar reglugerð.

Að fenginni beiðni þar um frá lögbærum yfirvöldum skal gagnaskilaaðilinn veita nánari upplýsingar um aðstæðurnar sem réttlæta notkunina á þessum ND gildum.

10. gr.

Tímanleiki upplýsinga

1. Ef verðbréfun er ekki í eignatryggðum skammtímaskuldabréfum skulu upplýsingarnar sem gerðar eru aðgengilegar samkvæmt þessari reglugerð ekki vera með lokadagsetningu fyrir gögn síðar en tveimur almanaksmánuðum fyrir framlagningardaginn.

2. Ef verðbréfun er verðbréfun eignatryggðra skammtímaskuldabréfa:

a) skulu upplýsingarnar sem tilgreindar eru í XI. viðauka og í „þætti með upplýsingum um viðskipti“ í XIII. og XV. viðauka skulu ekki vera með lokadagsetningu fyrir gögn síðar en tveimur almanaksmánuðum fyrir framlagningardaginn,

b) upplýsingarnar sem tilgreindar eru í öllum þáttum XIII. og XV. viðauka, aðrar en í „þætti með upplýsingum um viðskipti“, skulu ekki vera með lokadagsetningu fyrir gögn síðar en einum almanaksmánuði fyrir framlagningardaginn,

11. gr.

Einkvæm auðkenni

1. Hverri verðbréfun skal úthlutað einkvæmu auðkenni sem samanstendur af eftirfarandi atriðum, raðbundið:

a) LEI-auðkenni gagnaskilaaðilans,

b) bókstafnum „A“ þegar verðbréfunin er verðbréfun eignatryggðra skammtímaskuldabréfa eða bókstafnum „N“ þegar verðbréfunin er án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa,

c) árinu með fjórum tölustöfum sem vísar til:

   i. ársins sem fyrstu verðbréfin í verðbréfuninni voru gefin út, ef verðbréfunin er án eignatryggðra skammtím-askuldabréfa,

   ii. ársins sem fyrstu verðbréfin í áætluninni um eignatryggð skammtímaskuldabréf voru gefin út, ef verðbréfunin er verðbréfun eignatryggðra skammtímaskuldabréfa,

d) tölunni 01 eða, ef fleiri en ein verðbréfun er með sama auðkenni eins og um getur í a-, b- og c-liðum, tveggja stafa raðtölu sem samsvarar röðinni sem upplýsingar um hverja verðbréfun eru gerðar aðgengilegar. Röðin á verðbréfunum sem gerast samtímis skal ákveðin á grundvelli umboðs til ákvarðanatöku.

2. Hverjum viðskiptum með eignatryggð skammtímaskuldabréf í áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf skal úthlutað einkvæmt auðkenni sem samanstendur af eftirfarandi þáttum, raðbundið:

a) LEI-auðkenni gagnaskilaaðilans,

b) bókstafnum „T“,

c) árinu með fjórum tölustöfum sem vísar til fyrstu lokadagsetningar viðskiptanna með eignatryggð skammtímaskuldabréf,

d) tölunni 01 eða, ef fleiri en ein viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf eru með sama auðkenni eins og um getur í a-, b- og c-liðum þessarar málsgreinar, tveggja stafa raðtölu sem samsvarar röðinni á fyrstu lokadagsetningu hverra viðskipta með eignatryggð skammtímaskuldabréf. Röðin á viðskiptum með eignatryggð skammtímaskuldabréf sem gerast samtímis skal ákveðin á grundvelli umboðs til ákvarðanatöku.

3. Gagnaskilaaðilinn skal ekki breyta einkvæmu auðkennunum.

12. gr.

Tilgreining á flokkun

1. Upplýsingarnar sem varða flokkun evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (ESA) 2010 sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 ([10]) skal gerð aðgengileg með notkun kóðanna sem settir eru fram í töflu 1 í I. viðauka.

2. Upplýsingarnar sem varða flokkanirnar í vöktunarskrár umsýslustofnunar skal gerð aðgengileg með notkun kóðanna sem settir eru fram í töflu 2 í I. viðauka.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu (Stjtíð. ESB. L 174, 26.6.2013, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Tafla 1: Öryggiskóðar evrópska þjóðhagsreikningakerfisins (ESA)

Geirar	Undirgeirar	ESA-kóði
Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki	Opinber fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki	S.11001
	Landsbundin fyrirtæki í einkaeigu, önnur en fjármálafyrirtæki	S.11002
	Fyrirtæki undir yfirráðum erlendra aðila, önnur en fjármálafyrirtæki	S.11003
Peningastofnanir (MFI)	Seðlabanki	S.121
	Opinberar innlánsstofnanir, aðrar en seðlabankinn	S.12201
	Landsbundnar innlánsstofnanir í einkaeigu, aðrar en seðlabankinn	S.12202
	Innlánsstofnanir undir yfirráðum erlendra aðila, aðrar en seðlabankinn	S.12203
	Opinberir peningamarkaðssjóðir (MMF)	S.12301
	Landsbundnir peningamarkaðssjóðir í einkaeigu	S.12302
	Peningamarkaðssjóðir undir yfirráðum erlendra aðila	S.12303
Fjármálafyrirtæki, önnur en peningastofnanir, vátryggingafélög og lífeyrissjóðir	Opinberir fjárfestingarsjóðir, aðrir en peningamarkaðssjóðir	S.12401
	Landsbundnir fjárfestingarsjóðir í einkaeigu, aðrir en peningamarkaðssjóðir	S.12402
	Fjárfestingarsjóðir undir yfirráðum erlendra aðila, aðrir en peningamarkaðssjóðir	S.12403
	Aðrir opinberir fjármálamilliliðir, nema vátryggingafélög og lífeyrissjóðir	S.12501
	Aðrir landsbundnir opinberir fjármálamilliliðir í einkaeigu, nema vátrygg-ingafélög og lífeyrissjóðir	S.12502
	Aðrir opinberir fjármálamilliliðir undir yfirráðum erlendra aðila, nema vátryggingafélög og lífeyrissjóðir	S.12503
	Opinberir þjónustuaðilar við fjármálafyrirtæki	S.12601
	Landsbundnir þjónustuaðilar við fjármálafyrirtæki í einkaeigu	S.12602
	Þjónustuaðilar við fjármálafyrirtæki undir yfirráðum erlendra aðila	S.12603
	Opinberar bundnar fjármálastofnanir og lánveitendur	S.12701
	Landsbundnar bundnar fjármálastofnanir og lánveitendur í einkaeigu	S.12702
	Bundnar fjármálastofnanir og lánveitendur undir yfirráðum erlendra aðila	S.12703

Vátryggingafélög og lífeyrissjóðir	Opinber vátryggingafélög	S.12801
	Landsbundin vátryggingafélög í einkaeigu	S.12802
	Vátryggingafélög undir yfirráðum erlendra aðila	S.12803
	Opinberir lífeyrissjóðir	S.12901
	Landsbundnir lífeyrissjóðir í einkaeigu	S.12902
	Lífeyrissjóðir undir yfirráðum erlendra aðila	S.12903
Önnur	Opinber yfirvöld	S.13
	Ríkisstjórn (að undanskildum almannatryggingasjóðum)	S.1311
	Fylkisstjórn (að undanskildum almannatryggingasjóðum)	S.1312
	Sveitarfélög (að undanskildum almannatryggingasjóðum)	S.1313
	Almannatryggingasjóðir	S.1314
	Heimili	S.14
	Vinnuveitendur og einyrkjar	S.141+S.142
	Launþegar	S.143
	Viðtakendur eigna- og yfirfærslutekna	S.144
	Viðtakendur eignatekna	S.1441
	Viðtakendur lífeyris	S.1442
	Viðtakendur annarra yfirfærslna	S.1443
	Stofnun sem er ekki rekin í hagnaðarskyni og þjónar heimilum	S.15
	Aðildarríki Evrópusambandsins	S.211
	Stofnanir og aðilar Evrópusambandsins	S.212
	Lönd utan Sambandsins og alþjóðastofnanir sem ekki eru með aðsetur í Evrópusambandinu	S.22

Tafla 2: Kóðar fyrir vöktunarskrá umsýslustofnunar

Kóði fyrir vöktunarskrá umsýslustofnunar	**Merking**	**Viðmiðunarmörk innfærslu**	**Viðmiðunarmörk fjarlægingar**
1A	Afborganir og vaxtagreiðslur í vanskilum	2 greiðslum á eftir	Eftirstöðvar gerðar upp og lán í skilum. Áfram á vöktunarskrá í 2 ársfjórðunga/tímabil

1B	Endurnýjun vátryggingar í vanskilum eða þvinguð tryggingarvernd	30 dagar fram yfir	Móttaka sönnunar um fullnægjandi vátryggingu
1C	Vaxtaþekjuhlutfall undir arðsemisgildru.	Vaxtaþekjuhlutfall < tilskilinn lánasamningur (reiðufjárgildra eða vanskilastig), Vaxtaþekjuhlutfall < 1,00 fyrir hvert einstakt lán	Vaxtaþekjuhlutfall yfir viðmiðunarmörkum
1D	Skuldaþekjuhlutfall, algildisstig	Skuldaþekjuhlutfall < 1,00, Skuldaþekjuhlutfall < 1,20 fyrir heilsugæslu og húsaskjól, eða fyrir hvert einstakt lán	Skuldaþekjuhlutfall yfir viðmiðunarmörkum
1E	Skuldaþekjuhlutfall lækkar frá „dagsetningu verðbréfunar“	Skuldaþekjuhlutfall < 80% af þekjuhlutfalli vegna greiðslu skulda á „dagsetningu verðbréfunar“	Skuldaþekjuhlutfall yfir viðmiðunarmörkum. Áfram á vöktunarskrá í 2 ársfjórðunga/tímabil
1F	Í vanskilum, gjaldfallið eða uppgötvað áður óuppgefið víkjandi veðband, þ.m.t. millilagsfjármögnunarlán (e. *mezzanine loan*).	Þegar umsýslustofnun móttekur tilkynningu	Bætt hefur verið úr vanefndum eða umsýslustofnun samþykkt víkjandi lán
1G	Sérhver ófyrirséð úttekt bankaábyrgðar, varasjóðs fyrir greiðslubyrði eða rekstrarfjár til að greiða afborgun af láni	Sérhver atburður fyrir hvert einstakt lán.	Eftir útskiptingu fjármagns eða bankaábyrgðar, ef krafist er samkvæmt skjölunum, annars eftir tvær vaxtagreiðsludagsetningar án frekari úttekta
2A	Mikilvægar endurbætur sem krafist er og frestað til lokadagsetningar, eða á annan hátt kunngerðar umsýsluaðilanum, en ekki lokið á gjalddaga	Ef tilskildum endurbótum er ekki lokið 60 dögum eftir gjalddagann (þ.m.t. framlengingar sem umsýslustofnunin samþykkir) og svara því lægra af 10% af ógreiddum eftirstöðvum höfuðstóls eða 250.000 evrum	Fullnægjandi sannprófun um að endurbótum sé lokið
2B	Sérhverjir annmarkar á útgjaldaáætlun sem krafist er (þ.e.: fjárfestingaútgjöld, húsgögn, aðbúnaður og tæki)	Sérhver vitneskja um annmarka sem hefur neikvæð áhrif á árangurinn af eða virðið á eigninni, fyrir hvert einstakt lán/umtalsvert (> 5% af eftirstöðvum láns)	Þegar bætt hefur verið úr annmörkun áætlunar
2C	Virkjandi atburður sem lýst er í húsnæðislánaskjölunum á sér stað. (t.d. tilskilin niðurgreiðsla láns, viðbótar varasjóðir, brot á lágmarks viðmiðunarmörkum, o.s.frv.)	Sérhver atburður	Úrbætur vegna atburðarins sem kallaði á viðbrögð samkvæmt veðlánaskjölunum
2D	Sannprófun á rekstrarárangri. Leiguyfirlit eða rekstraruppgjör er ófullnægjandi eða ekki afhent, o.s.frv.	Sérhver atburður innan 6 mánaða eða lengur	Úrbætur vegna atburðarins sem kallaði á viðbrögð samkvæmt veðlánaskjölunum

2E	Vanefndir á rekstrarleyfi eða sérleyfissamningi	Þegar umsýslustofnun móttekur tilkynningu	Nýtt sérleyfi eða leyfi, eða bætt úr vanefndum samkvæmt sérleyfi eða leyfi — samkomulag um tengsl
2F	Gjaldþrot lántaka/eiganda/ umsjónaraðila eða svipaður atburður (t.d. fyrirkomulag/málsmeðferð ógjaldfærni, gjaldþrots, skiptameðferðar, félagsslita, frumkvæðis að nauðasamningum félags (CVA)/nauðasamningar einstaklings (IVA)), verður viðfangsefni fyrirmæla um slitameðferð, gjaldþrotsbeiðni eða annars.	Þegar umsýslustofnun móttekur tilkynningu	Haldið á vöktunarskrá fram að vaxtagreiðsludegi eftir að bætt hefur verið úr annmörkum.
3A(i)	Skoðun leiðir í ljós slæmt ástand	Sérhver atburður fyrir hvert einstakt lán/umtalsvert 5% > af hreinum leigutekjum (NRI)	Ákvörðun umsýslustofnunar um að bætt hafi verið úr annmörkum á eign eða aðgangur heimilaður og skoðun lokið
3A(ii)	Skoðun leiðir í ljós slæmt aðgengi	Sérhver atburður fyrir hvert einstakt lán/umtalsvert 5% > af hreinum leigutekjum (NRI)	Ákvörðun umsýslustofnunar um að bætt hafi verið úr annmörkum á eign eða aðgangur heimilaður og skoðun lokið
3B	Skoðun leiðir í ljós vandamál skaðleg umhverfinu	Sérhver atburður	Ákvörðun umsýslustofnunar um að bætt hafi verið úr annmörkum á eign
3C	Eignir sem verða fyrir áhrifum af meiriháttar tjóni eða málsmeðferð vegna eignarnáms sem hefur áhrif á framtíðarsjóðstreymi, virði/hnignun/forsjá.	Þegar umsýslustofnun verður vör við vandamál og það hefur áhrif á > 10% af virði eða 500.000 evrur	Ákvörðun umsýslustofnunar um að öllum nauðsynlegum viðgerðum hafi verið lokið á fullnægjandi hátt eða málsmeðferðum til eignasviptingar hafi verið lokið og eignin getur skilað viðunandi árangri
4A	Minnkun umráða yfir heildareignasafni fasteigna	20% minni en stigið var við „Dagsetning verðbréfunar“, fyrir hvert einstakt lán	Þegar skilyrði eru ekki lengur fyrir hendi
4B	Sérhver leigutaki eða samsetning MIKILVÆGUSTU 3 LEIGUTAKA (byggt á vergri leigu) með kaupleigusamninga sem > 30% renna út innan næstu 12 mánaða.	Á eingöngu við um skrifstofu-, iðnaðar- og verslunarhúsnæði.	Þegar skilyrði eru ekki lengur fyrir hendi eða að ákvörðun umsýslustofnunar.
4C	Stór kaupleigusamningur leigutaka eða leigusamningar sem eru í vanskilum, fallnir úr gildi eða eru óljósir (Engin not, en leiga greidd)	> 30% hreinar leigutekjur	Þegar skilyrði eru ekki lengur fyrir hendi eða að ákvörðun umsýslustofnunar.
5A	Væntanlegur gjalddagi láns	< 180 dagar fram að gjalddaga	Lán uppgreitt.

Tafla 3: Tegundir og kóðar liða

Tegund liðar	Ákvæði greinar eða greina í reglugerð (ESB) 2017/2402	Liðakóði
Undirliggjandi áhættuskuldbindingar eða undirliggjandi viðskiptakröfur eða skuldakröfur	a-liður 1. mgr. 7. gr.	1
Fjárfestaskýrsla	e-liður 1. mgr. 7. gr.	2
Endanleg tilboðsskjöl, lýsing, lokaskjöl um viðskiptin, að undanskildum lögfræðiálitum	i. liður b-liðar 1. mgr. 7. gr.	3
Eignasölusamningur, framsals-, aðilaskipta- eða yfirfærslusamningur, allar viðkomandi fjárvörsluyfirlýsingar	ii. liður b-liðar 1. mgr. 7. gr.	4
Afleiðu- og ábyrgðarsamningar, öll viðkomandi skjöl um fyrirkomulag veðtryggingar þegar áhættuskuldbindingarnar sem verið er að verðbréfa eru áfram áhættuskuldbindingar upphafsaðilans	iii. liður b-liðar 1. mgr. 7. gr.	5
Samningar um umsýslu, umsýslu til vara (e. *back-up servicing*), stjórnsýslu og lausafjárstýringu	iv. liður b-liðar 1. mgr. 7. gr.	6
Vörslusamningur, tryggingarskjal, umboðssamningur, samningur við reikningsbanka, samningur um tryggða fjárfestingu, innfelldir skilmálar eða rammi um höfuðsjóð eða aðalsamning um skilgreiningar eða slík lagaleg skjöl með samsvarandi lagalegt gildi	v. liður b-liðar 1. mgr. 7. gr.	7
Samningar milli kröfuhafa, skjöl um afleiður, samningar um víkjandi lán, lánasamningar við sprotafyrirtæki og samningar um lausafjárfyrirgreiðslu	vi. liður b-liðar 1. mgr. 7. gr.	8
Sérhver önnur undirliggjandi skjöl sem mikilvæg eru til skilnings á viðskiptunum	b-liður 1. mgr. 7. gr.	9
Einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar tilkynningar skv. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402	d-liður 1. mgr. 7. gr.	10
Innherjaupplýsingar sem varða verðbréfunina sem upphafsaðilinn, umsjónaraðilinn eða sérstaki verðbréfunaraðilinn er skyldugur að birta opinberlega í samræmi við 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 596/2014 ([1])	f-liður 1. mgr. 7. gr.	11
Mikilvægur atburður, s.s.: i. umtalsvert brot á skuldbindingunum sem mælt er fyrir um í skjölunum sem gerð eru aðgengileg í samræmi við b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, þ.m.t. sérhvert úrræði, undanþága eða samþykki sem beitt er í kjölfarið í tengslum við slíkt brot, ii. breyting á kerfislægum þáttum sem getur haft veruleg áhrif á árangurinn af verðbréfuninni, iii. breyting í áhættueinkennum verðbréfunarinnar eða undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem getur haft veruleg áhrif á árangurinn af verðbréfuninni, iv. ef um er að ræða STS-verðbréfun, þegar verðbréfun uppfyllir ekki lengur kröfurnar um einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun eða þegar lögbær yfirvöld hafa gripið til aðgerða til úrbóta eða stjórnsýsluaðgerða, v. sérhver umtalsverð breyting á viðskiptaskjölunum.	g-liður 1. mgr. 7. gr.	12

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjtíð. ESB. L 173, 12.6.2014, bls. 1).

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM UNDIRLIGGJANDI ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR — ÍBÚÐARHÚSNÆÐI (RRE)

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
Þáttur með upplýsingum um undirliggjandi áhættuskuldbindingar				
RREL1	Einkvæmt auðkenni	Einkvæmt auðkenni sem gagnaskilaaðilinn úthlutar í samræmi við 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1224 ([1]).	NEI	NEI
RREL2	Upphaflegt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Einkvæmt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Auðkennið verður að vera ólíkt sérhverju öðru ytra auðkennisnúmeri, til að tryggja nafnleynd skuldarans. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
RREL3	Nýtt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Ef ekki er hægt að viðhalda upphaflega auðkenninu í reit RREL2 í þessum reit, þá færa inn nýja auðkennið hér. Ef engin breyting hefur orðið á auðkenninu, þá færa inn sama auðkenni og í RREL2. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
RREL4	Upphaflegt auðkenni skuldara	Upphaflegt einkvæmt auðkenni skuldara. Auðkennið verður að vera ólíkt sérhverju öðru ytra auðkennisnúmeri, til að tryggja nafnleynd skuldarans. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
RREL5	Nýtt auðkenni fyrir skuldara	Ef ekki er hægt að viðhalda upphaflega auðkenninu í reit RREL4 í þessum reit, þá færa inn nýja auðkennið hér. Ef engin breyting hefur orðið á auðkenninu, þá færa inn sama auðkenni og í RREL4. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
RREL6	Lokadagsetning fyrir gögn	Lokadagsetningin fyrir gögn fyrir þessa gagnaframlagningu.	NEI	NEI
RREL7	Dagsetning þegar bætist við safnið	Dagsetningin sem undirliggjandi áhættuskuldbinding var yfirfærð til sérstaka verðbréfunaraðilans. Fyrir allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar í safninu á lokadagsetningunni í fyrstu skýrslunni sem lögð var fram til verðbréfunarskrárinnar, ef þessar upplýsingar eru ekki aðgengilegar skal færa inn það síðara af: (i) lokadagsetningu verðbréfunarinnar og (ii) útgáfudegi undirliggjandi áhættuskuldbindingar.	NEI	JÁ
RREL8	Dagsetning endurkaupa	Dagsetningin sem undirliggjandi áhættuskuldbinding var endurkeypt af safninu.	NEI	JÁ
RREL9	Innlausnardagur	Dagsetningin sem reikningurinn var innleystur eða (fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar í vanskilum) dagsetningin þegar endurheimtuferlinu var lokið.	NEI	JÁ
RREL10	Heimilisfastur einstaklingur	Er upphaflegi skuldarinn heimilisfastur í landinu þar sem veðtrygginguna og undirliggjandi áhættuskuldbindingu eru að finna?	JÁ	NEI

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
RREL11	Landfræðileg svæði — skuldari	Landfræðilega svæðið (NUTS-flokkun 3) þar sem skuldarinn er staðsettur. Þar sem engin flokkun hagskýrslusvæða 3 (NUTS-flokkun 3) hefur verið útfærð af Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) (t.d. fyrir lögsögu utan ESB), skal færa inn tveggja tölustafa landskóðann á {COUNTRYCODE_2} sniði og þar á eftir „ZZZ“.	JÁ	NEI
RREL12	Landfræðileg flokkun	Færa skal inn árið fyrir NUTS-flokkun 3 sem notuð er í reitunum fyrir landfræðileg svæði, t.d. 2013 fyrir NUTS-flokkun 3 2013. Í öllum reitum fyrir landfræðileg svæði verður að nota sömu flokkun með samræmdum hætti fyrir hverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu og fyrir allar tegundir undirliggjandi áhættuskuldbindinga í gagnaframlagningunni. Til dæmis er í gagnaskilum ekki heimilt að nota NUTS-flokkun 3 2006 fyrir suma landfræðilega reiti varðandi tiltekna undirliggjandi áhættuskuldbindingu og NUTS-flokkun 3 2013 fyrir aðra reiti varðandi sömu áhættuskuldbindingu. Á sama hátt ekki heimilt að tilkynna um landfræðileg svæði í reitum með notkun NUTS-flokkunar 3 2006 fyrir sumar undirliggjandi áhættuskuldbindingar og með notkun NUTS-flokkunar 3 2013 fyrir aðrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar í sömu gagnaframlagningu.	JÁ	NEI
RREL13	Atvinnustaða	Atvinnustaða upphaflega skuldarans: Starfandi — einkageiri (EMRS) Starfandi — opinber geiri (EMBL) Starfandi — geiri óþekktur (EMUK) Atvinnulaus (UNEM) Sjálfstætt starfandi (SFEM) Ekki í starfi, skuldari er lögaðili (NOEM) Námsmaður (STNT) Lífeyrisþegi (PNNR) Annað (OTHR)	JÁ	NEI
RREL14	Skuldari með skert lánshæfi	Staðfesta, skv. 11. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, á þeim tíma sem þessi undirliggjandi áhættuskuldbinding var valin til yfirfærslu til sérstaka verðbréfunaraðilans, að áhættuskuldbindingin var hvorki í vanskilum í skilningi 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 né myndaði áhættuskuldbindingu vegna skuldara eða ábyrgðarveitanda með skert lánshæfi, sem, samkvæmt bestu vitund upphafsaðilans eða upphaflega lánveitandans: a) hefur verið lýstur ógjaldfær eða dómstóll veitt kröfuhöfum hans endanlegan óáfrýjanlegan rétt til fullnustuaðgerða eða bótagreiðslna vegna greiðslufalls innan þriggja ára fyrir dagsetningu útgáfunnar, eða hefur gengið í gegnum skuldaendurskipulagningu að því er varðar áhættuskuldbindingar hans í vanskilum innan þriggja ára fyrir yfirfærslu- eða framsalsdag hinna undirliggjandi áhættuskuldbindinga til sérstaka verðbréfunaraðilans, nema ef: i. endurskipulagning undirliggjandi áhættuskuldbindinga hefur ekki valdið nýjum vanskilum síðan á endurskipulagningardeginum, sem verður að hafa átt sér stað a.m.k. einu ári fyrir yfirfærslu- eða framsalsdag hinna undirliggjandi áhættuskuldbindinga til sérstaka verðbréfunaraðilans og	NEI	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
		ii. í upplýsingunum sem upphafsaðilinn, umsjónaraðilinn og sérstaki verðbréfunaraðilinn veita í samræmi við a-lið og i. lið e-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr., er með skýrum hætti sett fram hlutfall endurskipulagðra undirliggjandi áhættuskuldbindinga, tímasetningin og einstök atriði endurskipulagningarinnar sem og árangur af þeim frá endurskipulagningardeginum, b) var, við útgáfu, eftir atvikum, á opinberri vanskilaskrá yfir aðila með neikvæða lánasögu eða, ef engin slík opinber vanskilaskrá er til, á annarri vanskilaskrá sem er aðgengileg upphafsaðilanum eða upphaflega lánveitandanum, eða c) er með lánshæfismat eða lánshæfiseinkunn sem gefur til kynna að hættan á að samningsbundnar samþykktar greiðslur verði ekki inntar ef hendi sé umtalsvert meiri en fyrir sambærilegar áhættuskuldbindingar í eigu upphafsaðilans sem ekki eru verðbréfaðar. Endurskipulagning vísar til breytinga sem gerðar eru á samningsskilmálunum í samningnum um undirliggjandi áhættuskuldbindingu vegna ívilnunar, þ.m.t. greiðsluhlé, fjármögnun vanskilaskulda, breytingu á grunni eða vikmörkum vaxtastigs, gjöldum, viðurlögum, líftíma og/eða almennt samþykktum ráðstöfunum til endurskipulagningar vegna ívilnunar.		
RREL15	Tegund viðskiptavinar	Tegund viðskiptavinar við útgáfu: Nýr viðskiptavinur, sem ekki er starfsmaður/tengdur samstæðu upphafsaðilans (CNEO) Nýr viðskiptavinur, sem er starfsmaður/tengdur samstæðu upphafsaðilans (CEMO) Nýr viðskiptavinur, sem ekki er skráð hvort er starfsmaður/tengdur (CNRO) Núverandi viðskiptavinur, sem ekki er starfsmaður/tengdur samstæðu upphafsaðilans (ENEO) Núverandi viðskiptavinur, sem er starfsmaður/tengdur samstæðu upphafsaðilans (EEMO) Núverandi viðskiptavinur, sem ekki er skráð hvort er starfsmaður/tengdur (ENRO) Annað (OTHR)	JÁ	NEI
RREL16	Frumtekjur	Árstekjur upphaflega skuldarans sem notaðar eru til að tryggja undirliggjandi áhættuskuldbindingu við uppruna hennar. Ef upphaflegi skuldarinn er lögaðili/eining, færa inn árstekjur þess skuldara. Gefa skal upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	NEI
RREL17	Tegund frumtekna	Gefa upp hvaða tekjur eru sýndar í RREL16: Vergar árstekjur (GRAN) Hreinar árstekjur (án skatts og almannatrygginga) (NITS)	JÁ	NEI

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
		Hreinar árstekjur (án skatts eingöngu) (NITX) Hreinar árstekjur (án almannatrygginga eingöngu) (NTIN) Áætlaðar hreinar árstekjur (án skatts og almannatrygginga) (ENIS) Áætlaðar hreinar árstekjur (án skatts eingöngu) (EITX) Áætlaðar hreinar árstekjur (án almannatrygginga eingöngu) (EISS) Ráðstöfunartekjur (DSPL) Lántaki er lögaðili (CORP) Annað (OTHR)		
RREL18	Gjaldmiðill frumtekna	Gjaldmiðill sem tekjur upphaflega skuldarans eru greiddar í.	JÁ	NEI
RREL19	Sannprófun frumtekna	Sannprófun frumtekna: Sjálfvottað, engin athugun (SCRT) Sjálfvottað, með staðfestingu á að sé viðráðanlegt (SCNF) Staðfest (VRFD) Óstaðfestar tekjur eða flýtimeðferð (e. *Fast Track*) (NVRF) Upplýsingar eða einkunn lánshæfismatsfyrirtæki (SCRG) Annað (OTHR)	JÁ	NEI
RREL20	Aukatekjur	Árlegar tekjur annars skuldarans sem notaðar eru til að tryggja undirliggjandi áhættuskuldbindingu við uppruna hennar. Ef annar skuldarinn er lögaðili/eining, færa inn árstekjur þess skuldara. Þegar fleiri en tveir skuldarar eru í þessari undirliggjandi áhættuskuldbindingu, gefa upp sameinaðar árlegar heildartekjur allra skuldara í þessum reit. Gefa skal upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
RREL21	Sannprófun aukatekna	Tekjusannprófun fyrir aukatekjur: Sjálfvottað, engin athugun (SCRT) Sjálfvottað, með staðfestingu á að sé viðráðanlegt (SCNF) Staðfest (VRFD) Óstaðfestar tekjur eða flýtimeðferð (e. *Fast Track*) (NVRF) Upplýsingar eða einkunn lánshæfismatsfyrirtæki (SCRG) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
RREL22	Sérstök áætlun	Ef undirliggjandi áhættuskuldbinding lýtur einhverju sérstöku fyrirkomulagi innan opinbera geirans, færa inn fullt heiti á fyrirkomulaginu (án skammstafana) hér.	JÁ	JÁ
RREL23	Útgáfudagur	Dagsetning fyrirframgreiðslu fyrir upphaflega undirliggjandi áhættuskuldbindingu.	JÁ	NEI

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
RREL24	Gjalddagi	Gjalddagi undirliggjandi áhættuskuldbindingar eða þegar kaupleigusamningur rennur út.	NEI	JÁ
RREL25	Upphaflegur gildistími	Upphaflegur samningsbundinn gildistími (fjöldi mánaða) á útgáfudeginum.	JÁ	JÁ
RREL26	Útgáfufarvegur	Útgáfufarvegur undirliggjandi áhættuskuldbindingar: Skrifstofu- eða útibúanet (BRAN) Miðlægt eða beint (DRCT) Miðlari (BROK) Netið (WEBI) Pakki (TPAC) Farvegur í gegnum þriðja aðila en að fullu tryggt af upphafsaðilanum (TPTC) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
RREL27	Tilgangur	Ástæðan fyrir að skuldarinn tekur lánið: Kaup (PURC) Viðbótarveðlán (RMRT) Endurnýjun (RENV) Innlausn eigin fjár úr fasteign (EQRE) Byggingarframkvæmdir (CNST) Skuldasameining (DCON) Viðbótarveðlán með innlausn eigin fjár úr fasteign (RMEQ) Fjármögnun rekstrar (BSFN) Samsett veðlán (CMRT) Fjárfestingarveðlán (IMRT) Réttur til að kaupa (RGBY) Ríkisstyrkt lán (GSPL) Annað (OTHR)	JÁ	NEI
RREL28	Uppgefinn gjaldmiðill	Gjaldmiðillinn sem undirliggjandi áhættuskuldbinding er gefin upp í.	NEI	NEI
RREL29	Upphaflegar eftirstöðvar höfuðstóls	Upphaflegar eftirstöðvar undirliggjandi áhættuskuldbindingar (að meðtöldum gjöldum). Þetta vísar til eftirstöðva undirliggjandi áhættuskuldbindingar á útgáfudegi undirliggjandi áhættuskuldbindingar, ekki á söludegi hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar til sérstaka verðbréfunaraðilans eða á lokadagsetningu verðbréfunarinnar. Gefa skal upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ

ESTL1	Einkvæmt auðkenni	Einkvæmt auðkenni sem gagnaskilaaðilinn úthlutar í samræmi við 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224.	NEI	NEI
ESTL2	Upphaflegt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Einkvæmt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Auðkennið verður að vera ólíkt sérhverju ytra auðkennisnúmeri til að tryggja nafnleynd skuldarans. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
ESTL3	Nýtt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Ef ekki er hægt að viðhalda upphaflega auðkenninu í reit ESTL2 í þessum reit, þá færa inn nýja auðkennið hér. Ef engin breyting hefur orðið á auðkenninu, þá færa inn sama auðkenni og í ESTL2. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
ESTL4	Upphaflegt auðkenni skuldara	Upphaflegt einkvæmt auðkenni skuldara. Auðkennið verður að vera ólíkt sérhverju ytra auðkennisnúmeri til að tryggja nafnleynd skuldarans. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
ESTL5	Nýtt auðkenni fyrir skuldara	Ef ekki er hægt að viðhalda upphaflega auðkenninu í reit ESTL4 í þessum reit, þá færa inn nýja auðkennið hér. Ef engin breyting hefur orðið á auðkenninu, þá færa inn sama auðkenni og í ESTL4. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
ESTL6	Lokadagsetning fyrir gögn	Lokadagsetningin fyrir gögn fyrir þessa gagnaframlagningu.	NEI	NEI
ESTL7	Dagsetning þegar bætist við safnið	Dagsetningin sem undirliggjandi áhættuskuldbinding var yfirfærð til sérstaka verðbréfunaraðilans. Fyrir allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar í safninu eins og á lokadagsetningunni í fyrstu skýrslunni sem lögð var fram til verðbréfunarskrárinnar, ef þessar upplýsingar eru ekki aðgengilegar, þá færa inn það síðara af: (i) lokadagsetningu verðbréfunarinnar og (ii) útgáfudegi undirliggjandi áhættuskuldbindingar.	NEI	JÁ
ESTL8	Dagsetning endurkaupa	Dagsetningin sem undirliggjandi áhættuskuldbinding var endurkeypt af safninu.	NEI	JÁ
ESTL9	Innlausnardagur	Dagsetningin sem reikningurinn var innleystur eða (fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar í vanskilum) dagsetningin þegar endurheimtuferlinu var lokið.	NEI	JÁ
ESTL10	Lýsing	Í fáum orðum gefa lýsingu á hinni undirliggjandi áhættuskuldbindingu (t.d. „raforkugjaldskrafa“, „framtíðarsjóðstreymi“). Sama tungumál verður að nota fyrir allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar í þessari tegund gagnaframlagningar.	NEI	NEI

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
ESTL11	Landfræðileg svæði — skuldari	Landfræðilega svæðið (NUTS-flokkun 3) þar sem skuldarinn er staðsettur. Þar sem engin NUTS-flokkun 3 hefur verið útfærð af Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) (t.d. fyrir lögsögu utan ESB), skal færa inn tveggja tölustafa landskóðann á {COUNTRYCODE_2} sniði og þar á eftir „ZZZ“.	JÁ	JÁ
ESTL12	Landfræðileg flokkun	Færa skal inn árið fyrir NUTS-flokkun 3 sem notuð er í reitunum fyrir landfræðileg svæði, t.d. 2013 fyrir NUTS-flokkun 3 2013. Í öllum reitum fyrir landfræðileg svæði verður að nota sömu flokkun með samræmdum hætti fyrir hverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu og fyrir allar tegundir undirliggjandi áhættuskuldbindinga í gagnaframlagningunni. Til dæmis er í gagnaskilum ekki heimilt að nota NUTS-flokkun 3 2006 fyrir suma landfræðilega reiti varðandi tiltekna undirliggjandi áhættuskuldbindingu og NUTS-flokkun 3 2013 fyrir aðra reiti varðandi sömu áhættuskuldbindingu. Á sama hátt ekki heimilt að tilkynna um landfræðileg svæði í reitum með notkun NUTS-flokkunar 3 2006 fyrir sumar undirliggjandi áhættuskuldbindingar og með notkun NUTS-flokkunar 3 2013 fyrir aðrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar í sömu gagnaframlagningu.	JÁ	JÁ
ESTL13	Atvinnustaða	Atvinnustaða upphaflega skuldarans: Starfandi — einkageiri (EMRS) Starfandi — opinber geiri (EMBL) Starfandi — geiri óþekktur (EMUK) Atvinnulaus (UNEM) Sjálfstætt starfandi (SFEM) Ekki í starfi, skuldari er lögaðili (NOEM) Námsmaður (STNT) Lífeyrisþegi (PNNR) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
ESTL14	Skuldari með skert lánshæfi	Staðfesta að, skv. 11. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, á þeim tíma sem þessi undirliggjandi áhættuskuldbinding var valin til yfirfærslu til sérstaka verðbréfunaraðilans, var áhættuskuldbindingin hvorki í vanskilum í skilningi 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 né myndaði áhættuskuldbindingu vegna skuldara eða ábyrgðarveitanda með skert lánshæfi sem, samkvæmt bestu vitund upphafsaðilans eða upphaflega lánveitandans: a) hefur verið lýstur ógjaldfær eða dómstóll veitt kröfuhöfum hans endanlegan óáfrýjanlegan rétt til fullnustuaðgerða eða bótagreiðslna vegna greiðslufalls innan þriggja ára fyrir dagsetningu útgáfunnar, eða hefur gengið í gegnum skuldaendurskipulagningu að því er varðar áhættuskuldbindingar hans í vanskilum innan þriggja ára fyrir yfirfærslu- eða framsalsdag hinna undirliggjandi áhættuskuldbindinga til sérstaka verðbréfunaraðilans, nema ef: i. endurskipulagning undirliggjandi áhættuskuldbindinga hefur ekki valdið nýjum vanskilum síðan á endurskipulagningardeginum, sem verður að hafa átt sér stað a.m.k. einu ári fyrir yfirfærslu- eða framsalsdag hinna undirliggjandi áhættuskuldbindinga til sérstaka verðbréfunaraðilans og	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
		ii. í upplýsingunum sem upphafsaðilinn, umsjónaraðilinn og sérstaki verðbréfunaraðilinn veita í samræmi við a-lið og i. lið e-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr., er með skýrum hætti sett fram hlutfall endurskipulagðra undirliggjandi áhættuskuldbindinga, tímasetningin og einstök atriði endurskipulagningarinnar sem og árangur af þeim frá endurskipulagningardeginum, b) var, við útgáfu, eftir atvikum, á opinberri vanskilaskrá yfir aðila með neikvæða lánasögu eða, ef engin slík opinber vanskilaskrá er til, á annarri vanskilaskrá sem er aðgengileg upphafsaðilanum eða upphaflega lánveitandanum, eða c) er með lánshæfismat eða lánshæfiseinkunn sem gefur til kynna að hættan á að samningsbundnar samþykktar greiðslur verði ekki inntar ef hendi sé umtalsvert meiri en fyrir sambærilegar áhættuskuldbindingar í eigu upphafsaðilans sem ekki eru verðbréfaðar. Endurskipulagning vísar til breytinga sem gerðar eru á samningsskilmálunum í samningnum um undirliggjandi áhættuskuldbindingu vegna ívilnunar, þ.m.t. greiðsluhlé, fjármögnun vanskilaskulda, breytingu á grunni eða vikmörkum vaxtastigs, gjöldum, viðurlögum, líftíma og/eða almennt samþykktum ráðstöfunum til endurskipulagningar vegna ívilnunar.		
ESTL15	Lagalegt form skuldara	Lagalegt form viðskiptavinar: Opinbert fyrirtæki (PUBL) Hlutafélag (LLCO) Sameignarfélag (PNTR) Einstaklingur (INDV) Ríkisstofnun (GOVT) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
ESTL16	Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins fyrir atvinnugrein	Kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins fyrir atvinnugrein skuldara, eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 1893/2006.	JÁ	JÁ
ESTL17	Frumtekjur	Árstekjur upphaflega skuldarans sem notaðar eru til að tryggja undirliggjandi áhættuskuldbindingu við útgáfu. Ef upphaflegi skuldarinn er lögaðili/eining, færa inn árstekjur þess skuldara. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL18	Tegund frumtekna	Gefa upp hvaða tekjur eru sýndar í ESTL17: Vergar árstekjur (GRAN) Hreinar árstekjur (án skatts og almannatrygginga) (NITS) Hreinar árstekjur (án skatts eingöngu) (NITX) Hreinar árstekjur (án almannatrygginga eingöngu) (NTIN)	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
		Áætlaðar hreinar árstekjur (án skatts og almannatrygginga) (ENIS) Áætlaðar hreinar árstekjur (án skatts eingöngu) (EITX) Áætlaðar hreinar árstekjur (án almannatrygginga eingöngu) (EISS) Ráðstöfunartekjur (DSPL) Lántaki er lögaðili (CORP) Annað (OTHR)		
ESTL19	Gjaldmiðill frumtekna	Gjaldmiðill sem tekjur upphaflega skuldarans eru greiddar í.	JÁ	JÁ
ESTL20	Sannprófun frumtekna	Sannprófun frumtekna: Sjálfvottað, engin athugun (SCRT) Sjálfvottað, með staðfestingu á að sé viðráðanlegt (SCNF) Staðfest (VRFD) Óstaðfestar tekjur eða flýtimeðferð (e. *Fast Track*) (NVRF) Upplýsingar eða skor lánshæfismatsfyrirtækis (SCRG) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
ESTL21	Reglulegar tekjur	Árleg sala að frádregnum öllum afsláttum og sölusköttum skuldarans í samræmi við tilmæli 2003/361/EB. Svarar til hugtaksins „árleg heildarsala“ í 4. mgr. 153. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL22	Gjaldmiðill reikningsskila	Uppgjörsgjaldmiðill reikningsskilanna.	JÁ	JÁ
ESTL23	Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa	ISIN–kóðinn sem úthlutað er á þessa undirliggjandi áhættuskuldbindingu, eftir atvikum.	JÁ	JÁ
ESTL24	Útgáfudagur	Dagsetning fyrirframgreiðslu fyrir upphaflega undirliggjandi áhættuskuldbindingu.	JÁ	JÁ
ESTL25	Gjalddagi	Gjalddagi undirliggjandi áhættuskuldbindingar eða þegar kaupleigusamningurinn rennur út.	JÁ	JÁ
ESTL26	Uppgefinn gjaldmiðill	Gjaldmiðillinn sem undirliggjandi áhættuskuldbinding er gefin upp í.	NEI	JÁ
ESTL27	Upphaflegar eftirstöðvar höfuðstóls	Upphaflegar eftirstöðvar höfuðstóls undirliggjandi áhættuskuldbindingar (að meðtöldum eignfærðum gjöldum) við útgáfu. Þetta vísar til eftirstöðva undirliggjandi áhættuskuldbindingar á útgáfudegi undirliggjandi áhættuskuldbindingar, ekki á söludegi hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar til sérstaka verðbréfunaraðilans eða á lokadagsetningu verðbréfunarinnar. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
ESTL28	Núverandi eftirstöðvar höfuðstóls	Fjárhæð undirliggjandi áhættuskuldbindingar, frá og með lokadagsetningunni fyrir gögn. Þetta nær yfir allar fjárhæðir sem flokkast sem höfuðstóll í verðbréfuninni. Til dæmis ef gjöldum hefur verið bætt við eftirstöðvar hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar og eru hluti af höfuðstólnum í verðbréfuninni, á að bæta þeim við. Að undanskildum refsivöxtum eða viðurlögum. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL29	Heildarlánamörk	Fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar með sveigjanlega endurnýtingarmöguleika (þ.m.t. hlaupandi eiginleika) eða þar sem hámarksfjárhæð undirliggjandi áhættuskuldbindingar hefur ekki verið tekin út að fullu – hámarksfjárhæðin á undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem mögulega er útistandandi. Eingöngu er fært inn í þennan reit fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem eru með sveigjanlega eða frekari nýtingareiginleika. Þessu er ekki ætlað að ná yfir tilvik þar sem skuldara er heimilt að endursemja um auknar eftirstöðvar undirliggjandi áhættuskuldbindingar, heldur fremur þar sem til staðar er samningsbundinn möguleiki fyrir skuldarann að gera þetta og fyrir lánveitandann að veita viðbótarfjármögnun. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL30	Kaupverð	Færa inn verðið, í hlutfalli við nafnverð, sem sérstaki verðbréfunaraðilinn keypti hina undirliggjandi áhættuskuldbindingu á. Færa inn 100 ef engri afvöxtun var beitt.	NEI	JÁ
ESTL31	Tegund afborgunar	Tegund afborgunar hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar, þ.m.t. höfuðstóls og vaxta. Frönsk — þ.e. afborgunaráætlun þar sem heildarfjárhæðin — höfuðstóll plús vextir — sem er endurgreidd í hverri afborgun er sú sama. (FRXX) Þýsk — þ.e. afborgunaráætlun þar sem fyrsta endurgreiðslan er eingöngu vextir og eftirstæðar greiðslur eru fastar, þ.m.t. afborgun af höfuðstól og vextir. (DEXX) Föst afborgunaráætlun — þ.e. afborgun þar sem höfuðstólsfjárhæðin sem er endurgreidd í hverri afborgun er sú sama. (FIXE) Kúlulánsafborgunaráætlun — þ.e. afborgun þar sem höfuðstóllinn er endurgreiddur að fullu með síðustu greiðslunni. (BLLT) Annað (OTHR)	JÁ	NEI
ESTL32	Lokadagsetning fyrir greiðslufrest á höfuðstól	Ef á við um lokadagsetninguna fyrir gögn, gefa upp lokadagsetninguna fyrir greiðslufrest á höfuðstól.	JÁ	JÁ
ESTL33	Áætluð tíðni afborgana af höfuðstól	Tíðni afborgana af höfuðstól á gjalddaga, þ.e. tímabil á milli greiðslna: Mánaðarlega (MNTH) Ársfjórðungslega (QUTR) Hálfsárslega (SEMI) Árlega (YEAR) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
ESTL34	Áætluð tíðni vaxtagreiðslna	Tíðni vaxtagreiðslna á gjalddaga, þ.e. tímabil á milli greiðslna: Mánaðarlega (MNTH) Ársfjórðungslega (QUTR) Hálfsárslega (SEMI) Árlega (YEAR) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
ESTL35	Greiðsla á gjalddaga	Þetta er næsta samningsbundna greiðsla skuldarans sem er á gjalddaga samkvæmt greiðslutíðni undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL36	Skuldahlutfall	Skuld skilgreind sem fjárhæð útistandandi undirliggjandi áhættuskuldbindingar, frá og með lokadagsetningu fyrir gögn, sem inniheldur allar fjárhæðir sem tryggðar eru með fasteignaveðinu og flokkast sem höfuðstóll í verðbréfuninni. Til dæmis ef gjöldum hefur verið bætt við eftirstöðvar hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar og eru hluti af höfuðstólnum í verðbréfuninni, á að bæta þeim við. Að undanskildum refsivöxtum eða viðurlögum. Tekjur skilgreindar eins og í reitakóða ESTL17, plús allar aðrar tekjur sem eiga við (t.d. aukatekjur).	JÁ	JÁ
ESTL37	Fjárhæð blöðruláns	Heildarfjárhæð (verðbréfaðrar) endurgreiðslu á höfuðstól sem er til greiðslu á gjalddaga undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL38	Millibil endurstillingar vaxta	Fjöldi mánaða á milli endurstillingardags vaxta á hina undirliggjandi áhættuskuldbindingu.	JÁ	JÁ
ESTL39	Núverandi vextir	Núverandi vextir.	JÁ	JÁ
ESTL40	Núverandi vaxtavísitala	Núgildandi grunnvísitala fyrir viðmiðunarvexti (viðmiðunarvextirnir sem vextir eru ákvarðaðir út frá): MuniAAA (MAAA) FutureSWAP (FUSW) LIBID (LIBI) LIBOR (LIBO) SWAP (SWAP) Treasury (TREA) Euribor (EURI) Pfandbriefe (PFAN) EONIA (EONA) EONIASwaps (EONS) EURODOLLAR (EUUS) EuroSwiss (EUCH)	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
		TIBOR (TIBO) ISDAFIX (ISDA) GCFRepo (GCFR) STIBOR (STBO) BBSW (BBSW) JIBAR (JIBA) BUBOR (BUBO) CDOR (CDOR) CIBOR (CIBO) MOSPRIM (MOSP) NIBOR (NIBO) PRIBOR (PRBO) TELBOR (TLBO) WIBOR (WIBO) Grunnvextir Englandsbanka (BOER) Grunnvextir Seðlabanka Evrópu (ECBR) Eigin vextir lánveitanda (LDOR) Annað (OTHR)		
ESTL41	Gildistími núverandi vaxtavísitölu	Gildistími núverandi vaxtavísitölu: Yfir nótt (OVNG) Innan dags (INDA) 1 dagur (DAIL) 1 vika (WEEK) 2 vikur (TOWK) 1 mánuður (MNTH) 2 mánuðir (TOMN) 3 mánuðir (QUTR) 4 mánuðir (FOMN) 6 mánuðir (SEMI) 12 mánuðir (YEAR) Samkvæmt beiðni (ONDE) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
ESTL42	Vikmörk núverandi vaxta	Vikmörk núverandi vaxta fyrir hina breytilegu vexti undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem eru yfir (eða undir, en þá er færslan neikvæð) vísitölustiginu.	JÁ	JÁ
ESTL43	Vaxtaþak	Hámarksvextir sem skuldarinn verður að greiða af undirliggjandi áhættuskuldbindingu með breytilegum vöxtum eins og krafist er samkvæmt skilmálum samningsins um undirliggjandi áhættu-skuldbindingu.	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
ESTL44	Vaxtagólf	Lágmarksvextir sem skuldarinn verður að greiða af undirliggjandi áhættuskuldbindingu með breytilegum vöxtum eins og krafist er samkvæmt skilmálum samningsins um undirliggjandi áhættu-skuldbindingu.	JÁ	JÁ
ESTL45	Fjöldi greiðslna á undan verðbréfun	Færa inn fjölda greiðslna sem gerðar eru áður en áhættu-skuldbindingin er yfirfærð á verðbréfunina.	JÁ	JÁ
ESTL46	Hlutfall heimilaðrar uppgreiðslu á ári	Hlutfall fyrirframgreiðslna sem heimilaðar eru samkvæmt afurðinni á ári. Þetta er fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar, sem fyrirframgreiðslur með tiltekin viðmiðunarmörk eru heimilaðar fyrir (þ.e. 10%) áður en gjöld falla á.	JÁ	JÁ
ESTL47	Lokadagsetning banns við uppgreiðslu	Dagurinn eftir hvern lánveitandinn heimilar uppgreiðslu af hinni undirliggjandi áhættuskuldbindingu.	JÁ	JÁ
ESTL48	Uppgreiðslugjald	Fjárhæð sem innheimt er af skuldaranum sem gjald/fésekt vegna uppgreiðslna, eins og krafist er samkvæmt skilmálum samningsins um hina undirliggjandi áhættuskuldbindingu. Þessu er ekki ætlað að ná yfir neinar fjárhæðir sem greiddar eru sem „kostnaður vegna samningsrofs“ til að bæta upp vaxtagreiðslur fram að greiðslu-deginum fyrir þá undirliggjandi áhættuskuldbindingu. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL49	Lokadagsetning uppgreiðslugjalds	Dagurinn eftir hvern lánveitandinn heimilar uppgreiðslu af undirliggjandi áhættuskuldbindingu án kröfu um greiðslu uppgreiðslugjalds.	JÁ	JÁ
ESTL50	Uppgreiðsludagur	Síðasta dagsetningin sem móttekin var afborgun af höfuðstól utan áætlunar.	JÁ	JÁ
ESTL51	Uppsafnaðar uppgreiðslur	Heildaruppgreiðslur sem innheimtar hafa verið á lokadag-setningunni fyrir gögn (uppgreiðslur skilgreindar sem afborganir af höfuðstól utan áætlunar) frá útgáfudegi undirliggjandi áhættu-skuldbindingar Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL52	Dagsetning síðustu vanskila	Dagsetningin þegar skuldarinn var síðast í vanskilum.	JÁ	JÁ
ESTL53	Vanskilastaða	Núverandi vanskilastaða, sem er skilgreind sem: Samtals gjaldfallnar greiðslur til dagsins í dag PLÚS allar eignfærðar fjárhæðir PLÚS öll gjöld sem færð eru á reikninginn MÍNUS mótteknar greiðslur samtals til dagsins í dag. Ef engin vanskil, þá færa inn 0. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
ESTL54	Fjöldi vanskiladaga	Fjöldi daga sem þessi undirliggjandi áhættuskuldbinding er í vanskilum (annað hvort vextir eða höfuðstóll og, ef ólíkt, hærri talan af þeim tveimur), eins og á lokadagsetningunni fyrir gögn.	JÁ	JÁ
ESTL55	Reikningsstaða	Núverandi staða undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem hefur verið verðbréfuð: Efnd (PERF) Endurskipulögð — engin vanskil (RNAR) Endurskipulögð — vanskil (RARR) Í vanskilum skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (DFLT) Ekki í vanskilum skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, en flokkuð sem í vanskilum vegna þess að uppfyllir aðra skilgreiningu á vanskilum (NDFT) Í vanskilum bæði skv. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og vegna þess að uppfyllir aðra skilgreiningu á vanskilum (DTCR) Í vanskilum eingöngu vegna þess að uppfyllir aðra skilgreiningu á vanskilum (DADB) Vanskil (ARRE) Endurkeypt af seljanda – brot á umboðum og ábyrgðum (REBR) Endurkeypt af seljanda – í vanskilum (REDF) Endurkeypt af seljanda – endurskipulagning (RERE) Endurkeypt af seljanda – sérstakur þjónustuaðili (RESS) Endurkeypt af seljanda – aðrar ástæður (REOT) Innleyst (RDMD) Annað (OTHR) Endurskipulagning vísar til breytinga sem gerðar eru á samningsskilmálunum í samningnum um undirliggjandi áhættu-skuldbindingu vegna ívilnunar, þ.m.t. greiðsluhlé, fjármögnun vanskilaskulda, breytingu á grunni eða vikmörkum vaxtastigs, gjöldum, viðurlögum, líftíma og/eða almennt samþykktum ráðstöfunum til endurskipulagningar vegna ívilnunar.	NEI	NEI
ESTL56	Ástæða vanskila eða nauðungarsölu	Ef undirliggjandi áhættuskuldbinding er í vanskilum sbr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, á að velja viðeigandi ástæðu: Í vanskilum vegna þess ólíklegt er að skuldarinn greiði, í samræmi við 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. (UPXX) Í vanskilum vegna þess skuld er komin meira en 90/180 daga fram yfir gjalddaga, í samræmi við 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. (PDXX) Í vanskilum bæði vegna þess að talið er að ólíklegt að skuldarinn greiði og vegna þess skuld er komin meira en 90/180 daga fram yfir gjalddaga, í samræmi við 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. (UPPD)	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
ESTL57	Vanskilafjárhæð	Verg heildarfjárhæð í vanskilum, fyrir beitingu söluhagnaðar og endurheimta. Ef ekki í vanskilum, þá færa inn 0. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL58	Dagsetning vanskila	Dagsetning vanskila.	JÁ	JÁ
ESTL59	Úthlutuð töp	Úthlutuðu töpin fram til dagsins í dag, án gjalda, áfallinna vaxta o.s.frv., eftir nýtingu söluhagnaðar (að undanskildum upp-greiðslugjöldum ef fellur undir innheimtu af höfuðstól). Sýna allan hagnað af sölu sem neikvæða tölu. Ætti að endurspegla síðustu stöðu, eins og á lokadagsetningunni fyrir gögn, þ.e. eftir því sem endurheimtum er safnað og úrlausnarferlinu fleytir fram. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL60	Uppsafnaðar endurheimtur	Heildarendurheimtur (án tillits til upptaka þeirra) á skuldinni (sem er í vanskilum/afskrifuð/o.s.frv.), að frádregnum kostnaði. Taka hér með öll upptök endurheimta, ekki aðeins hagnað af sölu veðtryggingar. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTL61	Heiti upphafsaðila	Gefa upp fullt lögheiti á upphafsaðila undirliggjandi áhættuskuld-bindingar. Heitið sem fært er inn verður að samsvara heitinu sem tengist auðkenni lögaðilans (LEI) í gagnagrunni Alþjóðlegu lögaðilaauðkennastofnunarinnar (GLEIF).	NEI	NEI
ESTL62	Auðkenni lögaðila fyrir upphafsaðila	Gefa upp auðkenni lögaðila (eins og tilgreint er í gagnagrunni Alþjóðlegu lögaðilaauðkennastofnunarinnar (GLEIF)) fyrir upphafsaðila undirliggjandi áhættuskuldbindingar.	NEI	NEI
ESTL63	Staðfestuland upphafsaðila	Land þar sem upphafsaðili undirliggjandi áhættuskuldbindingar er með staðfestu.	NEI	NEI
ESTL64	Heiti upphaflegs lánveitanda	Gefa upp fullt lögheiti upphaflega lánveitandans. Heitið sem fært er inn verður að samsvara heitinu sem tengist auðkenni lögaðilans (LEI) í gagnagrunni Alþjóðlegu lögaðilaauðkennastofnunarinnar (GLEIF).	JÁ	JÁ
ESTL65	Auðkenni lögaðila fyrir upphaflegan lánveitanda	Gefa upp auðkenni lögaðila (eins og tilgreint er í gagnagrunni Alþjóðlegu lögaðilaauðkennastofnunarinnar (GLEIF)) fyrir upp-haflega lánveitandann. Ef ekkert auðkenni lögaðila er tiltækt, færa inn ND5.	JÁ	JÁ
ESTL66	Staðfestuland upphaflegs lánveitanda	Land þar sem upphaflegur lánveitandi er með staðfestu.	JÁ	JÁ

Þáttur með upplýsingum á stigi veðtryggingar

ESTC1	Einkvæmt auðkenni	Tilgreina sama einkvæma auðkenni hér og fært er í reit ESTL1.	NEI	NEI

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
ESTC2	Auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Einkvæmt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Þetta verður að samsvara auðkenninu í reit ESTL3. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
ESTC3	Upphaflegt auðkenni veðtryggingar	Upphaflega einkvæma auðkennið sem úthlutað er á veðtrygginguna eða ábyrgðina. Auðkennið verður að vera ólíkt sérhverju ytra auðkennisnúmeri til að tryggja nafnleynd skuldarans. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
ESTC4	Nýtt auðkenni veðtryggingar	Ef ekki er hægt að viðhalda upphaflega auðkenninu í reit ESTC3 í þessum reit, þá færa inn nýja auðkennið hér. Auðkennið verður að vera ólíkt sérhverju ytra auðkennisnúmeri til að tryggja nafnleynd skuldarans. Ef engin breyting hefur orðið á auðkenninu, þá færa inn sama auðkenni og í ESTC3. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
ESTC5	Landfræðileg svæði — veðtrygging	Landfræðilega svæðið (NUTS-flokkun 3) þar sem veðið er staðsett. Þar sem engin NUTS-flokkun 3 hefur verið útfærð af Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) (t.d. fyrir lögsögu utan ESB), skal færa inn tveggja tölustafa landskóðann á {COUNTRYCODE_2} sniði og þar á eftir „ZZZ“.	JÁ	JÁ
ESTC6	Tegund verðbréfs	Tegund verðbréfsins: Veðtrygging (COLL) Ábyrgðaryfirlýsing sem tryggð er með enn frekari veðtryggingu (GCOL) Ábyrgðaryfirlýsing sem ekki er tryggð með enn frekari veðtryggingu (GNCO) Annað (OTHR)	NEI	NEI
ESTC7	Tegund álagningar	Tegund verðbréfs fyrir veðtryggingunni. Þegar um er að ræða ábyrgðaryfirlýsingu, vísar þessi reitur til allra verðbréfa fyrir sérhverja veðtryggingu sem er til stuðnings þeirri ábyrgðaryfirlýsingu. „Ekkert gjald, en óafturkallanlegt umboð eða svipað“ vísar til þess þegar upphafsaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn, eftir því sem við á, hefur óafturkræfa og skilyrðislausa heimild til þess einhliða að setja gjald á veðtrygginguna hvenær sem er í framtíðinni, án þess að þurfa leita frekara samþykkis frá skuldaranum eða ábyrgðarveitandanum: Fast gjald (FXCH) Breytilegt gjald (FLCH) Ekkert gjald (NOCG) Ekkert gjald, en óafturkallanlegt umboð eða svipað (ATRN) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
ESTC8	Veðband	Hæsta veðbandsstaða sem haldið er af upphafsaðilanum í tengslum við veðtrygginguna.	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
ESTC9	Tegund veðtryggingar	Upphaflega (að því er varðar virði) eignategundin sem er til tryggingar skuldinni. Ef um er að ræða ábyrgðaryfirlýsingu með efnislegu eða fjárhagslegu veði, meta trygginguna vegna sérhvers veðs sem gæti verið til stuðnings þeirri ábyrgðaryfirlýsingu. Bifreið (CARX) Iðnaðarökutæki (INDV) Vörubifreið í atvinnuskyni (CMTR) Járnbrautarvagn (RALV) Siglingatæki í atvinnuskyni (NACM) Siglingatæki til afþreyingar (NALV) Flugvél (AERO) Smíðavél (MCHT) Búnaður til iðnaðar (INDE) Skrifstofubúnaður (OFEQ) Upplýsingatæknibúnaður (ITEQ) Lækningatæki (MDEQ) Orkutengdur búnaður (ENEQ) Viðskiptahúsnæði (CBLD) Íbúðarhúsnæði (RBLD) Atvinnuhúsnæði (IBLD) Önnur farartæki (OTHV) Annar búnaður (OTHE) Aðrar fasteignir (OTRE) Aðrar vörur eða birgðir (OTGI) Verðbréf (SECU) Ábyrgðaryfirlýsing (GUAR) Önnur fjáreign (OTFA) Blandaðir flokkar vegna tryggingar fyrir allar eignir skuldarans (MIXD) Annað (OTHR)	NEI	NEI
ESTC10	Fjárhæð núverandi virðismats	Síðasta virðismat veðtryggingarinnar. Ef um er að ræða ábyrgðaryfirlýsingu með efnislegu eða fjárhagslegu veði, meta trygginguna vegna veðsins sem er til stuðnings þeirri ábyrgðaryfirlýsingu. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTC11	Núverandi virðismatsaðferð	Aðferðin til að reikna út síðasta virði veðsins, eins og gefið upp í reit ESTC10. Heildstætt mat (FAPR) Fjarvirðismat (e. *Drive-by*) (DRVB) Sjálfvirkt virðismatslíkan (AUVM) Vísitölubundið (IDXD) Skjáborðsvirðismat (DKTP) Umboðsaðili eða fasteignasali (MAEA) Innkaupsverð (PPRI) Frádrag (HCUT) Færsla á markaðsvirði (MTTM) Virðismat skuldara (OBLV) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
ESTC12	Dagsetning núverandi virðismats	Dagsetningin á síðasta virðismati veðtryggingarinnar, eins og gefið upp í reit ESTC10.	JÁ	JÁ
ESTC13	Núverandi veðsetningarhlutfall	Núverandi veðsetningarhlutfall (LTV). Fyrir önnur lán en á fyrsta veðrétti á þetta að vera samsett eða allt veðsetningarhlutfallið (LTV). Ef núverandi lánastaða er neikvæð skal færa inn 0.	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
ESTC14	Upphafleg fjárhæð virðismats	Upphaflegt virðismat veðtryggingarinnar, frá og með upphaflegum útgáfudegi hinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
ESTC15	Upphafleg virðismatsaðferð	Aðferðin til að reikna út virði veðtryggingarinnar sem gefin er upp í reit ESTC14, við útgáfu undirliggjandi áhættuskuldbindingar: Heildstætt mat (FAPR) Fjarvirðismat (e. *Drive-by*) (DRVB) Sjálfvirkt virðismatslíkan (AUVM) Vísitölubundið (IDXD) Skjáborðsvirðismat (DKTP) Umboðsaðili eða fasteignasali (MAEA) Innkaupsverð (PPRI) Frádrag (HCUT) Færsla á markaðsvirði (MTTM) Virðismat skuldara (OBLV) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
ESTC16	Upphafleg dagsetning virðismats	Dagsetning upphaflegs virðismats á efnislegu eða fjárhagslegu tryggingunni, sem gefið er upp í reit ESTC14.	JÁ	JÁ
ESTC17	Upphaflegt veðsetningarhlutfall	Upphaflegt veðhlutfall upphafsaðila (LTV). Fyrir önnur lán en á fyrsta veðrétti er þetta samsetta eða allt veðsetningarhlutfallið (LTV).	JÁ	JÁ
ESTC18	Söludagsetning	Söludagsetningin fyrir veðtrygginguna.	NEI	JÁ
ESTC19	Söluverð	Verð sem fæst við sölu á veðtryggingu í tilviki nauðungarsölu. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	NEI	JÁ
ESTC20	Gjaldmiðill veðtryggingar	Þetta er gjaldmiðillinn sem virðismatið í ESTC10 er gefið upp í.	NEI	JÁ

X. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM UNDIRLIGGJANDI ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR — VIÐBÓT FYRIR VANEFNDAR ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
Þáttur með upplýsingum um undirliggjandi áhættuskuldbindingar				
NPEL1	Einkvæmt auðkenni	Einkvæmt auðkenni sem gagnaskilaaðilinn úthlutar í samræmi við 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224. Þessi færsla verður að samsvara upplýsingunum í reitnum fyrir einkvæma auðkennið í meðfylgjandi sniðmáti fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar, sem fyllt er út í fyrir þessa sérstöku undirliggjandi áhættuskuldbindingu.	NEI	NEI
NPEL2	Upphaflegt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Einkvæmt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Auðkennið verður að vera ólíkt sérhverju ytra auðkennisnúmeri til að tryggja nafnleynd skuldarans. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni. Þessi færsla verður að samsvara upplýsingunum í reitnum fyrir upphaflega auðkennið í meðfylgjandi sniðmáti fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar (II.-IX. viðaukar þessarar reglugerðar), sem fyllt er út í fyrir þessa sérstöku undirliggjandi áhættuskuldbindingu.	NEI	NEI
NPEL3	Nýtt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Ef ekki er hægt að viðhalda upphaflega auðkenninu í reit NPEL2 í þessum reit, þá færa inn nýja auðkennið hér (og þetta nýja auðkenni verður að samsvara reitnum fyrir nýja auðkennið fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingu í meðfylgjandi sniðmáti fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar (II.-IX. viðaukar þessarar reglugerðar), sem fyllt er út í fyrir þessa sérstöku undirliggjandi áhættuskuldbindingu). Ef engin breyting hefur orðið á auðkenninu, þá færa inn sama auðkenni og í NPEL2. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
NPEL4	Upphaflegt auðkenni skuldara	Upphaflegt einkvæmt auðkenni skuldara. Auðkennið verður að vera ólíkt sérhverju ytra auðkennisnúmeri til að tryggja nafnleynd skuldarans. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni. Þessi færsla verður að samsvara upplýsingunum í reitnum fyrir upphaflega skuldarann í meðfylgjandi sniðmáti fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar (II.-IX. viðaukar þessarar reglugerðar), sem fyllt er út í fyrir þessa sérstöku undirliggjandi áhættuskuldbindingu.	NEI	NEI
NPEL5	Nýtt auðkenni fyrir skuldara	Ef ekki er hægt að viðhalda upphaflega auðkenninu í reit NPEL4 í þessum reit, þá færa inn nýja auðkennið hér (og þetta nýja auðkenni verður að samsvara reitnum fyrir nýja auðkennið fyrir skuldarann í meðfylgjandi sniðmáti fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar (II.-IX. viðaukar þessarar reglugerðar), sem fyllt er út í fyrir þessa sérstöku undirliggjandi áhættuskuldbindingu). Ef engin breyting hefur orðið á auðkenninu, þá færa inn sama auðkenni og í NPEL4. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
NPEL6	Lokadagsetning fyrir gögn	Lokadagsetningin fyrir gögn fyrir þessa gagnaframlagningu.	NEI	NEI
NPEL7	Undir skiptastjórn	Vísbending um hvort skuldarinn er undir skiptastjórn	JÁ	JÁ
NPEL8	Dagsetning síðusta sambands	Dagsetning síðusta sambands við skuldarann	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
NPEL9	Látinn	Vísbending um hvort skuldarinn er látinn	JÁ	JÁ
NPEL10	Réttarstaða	Tegund réttarstöðu skuldarans. Skráð fyrirtæki er viðskiptafyrirtæki sem hlutabréf í eru skráð og tekin til viðskipta í kauphöll (LCRP) Óskráð fyrirtæki er viðskiptafyrirtæki sem hlutabréf í eru ekki skráð eða tekin til viðskipta í kauphöll, en óskráð fyrirtæki getur þó verið með ótakmarkaðan fjölda hluthafa til að afla fjármagns til viðskiptalegra viðfangsefna (UCRP) Skráður sjóður er sjóður sem hlutabréf í eru skráð og tekin til viðskipta í kauphöll (LFND) Óskráður sjóður er sjóður sem hlutabréf í eru ekki skráð eða tekin til viðskipta í kauphöll (UFND) Sameignarfélag er þegar umsjónaraðilinn samanstendur af hópi einstaklinga sem mynda löglegt sameignarfélag þar sem hagnaði og skuldum er deilt (PSHP) Einstaklingur (INDV)	JÁ	JÁ
NPEL11	Tegund lagalegrar málsmeðferðar	Tegund ógjaldfærniferlis sem skuldarinn er í sem stendur: Endurskipulagningarferli fyrirtækis, sem einnig nær yfir sjóði (CPRR) Ógjaldfærnimeðferð fyrirtækis, sem einnig nær yfir sjóði (CPRI) Málamiðlunarmeðferð vegna skulda skuldara sem einstaklings (PRCM) Ógjaldfærnimeðferð vegna skuldara sem einstaklings (PRIP) Endurskipulagningarferli sameignarfélags (PRTR) Ógjaldfærnimeðferð sameignarfélags (PRIS) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
NPEL12	Heiti lagalegrar málsmeðferðar	Heiti hinnar lagalegu málsmeðferðar sem gefur vísbendingu um hversu langt viðkomandi málsmeðferð er komin, með hliðsjón af landinu þar sem skuldarinn er staðsettur.	JÁ	JÁ
NPEL13	Endalok lagalegra málsmeðferða	Lýsing á lagalegum málsmeðferðum sem lokið var fyrir skuldarann.	JÁ	JÁ
NPEL14	Dagsetning upphafs yfirstandandi lagalegrar málsmeðferðar	Dagsetning sem skuldarinn hóf yfirstandandi lagalega málsmeðferð.	JÁ	JÁ
NPEL15	Dagsetning tilnefningar skiptastjóra	Dagsetning sem skiptastjórinn var tilnefndur.	JÁ	JÁ
NPEL16	Fjöldi núverandi dóma	Fjöldi útistandandi framfylgdarfyrirmæla dómstóls gegn skuldaranum.	JÁ	JÁ
NPEL17	Fjöldi dóma sem hefur verið fullnægt	Fjöldi framfylgdarfyrirmæla dómstóls sem hefur verið fullnægt gegn skuldaranum	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
NPEL18	Útgáfudagur utanaðkomandi stefnu	Dagsetning sem stefnutilkynning var send frá lögmönnum sem koma fram fyrir hönd stofnunarinnar	JÁ	JÁ
NPEL19	Dagsetning þegar bréf um áskilnað réttinda var gefið út	Dagsetning sem stofnunin gaf út bréfið um áskilnað réttinda	JÁ	JÁ
NPEL20	Lögsaga dómstóls	Staðsetning dómstólsins þar sem málið er flutt	JÁ	JÁ
NPEL21	Dagsetning sem úrskurðar um útburð er aflað	Dagsetning sem dómstóllinn veitir úrskurðinn um útburð	JÁ	JÁ
NPEL22	Athugasemdir við önnur tengd málaferli	Frekari athugasemdar/atriði, ef um er að ræða önnur málaferli sem eiga sér stað	JÁ	JÁ
NPEL23	Gildandi lög	Gildandi lögsaga samningsins um undirliggjandi áhættuskuld-bindingu. Þetta samsvarar ekki nauðsynlega landinu þar sem hin undirliggjandi áhættuskuldbinding á uppruna sinn.	JÁ	JÁ
NPEL24	Lýsing á sérsniðinni endurgreiðslu	Lýsing á sérsniðna endurgreiðslufyrirkomulaginu þegar „Annað“ er valið í reitnum „Tegund afborgunar“	JÁ	JÁ
NPEL25	Upphafsdagsetning tímabils fyrir vexti eingöngu	Dagsetning sem yfirstandandi endurgreiðslutímabil á vöxtum eingöngu hefst.	JÁ	JÁ
NPEL26	Lokadagsetning tímabils fyrir vexti eingöngu	Dagsetning sem endurgreiðslutímabilinu á vöxtum eingöngu lýkur.	JÁ	JÁ
NPEL27	Upphafsdagsetning yfirstandandi tímabils fastra vaxta	Dagsetning sem yfirstandandi tímabil fastra vaxta hófst.	JÁ	JÁ
NPEL28	Lokadagsetning yfirstandandi tímabils fastra vaxta	Dagsetning sem yfirstandandi tímabili fastra vaxta lýkur.	JÁ	JÁ
NPEL29	Núverandi endurheimtuvextir	Núverandi endurheimtuvaxtastig samkvæmt samningnum um undirliggjandi áhættuskuldbindingu.	JÁ	JÁ
NPEL30	Síðasti greiðsludagur	Dagsetning sem síðasta greiðsla fór fram	JÁ	JÁ
NPEL31	Hluti fjölbankaláns	Hundraðshluti þess hluta sem er í eigu stofnunarinnar þegar „Já“ er valið í reitnum „Fjölbankalán“ í viðeigandi viðauka fyrir hina vanefndu áhættuskuldbindingu.	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
NPEL32	Upphaf skilaferlis veðláns í vanskilum (MARP)	Dagsetning sem undirliggjandi áhættuskuldbinding fékk núverandi stöðu að vera í skilaferli veðláns í vanskilum	JÁ	JÁ
NPEL33	Staða, í skilaferli veðláns í vanskilum	Staðan á yfirstandandi skilaferli veðláns í vanskilum: Ekki í skilaferli veðláns í vanskilum (NMRP) Komið úr skilaferli veðláns í vanskilum (EMRP) Ákvæði 23, 31 dag í vanskilum (MP23) Ákvæði 24, fjármálaerfiðleikar (MP24) Ákvæði 28, viðvörun vegna skorts á samvinnu (MP28) Ákvæði 29, skortur á samvinnu (MP29) Ákvæði 42, tilboð um endurskipulagningu (MP42) Ákvæði 45, seljandi hafnar endurskipulagningu (MP45) Ákvæði 47, lántaki hafnar endurskipulagningu (MP47) Úrbætur að eigin frumkvæði (MPSC) Annað endurgreiðslufyrirkomulag (MPAR) Annað (OTHR)	JÁ	JÁ
NPEL34	Ytra innheimtustig	Vísbending um hvort ytri innheimta hafi verið útfærð á stigi skuldara eða stigi undirliggjandi áhættuskuldbindingar	JÁ	JÁ
NPEL35	Endurgreiðsluáætlun	Vísbending um hvort samkomulag um endurgreiðsluáætlun hafi verið gert við hina ytri innheimtustofnun	JÁ	JÁ
NPEL36	Stig ívilnunar	Vísbending um hvort ívilnun hafi verið útfærð á stigi skuldara eða stigi undirliggjandi áhættuskuldbindingar	JÁ	JÁ
NPEL37	Dagsetning fyrstu ívilnunar	Dagsetningin sem fyrsta ívilnunin átti sér stað	JÁ	JÁ
NPEL38	Fjöldi fyrri ívilnana	Fjöldi ívilnana sem átti sér stað í fortíðinni	JÁ	JÁ
NPEL39	Eftirgjöf á höfuðstól	Fjárhæð höfuðstóls sem gefin var eftir sem hluti af núverandi ívilnun, þ.m.t. eftirgjöf á höfuðstól sem ytri innheimtustofnanir samþykktu Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEL40	Dagsetning eftirgjafar á höfuðstól	Dagsetningin sem eftirgjöf á höfuðstól átti sér stað	JÁ	JÁ
NPEL41	Lokadagsetning ívilnunar	Dagsetning sem núverandi ívilnun lýkur	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
NPEL42	Endurgreiðslufjárhæð eftir ívilnun	Reglubundin endurgreiðslufjárhæð sem stofnunin og skuldari urðu sammála um samkvæmt núverandi ívilnunarskilmálum Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ

Þáttur með upplýsingum á stigi veðtryggingar

NPEC1	Einkvæmt auðkenni	Tilgreina sama einkvæma auðkenni hér og fært er í reit NPEL1.	NEI	NEI
NPEC2	Auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Einkvæmt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Þetta verður að samsvara auðkenninu í reit NPEL3. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
NPEC3	Upphaflegt auðkenni veðtryggingar	Upphaflega einkvæma auðkennið sem úthlutað er á veðtrygginguna eða ábyrgðina. Ef tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar kallar á að fyllt verði út í II., III., IV. eða IX. viðauka verður þessi reitur að samsvara reitnum fyrir upphaflegt auðkenni veðtryggingar í viðkomandi sniðmáti sem fyllt er út í fyrir þennan sérstaka veðtryggingarlið (þ.e. þessi reitur verður að samsvara auðkenninu sem fært er inn í reiti RREC3, CREC3, CRPC3 og ESTC3, eftir því sem við á). Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
NPEC4	Nýtt auðkenni veðtryggingar	Ef ekki er hægt að viðhalda upphaflega auðkenninu í reit NPEC3 í þessum reit, þá færa inn nýja auðkennið hér. Ef tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar kallar á að fyllt verði út í II., III., IV. eða IX. viðauka verður þetta nýja auðkenni að samsvara reitnum fyrir nýtt auðkenni veðtryggingar í viðkomandi sniðmáti sem fyllt er út í fyrir þennan sérstaka veðtryggingarlið (þ.e. þessi reitur verður að samsvara auðkenninu sem fært er inn í reiti RREC4, CREC4, CRPC4 og ESTC4, eftir því sem við á). Ef engin breyting hefur orðið á auðkenninu, þá færa inn sama auðkenni og í NPEC3. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
NPEC5	Virðisaukaskattur sem er til greiðslu	Fjárhæð virðisaukaskatts sem er til greiðslu við sölu einingarinnar	JÁ	JÁ
NPEC6	Hlutfall sem er lokið	Hlutfall framkvæmda sem er lokið frá því smíði hófst.	JÁ	JÁ
NPEC7	Staða framfylgdar	Staða framfylgdarferlisins sem veðtryggingin er í sem stendur, eins og á lokadagsetningu fyrir gögn, t.d. hvort hún er undir skiptastjórn	JÁ	JÁ
NPEC8	Staða framfylgdar þriðju aðila	Hafa einhverjir aðrir tryggðir kröfuhafar gert ráðstafanir til að framfylgja tryggingu fyrir eigninni?	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
NPEC9	Úthlutuð veðlánsfjárhæð	Heildarfjárhæð veðlánsins sem úthlutað er á fasteignaveðið. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEC10	Undirliggjandi áhættuskuldbinding með hærri forgang	Fjárhæð fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar með hærri forgang/veðbönd og tryggingu á móti veðtryggingunni, sem ekki er í eigu stofnunarinnar og myndar ekki hluta eignasafnsins. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEC11	Lýsing á framfylgd	Athugasemdir eða lýsing á áfanga framfylgdar	JÁ	JÁ
NPEC12	Matsfjárhæð dómstóls	Matsfjárhæð dómstóls á eigninni/veðtryggingunni Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEC13	Dagsetning mats dómstóls	Dagsetningin sem mat dómstólsins átti sér stað	JÁ	JÁ
NPEC14	Markaðsverð	Verð fasteignarinnar/veðtryggingarinnar á markaðnum Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEC15	Tilboðsverð	Hæsta verðið sem mögulegir kaupendur bjóða Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEC16	Undirbúningur fasteignar fyrir söludag	Undirbúningur fasteignar/veðtryggingar fyrir söludag	JÁ	JÁ
NPEC17	Dagsetning sem fasteign er sett á markað	Veðtrygging á markaðsdegi, þ.e. dagsetningin þegar veðið er auglýst til sölu og markaðssett.	JÁ	JÁ
NPEC18	Dagsetning tilboðs á markaði	Dagsetning tilboðs á markaði	JÁ	JÁ
NPEC19	Samþykktur söludagur	Samþykktur söludagur	JÁ	JÁ
NPEC20	Samningsdagur	Samningsdagur	JÁ	JÁ
NPEC21	Fyrsti uppboðsdagur	Dagsetning sem fyrsta uppboð hefur farið fram í þeim tilgangi að selja fasteignina/veðið	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
NPEC22	Lágmarksverð ákveðið af dómstóli fyrir fyrsta uppboð	Lágmarksverð ákveðið af dómstóli fyrir fyrsta uppboð, þ.e. lágmarksverðið sem dómstóllinn krefst Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEC23	Næsti uppboðsdagur	Dagsetning sem næsta fyrirhugaða uppboð hefur farið fram í þeim tilgangi að selja fasteignina/veðið	JÁ	JÁ
NPEC24	Lágmarksverð ákveðið af dómstóli fyrir næsta uppboð	Lágmarksverð ákveðið af dómstóli fyrir næsta uppboð, þ.e. lágmarksverðið sem dómstóllinn krefst Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEC25	Síðasti uppboðsdagur	Dagsetning sem síðasta uppboð fór fram í þeim tilgangi að selja fasteignina/veðið	JÁ	JÁ
NPEC26	Lágmarksverð ákveðið af dómstóli fyrir síðasta uppboð	Lágmarksverð ákveðið af dómstóli fyrir síðasta uppboð, þ.e. lágmarksverðið sem dómstóllinn krefst Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEC27	Fjöldi misheppnaðra uppboða	Fjöldi fyrri misheppnaðra uppboða á fasteigninni/veðinu	JÁ	JÁ

Þáttur með upplýsingum um fyrri innheimtur

NPEH1	Einkvæmt auðkenni	Tilgreina sama einkvæma auðkenni hér og fært er í reit NPEL1.	NEI	NEI
NPEH2	Auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Einkvæmt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Þetta verður að samsvara auðkenninu í reit NPEL3. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
NPEH [3-38]	Lagalegar ógreiddar eftirstöðvar í mánuði n	Fyrri lagalegar ógreiddar heildareftirstöðvar í þrjátíu og sex mánuði fyrir lokadagsetninguna fyrir gögn, þar sem hver mánaðarleg fjárhæð er tilgreind í sérstökum reit. Byrja á síðasta mánuði í reit NPEH3 og enda með fyrsta mánuðinum í NPEH38. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEH [39-74]	Fyrri gjaldfallnar eftirstöðvar í mánuði n	Fyrri gjaldfallnar eftirstöðvar í þrjátíu og sex mánuði fyrir lokadagsetninguna fyrir gögn, þar sem hver mánaðarleg fjárhæð er tilgreind í sérstökum reit. Byrja á síðasta mánuði í reit NPEH39 og enda með fyrsta mánuðinum í NPEH74. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
NPEH [75-110]	Fyrri endurgreiðslur — ekki frá sölu veðs í mánuði n	Endurgreiðsla skuldara í þrjátíu og sex mánuði fyrir lokadag-setninguna fyrir gögn, að undanskilinni sölu veðs, að meðtöldum innheimtum ytri innheimtustofnana, þar sem hver mánaðarleg fjárhæð er tilgreind í sérstökum reit. Byrja á síðasta mánuði í reit NPEH75 og enda með fyrsta mánuðinum í NPEH110. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ
NPEH [111-146]	Fyrri endurgreiðslur — frá sölu veðs í mánuði n	Endurgreiðsla með sölu á veðinu í þrjátíu og sex mánuði fyrir lokadagsetninguna fyrir gögn, þar sem hver mánaðarleg fjárhæð er tilgreind í sérstökum reit. Byrja á síðasta mánuði í reit NPEH111 og enda með fyrsta mánuðinum í NPEH146. Gefa upp gjaldmiðilinn sem fjárhæðin er gefin upp í, með því að nota {CURRENCYCODE_3} snið.	JÁ	JÁ

XI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM UNDIRLIGGJANDI ÁHÆTTUSKULDBINDINGAR — EIGNATRYGGÐ SKAMMTÍMABRÉF

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
Þáttur með upplýsingum um undirliggjandi áhættuskuldbindingar				
IVAL1	Einkvæmt auðkenni — áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf	Einkvæmt auðkenni sem gagnaskilaaðilinn úthlutar þessari áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf í samræmi við 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224.	NEI	NEI
IVAL2	Einkvæmt auðkenni — viðskipti með eignatryggð skammtímaskuldabréf	Einkvæmt auðkenni sem gagnaskilaaðilinn úthlutar þessum viðskiptum með eignatryggð skammtímaskuldabréf í samræmi við 2. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224.	NEI	NEI
IVAL3	Upphaflegt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Tegund einkvæms auðkennis undirliggjandi áhættuskuldbindingar. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
IVAL4	Nýtt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Ef ekki er hægt að viðhalda upphaflega auðkenninu í reit IVAL3 í þessum reit, þá færa inn nýja auðkennið hér. Ef engin breyting hefur orðið á auðkenninu, þá færa inn sama auðkenni og í IVAL3. Gagnaskilaaðilinn má ekki breyta þessu einkvæma auðkenni.	NEI	NEI
IVAL5	Tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar	Velja tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar í þessum viðskiptum: Viðskiptakröfur (TREC) Bílalán eða -kaupleigusamningar (ALOL) Neytendalán (CONL) Leiga á tækjabúnaði (EQPL) Lagerfjármögnun (FLRF) Tryggingariðgjald (INSU) Kreditkortakröfur (CCRR) Veðlán með veði í íbúðarhúsnæði (RMRT) Veðlán með veði í viðskiptahúsnæði (CMRT) Lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (SMEL) Lán til fyrirtækja sem ekki eru lítil og meðalstór (NSML) Framtíðarsjóðstreymi (FUTR) Vogunarsjóður (LVRG) Skuldabréfavafningur (CBOB) Lánavafningur (CLOB) Annað (OTHR)	NEI	NEI
IVAL6	Lokadagsetning fyrir gögn	Lokadagsetningin fyrir gögn fyrir þessa gagnaframlagningu.	NEI	NEI

Kóði fyrir reit	Heiti reits	Innihald sem skal koma fram	ND1-ND4 heimilað?	ND5 heimilað?
IVAL7	Landfræðilegt svæði — mesta samþjöppun áhættuskuldbindinga 1	Landfræðilega svæðið þar sem hæsta fjárhæð undirliggjandi áhættuskuldbindinga (eftir núvirði áhættuskuldbindinga, eins og á lokadagsetningunni fyrir gögn) af þessari tegund er staðsett, með tilliti til staðsetningar veðtryggingarinnar eða skuldarans (fyrir ótryggðar undirliggjandi áhættuskuldbindingar). Þar sem engin NUTS-flokkun 3 hefur verið útfærð af Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) (t.d. fyrir lögsögu utan ESB), skal færa inn tveggja tölustafa landskóðann á {COUNTRYCODE_2} sniði og þar á eftir „ZZZ“.	JÁ	JÁ
IVAL8	Landfræðilegt svæði — mesta samþjöppun áhættuskuldbindinga 2	Landfræðilega svæðið þar sem næsthæsta fjárhæð undirliggjandi áhættuskuldbindinga (eftir núvirði áhættuskuldbindinga, eins og á lokadagsetningunni fyrir gögn) af þessari tegund er staðsett, með tilliti til staðsetningar veðtryggingarinnar eða skuldarans (fyrir ótryggðar undirliggjandi áhættuskuldbindingar). Þar sem engin NUTS-flokkun 3 hefur verið útfærð af Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) (t.d. fyrir lögsögu utan ESB), skal færa inn tveggja tölustafa landskóðann á {COUNTRYCODE_2} sniði og þar á eftir „ZZZ“.	JÁ	JÁ
IVAL9	Landfræðilegt svæði — mesta samþjöppun áhættuskuldbindinga 3	Landfræðilega svæðið þar sem þriðja hæsta fjárhæð undirliggjandi áhættuskuldbindinga (eftir núvirði áhættuskuldbindinga, eins og á lokadagsetningunni fyrir gögn) af þessari tegund er staðsett, með tilliti til staðsetningar veðtryggingarinnar eða skuldarans (fyrir ótryggðar undirliggjandi áhættuskuldbindingar). Þar sem engin NUTS-flokkun 3 hefur verið útfærð af Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) (t.d. fyrir lögsögu utan ESB), skal færa inn tveggja tölustafa landskóðann á {COUNTRYCODE_2} sniði og þar á eftir „ZZZ“.	JÁ	JÁ
IVAL10	Landfræðileg flokkun	Færa skal inn árið fyrir NUTS-flokkun 3 sem notuð er í reitunum fyrir landfræðileg svæði, t.d. 2013 fyrir NUTS-flokkun 3 2013. Í öllum reitum fyrir landfræðileg svæði verður að nota sömu flokkun með samræmdum hætti fyrir hverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu og fyrir allar tegundir undirliggjandi áhættuskuldbindinga í gagnaframlagningunni. Til dæmis er í gagnaskilum ekki heimilt að nota NUTS-flokkun 3 2006 fyrir suma landfræðilega reiti varðandi tiltekna undirliggjandi áhættuskuldbindingu og NUTS-flokkun 3 2013 fyrir aðra reiti varðandi sömu áhættuskuld-bindingu. Á sama hátt ekki heimilt að tilkynna um landfræðileg svæði í reitum með notkun NUTS-flokkunar 3 2006 fyrir sumar undirliggjandi áhættuskuldbindingar og með notkun NUTS-flokkunar 3 2013 fyrir aðrar undirliggjandi áhættuskuld-bindingar í sömu gagnaframlagningu.	JÁ	JÁ
frá 29. nóvember 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um rekstrarstaðla fyrir gagnasöfnun verðbréfunarskrár, söfnun, samanburð, aðgengi og sannprófun á heilleika og samræmi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum a-lið 7. mgr. 10. gr. og b-, c- og d-lið 2. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 ættu að geta uppfyllt viðkomandi ábyrgð sína, umboð og skyldur. Upplýsingarnar sem verðbréfunarskrár veita þessum aðilum ættu þess vegna að vera af miklum gæðum og hentugar til samantektar og samanburðar á milli mismunandi verðbréfunarskráa á tímanlegan, yfirgripsmikinn og skipulegan hátt. Verðbréfunarskrár ættu því að leggja mat á hvort þær upplýsingar séu heildstæðar og samkvæmar áður en þær eru gerðar aðgengilegar þessum aðilum og ættu að útvega þessum aðilum skýrslu við lok dags og samanlagt heilleikastig gagnanna.

2) Í aðferðunum til að sannprófa hvort upplýsingarnar sem upphafsaðilar, umsjónaraðilar og sérstakir verðbréfunaraðilar tilkynna inn til verðbréfunarskráa séu tæmandi og samkvæmar ætti að taka tillit til fjölbreytni tegunda verðbréfunar, eiginleika og venja. Því er viðeigandi að kveða á um sannprófunaraðferðir sem taka til samanburðar á upplýsingunum sem tilkynntar eru að því er varðar svipaðar verðbréfanir, s.s. verðbréfanir sem deila sama eða tengdum upphafsaðila, tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar, formgerðareiginleikum eða landfræðilegri legu.

3) Til að tryggja gæði upplýsinganna sem tilkynntar eru ættu sannprófunaraðferðirnar einnig að gilda um heilleika og samkvæmni skjalanna sem liggja til grundvallar þeim upplýsingum. Að því gefnu að tiltölulega erfitt er að sannprófa heilleika og samkvæmni þeirrar skjala ættu verðbréfunarskrár að fara fram á við gagnaskilaaðila að þeir staðfesti skriflega að hin undirliggjandi verðbréfunarskjöl, sem þeir gera aðgengileg, séu heildstæð og samkvæm. Meiriháttar uppfærsla á þegar tilkynntum skjölum ættu að teljast ný verðbréfunarskjöl sem kallar á skriflega staðfestingu.

4) Til að gera aðilunum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 kleift að uppfylla viðkomandi ábyrgð, umboð og skyldur sínar ættu einstök atriði verðbréfana, sem þessir aðilar verða að hafa beinan og tafarlausan aðgang að, að vera samanburðarhæf á milli verðbréfunarskráa með samhæfðum og samræmanlegum hætti. Þær upplýsingar ætti þess vegna að veita á stækkanlegu ívafsmálsformi (XML-sniði) vegna þess sú framsetning er almennt notuð í fjármálageiranum.

5) Tryggja ætti þagnarskyldu um hverja tegund gagna sem fara á milli verðbréfunarskráa og aðilanna sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402. Slík gagnaskipti ættu þess vegna að fara fram með tryggri tengingu milli véla með því að nota dulkóðaðar gagnaskiptareglur. Til að tryggja sameiginlega lágmarksstaðla ætti að nota SSH-skráaflutningsreglur.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 335. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 50.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12. 2017, bls. 35.

6) Gögn sem varða síðustu undirliggjandi áhættuskuldbindingu verðbréfunar, fjárfestaskýrslur, innherjaupplýsingar og upplýsingar um mikilvægan atburð, sem og vísar um gæði og tímanleika þessara gagna, eru nauðsynleg fyrir áframhaldandi vöktun á fjárfestingastöðum í verðbréfun og mögulegum fjárfestingum, sem og fjármálastöðugleika og kerfisáhættu. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 ættu þess vegna að hafa aðgang að þessum gögnum eftir þörfum eða með fyrirframskilgreindu millibili í samræmi við þarfir þeirra fyrir að fá þær.

7) Verðbréfanir eru flóknar og misleitar og notendur með aðgang að upplýsingum frá verðbréfunarskrám eru mismunandi. Þess vegna er mikilvægt að auðvelda beinan og tafarlausan aðgang að sértækum gagnasöfnum og upplýsingum. Sá aðgangur ætti að taka til aðgangs á tölvulesanlegu formi þegar upplýsingarnar tengjast gögnum og öllum núverandi og eldri upplýsingum um verðbréfun sem geymdar eru innan gagnasafns. Í þeim tilgangi ætti að búa til ramma fyrir tilfallandi beiðnir sem hægt er að sameina til að afla sértækra upplýsinga. Samhæfa ætti frestina sem verðbréfunarskrár hafa til að veita aðilunum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 gögn til að auðvelda skilvirka gagnavinnslu þessara aðila og verðbréfunarskráa. Á sama tíma ætti að tryggja að gögn fáist innan þeirra fresta svo aðilunum sem fara fram á þau sé kleift að uppfylla ábyrgðarskyldur sína með skilvirkum hætti.

8) Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 reiða sig á gögnin sem verðbréfunarskrár viðhalda, þ.m.t. fyrir samanburð á núverandi verðbréfunum við fyrri verðbréfanir. Þess vegna er við hæfi að taka sérstaklega fram að viðskiptaskrár ættu að viðhalda skrám um verðbréfun í 10 ár eftir lok verðbréfunarinnar, skv. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 og 3. mgr. 80. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([2]).

9) Ákvæðin í þessari reglugerð tengjast náið þar sem þau fjalla um staðla og aðferðir sem varða söfnun og úrvinnslu upplýsinga í vörslu verðbréfunarskráa og aðgengi að þeim upplýsingum. Því er rétt að ein reglugerð innihaldi þessi ákvæði.

10) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

11) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „gagnaskilaaðili“: aðilinn sem tilnefndur er í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

b) „lokadagsetning fyrir gögn“: viðmiðunardagsetningin fyrir upplýsingarnar sem tilkynntar eru í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1224 ([4]),

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1224 frá 16. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar og einstök atriði varðandi verðbréfun sem upphafsaðili, umsjónaraðili og sérstakur verðbréfunaraðili eiga að láta í té (Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 1).

2. gr.

Skýrsla við lok dags

1. Verðbréfunarskrár skulu daglega útbúa eina samantektarskýrslu við lok dags yfir allar verðbréfanir sem tilkynntar hafa verið til þeirra, að undanskildum þeim verðbréfunum sem hefur verið hafnað í samræmi við 6. mgr. 4. gr. Sú skýrsla skal byggjast á nýjustu innsendu upplýsingunum, undanskilja allar verðbréfanir sem hefur verið hafnað í samræmi við 6. mgr. 4. gr. og innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) einkvæma auðkennið sem úthlutað er í samræmi við 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224,

b) ISIN-kóðana fyrir áhættulög, skuldabréf eða víkjandi lán verðbréfunarinnar, ef tiltækir,

c) fjárhæð núverandi eftirstöðva höfuðstóls allra áhættulaga, skuldabréfa eða víkjandi lána verðbréfunarinnar, í evrum, með því að nota gengið sem birt er á vefsetri Seðlabanka Evrópu virka daginn á undan,

d) heiti verðbréfunarinnar,

e) hvort verðbréfunin sé í eignatryggðum skammtímaskuldabréfum (ABCP) eða án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa (e. *non-ABCP securitisation*),

f) hvort uppbygging verðbréfunarinnar er af gerð „M“ fyrir höfuðsjóð eins og tilgreint í reit SESS9 í XIV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224 eða af gerð „S“ fyrir allar aðrar verðbréfanir,

g) hvort aðferðin til yfirfærslu áhættu verðbréfunarinnar er „T“ fyrir raunverulegt framsal eins og tilgreint er í reit IVSS11 í XII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224 eða „S“ fyrir tilbúna verðbréfun eins og tilgreint er í reit SESV11 í XIV. viðauka við þá reglugerð, eða „eignatryggt skammtímabréf“ fyrir verðbréfanir eignatryggðra skammtímaskuldabréfa,

h) heiti og LEI-auðkenni upphafsaðila, umsjónaraðila og sérstaks verðbréfunaraðila,

i) síðustu dagsetningu fyrir vaxtagreiðslu á ISO 8601 dagsetningarsniði,

j) tímastimpilinn, á ISO 8601 dagsetningar- og tímasniði (samræmdur heimstími (UTC)), fært að næstu sekúndu, á nýjustu gagnaframlagningu sem verðbréfunarskráin hefur móttekið, eða, þegar margar gagnaframlagningar vísa til sömu lokadagsetningar fyrir gögn, tímastimplarnir, á ISO 8601 dagsetningar- og tímasniði, á fyrstu og nýjustu gagnaframlagningu með sömu lokadagsetningu fyrir gögn,

k) lokadagsetninguna fyrir gögn, á ISO 8601 dagsetningarsniði, á nýjustu gagnaframlagningu sem verðbréfunarskráin hefur móttekið,

l) fjölda gagnaframlagninga sem verðbréfunarskráin hefur móttekið sem vísa til sömu lokadagsetningar fyrir gögn, sett fram í k-lið,

m) heilleikastig gagnanna, sem um getur í 3. gr., í nýjustu gagnaframlagningunni sem verðbréfunarskráin hefur móttekið,

n) fyrir verðbréfanir án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa, staðfestuland upphafsaðilans eða upphaflegs lánveitanda,

o) fyrir verðbréfanir eignatryggðra skammtímabréfa, staðfestuland umsjónaraðilans,

p) landið þar sem meirihluti undirliggjandi áhættuskuldbindinga eru staðsettar, með tilliti til núverandi eftirstöðva höfuðstóls undirliggjandi áhættuskuldbindinga,

q) algengustu tegund undirliggjandi áhættuskuldbindinga í verðbréfuninni, með tilliti til núverandi eftirstöðva höfuðstóls.

r) Að því er varðar n-lið, þegar undirliggjandi áhættuskuldbindingar verðbréfunarinnar eru samansettar af áhættuskuldbindingum frá mörgum upphafsaðilum eða upphaflegum lánveitendum, skal staðfestuland upphafsaðilans eða upphaflega lánveitandans vera það land upphafsaðilans eða upphaflega lánveitandans sem er með hæstu fjárhæðina af áhættuskuldbindingum, með tilliti til núverandi eftirstöðva höfuðstóls í verðbréfuninni.

2. Verðbréfunarskrár skulu gera skýrsluna við lok dags tiltæka á XML-sniði.

3. Tímastimplar sem um getur í þessari grein skulu ekki víkja meira en einni sekúndu frá samræmdum heimstíma (UTC), gefnum út og viðhaldið af einni af tímamiðstöðvunum sem skráðar eru í síðustu ársskýrslu Alþjóðastofnunar um mál og vog (BIPM) um tímatengda starfsemi.

3. gr.

Heilleikastig gagna

4. verðbréfunarskrár skulu reikna út heilleikastig gagna fyrir hverja gagnaframlagningu með því að nota stigafylkið sem sett er fram í töflu 1 í viðaukanum og eftirfarandi ílagsgögn:

$$\text{Input } 1 = \frac{\sum_i^N ND1}{\text{N}}$$

$$\text{Input } 2 = \frac{\sum_i^N ND2 + \sum_i^N ND3 + \sum_i^N ND4}{\text{N}}$$

Þar sem:

$\sum_i^N NDx$ táknar heildarfjölda reita í gagnaframlagningu sem innihalda viðkomandi gildi fyrir valkostinn „Engin gögn“ sem tilgreind eru í samræmi við 3. mgr. 9 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224.

N táknar heildarfjölda reita í gagnaframlagningunni þar sem heimilað er að tilgreina eitthvert gildana fyrir valkostinn „Engin gögn“ (ND1 til ND4) í samræmi við 3. mgr. 9 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224.

Að því er varðar útreikning á heilleikastigi gagnanna, skal líta svo á að með reitum útfylltum á sniðinu „ND4-ÁÁÁÁ-MM-DD“ sé átt við „ND4“.

4. gr.

Sannprófun á heilleika og samkvæmni upplýsinga

1. Verðbréfunarskrár skulu staðfesta heilleika og samkvæmni upplýsinga sem þeim eru tilkynntar með því að sannprófa eftirfarandi:

a) heitið á gagnaskilaaðilanum, eins og tilgreint er í reit IVSS4 í XII. viðauka eða í reit IVAS3 í XIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224,

b) hvort liðakóðinn fyrir framlagninguna eins og tilgreindur er í töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224 sé réttur.

2. Að því er varðar upplýsingarnar sem um getur í a-, e-, f- og g-liðum 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 skulu verðbréfunarskrár einnig sannprófa heilleika og samkvæmni upplýsinga með því að:

a) sannprófa hvort upplýsingarnar sem tilkynntar eru séu í samræmi við uppbyggingu og form sniðmátanna sem sett eru fram í II. til XV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1225 ([5]),

b) bera saman upplýsingarnar sem tilkynntar eru:

   i. milli ólíkra reita með sömu lokadagsetningu fyrir gögn og sömu upplýsingaliði um undirliggjandi áhættuskuldbindingu, fjárfestaskýrslu, innherjaupplýsingar eða mikilvægan atburð,

   ii. milli ólíkra upplýsingaliða um undirliggjandi áhættuskuldbindingu, fjárfestaskýrslu, innherjaupplýsingar eða mikilvægan atburð í sama reit og með sömu lokadagsetningu fyrir gögn,

   iii. milli sömu upplýsingaliða um undirliggjandi áhættuskuldbindingu, fjárfestaskýrslu, innherjaupplýsingar eða mikilvægan atburð í sama reit og með ólíkar lokadagsetningar fyrir gögn,

   iv. milli svipaðra verðbréfana,

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1225 frá 29. október 2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið og stöðluð sniðmát sem upphafsaðili, umsjónaraðili og sérstakur verðbréfunaraðili skulu nota til að gera upplýsingar og einstök atriði um verðbréfun aðgengilegar (Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 217).

c) sannprófa hvort lokadagsetningin fyrir gögn að því ar varðar upplýsingarnar sem tilkynntar eru og tímastimpillinn á framlagningunni hlíti ákvæðum 10. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224,

d) sannprófa að valkosturinn „Engin gögn“, sem settur er fram í 3. mgr. 9 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224, sé eingöngu notaður þar sem heimilt er og komi ekki í veg fyrir að framlagning gagna sé nægjanlega dæmigerð fyrir undirliggjandi áhættuskuldbindingar í verðbréfuninni.

Fyrir verðbréfanir eignatryggðra skammtímabréfa skal líta á tilvísanir í þessari málsgrein til undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem tilvísanir í tegundir undirliggjandi áhættuskuldbindinga.

3. Verðbréfunarskrár skulu sannprófa heilleika og samkvæmni skjalanna sem þeim eru gerð aðgengileg skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 með því að fara fram á skriflega staðfestingu frá gagnaskilaaðilum um eftirfarandi:

a) að verðbréfunarskráin hafi fengið alla liði sem um getur í töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224 og krafist er að séu gerðir aðgengilegir skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

b) að skjölin séu í samræmi við raunverulegt fyrirkomulag og eiginleika verðbréfunarinnar.

4. Fara skal fram á skriflegu staðfestinguna sem um getur í 3. mgr. innan eftirfarandi tímaramma:

a) innan fimm virkra daga frá fyrstu útgáfu verðbréfa innan verðbréfunarinnar eða, fyrir verðbréfanir eignatryggðra skammtímaskuldabréfa, innan fimm virkra daga frá fyrstu útgáfu verðbréfa samkvæmt áætluninni um eignatryggð skammtímaskuldabréf,

b) tólfta hvern mánuð frá og með dagsetningum beiðnanna sem um getur í a-lið,

c) innan fimm virkra daga frá því nýtt skjal er gert aðgengilegt skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

Verðbréfunarskrá sem ekki hefur fengið skriflega staðfestingu innan 14 daga frá dagsetningu beiðni sem um getur í fyrstu undirgrein skal fara fram á að gagnaskilaaðilinn veiti henni skriflega staðfestingu innan 14 daga.

5. Verðbréfunarskrár skulu sannprófa hvort STS-tilkynningin, sem um getur í d-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 og gerð hefur verið aðgengileg þeirri verðbréfunarskrá, sé í samræmi við uppbyggingu og form sniðmátanna sem sett eru fram í viðaukunum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1227 ([6]).

6. Verðbréfunarskrá skal hafna framlagningu upplýsinga sem eru ófullgerðar eða ósamkvæmar skv. 1., 2. og 5. mgr., nema fyrir iii. og iv. undirlið b-liðar 2. mgr. Verðbréfunarskráin skal raða hverri framlagningu sem hafnað er samkvæmt þessari málsgrein í einn af höfnunarflokkunum sem settir eru fram í töflu 2 í viðaukanum.

7. Verðbréfunarskráin skal tilkynna aðilunum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 án ástæðulausrar tafar um eftirfarandi:

a) að framlögðu upplýsingarnar séu ófullgerðar eða ósamkvæmar skv. iii. og iv. undirlið b-liðar 2. mgr.,

b) að verðbréfunarskráin hafi ekki fengið skriflegu staðfestinguna sem um getur í 3. mgr.

8. Innan einnar klukkustundar frá viðtöku upplýsinganna, sem um getur í 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402, skulu verðbréfunarskrár veita gagnaskilaaðilum ítarlega endurgjöf um niðurstöðuna af sannprófuninni sem gerð var skv. 1., 2., 3. og 5. mgr., þ.m.t. um sérhvern höfnunarflokk sem raðað var í skv. 6. mgr. Í endurgjöfinni skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

a) einkvæmt auðkenni verðbréfunarinnar sem úthlutað er í samræmi við 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224,

([6]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1227 frá 12. nóvember 2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir veitingu upplýsinga í samræmi við kröfur um STS-tilkynningar (Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 315).

b) liðakóðinn/liðakóðarnir sem um getur í töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224,

c) tímastimpill framlagningarinnar, á ISO 8601 dagsetningar- og tímasniði, fært að næstu sekúndu, á upplýsingunum sem tilkynntar eru.

9. Fyrir kl. 19:00:00 að samræmdum heimstíma hvern mánudag skulu verðbréfunarskrár taka saman skýrslu um allar upplýsingar sem hún hafnaði frá kl. 19:00:00 að samræmdum heimstíma mánudeginum á undan. Skýrslan skal a.m.k. fela í sér eftirfarandi þætti:

a) einkvæmt auðkenni verðbréfunarinnar sem úthlutað var í samræmi við 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224,

b) heiti verðbréfunarinnar,

c) ISIN-kóðana fyrir áhættulög, skuldabréf eða víkjandi lán verðbréfunarinnar, ef tiltækir,

d) heiti og LEI-auðkenni upphafsaðila, umsjónaraðila og sérstaks verðbréfunaraðila,

e) tímastimpilinn, á ISO 8601 dagsetningar- og tímasniði, fært að næstu sekúndu, á framlögðu upplýsingunum,

f) liðakóðann fyrir framlagninguna sem um getur í töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224,

g) höfnunarflokkinn sem um getur í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð og þær sérstöku aðstæður sem réðu röðun í þann höfnunarflokk,

h) sérhverja útskýringu sem gagnaskilaaðilinn veitti fyrir kl. 17:00:00 að samræmdum heimstíma á mánudeginum sem skýrslan er birt um hvers vegna tilkynntu upplýsingarnar eru ófullgerðar eða ósamkvæmar, eða hvers vegna skriflega staðfestingin sem um getur í 3. mgr. hefur ekki verið veitt.

5. gr.

Nánari lýsing upplýsinganna sem veita skal aðgang að

Nánari lýsing upplýsinganna, sem um getur í c-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402, skal fela í sér eftirfarandi:

a) allar upplýsingar sem verðbréfunarskráin hefur móttekið frá gagnaskilaaðilum í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/2402,

b) skýrslan við lok dags sem um getur í 2. gr., heilleikastig gagnanna eins og um getur í 3. gr. og sérhverjar upplýsingar sem leiða af sannprófununum sem gerðar eru skv. 4. gr. þessarar reglugerðar,

c) allar formúlur, útreikninga og samlagningaraðferðir sem notaðar eru til að taka saman upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið.

6. gr.

Skilmálar og skilyrði fyrir aðgangi að upplýsingunum

1. Aðgangur að upplýsingunum sem um getur í 5. gr. skal heimilaður að fenginni beiðni þar um. Í beiðninni um aðgang skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) nafn aðilans sem leggur fram beiðnina,

b) tengiliður aðilans sem leggur fram beiðnina,

c) tegund aðilans sem leggur fram beiðnina, eins og um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

d) nöfn þeirra einstaklinga hjá aðilanum sem leggur fram beiðnina sem munu hafa aðgang að umbeðnum upplýsingum,

e) öryggisskilríki fyrir tryggar SSH-skráaflutningsreglur tengingar eins og krafist er skv. 2. mgr. 7. gr.,

f) hvort beiðnin er tilfallandi eða fyrirframskilgreind reglubundin beiðni,

g) tilgreining þeirra upplýsinga sem beðið er um, á grundvelli sérhverra samsetninga viðmiðananna í 4. mgr.,

h) sérhverjar aðrar tækniupplýsingar sem skipta máli fyrir aðgang aðilans sem leggur fram beiðnina.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal verðbréfunarskrá:

a) tilnefna einn eða fleiri einstaklinga til að bera ábyrgð á samvinnu við aðilana sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

b) birta á vefsetri sínu skilmálana og skilyrðin fyrir aðgangi að upplýsingunum og leiðbeiningum um framlagningu beiðni um aðgang að þeim upplýsingum,

c) eingöngu veita aðgang að þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í beiðninni um aðgang,

d) eins fljótt og mögulegt er, en ekki síðar en 30 dögum eftir beiðni um aðgang að þeim upplýsingum, koma á því tæknilega fyrirkomulagi sem nauðsynlegt er til að gera aðilunum sem um getur 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 kleift að leggja fram beiðnir um aðgang að þeim upplýsingum.

3. Aðgangur að upplýsingunum sem um getur í 5. gr. skal heimilaður innan eftirfarandi tímaramma:

a) eigi síðar en kl. 19:00:00, að samræmdum heimstíma, daginn sem skýrslan vísar til fyrir tilfallandi eða fyrirframskilgreinda reglubundna beiðni um skýrslu við lok dags eins og um getur í 2. gr.,

b) eigi síðar en kl. 12:00:00, að samræmdum heimstíma, fyrsta daginn eftir móttökudag beiðni um aðgang þegar upplýsingarnar varða verðbréfun sem hefur annað hvort ekki enn verið verðlögð eða hefur enn ekki gjaldfallið eða hefur gjaldfallið innan eins árs fyrir daginn sem beiðnin varð lögð fram,

c) eigi síðar en þremur virkum dögum eftir móttökudag beiðni um aðgang þegar upplýsingarnar varða verðbréfun sem hefur gjaldfallið meira en einu ári fyrir daginn sem beiðnin varð lögð fram,

d) eigi síðar en þremur virkum dögum eftir móttökudag beiðni um aðgang þegar upplýsingarnar varða nokkrar verðbréfanir sem falla undir bæði b- og c-lið.

4. Verðbréfunarskrár skulu heimila aðilunum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 aðgang að upplýsingunum sem um getur í 5. gr. á grundvelli einhverrar samsetningar eftirfarandi viðmiða:

a) tegund verðbréfunar: verðbréfun án eignatryggðra skammtímabréfa eða verðbréfun í eignatryggðum skammtímabréfum,

b) skipulagstegund verðbréfunar: annað hvort „M“ fyrir höfuðsjóð eins og tilgreint í reit SESS9 í XIV. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224 eða gerð „S“ fyrir allar aðrar verðbréfanir,

c) aðferð til yfirfærslu áhættu verðbréfunar: annað hvort „Y“ fyrir raunverulegt framsal eins og tilgreint er í reit IVSS11 í XII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224, „Y“ fyrir tilbúna verðbréfun eins og tilgreint er í reit SESV11 í XIV. viðauka við þá reglugerð, eða „eignatryggð skammtímabréf“ fyrir verðbréfanir eignatryggðra skammtímaskuldabréfa,

d) liðakóði verðbréfunar,

e) tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar í verðbréfun,

f) hluti undirliggjandi áhættuskuldbindingar í verðbréfun,

g) hluti sniðmáts fyrir fjárfestaskýrslu um verðbréfun,

h) hluti sniðmáts fyrir innherjaupplýsingar eða upplýsingar um mikilvægan atburð fyrir verðbréfun,

i) auðkenni:

   i. einkvæmt auðkenni,

   ii. færsluauðkenni,

   iii. alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa,

iv. nýtt eða upphaflegt auðkenni áhættulags/skuldabréfs,

v. nýtt eða upphaflegt auðkenni undirliggjandi áhættuskuldbindingar,

vi. nýtt eða upphaflegt auðkenni skuldara,

vii. auðkenni lögaðila fyrir upphafsaðila,

viii. auðkenni lögaðila fyrir umsjónaraðila,

ix. auðkenni lögaðila fyrir sérstakan verðbréfunaraðila,

x. auðkenni lögaðila fyrir upphaflegan lánveitanda,

xi. auðkenni lögaðila fyrir stjórnanda lánavafnings,

j) landfræðileg lega:

i. landfræðilegt svæði,

ii. gildandi lög,

k) dagsetning og tími:

i. tímastimpill framlagningar,

ii. lokadagsetning fyrir gögn,

iii. útgáfudagsetning áhættulags/skuldabréfs,

iv. lokagjalddagi áhættulags/skuldabréfs,

v. upphafsdagsetning undirliggjandi áhættuskuldbindingar,

vi. gjalddagi undirliggjandi áhættuskuldbindingar,

l) gjaldmiðill:

i. gjaldmiðill áhættulags/skuldabréfs,

ii. nafnvirði gjaldmiðils undirliggjandi áhættuskuldbindingar.

5. Verðbréfunarskrár skulu gera eftirfarandi upplýsingar tiltækar með því að nota XML-snið:

a) upplýsingarnar sem um getur í a-lið og d- til g-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

b) upplýsingarnar sem verðbréfunarskrá tekur saman í samræmi við 2. og 4. gr. þessarar reglugerðar, að undanskildum skriflegum staðfestingum sem mótteknar eru skv. 3. mgr. 4. gr.

7. gr.

Staðlar fyrir gagnasöfnun og aðgang

1. Verðbréfunarskrár skulu nota rafræna undirskrift og dulkóðaðar gagnasamskiptareglur til að taka á móti gögnum frá gagnaskilaaðilum eða öðrum verðbréfunarskrám og til að yfirfæra gögn til aðilanna sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu verðbréfunarskrár koma á og viðhalda öruggri tengingu milli véla og gera þá tengingu tiltæka gagnaskilaaðilum og aðilunum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402. Sú tenging skal notast við SSH-skráaflutningsreglur.

3. Verðbréfunarskrár skulu nota stöðluð XML-skilaboð til samskipta í gegnum tenginguna sem um getur í 2. mgr. og gera upplýsingarnar sem settar eru fram í 5. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar aðgengilegar aðilunum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

8. gr.

Skráahald

1. Verðbréfunarskrár skulu halda skrá yfir eftirfarandi:

a) sannprófanir samkvæmt þessari reglugerð og aðrar prófanir sem verðbréfunarskráin framkvæmir,

b) skriflegar staðfestingar sem verðbréfunarskráin móttekur skv. 3. mgr. 4. gr.,

c) niðurstöðurnar sem verðbréfunarskráin veitir gagnaskilaaðilunum skv. 6. mgr. 4. gr.,

d) sérhverja útskýringu sem gagnaskilaaðilinn veitir um hvers vegna framlögðu upplýsingarnar séu ófullgerðar eða ósamkvæmar, eða hvers vegna engin skrifleg staðfesting liggur fyrir eins og um getur í 7. mgr. 4. gr.,

e) í gagnaskilaskrá, einstök atriði hverrar leiðréttingar eða afturköllunar sem gagnaskilaaðilinn leggur fram,

f) allar aðrar upplýsingar sem teknar eru saman eða lagðar fram samkvæmt þessari reglugerð.

2. Hver skrá skal varðveitt í 10 ár eftir lok verðbréfunarinnar sem sú skrá tengist.

3. Gagnaskráin sem um getur í d-lið 1. mgr. skal innihalda einkvæmt auðkenni verðbréfunarinnar, liðakóðann, tímastimpil viðkomandi framlagningar, tímastimpil breytinga og skýra lýsingu á breytingum á framlögðu upplýsingunum, þ.m.t. á fyrra og nýju innihaldi þeirra upplýsinga.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

ANNEX

Stigafylki fyrir heilleika gagna og höfnunarflokkar

Tafla 1

Stigafylki fyrir heilleika gagna

		Ílag 1: Prósentustig reita sett sem „ND1“			
		Ílag 1 = 0%	0% < Ílag 1 ≤ 10%	10% < Ílag 1 ≤ 30%	Ílag 1 > 30%
Ílag 2: Prósentustig reita fært inn sem „ND2“, „ND3“, eða „ND4-ÁÁÁÁ-MM-DD“	Ílag 2 = 0%	A1	B1	C1	D1
	0% < Ílag 2 ≤ 20%	A2	B2	C2	D2
	20% < Ílag 2 ≤ 40%	A3	B3	C3	D3
	Ílag 2 > 40%	A4	B4	C4	D4

Tafla 2

Höfnunarflokkar

Höfnunarflokkar	**Ástæða**
Gerðarlýsing	Framlagningunni á upplýsingum hefur verið hafnað vegna þess að gerðarlýsingin uppfyllir ekki skilyrðin.
Heimild	Framlagningunni á upplýsingum hefur verið hafnað vegna þess að gagnaskilaaðilinn hefur ekki fengið heimild til að senda tilkynningar fyrir hönd upphafsaðilans, umsjónaraðilans eða sérstaka verðbréfunaraðilans.
Rökrétt	Framlagningunni á upplýsingum hefur verið hafnað vegna þess að liðakóðinn fellur ekki að tiltækum gildum í töflu 3 í 1. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224.
Viðskipti	Framlagningunni á upplýsingum hefur verið hafnað vegna þess að gagnaframlagningin er ekki í samræmi við eina eða fleiri sannprófanir á innihaldi.
Samsvörun	Framlagningunni á upplýsingum hefur verið hafnað skv. 6. mgr. 4. gr.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1230 2026/EES/17/25

frá 29. nóvember 2019

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá og upplýsingarnar í einfaldaðri umsókn um framlengingu skráningar viðskiptaskrár (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 7. mgr. 10. gr., að svo miklu leyti sem hún vísar til b- og c-liðar fyrstu undirgreinar þeirrar málsgreinar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 er gerð krafa um að upplýsingarnar um verðbréfunarviðskipti séu gerðar aðgengilegar fyrir tilstilli verðbréfunarskrár eða, ef engin slík viðskiptaskrá er skráð í samræmi við 10. gr. þeirrar reglugerðar, á vefsetri sem uppfyllir tilteknar kröfur. Í 10. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 eru sett fram skilyrðin og verklagið fyrir skráningu verðbréfunarskráa, þ.m.t. krafan um að leggja fram annað hvort umsókn um skráningu eða, ef um er að ræða viðskiptaskrá sem þegar er skráð skv. 1. kafla VI. bálk reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ([2]), eða skv. III. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 ([3]), umsókn um framlengingu skráningar að því er varðar 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

2) Til að lágmarka viðbótarrekstrarkostnað fyrir markaðsaðila ættu reglurnar um skráningu verðbréfunarskráa, þ.m.t. reglurnar um skráningu með því að framlengja skráningu að því er varðar 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402, að byggja á innviðum sem þegar eru til staðar, rekstrarlegum ferlum og sniðum sem innleidd voru í tengslum við gagnaskil um fjármögnunarviðskipti með verðbréf og afleiðusamninga. Reglurnar um skráningu ættu þó einnig að endurspegla sérstaka eiginleika verðbréfunar, þ.m.t. flækjustig sem tengist hýsingu verðbréfunargagna og skjalahald og ættu að endurspegla nýlega markaðsþróun, s.s. almenna notkun á LEI-auðkenni, sem bætir skipulag og flokkun upplýsinga um lögaðila sem veita á í umsókninni. Til glöggvunar og einföldunar fyrir umsækjendur er einnig æskilegt að reglurnar um skráningu fylgi röðun viðkomandi krafna í reglugerð (ESB) 2017/2402.

3) Verðbréfanir eru verulega flóknir gerningar sem innihalda margskonar ólíkar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um einkenni undirliggjandi áhættuskuldbindinga, upplýsingar um sjóðstreymi þeirra, upplýsingar um uppbyggingu verðbréfunar og upplýsingar um lagalegt og rekstrarlegt samkomulag sem gert er við þriðju aðila. Þess vegna er mikilvægt að væntanleg verðbréfunarskrá geti sýnt fram á fullnægjandi þekkingu og reynslu af verðbréfun og getu til að taka við, vinna úr og gera viðkomandi upplýsingar aðgengilegar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2017/2402. Væntanlegar verðbréfunarskrár ættu einnig að geta sýnt fram á að starfsfólk þeirra, kerfi, stjórntæki og verklagsreglur séu fullnægjandi að því er varðar að tryggja hlítni við kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2017/2402.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 345. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 50.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1).

4) Verðbréfunarskrár geta veitt þjónustu, sem vísað er til sem „viðbótarþjónusta tengd verðbréfun“, sem tengist beint og stafar af veitingu þjónustu sem krefst skráningar sem verðbréfunarskrá samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402 (vísað til sem „kjarnaverðbréfunarþjónusta“). Verðbréfunarskrár geta t.d. veitt væntanlegum útgefanda verðbréfunar rannsóknar- eða ráðgjafarþjónustu með því að nýta verðbréfunargögn sem verðbréfunarskráin hefur aðgang að. Verðbréfunarskrár geta einnig veitt viðbótarþjónustu sem hvorki er beint tengd né stafar af veitingu kjarnaverðbréfunarþjónustu (viðbótar-þjónusta sem er ótengd verðbréfun). Notkunin á sameiginlegum tilföngum innan verðbréfunarskrár við veitingu á bæði kjarnaverðbréfunarþjónustu og viðbótarþjónustu tengdri verðbréfun, eða raunar viðbótarþjónustu sem ótengd er verðbréfun, gæti þó leitt til smitunar rekstraráhættu þvert á þessa þjónustu. Þjónusta sem tekur til sannreyningar, afstemmingar, úrvinnslu eða skráahalds upplýsinga getur þess vegna kallað á skilvirka rekstrarlega aðgreiningu til að koma í veg fyrir slík smitáhrif. Á hinn bóginn mætti líta svo á að starfsþættir eins og sameiginleg notendakerfi, sameiginlegur aðgangspunktur að upplýsingum eða nýting sama starfsfólks sem vinnur við sölu, reglufylgni eða á þjónustuborði fyrir viðskiptavini feli í sér minni hættu á smitáhrifum og kalli þess vegna ekki nauðsynlega á rekstrarlega aðgreiningu. Umsækjendur um skráningu sem verðbréfunarskrá ættu þess vegna að þurfa að sýna fram á að þeir hafi komið á fullnægjandi rekstrarlegu aðgreiningarstigi á milli tilfanga, kerfa og verklags sem notuð eru í þeirri starfsemi sem lýtur að veitingu kjarnaverðbréfunarþjónustu og tilfanga, kerfa og verklags sem notuð eru í annarri starfsemi sem lýtur að veitingu viðbótarþjónustu, án tillits til þess hvort sú önnur starfsemi er á vegum verðbréfunarskrárinnar, tengdrar einingar eða annarrar einingar.

5) Samkvæmt 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 er gert ráð fyrir einfaldaðri umsókn um framlengingu skráningar þegar viðskiptaskrár, sem skráðar eru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 eða reglugerð (ESB) 2015/2365, sækja um framlengingu núverandi skráningar sem viðskiptaskrá að því er varðar 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402. Til að koma í veg fyrir skörun krafna ættu upplýsingarnar sem viðskiptaskrá sem sækir um framlengingu skráningar á að veita að einskorðast við nánari upplýsingar um aðlaganirnar sem nauðsynlegar eru til að tryggja hlítni við reglugerð (ESB) 2017/2402.

6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur, í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([4]), haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir áliti hagsmunahóps á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. þeirrar reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „notandi“: í tengslum við verðbréfunarskrá, einhver af eftirfarandi:

   a) þeim aðilum sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

   b) gagnaskilaaðilum í tengslum við þá verðbréfunarskrá,

   c) öðrum viðskiptavinum verðbréfunarskrárinnar sem nýtir kjarnaverðbréfunarþjónustu sem verðbréfunarskráin veitir,

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2) „gagnaskilaaðili“: aðilinn sem tilnefndur er í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

3) „kjarnaverðbréfunarþjónusta“: þjónusta sem krefst skráningar sem verðbréfunarskrá samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402,

4) „viðbótarþjónusta tengd verðbréfun“: þjónusta sem veitt er af verðbréfunarskrá sem tengist beint og stafar af veitingu kjarnaverðbréfunarþjónustu sem sú verðbréfunarskrá veitir,

5) „viðbótarþjónusta sem ótengd er verðbréfun“: þjónusta sem hvorki er kjarnaverðbréfunarþjónusta né viðbótarþjónusta tengd verðbréfun,

6) eftirfarandi hugtök hafa merkinguna sem þeim er gefin í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012:

   a) „samstæða“,

   b) „móðurfélag“,

   c) „dótturfélag“,

   d) „eigið fé“,

   e) „náin tengsl“,

   f) „stjórn“,

7) „framkvæmdastjórn“: sá einstaklingur eða þeir einstaklingar sem í reynd stýra rekstri verðbréfunarskrárinnar og sá framkvæmdastjóri eða þeir framkvæmdastjórar sem sitja í stjórn hennar.

2. gr.

Auðkenni, réttarstaða og tegund verðbréfunar

(1) Í umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal tilgreina umsækjandann og starfsemina sem umsækjandinn hefur í hyggju að leggja stund á sem kallar á skráningu sem verðbréfunarskrá.

(2) Að því er varðar 1. mgr. skal umsóknin einkum innihalda eftirfarandi:

a) firmaheiti umsækjandans, lögheimili hans innan Sambandsins og firmaheiti og lögheimili sérhvers dótturfélags og útibús umsækjandans,

b) auðkenni lögaðila (LEI) umsækjandans sem skráð er hjá Alþjóðlegu lögaðilaauðkennastofnuninni (GLEIF),

c) vefslóð (URL) vefseturs umsækjandans,

d) útdrátt úr viðkomandi fyrirtækjaskrá eða dómabók sem sýnir stofnstað og atvinnustarfsemi umsækjandans, eða annars konar vottun á stofnstað og atvinnustarfsemi umsækjandans, sem í hvoru tilviki er í gildi daginn sem sótt er um skráningu sem verðbréfunarskrá,

e) tegundir verðbréfunar (viðskipti með eignatryggð skammtímabréf eða viðskipti sem ekki eru í eignatryggðum skammtímabréfum), aðferðir fyrir yfirfærslu áhættu (hefðbundin verðbréfun eða tilbúin verðbréfun) og tegundir undirliggjandi áhættuskuldbindinga (íbúðarhúsnæði, viðskiptahúsnæði, fyrirtæki, leigu, neytanda, bifreið, kreditkort, dulin) sem umsækjandinn óskar að skrá sig fyrir,

f) hvort umsækjandinn er með starfsleyfi eða skráningu lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem hann er með staðfestu og ef svo er nafnið á lögbæra yfirvaldinu og sérhvert tilvísunarnúmer sem tengist starfsleyfinu eða skráningunni,

g) félagssamninga eða samsvarandi stofnskilmála og, ef við á, önnur lögformleg gögn sem staðfesta að umsækjandinn muni veita kjarnaverðbréfunarþjónustu,

h) nafn og samskiptaupplýsingar þess/þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á hlítingu, eða annars starfsfólks sem kemur að mati á hlítingu umsækjanda, í tengslum við veitingu þess á kjarnaverðbréfunarþjónustu,

i) nafn og samskiptaupplýsingar tengiliðarins að því er varðar umsóknina,

j) starfsáætlunina, þ.m.t. staðsetningu meginstarfsemi umsækjandans,

k) sérhverja viðbótarþjónustu tengda verðbréfun eða viðbótarþjónustu sem ótengd er verðbréfun sem umsækjandinn veitir eða hefur í hyggju að veita,

l) allar upplýsingar um mál sem bíða meðferðar dóms, stjórnsýslu eða gerðardóms, eða önnur málaferli óháð tegund þeirra, sem umsækjandi kann að vera aðili að, einkum að því er varðar skatta- og gjaldþrotamál og þegar af málinu getur hlotist verulegur fjárhagslegur kostnaður eða orðsporsskaði, eða mál sem bíða ekki dóms en geta samt sem áður haft veruleg áhrif á kostnað verðbréfunarskrár.

(3) Að kröfu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal umsækjandi veita viðbótarupplýsingar á meðan athugun á skráningarumsókn fer fram sé þörf á slíkum upplýsingum til mats á getu umsækjandans til að fara að gildandi kröfum reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402 og til að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin geti á tilhlýðilegan hátt túlkað og greint gögnin sem leggja á fram eða hafa þegar verið lögð fram.

(4) Telji umsækjandi að krafa samkvæmt þessari reglugerð eigi ekki við um hann skal hann tilgreina þá kröfu greinilega í umsókn sinni og útskýra hvers vegna sú krafa eigi ekki við.

3. gr.

Skipurit

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma skipurit sem sýnir stjórnskipulag umsækjanda, þ.m.t. alla viðbótarþjónustu tengda verðbréfun og viðbótarþjónustu sem ótengd er verðbréfun.

(2) Skipuritið sem um getur í 1. mgr. skal innihalda upplýsingar um deili á aðilanum sem ábyrgur er fyrir hverju mikilvægu hlutverki, þ.m.t. deili á hverjum aðila framkvæmdastjórnar hans og aðilanna sem í reynd stýra rekstri dótturfélaga og útibúa.

4. gr.

Stjórnarhættir fyrirtækja

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma upplýsingar um reglur um innri stjórnarhætti umsækjanda auk verklagsreglna og starfslýsinga sem gilda um yfirstjórn, þ.m.t. stjórnina, utanaðkomandi stjórnarmenn og nefndir, hafi þær verið stofnaðar.

(2) Í upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. skal gera grein fyrir valferli, tilnefningu, frammistöðumati og brottvikningu aðila í framkvæmdastjórn.

(3) Fylgi umsækjandi viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja skal í umsókninni um skráningu sem verðbréfunarskrá tilgreina viðkomandi leiðbeiningar og útskýra öll tilvik þar sem umsækjandinn víkur frá þeim leiðbeiningum.

5. gr.

Innra eftirlit

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um innra eftirlitskerfi umsækjanda, þ.m.t. upplýsingar varðandi regluvörslu hans, áhættumat, innri eftirlitskerfi og fyrirkomulag innri endurskoðunar.

(2) Ítarlegu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., skulu innihalda:

a) stefnur umsækjandans um innra eftirlit og verklagsreglur til að tryggja samkvæma og skilvirka framkvæmd þeirra stefna,

b) allar stefnur, verklagsreglur og handbækur um eftirlit með og mat á hæfi og skilvirkni kerfa umsækjandans,

c) allar stefnur, verklagsreglur og handbækur um stjórnun og verndun upplýsingavinnslukerfa umsækjandans,

d) deili á innri aðilum sem bera ábyrgð á að meta niðurstöður úr innra eftirliti.

(3) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um innri endurskoðun umsækjanda:

a) ef til staðar er innri endurskoðunarnefnd, samsetning hennar, valdheimildir og ábyrgð,

b) stofnskrá, aðferðafræði, staðla og verklagsreglur innra endurskoðunarsviðs hennar,

c) útskýringu á því hvernig stofnskrá innri endurskoðunarsviðs hans, aðferðafræði og verklagsreglur eru þróaðar og þeim beitt, að teknu tilliti til eðlis og umfangs starfsemi umsækjandans, flækjustigs og áhættu,

d) þriggja ára starfsáætlun innri endurskoðunarnefndarinnar frá umsóknardegi, með áherslu á eðli og umfang starfsemi umsækjandans, flækjustig og áhættu.

6. gr.

Hagsmunaárekstrar

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um stefnur og verklagsreglur sem umsækjandi hefur komið á til að stýra hagsmunaárekstrum:

a) stefnur og verklagsreglur að því er varðar greiningu, stjórnun, útrýmingu, mildun og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra, án tafar,

b) lýsingu á ferlinu sem notað er til að tryggja að viðkomandi aðilar séu sér meðvitaðir um stefnurnar og verklagsreglurnar sem um getur í a-lið,

c) lýsingu á stigi og formi aðgreiningar sem til staðar er á milli mismunandi rekstrarsviða innan skipulagsheildar umsækjandans, þ.m.t. lýsingu á:

   i. ráðstöfununum sem gripið er til, til að koma í veg fyrir eða stýra upplýsingaskiptum á milli sviða þar sem hætt er við hagsmunaárekstrum,

   ii. eftirlitinu með þeim sem að meginstarfssviði hafa með hagsmuni að gera sem mögulega geta rekist á við hagsmuni viðskiptavinar,

d) sérhverjar aðrar ráðstafanir og stjórntæki sem komið er á til að tryggja að stefnunum og verklagsreglunum sem um getur í a-lið, að því er varðar stýringu hagsmunaárekstra og ferlana sem um getur í b-lið, sé fylgt.

(2) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma uppfærða skrá, þegar umsóknin er lögð fram, um fyrirliggjandi og hugsanlega hagsmunaárekstra sem máli skipta í tengslum við sérhverja kjarnaverðbréfunarþjónustu eða viðbótarþjónustu tengda verðbréfun sem og sérhverja viðbótarþjónustu sem ótengd er verðbréfun sem umsækjandi veitir eða fær og lýsingu á því hvernig meðferð þessara árekstra er eða mun verða háttað. Skráin skal ná yfir hagsmunaárekstra sem leiða af eftirfarandi aðstæðum:

a) öllum aðstæðum þar sem umsækjandinn gæti notið fjárhagslegs ávinnings eða komist hjá fjárhagslegu tapi, viðskiptavini í óhag,

b) öllum aðstæðum þar sem umsækjandinn gæti átt hagsmuna að gæta að því er varðar niðurstöðu þjónustu sem veitt er viðskiptavini, sem eru aðrir en hagsmunir viðskiptavinarins að því er varðar þá niðurstöðu,

c) öllum aðstæðum þar sem umsækjandinn gæti haft hvata til að setja eigin hagsmuni eða hagsmuni annars notanda eða hóps notenda framar hagsmunum viðskiptavinarins sem hann veitir þjónustuna,

d) öllum aðstæðum þar sem umsækjandinn gæti tekið við hvata frá öðrum aðila en viðskiptavini, í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptavininum, í formi peninga, vara eða þjónustu, öðrum en hvötum í formi þóknana eða gjalda sem þegin eru fyrir þjónustuna.

(3) Ef umsækjandi er hluti af samstæðu skal í skránni tilgreina alla fyrirliggjandi eða hugsanlega hagsmunaárekstra sem máli skipta og varða önnur félög innan samstæðunnar og hvernig meðferð þessara árekstra er háttað og dregið úr þeim.

7. gr.

Eignarhald verðbréfunarskrárinnar

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma:

a) skrá með nöfnum allra einstaklinga eða aðila sem með beinum eða óbeinum hætti eiga 5% eða meira af hlutafé umsækjandans eða ráða sama eða hærra hlutfalli atkvæðisréttar í umsækjandanum eða geta, í krafti eignarhlutar síns, haft veruleg áhrif á stjórnun umsækjandans,

b) skrá yfir öll fyrirtæki sem einstaklingur, sem um getur í a-lið, á 5% eða meira af hlutafé í, eða ræður yfir sama eða hærra hlutfalli atkvæðisréttar í, eða hefur veruleg áhrif á stjórnun hjá.

(2) Ef umsækjandinn hefur móðurfélag eða endanlegt móðurfélag, skal umsækjandinn:

a) tilgreina kennimerki lögaðila (LEI), sem skráð er hjá Alþjóðlegu lögaðilaauðkennastofnuninni, og lögheimili móðurfélagsins eða endanlega móðurfélagsins,

b) upplýsa um hvort móðurfélagið eða endanlega móðurfélagið hafi starfsleyfi eða sé skráð og lúti eftirliti, og ef svo er, tilgreina tilvísunarnúmer og nafn eftirlitsstofnunarinnar sem ber ábyrgð.

8. gr.

Skýringarmynd yfir eignarhald

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma skýringarmynd sem sýnir eignatengsl innan samstæðu umsækjandans, þ.m.t. á milli endanlega móðurfélagsins, móðurfélagsins, dótturfélaga og annarra tengdra aðila eða útibúa.

(2) Auðkenna skal fyrirtækin á skýringarmyndinni sem um getur í 1. mgr. með fullu nafni þeirra, réttarstöðu, lögheimili og LEI-auðkenni sem skráð er hjá Alþjóðlegu lögaðilaauðkennastofnuninni.

9. gr.

Stefnur og verklagsreglur

Vegna þeirra stefna og verklagsreglna sem veita á, sem hluta umsóknar um skráningu sem verðbréfunarskrá, skal eftirfarandi koma fram:

a) staðfesting á að stjórnin samþykki stefnurnar og framkvæmdastjórnin samþykki verklagsreglurnar og sé ábyrg fyrir innleiðingu og viðhaldi þessara stefna og verklagsreglna,

b) lýsing á hvernig þessum stefnum og verklagsreglum er komið á framfæri innan fyrirtækis umsækjandans, hvernig hlítingu við þessar stefnur og verklagsreglur er tryggð og vöktuð frá degi til dags, og hver ber ábyrgð á að farið sé að þessum stefnum og verklagsreglum,

c) gögn sem sýna að starfsfólk og það starfsfólk sem starfar samkvæmt útvistunarsamningi sé meðvitað um þessar stefnur og verklagsreglur,

d) lýsing á ráðstöfununum sem grípa skal til ef brotið er gegn þessum stefnum og verklagsreglum,

e) lýsing á verklaginu við skýrslugjöf til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um veruleg brot á stefnunum eða verklagsreglunum sem geta leitt til brots á skilyrðunum fyrir skráningu,

f) lýsing á fyrirkomulaginu við tafarlausa tilkynningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um áætlaðar meiriháttar breytingar á upplýsingatæknikerfum umsækjandans, áður en þær eru innleiddar.

10. gr.

Hlíting

Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma eftirfarandi varðandi stefnur umsækjandans og verklagsreglur til að tryggja að farið sé að ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402:

a) lýsingu á hlutverki einstaklinganna sem bera ábyrgð á hlítingu og annarra starfsmanna sem koma að mati á hlítingu, þ.m.t. lýsingu á hvernig tryggt sé að regluvarsla sé óháð annarri starfsemi,

b) innri stefnur og verklagsreglur sem miða að því að tryggja að umsækjandinn, þ.m.t. stjórnendur hans og starfsmenn, fari að ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402, þ.m.t. lýsing á hlutverki stjórnar og framkvæmdastjórnar,

c) ef fyrir hendi, nýjustu innri skýrslu um hlítingu við ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/2402 sem gerð er af þeim einstaklingum sem bera ábyrgð á slíkri hlítingu eða af öðrum starfsmönnum sem koma að mati á hlítingu innan fyrirtækis umsækjandans.

11. gr.

Starfsmannastefna og verklagsreglur

Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma eftirfarandi:

a) launakjarastefnu fyrir framkvæmdastjórn, stjórnarmenn og starfsfólk sem starfar á sviði áhættustýringar og eftirlits hjá umsækjandanum,

b) lýsingu á þeim ráðstöfunum sem umsækjandinn hefur komið á til að draga úr áhættu af því að reiða sig um of á einstaka starfsmenn.

12. gr.

Upplýsingar um starfsfólk umsækjandans sem tekur þátt í veitingu kjarnaverðbréfunarþjónustu

Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um starfsfólk umsækjanda sem tekur þátt í veitingu kjarnaverðbréfunarþjónustu:

a) almenna skrá yfir starfsfólk sem vinnur beint fyrir umsækjandann, þ.m.t. hlutverk þeirra og þá menntun og hæfi sem tengist hverju hlutverki,

b) sérstaka lýsingu á starfsfólki á sviði upplýsingatækni sem ráðið er beint til að veita kjarnaverðbréfunarþjónustu, þ.m.t. hlutverk þeirra og menntun og hæfi hvers einstaklings,

c) lýsingu á hlutverki og menntun og hæfi hvers einstaklings sem ber ábyrgð á innri endurskoðun, innra eftirliti, regluvörslu, áhættumati og innri úttektum,

d) deili á starfsfólki og því starfsfólki sem starfar samkvæmt útvistunarsamningi,

e) nánari upplýsingar um fræðslu sem starfsfólk fær um stefnur og verklagsreglur umsækjandans sem og um starfsemi verðbréfunarskrárinnar, þ.m.t. próf eða annað formlegt mat sem starfsfólk þarf að gangast undir vegna veitingu kjarnaverðbréfunarþjónustu.

Lýsingin sem um getur í b-lið fyrstu málsgreinar skal innihalda skriflega staðfestingu á reynslu í upplýsingatækni minnst eins starfsmanns sem ábyrgur er fyrir upplýsingatæknimálum.

13. gr.

Reikningsskil og viðskiptaáætlanir

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma eftirfarandi fjárhagsupplýsingar:

a) heildstæð reikningsskil umsækjandans, útbúin í samræmi við annað hvort af eftirfarandi:

i. alþjóðlega staðla sem samþykktir eru í samræmi við 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([5]),

ii. landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkisins þar sem umsækjandinn er með staðfestu, eins og krafist er samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([6]),

b) falli reikningsskil umsækjanda undir lögboðna endurskoðun í skilningi 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ([7]), skulu reikningsskilin innihalda endurskoðunarskýrslu um ársreikningana og samstæðureikningsskilin,

c) nafn og innlent skráningarnúmer ytri endurskoðanda, sæti umsækjandi slíkri endurskoðun.

(2) Ef fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. liggja ekki fyrir skal umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um umsækjandann:

a) bráðabirgðayfirlýsingu sem sýnir fram á nægilegt fjármagn og áætlaða rekstrarstöðu sex mánuðum eftir skráningu sem verðbréfunarskrá,

b) árshlutareikningsskil þegar reikningsskilin eru enn ekki tiltæk fyrir tímabilið sem krafist er samkvæmt gerðunum sem tilgreindar eru í 1. mgr.,

c) yfirlit um fjárhagsstöðu, s.s. efnahagsreikning, rekstrarreikning, breytingar á eigin fé og sjóðstreymi, samantekt á reikningsskilaaðferðum og öðrum skýringum sem krafist er samkvæmt gerðunum sem tilgreindar eru í 1. mgr.

(3) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma fjárhagslega viðskiptaáætlun sem inniheldur ólíkar rekstrarsviðsmyndir fyrir veitingu kjarnaverðbréfunarþjónustu yfir minnst þriggja ára viðmiðunartímabil, auk eftirfarandi upplýsinga fyrir hverja sviðsmynd:

a) áætlaðar tekjur frá hverjum eftirfarandi flokki þjónustu sem umsækjandinn veitir, tilgreindar sérstaklega fyrir hvern slíkan flokk:

i. kjarnaverðbréfunarþjónustu,

ii. viðbótarþjónustu tengda verðbréfun,

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([7]) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

iii. kjarnaþjónustu viðskiptaskráar við miðlæga söfnun og viðhald skráa um afleiður samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

iv. viðbótarþjónustu viðskiptaskráar sem tengist beint og stafar af miðlægri söfnun og viðhaldi skráa um afleiður samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

v. kjarnaþjónustu viðskiptaskráar við miðlæga söfnun og viðhald skráa um fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,

vi. viðbótarþjónustu viðskiptaskráar sem tengist beint og stafar af miðlægri söfnun og viðhaldi skráa um fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,

vii. samsettri viðbótarþjónustu sem beint er tengd og stafar af hverri eftirfarandi samsetningu þjónustu:

— bæði kjarnaverðbréfunarþjónustu og kjarnaþjónustu viðskiptaskráar við miðlæga söfnun og viðhald skráa um afleiður samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

— bæði kjarnaverðbréfunarþjónustu og kjarnaþjónustu viðskiptaskráar við miðlæga söfnun og viðhald skráa um fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,

— bæði kjarnaþjónustu viðskiptaskráar við miðlæga söfnun og viðhald skráa um afleiður samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og kjarnaþjónustu viðskiptaskráar við miðlæga söfnun og viðhald skráa um fjármögnunarviðskipti með verðbréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2365,

viii. alla viðbótarþjónustu sem ótengd er verðbréfun, hvort heldur hún er veitt í Sambandinu eða ekki, sem fellur undir skráningu og eftirlit opinbers yfirvalds,

b) fjöldi verðbréfunarviðskipta sem umsækjandinn áætlar að aðgengilegur verði þeim notendum sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

c) fastur og breytilegur kostnaður við veitingu kjarnaverðbréfunarþjónustu.

Þær mismunandi rekstrarsviðsmyndir sem tilgreindar eru í fjárhagslegu viðskiptaáætluninni skulu innihalda grunntekjusviðsmynd, jákvæðan og neikvæðan breytileika um a.m.k. 20% frá grunntekjusviðsmyndinni, og jákvæðan og neikvæðan breytileika um a.m.k. 20% frá áætluðum grunnfjölda verðbréfunarviðskipta sem tilgreindur er í fjárhagslegu viðskiptaáætluninni.

(4) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma endurskoðaðan ársreikning móðurfélags fyrir þrjú næstliðin fjárhagsár fyrir umsóknardaginn, ef tiltækur.

(5) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um umsækjandann:

a) lýsingu á framtíðaráætlunum um stofnun dótturfélaga og staðsetningu þessara dótturfélaga,

b) lýsingu á áætlaðri atvinnustarfsemi, þ.m.t. starfsemi allra dótturfélaga eða útibúa.

14. gr.

Upplýsingatæknibúnaður

Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um upplýsingatæknibúnað:

a) nákvæma lýsingu á upplýsingatæknikerfinu sem umsækjandinn notar til að veita kjarnaverðbréfunarþjónustu, þ.m.t. lýsingu á hvaða upplýsingatæknikerfi verði notað fyrir hverja verðbréfunartegund og tegund undirliggjandi áhættuskuldbindingar eins og um getur í e-lið 2. mgr. 2. gr.,

b) viðkomandi rekstrarkröfur, virkni- og tækniforskriftir, geymslugetu, skalanleika (bæði til að sinna hlutverki sínu og meðhöndla aukningu upplýsingamagns til úrvinnslu og beiðna um aðgengi), hámarksstærð gagnaframlagninga í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1229 ([8]), skipulags- og tæknihönnun kerfisins, gagnalíkanið og gagnaflæði og rekstrar- og stjórnsýslumeðferðir og handbækur,

c) nákvæma lýsingu á notendabúnaði sem umsækjandinn hefur þróað til veita notendum þjónustu,

d) fjárfestinga- og endurnýjunarstefnur og -verklagsreglur umsækjandans vegna upplýsingatæknibúnaðar, þ.m.t. endurskoðunar- og þróunartímabil kerfa umsækjandans og stefnur um útgáfur og prófanir,

e) skjal þar sem nákvæmlega er lýst hvernig umsækjandinn hefur innleitt gagnaskilasniðmátin, í gegnum stækkanlega ívafsmálslýsingu (XML), sem sett eru fram í viðaukunum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1225 ([9]), viðaukunum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1227 ([10]) og öll viðbótar XML-skilaboð, með því að nota skilgreiningarnar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur gert aðgengilegar,

f) stefnurnar og verklagsreglurnar fyrir meðhöndlun breytinga á gagnaskilasniðmátunum sem sett eru fram í viðaukunum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1225.

15. gr.

Fyrirkomulag upplýsingasöfnunar og aðgengis

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma:

a) nákvæma lýsingu á verklagsreglum og tilföngum, aðferðum og leiðum sem umsækjandinn mun nota til að tryggja tímanlega, skipulagða og yfirgripsmikla gagnasöfnun frá gagnaskilaaðilum, þ.m.t. afrit af hverri gagnaskilahandbók sem gagnaskilaaðilar hafa aðgang að,

b) lýsingu á tilföngum, aðferðum og leiðum sem umsækjandinn mun nota til að tryggja beinan og tafarlausan aðgang þeirra aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 að upplýsingunum sem um getur í 2. til 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1224 ([11]), þ.m.t. afrit af hverri notendahandbók og innri verklagsreglum sem þörf er á til að fá slíkan aðgang,

c) lýsingu á verklagsreglunum sem umsækjandinn mun nota til að reikna út heillleikastig gagnanna sem um getur í 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1229 og lýsingu á tilföngunum, aðferðunum og leiðunum sem umsækjandinn mun nota til að tryggja beinan og tafarlausan aðgang aðilanna sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 að þessu heilleikastigi gagnanna, í samræmi við þá reglugerð, þ.m.t. afrit af hverri notendahandbók og innra verklagi sem þörf er á til að fá slíkan aðgang.

(2) Í nákvæmu lýsingunni sem um getur í a-lið 1. mgr. skal:

a) greina á milli sjálfvirkra og handvirkra tilfanga, aðferða og leiða,

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1229 frá 29. nóvember 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um rekstrarstaðla fyrir gagnasöfnun verðbréfunarskrár, söfnun, samanburð, aðgengi og sannprófun á heilleika og samræmi (Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 335).

([9]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1225 frá 29. október 2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið og stöðluð sniðmát sem upphafsaðili, umsjónaraðili og sérstakur verðbréfunaraðili skulu nota til að gera upplýsingar og einstök atriði um verðbréfun aðgengilegar (Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 217).

([10]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1227 frá 12. nóvember 2019 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir veitingu upplýsinga í samræmi við kröfur um STS-tilkynningar (Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 315).

([11]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1224 frá 16. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar og einstök atriði varðandi verðbréfun sem upphafsaðili, umsjónaraðili og sérstakur verðbréfunaraðili eiga að láta í té (Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 1).

b) ef eitthvað af tilföngunum, aðferðunum eða leiðunum eru handvirk:

i. lýsa hvernig þessi tilföng, aðferðir eða leiðir eru skalanlegar eins og um getur í b-lið 14. gr. þessarar reglugerðar,

ii. lýsa sértæka verklaginu sem umsækjandinn hefur komið á til að tryggja að með þessum tilföngum, aðferðum og leiðum sé farið að 24. gr. þessarar reglugerðar.

16. gr.

Viðbótarþjónusta

Ef umsækjandi um skráningu sem verðbréfunarskrá, fyrirtæki innan samstæðu umsækjandans, eða fyrirtæki sem umsækjandinn er með samning við er tengist kjarnaverðbréfunarþjónustu, býður, eða hyggst bjóða, viðbótarþjónustu tengda verðbréfun eða viðbótarþjónustu sem ótengd er verðbréfun, skal umsóknin um skráningu innihalda:

a) lýsingu á viðbótarþjónustunni tengdri verðbréfun eða viðbótarþjónustunni sem ótengd er verðbréfun sem umsækjandinn, eða fyrirtæki innan samstæðu hans, annast eða hyggst annast, og lýsingu á sérhverjum samningi sem umsækjandinn kann að hafa gert við fyrirtæki sem bjóða slíka þjónustu, sem og afrit af þessum samningum,

b) verklagsreglurnar og stefnurnar sem munu tryggja nauðsynlegt aðgreiningarstig í rekstrinum að því er varðar tilföng, kerfi, upplýsingar og verklagsreglur á milli kjarnaverðbréfunarþjónustu umsækjandans og sérhverrar viðbótarþjónustu tengda verðbréfun eða viðbótarþjónustu sem ótengd er verðbréfun, án tillits til þess hvort sú þjónusta er veitt af umsækjandanum, fyrirtæki innan samstæðu hans, eða einhverju fyrirtæki sem hann er með samning við.

17. gr.

Framkvæmdastjórn og stjórnarmenn

Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um hvern aðila í framkvæmdastjórn:

a) afrit af ferilskrá aðilans, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar, að því marki sem skipta máli við mat á hvort reynsla og þekking aðilans sé fullnægjandi að því er varðar ábyrgðarskyldur hans eða hennar:

i. yfirlit yfir menntun aðilans eftir framhaldsskóla,

ii. fyrri starfsreynsla aðilans með dagsetningum, tilgreiningu á stöðum sem hann gegndi og lýsingu á starfssviðum,

iii. sérhver fagleg menntun aðilans og hæfi, ásamt dagsetningum þegar þeirrar menntunar var aflað og félagsaðildarstaða í viðkomandi fagfélagi,

b) ítarlegar upplýsingar um þekkingu og reynslu á sviði verðbréfunar og af stjórnun, rekstri og þróun upplýsingatæknikerfa,

c) upplýsingar er varða sakfellingar í refsimálum í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu eða í tengslum við svik eða fjárdrátt, einkum í formi opinbers vottorðs sé það fáanlegt í viðkomandi aðildarríki,

d) undirritaða yfirlýsingu aðilans þar sem lýst er yfir hvort viðkomandi:

i. hefur verið sakfelldur í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu eða í tengslum við svik eða fjárdrátt,

ii. hefur sætt ákvörðun sér í óhag í viðurlagamáli hjá eftirlitsyfirvaldi, opinberum aðila eða stofnun eða er til umfjöllunar í slíku máli sem er ekki lokið,

iii. hefur sætt úrskurði sér í óhag í einkamáli fyrir dómstóli í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu, eða vegna misferlis eða svika í atvinnurekstri,

iv. hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem eftirlitsaðili hefur afturkallað skráningu eða starfsleyfi fyrir,

v. hefur verið synjað af eftirlitsaðila um rétt til að stunda starfsemi sem krefst skráningar eða starfsleyfis,

vi. hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem varð gjaldþrota eða var tekið til slitameðferðar, annað hvort á meðan hann var tengdur fyrirtækinu eða innan árs frá því að hann hætti að hafa tengsl við fyrirtækið,

vii. hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem hefur sætt úrskurði því í óhag eða verið beitt viðurlögum af hálfu eftirlitsaðila,

viii. hefur hlotið annars konar sektir, verið sviptur tímabundið, talist vanhæfur eða hlotið aðra refsingu af hálfu stjórnvalda, eftirlitsaðila eða fagaðila í tengslum við svik eða fjárdrátt eða í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnaþjónustu,

ix. hefur verið vikið úr starfi sem framkvæmdastjóri, eða stjórnunarstöðu eða honum hefur verið sagt upp störfum eða hann leystur frá öðrum skyldum vegna misferlis eða vanrækslu í starfi,

e) yfirlýsingu um alla mögulega hagsmunaárekstra sem aðilinn gæti haft við að gegna starfsskyldunum sínum og hvernig tekið er á þessum árekstrum.

18. gr.

Gagnsæi aðgangsreglna

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma:

a) stefnurnar og verklagsreglurnar sem gilda fyrir mismunandi tegundir notenda sem senda inn skýrslur og fá aðgang að upplýsingunum sem safnað er miðlægt, unnið úr og viðhaldið í verðbréfunarskránni, þ.m.t. sérhvert ferli fyrir notendur til að fá aðgang, skoða, fletta upp eða breyta upplýsingunum sem verðbréfunarskráin viðheldur, sem og verklagsreglurnar sem notaðar eru til að staðfesta deili á notendum með aðgang að verðbréfunarskránni,

b) afrit af skilmálum og skilyrðum sem ákvarða réttindi og skyldur mismunandi tegunda notenda í tengslum við upplýsingar sem verðbréfunarskráin viðheldur,

c) lýsingu á mismunandi flokkum notandaaðgangs,

d) nákvæma lýsingu á stefnum og verklagsreglum um aðgang til að tryggja að notendur hafi aðgang án mismununar að upplýsingum sem verðbréfunarskráin viðheldur, þ.m.t.:

i. sérhverjar aðgangstakmarkanir,

ii. breytileika í aðgangsskilyrðum eða takmörkunum fyrir gagnaskilaaðila og fyrir aðra aðila sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

iii. hvernig stefnurnar og verklagsreglurnar um aðgang tryggja að aðgengi er takmarkað eins lítið og mögulegt er og hvaða verklagsreglur eru til staðar til að taka til athugunar og snúa við takmörkun eða synjun aðgangs,

e) nákvæm lýsing á stefnunum og verklagsreglunum um hvaða aðrir þjónustuveitendur hafa aðgang, án mismununar, að upplýsingum sem verðbréfunarskráin viðheldur, hafi viðkomandi gagnaskilaaðili veitt skriflegt, valkvætt og afturkræft samþykki, þ.m.t.:

i. sérhverjar aðgangstakmarkanir,

ii. breytileika í aðgangsskilyrðum eða takmörkunum,

iii. hvernig stefnurnar og verklagsreglurnar um aðgang tryggja að aðgengi er takmarkað eins lítið og mögulegt er og hvaða verklagsreglur eru til staðar til að taka til athugunar og snúa við takmörkun eða synjun aðgangs,

f) lýsingu á leiðunum og fyrirkomulaginu við að birta opinberlega, fyrir hugsanlega og raunverulega notendur, verklagsreglurnar um hvernig þessir notendur geta endanlega nálgast upplýsingarnar sem verðbréfunarskráin viðheldur og við að birta opinberlega; fyrir hugsanlega og raunverulega gagnaskilaaðila, verklagsreglurnar um hvernig þeir geta endanlega gert upplýsingar tiltækar í gegnum umsækjandann.

(2) Upplýsingarnar sem um getur í a- til d-lið 1. mgr. skulu tilgreindar fyrir hvern eftirfarandi flokk notenda:

a) starfsfólk og aðra starfsmenn sem tengjast umsækjandanum, þ.m.t. innan sömu samstæðu,

b) upphafsaðila, umsjónaraðila og sérstaka verðbréfunaraðila (sem einn flokk),

c) aðilana sem taldir eru upp í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

d) aðra þjónustuveitendur,

e) sérhvern annan flokk notenda sem umsækjandinn tilgreinir (með upplýsingum sem tilgreindar eru sérstaklega um hvern slíkan flokk).

19. gr.

Gagnsæi verðlagningarstefnu

Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma lýsingu á eftirfarandi:

a) verðlagningarstefnu umsækjandans, þ.m.t. gildandi afslætti og endurgreiðslur og skilyrði fyrir nýtingu slíkra lækkana,

b) uppbyggingu gjaldskrár umsækjandans fyrir veitingu á kjarnaverðbréfunarþjónustu og viðbótarþjónustu tengdri verðbréfun, þ.m.t. áætlaður kostnaður fyrir hvora þessa þjónustu, ásamt upplýsingum um aðferðirnar sem notaðar eru til að gera grein fyrir aðgreindum kostnaði sem umsækjandinn stofnar til þegar kjarnaverðbréfunarþjónusta og viðbótarþjónusta tengd verðbréfun er veitt, sem og álögð gjöld umsækjandans fyrir yfirfærslu upplýsinga til annarrar verðbréfunarskrár og fyrir móttöku yfirfærðra upplýsinga frá annarri verðbréfunarskrá,

c) aðferðunum sem umsækjandinn notar til gera upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið opinberlega aðgengilegar, þ.m.t. afrit af uppbyggingu gjaldskrár aðgreint eftir kjarnaverðbréfunarþjónustu og, þegar sú þjónusta er veitt, viðbótarþjónustu tengdri verðbréfun.

20. gr.

Rekstraráhætta

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma:

a) ítarlega lýsingu á tiltækum úrræðum og verklagsreglum sem miða að því að greina og draga úr rekstraráhættu og annarri verulegri áhættu sem umsækjandi er útsettur fyrir, þ.m.t. afrit af viðkomandi stefnum, aðferðafræði, innri verklagsreglum og notendahandbókum sem útfærðar hafa verið í þeim tilgangi,

b) lýsingu á hreinum lausafjáreignum, fjármögnuðum með eigin fé, til að standa straum af hugsanlegu almennu rekstrartapi svo unnt sé að halda áfram að veita þjónustu á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis,

c) mat á nægjanleika fjármagns umsækjandans til að standa straum af rekstrarkostnaði við slit eða endurskipulagningu á mikilvægri starfsemi og þjónustu í a.m.k. níu mánuði,

d) áætlun umsækjanda um rekstrarsamfellu og lýsingu á stefnunni um uppfærslu á þeirri áætlun, þ.m.t.:

i. allir rekstrarferlar, tilföng, aukningaraðferðir og tengd kerfi sem eru mikilvæg til að tryggja kjarnaverðbréfunarþjónustu umsækjanda, þ.m.t. öll viðkomandi útvistuð þjónusta, auk stefnuáætlunar, stefnu og markmiða umsækjandans um samfellu þessara ferla,

ii. ráðstafana sem hafa verið gerðar með öðrum veitendum innviða fjármálamarkaða, þ.m.t. öðrum verðbréfunarskrám,

iii. ráðstafana sem miða að því að tryggja lágmarksþjónustustig mikilvægra starfsþátta og hvenær full endurheimt þessara starfsþátta er áætluð,

iv. hámarks ásættanlegur endurheimtartími fyrir viðskiptaferla og kerfi, að teknu tilliti til frestsins til skýrslugjafar sem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, og þess magns upplýsinga sem umsækjandinn þarf að vinna úr innan þess ársfjórðungstímabils,

v. verklagsreglur um atvikaskráningu og endurskoðanir,

vi. reglubundin prófunaráætlun sem tryggir að nægilega margar prófanir fari fram til að ná yfir fullnægjandi vítt svið mögulegra sviðsmynda, bæði til skamms og meðallangs tíma, þ.m.t., en ekki takmarkað við, kerfisbilanir, náttúruhamfarir, samskiptatruflanir, missi lykilstarfsfólks og að ekki sé unnt að nota athafnasvæðið sem venjulega er notað og að prófanirnar greini hvernig vélbúnaður, hugbúnaður og samskiptabúnaður brygðist við mögulegri ógn, ásamt niðurstöðum og framhaldsaðgerðum sem leiða af prófunum og þeim kerfum sem sýnt hefur verið fram á að ráði ekki við tilteknar sviðsmyndir sem prófaðar hafa verið,

vii. fjöldi annarra tiltækra tækni- og rekstrarstöðva, staðsetningar þeirra, tilföng þeirra í samanburði við aðalstöðina og verklagsreglur sem til staðar eru um rekstrarsamfellu ef nota þarf aðrar stöðvar,

viii. upplýsingar um aðgang að varastarfsstöð sem gerir starfsfólki kleift að tryggja samfellu kjarnaverðbréfunarþjónustunnar ef aðalskrifstofa er ekki tiltæk,

ix. áætlanir, verklagsreglur og fyrirkomulag um viðbrögð við neyðarástandi og til að tryggja öryggi starfsfólks,

x. áætlanir, verklagsreglur og fyrirkomulag um krísustjórnun, samræmingu heildstæðra aðgerða til rekstrarsamfellu og ákvarðana um tímanlegar (innan markmiðsins um endurreisnartíma sem umsækjandinn setur) og skilvirkar aðgerðir, og getu til að bregðast við og takast á við stigmögnun,

xi. áætlanir, verklagsreglur og fyrirkomulag um endurreisn kerfis-, hugbúnaðar- og innviðaþátta umsækjandans innan markmiðsins um endurreisnartíma sem umsækjandinn setur,

xii. upplýsingar um þjálfun starfsfólks vegna ráðstafana um rekstrarsamfellu, hlutverk einstaklinga hvað það varðar, þ.m.t. tiltekinna öryggisstarfsmanna sem geta brugðist við þegar í stað þegar röskun verður á þjónustu,

e) lýsingu á fyrirkomulaginu til að tryggja kjarnaverðbréfunarþjónustu umsækjandans komi til rekstrartruflunar og aðkomu notenda hennar og annarra þriðju aðila að því fyrirkomulagi.

f) lýsingu á fyrirkomulagi umsækjandans við að birta á vefsetri sínu og upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og aðra notendur tafarlaust um sérhverja truflun á þjónustu eða truflanir á sambandi sem og um þann tíma sem áætlað er að þurfi til að hefja aftur eðlilega þjónustu,

g) lýsingu á fyrirkomulagi umsækjandans sem gerir starfsfólkinu kleift að vakta stöðugt í rauntíma frammistöðu upplýsingatæknikerfa hans.

(2) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma afrit af stefnum og verklagsreglum til að tryggja snurðulausa yfirfærslu upplýsinga til annarrar verðbréfunarskrár og gagnaflæðisframsendinga til annarra verðbréfunarskráa.

21. gr.

Útvistun

(1) Í umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal sýna fram á að ef umsækjandi skipuleggur starfsemi sem þriðju aðilar framkvæma fyrir hans hönd, þ.m.t. fyrirtæki sem hann hefur náin tengsl við, skal hann tryggja að þriðji aðilinn hafi hæfni og getu til að stunda starfsemina af áreiðanleika og fagmennsku.

(2) Í umsókninni um skráningu sem verðbréfunarskrá skal tilgreint eða hún hafa að geyma allt eftirfarandi:

a) lýsingu á umfangi starfseminnar sem útvista á, sem og á einstökum atriðum og að hve miklu marki þessari starfsemi er útvistað,

b) afrit af viðkomandi þjónustusamningi þar sem sett er fram með skýrum hætti hlutverk og ábyrgðir, mælistikur og markmið fyrir hverja lykilkröfu umsækjandans um það sem er útvistað, aðferðirnar sem beitt er til að vakta þjónustustigið á útvistuðu starfseminni og ráðstafanirnar eða aðgerðirnar sem grípa skal til ef þjónustustiginu er ekki náð,

c) afrit af samningunum sem gilda um þetta samkomulag um þjónustustig, þ.m.t. tilgreiningu á þjónustuveitanda sem er þriðji aðili,

d) afrit af ytri skýrslum um útvistuðu starfsemina, ef tiltækar,

e) upplýsingar um skipulagsráðstafanir og stefnur að því er varðar útvistun og áhættuna sem af því hlýst eins og tilgreint er í 4. mgr.

(3) Í umsókninni um skráningu skal sýna fram á að útvistunin dragi ekki úr getu umsækjandans til að annast þau hlutverk sem framkvæmdastjórn eða stjórn gegnir.

(4) Umsóknin um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma upplýsingar sem nægja til að sýna fram á hvernig umsækjandinn er áfram ábyrgur fyrir sérhverri útvistaðri starfsemi og lýsingu á skipulagsráðstöfununum sem umsækjandi gerir að tryggja eftirfarandi:

a) að þjónustuveitandi sem er þriðji aðili sinni útvistaðri starfsemi af skilvirkni og í samræmi við gildandi lög og kröfur samkvæmt reglum og takist með fullnægjandi hætti á við þá annmarka sem greinast,

b) að umsækjandinn greini áhættu í tengslum við útvistaða starfsemi og hafi fullnægjandi reglubundið eftirlit með þessari áhættu,

c) að umsækjandinn hafi yfir að ráða fullnægjandi eftirlitsaðferðum að því er varðar útvistaða starfsemi, þ.m.t. skilvirkt eftirlit með þeirri starfsemi og áhættu,

d) að rekstrarsamfella útvistaðrar starfsemi sé fullnægjandi.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar skal umsækjandinn veita upplýsingar um fyrirkomulag rekstrarsamfellu hjá þjónustuveitanda þriðja aðila, þ.m.t. mat umsækjandans á gæðum þessa fyrirkomulags um rekstrarsamfellu og, ef þörf er á, sérhverjar úrbætur á þessu fyrirkomulagi um rekstrarsamfellu sem umsækjandinn hefur farið fram á.

(5) Ef þjónustuveitandi þriðja aðila lýtur eftirliti eftirlitsyfirvalds skal umsóknin um skráningu einnig hafa að geyma upplýsingar sem sýna fram á að þjónustuveitandi þriðja aðila sé í samstarfi við það yfirvald í tengslum við útvistaða starfsemi.

22. gr.

Öryggi

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma sönnun um eftirfarandi:

a) að upplýsingatæknikerfi hennar séu varin fyrir misnotkun eða óheimilum aðgangi,

b) að upplýsingakerfið eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB ([12]) sé varið fyrir árásum,

c) að komið sé í veg fyrir óheimila birtingu trúnaðarupplýsinga,

d) að öryggi og heilleiki upplýsinganna sem það móttekur samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402 sé tryggt.

(2) Umsóknin skal hafa að geyma sönnun á að umsækjandinn sé með fyrirkomulag til að auðkenna og stýra þeirri áhættu sem um getur í 1. mgr. á tilhlýðilegan og tímanlegan hátt.

(3) Að því er varðar brot á þeim raunlægu og rafrænu öryggisráðstöfunum sem um getur í 1. og 2. mgr. skal umsóknin hafa að geyma sönnun á að umsækjandinn sé með fyrirkomulag til að aðhafast eftirfarandi á tilhlýðilegan og tímanlegan hátt:

a) tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um atvikið sem orsakar brotið,

b) leggja fram skýrslu um atvikið hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og tilgreina eðli og einstök atriði atviksins, ráðstafanirnar sem gerðar hafa verið til að ráða bót á því og aðgerðirnar sem gripið hefur verið til til að koma í veg fyrir svipuð tilvik,

c) tilkynna notendum hans um atvikið hafi brotið haft afleiðingar fyrir þá.

23. gr.

Sannprófunaraðferðir

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma lýsingu á stefnunum og verklagsreglunum sem umsækjandi hefur komið á til að:

a) staðfesta deili á notandanum sem aðgang hefur að kerfum umsækjandans,

b) samþykkja og heimila skráningu upplýsinganna sem umsækjandinn móttekur samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402 um viðkomandi verðbréfun,

c) hlíta ákvæðum 2.–4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1229,

d) sannprófa og vekja athygli á tvítekningu framlagningar,

e) greina upplýsingar sem hann hefur ekki móttekið þegar skylt er að gera þær upplýsingar aðgengilegar skv. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

(2) Umsóknin skal einnig hafa að geyma skjöl sem með nokkrum nákvæmum prófunardæmum, þ.m.t. myndrænni útfærslu, sem sýna fram á getu umsækjandans til að uppfylla skuldbindingarnar sem settar eru fram í 1. mgr. Að því er varðar c-lið 1. mgr., skulu nokkur nákvæm prófunardæmi gefin fyrir hverja sannprófun sem skráð er í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1229.

24. gr.

Gæði upplýsinga sem teknar eru saman

Að því er varðar upplýsingar sem umsækjandinn tekur saman samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2020/1229 skal umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá hafa að geyma nákvæma lýsingu á verklagsreglunum sem umsækjandinn kemur á til að tryggja að hann geri upplýsingarnar sem mótteknar eru frá gagnaskilaaðilum aðgengilegar með réttum hætti, án þess að hann sjálfur orsaki villur eða felli út upplýsingar.

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB frá 12. ágúst 2013 um árásir gegn upplýsingakerfum og um að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2005/222/DIM (Stjtíð. ESB L 218, 14.8.2013, bls. 8).

25. gr.

Trúnaðarkvöð

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma nákvæma lýsingu á innri stefnum, verklagsreglunum og fyrirkomulagi sem koma í veg fyrir:

a) notkun á upplýsingunum sem umsækjandinn viðheldur í ólögmætum tilgangi,

b) birtingu trúnaðarupplýsinga,

c) notkun á upplýsingunum sem umsækjandinn viðheldur í viðskiptalegum tilgangi þegar slíkt er bannað.

(2) Lýsingin sem um getur í 1. mgr. skal hafa að geyma útskýringu á innri verklagsreglum um heimildir starfsfólks til að nota lykilorð til að nálgast upplýsingarnar, tilgreina tilganginn með aðgangi starfsfólks og umfangi upplýsinganna sem aðgangur er veittur að og takmörkunum á notkun þeirra.

(3) Umsækjendur skulu veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingar um þau ferli sem beitt er til að halda skrá um hvern starfsmann sem nýtir sér aðgang að upplýsingunum sem umsækjandinn viðheldur, hvenær aðgangurinn er nýttur, eðli upplýsinganna sem aðgangur er nýttur að og í hvaða tilgangi það er gert.

26. gr.

Stefnur varðandi skráahald

(1) Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma upplýsingar um eftirfarandi:

a) skráningarkerfi, stefnur og verklagsreglur sem notuð eru til að tryggja að upplýsingarnar sem gagnaskilaaðilinn gerir aðgengilegar samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402 fyrir tilstilli umsækjandans séu skráðar og viðhaldið af umsækjandanum í samræmi við 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eins og beitt er með 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

b) nákvæma lýsingu á skráningarkerfum, stefnum og verklagsreglum sem notuð eru til að tryggja að upplýsingarnar sem gagnaskilaaðilinn gerir aðgengilegar samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402 fyrir tilstilli umsækjandans sé breytt á viðeigandi hátt og í samræmi við viðkomandi laga- og reglugerðarkröfur,

c) móttöku og stjórnun upplýsinga sem gagnaskilaaðilinn gerir aðgengilegar samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402 fyrir tilstilli umsækjandans, þ.m.t. lýsingu á stefnum og verklagsreglum sem umsækjandinn kemur á til að tryggja eftirfarandi:

   i. tímanlega og rétta skráningu móttekinna upplýsinga,

   ii. skráningu allra móttekinna upplýsinga sem vísa til móttöku, breytingar eða uppsagnar á verðbréfunarviðskiptum í skrá yfir skýrslugjöf,

   iii. að upplýsingunum sé viðhaldið bæði á Netinu og utan þess,

   iv. að upplýsingarnar séu afritaðar með fullnægjandi hætti í þágu rekstrarsamfellu.

(2) Umsóknin um skráningu skal einnig innihalda stefnur umsækjandans og verklagsreglur um að skrá tafarlaust, og varðveita í a.m.k. 10 ár eftir lok verðbréfunarinnar, sannprófanir, fullgildingar og upplýsingar sem umsækjandinn leggur fram samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2020/1229.

27. gr.

Greiðsla þóknana

Umsókn um skráningu sem verðbréfunarskrá skal hafa að geyma sönnun um greiðslu skráningargjalds sem um getur í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402.

28. gr.

Staðfesting á því að upplýsingar í umsókninni séu réttar og tæmandi

(1) Öllum upplýsingum sem lagðar eru fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í skráningarferlinu skal fylgja bréf sem undirritað er af stjórnarmanni og aðila í framkvæmdastjórn umsækjandans til staðfestingar á því að framlagðar upplýsingar séu, samkvæmt þeirra bestu vitund, réttar og tæmandi á þeim degi sem þær eru lagðar fram.

(2) Upplýsingunum skulu fylgja, ef við á og tiltæk eru, viðeigandi lagaleg skjöl fyrirtækisins sem staðfesta áreiðanleika upplýsinganna í umsókninni.

29. gr.

Upplýsingakröfur fyrir skráða viðskiptaskrá sem sækist eftir að veita kjarnaverðbréfunarþjónustu

(1) Umsókn skv. b-lið 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 um framlengingu skráningar að því er varðar 7. gr. þeirrar reglugerðar skal hafa að geyma upplýsingarnar og skjölin sem krafist er samkvæmt eftirfarandi ákvæðum þessarar reglugerðar:

a) ákvæði 2. gr., að undanskildum d-lið 2. mgr.,

b) ákvæði 3. gr.,

c) ákvæði 5. gr., að undanskildum d-lið 2. mgr.,

d) ákvæði 6. gr.,

e) ákvæði 9. gr.,

f) ákvæði b-liðar 10. gr.,

g) ákvæði 12. gr.,

h) ákvæði 2. mgr. 13. gr.,

i) ákvæði 14., 15. og 16. gr.,

j) ákvæði b- og e-liðar 17. gr.,

k) ákvæði 18. til 24. gr.,

l) ákvæði 2. mgr. 25. gr.,

m) ákvæði 26., 27. og 28. gr.

(2) Upplýsingar og skjöl sem krafist er samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar og falla ekki undir 1. mgr. skulu eingöngu tekin með í umsókn að svo miklu leyti sem munur er á innihaldi þeirra tilteknu upplýsinga eða skjala á þeim tíma sem umsóknin er gerð í samanburði við innihaldið eins og það var síðast lagt fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnuninni fyrir þann tíma skv. 1. kafla VI. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða III. kafla reglugerðar (ESB) 2015/2365, eftir því sem við á.

(3) Að því er varðar þessa grein skulu tilvísanir til umsóknar um skráningu í 3. og 4. mgr. 2. gr. og í 3. til 28. gr. teljast vera tilvísun til umsóknar um framlengingu á skráningu.

30. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1415 2026/EES/17/26

frá 5. maí 2021

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um samvinnu, upplýsingaskipti og tilkynningarskyldu milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 8. mgr. 36. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt ákvæðum 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 er gerð krafa um að lögbæru yfirvöldin sem um getur 29. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 (lögbæru yfirvöldin) og evrópsku eftirlitsstofnanir þrjár (ESA), þ.e. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA), Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) og Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA), hafi með sér náið samstarf og skiptist á upplýsingum í því augnamiði að sinna skyldum sínum skv. 30. til 34. gr. þeirrar reglugerðar. Einnig er gerð krafa um að lögbær yfirvöld sem komast að því að aðili hafi eða kunni að hafa brotið í bága við tilteknar kröfur í þeirri reglugerð tilkynni lögbæru yfirvaldi viðkomandi aðila þá niðurstöðu sína og, ef brotið varðar ranga eða misvísandi tilkynningu skv. 1. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar, tilkynni það því lögbæra yfirvaldi aðilans sem tilnefnt hefur verið fyrsti tengiliður sem skal síðan upplýsa evrópsku eftirlitsstofnanirnar.

2) Umfang og eðli samstarfsins, upplýsingaskiptanna og tilkynninganna sem skal eiga sér stað skv. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 ætti að vera nægjanlegt til að gera lögbæru yfirvöldunum og evrópsku eftirlitsstofnununum kleift að rækja eftirlits-, rannsóknar- og refsiskyldur sínar á skilvirkan hátt. Í þessu skyni eru í þessari reglugerð settar fram þær lágmarksupplýsingar sem lögbæru yfirvöldin og evrópsku eftirlitsstofnanirnar ættu að skiptast á, þ.m.t. skýrslur um eftirlits- og stjórnvaldsaðgerðir þeirra, ef við á.

3) Mikilvægt er að lögbær yfirvöld og evrópsku eftirlitsstofnanirnar geti unnið saman og skipst á upplýsingum um viðfangsefni sín í öllu ferlinu, með fyrirvara um landslög og lög Sambandsins sem gilda um upplýsingaleynd og vinnslu persónuupplýsinga.

4) Til að tryggja að samstarfið og upplýsingaskiptin skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 eigi sér stað með skilvirkum og tímanlegum hætti þykir rétt að koma á sameiginlegum verklagsreglum og eyðublöðum sem nota á í þeim tilgangi að óska eftir samstarfi eða upplýsingum og til að svara slíkum beiðnum.

5) Lögbær yfirvöld og evrópsku eftirlitsstofnanirnar ættu einnig að nota sameiginlegar verklagsreglur og eyðublöð til að senda upplýsingar að eigin frumkvæði, telji þau að upplýsingar í þeirra vörslu geti komið öðru lögbæru yfirvaldi eða evrópskri eftirlitsstofnun að notum. Þetta gæti t.d. átt við um upplýsingar sem geymdar eru hjá lögbæru yfirvaldi um stofnanafjárfesti eða þriðja aðila sem hefur heimild til að meta hvort verðbréfun hlíti kröfunum um að vera einföld, gagnsæ og stöðluð (STS), komi þær upplýsingar að notum fyrir lögbært yfirvald upphafsaðilans, umsjónaraðilans, sérstaka verðbréfunaraðilans eða upphaflega lánveitandans.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 304I , 30.8.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 50.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12. 2017, bls. 35.

6) Sameiginlegu verklagsreglurnar og eyðublaðið sem nota á til upplýsingaskipta að eigin frumkvæði ætti einnig að nota til að tilkynna um brot sem uppgötvast eða grunur er um skv. 4. og 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402. Þessu er ætlað að tryggja að skyldunni til að tilkynna um brot samkvæmt þeirri grein sé sinnt á snurðulausan og tímanlegan hátt.

7) Lögbæru yfirvöldunum og evrópsku eftirlitsstofnununum ætti að vera skylt að sjá til þess að þagnarskylda gildi um allar beiðnir um samstarf eða upplýsingar, allar upplýsingar sem raunverulega er skipst á eða tilkynntar og allar tilkynningar, og að tryggja að farið sé að reglunum um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra gagna.

8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

9) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint hugsanlegan kostnað og ávinning þar sem það myndi ekki vera í samræmi við umfang og áhrif þessara staðla, að teknu tilliti til þess að þeir varða aðallega lögbær yfirvöld og evrópsku eftirlitsstofnanirnar.

10) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tengiliðir

1. Lögbæru yfirvöldin sem um getur í 29. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 („lögbæru yfirvöldin“) og evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu hvert um sig tilnefna tengilið fyrir samstarf, skipti á upplýsingum og tilkynningar skv. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

2. Lögbæru yfirvöldin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin skulu koma upplýsingunum um tengiliðina sem þau tilnefna á framfæri við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina fyrir 19. október 2021. Þau skulu láta Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina vita um allar breytingar á þessum upplýsingum.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda uppfærðan lista yfir alla tengiliði sem tilnefndir eru samkvæmt þessari grein og uppfæra hann eftir þörfum til nota fyrir lögbæru yfirvöldin, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina.

4. Lögbæru yfirvöldin og evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu nota nýjasta listann sem um getur í 3. mgr. í þeim tilgangi sem nefndur er í 1. mgr.

2. gr.

Samskiptaleiðir

1. Ef annað er ekki tekið fram í þessari reglugerð skulu öll eyðublöð sem nota skal samkvæmt þessari reglugerð send skriflega með pósti, faxi eða á rafrænan hátt.

2. Þegar ákvarðað er hvaða samskiptaleið hentar best skal taka tilhlýðilegt tillit til þagnarskyldu, nauðsynlegs samskiptatíma, magns efnis sem þarf að miðla og aðgengileika upplýsinganna.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. gr.

Upplýsingar sem skiptast skal á

Að fenginni beiðni þar um skv. 4. gr. skulu lögbæru yfirvöldin og evrópsku eftirlitsstofnanirnar a.m.k. skiptast á eftirfarandi upplýsingum skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402:

a) upplýsingum um fyrirkomulag, ferla og kerfi sem um getur í 2. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar,

b) upplýsingum um áhættustýringarstefnu og verklagsreglur sem um getur í 3. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar,

c) upplýsingum um hin tilteknu áhrif og verulega áhættu sem um getur í 4. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar,

d) upplýsingum og, að því marki sem tiltækar eru, skýrslum eða útdráttum skýrslna um rannsóknir eða málsmeðferðir sem hafnar eru í tengslum við aðstæðurnar sem taldar eru upp í 1. mgr. 32. gr. þeirrar reglugerðar,

e) upplýsingum og, að því marki sem tiltækar eru, skýrslum eða útdráttum skýrslna um refsiviðurlög, stjórnsýsluviðurlög eða ráðstafanir til úrbóta sem beitt er eða gripið er til skv. 32. eða 34. gr. þeirrar reglugerðar.

4. gr.

Beiðnir um samstarf eða upplýsingaskipti

1. Beiðnir um samstarf eða upplýsingaskipti skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 skulu lagðar fram á eyðublaðinu sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Ef aðilinn sem leggur fram beiðnina telur áríðandi að orðið sé við beiðninni má leggja hana fram munnlega, að því tilskildu að beiðnin sé í framhaldinu send á eyðublaðinu sem sett er fram í I. viðauka án ótilhlýðilegrar tafar.

3. Aðilinn sem leggur fram beiðnina skal tilgreina æskileg tímamörk fyrir svar og eftir því sem við á, gefa til kynna hversu áríðandi beiðnin er.

4. Ef beiðnin um samstarf felur í sér ósk um upplýsingar skal aðilinn sem leggur fram beiðnina:

a) tilgreina, að svo miklu leyti sem mögulegt er, þær upplýsingar sem óskað er eftir, þ.m.t. ástæðurnar fyrir því hvers vegna þær upplýsingar eru taldar skipta máli að því er varðar skyldur hans skv. 30.–34. gr. reglugerð (ESB) 2017/2402,

b) auðkenna, eftir því sem við á, öll atriði er varða leynd umbeðinna upplýsinga, þ.m.t. allar sérstakar varúðarráðstafanir vegna söfnunar þeirra upplýsinga.

5. gr.

Svör við beiðnum um samstarf eða upplýsingaskipti

1. Þurfi aðili, við móttöku beiðni skv. 4. gr., frekari útskýringar á henni skal hann óska eftir slíkri útlistun frá aðilanum sem leggur fram beiðnina eins fljótt og mögulegt er eftir viðeigandi leiðum hvort heldur munnlega eða skriflega. Aðilinn sem leggur fram beiðnina skal veita útskýringarnar tafarlaust.

2. Þegar svar er veitt við beiðni sem lögð er fram skv. 4. gr. skal viðtakandinn:

a) nota eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð,

b) gera allar viðeigandi ráðstafanir innan valdsviðs síns til að ganga til samstarfs eða veita upplýsingar sem óskað er eftir,

c) uppfylla beiðnina með þeim hætti að mögulegt sé að grípa tímanlega til nauðsynlegra eftirlitsaðgerða, að teknu tilliti til þess hversu flókin beiðnin er og hvort hún kalli á aðkomu annars lögbærs yfirvalds eða evrópskrar eftirlitsstofnunar.

6. gr.

Óumbeðin upplýsingaskipti

1. Ef lögbær yfirvöld eða evrópsku eftirlitsstofnanirnar veita óumbeðnar upplýsingar skulu þau nota eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Ef aðilinn sem sendir telur áríðandi að óumbeðnu upplýsingarnar komist til skila má koma upplýsingunum á framfæri munnlega, að því tilskildu þær séu í framhaldinu sendar á eyðublaðinu sem sett er fram í III. viðauki án ótilhlýðilegrar tafar.

7. gr.

Tilkynningarskyldur

1. Tilkynningar skv. 4. og 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 skulu lagðar fram á eyðublaðinu í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. Ef tilkynningaraðilinn telur áríðandi að upplýsingarnar komist til skila má koma tilkynningunni til skila munnlega, að því tilskildu tilkynningin sé í framhaldinu send á eyðublaðinu sem sett er fram í III. viðauka án ótilhlýðilegrar tafar.

3. Lögbæra yfirvaldið sem tilkynnir skal tilgreina staðreyndir, eðli, mikilvægi og tímalengd brotsins sem uppgötvaðist eða grunur er um og veita allar aðrar upplýsingar sem skipta máli og komið gætu að notum fyrir lögbæra yfirvaldið sem látið er vita.

8. gr.

Þagnarskylda og heimil notkun upplýsinga

1. Lögbæru yfirvöldin og evrópsku eftirlitsstofnanirnar, í samræmi við réttargerðir sem veita þeim valdheimildir í þeim tilgangi að inna skyldur sínar af hendi samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2402, skulu halda trúnað um tilvist og innihald allra beiðna um samstarf eða upplýsingar í samræmi við 36. gr. þeirrar reglugerðar, um öll svör við slíkum beiðnum og allar tilkynningar eða aðrar upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þeirri grein.

2. Í samræmi við réttargerðirnar sem um getur í 1. mgr. skulu lögbæru yfirvöldin og evrópsku eftirlitsstofnanirnar eingöngu nota upplýsingar, sem þeim eru veittar skv. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 í þeim tilgangi að inna skyldur sínar af hendi samkvæmt þeirri reglugerð.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir beiðni um samstarf og upplýsingaskipti

Beiðni um samstarf og upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer: .....

Dagsetning: .....

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki (ef við á):

Lögbært yfirvald:

Haka skal í viðeigandi reit(i)

—	Eftirlitsyfirvald upphafsaðila	☐
—	Eftirlitsyfirvald umsjónaraðila	☐
—	Eftirlitsyfirvald upphaflegs lánveitanda	☐
—	Eftirlitsyfirvald sérstaks verðbréfunaraðila	☐
—	Annað (tilgreina skal nánar)	☐
—	Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin	☐
—	Evrópska bankaeftirlitsstofnunin	☐
—	Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin	☐

Heimilisfang: [færa skal inn heimilisfang]

[*Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415*[1] *til að meðhöndla þessa beiðni*]

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki (ef við á):

Lögbært yfirvald:

Kemur fram sem:

[1] Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415 frá 5. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um samvinnu, upplýsingaskipti og tilkynningarskyldu milli lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar (Stjtíð. ESB L 304 I, 30.8. 2021, bls. 1).

Haka skal í viðeigandi reit(i)

—	Eftirlitsyfirvald upphafsaðila	☐
—	Eftirlitsyfirvald umsjónaraðila	☐
—	Eftirlitsyfirvald upphaflegs lánveitanda	☐
—	Eftirlitsyfirvald sérstaks verðbréfunaraðila	☐
—	Annað (tilgreina skal nánar)	☐
—	Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin	☐
—	Evrópska bankaeftirlitsstofnunin	☐
—	Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin	☐

Heimilisfang: [færa skal inn heimilisfang]

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415 til að meðhöndla þessa beiðni]

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/ágæta [færa skal inn viðeigandi nafn]

Í samræmi við 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415 er leitað eftir samstarfi við ykkur í tengslum við málið(in) sem nánar er fjallað um hér að neðan.

[Ég yrði þakklát(ur) fyrir að ofangreint samstarf fari fram í síðasta lagi] [*Færa skal inn leiðbeinandi dagsetningu svars*] EÐA [Í ljósi þess hve málið er áríðandi yrði ég þakklát(ur) fyrir að ofangreint samstarf færi fram fyrir] [*Færa skal inn svardag*] eða, sé það ekki mögulegt, fá upplýsingar um hvenær þið búist við að vera í aðstöðu til að eiga umbeðið samstarf.

Ástæða beiðni

.....

.....

.....

[*Færa skal inn ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/2402 sem eru forsendur þess að lögbæra yfirvaldið sem leggur fram beiðnina, Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin eða Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin er lögbært til að annast málið*]

Beiðnin varðar samstarf um

.....

.....

.....

.....

.....

.....

[*Færa skal inn lýsingu á efni beiðninnar, í hvaða tilgangi sóst er eftir samstarfi, bakgrunnsupplýsingar beiðninnar og útskýringar á mikilvægi þeirra fyrir lögbæra yfirvaldið sem sendir beiðnina til að uppfylla skyldur sínar skv. 30.–34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 og, eftir atvikum, valdheimildir og verkefni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar samkvæmt þeirri reglugerð.*]

Með vísan til .....
.....
.....
.....

[*Ef við á skal færa inn upplýsingar um fyrri beiðni(ir) um samstarf um sama viðfangsefni, þ.m.t. tilvísunarnúmerið(in), til að unnt sé að auðkenna hana (þær)*]

Upplýsingaskipti (ef við á)

.....
.....
.....
.....

[*Veita skal nákvæma lýsingu á hinum tilteknu umbeðnu upplýsingum.*]

Tilgreina skal eftirfarandi:

ISIN-númer: .....

Auðkenni verðbréfunar: .....

LEI-auðkenni: .....

Auðkenni STS-tilkynningar sem veitt er af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni .....

[*Ef beiðnin varðar upplýsingar sem tengjast upphafsaðila(um), umsjónaraðila(um), upphaflegum lánveitanda(endum) eða sérstökum verðbréfunaraðila(um) skal fylla út í hér að ofan, eftir því sem við á.*]

Þagnarskylda

.....
.....
.....
.....

[*Ef sérstök sjónarmið eiga við um leynd umbeðinna upplýsinga skal gefa upp trúnaðarstig þeirra upplýsinga sem beiðnin nær til og allar sérstakar varúðarráðstafanir sem grípa þarf til við öflun upplýsinganna.*]

Viðbótarupplýsingar (ef við á)

.....
.....
.....
.....

[*Veita skal hvers kyns viðbótarupplýsingar, ef einhverjar eru.*]

Virðingarfyllst,

[*Nafn og undirskrift*]

II. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir svar við beiðni um samstarf og upplýsingaskipti

Svar við beiðni um samstarf og upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer: .....

Dagsetning: .....

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki (ef við á):

Lögbært yfirvald:

Kemur fram sem:

Haka skal í viðeigandi reit(i)

— Eftirlitsyfirvald upphafsaðila ☐

— Eftirlitsyfirvald umsjónaraðila ☐

— Eftirlitsyfirvald upphaflegs lánveitanda ☐

— Eftirlitsyfirvald sérstaks verðbréfunaraðila ☐

— Annað (tilgreina skal nánar) ☐

— Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ☐

— Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ☐

— Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ☐

Heimilisfang: [færa skal inn heimilisfang]

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415 til að meðhöndla þessa beiðni]

Heiti:

Sími:

Tölvupóstur

TIL:

Aðildarríki (ef við á):

Lögbært yfirvald:

Kemur fram sem:

Haka skal í viðeigandi reit(i)

— Eftirlitsyfirvald upphafsaðila ☐

— Eftirlitsyfirvald umsjónaraðila ☐

— Eftirlitsyfirvald upphaflegs lánveitanda ☐

— Eftirlitsyfirvald sérstaks verðbréfunaraðila ☐

— Annað (tilgreina skal nánar) ☐

— Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ☐

— Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ☐

— Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ☐

Heimilisfang: [færa skal inn heimilisfang]

[Færa skal inn samskiptaupplýsingar tengiliðar sem tilnefndur er skv. 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415 til að meðhöndla þessa beiðni]

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [*Færa skal inn viðkomandi nafn*]

Í samræmi við 5. gr. *framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415* hefur beiðni þín, dags. [*dd.mm.áááá*], með tilvísun [*færa inn tilvísunarnúmer*] verið tekin til meðferðar hjá okkur.

Upplýsingar sem safnað hefur verið

.....
.....
.....
.....

[*Ef mögulegt er að ganga til samstarfsins sem óskað er eftir, þ.m.t. hvort í því felist ósk um upplýsingar skal setja fram allar upplýsingar sem skipta máli eða gefa skýringu á hvernig samstarfinu verður háttað.*]

Þagnarskylda gildir um veittar upplýsingar og er þeim miðlað til [*færa skal inn heiti lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar*] og á grundvelli þess að upplýsingarnar skuli áfram vera trúnaðarmál í samræmi við 8. gr. *framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415*.

[*Færa skal inn heiti lögbæra yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar eða Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar*] skal fara að kröfunum í 8. gr. *framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415*.

.....

.....

.....

.....

[*Færa skal inn allar aðrar nauðsynlegar viðvaranir um þagnarskyldu eða allar nauðsynlegar takmarkanir á leyfilegri notkun upplýsinga í samræmi við lög Sambandsins.*]

.....

.....

.....

[*Þar sem við á, skal tilgreina allar nánari skýringar sem þið kunnið að þarfnast í tengslum við samstarfið eða upplýsingarnar sem óskað er eftir.*]

Viðbótarupplýsingar (ef við á)

[*Veita skal, að eigin frumkvæði, allar mikilvægar upplýsingar sem nýst gætu samstarfinu í tengslum við beiðnina.*]

.....

.....

.....

Virðingarfyllst,

[*Nafn og undirskrift*]

III. VIÐAUKI

Eyðublað fyrir veitingu óumbeðinna upplýsinga og tilkynninga um brot eða meint brot

Veiting óumbeðinna upplýsinga eða tilkynninga um brot eða meint brot

Tilvísunarnúmer: .....

Dagsetning: .....

Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki (ef við á):

Lögbært yfirvald:

Kemur fram sem:

Haka skal í viðeigandi reit(i):

—	Eftirlitsyfirvald upphafsaðila	☐
—	Eftirlitsyfirvald umsjónaraðila	☐
—	Eftirlitsyfirvald upphaflegs lánveitanda	☐
—	Eftirlitsyfirvald sérstaks verðbréfunaraðila	☐
—	Annað (tilgreina skal nánar)	☐
—	Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin	☐
—	Evrópska bankaeftirlitsstofnunin	☐
—	Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin	☐

Heimilisfang: [færa skal inn heimilisfang]

[*Færa skal inn samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415 til að meðhöndla þessa beiðni*]

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Lögbært yfirvald:

Kemur fram sem:

Haka skal í viðeigandi reit(i)

1.	Eftirlitsyfirvald upphafsaðila	☐
2.	Eftirlitsyfirvald umsjónaraðila	☐

3.	Eftirlitsyfirvald upphaflegs lánveitanda	☐
4.	Eftirlitsyfirvald sérstaks verðbréfunaraðila	☐
5.	Annað (tilgreina skal nánar)	☐
6.	Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin	☐
7.	Evrópska bankaeftirlitsstofnunin	☐
8.	Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin	☐

Heimilisfang: [færa skal inn heimilisfang]

[*Færa skal inn samskiptaupplýsingar tilnefnds tengiliðar í samræmi við 1. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415 til að meðhöndla þessa beiðni*]

Heiti:

Sími:

Tölvupóstfang:

Efni:

— Óumbeðnar upplýsingar skv. 6. gr. *framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415*

☐

— Tilkynning skv. 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402

☐

— Tilkynning til lögbærs yfirvalds skv. 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402

☐

— Tilkynning til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar skv. 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402

☐

Ágæti/a [*Færa skal inn viðkomandi nafn*]

Í samræmi við ákvæði [*færa skal inn viðkomandi greinar framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1415*] eru meðfylgjandi upplýsingar í tengslum við málið(in) sem nánar er fjallað um hér að neðan.

ISIN-númer: .....

Auðkenni verðbréfunar: .....

LEI-auðkenni: .....

Auðkenni STS-tilkynningar, sem veitt er af

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni .....

[*Ef upplýsingarnar tengjast upphafsaðila(um), umsjónaraðila(um), upphaflegum lánveitanda(endum) eða sérstökum verðbréfunaraðila(um) eða öðrum skal fylla út í hér að ofan, eftir því sem við á.*]

Ástæður fyrir óumbeðnum upplýsingum eða tilkynningum um brot eða meint brot

Tilgangurinn með þessu er

.....

.....

.....

.....

.....

[*Færa skal inn lýsingu á viðfangsefni þeirra upplýsinga sem sendar eru eða brotsins(brotanna) sem gert er viðvart um, þ.m.t. um eðli, mikilvægi og tímalengd brotsins sem uppgötvaðist eða grunur er um og veita skal allar aðrar upplýsingar sem skipta máli og komið gætu að notum fyrir lögbæra yfirvaldið sem látið er vita*]

Með vísan til .....

.....

.....

.....

[*Ef við á skal tilgreina upplýsingar eða tilkynningar sem áður hafa verið veittar um sama málefni]*

Virðingarfyllst,

[*Nafn og undirskrift*]

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/2175 2026/EES/17/27

frá 7. júlí 2023

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfuna um eftirhald áhættu fyrir upphafsaðila, umsjónaraðila, upphaflega lánveitendur og umsýslustofnanir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðja undirgrein 7. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að fjárfestar og eftirlitsaðilar skilji hvernig tilbúið eða skilyrt form eftirhalds samsvarar einum af þeim eftirhaldskostum sem settir eru fram í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 ætti að birta beitingu slíks forms eftirhalds og upplýsingar um það í endanlegum tilboðsskjölum, lýsingu, samantekt viðskipta eða yfirliti yfir meginþætti verðbréfunarinnar.

2) Í a- til e-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 er mælt fyrir um ýmsar aðferðir til að uppfylla kröfuna um eftirhald áhættu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar. Til að samræma beitingu kröfu um eftirhald áhættu og ná samsvarandi eftirhaldi á verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild í verðbréfun er nauðsynlegt að tilgreina þessar aðferðir nánar, þ.m.t. hvernig krafan er uppfyllt með tilbúnu eða skilyrtu formi eftirhalds. Í áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf jafngildir lausafjárfyrirgreiðsla, sem nær yfir 100% af útlánaáhættu allra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga eða myndar síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni í tengslum við verðbréfunina, því að halda eftir hreinni fjárhagslegri hlutdeild í verðbréfuninni. Því ættu slíkar áætlanir um eignatryggð skammtímaskuldabréf að teljast uppfylla kröfuna um eftirhald áhættu í samræmi við a- og d-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

3) Tilbúið aukaáhættuálag er skilgreint í 29. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 sem fjárhæð sem upphafsaðili tiltekur í samningi til að mæta tapi. Af þessum sökum hefur tilbúið aukaáhættuálag í för með sér aukið virði áhættuskuldbindingar sem taka ætti tillit til við mælingu á verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild við útgáfu. Því ætti upphafsaðili tilbúinnar verðbréfunar að viðurkenna tilbúið aukaáhættuálag sem mögulegt form á uppfyllingu kröfunnar um eftirhald áhættu ef það tilbúna aukaáhættuálag uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 og ef það tilbúna aukaáhættuálag fellur undir gjaldþolskröfu í samræmi við gildandi reglugerð um varfærniseftirlit.

4) Hægt er að tiltaka tilbúið aukaáhættuálag á tvo ólíka vegu. Ein leið er með því að endurbæta lánshæfi efri áhættulaga eða millilaga. Önnur leið er að endurbæta lánshæfi allra áhættulaga, þ.m.t. fyrsta taplags. Ef tilbúið aukaáhættuálag endurbætir aðeins lánshæfi efri áhættulaga eða millilaga er ekki unnt að meðhöndla það sem fyrsta taplag. Því ætti eftirhaldsaðili að halda eftir a.m.k. lágmarksfjárhæð í öllum áhættulögum til að uppfylla a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402. Ef tilbúið aukaáhættuálag endurbætir lánshæfi allra áhættulaga ætti það að jafngilda fyrsta taplagi tilbúinnar verðbréfunar og því að teljast uppfylla ákvæði d-liðar 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2175, 18.10.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 50.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35.

5) Nauðsynlegt er að tilgreina þá fjárhagslegu hlutdeild sem halda á eftir þegar undirliggjandi áhættuskuldbindingar verðbréfunar fela í sér ádregnar og óádregnar fjárhæðir lánsheimilda. Þar sem útlánaáhætta er ákvörðuð á grundvelli ádreginna fjárhæða ætti að mæla hreina fjárhagslega hlutdeild að teknu tilliti til þeirra fjárhæða eingöngu.

6) Til að tryggja að eftirhaldskrafan verði áfram uppfyllt þar sem hreinni fjárhagslegri hlutdeild er haldið eftir af samstæðu og eftirhaldsaðili sem tilheyrir samstæðunni lýtur ekki lengur eftirliti á samstæðugrunni er nauðsynlegt að mæla fyrir um að einn eða fleiri af eftirstandandi aðilum sem lúta eftirliti á samstæðugrunni eigi að taka á sig áhættu gagnvart verðbréfuninni.

7) Með ákvæðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 er sett bann við að selja eða áhættuverja fjárhagslega hlutdeild sem haldið er eftir, þar sem slíkt myndi fjarlægja áhættu eftirhaldsaðila vegna útlána af þeim verðbréfuðu stöðum eða áhættuskuldbindingum sem haldið er eftir. Því ætti aðeins að leyfa áhættuvörn ef hún ver eftirhaldsaðilann fyrir annarri áhættu en útlánaáhættu af þeim verðbréfuðum stöðum eða áhættuskuldbindingum sem haldið er eftir. Hins vegar ætti einnig að heimila áhættuvörn ef hún er gerð á undan verðbréfun sem lögmætur og varfærinn þáttur í lánveitingu eða áhættustjórnun og hún skapar ekki aðgreiningu, til hagsbóta fyrir eftirhaldsaðila, milli útlánaáhættu af verðbréfuðum stöðum eða áhættuskuldbindingum sem haldið er eftir og verðbréfuðum stöðum eða áhættuskuldbindingum sem færðar eru til fjárfesta. Í verðbréfunum þar sem eftirhaldsaðili skuldbindur sig til að halda eftir meira en lágmarki verulegrar hreinnar fjárhagslegrar hlutdeildar upp á 5% ætti enn fremur ekki að banna áhættuvörn fyrir hlutdeild sem haldið er eftir umfram þá prósentu, að því tilskildu að þær kringumstæður séu gefnar upp í endanlegum tilboðsskjölum, lýsingu, samantekt viðskipta eða yfirliti yfir helstu eiginleika verðbréfunarinnar.

8) Til að tryggja áframhaldandi eftirhald á verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild ættu eftirhaldsaðilar að tryggja að ekkert innbyggt fyrirkomulag í uppbyggingu verðbréfunarinnar hafi í för með sér að veruleg hrein fjárhagsleg hlutdeild sem haldið er eftir og mæld er við útgáfu lækki hraðar en hlutdeildin sem er yfirfærð. Af sömu ástæðu ætti ekki að setja verulega hreina fjárhagslega hlutdeild, sem haldið er eftir, í forgang með tilliti til fjárstreymis, til að hagnast af endurgreiðslu eða afskriftum þannig að hún lækki þá verulegu hreinu fjárhagslegu hlutdeild niður fyrir 5% af áframhaldandi nafnvirði þeirra áhættulaga sem eru seld eða færð til fjárfesta eða af verðbréfuðum áhættuskuldbindingum, eða niður fyrir 5% af hreinu virði ef um er að ræða vanefndar áhættuskuldbindingar hefðbundinna verðbréfaðra vanefndra áhættuskuldbindinga. Enn fremur ætti sú endurbót á lánshæfi sem veitt er fjárfestinum sem tekur á sig áhættu vegna verðbréfaðrar stöðu ekki að lækka óeðlilega mikið miðað við endurgreiðsluhlutfallið á hinum undirliggjandi áhættuskuldbindingum. Sú krafa ætti ekki að koma í veg fyrir að eftirhaldsaðili hljóti þóknun á grundvelli forgangs fyrir þjónustu sem er veitt sérstökum verðbréfunaraðila verðbréfunarinnar, að því tilskildu að fjárhæð þóknunar sé ákvörðuð á grundvelli armslengdarreglu og að uppbygging slíkrar þóknunar grafi ekki undan eftirhaldskröfunni.

9) Ef aðalskuldarinn er með fulla samræmingu hagsmuna við fjárfestinn, þ.m.t. í aðstæðum þar sem verðbréfun felur eingöngu í sér eigin útgefin sértryggð skuldabréf eða aðra eigin útgefna skuldagerninga, ætti aðilinn sem verðbréfar þessa gerninga ekki að þurfa að grípa til frekari aðgerða til að uppfylla kröfuna um eftirhald áhættu.

10) Í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 er kveðið á um tilteknar undantekningar frá banni við endurverðbréfun. Þar sem eftirhaldskröfur gilda um þau tvö stig viðskiptanna sem endurverðbréfun tekur til er nauðsynlegt að tilgreina hvernig þessi viðskipti skulu uppfylla eftirhaldskröfuna. Að jafnaði ætti að meðhöndla fyrstu verðbréfanir áhættuskuldbindinga og annað „endurpakkað“ stig viðskiptanna á aðskilinn hátt í þeim tilgangi að uppfylla kröfu um eftirhald áhættu. Það ætti því að vera skylda að halda eftir verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild á öllum þessum stigum. Það sama ætti að gilda fyrir viðskipti með fleiri en eina undirliggjandi verðbréfun, svo sem aðrar áætlanir um eignatryggð skammtímaskuldabréf en þær sem um getur í 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402. Hins vegar er hugsanlegt að upphafsaðili verðbréfunar sem kemur fram sem eftirhaldsaðili verðbréfi stöður sem hann hefur haldið eftir umfram lágmarks eftirhaldskröfu á fyrsta stigi verðbréfunar. Í því tilviki ætti upphafsaðilinn ekki að þurfa að halda eftir viðbótarhlutdeild á stigi endurverðbréfunar, að því tilskildu að engum öðrum áhættuskuldbindingum eða stöðum sé bætt við undirliggjandi safn endurverðbréfunarinnar. Þá ætti einfaldlega að líta á endurverðbréfunina sem annan hluta sömu viðskipta, sem myndi ekki valda verulegum breytingum á efnahagslegum grundvelli verðbréfunarinnar. Þannig ætti upprunalegt eftirhald á stigi verðbréfunar að nægja til að uppfylla tilgang kröfu um eftirhald áhættu. Að lokum ætti sjálf endurröðun upphafsaðila verðbréfunar á verðbréfuðum stöðum í aðliggjandi áhættulög ekki að teljast endurverðbréfun í skilningi eftirhaldskröfu.

11) Kröfurnar um val á eignum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 eru óaðskiljanlegur hluti af lagarammanum um eftirhald áhættu. Ef upphafsaðilar gætu handvalið eignir til að verðbréfa eignasöfn með lægra lánshæfi, einkum án vitundar fjárfesta eða mögulegra fjárfesta, væri verulega grafið undan tilgangi og skilvirkni eftirhalds áhættu til að samræma hlutdeild upphafsaðila og fjárfesta. Í þeirri atburðarás væru fjárfestar afvegaleiddir til að treysta á að upphafsaðili haldi eftir hluta áhættunnar sem sönnunargögnum um viðeigandi samræmingu hlutdeildar en upphafsaðilinn myndi nota verðbréfunina til að losa sig við áhættusamar eignir. Til að forðast slíka atburðarás og veita réttarvissu og öryggi er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðmiðanir sem upphafsaðilar geta reitt sig á til að tryggja að farið sé að ákvæðum 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402. Enn fremur ætti að setja viðmiðanir um hvernig ákvarða eigi „sambærilegar eignir“. Verðbréfanir þar sem ekki er hægt að gera samanburðinn sem um getur í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, vegna þess að allar sambærilegar eignir voru færðar til sérstaks verðbréfunaraðila, ættu að teljast uppfylla kröfurnar í þeirri málsgrein, að því tilskildu að tekið sé fram í endanlegu tilboðsskjali, lýsingu, samantekt viðskipta eða yfirliti yfir helstu eiginleika verðbréfunarinnar að slíkur samanburður sé ekki mögulegur.

12) Ef hafin er málsmeðferð vegna ógjaldfærni í tengslum við eftirhaldsaðila eða ef eftirhaldsaðili getur ekki lengur komið fram sem slíkur af ástæðum sem hann eða hluthafar fá ekki við ráðið ætti annar lögaðili sem uppfyllir 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 að geta haldið eftir eftirstandandi verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild þannig að samræming hlutdeildar haldi áfram að eiga sér stað.

13) Skv. fjórðu undirgrein 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, geta einungis þær umsýslustofnanir sem geta sýnt fram á sérþekkingu á umsýslu áhættuskuldbindinga af svipuðum toga og verðbréfaðar áhættuskuldbindingar komið fram sem eftirhaldsaðilar í hefðbundinni verðbréfun á vanefndum áhættuskuldbindingum. Því er rétt að setja fram þau viðmið sem umsýslustofnanir ættu að uppfylla til að geta sýnt fram á að þær hafi nauðsynlega sérfræðiþekkingu á umsýslu áhættuskuldbindinga sem eru svipaðar verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum.

14) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014 ([2]) eykur við ákvæði um eftirhald áhættu sem mælt er fyrir um í 405. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([3]) að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki. Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2401 ([4]) var reglugerð (ESB) nr. 575/2013 breytt þannig að felldur var niður fimmti hluti þeirrar reglugerðar, og þar með 405. gr. Kröfurnar um eftirhald áhættu sem mælt var fyrir um í 405. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eru nú settar fram í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402. Því er rétt að fella framselda reglugerð (ESB) nr. 625/2014 úr gildi með fyrirvara um ákvæði 6. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

15) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samin voru í náinni samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og Evrópska banka-eftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

16) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([5]).

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 625/2014 frá 13. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 með tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina kröfur fyrir fjárfeststofnanir, umsýslustofnanir, upphaflega lánveitendur og útgáfustofnanir að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna yfirfærðrar útlánaáhættu (Stjtíð. ESB L 174, 13.6.2014, bls. 16).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2401 frá 12. desember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „tilbúið eftirhald“: eftirhald á verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild með notkun afleiðugerninga,

b) „skilyrt form eftirhalds“: eftirhald á verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild með því að nota lánshæfisstyrkingu sem tryggir tafarlausa framfylgd eftirhalds, m.a. með tryggingum, ábyrgðaryfirlýsingum eða sams konar stuðningi við lánshæfi.

2. gr.

Aðilar sem halda eftir verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild

1. Krafan sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, sem segir að verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild sem haldið er eftir skuli ekki skipt milli mismunandi gerða eftirhaldsaðila, skal uppfyllt af einhverjum eftirfarandi:

a) upphafsaðilanum eða upphafsaðilunum,

b) umsjónaraðilanum eða umsjónaraðilunum,

c) upphaflega lánveitandanum eða lánveitendunum,

d) umsýslustofnuninni eða umsýslustofnununum í hefðbundinni verðbréfun á vanefndum áhættuskuldbindingum, að því tilskildu að þær uppfylli kröfuna um sérfræðiþekkingu sem sett er fram í 19. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ef fleiri en einn upphafsaðili er hæfur til að uppfylla kröfu um eftirhald skal hver upphafsaðili uppfylla þá kröfu í réttu hlutfalli með hliðsjón af þeim verðbréfuðu áhættuskuldbindingum sem hann er upphafsaðili að.

3. Ef fleiri en einn upphaflegur lánveitandi er hæfur til að uppfylla kröfu um eftirhald skal hver upphaflegur lánveitandi uppfylla þá kröfu í réttu hlutfalli með hliðsjón af þeim verðbréfuðu áhættuskuldbindingum sem hann er upphaflegur lánveitandi að.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. getur einn upphafsaðili eða upphaflegur lánveitandi uppfyllt eftirhaldskröfuna að fullu, að því tilskildu að eitt eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

a) upphafsaðilinn eða upphaflegur lánveitandi hefur komið á fót og stýrir áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf eða annarri verðbréfun,

b) upphafsaðilinn eða upphaflegur lánveitandi hefur komið á fót áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf eða annarri verðbréfun og hefur lagt til meira en 50% af öllum verðbréfuðu áhættuskuldbindingunum mældum á nafnvirði við útgáfu.

5. Ef fleiri en einn umsjónaraðili er hæfur til að uppfylla eftirhaldskröfu skal eftirhaldskrafan uppfyllt af annaðhvort:

a) þeim umsýsluaðila sem hefur fjárhagslega hagsmuni sem samræmast hvað best hagsmunum fjárfesta samkvæmt samkomulagi allra umsjónaraðila sem hlut eiga að máli á grundvelli hlutlægra viðmiðana, þ.m.t. alls eftirfarandi:

   i. uppbyggingu viðskiptagjalda,

   ii. þátttöku umsjónaraðila í að koma á fót og stýra áætluninni um eignatryggð skammtímaskuldabréf eða annarri verðbréfun og

   iii. útlánaáhættu af verðbréfuðum stöðum, eða

b) hverjum umsjónaraðila miðað við heildarfjölda umsjónaraðila.

6. Ef fleiri en ein umsýslustofnun er hæf til að uppfylla eftirhaldskröfu skal eftirhaldskrafan uppfyllt af annaðhvort:

a) umsýslustofnun með ráðandi fjárhagslega hagsmuni af farsælli skuldaaðlögun áhættuskuldbindinga hefðbundinnar verðbréfunar á vanefndum áhættuskuldbindingum, samkvæmt samkomulagi allra umsýslustofnana sem hlut eiga að máli á grundvelli hlutlægra viðmiðana, þ.m.t. uppbyggingu viðskiptagjalda og tiltæku fjármagni og sérfræðiþekkingu umsýslustofnunar til að stýra skuldaaðlögunarferli áhættuskuldbindinganna, eða

b) hverri umsýslustofnun í réttu hlutfalli miðað við þær verðbréfuðu áhættuskuldbindingar sem hún stýrir, sem skulu reiknaðar sem summan af hreinu virði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem teljast vera vanefndar áhættuskuldbindingar og á nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem staðið er skil á.

7. Aðili skal ekki teljast hafa verið stofnaður eða starfa eingöngu í þeim tilgangi að verðbréfa áhættuskuldbindingar eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 ef allt eftirfarandi gildir:

a) aðilinn er með stefnuáætlun og getu til að uppfylla greiðsluskyldur sem eru í samræmi við víðtækara viðskiptalíkan sem felur í sér umtalsverðan stuðning frá fjármagni, eignum, gjöldum eða öðrum tekjulindum, sem gerir það af verkum að aðilinn treystir ekki á áhættuskuldbindingarnar sem á að verðbréfa, hlutdeild sem haldið er eftir eða lagt er til að verði haldið eftir í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, eða samsvarandi tekjur af slíkum áhættuskuldbindingum og hlutdeild sem einu eða helstu tekjulind sína,

b) aðilar stjórnar hafa nauðsynlega reynslu til að gera aðilanum kleift að fylgja settri viðskiptastefnu sem og fullnægjandi stjórnarháttum fyrirtækja.

3. gr.

Uppfylling eftirhaldskröfunnar með tilbúnu eftirhaldi eða skilyrtu eftirhaldi

1. Uppfylling eftirhaldskröfu á þann hátt sem samsvarar einum af þeim valkostum sem eru settir fram í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 með tilbúnu eftirhaldi eða skilyrtu eftirhaldi skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) fjárhæðin sem haldið er eftir er a.m.k. jafnhá fjárhæðinni sem krafist er samkvæmt þeim valkosti sem tilbúið eftirhald eða skilyrt eftirhald samsvarar,

b) eftirhaldsaðili hefur tekið skýrt fram í endanlegu tilboðsskjali, lýsingu, samantekt viðskipta eða yfirliti yfir helstu eiginleika verðbréfunar að hann muni halda eftir verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild í verðbréfun með tilbúnu eftirhaldi eða skilyrtu eftirhaldi á viðvarandi grunni.

Að því er varðar b-lið skal eftirhaldsaðili birta í endanlegu tilboðsskjali, lýsingu, samantekt viðskipta eða yfirliti yfir helstu eiginleika verðbréfunar allar upplýsingar um viðkomandi tilbúið eftirhald eða skilyrt eftirhald, þ.m.t. aðferðirnar sem notaðar eru til að ákvarða verulega hreina hlutdeild sem haldið er eftir og skýringu á því hverjir af valkostunum sem settir eru fram í a-til e-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 jafngilda eftirhaldinu.

2. Ef annar aðili en stofnun, eins og hún er skilgreind í 3. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, og annar en tryggingа- eða endurtryggingafélag, eins og það er skilgreint í 1. og 4. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB, heldur eftir fjárhagslegri hlutdeild gegnum tilbúið eftirhald eða skilyrt eftirhald skal sú hlutdeild sem haldið er eftir vera veðtryggð að fullu með reiðufé og geymd samkvæmt fyrirkomulagi eins og skilgreint er í 9. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([6]).

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

4. gr.

Jafngildi eftirhalds á minnst 5% af nafnvirði hvers áhættulags sem er selt eða yfirfært til fjárfesta

Eftirhaldið sem um getur í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 (lóðréttur hluti) skal uppfyllt með einhverjum eftirfarandi aðferða:

a) beinu eftirhaldi á minnst 5% af nafnvirði hvers áhættulags sem er selt eða yfirfært til fjárfesta,

b) eftirhaldi áhættuskuldbindingar sem gerir handhafa útsettan fyrir útlánaáhættu af hverju útgefnu áhættulagi verðbréfunarviðskipta, í réttu hlutfalli, upp á minnst 5% af heildarnafnvirði hvers útgefins áhættulags,

c) eftirhaldi á að lágmarki 5% af nafnvirði hverrar verðbréfaðrar áhættuskuldbindingar, að því tilskildu að útlánaáhætta sem haldið er eftir flokkist jafngild eða undirskipuð þeirri útlánaáhættu sem verðbréfuð er í tengslum við sömu áhættuskuldbindingar,

d) veitingu lausafjárfyrirgreiðslu, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt í tengslum við eignatryggða skammtímaskuldabréfaáætlun:

   i. lausafjárfyrirgreiðslan nái yfir 100% af hlutdeild útlánaáhættu af þeim verðbréfuðu áhættuskuldbindingum í verðbréfunarviðskiptunum sem fjármögnuð er með áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf,

   ii. lausafjárfyrirgreiðslan nái yfir útlánaáhættuna eins lengi og eftirhaldsaðilinn þarf að halda verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild eftir,

   iii. lausafjárfyrirgreiðslan sé veitt af upphafsaðilanum, umsýsluaðilanum eða upphaflega lánveitandanum í verðbréfunarviðskiptunum,

   iv. fjárfestar hafi fengið aðgang að upplýsingum úr upphaflegri útgáfu sem gerir þeim kleift að sannprófa að i., ii. og iii. liður séu uppfylltir.

5. gr.

Eftirhald á hlutdeild upphafsaðilans í hlaupandi verðbréfun eða verðbréfun hlaupandi áhættuskuldbindinga

Eftirhald á hlutdeild upphafsaðilans sem nemur minnst 5% af nafnvirði hverrar verðbréfaðrar áhættuskuldbindingar, eins og um getur í b-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, skal eingöngu teljast uppfyllt ef sú útlánaáhætta sem haldið er eftir af slíkum áhættuskuldbindingum flokkast jafngild eða lægra sett en útlánaáhættan sem verðbréfuð er í tengslum við sömu áhættuskuldbindingar.

6. gr.

Eftirhald slembivalinna áhættuskuldbindinga sem samsvara minnst 5% af nafnvirði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna

1. Safn a.m.k. 100 mögulegra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem slembivelja skal óverðbréfaðar og verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem haldið er eftir úr, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, skal vera nægilega fjölbreytt til að forðast megi of mikla samþjöppun í þeirri hlutdeild sem haldið er eftir.

2. Við val á áhættuskuldbindingunum sem um getur í 1. mgr. skulu eftirhaldsaðilar taka tillit til megindlegra og eigindlegra þátta sem eru viðeigandi fyrir þá tegund verðbréfaðra áhættuskuldbindinga til að tryggja að munurinn á milli þeirra óverðbréfuðu og verðbréfuðu áhættuskuldbindinga sem haldið er eftir sé tilviljanakenndur. Í því skyni og þar sem við á skulu eftirhaldsaðilar taka tillit til eftirfarandi þátta við val á áhættuskuldbindingum:

a) upphafstíma láns (útgáfualdur),

b) tegundar verðbréfaðra áhættuskuldbindinga,

c) landfræðilegrar staðsetningar,

d) útgáfudags,

e) lokagjalddaga,

f) veðhlutfalls,

g) tegundar veðs,

h) atvinnugreinar,

i) útistandandi lánsfjárhæðar,

j) allra annarra þátta sem eftirhaldsaðili telur að skipti máli.

3. Eftirhaldsaðilar skulu ekki velja ólíkar einstakar áhættuskuldbindingar á mismunandi tímapunktum, nema það kunni að vera nauðsynlegt til að uppfylla eftirhaldskröfuna í tengslum við verðbréfun þar sem verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar sveiflast yfir tíma, annaðhvort vegna þess að nýjum áhættuskuldbindingum er bætt við verðbréfunina eða vegna breytinga á stigi einstakra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga.

4. Ef eftirhaldsaðilinn er umsýslustofnun verðbréfunar skal valið sem fer fram í samræmi við þessa grein ekki leiða til versnandi umsýslustaðla sem eftirhaldsaðili beitir á yfirfærðar áhættuskuldbindingar miðað við áhættuskuldbindingar sem haldið er eftir.

7. gr.

Eftirhald í fyrsta taplagi

1. Eftirhald í fyrsta taplaginu eins og um getur í d-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 skal uppfyllt með einhverjum eftirfarandi aðferða:

a) eignarhlutdeild á stöðum annaðhvort á eða utan efnahagsreiknings,

b) eignarhald á áhættuskuldbindingu með því að veita skilyrt eftirhald eða lausafjárfyrirgreiðslu í tengslum við áætlun um eignatryggð skammtímaskuldabréf, sem uppfyllir allar eftirfarandi viðmiðanir:

   i. áhættuskuldbindingin nær að lágmarki yfir 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga,

   ii. áhættuskuldbindingin felur í sér síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni í tengslum við verðbréfunina,

   iii. áhættuskuldbindingin nær yfir útlánaáhættuna allan þann tíma sem eftirhaldsskuldbindingin varir,

   iv. eftirhaldsaðilinn veitir áhættuskuldbindinguna,

   v. fjárfestar hafa fengið aðgang að öllum þeim upplýsingum úr upphaflegri birtingu sem nauðsynlegar eru til að sannprófa að i.-iv. liðir séu uppfylltir,

c) yfirveðsetning, eins og skilgreint er í 9. lið 242. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ef sú yfirveðsetning virkar sem staða „síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni“ upp á að lágmarki 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga.

2. Þegar fyrsta taplagið fer yfir 5% af nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga getur eftirhaldsaðilinn valið að halda aðeins eftir hlutfallslegum hluta af slíku fyrsta taplagi, að því tilskildu að sá hluti jafngildi að lágmarki 5% af nafnvirði verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna.

8. gr.

Eftirhald áhættuskuldbindingar fyrsta taplags á minnst 5% af hverri verðbréfaðri áhættuskuldbindingu

1. Eftirhald áhættuskuldbindingar fyrsta taplags á stigi hverrar verðbréfaðrar áhættuskuldbindingar, eins og um getur í e-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, skal aðeins teljast uppfyllt ef útlánaáhætta sem haldið er eftir er lægra sett en útlánaáhættan sem verðbréfuð er í tengslum við sömu áhættuskuldbindingar.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur upphafsaðili eða upphaflegur lánveitandi einnig uppfyllt eftirhald á áhættuskuldbindingu fyrsta taps á stigi hverrar verðbréfaðrar áhættuskuldbindingar, eins og um getur í e-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, með sölu á undirliggjandi áhættuskuldbindingum á afvaxtað virði ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) afvöxtunarfjárhæðin er að lágmarki 5% af nafnvirði hverrar áhættuskuldbindingar,

b) aðeins er hægt að endurgreiða afvaxtaða sölufjárhæð til upphafsaðila eða upphaflegs lánveitanda ef tap tengt útlánaáhættu af verðbréfuðum áhættuskuldbindingum gleypir ekki þá afvöxtuðu sölufjárhæð.

9. gr.

Beiting eftirhaldskosta á hefðbundnar verðbréfanir á vanefndum áhættuskuldbindingum

1. Ef um er að ræða verðbréfanir á vanefndum áhættuskuldbindingum, eins og um getur í 3. mgr. a 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, skal við beitingu á a-lið 4. gr. og 5.–8. gr. þessarar reglugerðar, um hlutdeild vanefndra áhættuskuldbindinga í verðbréfunarsafni undirliggjandi áhættuskuldbindinga, túlka allar tilvísanir í nafnvirði verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem tilvísun í hreint virði vanefndra áhættuskuldbindinga.

2. Að því er varðar 6. gr. þessarar reglugerðar skal hreint virði vanefndra áhættuskuldbindinga sem haldið er eftir reiknað út með því að nota sömu fjárhæð óendurkræfs afsláttar af innkaupsverði sem hefði verið notuð ef þær vanefndu áhættuskuldbindingar sem haldið er eftir hefðu verið verðbréfaðar.

3. Að því er varðar a-lið 4. gr., 5. gr. og 8. gr. þessarar reglugerðar skal hreint virði þess hluta vanefndra áhættuskuldbindinga sem haldið er eftir reiknað út með því að nota sömu prósentu óendurkræfs afsláttar af innkaupsverði sem gildir um hlutann sem ekki er haldið eftir.

4. Ef óendurkræfur afsláttur af innkaupsverði, eins og um getur í annarri undirgrein 3. mgr. a 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, hefur verið samþykktur á safnstigi undirliggjandi vanefndra áhættuskuldbindinga eða undirsafnstigi skal hreint virði stakra verðbréfaðra vanefndra áhættuskuldbindinga sem eru í safninu eða undirsafninu, eftir því sem við á, reiknað út með því að nota samsvarandi hlutdeild óendurkræfs afsláttar af innkaupsverði á hverja verðbréfaða vanefnda áhættuskuldbindingu miðað við nafnvirði eða, eftir því sem við á, útistandandi virði þeirra við útgáfu.

5. Ef óendurkræfur afsláttur af innkaupsverði felur í sér mismun á nafnvirði eins áhættulags eða nokkurra áhættulaga verðbréfunar á vanefndum áhættuskuldbindingum sem upphafsaðili hefur tryggt til sölu sem á sér stað síðar og því verði sem það áhættulag eða áhættulög eru fyrst seld á til ótengdra þriðju aðila, eins og um getur í annarri undirgrein 3. mgr. a í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, skal tekið tillit til þess mismunar í útreikningi á hreinu virði stakra verðbréfaðra vanefndra áhættuskuldbindinga með því að nota samsvarandi hlutfall mismunar á hverja verðbréfaða vanefnda áhættuskuldbindingu miðað við nafnvirði þeirra.

10. gr.

Mæling á umfangi eftirhalds

1. Við mælingu á umfangi eftirhalds á hreinni, fjárhagslegri hlutdeild skal beita eftirfarandi viðmiðunum:

a) upphafið skal vera tíminn þegar áhættuskuldbindingarnar voru fyrst verðbréfaðar, sem skal vera eitt af eftirfarandi:

   i. dagsetning útgáfu á verðbréfunum,

   ii. dagsetning undirritunar á samkomulagi um útlánavörn,

   iii. dagsetning samkomulags um endurkræfan afslátt af kaupverði,

b) ef útreikningur á umfangi eftirhalds byggist á nafnvirði skal ekki taka tillit til kaupverðs eigna að því er varðar útreikninginn,

c) ekki skal tekið tillit til innheimtu móttekins fjármagnskostnaðar og annarra þjónustutekna að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar í hefðbundinni verðbréfun að frádregnum kostnaði og útgjöldum (hefðbundið aukaáhættuálag) við mælingu á hreinni fjárhagslegri hlutdeild eftirhaldsaðila,

d) ef upphafsaðilinn kemur fram sem eftirhaldsaðili verðbréfunar og notar eftirhaldskostinn, sem um getur í d-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, og ef áhættuskuldbindingarvirði tilbúins aukaáhættuálags, sem veitir öllum áhættulögum tilbúinnar verðbréfunar endurbót á lánshæfi og veitir síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni vörn gegn tapi, fellur undir eiginfjárkröfur í samræmi við þá reglugerð um varfærniseftirlit sem gildir um upphafsaðilann, getur upphafsaðilinn tekið tillit til áhættuskuldbindingarvirðis tilbúins aukaáhættuálags við útreikning á verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild í samræmi við 7. gr. þessarar reglugerðar með því að meðhöndla áhættuskuldbindingarvirði tilbúins aukaáhættuálags sem eftirhald á fyrsta taplagi, til viðbótar við raunverulegt eftirhald á fyrsta taplagi,

e) ekki skal breyta eftirhaldsvalkosti og aðferðafræði sem notuð er til að reikna út hreina, fjárhagslega hlutdeild yfir allan líftíma verðbréfunar, nema sérstakar aðstæður krefjist breytingar og sú breyting sé ekki notuð sem átylla til að lækka fjárhæð hlutdeildarinnar sem haldið er eftir.

2. Ekki skal þess krafist að eftirhaldsaðilinn endurnýi stöðugt eða aðlagi þá hlutdeild sína sem haldið er eftir svo hún sé að lágmarki 5% þegar tap kemur fram í áhættuskuldbindingum hans eða er skipt niður á stöður sem hann heldur eftir.

11. gr.

Mæling á verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild sem halda þarf eftir vegna áhættuskuldbindinga á formi ádreginna og óádreginna fjárhæða lánsheimilda

Útreikningur á hreinni, fjárhagslegri hlutdeild sem haldið er eftir fyrir lánsheimildir, þ.m.t. kreditkort, skal byggjast á fjárhæðum sem þegar hafa verið dregnar, innleystar eða mótteknar og skal aðlagaður í samræmi við breytingar á þessum fjárhæðum.

12. gr.

Bann við áhættuvörn eða sölu á hlutdeild sem haldið er eftir

1. Skuldbindingin sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 um að halda verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild í verðbréfun stöðugt eftir, skal aðeins teljast vera uppfyllt að báðum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum, að teknu tilliti til fjárhagslegs inntaks viðskiptanna:

a) veruleg hrein fjárhagsleg hlutdeild sem haldið er eftir fellur ekki undir neina mildun útlánaáhættu eða áhættuvörn á annaðhvort þeim verðbréfuðu stöðum eða áhættuskuldbindingum sem haldið er eftir,

b) eftirhaldsaðilinn selur ekki, millifærir eða afsalar sér á annan hátt öllum eða hluta þeirra réttinda, ávinnings eða skuldbindinga sem hljótast af þeirri hreinu fjárhagslegu hlutdeild sem haldið er eftir.

Þrátt fyrir a-lið er eftirhaldsaðila heimilt að áhættuverja hreina fjárhagslega hlutdeild ef áhættuvörnin er ekki gagnvart útlánaáhættu annaðhvort þeirra verðbréfuðu staðna eða áhættuskuldbindinga sem haldið er eftir.

2. Eftirhaldsaðilinn getur notað áhættuskuldbindingar eða verðbréfaðar stöður sem haldið er eftir sem veðtryggingu fyrir tryggðri fjármögnun, þar með talið, og þar sem við á, fjármögnunarráðstafanir sem fela í sér sölu, millifærslu eða annars konar framsal á öllum eða hluta réttinda, ávinnings eða skuldbindinga sem hljótast af þeirri hreinu fjárhagslegu hlutdeild sem haldið er eftir, að því tilskildu að slík notkun sem veðtrygging færi ekki áhættuskuldbindingu gagnvart útlánaáhættu af þessum verðbréfuðu stöðum eða áhættuskuldbindingum sem haldið er eftir yfir til þriðja aðila.

3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. skulu ekki gilda í eftirfarandi tilvikum:

a) ef um er að ræða ógjaldfærni eftirhaldsaðila,

b) ef eftirhaldsaðilinn getur ekki haldið áfram að koma fram sem eftirhaldsaðili, af lagalegum ástæðum sem hann hefur ekki stjórn á og hluthafarnir fá ekki ráðið við,

c) ef um er að ræða eftirhald á samstæðugrunni, eins og um getur í 14. gr.

13. gr.

Viðskipti þar sem eftirhaldskrafan á ekki við, eins og um getur í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402

Viðskiptin þar sem eftirhaldskrafan á ekki við, eins og um getur í 6. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402, skulu ná yfir verðbréfaðar stöður í fylgniviðskiptasafninu sem eru annaðhvort viðmiðunargerningar eins og um getur í b-lið 1. mgr. 338. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða eru hæfar til að vera felldar inn í fylgniviðskiptasafnið.

14. gr.

Eftirhald á samstæðugrunni

Blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi eins og skilgreint er í 15. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB ([7]), móðurstofnanir eða eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi með staðfestu í Sambandinu og sem uppfylla kröfurnar sem um getur í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 á grundvelli samstæðustöðu sinnar í samræmi við 4. mgr. þeirrar greinar skulu, ef eftirhaldsaðilinn lýtur ekki lengur eftirliti á samstæðugrunni, tryggja að einn eða fleiri eftirstandandi aðila sem lúta eftirliti á samstæðugrunni uppfylli eftirhaldskröfuna.

15. gr.

Kröfur um úthlutun á fjárstreymi og tapi á hlutdeild sem haldið er eftir og um gjöld sem greiða ber til eftirhaldsaðila

1. Eftirhaldsaðilar skulu ekki nota ráðstafanir eða innbyggt fyrirkomulag í verðbréfun sem gerir það af verkum að sú hlutdeild sem haldið er eftir við upphaf myndi minnka hraðar en sú hlutdeild sem er yfirfærð. Við úthlutun fjárstreymis skal sú hlutdeild sem haldið er eftir ekki vera sett í forgang til að hagnast af endurgreiðslu eða afskriftum á undan yfirfærðri hlutdeild.

Heimila skal afskrift á hlutdeild sem haldið er eftir með úthlutun fjárstreymis í samræmi við fyrstu undirgrein eða úthlutun á tapi sem dregur í reynd úr eftirhaldi með tímanum.

2. Að því er 1. mgr. varðar skulu ráðstafanir um hvers kyns gjöld, annaðhvort föst eða skilyrt við umfang eða afkomu verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna eða þróun viðkomandi markaðsviðmiðana, sem greiða ber til eftirhaldsaðila á grundvelli forgangs til að greiða eftirhaldsaðilanum fyrir hvers kyns þjónustu sem veitt er við verðbréfunina, eingöngu teljast samrýmast þeim kröfum um hlutdeild sem haldið er eftir sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) fjárhæð gjaldanna er ákvörðuð á grundvelli armslengdarreglu með hliðsjón af sambærilegum viðskiptum á markaðnum,

b) gjöldin eru byggð upp sem endurgjald fyrir veitta þjónustu og skapa ekki forgangskröfu í fjárstreymi verðbréfunar sem lækkar í reynd þá hlutdeild sem haldið er eftir hraðar en yfirfærða hlutdeild.

([7]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

Að því er a-lið varðar, þar sem sambærileg viðskipti eru ekki til staðar á viðkomandi markaði, skal fjárhæð gjaldanna uppfylla kröfuna um að þessi gjöld séu ákvörðuð á grundvelli armslengdarreglu ef þau eru ákvörðuð með hliðsjón af gjöldum sem ber að greiða í svipuðum viðskiptum á öðrum mörkuðum eða með því að nota verðmatskvarða sem taka viðeigandi tillit til þeirrar tegundar verðbréfunar og þjónustu sem er veitt.

Skilyrðin í a- og b-liðum fyrstu undirgreinar skulu ekki teljast uppfyllt þegar gjöldin eru tryggð eða greiðast fyrirfram á einhverju formi, í heild eða að hluta, áður en þjónusta, sem veitt er eftir lokun, er veitt og raunveruleg, veruleg, hrein, fjárhagsleg hlutdeild eftir að gjöldin hafa verið dregin frá er lægri en það lágmark hreinnar fjárhagslegrar hlutdeildar sem krafist er samkvæmt þeim eftirhaldskosti sem valinn er úr þeim valkostum sem mælt er fyrir um í a- til e-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

16. gr.

Uppfylling eftirhaldskröfu í verðbréfunum á eigin útgefnum skuldagerningum

Ef aðili verðbréfar eigin útgefna skuldagerninga, þ.m.t. sértryggð skuldabréf eins og skilgreint er í 1. lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 ([8]) og undirliggjandi áhættuskuldbindingar verðbréfunarinnar samanstanda eingöngu af þessum eigin útgefnu skuldagerningum, skal eftirhaldskrafan í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 teljast uppfyllt.

17. gr.

Eftirhaldskrafa í endurverðbréfunum

1. Að því er varðar endurverðbréfanir, sem heimilaðar eru í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, skal eftirhaldsaðili halda eftir verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild í tengslum við hvert viðskiptastig.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal upphafsaðila endurverðbréfunar ekki vera skylt að halda eftir verulegri hreinni fjárhagslegri hlutdeild á viðskiptastigi endurverðbréfunar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) upphafsaðili endurverðbréfunar er einnig upphafsaðili og eftirhaldsaðili undirliggjandi verðbréfunar,

b) endurverðbréfunin er tryggð með safni áhættuskuldbindinga sem samanstendur alfarið af áhættuskuldbindingum eða stöðum sem upphafsaðili hélt eftir í undirliggjandi verðbréfun umfram áskilið lágmark hreinnar fjárhagslegrar hlutdeildar fyrir dagsetninguna þegar endurverðbréfunin hefst,

c) það er ekkert gjalddagamisræmi milli undirliggjandi verðbréfaðra staðna eða áhættuskuldbindinga og endurverðbréfunarinnar.

3. Að því er 1. og 2. mgr. varðar skal endurröðun upphafsaðila verðbréfunar á útgefnu áhættulagi í aðliggjandi áhættulög ekki teljast endurverðbréfun.

18. gr.

Fjármunir fluttir til sérstaks verðbréfunaraðila

1. Að því er varðar 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 skulu eignir á efnahagsreikningi upphafsaðila sem uppfylla hæfisviðmiðanir samkvæmt skjölum verðbréfunar, teljast vera sambærilegar við þær eignir sem færa á yfir til sérstaks verðbréfunaraðila ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt þegar eignin var valin:

a) áætluð afkoma bæði eignanna sem verða áfram á efnahagsreikningnum og eignanna sem á að flytja ræðst af svipuðum þáttum,

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB (Stjtíð. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29).

3) Í III. viðauka í töflunni „Almennar upplýsingar“ kemur eftirfarandi í stað línunnar sem samsvarar reitakóðanum STSAP4:

„STSAP4	Á ekki við	Einkvæmt auðkenni	Einkvæmt auðkenni sem gagnaskilaaðilinn úthlutar í samræmi við 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224. Ef fleiri en ein STS-tilkynning er gefin út fyrir þetta einkvæma auðkenni verðbréfunar skal gefa yfirlýsingu þar sem útskýrt er hvers vegna svo er.	Á ekki við“.

II. VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

Upplýsingar sem leggja skal fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skv. 26. gr. b til 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402 varðandi verðbréfanir í efnahagsreikningi

Almennar upplýsingar

Reitakóði	Ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/2402	Heiti gagnareits	Innihald sem skal koma fram	Viðbótarupplýsingar
STSSY1	Þriðja undirgrein 1. mgr. 27. gr.	Fyrsti tengiliður	LEI-auðkenni þess aðila sem er tilnefndur sem fyrsti tengiliður og heiti viðkomandi lögbærs yfirvalds.	Liður 3.2 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY2	Á ekki við	Dagsetning tilkynningar	Dagsetning tilkynningar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.	Á ekki við
STSSY3	Á ekki við	Auðkenniskóði gernings	Ef tiltækt, alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer), eitt eða fleiri. Ef ekkert alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa er tiltækt, annar einkvæmur verðbréfakóði (þ.m.t. lánshæfistengd skuldabréf), ef hann liggur fyrir.	Ef það liggur fyrir skv. lið 3.1 í 19. viðauka framseldra r reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY4	Á ekki við	LEI-auðkenni	LEI-auðkenni upphafsaðila og umsjónaraðila og, ef það liggur fyrir, upphaflegra lánveitanda og sérstakra verðbréfunaraðila.	Liður 4.2 í 9. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY5	3. mgr. 31. gr.	Seljandi varnar	LEI-auðkenni, nafn, staðfestuland seljanda eða seljenda upphaflegrar varnar og heiti lögbærs yfirvalds.	Á ekki við
STSSY6	Á ekki við	Auðkenni tilkynningar	Þegar tilkynnt er um uppfærslu, einkvæmt tilvísunarnúmer sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin úthlutaði áður tilkynntri STS-tilkynningu.	Á ekki við
STSSY7	Á ekki við	Einkvæmt auðkenni	Einkvæmt auðkenni sem gagnaskilaaðilinn úthlutar í samræmi við 1. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224	Á ekki við
STSSY8	Á ekki við	Verðbréfunarskrá	Ef við á, heiti skráðrar verðbréfunarskrár.	Á ekki við
STSSY9	Önnur undirgrein 18. gr. og 3. mgr. 27. gr.	Staðfestuland	Staðfestuland upphafsaðila, umsjónaraðila, upphaflegs eða upphaflegra lánveitanda og sérstaks eða sérstakra verðbréfunaraðila.	Á ekki við

STSSY10	Á ekki við	Flokkun tilbúinnar verðbréfunar	Tegund tilbúinnar verðbréfunar: — tilbúin verðbréfun með fjármagnaða útlánavörn, — tilbúin verðbréfun með ófjármagnaða útlánavörn.	Á ekki við
STSSY11	Á ekki við	Tilbúin verðbréfun með ófjármagnaða útlánavörn	Nafn seljanda varnar (opinber eða yfirþjóðleg stofnun sem hefur 0% áhættuvog)	Á ekki við
STSSY12	Á ekki við	Samningur um útlánavörn sem er notaður	Tegund samnings um útlánavörn sem er notaður: — Lánaafleiður, — Fjárhagslegar ábyrgðir	Á ekki við
STSSY13	Á ekki við	Flokkun undirliggjandi áhættuskuld-bindinga	Tegund undirliggjandi áhættuskuldbindinga, þ.m.t.: 1) Áhættuskuldbindingar vegna viðskiptafjár-mögnunar 2) Lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja 3) Neytendalán 4) Lán til stórra fyrirtækja 5) Blanda af lánum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stórra fyrirtækja 6) Áhættuskuldbinding vegna viðskipta-húsnæðis 7) Annað.	Á ekki við
STSSY14	Á ekki við	Útgáfudagur	Lokadagsetning viðskiptanna og, ef við á, dagsetningin þegar samkomulag um útlánavörn tekur gildi.	Á ekki við
STSSY15	Önnur undirgrein 2. mgr. 27. gr.	Þriðji aðili með starfsleyfi sem sannprófunaraðili – yfirlýsing	Ef viðurkenndur þriðji aðili hefur veitt STS-sannprófunarþjónustu í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, yfirlýsing um að þriðji aðili með starfsleyfi hafi staðfest að farið sé að STS-viðmiðunum.	Á ekki við
STSSY16	Önnur undirgrein 2. mgr. 27. gr.	Þriðji aðili með starfsleyfi sem sannprófunaraðili – staðfestuland	Ef viðurkenndur þriðji aðili hefur veitt STS-sannprófunarþjónustu í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, nafn og staðfestuland þriðja aðilans.	Á ekki við
STSSY17	Önnur undirgrein 2. mgr. 27. gr.	Þriðji aðili með starfsleyfi sem sannprófunaraðili – lögbært yfirvald	Ef viðurkenndur þriðji aðili hefur veitt STS-sannprófunarþjónustu í samræmi við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, heiti lögbærs yfirvalds sem veitti honum starfsleyfi.	Á ekki við

STSSY18	5. mgr. 27. gr.	STS-staða	Ef við á, rökstudd tilkynning upphafsaðila um að tilbúna verðbréfunin skuli ekki lengur teljast vera einföld, gagnsæ og stöðluð (STS).	Á ekki við

Sérstakar upplýsingar

Reitakóði	Ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/2402	Heiti gagnareits	Staðfesting	Gagnorð skýring	Ítarleg skýring	Innihald sem skal koma fram	Viðbótarupplýsingar
STSSY19	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 26. gr. b	Upphafsaðili er aðili undir eftirliti í Sambandinu	√			Staðfesting þess að upphafsaðili sé aðili sem er viðurkenndur eða með starfsleyfi í Sambandinu.	Á ekki við
STSSY20	Önnur undirgrein 1. mgr. 26. gr. b	Upphafsaðili beitir stefnu um áhættuskuldbindingar keyptar af þriðja aðila		√		Gagnorð skýring á því að stefnur varðandi útlán, innheimtu, skuldaaðlögun og umsýslu sem upphafsaðili beitir gagnvart áhættuskuldbindingum þriðja aðila sem upphafsaðili hefur keypt fyrir eigin reikning og síðan verðbréfað og sem mega ekki vera vægari en þær sem upphafsaðili beitir gagnvart sambærilegum áhættuskuldbindingum sem ekki hafa verið keyptar.	Á ekki við
STSSY21	2. mgr. 26. gr. b	Stofnun undirliggjandi áhættuskuldbindinga		√		Gagnorð skýring á því að undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru upprunnar sem hluti af kjarnastarfsemi upphafsaðila.	Á ekki við
STSSY22	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 26. gr. b	Eignir á efnahagsreikningi upphafsaðila við lok viðskipta	√			Staðfesting þess að við lok viðskipta sé undirliggjandi áhættuskuldbindingum haldið í efnahagsreikningi upphafsaðila eða aðila sem tilheyrir sömu samstæðu og upphafsaðili.	Á ekki við
STSSY23	Önnur undirgrein 3. mgr. 26. gr. b	Samstæðuflokkur	√			Að því er varðar reit STSSY22, staðfesting á hvor eftirfarandi tveggja samstæðna eigi við:	Á ekki við

						a) samstæða lögaðila sem fellur undir varfærniskröfur vegna samstæðu í samræmi við 2. kafla II. bálks fyrsta hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, b) samstæða eins og skilgreind er í c-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB (1)	
STSSY24	4. mgr. 26. gr. b	Engin frekari áhættuvörn gegn áhættu upphafsaðila	√			Staðfesting þess efnis að upphafsaðili verji ekki áhættuskuldbindingu sína vegna greiðslufallsáhættu undirliggjandi áhættuskuldbindinga verðbréfunar umfram þá vörn sem fæst með samningi um útlánavörn.	Á ekki við
STSSY25	5. mgr. 26. gr. b	Samningur um útlánavörn sem uppfyllir 249. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013	√			Staðfesting þess að samningur um útlánavörn sé í samræmi við reglurnar um mildun greiðslufallsáhættu sem mælt er fyrir um í 249. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.	Á ekki við
STSSY26	5. mgr. 26. gr. b	Samningur um útlánavörn sem uppfyllir aðrar reglur um mildun greiðslufallsáhættu		√		Ef 249. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 á ekki við skal gefa nákvæma útskýringu á því að tryggt sé að farið sé að kröfum sem eru ekki vægari en kröfurnar sem settar eru fram í þeirri grein.	Á ekki við
STSSY27	a-liður 6. mgr. 26. gr. b	Yfirlýsingar og ábyrgðir – Löglegt eignarhald á undirliggjandi áhættuskuldbindingum		√		Gagnorð skýring á yfirlýsingum og ábyrgðum upphafsaðila þess efnis að upphafsaðili eða aðili innan samstæðunnar sem hann tilheyrir, hafi fullt lagalegt og gilt eignarhald yfir undirliggjandi áhættuskuldbindingum og tilheyrandi viðbótarréttindum.	Á ekki við

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

STSSY28	b-liður 6. mgr. 26. gr. b	Yfirlýsingar og ábyrgðir — Upphafsaðili heldur greiðslufallsáhættu undirliggjandi eigna		√		Gagnorð skýring á yfirlýsingum og ábyrgðum upphafsaðila sem, ef upphafsaðili er lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða vátryggingafélag eins og það er skilgreint í 1. lið 13. gr. tilskipunar 2009/138/EB, heldur upphafsaðili eða aðili sem fellur undir eftirlit á samstæðugrunni greiðslufallsáhættu undirliggjandi áhættuskuldbindinga á efnahagsreikningi sínum.	Á ekki við
STSSY29	c-liður 6. mgr. 26. gr. b	Yfirlýsingar og ábyrgðir — Hlíting áhættuskuldbindinga við hæfisviðmið		√		Gagnorð skýring á yfirlýsingum og ábyrgðum upphafsaðila um að hver undirliggjandi áhættuskuldbinding uppfylli, daginn sem hún er tekin inn í verðbréfaða eignasafnið, hæfisviðmiðin og öll skilyrði, önnur en að upp komi lánaatburður eins og um getur í 1. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402, fyrir greiðslu útlánavarnar í samræmi við innihald útlánavarnarsamningsins í verðbréfunarskjölunum,	Liður 2.2.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY30	d-liður 6. mgr. 26. gr. b	Yfirlýsingar og ábyrgðir – lagaleg og framfylgjanleg skuldbinding við skuldara		√		Gagnorð skýring á yfirlýsingum og ábyrgðum upphafsaðila um að, samkvæmt bestu vitund upphafsaðila, feli samningur um sérhverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu lagalega, gilda, bindandi og framfylgjanlega skuldbindingu við skuldara um að greiða þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í þeim samningi.	Liður 2.2.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

STSSY31	e-liður 6. mgr. 26. gr. b	Yfirlýsingar og ábyrgðir — Útlánaviðmið		√		Gagnorð skýring á yfirlýsingum og ábyrgðum upphafsaðila um að undirliggjandi áhættuskuldbindingar uppfylli útlánaviðmið sem eru ekki vægari en stöðluð útlánaviðmið sem upphafsaðili beitir á svipaðar áhættuskuldbindingar sem eru ekki verðbréfaðar.	Liður 2.2.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY32	f-liður 6. mgr. 26. gr. b	Yfirlýsingar og ábyrgðir – Engir skuldarar með veruleg brot eða vanskil		√		Gagnorð skýring á yfirlýsingum og ábyrgðum upphafsaðila um að, eftir bestu vitund upphafsaðilans hafi engir af lánþegunum brotið verulega gegn eða vanefnt skyldur sínar að því er varðar undirliggjandi áhættuskuldbindingu á deginum sem sú undirliggjandi áhættuskuldbinding er tekin inn í safn verðbréfaða áhættuskuldbindinga.	Liður 2.2.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY33	g-liður 6. mgr. 26. gr. b	Yfirlýsingar og ábyrgðir – Engar rangar upplýsingar í viðskiptaskjölum		√		Gagnorð skýring á yfirlýsingum og ábyrgðum upphafsaðila um að, samkvæmt bestu vitund upphafsaðila, viðskiptaskjölin feli ekki í sér neinar rangar upplýsingar um ítarupplýsingar undirliggjandi áhættuskuldbindinga.	Liður 2.2.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY34	h-liður 6. mgr. 26. gr. b	Yfirlýsing og ábyrgðir – Fullnustuhæfi eða innheimtanleiki undirliggjandi áhættuskuldbindinga		√		Gagnorð skýring á yfirlýsingum og ábyrgðum upphafsaðila um að við lok viðskipta eða þegar undirliggjandi áhættuskuldbinding er í verðbréfuðu eignasafni hafi samningi milli skuldara og upphaflegs lánveitanda í tengslum við undirliggjandi áhættuskuldbindingu ekki verið breytt á þann hátt að fullnustuhæfi eða innheimtanleiki undirliggjandi áhættuskuldbindingar hafi orðið fyrir áhrifum.	Liður 2.2.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

STSSY35	Fyrsta undirgrein 7. mgr. 26. gr. b	Hæfisviðmið sem veita ekki færi á virkri stýringu eignasafns á undirliggjandi áhættuskuldbindingum á grundvelli umboðs til ákvarðanatöku		√		Gagnorð skýring á að undirliggjandi áhættuskuld-bindingar uppfylli fyrirframákvörðuð, skýr og skjalfest hæfisviðmið sem ekki heimila virka eignasafnsstýringu þessara áhættuskuldbindinga á grundvelli umboðs til ákvarðanatöku.	2. þáttur í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY36	Önnur undirgrein 7. mgr. 26. gr. b	Undanþága frá banni við virkri stýringu eignasafns		√		Að því er varðar reit STSSY35, gagnorð skýring á því að staðganga áhættuskuldbindinga sem brjóta í bága við yfirlýsingu eða ábyrgðir eða, þegar verðbréfunin felur í sér endurnýjunartímabil, viðbót áhættuskuldbindinga sem uppfylla skilgreind skilyrði fyrir endurnýjun, skuli ekki teljast virk stýring eignasafns.	2. þáttur í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY37	Þriðja undirgrein 7. mgr. 26. gr. b	Áhættuskuldbindingu bætt við eftir lokadag viðskipta sem uppfylla hæfisviðmið		√		Gagnorð skýring á því að hver sú áhættuskuldbinding sem bætt er við eftir lokadagsetningu viðskipta uppfylli hæfisviðmið sem eru ekki vægari en þær sem beitt er við upphaflegt val á undirliggjandi áhættuskuldbindingum.	2. þáttur í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB 2019/980
STSSY38	a-liður fjórðu undirgreinar 7. mgr. 26. gr. b	Áhættuskuldbinding sem er endurgreidd að fullu		√		Ef fjarlægja á undirliggjandi áhættuskuldbindingar úr viðskiptum skal gefa nákvæma skýringu á því hvort þær hafi verið endurgreiddar að fullu eða gjaldfallið með öðrum hætti.	2. þáttur í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY39	b-liður fjórðu undirgreinar 7. mgr. 26. gr. b	Undirliggjandi áhættuskuld-bindingar sem hefur verið ráðstafað		√		Ef fjarlægja þarf undirliggjandi áhættuskuldbindingu úr viðskiptum, gagnorð skýring á því að henni hafi verið ráðstafað í venjulegum viðskiptum upphafsaðila, að því tilskildu að slík ráðstöfun feli ekki í sér óbeinan stuðning eins og um getur í 250. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.	2. þáttur í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

STSSY40	c-liður fjórðu undirgreinar 7. mgr. 26. gr. b	Breyting sem byggist ekki á lánum		√		Ef fjarlægja á undirliggjandi áhættuskuldbindingu úr viðskiptum, gagnorð skýring á að hún falli undir breytingu sem tengist ekki lánastarfsemi, s.s. endurfjármögnun eða endurskipulagningu skulda, og sem á sér stað við almennt umsýsluferli þeirrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar.	2. þáttur í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY41	d-liður fjórðu undirgreinar 7. mgr. 26. gr. b	Hæfisviðmið ekki uppfyllt		√		Ef fjarlægja á undirliggjandi áhættuskuldbindingu úr viðskiptum, gagnorð skýring á því að hún hafi ekki uppfyllt hæfisviðmið á þeim tíma sem hún varð hluti af viðskiptunum.	2. þáttur í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY42	Fyrsta undirgrein 8. mgr. 26. gr. b	Einsleitni eigna			√	Ítarleg skýring á því hvernig verðbréfun er tryggð með safni undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem eru einsleitar að því er varðar tegund eignar. Í því skyni skal vísa í framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1851 ([2]).	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY43	Fyrsta undirgrein 8. mgr. 26. gr. b	Aðeins ein tegund eignar			√	Ítarleg skýring á því að safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga samanstandi aðeins af einni tegund eigna.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY44	Önnur undirgrein 8. mgr. 26. gr. b	Skuldbindingar sem eru bindandi samkvæmt samningi og framfylgjanlegar		√		Gagnorð skýring á því að undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem um getur í reit STSSY42 innihaldi skuldbindingar sem samkvæmt samningum eru bindandi og framfylgjanlegar, með fullum kröfuréttindum á hendur skuldurum og, eftir atvikum, ábyrgðaraðila.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1851 frá 28. maí 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga í verðbréfun (Stjtíð ESB L 285, 6.11.2019, bls. 1).

STSSY45	Þriðja undirgrein 8. mgr. 26. gr. b	Skilgreind reglubundin greiðsla			√	Ítarleg skýring á því að undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem um getur í reit STSSY42 séu með skilgreint reglubundið greiðsluflæði, þar sem afborganir geta verið af breytilegri upphæð, sem tengist greiðslum á leigu, höfuðstól eða vöxtum eða sérhverjum öðrum rétti til að fá tekjur af eignum sem tryggja slíkar greiðslur.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY46	Þriðja undirgrein 8. mgr. 26. gr. b	Ágóði af sölu eigna			√	Ítarleg skýring á því hvort og hvernig undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem um getur í reit STSSY42 geti einnig myndað ágóða af sölu á fjármögnuðum eða leigðum eignum.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY47	Fjórða undirgrein 8. mgr. 26. gr. b	Engin framseljanleg verðbréf			√	Ítarleg skýring á því að undirliggjandi áhættuskuldbindingar feli ekki í sér framseljanleg verðbréf eins og skilgreint er í 44. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (3), önnur en fyrirtækjaskuldabréf sem ekki eru skráð á viðskiptavettvangi.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY48	9. mgr. 26. gr. b	Engin endurverðbréfun	√			Staðfesting þess að undirliggjandi áhættuskuldbindingar feli ekki í sér neinar verðbréfaðar stöður.	Liður 2.2 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY49	Fyrsta undirgrein 10. mgr. 26. gr. b	Útlánareglur birtar mögulegum fjárfestum	√			Staðfesting þess að þær útlánareglur sem undirliggjandi áhættuskuldbindinga eru myndaðar samkvæmt og allar verulegar breytingar frá fyrri útlánareglum séu að fullu birtar hugsanlegum fjárfestum án ástæðulausrar tafar.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

STSSY50	Fyrsta undirgrein 10. mgr. 26. gr. b	Full kröfuréttindi á hendur skuldara	√			Staðfesting þess efnis að undirliggjandi áhættuskuldbindingar séu tryggðar með fullum kröfuréttindum á hendur skuldara sem er ekki sérstakur verðbréfunaraðili.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY51	Fyrsta undirgrein 10. mgr. 26. gr. b	Útlánareglur – Engir þriðju aðilar	√			Staðfesting þess að engir þriðju aðilar komi að ákvörðunum um lán eða lánveitingar að því er varðar undirliggjandi áhættuskuldbindingar.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY52	Önnur undirgrein 10. mgr. 26. gr. b	Útlánareglur — Húsnæðislán	√			Ef um er að ræða verðbréfanir þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru húsnæðislán, staðfesting þess að lánasafnið feli ekki í sér lán sem var markaðssett og veitt á þeirri forsendu að lánsumsækjanda eða, eftir atvikum miðlurunum, hafi verið gert ljóst að lánveitandi hafi hugsanlega ekki staðfest upplýsingarnar sem voru veittar.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY53	Þriðja undirgrein 10. mgr. 26. gr. b	Útlánareglur — Mat á lántaka	√			Staðfesting þess að mat á lánshæfi lántaka uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB ([4]) eða 18. gr. (1.–4. mgr.), 18. gr. (a-liður 5. mgr.) og 18. gr. (6. mgr.) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB ([5]) eða, eftir atvikum, jafngildar kröfur í þriðju löndum.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY54	Fjórða undirgrein 10. mgr. 26. gr. b	Sérfræðiþekking upphafsaðila eða upphaflegs lánveitanda	√			Staðfesting þess að upphafsaðili eða upphaflegur lánveitandi búi yfir sérfræðiþekkingu í stofnun áhættuskuldbindinga sambærilegar þeim sem hafa verið verðbréfaðar.	Liður 2.2.7 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/17/ESB frá 4. febrúar 2014 um lánssamninga fyrir neytendur í tengslum við íbúðarhúsnæði og um breytingu á tilskipun 2008/48/EB og 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 34).“

STSSY55	a-liður 11. mgr. 26. gr. b	Engar áhættuskuld-bindingar í vanskilum		√		Gagnorð skýring á því að undirliggjandi áhættuskuld-bindingar feli ekki í sér, þegar valið fer fram, áhættuskuld-bindingar í vanskilum í skiln-ingi 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða áhættuskuldbindingar gagnvart skuldara eða ábyrgðaraðila með skert lánshæfi sem, samkvæmt bestu vitund upphafsaðila eða upphaflegs lánveitanda, hefur verið lýstur ógjaldfær eða dómstóll veitt lánveitendum hans endanlegan óáfrýjanlegan rétt til framfylgdar eða bóta-greiðslna vegna greiðslufalls innan þriggja ára/minna en þremur árum fyrir stofndag-setningu eða hefur gengist undir skuldaendurskipulagningarferli að því er varðar áhættuskuld-bindingar í vanskilum innan þriggja ára fyrir dagsetningu á vali áhættuskuldbindinga, nema ef i. endurskipulagning undir-liggjandi áhættuskuldbindingar hefur ekki valdið nýjum van-skilum síðan á endurskipulagn-ingardeginum, eða ii. í upplýs-ingunum sem upphafsaðili veitir í samræmi við a-lið og i. lið e-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 sé með skýrum hætti sett fram hlutfall endurskipu-lagðra undirliggjandi áhættu-skuldbindinga, tími og einstök atriði endurskipulagningar og afkoma þeirra frá endurskipu-lagningardegi. Eigi önnur hvor þessara tveggja undantekninga við skal gefa gagnorða skýringu á því.	Liður 2.2.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

STSSY56	b-liður 11. mgr. 26. gr. b	Engin neikvæð lánasaga		√		Gagnorð skýring á því að undirliggjandi áhættuskuldbindingar feli ekki í sér, þegar valið fer fram, áhættuskuldbindingar í vanskilum í skilningi 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða áhættuskuldbindingar gagnvart skuldara eða ábyrgðaraðila með skert lánstraust sem, samkvæmt bestu vitund upphafsaðila eða upphaflegs lánveitanda, voru við stofnun undirliggjandi áhættuskuldbindingar, eftir atvikum, á opinberri vanskilaskrá yfir einstaklinga með neikvæða lánasögu eða, ef engin slík opinber vanskilaskrá er til, á annarri vanskilaskrá sem er aðgengileg upphafsaðilanum eða upphaflega lánveitandanum,	Á ekki við
STSSY57	c-liður 11. mgr. 26. gr. b	Hætta á vanskilum er ekki meiri en fyrir áhættuskuldbindingar sem ekki eru verðbréfaðar		√		Gagnorð skýring á því að undirliggjandi áhættuskuldbindingar feli ekki í sér, þegar valið fer fram, áhættuskuldbindingar í vanskilum í skilningi 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 eða áhættuskuldbindingar gagnvart skuldara eða ábyrgðaraðila með skert lánstraust sem samkvæmt bestu vitund upphafsaðila eða upphaflegs lánveitanda hefur lánshæfismat eða lánshæfiseinkunn sem gefur til kynna að hættan á því að samningsbundnar greiðslur verði ekki inntar af hendi sé umtalsvert meiri en fyrir sambærilegar áhættuskuldbindingar sem upphafsaðilinn er með og ekki eru verðbréfaðar.	Á ekki við
STSSY58	12. mgr. 26. gr. b	A.m.k. ein greiðsla innt af hendi á þeim tíma þegar undirliggjandi eignir eru teknar með	√			Staðfesting þess að skuldarar hafi, á þeim tíma þegar undirliggjandi áhættuskuldbindingar voru teknar með, greitt a.m.k. eina greiðslu, nema þegar: a) verðbréfun er hlaupandi verðbréfun, tryggð með áhættuskuldbindingum sem greiðast með einni afborgun eða hefur styttri líftíma en eitt ár, þ.m.t. en takmarkast ekki við mánaðarlegar greiðslur af veltilánum, eða	Liðir 3.3 og 3.4.6 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

						b) áhættuskuldbindingin stendur fyrir endur-fjármögnun áhættuskuld-bindingar sem er þegar hluti af viðskiptunum. Eigi önnur hvor þessara tveggja undantekninga við skal gefa gagnorða skýringu á því.	
STSSY59	1. mgr. 26. gr. c	Hlítni við kröfur um eftirhald áhættu			√	Ítarleg skýring á því hvernig upphafsaðili eða upphaflegur lánveitandi uppfyllir kröfur um eftirhald áhættu í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.	Liður 3.1 í 9. viðauka og liður 3.4.3 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY60	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 26. gr. c	Mildun vaxtaáhættu og gjaldmið-ilsáhættu	√			Staðfesting þess að: a) vaxta- og gjaldmiðilsáhættu sem stafar af verðbréfun og hugsanlegum áhrifum þeirra á greiðslur til upphafsaðila og fjárfesta sé lýst í viðskiptaskjölunum, b) dregið sé úr þessari áhættu með viðeigandi hætti og fjárfestar upplýstir um hvers kyns ráðstafanir sem gripið er til í því skyni.	Liðir 3.4.2 og 3.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY61	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 26. gr. c	Veðtrygging útlánavarnar og greiðslur útlánavarnar tilgreindar í sama gjaldmiðli	√			Staðfesting þess allar veðtrygg-ingar sem eru til tryggingar skuldbindingum fjárfestisins samkvæmt samningnum um útlánavörn séu gefin upp í sama gjaldmiðli og greiðslan fyrir útlánavörnina er gefin upp í.	Liðir 3.4.2 og 3.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

STSSY62	Önnur undirgrein 2. mgr. 26. gr. c	Skuldir sérstaks verðbréfunaraðila jafnar eða lægri en tekjur sérstaks verðbréfunaraðila		√		Gagnorð skýring á því að, ef um er að ræða verðbréfun með notkun sérstaks verðbréfunaraðila, sé fjárhæð skulda sérstaka verðbréfunaraðilans er varða vaxtagreiðslur til fjárfestana, á hverjum greiðsludegi, jöfn eða lægri fjárhæð tekna sérstaka verðbréfunaraðilans frá upphafsaðilanum og sérhverju veðtryggingarfyrirkomulagi.	Liðir 3.4.2 og 3.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY63	Þriðja undirgrein 2. mgr. 26. gr. c	Engar afleiður notaðar nema til áhættuvarnar fyrir vaxta- eða gjaldmiðilsáhættu	√			Staðfesting þess að safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga feli ekki í sér afleiður nema til áhættuvarnar á vaxta- eða gjaldmiðilsáhættu undirliggjandi áhættuskuldbindinga.	Liðir 3.4.2 og 3.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY64	Þriðja undirgrein 2. mgr. 26. gr. c	Notkun afleiðna sem byggjast á sameiginlegum stöðlum		√		Gagnorð skýring á því að ef undantekningin sem um getur í reit númer STSSY63 á við, eru allar notaðar afleiður gerðar og skjalfestar samkvæmt almennt viðurkenndum útlánareglum.	Liðir 3.4.2 og 3.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY65	Fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 26. gr. c	Viðmiðstengdar vaxtagreiðslur á grundvelli almennt notaðra vaxta án flókinna reiknireglna eða afleiðna		√		Gagnorð skýring á, ef um er að ræða viðmiðstengdar vaxtagreiðslur í tengslum við viðskiptin, á hverju af eftirfarandi viðmiðstengdu vaxtagreiðslurnar byggjast: a) markaðsvöxtum sem eru almennt notaðir eða vöxtum sem eru almennt notaðir í atvinnugreinum og endurspegla fjármagnskostnað og miðast ekki við flóknar reiknireglur eða afleiður, eða b) tekjum af þeirri veðtryggingu sem er til tryggingar skuldbindingum fjárfestisins samkvæmt samningnum um útlánavörn.	Liðir 2.2.2 og 2.2.13 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

						Gagnorð skýring á því að allar viðmiðstengdar vaxtagreiðslur samkvæmt undirliggjandi áhættuskuldbindingum byggist á markaðsvöxtum sem almennt eru notaðir eða vöxtum sem eru almennt notaðir í atvinnugreinum og endurspegla fjármagnskostnaðinn og miðist ekki við flóknar reiknireglur eða afleiður.	
STSSY66	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 26. gr. c	Fullnustuatburður án þess að hafa áhrif á fullnustuaðgerð fjárfestis		√		Gagnorð útskýring á því að fjárfestir hafi heimild til að grípa til fullnustuaðgerðar í kjölfar fullnustuatburðar að því er varðar upphafsaðilann.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY67	Önnur undirgrein 4. mgr. 26. gr. c	Fullnusta samnings um útlánavörn - Engri fjárhæð skal haldið eftir hjá sérstökum verðbréfunaraðila		√		Ef um er að ræða verðbréfun með notkun sérstaks verðbréfunaraðila og ef fullnustu- eða uppsagnartilkynning um útlánavarnarsamninginn hefur verið afhent, gagnorð útskýring á að sérstaki verðbréfunaraðilinn haldi ekki eftir neinni fjárhæð umfram þá sem nauðsynleg er til að tryggja rekstur sérstaka verðbréfunaraðilans, greiðslur af vörninni fyrir vanefndar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem ennþá eru í úrvinnslu þegar uppsögnin á sér stað eða skipulagðar endurgreiðslur til fjárfesta í samræmi við samningsskilmála verðbréfunarinnar.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY68	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 26. gr. c	Tap sem úthlutað er eftir rétthæð		√		Gagnorð skýring á því að tapi sé úthlutað á eigendur verðbréfaðrar stöðu eftir rétthæð áhættulaganna og byrja á lægst setta áhættulaginu.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY69	Önnur undirgrein 5. mgr. 26. gr. c	Greiðslur samkvæmt röð áhættulaga		√		Gagnorð skýring á því að til að ákvarða útistandandi fjárhæð áhættulaganna á hverjum greiðsludegi sé beitt greiðslum samkvæmt röð í öllum áhættulögum og byrja á hæst setta áhættulaginu.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

STSSY70	Þriðja undirgrein 5. mgr. 26. gr. c	Greiðslur ekki samkvæmt sérstakri forgangsröðun		√		Þrátt fyrir reit STSSY69, gagnorð skýring á því að viðskiptum þar sem greiðslur fara ekki fram samkvæmt sérstakri forgangsröðun sé þannig háttað að tilteknir atburðir sem tengjast afkomu hinna undirliggjandi áhættuskuldbindinga virki forgangsröðun greiðslna þannig að hún verði samkvæmt rétthæð.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY71	a-liður þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c	Afkomutengdir virkjandi atburðir			√	Ítarleg skýring á skyldubundnum afkomutengdum virkjandi atburðum sem um getur í reit STSSY70, annað hvort aukning uppsafnaðra fjárhæða vegna vanefndra áhættuskuldbindinga eða aukning uppsafnaðs taps sem er hærri en tiltekin prósenta af útistandandi fjárhæð undirliggjandi eignasafns.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY72	b-liður þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c	Afkomutengdir virkjandi atburðir			√	Ítarleg skýring á afkomutengda virkjandi atburðinum til viðbótar sem byggist á fyrri tímabilum og um getur í reit STSSY70.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY73	c-liður þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c	Afkomutengdir virkjandi atburðir			√	Nákvæm skýring á afkomutengda virkjandi atburðinum sem byggist á framtíðaráætlun og um getur í reit STSSY70.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY74	Sjöunda undirgrein 5. mgr. 26. gr. c	Fjárhæð veðtryggingar sem er jöfn afborgun viðkomandi áhættulaga		√		Gagnorð skýring á því að eftir því sem afborganir áhættulaga eigi sér stað sé fjárhæð veðtryggingarinnar sem er jöfn afborgun þessara áhættulaga skilað til fjárfestanna, að því tilskildu að fjárfestarnir hafi veðtryggt þessi áhættulög.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

STSSY75	Áttunda undirgrein 5. mgr. 26. gr. c	Lánaatburður átti sér stað og fjárhæð útlána-varnar tiltæk á hverjum greiðsludegi		√		Gagnorð skýring á því að ef lánaatburður, eins og um getur í reitum STSSY100 eða STSSY101, hefur átt sér stað í tengslum við undirliggjandi áhættuskuldbindingar og skuldaaðlöguninni fyrir þessar áhættuskuldbindingar er ekki lokið, er eftirstandandi fjárhæð útlánavarnar á hverjum greiðsludegi a.m.k. jafnhá útistandandi nafnverði þessara undirliggjandi áhættuskuld-bindinga að frádreginni fjárhæð bráðabirgðagreiðslna í tengslum við þessar undirliggjandi áhættuskuldbindingar.	Liður 3.4.5 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY76	a-liður 6. mgr. 26. gr. c	Ákvæði eða atburðir sem virkja hröðun greiðslna - Lánshæfi		√		Ef verðbréfun er hlaupandi verðbréfun, gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölum séu viðeigandi ákvæði um hröðun greiðslna eða atburði sem virkja lok veltitímabils ef um er að ræða rýrnun á lánshæfi undir-liggjandi áhættuskuldbindinga að eða niður fyrir fyrir-framákveðin viðmiðunarmörk.	Liðir 2.3 og 2.4 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY77	b-liður 6. mgr. 26. gr. c	Ákvæði eða atburðir sem virkja hröðun greiðslna – Tap		√		Ef verðbréfun er hlaupandi verðbréfun, gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölum séu viðeigandi ákvæði um hröðun greiðslna eða atburði sem virkja lok veltitímabils ef aukning verður á tapi fram yfir fyrir-framákveðin viðmiðunarmörk,	Liðir 2.3 og 2.4 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY78	c-liður 6. mgr. 26. gr. c	Ákvæði eða atburðir sem virkja hröðun greiðslna - Nýjar áhættuskuldbind ingar		√		Ef verðbréfun er hlaupandi verðbréfun, gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölum séu viðeigandi ákvæði um hröðun greiðslna eða atburði sem virkja lok veltitímabils ef ekki tekst að skapa nægar nýjar, undirliggj-andi áhættuskuldbindingar sem uppfylla fyrirframákveðnar lánshæfiskröfur á tilteknu tímabili.	Liðir 2.3 og 2.4 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

STSSY79	a-liður 7. mgr. 26. gr. c	Samningsskuldbindingar, skyldur og ábyrgð – Umsýslustofnun		√		Gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölunum komi skýrt fram samningsskuldbindingar, skyldur og ábyrgð umsýslustofnunar.	Liður 3.2 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY80	a-liður 7. mgr. 26. gr. c	Samningsskuldbindingar, skyldur og ábyrgð – Fjárvörsluaðili		√		Gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölunum komi skýrt fram samningsskuldbindingar, skyldur og ábyrgð fjárvörsluaðila og annarra veitenda viðbótarþjónustu, eftir því sem við á.	Liður 3.2 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY81	a-liður 7. mgr. 26. gr. c	Samningsskuldbindingar, skyldur og ábyrgð – Þriðji aðili sem sannprófar		√		Gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölunum komi skýrt fram samningsskuldbindingar, verkefni og ábyrgð þriðja aðila sem sannprófar og um getur í reit STSSY126.	Liður 3.2 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY82	b-liður 7. mgr. 26. gr. c	Útskipti á þjónustuveitendum ef til vanskila eða ógjaldfærni kemur		√		Gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölunum komi skýrt fram ákvæði sem tryggja að skipt sé um umsýslustofnun, fjárvörsluaðila, aðra veitendur viðbótarþjónustu eða þriðja aðila sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 ef um er að ræða vanskil eða ógjaldfærni einhvers þessara þjónustuveitenda, ef þeir eru aðrir en upphafsaðili, þannig að það leiði ekki til þess að hætt verði að veita þjónustuna.	Liður 3.2 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY83	c-liður 7. mgr. 26. gr. c	Verkferlar umsýslu		√		Gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölunum komi skýrt fram verkferlar umsýslu við hinar undirliggjandi áhættuskuldbindingar á lokadagsetningu viðskiptanna og þar á eftir og aðstæðurnar þegar breyta má þessum verkferlum,	Liður 3.4.6 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980

STSSY84	d-liður 7. mgr. 26. gr. c	Umsýslustaðlar		√		Gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölunum komi skýrt fram hvaða umsýslustöðlum umsýslustofnun beri að hlíta við umsýslu undirliggjandi áhættu-skuldbindinga allan líftíma verðbréfunarinnar.	Liður 3.4.6 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY85	Fyrsta undirgrein 8. mgr. 26. gr. c	Nauðsynleg sérfræðiþekking umsýslustofn-unar		√		Gagnorð skýring á því að umsýslustofnunin hafi sérfræði-þekkingu í að þjónusta áhættu-skuldbindingar sem eru svipaðs eðlis og þær sem eru verð-bréfaðar.	Liður 3.4.6 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY86	Fyrsta undirgrein 8. mgr. 26. gr. c	Ítarlega skjalfestar og viðeigandi stefnur, verkferlar og áhættustýring fyrir hendi	√			Staðfesting þess að umsýslu-stofnun hafi ítarlega skjalfestar og viðeigandi stefnur, verkferla og áhættustýringu við umsýslu áhættuskuldbindinganna.	Liður 3.4.6 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY87	Önnur undir-grein 8. mgr. 26. gr. c	Verkferlar umsýslu a.m.k. jafn strangir og þeir sem er beitt á svipaðar áhættu-skuldbindingar sem ekki eru verðbréfaðar	√			Gagnorð skýring á því að umsýslustofnun beiti verk-ferlum umsýslu á undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem eru a.m.k. jafn strangir og þeir sem upphafsaðili beitir á svipaðar áhættuskuldbindingar sem ekki eru verðbréfaðar.	Liður 3.4.6 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY88	9. mgr. 26. gr. c	Tilvísanaskrá			√	Ítarleg skýring á því hvernig upphafsaðili heldur uppfærða viðmiðanaskrá til að geta auðkennt hinar undirliggjandi áhættuskuldbindingar hvenær sem er.	Á ekki við
STSSY89	9. mgr. 26. gr. c	Tilvísanaskrá – Efni		√		Gagnorð skýring á því að tilvísanaskráin sem um getur í gagnareit STSSY88 tilgreini viðmiðunarlánþegana, viðmiðunarskuldbindingarnar sem hinar undirliggjandi áhættuskuldbindingar myndast af og, fyrir hverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu, nafn-verðið sem er varið og sem er útistandandi.	Á ekki við

STSSY90	10. mgr. 26. gr. c	Tímanleg úrlausn ágreinings milli mismunandi flokka fjárfesta	√			Staðfesting þess að við-skiptaskjölin feli í sér skýr ákvæði sem auðvelda tímanlega úrlausn ágreinings milli mismunandi flokka fjárfesta.	Liðir 3.4.7 og 3.4.8 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY91	10. mgr. 26. gr. c	Sérstakur verð-bréfunaraðili – Atkvæðisréttur skýrt skil-greindur	√			Staðfesting þess að ef um er að ræða verðbréfun með notkun sérstaks verðbréfunaraðila sé atkvæðisréttur skilgreindur með skýrum hætti og honum úthlutað til skuldabréfaeigenda og ábyrgðir fjárvörsluaðila og annarra aðila sem gegna fjárvörsluskyldum gagnvart fjárfestum tilgreindar með skýrum hætti.	Á ekki við
STSSY92	1. mgr. 26. gr. d	Gögn um fyrri afkomu í tengslum við vanskil og tap	√			Staðfesting þess efnis að gögn um sístæða (e. *static*) og kvika (e. *dynamic*) fyrri afkomu í tengslum við vanskil og tap (sem ná yfir a.m.k. fimm ár) s.s. gögn um vanskil og greiðslufall fyrir áhættuskuldbindingar sem eru í meginatriðum svipaðar þeim sem verið er að verðbréfa, og um uppruna þessara gagna og ástæður staðhæfingarinnar um að þær séu svipaðar.	Liður 2.2.2 í 19. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/980
STSSY93	2. mgr. 26. gr. d	Úrtak undir-liggjandi áhættu-skuldbindinga sem gangast undir ytri sann-prófun	√			Staðfesting þess að úrtak hinna undirliggjandi áhættuskuld-bindinga gangist undir ytri sannprófun viðeigandi og óháðs aðila áður en gengið er frá viðskiptunum, þ.m.t. sann-prófun á að hinar undirliggjandi áhættuskuldbindingar séu hæfar sem útlánavörn samkvæmt samningnum um útlánavörn.	Á ekki við
STSSY94	3. mgr. 26. gr. d	Aðgangur hugsanlegra fjárfesta að líkani af sjóð-streymi vegna skulda	√			Staðfesting þess að áður en verðbréfunin er verðlögð geri upphafsaðilinn hugsanlegum fjárfestum tiltækt sjóðstreym-islíkan skulda sem sýnir nákvæmlega samningssam-bandið milli hinna undirliggj-andi áhættuskuldbindinga og greiðslnanna sem streyma milli upphafsaðilans, fjárfestanna, annarra þriðju aðila og, eftir atvikum, sérstaka verðbréfun-araðilans, og að eftir verðlagn-ingu sé þetta líkan gert tiltækt fjárfestum á viðvarandi grund-velli og mögulegum fjárfestum sé þess óskað.	Á ekki við

STSSY95	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 26. gr. d	Birting umhverfisárangurs undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem samanstanda af íbúðalánum, bílalánum eða -kaupleigusamningum		√		Ef um er að ræða verðbréfun þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru húsnæðislán eða bílalán eða -kaupleiga og undanþágunni í reit STSSY96 er ekki beitt, gagnorð skýring á því að upphafsaðili birti upplýsingar um umhverfisárangur eignanna sem fjármagnaðar eru með lánunum sem hluta af þeim upplýsingum sem birtar eru skv. a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.	Á ekki við
STSSY96	Önnur undirgrein 4. mgr. 26. gr. d	Undanþága frá kröfunni um að birta umhverfisárangur undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem samanstanda af húsnæðislánum, bílalánum eða -kaupleigusamningum		√		Ef upphafsaðili ákveður að veita undanþágu frá kröfunni í reit STSSY95, gagnorð skýring á að upphafsaðili birti tiltækar upplýsingar um helstu neikvæðu áhrifin á sjálfbærniþætti af eignunum sem fjármagnaðar eru með undirliggjandi áhættuskuldbindingum.	Á ekki við
STSSY97	5. mgr. 26. gr. d	Upphafsaðili sem ber ábyrgð á hlítni við ákvæði 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402	√			Staðfesting þess að upphafsaðili beri ábyrgð á hlítni við ákvæði 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.	Á ekki við
STSSY98	5. mgr. 26. gr. d	Upplýsingar um a-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 sem eru aðgengilegar hugsanlegum fjárfestum	√			Staðfesting þess að þær upplýsingar, sem krafist er í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, séu gerðar aðgengilegar hugsanlegum fjárfestum á undan verðlagningu, sé þess óskað.	Á ekki við

STSSY99	5. mgr. 26. gr. d	Upplýsingar um b-, c- og d-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 sem mögulegir fjárfestar hafa aðgang að, a.m.k. sem drög eða á bráðabirgðaformi	√			Staðfesting þess að þær upplýsingar sem krafist er í b-, c- og d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 séu gerðar tiltækar á undan verðlagningu, a.m.k. sem drög eða á bráðabirgðaformi, og síðan séu endanleg skjöl gerð tiltæk fjárfestum eigi síðar en 15 dögum eftir að gengið er frá viðskiptunum.	Á ekki við
STSSY100	a-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 26. gr. e	Lánaatburðir og notkun ábyrgða		√		Ef yfirfærsla áhættu næst með því að nota tryggingar, gagnorð skýring á því að samningurinn um útlánavörn nái a.m.k. yfir þá lánaatburði sem um getur í a-lið 1. mgr. 215. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.	Á ekki við
STSSY101	b-liður fyrstu undir-greinar 1. mgr. 26. gr. e	Lánaatburðir og notkun lána-afleiðna		√		Ef yfirfærsla áhættu næst með því að nota lánaafleiður, gagn-orð skýring á því að lánssamn-ingurinn taki a.m.k. til þeirra lánaatburða sem um getur í a-lið 1. mgr. 216. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.	Á ekki við
STSSY102	Önnur undir-grein 1. mgr. 26. gr. e	Samningur um útlánavörn skjalfestur		√		Gagnorð skýring á því að allir lánaatburðir séu skjalfestir.	Á ekki við
STSSY103	Þriðja undir-grein 1. mgr. 26. gr. e	Ívilnunarráð-stafanir útiloka ekki virkjun rétt-mætra lánaat-burða		√		Gagnorð skýring á því að ívilnunarráðstafanir í skilningi ákvæða 47. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sem beitt er á undirliggjandi áhættuskuld-bindingar, útiloki ekki virkjun réttmætra lánaatburða.	Á ekki við

STSSY104	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Greiðsla útlánavarnar byggist á raunverulegu innleystu tapi og stöðluðum endurheimtustefnum og verklagsreglum		√		Gagnorð skýring á því að í framhaldi af lánaatburði sé útlánavarnargreiðslan reiknuð út frá raunverulegu innleystu tapi sem upphafsaðilinn eða upphaflegi lánveitandinn verður fyrir, eins og fundið er út í samræmi við staðlaðar endurheimtustefnur þeirra og verklagsreglur fyrir viðkomandi tegundir áhættuskuldbindinga og skráð í reikningsskilum þeirra á þeim tíma sem greiðslan er innt af hendi.	Á ekki við
STSSY105	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Útlánavarnagreiðsla greiðist innan tiltekins tíma		√		Gagnorð skýring á því að síðasta útlánavarnargreiðslan sé innt af hendi innan tiltekins tíma eftir skuldaaðlögunina fyrir viðkomandi undirliggjandi áhættuskuldbindingu, ef skuldaaðlöguninni hefur verið lokið fyrir áætlaðan lokagjalddaga eða við snemmbúin slit samningsins um útlánavörn.	Á ekki við
STSSY106	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Bráðabirgðagreiðsla útlánavarnar eigi síðar en sex mánuðum eftir lánaatburð		√		Ef skuldaaðlögun vegna taps fyrir viðkomandi undirliggjandi áhættuskuldbindingu er ekki lokið við lok þess sex mánaða tímabils, sem um getur í annarri málsgrein 2. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402 skal gefa gagnorða skýringu á því að bráðabirgðagreiðsla útlánavarnar skuli gerð eigi síðar en sex mánuðum eftir að lánaatburður á sér stað eins og um getur í reitum STSSY100 og STSSY101.	Á ekki við
STSSY107	a- og b-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 26. gr. e	Bráðabirgðagreiðsla útlánavarnar hærri en gildandi fjárhæð vænts taps		√		Gagnorð skýring á því að bráðabirgðagreiðsla útlánavarnar sé a.m.k. sú hærri af eftirfarandi:	Á ekki við

						a) vænta tapsfjárhæðin sem samsvarar virðisrýrnuninni sem upphafsaðilinn skráir í reikningsskil sín í samræmi við gildandi reiknings-skilaramma á þeim tíma sem bráðabirgðagreiðslan er innt af hendi, út frá þeirri forsendu að útlánavarnar-samningurinn sé ekki til staðar og tryggi ekkert tap eða b) eftir atvikum, vænta taps-fjárhæðin eins og hún er ákvörðuð í samræmi við 3. kafla, II. bálk, þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.	
STSSY108	Þriðja undir-grein 2. mgr. 26. gr. e	Skilmálar bráðabirgða-greiðslu útlána-varnar		√		Ef bráðabirgðagreiðsla útlána-varnar er gerð, gagnorð skýring á því að lokagreiðsla vegna útlánavarnar sem um getur í reit STSSY106 sé innt af hendi til að leiðrétta milliuppgjör vegna taps að hinu raunverulega inn-leysta tapi.	Á ekki við
STSSY109	Fjórða undir-grein 2. mgr. 26. gr. e	Aðferð við útreikning á bráðabirgða- og lokagreiðslum vegna útlánavarnar		√		Gagnorð skýring á því að aðferð við útreikning á bráðabirgða- og lokagreiðslum útlánavarnar sé tilgreind í samningnum um útlánavörn.	Á ekki við
STSSY110	Fimmta undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Greiðsla vegna útlánavarnar í réttu hlutfalli við hlutdeild í úti-standandi nafnvirði		√		Gagnorð skýring á því að greiðslan fyrir útlánavörn sé í hlutfalli við hlutdeild í úti-standandi fjárhæð tilsvarandi undirliggjandi áhættuskuld-bindingar á nafnvirði sem tryggð er með samningnum um útlánavörnina.	Á ekki við

STSSY111	Sjötta undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Fullnustuhæfi útlánavarnargreiðslu		√		Gagnorð skýring á því að réttur upphafsaðila til að fá greiðsluna vegna útlánavarnar sé framfylgjanlegur.	Á ekki við
STSSY112	Sjötta undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Fjárhæð sem fjárfestum ber að greiða samkvæmt samningi um útlánavörn er sett fram í samningnum um útlánavörnina.		√		Gagnorð skýring á því að fjárhæðirnar sem fjárfestar eiga að greiða samkvæmt samningnum um útlánavörnina séu settar fram með skýrum hætti í samningnum um útlánavörnina og séu takmarkaðar.	Á ekki við
STSSY113	Sjötta undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Útreikningur á fjárhæðum í öllum tilvikum		√		Gagnorð skýring á því að hægt sé að reikna út þær fjárhæðir sem fjárfestum ber að greiða samkvæmt samningnum um útlánavörn í öllum aðstæðum.	Á ekki við
STSSY114	Sjötta undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Aðstæður fjárfestagreiðslna samkvæmt samningi um útlánavörn.		√		Gagnorð skýring á því að í samningi um útlánavörn sé kveðið skýrt á um við hvaða aðstæður fjárfestar þurfa að greiða.	Á ekki við
STSSY115	Sjötta undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Mat þriðja aðila sem sannprófar á aðstæðum sem virkja greiðslur fjárfesta		√		Gagnorð skýring á því að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 meti hvort þær aðstæður sem settar eru fram í samningi um útlánavörn og kveða á um að fjárfestar þurfi að inna greiðslur af hendi séu til staðar.	Á ekki við
STSSY116	Sjöunda undirgrein 2. mgr. 26. gr. e	Útlánavarnargreiðsla reiknuð á stigi einstakrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar.		√		Gagnorð skýring á því að greiðslan fyrir útlánavörn sé reiknuð út á stigi einstakrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem lánaatburður hefur átt sér stað fyrir.	Á ekki við

STSSY117	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 26. gr. e	Tilgreining á hámarksfram-lengingartímabili fyrir skuldaað-lögunarferli		√		Gagnorð skýring á því að í samningnum um útlánavörn sé nákvæmlega tilgreint það hámarksframlengingartímabil sem gilda á fyrir skuldaaðlögun hinna undirliggjandi áhættu-skuldbindinga í tengslum við lánaatburð sem orðið hefur, eins og um getur í 1. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402, en þar sem skulda-aðlöguninni hefur ekki verið lokið á áætluðum lokagjalddaga eða við snemmbúin slit samn-ingsins um útlánavörn.	Á ekki við
STSSY118	Fyrsta máls-grein 3. mgr. 26. gr. e	Framlengingar-tímabil styttra en 2 ár		√		Gagnorð skýring á því að framlengingartímabilið sem um getur í reit STSSY117 sé ekki lengra en tvö ár.	Á ekki við
STSSY119	Fyrsta máls-grein 3. mgr. 26. gr. e	Endanleg greiðsla útlána-varnar á grund-velli mats upp-hafsaðila á endanlegu tapi		√		Gagnorð skýring á því að í útlánavarnarsamningnum sé mælt fyrir um að fyrir lok framlengingartímabilsins, sem um getur í reit STSSY117, sé lokagreiðsla fyrir útlánavörn innt af hendi á grundvelli endanlegs mats á tapi upphafs-aðilans, sem upphafsaðilinn hefur skráð í reikningsskil sín á þeim tíma, út frá þeirri forsendu að samningurinn um útlánavörn sé ekki til staðar og tryggi ekkert tap.	Á ekki við
STSSY120	Önnur undir-grein 3. mgr. 26. gr. e	Uppsögn samnings um útlánavörn		√		Ef samningnum um útlánavörn er sagt upp skal gefa gagnorða skýringu á því að skuldaað-lögunin haldi áfram að því er varðar sérhverja útistandandi lánaatburði sem urðu fyrir þá uppsögn, á sama hátt eins og lýst er í fyrstu undirgrein 3. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402.	Á ekki við

STSSY121	Þriðja undirgrein 3. mgr. 26. gr. e	Útlánavarnargjöld miðast við útistandandi nafnverð		√		Gagnorð skýring á því að gjöldin af útlánavörninni sem greiða á samkvæmt samningnum um útlánavörn séu byggð upp þannig að þau ráðist af útistandandi nafnverði efndu verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna á þeim tíma sem greiðslan er innt af hendi og endurspegla áhættu varða áhættulagsins.	Á ekki við
STSSY122	Þriðja undirgrein 3. mgr. 26. gr. e	Samningur um útlánavörn sem mælir ekki fyrir um kerfi sem geta forðast eða dregið úr raunverulegri dreifingu taps á fjárfesta		√		Gagnorð skýring á því að að því er varðar reit STSSY117 sé í samningnum um útlánavörn ekki mælt fyrir um tryggð gjöld, fyrirframgreiðslur gjalda, afsláttarfyrirkomulag eða annað fyrirkomulag sem leitt gæti til þess að komist væri hjá eða dregið úr raunverulegri útdeilingu taps til fjárfestanna eða að hluta af greiddum gjöldum sé skilað til upphafsaðilans eftir lokagjalddaga viðskiptanna.	Á ekki við
STSSY123	Fjórða undirgrein 3. mgr. 26. gr. e	Undanþága vegna fyrirframgreiddra gjalda		√		Þrátt fyrir reiti STSSY121 og STSSY122, þar sem sérstaklega er kveðið á um ábyrgðarkerfið í landslögum aðildarríkis og það nýtur bakábyrgðar einhvers þeirra aðila sem taldir eru upp í a- til d-lið 2. mgr. 214. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skal fylgja gagnorð skýring á því að fyrirframgreiðslur gjalda séu heimilar, að því tilskildu að farið sé að reglum um ríkisaðstoð.	Á ekki við
STSSY124	Fimmta undirgrein 3. mgr. 26. gr. e	Lýsing á gjaldi útlánavarnar í viðskiptaskjali		√		Gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölunum sé lýst hvernig útlánavarnargjaldið og arðmiðar skuldaviðurkenninga, ef einhverjir, eru reiknuð út að því er varðar hvern greiðsludag yfir allan líftíma verðbréfunarinnar.	Á ekki við

STSSY125	Sjötta undirgrein 3. mgr. 26. gr. e	Framfylgjanleiki réttar fjárfesta		√		Gagnorð skýring á því að réttur fjárfesta til að taka við útlánavarnargjaldi sé framfylgjanlegur.	Á ekki við
STSSY126	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 26. gr. e	Tilnefning þriðja aðila sem sannprófar fyrir lokadagsetningu viðskipta	√			Staðfesting þess að upphafsaðili tilnefni þriðji aðila til að sannprófa áður en lokadagsetning viðskipta rennur upp.	Á ekki við
STSSY127	a-liður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 26. gr. e	Sannreyning þriðja aðila sem sannprófar – Tilkynning um lánaatburð sem tilgreindur er í skilmálum samnings um útlánavörn	√			Staðfesting þess að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126, sannprófi, fyrir sérhverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem tilkynning um lánaatburð er gefin út fyrir, að um sé að ræða lánaatburð eins og tilgreindur er í skilmálum samnings um útlánavörn.	Á ekki við
STSSY128	b-liður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 26. gr. e	Sannreyning þriðja aðila sem sannprófar – Undirliggjandi áhættuskuldbinding er í viðmiðunareignasafninu	√			Fyrir sérhverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem tilkynning um lánaatburð er gefin út fyrir, staðfesting þess að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 sannreyni að undirliggjandi áhættuskuldbinding hafi verið tekin inn í viðmiðunareignasafnið þegar viðkomandi lánaatburður átti sér stað.	Á ekki við
STSSY129	c-liður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 26. gr. e	Sannreyning þriðja aðila sem sannprófar – Hæfisviðmið uppfyllt þegar bætt í viðmiðunareignasafnið	√			Fyrir sérhverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem tilkynning um lánaatburð er gefin út fyrir, staðfesting þess að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 sannreyni að undirliggjandi áhættuskuldbinding uppfylli hæfisviðmiðin á þeim tíma þegar hún er færð í viðmiðunareignasafnið.	Á ekki við

STSSY130	d-liður fyrstu undir-greinar 4. mgr. 26. gr. e	Sannreyning þriðja aðila sem sannprófar – Skilyrði fyrir endurnýjun uppfyllt	√			Fyrir sérhverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem til-kynning um lánaatburð er gefin út fyrir, staðfesting þess að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 sannreyni að ef undirliggjandi áhættuskuldbindingu hefur verið bætt við verðbréfun í kjölfar endurnýjunar hafi slík endurnýjun uppfyllt skilyrði um endurnýjun.	Á ekki við
STSSY131	e-liður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 26. gr. e	Sannreyning þriðja aðila sem sannprófar – Tap í samræmi við rekstrarreikning upphafsaðila	√			Fyrir sérhverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem til-kynning um lánaatburð er gefin út fyrir, staðfesting þess að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 sannreyni að fjárhæð endanlegs taps samræmist því tapi sem upphafsaðili skráði í rekstrarreikninginn.	Á ekki við
STSSY132	f-liður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 26. gr. e	Sannreyning þriðja aðila sem sannprófar – Tapi rétt úthlutað til fjárfesta	√			Fyrir sérhverja undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem til-kynning um lánaatburð er gefin út fyrir, staðfesting þess að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 sannreyni að á þeim tíma sem lokagreiðsla útlánavarnar fer fram hafi tapi í tengslum við undirliggjandi áhættuskuld-bindingar verið úthlutað rétt til fjárfesta.	Á ekki við
STSSY133	Önnur undir-grein 4. mgr. 26. gr. e	Þriðji aðili sem sannprófar, óháður upphafs-aðilum, fjár-festum og (eftir atvikum) sérstökum verðbréfunar-aðila		√		Gagnorð skýring á því að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 sé óháður upphafsaðila og fjár-festum og, eftir atvikum, sér-stökum verðbréfunaraðila.	Á ekki við

STSSY134	Önnur undirgrein 4. mgr. 26. gr. e	Tilnefning þriðja aðila sem sannprófar fyrir lokadagsetningu		√		Gagnorð skýring á því að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 hafi samþykkt tilnefninguna sem þriðji sannprófunaraðili fyrir lokadagsetningu viðskiptanna.	Á ekki við
STSSY135	Þriðja undirgrein 4. mgr. 26. gr. e	Sannreyning þriðja aðila sem sannprófar gerð á úrtaksgrundvelli		√		Gagnorð skýring á því að þriðji aðili sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 framkvæmi sannprófunina á grundvelli úrtaks en ekki á grundvelli hverrar einstakrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sem óskað er útlánavarnargreiðslu fyrir.	Á ekki við
STSSY136	Þriðja undirgrein 4. mgr. 26. gr. e	Möguleiki fyrir fjárfesta á að fara fram á að þriðji aðili sem sannprófar athugi allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar		√		Gagnorð skýring á því hvort og hvernig fjárfestar geta farið fram á sannprófun á hæfi tiltekinnar undirliggjandi áhættuskuldbindingar ef þeir eru ekki sáttir við sannprófun á grundvelli úrtaks.	Á ekki við
STSSY137	Fjórða undirgrein 4. mgr. 26. gr. e	Möguleiki á að þriðji aðili sem sannprófar hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum		√		Gagnorð skýring á því að upphafsaðili láti í viðskiptagögnum fylgja skuldbindingu um að veita þriðja aðila sem sannprófar og um getur í reit STSSY126 allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannprófa kröfurnar sem settar eru fram í a- til f-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr. 26. gr. e reglugerðar (ESB) 2017/2402.	Á ekki við
STSS138	a- til f-liður fyrstu undirgreinar 5. mgr. 26. gr. e	Uppsagnaratburðir		√		Gagnorð skýring á því að upphafsaðili megi ekki slíta viðskiptum fyrir áætlaðan gjalddaga af annarri ástæðu en þeim sem taldar eru upp í a- til f-lið 5. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402.	Á ekki við

STSS139	Önnur undirgrein 5. mgr. 26. gr. e	Viðskiptaskjöl – Réttindi		√		Gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjalinu sé tekið sérstaklega fram að hvers kyns réttindi sem um getur í d- og e-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402 séu innifalin í viðkomandi viðskiptum og hvernig slík réttindi séu byggð upp.	Á ekki við
STSS140	Þriðja undirgrein 5. mgr. 26. gr. e	Viðskiptaskjöl – Tímavalkostur ekki gerður til að komast hjá því að tap lendi á stöðum endurbæta lánshæfi		√		Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar 5. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402, gagnorð skýring á því að tímavalkosturinn sé ekki gerður til að komast hjá því að tap lendi á stöðum sem endurbæta lánshæfi eða öðrum stöðum sem fjárfestar halda og sé ekki ætlað á annan hátt að endurbæta lánshæfi.	Á ekki við
STSS141	Fjórða undirgrein 5. mgr. 26. gr. e	Tímavalkostur		√		Ef tímavalkostur er innifalinn í viðskiptunum skal gefa nákvæma skýringu á því að kröfurnar sem um getur í STSS139 og STSS140 séu uppfylltar, þ.m.t. með rökstuðningi fyrir notkun tímavalkostarins og sýna fram á með trúverðugum hætti að ástæðan fyrir að nýta tímavalkostinn sé ekki hnignun í gæðum undirliggjandi eignanna.	Á ekki við
STSS142	Fimmta undirgrein 5. mgr. 26. gr. e	Fjármögnuð útlánavörn – Veðtryggingum skilað til fjárfesta eftir rétthæð áhættulaga		√		Ef um er að ræða fjármagnaða útlánavörn skal gefa gagnorða skýringu á að við uppsögn útlánavarnarsamningsins sé veðtryggingu skilað til fjárfestanna eftir rétthæð áhættulaganna sem falla undir ákvæði viðkomandi laga um ógjaldfærni, eftir því sem við á um upphafsaðilann.	Á ekki við

STSS143	6. mgr. 26. gr. e	Uppsögn fjárfesta á viðskiptum við vanefnda á greiðslu útlánavarnargjalds		√		Gagnorð skýring á því að fjárfestar geti ekki sagt upp viðskiptum fyrir áætlaðan lokagjalddaga af annarri ástæðu en vanefnda á greiðslu útlánavarnargjaldsins eða einhvers annars brots upphafsaðilans á samningsskuldbindingum.	Á ekki við
STSSY144	a-liður 7. mgr. 26. gr. e	Fjárhæð tilbúins aukaáhættuálags til fjárfesta tilgreind í viðskiptaskjölum og sett fram sem föst prósenta af samanlögðum eftirstöðvum eignasafns		√		Ef upphafsaðili skuldbindur sig fyrir tilbúnu aukaáhættuálagi, sem er aðgengilegt sem endurbót á lánshæfi fyrir fjárfesta, skal gefa gagnorða skýringu á því að fjárhæð tilbúna aukaáhættuálagsins sem upphafsaðilinn skuldbindur sig að nota sem endurbót á lánshæfi á hverju greiðslutímabili sé tilgreind í viðskiptaskjölunum og sett fram sem föst prósenta af samanlögðum eftirstöðvum eignasafnsins við upphaf viðkomandi greiðslutímabils (fast tilbúið aukaáhættuálag).	Á ekki við
STSSY145	b-liður 7. mgr. 26. gr. e	Ónotuðu tilbúnu aukaáhættuálagi skilað til upphafsaðilans		√		Ef upphafsaðili skuldbindur sig fyrir tilbúnu aukaáhættuálagi sem er aðgengilegt sem endurbót á lánshæfi fyrir fjárfesta skal gefa gagnorða skýringu á því að það tilbúna aukaáhættuálag sem er ekki notað til að ná yfir útlánatöp sem koma fram á hverju greiðslutímabili sé skilað til upphafsaðilans.	Á ekki við
STSSY146	c-liður 7. mgr. 26. gr. e	Upphafsaðilar sem nota innramatsaðferð – skuldbundin heildarfjárhæð á ári ekki hærri en fjárhæð vænts taps eins árs		√		Ef upphafsaðili skuldbindur sig fyrir tilbúnu aukaáhættuálagi sem er aðgengilegt sem endurbót á lánshæfi fyrir fjárfestana skal gefa gagnorða skýringu á því fyrir þá upphafsaðila sem nota innramatsaðferðina sem um getur í 143. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að skuldbundin heildarfjárhæð á ári sé ekki hærri en fjárhæð vænts taps eins árs af öllum undirliggjandi áhættuskuldbindingum fyrir það ár, reiknað út í samræmi við 158. gr. þeirrar reglugerðar.	Á ekki við

STSSY147	d-liður 7. mgr. 26. gr. e	Upphafsaðilar sem ekki nota innramatsaðferðina – útreikningur á væntu tapi eins árs af undirliggjandi eignasafni ákvarðaður með skýrum hætti í viðskiptaskjalinu		√		Ef upphafsaðili skuldbindur sig fyrir tilbúnu aukaáhættuálagi sem er aðgengilegt sem endurbót á lánshæfi fyrir fjárfestana skal gefa gagnorðu skýringu á því að fyrir þá upphafsaðila sem nota ekki innramatsaðferðina, sem um getur í 143. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sé útreikningur á væntu tapi af undirliggjandi eignasafni á einu ári ákvarðaður með skýrum hætti í viðskiptaskjalinu.	Á ekki við
STSSY148	e-liður 7. mgr. 26. gr. e	Mælt fyrir um skilyrði tilbúins aukaáhættuálags í viðskiptaskjölunum		√		Þegar upphafsaðili skuldbindur sig fyrir tilbúnu aukaáhættuálagi sem er aðgengilegt sem endurbót á lánshæfi fyrir fjárfestana skal gefa gagnorða skýringu á því að í viðskiptaskjalinu séu tilgreind skilyrðin sem mælt er fyrir um í 7. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402.	Á ekki við
STSS149	a-, b- og c-liður 8. mgr. 26. gr. e	Notuð útlánavörn		√		Gagnorð skýring á því hvaða eftirfarandi form samningur um útlánavörn uppfyllir: a) tryggingar sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. kafla II. bálks í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, þannig að greiðslufallsáhættan sé yfirfærð til einhvers af aðilunum sem taldir eru upp í a- til d-liðum 2. mgr. 214. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að því tilskildu að áhættuskuldbindingarnar vegna fjárfestisins teljist hæfar fyrir 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta þeirrar reglugerðar, b) tryggingar sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 4. kafla II. bálks þriðja hluta reglugerðar ESB) nr. 575/2013, sem nýtur bakábyrgðar einhvers af þeim aðilum sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, eða	Á ekki við

						c) annarrar útlánavarnar sem ekki er getið um í a- og b-lið hér að ofan sem er á formi tryggingar, lána-afleiðu eða láns-hæfistengdra skuldabréfa sem uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 249. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, að því tilskildu að skuldbindingar fjárfestisins séu tryggðar með veðtryggingu sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 9. og 10. mgr. 26. gr. e. í reglugerð (ESB) 2017/2402.	
STSSY150	a-liður fyrstu undirgreinar 9. mgr. 26. gr. e	Fullnustuhæfi réttar upphafs-aðila til að nota veðtrygginguna til að uppfylla skuldbindingar fjárfesta um útlánavarnar-greiðslur með viðeigandi veðtryggingar-fyrirkomulagi			√	Ef útlánavörn, sem um getur í c-lið 8. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402, er notuð skal gefa ítarlega skýringu á því hvernig réttindi upphafsaðila til að nota veð-trygginguna til að uppfylla skuldbindingar fjárfesta útlána-verndargreiðslur eru framfylgj-anleg og hvernig framfylgj-anleiki þess réttar er tryggður með viðeigandi veðtrygging-arfyrirkomulagi.	Á ekki við
STSSY151	b-liður fyrstu undirg reinar 9. mgr. 26. gr. e	Réttur fjárfesta til að taka við hvers konar ónotaðri veðtryggingu þegar verðbréfun er slitið eða áhættulög eru afskrifuð		√		Ef útlánavörn, sem um getur í c-lið 8. mgr. 26. gr. e reglu-gerðar (ESB) 2017/2402, er notuð gagnorð skýring á því að réttur fjárfesta til að skila veðtryggingu sem hefur ekki verið notuð til að uppfylla útlánavarnargreiðslur þegar verðbréfun er slitið eða áhættu-lög eru afskrifuð, sé framfylgj-anlegur.	Á ekki við

STSSY152	c-liður fyrstu undirgreinar 9. mgr. 26. gr. e	Veðtryggingar sem fjárfest er í verðbréfum — Hæfisviðmið og vörslufyrirkomulag tilgreint í viðskiptaskjölum			√	Ef útlánavörn sem um getur í c-lið 8. mgr. 26. gr. e reglugerðar (ESB) 2017/2402 er notuð, ítarleg skýring á því hvernig hæfisviðmið og vörslufyrirkomulag eru sett fram í viðskiptaskjölunum fyrir verðbréfin, ef veðtryggingin er fjárfest í verðbréfum.	Á ekki við
STSSY153	Önnur undirgrein 9. mgr. 26. gr. e	Fjárfestar útsettir fyrir greiðslufallsáhættu upphafsaðila		√		Gagnorð skýring á því að í viðskiptaskjölunum sé tilgreint hvort fjárfestar séu ennþá útsettir fyrir greiðslufallsáhættu upphafsaðila.	Á ekki við
STSSY154	Þriðja undirgrein 9. mgr. 26. gr. e	Lögfræðiálit sem staðfestir fullnustuhæfi útlánavarnar í öllum lögsagnarumdæmum	√			Staðfesting þess að upphafsaðili hafi fengið álitsgerð hjá þar til bærum lögfræðingi til staðfestingar á framfylgjanleika útlánavarnarinnar í öllum viðkomandi lögsagnarumdæmum.	Á ekki við
STSSY155	a-liður fyrstu undirgreinar 10. mgr. 26. gr. e	Veðtrygging af miklum gæðum – skuldabréf með 0% áhættuvog		√		Ef útlánavörn er veitt í samræmi við a-lið 10. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402 í formi skuldabréfs með 0% áhættuvog sem um getur í 2. kafla II. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, gagnorð skýring á því að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt: i. skuldabréfin hafa að hámarki þriggja mánaða eftirstöðvatíma sem er ekki lengri en tíminn fram að næsta greiðsludegi ii. unnt er að innleysa skuldabréfin fyrir reiðufé að fjárhæð sem er jöfn eftirstöðvum varða áhættulagsins,	Á ekki við

						iii. skuldabréfin eru í vörslu vörsluaðila sem er óháður upphafsaðilunum og fjárfestunum,	
STSSY156	b-liður fyrstu undirgreinar 10. mgr. 26. gr. e	Veðtrygging af miklum gæðum – reiðufé hjá lánastofnun sem er þriðji aðili og er á 3. lánshæfisþrepi eða hærra		√		Ef útlánavörn er veitt í samræmi við b-lið 10. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402, gagnorð skýring á veðtryggingarfyrirkomulaginu sem veitir upphafsaðila og fjárfesti aðgang að veðtryggingu í formi reiðufjár í vörslu lánastofnunar sem er þriðji aðili á 3. lánshæfisþrepi eða hærra í samræmi við vörpunina sem sett er fram í 136. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.	Á ekki við
STSSY157	Önnur undirgrein 10. mgr. 26. gr. e	Undanþága – veðtrygging í formi fjár á innstæðureikningi hjá upphafsaðila			√	Ef undanþágan úr fyrstu undirgrein 10. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402 er notuð, ítarleg skýring á veðtryggingarfyrirkomulaginu og samþykki fjárfestis fyrir því, þar sem einungis upphafsaðili getur nýtt sér veðtryggingu á miklum gæðum í formi fjár á innstæðureikningi hjá upphafsaðila eða eignatengdu félagi hans.	Á ekki við
STSSY158	Þriðja undirgrein 10. mgr. 26. gr. e	Veðtrygging í formi fjár á innstæðureikningi hjá upphafsaðila – heimild lögbærs yfirvalds			√	Ítarleg skýring á samþykki lögbæru yfirvaldanna, sem tilnefnd eru skv. 5. mgr. 29. gr. í reglugerð (ESB) 2017/2024, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, fyrir að heimila veðtryggingu í formi reiðufjár á innstæðureikningi hjá upphafsaðilanum, eða eignatengdu félagi hans, ef upphafsaðilinn eða eignatengt félag hans uppfyllir skilyrði fyrir lánshæfisþrepi 3, að því tilskildu að hægt sé að skjalfesta markaðserfiðleika, hlutlægar hindranir tengdar lánshæfisþrepinu sem úthlutað er aðildarríki stofnunarinnar eða umtalsverð möguleg samþjöppunarvandamál í hlutaðeigandi aðildarríki vegna beitingarinnar á kröfunni um lánshæfisþrep 2 að lágmarki sem um getur í annarri undirgrein 10. mgr. 26. gr. e í reglugerð (ESB) 2017/2402.	Á ekki við

STSSY159	Fjórða undir-grein 10. mgr. 26. gr. e	Yfirfærsla veðtryggingar ef lánastofnun sem er þriðji aðili eða upphafsaðili uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir lágmarks-lánshæfisþrepinu			√	Ítarleg skýring á því hvernig veðtryggingin er yfirfærð í samræmi við fjórðu undirgrein 10. mgr. 26. gr. e reglugerðar (ESB) 2017/2402, ef veð-tryggingin var í formi reiðufjár á innlánsreikningi hjá stofnun sem uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir lágmarksláns-hæfisþrepinu.	Á ekki við
STSSY160	Fimmta undirgrein 10. mgr. 26. gr. e	Hlíting krafna um veðtrygg-ingar ef um er að ræða fjár-festingar í láns-hæfistengdum skuldabréfum sem upphafsaðili gefur út	√			Staðfesting á að um sé að ræða fjárfestingu í lánshæfistengdum skuldabréfum sem upphafsaðili gaf út, í samræmi við 218. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.	Á ekki við

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/584 2026/EES/17/33

frá 7. nóvember 2023

um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2019/1851 að því er varðar einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga í einfaldri, gagnsærri og staðlaðri verðbréfun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 20. gr. (þriðju undirgrein 14. mgr.), 24. gr. (þriðju undirgrein 21. mgr.) og 26 gr. b (þriðju undirgrein 13. mgr.).

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1851 ([2]) mælir fyrir um samræmdar viðmiðanir til að ákvarða einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga í einfaldri, gagnsærri og staðlaðri verðbréfun.

2) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/557 ([3]) var reglugerð (ESB) 2017/2402 breytt til að tryggja að reglurammi Sambandsins um verðbréfun kveði á um viðbótarverkfæri til að stuðla að efnahagslegum bata í kjölfar COVID-19 hættuástandsins, þ.m.t. með því að innleiða möguleikann á viðurkenningu verðbréfana í efnahagsreikningi sem einfaldra, gagnsærra og staðlaðra verðbréfana (STS-verðbréfana).

3) Ólíkt hefðbundinni verðbréfun eru verðbréfaðar áhættuskuldbindingar á efnahagsreikningi alltaf á efnahagsreikningi upphafsaðila. Til að áhættuskuldbindingar í verðbréfun geti talist einsleitar í samræmi við einsleitniviðmiðið sem um getur í c-lið 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1851 ættu verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar að falla undir svipað umsýsluferli, þ.m.t. vöktun, innheimtu og stjórnun viðskiptakrafna í reiðufé, hvort sem þær eru áfram á efnahagsreikningi upphafsaðilans, eins og verðbréfanir á efnahagsreikningi, eða á efnahagsreikningi sérstaka verðbréfunaraðilans, eins og hefðbundnar verðbréfanir. Af þessum sökum ætti að fella út tilvísunina til „eignahliðar sérstaka verðbréfunaraðilans“ í c-lið 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/1851.

4) Ef undirliggjandi áhættuskuldbindingar deila svipuðum einkennum og tengdar undirliggjandi áhættur vegna áhættuskuldbindinga gagnvart fyrirtækjum og áhættuskuldbindingar vegna einstaklinga eru metnar á grundvelli almennra aðferða og stika ættu þessar áhættuskuldbindingar að flokkast sem sama tegund eignar.

5) Upphafsaðilar eða upphaflegir lánveitendur geta metið greiðslufallsáhættu bílalána og -kaupleigusamninga og kreditkortakrafna til fyrirtækja með því að nota nálgun sem líkist frekar þeirri nálgun sem beitt er á áhættuskuldbindingar gagnvart einstaklingum en fyrirtækjum. Af þeim sökum er nauðsynlegt að breyta listanum yfir einsleitniþætti sem tengjast tegund skuldara fyrir þessar tegundir eigna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/584, 15.2.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2024 frá 12. júní 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 72, 3.10.2024, bls. 56.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1851 frá 28. maí 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga (Stjtíð ESB L 285, 6.11.2019, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/557 frá 31. mars 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2402 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun til að stuðla að endurbótum í kjölfar COVID-19 hættuástandsins (Stjtíð. ESB L 116, 6.4.2021, bls. 1).

6) Þessi reglugerð ætti að gilda um verðbréfanir sem gefnar eru út 6. mars 2024 eða síðar. Til að hafa ekki áhrif á gildandi samninga sem gerðir voru áður en breyttu einsleitniskilyrðin voru tekin upp er þó nauðsynlegt að kveða á um umbreytingarfyrirkomulag fyrir þá samninga.

7) Ein helsta meginreglan sem liggur til grundvallar breytingunni á reglugerð (ESB) 2017/2402 sem gerð var með reglugerð (ESB) 2021/557 var að tryggja sem mest samræmi milli STS-krafnanna fyrir einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir í efnahagsreikningi og fyrirliggjandi STS-krafna fyrir verðbréfanir eignatryggðra skammtímabréfa og verðbréfana án eignatryggðra skammtímabréfa. Í framhaldi af því ættu reglur um ákvörðun á einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga í einföldum, gagnsæjum og stöðluðum verðbréfunum í efnahagsreikningi að vera eins samræmdar fyrirliggjandi reglum um verðbréfanir eignatryggðra skammtímabréfa og verðbréfanir án eignatryggðra skammtímabréfa og mögulegt er. Til að auðvelda heildstætt mat á öllum reglum um ákvörðun á einsleitni undirliggjandi áhættuskuldbindinga og til að auðvelda aðgang þeirra sem falla undir samsvarandi skyldur að þessum reglum er nauðsynlegt að sameina í eina reglugerð tæknilega eftirlitsstaðla um einsleitni fyrir einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir án eignatryggðra skammtímabréfa, verðbréfanir eignatryggðra skammtímabréfa og verðbréfanir í efnahagsreikningi.

8) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2019/1851 til samræmis við það.

9) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem samin voru í náinni samvinnu við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin lagði fyrir framkvæmdastjórnina.

10) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([4]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1851

Framseldri reglugerð (ESB) 2019/1851 er breytt sem hér segir:

1. Fyrstu málsgrein 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar ákvæði 20. gr. (8. mgr.), 24. gr. (15. mgr.) og 26. gr. b (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2017/2402 skulu undirliggjandi áhættuskuldbindingar taldar vera einsleitar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:“.

b) Í stað iii. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„iii. lánsheimildum sem veittar eru einstaklingum til einka-, fjölskyldu- eða heimilisnota og lánsheimildum sem veittar eru fyrirtækjum ef upphafsaðilinn beitir sömu nálgun við mat á útlánaáhættu og fyrir einstaklinga sem ekki falla undir i. og ii. lið og iv. til viii. lið,“.

c) Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) umsýsla þeirra er í samræmi við svipaðar aðferðir við vöktun, söfnun og stjórnum viðskiptakrafna í reiðufé,

d) einum eða fleiri einsleitniþáttum er beitt í samræmi við 2. gr., eftir atvikum.“

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar í a-lið 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„i. einstaklingum, og fyrirtækjum ef upphafsaðili beitir sömu nálgun við mat á útlánaáhættu í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja og áhættuskuldbindingar vegna einstaklinga,“.

b) Í stað i. liðar í a-lið 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„i. einstaklingum, og fyrirtækjum ef upphafsaðili beitir sömu nálgun við mat á útlánaáhættu í tengslum við áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækja og áhættuskuldbindingar vegna einstaklinga,“.

2. gr.

Útistandandi einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir (STS-verðbréfanir)

Upphafsaðilum, umsjónaraðilum og sérstökum verðbréfunaraðilum einfaldra, gagnsærra og staðlaðra verðbréfana með verðbréf sem eru gefin út, eða verðbréfaðar stöður þeirra stofnaðar, í samræmi við skilmála samninga sem samþykktir hafa verið og tilkynntir til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 fyrir 6. mars 2024, er heimilt að nota áfram auðkenninguna „STS“ eða „einföld, gagnsæ og stöðluð“ eða auðkenningu sem vísar beint eða óbeint til þessara hugtaka, þó að þeir uppfylli ekki kröfurnar sem um getur í 1. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að þessar verðbréfanir uppfylli 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/920 2026/EES/17/34

frá 13. desember 2023

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar afkomutengda virkjandi atburði og viðmið fyrir kvörðun slíkra atburða (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum sjöttu undirgrein 5. mgr. 26. gr. c,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar beitingu virkjandi atburða sem byggjast á fyrri tímabilum og um getur í a-lið þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c reglugerðar 2017/2402 er nauðsynlegt að tilgreina upphafspunkt mælingar á annað hvort hækkun á samanlagðri fjárhæð vanefndra áhættuskuldbindinga eða aukningu á uppsöfnuðu tapi. Almenna reglan ætti að vera að nota lokadag viðskiptanna sem upphafspunkt mælingar. Hins vegar geta komið upp tilvik þar sem ekki er mögulegt að nota þann lokadag viðskiptanna sem upphafspunkt mælingar, þ.m.t. ef viðskiptin fela í sér endurnýjunartímabil eða fyrirframskilgreint tímabil þar sem verðbréfaða eignasafnið er byggt upp, eftir lokadaginn. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um sértækar reglur um þau tilvik.

2) Aftengipunktur (D) áhættulags ákvarðar hvenær höfuðstóll þess áhættulags er algerlega horfinn í kjölfar taps í undirliggjandi safni. Af þessum sökum lækkar aftengipunkturinn á samsvarandi hátt þegar varða áhættulagið fer að bera tap. Til að koma í veg fyrir að áhættulög sem veita endurbót á lánshæfi hafi þegar verið greidd niður þegar veruleg töp verða við lok viðskiptanna ætti virkjandi atburður í viðbót sem byggist á fyrri tímabilum og um getur í b-lið þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402 að tengjast lækkun aftengipunkts hæst setta varða áhættulagsins til að ábyrgjast endurbótina á lánshæfinu sem hæst setta varða áhættulagið veitir miðað við rétthærri áhættulög sem upphafsaðilinn heldur yfir allan líftíma viðskiptanna. Af sömu ástæðu ætti virkjandi atburður sem byggist á framtíðaráætlun og um getur í c-lið þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402 að verða ef vænt afkoma safns undirliggjandi áhættuskuldbindinga er lækkuð um hækkun í samþjöppunaráhættu verðbréfunarinnar yfir tíma eða, að því er varðar viðskipti þar sem samþjöppunaráhætta er minna áberandi, um hnignun meðallánshæfis þess safns undirliggjandi áhættuskuldbindinga yfir tíma.

3) Mjög samþjappað safn undirliggjandi áhættuskuldbindinga eykur hættuna á verulegu tapi í verðbréfuninni. Þar sem samþjöppunaráhætta er algengari í söfnum með minni sundurgreinanleika í undirliggjandi áhættuskuldbindingum er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðmiðunarmörk fyrir lágmarks sundurgreinanleika safns undirliggjandi áhættuskuldbindinga reiknað út frá raunverulegum fjölda áhættuskuldbindinga í safninu. Ef samþjöppunaráhættan er óalgengari ætti virkjandi atburðurinn sem byggist á framtíðaráætlun að stjórnast af meðallánshæfi undirliggjandi eignasafns. Til að fastsetja þann virkjandi þátt ætti að mæla lánshæfi undirliggjandi eignasafns frá upphafi verðbréfunarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/920, 22.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 216/2024 frá 23. september 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 92, 19.12.2024, bls. 60.a

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35.

4) Þar sem ekki er unnt að kveða á um eina kvörðun sem hentar öllum og mætti beita á öll viðskipti, vegna þess hve tegundir undirliggjandi eignasafna og vafninga í verðbréfunum í efnahagsreikningi eru fjölbreyttar, er nauðsynlegt að setja fram viðmið fyrir fastsetningu marka afkomutengdu virkjandi atburðanna sem um getur í þriðja undirlið 5. mgr. 26.gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402. Til að tryggja að ekki sé mikil hætta á að áhættulög sem veita endurbót á lánshæfi hafi verið greidd svo mikið niður að ekki sé nægileg vörn eftir til að mæta verulegu tapi sem gæti orðið við lok viðskiptanna ætti að setja þessi viðmið á varfærinn hátt. Í því skyni ættu aðilar að verðbréfuninni að prófa skilvirkni hinna virkjandi þátta sem byggjast á fyrri tímabilum í sviðsmynd með meiri tapdreifingu undir lokin að teknu tilliti til þess taps sem vænst er á heildarlíftíma viðskiptanna á lokadagsetningu þeirra.

5) Til að hafa ekki truflandi áhrif á fyrirliggjandi samninga sem gerðir voru áður en hinir skyldubundnu afkomutengdu virkjandi atburðir og viðmiðin fyrir kvörðun þeirra voru tilgreind er nauðsynlegt að kveða á um umbreytingar-fyrirkomulag fyrir útstandandi einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir í efnahagsreikningi.

6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

7) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([2]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „hæst sett varið áhættulag“: í verðbréfun, það áhættulag sem er efst í forgangsröðinni með tilliti til tapdreifingar og hefur hag af hæfri útlánavörn samkvæmt samningnum um útlánavörn,

2) „undirflokkur greiðslufallsáhættu“: hluti undirliggjandi eignasafns sem áhættuskuldbindingar úr því eignasafni eru flokkaðar í skv. 5. mgr. 4. gr. og sem felur í sér tiltekið stig greiðslufallsáhættu, eins og mæld er á grundvelli greiðslu-fallsáhættutengdra viðmiða, þar sem hver gagnkvæmt útilokandi hluti felur í sér greiðslufallsáhættu sem er meiri eða minni en hjá öðrum hlutum,

3) „sviðsmynd með meiri tapdreifingu undir lokin“: sviðsmynd þar sem tveir þriðju af þeirri heildarfjárhæð taps sem vænst er að verði á heildarlíftíma viðskiptanna á lokadegi þeirra, á sér stað á síðasta þriðjungi vænts líftíma þeirra.

2. gr.

Tilgreining á útistandandi fjárhæð undirliggjandi eignasafns fyrir virkjandi atburði sem byggjast á fyrri tímabilum sem um getur í a-lið þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402

1. Nema í þeim tilvikum sem um getur í 2. og 3. mgr. skal, við beitingu virkjandi atburða sem byggjast á fyrri tímabilum og um getur í a-lið þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402, útistandandi fjárhæð undirliggjandi eignasafns vera sú fjárhæð sem er útistandandi á lokadegi viðskiptanna.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. Ef verðbréfunin hefur að geyma endurnýjunartímabil skal útistandandi fjárhæð undirliggjandi eignasafns vera sú lægri af eftirfarandi:

a) útistandandi fjárhæð á lokadegi viðskiptanna,

b) útistandandi fjárhæð við lok endurnýjunartímabilsins.

3. Ef verðbréfunin hefur að geyma fyrirframskilgreint tímabil sem safn verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skal byggt upp á, og sem hefst á lokadegi viðskiptanna, og ef útlánavarnarsamningurinn gildir frá lokadegi viðskiptanna skal útistandandi fjárhæð undirliggjandi eignasafns vera eftirfarandi:

a) á fyrirframskilgreinda uppbyggingartímabilinu skal útistandandi fjárhæðin vera hámarksfjárhæð þeirra verðbréfuðu áhættuskuldbindinga sem heimilaðar eru í útlánavarnarsamningnum við lok þess fyrirframskilgreinda tímabils,

b) eftir lok fyrirframskilgreinda uppbyggingartímabilsins skal útistandandi fjárhæðin vera sú fjárhæð sem er útistandandi við lok þess fyrirframskilgreinda tímabils.

4. Að því er varðar 1.–3. mgr. skulu aðilarnir að útlánavarnarsamningnum reikna út aukningu uppsafnaðra fjárhæða vegna vanefndra áhættuskuldbindinga eða aukningu uppsafnaðs taps frá lokadegi viðskiptanna.

3. gr.

Tilgreining á beitingu viðbótar virkjandi atburðar sem byggist á fyrri tímabilum sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402

1. Aðilarnir að útlánavarnarsamningnum skulu setja viðmiðunarmörk fyrir hlutfall lækkunar á aftengipunkti hæst setta varða áhættulagsins, reiknuð út í samræmi við 2. mgr. 256. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([3]), frá því sem hann var á lokadegi viðskiptanna eða, ef verðbréfunin hefur að geyma fyrirframskilgreint tímabil þegar safn verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skal byggt upp, við lok þess fyrirframskilgreinda uppbyggingartímabils.

2. Hinn virkjandi atburður í viðbót sem byggist á fyrri tímabilum og um getur í b-lið þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402 skal verða hvenær sem er eftir lokadag viðskiptanna ef lækkun aftengipunktsins fer yfir viðmiðunarmarkið sem ákvarðað var í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Tilgreining á beitingu virkjandi atburðar sem byggist á framtíðaráætlun sem um getur í c-lið þriðju undirgreinar 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402

1. Virkjandi atburður sem byggist á framtíðaráætlun skal ákvarðaður í samræmi við 2. mgr. eða 4. mgr. þessarar greinar allt eftir raunverulegum fjölda áhættuskuldbindinga í safninu („N“), reiknað út í samræmi við 4. mgr. 259. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, á lokadegi viðskiptanna.

2. Ef N er lægra en 100 skulu aðilarnir að útlánavarnarsamningnum setja viðmiðunarmark fyrir fjölda stærstu verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna gagnvart einstökum skuldurum, reiknað út í samræmi við 3. mgr.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

Virkjandi atburðurinn sem byggist á framtíðaráætlun skal verða ef, á einhverjum tímapunkti, fjöldi stærstu verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna gagnvart einstökum skuldurum, reiknað út í samræmi við 3. mgr., fer niður fyrir viðmiðunarmarkið sem ákvarðað var í samræmi við fyrstu undirgrein.

3. Til að ákvarða fjölda stærstu verðbréfuðu áhættuskuldbindinganna gagnvart einstökum skuldurum, sem um getur í 2. mgr., skulu aðilarnir að verðbréfuninni taka eftirfarandi skref í eftirfarandi röð:

a) þeir skulu sameina fleiri áhættuskuldbindingar gagnvart sama skuldara og fara með þær sem eina áhættuskuldbindingu,

b) þeir skulu raða sameinuðu áhættuskuldbindingunum gagnvart einstökum skuldara eftir útistandandi fjárhæð þeirra í lækkandi röð,

c) þeir skulu leggja við útistandandi fjárhæðir sameinuðu áhættuskuldbindinganna gagnvart einstökum skuldurum, byrja á stærstu áhættuskuldbindingunni, í lækkandi röð,

d) hætta skal samlagningunni, sem um getur í c-lið, áður en næsta viðbót myndi hækka samtöluna uppfyrir samtölu útistandandi fjárhæða hæst setta varða áhættulagsins og þeirra áhættulaga sem eru undirskipuð því.

4. Ef N er jafnt og eða hærra en 100 skulu aðilarnir að útlánavarnarsamningnum setja viðmiðunarmörk fyrir aukninguna milli hlutfalls útistandandi fjárhæðar hærri undirflokka greiðslufallsáhættu, eins og ákvarðað í samræmi við 8. mgr., deilt með útistandandi heildarfjárhæð allra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga („hærra hlutfall undirflokks greiðslufallsáhættu“) og samsvarandi hlutfalls á lokadegi viðskiptanna.

Virkjandi atburður sem byggist á framtíðaráætlun skal verða ef á einhverjum tímapunkti er farið yfir viðmiðunarmörkin sem ákvörðuð voru í samræmi við fyrstu undirgrein.

5. Aðilarnir að útlánavarnarsamningnum skulu setja skýrt fram í viðskiptaskjölunum viðmiðin fyrir úthlutun áhættuskuldbindinga í undirflokka greiðslufallsáhættu.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skulu aðilarnir að útlánavarnarsamningnum í útlánavarnarsamningnum ákvarða skiptinguna milli einstakra undirflokka greiðslufallsáhættu á grundvelli eftirfarandi:

a) þrepanna sem um getur í b-lið 1. mgr. 170. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ef upphafsaðilinn beitir innramatsaðferð í samræmi við 3. kafla, II. bálk, þriðja hluta þeirrar reglugerðar til að ákvarða kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu í tengslum við verðbréfaðar áhættuskuldbindingar gagnvart fyrirtækjum, að undanskildum sértækum lánaáhættuskuldbindingum sem um getur í b-lið, stofnunum, ríkisstjórnum og seðlabönkum,

b) þrepanna sem um getur í 2. mgr. 170. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ef upphafsaðilinn beitir innramatsaðferð í samræmi við 3. kafla II. bálks þriðja hluta þeirrar reglugerðar til að ákvarða kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu í tengslum við verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem farið er með sem sértækar lánaáhættuskuldbindingar sem aðferðirnar, sem settar eru fram í 5. mgr. 153. gr. þeirrar reglugerðar, eiga við um,

c) þrepanna eða safnanna sem um getur í b-lið 3. mgr. 170. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ef upphafsaðilinn beitir innramatsaðferð í samræmi við 3. kafla II. bálks þriðja hluta þeirrar reglugerðar til að ákvarða kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu í tengslum við verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem farið er með sem smásöluáhættuskuldbindingar,

d) í öllum öðrum tilvikum, í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð sem upphafsaðili notar í reikningsskilum sínum.

6. Aðilarnir að útlánavarnarsamningnum skulu flokka eftirfarandi áhættuskuldbindingar í hærri undirflokk greiðslufallsáhættu af þeim undirflokkum greiðslufallsáhættu sem ákvarðaðir eru í samræmi við 5. gr.:

a) allar áhættuskuldbindingar í vanskilum eins og um getur í 1. mgr. 178. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) allar áhættuskuldbindingar vegna skuldara með skert lánshæfi,

c) allar aðrar áhættuskuldbindingar sem fela í sér hærri greiðslufallsáhættu samkvæmt útlánavarnarsamningnum, aðrar en þær sem um getur í a- og b-lið.

Aðilarnir að útlánavarnarsamningnum skulu undanskilja frá flokkuninni sem um getur í fyrstu undirgrein allar áhættuskuldbindingar sem hafa lent í lánaatburði samkvæmt útlánavarnarsamningnum og sem bráðabirgðaútlánavarnargreiðsla, eða endanleg, hefur farið fram vegna sem hefur valdið lækkun heildarfjárhæðar varins áhættulags og annarra áhættulaga sem eru lægra sett.

7. Ef verðbréfuðu áhættuskuldbindingarnar fela í sér meira en einn flokk af áhættuskuldbindingum sem um getur í a- til d-lið 5. mgr. skulu aðilarnir að útlánavarnarsamningnum setja áhættuskuldbindingarnar í hærri undirflokk greiðslufallsáhættu fyrir hvern þessara flokka ákvarðað í samræmi við 5. mgr.

8. Að því er varðar 4. mgr. skal útistandandi fjárhæð hinna hærri undirflokka greiðslufallsáhættu vera samtala útistandandi fjárhæða allra verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem settar voru í undirflokkana í samræmi við 6. og 7. mgr.

5. gr.

Viðmið fyrir setningu marka virkjandi atburða sem um getur í þriðju undirgrein 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402

Aðilar að útlánavarnarsamningnum skulu setja viðmiðunarmörkin fyrir hina afkomutengdu virkjandi atburði sem um getur í þriðju undirgrein 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402 þannig að tryggt sé að öll eftirfarandi viðmið séu uppfyllt:

a) virkjandi atburðir verða áður en áhættulögin sem veita útlánavörnina eru greidd upp að því marki að þau áhættulög geti ekki tekið við verulegu tapi sem veður á síðasta hluta líftíma viðskiptanna,

b) í tengslum við virkjandi atburði sem byggjast á fyrri tímabilum hefur árangur þessara virkjandi atburða verið prófaður í sviðsmynd með meiri tapdreifingu undir lokin,

c) ef upphafsaðilinn beitir 5. kafla II. bálks þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 til að ákvarða kröfu um eiginfjárgrunn vegna áhættuskuldbindingar sinnar í verðbréfuninni eru bæði útreikningurinn á væntu tapi á líftíma og forsendurnar í sviðsmynd með meiri tapdreifingu undir lokin í samræmi við þau sem notuð eru við mat á verulegri og samsvarandi yfirfærslu áhættu skv. 245. gr. þeirrar reglugerðar.

6. gr.

Útistandandi einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir í efnahagsreikningi þar sem greiðslur fara ekki fram samkvæmt sérstakri forgangsröðun

Að því er varðar einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir í efnahagsreikningi, sem fela í sér að greiðslur fara ekki fram samkvæmt sérstakri forgangsröðun og hafa afkomutengda virkjandi atburði í samræmi við þriðju undirgrein 5. mgr. 26. gr. c í reglugerð (ESB) 2017/2402, og sem voru tilkynntar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 1. mgr. 27. gr. þeirrar reglugerðar fyrir 11. apríl 2024, hafa upphafsaðilar og sérstakir verðbréfunaraðilar heimild, án þess að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1.–5. gr. þessarar reglugerðar, til að halda áfram að nota auðkenninguna „STS“ eða „einföld, gagnsæ og stöðluð“, eða auðkenningu sem vísar beint eða óbeint til þessara hugtaka, að því tilskildu að þær verðbréfanir uppfylli 18. gr. þeirrar reglugerðar.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2023.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/1700 2026/EES/17/35

frá 5. mars 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina, fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa og fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun í efnahagsreikningi, innihald, aðferðafræði og framsetningu á upplýsingum í tengslum við helstu neikvæðu áhrif eigna sem fjármagnaðar eru með undirliggjandi áhættuskuldbindingum á sjálfbærniþætti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfanir og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun, og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum þriðju undirgrein 6. mgr. 22. gr. og þriðju undirgrein 6. mgr. 26. gr. d,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að fjárfestar hafi allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta tekið upplýstar ákvarðanir um sjálfbærniáhrif á fjárfestingar ættu sjálfbærnitengdar upplýsingar að vera nægilega skýrar, hnitmiðaðar og áberandi.

2) Til að bæta samanburðarhæfi helstu neikvæðu áhrifa eigna sem fjármagnaðar eru með undirliggjandi áhættuskuldbindingum á sjálfbærniþætti er nauðsynlegt að gera greinarmun á milli annars vegar vísa um neikvæð áhrif sem, á grundvelli mikilvægis áhættuskuldbindinga, leiða ávallt til helstu neikvæðu áhrifa og hins vegar aukavísa um neikvæð áhrif sem upphafsaðilar telja skipta sérstaklega miklu máli.

3) Þar sem ekki er öruggt að upplýsingar verði ávallt aðgengilegar fyrir alla sjálfbærnivísa ætti upphafsaðilum aðeins að vera skylt að tilkynna um a.m.k. einn aukavísi um helstu neikvæðu áhrif sem tengjast loftslagi eða öðrum umhverfistengdum sjálfbærniþáttum og um a.m.k. einn aukavísi helstu neikvæðu áhrifa á félags- eða stjórnunartengda sjálfbærniþætti.

4) Í ljósi þess að upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif eru ef til vill ekki aðgengilegar fyrir alla vísa ætti upphafsaðilum að vera heimilt að nota gögn sem fengin eru annaðhvort beint frá upphafsaðilum eða frá utanaðkomandi sérfræðingum eða að nota forsendur sem þeir telja réttmætar. Hins vegar ættu upphafsaðilar að gera ítarlega grein fyrir því hvernig þeir gerðu sitt ýtrasta til að afla upplýsinga um helstu neikvæðu áhrif frá slíkum lántökum, utanaðkomandi sérfræðingum eða með því að gefa sér réttmætar forsendur.

5) Samkvæmt þriðju undirgrein 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 *í tengslum við* a-lið 1. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar verður að gera upplýsingar að því er varðar verðbréfanir, sem gera þarf lýsingu fyrir, aðgengilegar gegnum verðbréfunarskrá sem er skráð hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Til að auðvelda rakningu á upplýsingum um helstu neikvæðu áhrif sem eru gerðar aðgengilegar í gegnum verðbréfunarskrána ættu upphafsaðilar að nota liðakóða sem er í samræmi við kóðana í töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1224 ([2]).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/1700, 18.6.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 20.2.2025, bls. 25.

([1]) Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/2402/oj.

([2]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1224 frá 16. október 2019 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar og einstök atriði varðandi verðbréfun sem upphafsaðili, umsjónaraðili og sérstakur verðbréfunaraðili eiga að láta í té (Stjtíð. ESB L 289, 3.9.2020, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2020/1224/oj).

6) Bæði önnur undirgrein 4. mgr. 22. gr. og önnur undirgrein 4. mgr. 26. gr. d reglugerðar (ESB) 2017/2402 vísa til fyrirliggjandi upplýsinga um helstu neikvæðu áhrif eigna sem eru fjármagnaðar með undirliggjandi áhættuskuldbindingum á sjálfbærniþætti. Til að stuðla að betri yfirsýn upphafsaðila yfir skyldur til að birta slíkar upplýsingar og tryggja samræmi milli reglna og staðlaðra sniðmáta fyrir birtingu upplýsinga um slík helstu neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti, sem varða annars vegar hefðbundnar STS-verðbréfanir án eignatryggðra skammtímaskuldabréfa og hins vegar STS-verðbréfanir í efnahagsreikningi, þykir rétt að hafa tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem ættu að taka gildi á sama tíma, í einni reglugerð.

7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

8) Sameiginleg nefnd evrópsku eftirlitsstofnananna sem um getur í 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([3]), 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([4]) og 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([5]) hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint hugsanlegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins um bankastarfsemi sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, hagsmunahópsins í vátryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 og hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Almennar meginreglur um framsetningu upplýsinga

1. Upphafsaðilar skulu veita upplýsingarnar sem er krafist samkvæmt þessari reglugerð með því að nota sniðmát, skilgreiningar og formúlur sem mælt er fyrir um í viðaukanum og á þann hátt sem er áberandi, einfaldur, gagnorður, skiljanlegur, sanngjarn, skýr og ekki villandi.

2. Upphafsaðilar skulu gera upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, aðgengilegar á leitarbæru rafrænu formi.

3. Upphafsaðilar skulu gera upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð aðgengilegar í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402.

4. Upphafsaðilar sem nota þann valkost að birta upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif eigna sem eru fjármagnaðar með undirliggjandi áhættuskuldbindingum á sjálfbærniþætti, frekar en fyrirliggjandi upplýsingar um umhverfisárangur eigna sem eru fjármagnaðar með íbúðalánum eða bílalánum eða -kaupleigu, skulu nota valkostinn „Engin gögn“ („ND“) í reitum RREC10 og RREC11 í II. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224 og í reitum AUTL57 og AUTL58 í V. viðauka við reglugerðina.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1093/oj).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1094/oj).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

2. gr.

Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti eigna sem eru fjármagnaðar með undirliggjandi áhættuskuldbindingum verðbréfunar

1. Upphafsaðilar skulu birta yfirlýsingar um helstu neikvæðu áhrifin á sjálfbærniþætti á sniðinu sem er sett fram í töflum 1, 2 og 3 í viðaukanum.

2. Í samantektarliðnum í töflu 1 í viðaukanum skulu upphafsaðilar tilgreina allar eftirfarandi upplýsingar:

a) einkvæmt auðkenni verðbréfunar,

b) alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) hvers áhættulags eða skuldabréfs verðbréfunar, ef þau eru til staðar,

c) upplýsingar um að tekið sé tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærni,

d) viðmiðunartímabil yfirlýsingar um helstu neikvæðu áhrifin á sjálfbærniþætti,

e) núverandi heildareftirstöðvar höfuðstóls undirliggjandi áhættuskuldbindinga fyrir hverja eignategund í verðbréfunarsafninu,

f) samantekt á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti eigna sem eru fjármagnaðar með undirliggjandi áhættuskuldbindingum.

Samantektarliðurinn skal vera tvær A4 síður að hámarki þegar hann er prentaður.

3. Í liðnum „Skýring á því hvernig tekið er tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti eigna sem eru fjármagnaðar með undirliggjandi áhættuskuldbindingum verðbréfunar við val á undirliggjandi áhættuskuldbindingum sem bæta á í safnið við útboðið eða á líftíma verðbréfunar“ í töflu 1 í viðaukanum skulu upphafsaðilar tilgreina allar eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á hvers kyns viðmiðunum eða viðmiðunarmörkum sem gilda um samsetningu safns yfir undirliggjandi áhættuskuldbindingar verðbréfunar sem tengjast helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti eigna sem eru fjármagnaðar með undirliggjandi áhættuskuldbindingum í safninu,

b) lýsingu á hvers kyns prófunum, atburðum og virkjandi atburðum sem tengjast þessum helstu neikvæðu áhrifum,

c) skýrar tilvísanir í viðeigandi síður og liði í endanlegu tilboðsskjali eða, ef við á, lýsingu og lokaskjölum um viðskiptin þar sem þessum viðmiðunarmörkum, prófunum, atburðum eða virkjandi atburðum er lýst,

d) hnitmiðaða skýringu á því hvort og, ef svo er, hvernig tekið er tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti í viðmiðunum upphafsaðila um lánveitingar,

e) skýrar tilvísanir og tengla í allar aðgengilegar opinberar yfirlýsingar þar sem viðmiðununum sem um getur í a-lið er lýst.

Ef upplýsingar um einhverjar vísbendingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti, eins og fram kemur í viðaukanum, eru ekki aðgengilegar skulu upphafsaðilar hafa með í þeim lið upplýsingar um ýtrustu viðleitni sem sýnd hefur verið við að afla upplýsinganna frá lántökum, utanaðkomandi sérfræðingum eða með því að draga eðlilegar ályktanir.

4. Að því er varðar hnitmiðuðu skýringuna sem um getur í d-lið 3. mgr. geta upphafsaðilar einnig vísað til viðeigandi reglna um ábyrga viðskiptahætti fyrirtækja og alþjóðlega viðurkenndra staðla um áreiðanleikakönnun og skýrslugjöf sem þeir hafa fylgt.

5. Í liðnum „Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti eigna sem fjármagnaðar eru af undirliggjandi áhættuskuldbindingum verðbréfunar“ í töflu 1 í viðaukanum skulu upphafsaðilar lýsa helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti eigna sem fjármagnaðar eru með undirliggjandi áhættuskuldbindingum og veita allar eftirfarandi upplýsingar:

a) fyrirliggjandi upplýsingar um vísbendingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti, eins og fram kemur í töflu 1 í viðaukanum,

b) fyrirliggjandi upplýsingar um einn eða fleiri loftslagstengda vísa til viðbótar og aðra umhverfistengda vísa, eins og fram kemur í töflu 2 í viðaukanum,

c) fyrirliggjandi upplýsingar um einn eða fleiri viðbótarvísa í félags- og starfsmannamálum, virðingu fyrir mannréttindum og baráttu gegn spillingu og baráttu gegn mútum, eins og sett er fram í töflu 3 í viðaukanum,

d) fyrirliggjandi upplýsingar um alla aðra vísa sem eru notaðir til að greina og meta helstu neikvæðu viðbótaráhrif á sjálfbærniþætti eins og fram kemur í töflu 1 í viðaukanum.

Hafi upphafsaðilinn áður gefið a.m.k. eina yfirlýsingu um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti í samræmi við þessa grein skal upphafsaðili veita sögulegan samanburð á tilkynntu yfirstandandi tímabili og öllum tilkynntum fyrri tímabilum fyrir síðustu fjögur tímabil.

6. Ef yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti er gerð aðgengileg gegnum verðbréfunarskrá skal nota liðakóða 1 í töflu 3 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2020/1224.

7. Upphafsaðili sem greinir staðreyndavillur í upplýsingum sem hann hefur gert aðgengilegar skv. 1.–6. mgr. skal leiðrétta villurnar og birta leiðrétta yfirlýsingu um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti án ótilhlýðilegrar tafar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

SNIÐMÁT FYRIR YFIRLÝSINGU UM HELSTU NEIKVÆÐU ÁHRIF Á SJÁLFBÆRNI

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „einkvæmt auðkenni verðbréfunar“: einkvæmt auðkenni eins og um getur í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1224,
2) „sértæk losun koltvísýrings“: „sértæk losun koltvísýrings“ eins og hún er skilgreind í h-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 ([1]),
3) „markmið fyrir allan flotann í ESB“: „markmið fyrir allan flotann í ESB“ eins og skilgreint er í k-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631,
4) „endurnotanleiki“: endurnotanleiki eins og skilgreint er í 13. lið 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB ([2]),
5) „endurvinnanleiki“: endurvinnanleiki eins og hann er skilgreindur í 14. lið 4. gr. tilskipunar 2005/64/EB,
6) „endurheimtanleiki“: endurheimtanleiki eins og hann er skilgreindur í 15. lið 4. gr. tilskipunar 2005/64/EB,
7) „endurvinnslunýtni“ í endurvinnsluferli rafhlöðu: hlutfallið sem fæst með því að deila í massa frálagsþátta úr endurvinnslu með massa ílagsþátta úrgangsrafhlaðna, gefið upp sem hundraðshluti,
8) „ökutæki með engri og lítilli losun“: ökutæki með engri og lítilli losun eins og þau eru skilgreind í m-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/631,
9) „ökutæki sem tilheyra flokkum M_1 eða N_1“: ökutæki sem tilheyra annaðhvort flokki M_1 eins og um getur í i. lið a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ([3]), eða flokki N_1 eins og um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar.

Að því er varðar vísbendingarnar í töflu 1 í liðnum „Vísbendingar um eignir sem fjármagnaðar eru með íbúðalánum“ í þessum viðauka skulu viðeigandi formúlur sem settar eru fram í annarri undirgrein I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 ([4]) gilda.

Tafla 1

Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti eigna sem eru fjármagnaðar með undirliggjandi áhættuskuldbindingum verðbréfunar

Upphafsaðilar verðbréfunar [*Heiti og LEI-auðkenni*]
Samantekt [*Heiti og LEI-auðkenni*] tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti eigna sem fjármagnaðar eru með undirliggjandi áhættuskuldbindingum verðbréfunar [*einkvæmt auðkenni verðbréfunar*] sem er lýst í þessari yfirlýsingu.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011 (Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 13, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2019/631/oj).

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB frá 26. október 2005 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika þeirra og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2005/64/oj).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2018/858/oj).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1288 frá 6. apríl 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“, tilgreina efni, aðferðafræði og framsetningu upplýsinganna í tengslum við sjálfbærnivísa og neikvæð áhrif á sjálfbærni og efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og markmið um sjálfbæra fjárfestingu í skjölum áður en samningur er gerður, á vefsíðum og í reglubundnum skýrslum (Stjtíð. ESB L 196, 25.7.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2022/1288/oj).

Upphafsaðilar verðbréfunar [*Heiti og LEI-auðkenni*]

ISIN-númer hvers áhættulags og/eða skuldabréfs verðbréfunar eru eftirfarandi [*setja skal inn ISIN-númer*].
Þessi yfirlýsing nær yfir viðmiðunartímabilið frá [*dags.*] til [*dags.*].
Fyrir hverja eignategund í safninu [*bílalán/-kaupleigusamningar, íbúðalán*] eru núverandi heildareftirstöðvar höfuðstóls undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem hér segir [*upplýsingar sem um getur í e-lið 2. mgr. 2. gr.]*.
[*Samantekt sem um getur f-lið 2. mgr. 2. gr.*].

Skýring á því hvernig tekið er tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti eigna sem eru fjármagnaðar með undirliggjandi áhættuskuldbindingum verðbréfunar við val á undirliggjandi áhættuskuldbindingum sem bæta á í safnið við útboðið eða á líftíma verðbréfunar
[*Upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 2. gr.*].

Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti eigna sem eru fjármagnaðar með undirliggjandi áhættuskuldbindingum verðbréfunar
[*Upplýsingar sem um getur í 5. mgr. 2. gr. á því sniði sem sett er fram hér á eftir*].

LOFTSLAGSVÍSAR OG AÐRIR UMHVERFISTENGDIR VÍSAR

	Vísir um neikvæða sjálfbærni	Mælistika	Áhrif [viðmiðunartímabil n]	Áhrif [viðmiðunartímabil n-1]	Skýring
Vísar um eignir sem eru fjármagnaðar með íbúðalánum					
Jarðefnaeldsneyti	1. Áhætta gagnvart jarðefnaeldsneyti sem notað er til upphitunar eða raforkuframleiðslu	Hlutdeild undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með fasteignum sem nota jarðefnaeldsneyti til upphitunar og raforkuframleiðslu.			
Orkunýtni	2. Áhætta gagnvart fasteignum með lélegri orkunýtingu	Hlutdeild undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem eru tryggðar með fasteignum með lélegri orkunýtingu.			
Vísar um eignir sem eru fjármagnaðar með bílalánum og -kaupleigusamningum					
Losun	3. Áhætta gagnvart ökutækjum sem uppfylla ekki viðeigandi viðmiðunarmörk losunar.	Hlutdeild undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með farartækjum sem tilheyra flokkum M_1 eða N_1 með sértækri losun koltvísýrings sem er: i. fram til 31. desember 2025, jafnt og eða hærra en 50 g CO_2/km (ökutæki með engri og lítilli losun), og ii. frá og með 1. janúar 2026, hærra en núll.			

Mengun	4. Áhætta gagnvart ökutækjum sem uppfylla ekki viðmiðunarmörk og staðla um loftmengun.	Hlutdeild undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með ökutækjum sem uppfylla ekki kröfur í nýjasta gildandi þrepi Euro 6-losunarmarkanna sem sett eru fram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 (1) og losunarmörk fyrir umhverfisvæn létt ökutæki sem sett eru fram í töflu 2 í viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB (2).			
Lítill endurvinnanleiki	5. Áhætta gagnvart ökutækjum með lágt hlutfall endurvinnanleika	Hlutdeild undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með farartækjum sem tilheyra flokkum M_1 eða N_1 sem er ekki: a) unnt að endurnota eða endurvinna a.m.k. 85% miðað við þyngd, b) unnt að endurnota eða endurheimta a.m.k. 95% miðað við þyngd.			

Aðrir vísar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti

[*Upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti sem um getur í b-lið 5. mgr. 2. gr., á því sniði sem sett er fram í töflu 2*]

[*Upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti sem um getur í c-lið 5. mgr. 2. gr., á því sniði sem sett er fram í töflu 3*]

[Upplýsingar um alla aðra vísa er að finna í töflu 1 „Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti“ í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1288 á sniðinu sem sett er fram í þeirri töflu eða hvers kyns annan vísi sem notaður er til að greina og meta helstu neikvæðu viðbótaráhrif á sjálfbærniþátt sem um getur í d-lið 5. mgr. 2. gr. þessarar reglugerðar. Að því er þessa línu varðar, ef annar vísir í töflu 1 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1288 er notaður skulu viðeigandi skilgreiningar og formúlur í þeim viðauka gilda. Hins vegar skal öllum völdum vísum ætlað að gilda um eignir sem fjármagnaðar eru með undirliggjandi áhættuskuldbindingum gagnvart íbúðalánum eða eignum sem fjármagnaðar eru með bílalánum og -kaupleigusamningum.]

Sögulegur samanburður

[*Upplýsingar sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 2. gr.]*

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2007/715/oj).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB frá 23. apríl 2009 um að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum (Stjtíð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 5, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2009/33/oj).

Tafla 2

Viðbótarloftslagsvísar og aðrir umhverfistengdir vísar

Neikvæð sjálfbærniáhrif	Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti (eigindleg eða megindleg)	Mælistika
Vísar um eignir sem eru fjármagnaðar með íbúðalánum		
[*Upplýsingar um einn eða fleiri af vísunum í töflu 2 „Loftslagstengdir vísar til viðbótar og aðrir umhverfistengdir vísar“ í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1288 á sniðinu sem sett er fram í þeirri töflu. Að því er þessa línu varðar skulu viðeigandi skilgreiningar og formúlur í þeim viðauka gilda. Hins vegar skal öllum völdum vísum ætlað að gilda um eignir sem fjármagnaðar eru með undirliggjandi áhættuskuldbindingum gagnvart íbúðalánum*.]		
Vísar um eignir sem eru fjármagnaðar með bílalánum og -kaupleigusamningum		
Losun vatns, úrgangs og efnis	6. Endurvinnslunýtni rafhlaðna rafknúinna ökutækja	Hlutdeild undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með rafknúnum ökutækjum sem hafa litíumjónarafhlöður með endurvinnsluhlutfall sem er lægra en: i. 65% fram til 31. desember 2025 og ii. 70% fram til 31. desember 2030 eða Hlutdeild undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með rafknúnum ökutækjum sem hafa blýsýrurafgeyma með endurvinnsluhlutfall sem er lægra en: i. 75% fram til 31. desember 2025 og ii. 80% fram til 31. desember 2030
Losun	7. Áhætta gagnvart ökutækjum með meiri koltvísýringslosun en markmið fyrir allan flotann í ESB	Hlutdeild undirliggjandi áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með farartækjum sem tilheyra flokkum M_1 eða N_1, með meiri sértæka losun koltvísýrings en markmiðin um losun koltvísýrings fyrir allan flotann.

Tafla 3

Viðbótarvísar fyrir félags- og starfsmannatengd mál, virðingu fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum

Neikvæð sjálfbærniáhrif	Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti (eigindleg eða megindleg)	Mælistika
Vísar um eignir sem eru fjármagnaðar með íbúðalánum, bílalánum og -kaupleigusamningum		
Ef þær liggja fyrir, upplýsingar um einn eða fleiri vísa úr töflu 3, um „Viðbótarvísar fyrir félags- og starfsmannatengd mál, virðingu fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum“ í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2022/1288 á sniðinu í þeirri töflu. Að því er þessa töflu varðar skulu viðeigandi skilgreiningar og formúlur í þeim viðauka gilda. Hins vegar skal öllum völdum vísum ætlað að gilda um þau fyrirtæki sem framleiddu ökutækin sem tryggja undirliggjandi áhættuskuldbindingarnar í safninu.		

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/2759 2026/EES/17/36

frá 19. júlí 2024

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreint er hvenær afleiður verða notaðar einungis til að verja gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, kröfurnar fyrir innlausnarstefnu og lausafjárstýringartæki evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, aðstæður fyrir pörun beiðna um framsal á hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, tiltekin viðmið fyrir ráðstöfun eigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og tilteknir þættir við birtingu upplýsinga um kostnað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingasjóði ([1]), einkum 9. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.), 18. gr. (fjórðu undirgrein 6. mgr.), 19. gr. (þriðju undirgrein 5. mgr.), 21. gr. (þriðju undirgrein 3. mgr.) og 25. gr. (fjórðu undirgrein 3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum (e. *ELTIFs*) er óheimilt, skv. d-lið 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, að nota fjármálaafleiðugerninga nema þegar notkun slíkra gerninga þjónar eingöngu þeim tilgangi að verja gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins. Þeir fjármálaafleiðugerningar sem ættu að teljast eingöngu þjóna þeim tilgangi að verja gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins eru þeir sem hafa undirliggjandi þætti sem samsvara þeim eignum sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður hefur eða myndi hafa áhættuskuldbindingar gagnvart. Í sumum tilvikum kann þó að vera að engir fjármálaafleiðugerningar séu til staðar til að áhættuverja áhættuskuldbindingu gagnvart tiltekinni eign. Í því tilviki ætti að vera hægt að áhættuverja þá áhættuskuldbindingu með því að nota fjármálaafleiðugerning sem tilheyrir sama, eða efnahagslega svipuðum, eignaflokki og sá fjármálaafleiðugerningur sem hefur undirliggjandi þætti sem samsvara eignunum sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður hefur eða myndi hafa áhættuskuldbindingar gagnvart. Til að tryggja að notkun fjármálaafleiðugerninga þjóni eingöngu þeim tilgangi að verja gegn þeirri áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ættu þeir fjármálaafleiðugerningar sem notaðir eru að draga úr viðkomandi áhættu á skilvirkan hátt. Það ætti því að vera hægt að sannreyna að dregið hafi úr áhættu með kerfum sem greina þá áhættu sem ætlað er að milda og hvernig fjármálaafleiðan myndi milda slíka áhættu.

2) Undirliggjandi gerningar og lausafjársnið þeirra getur haft áhrif á evrópska langtímafjárfestingarsjóðinn og á eðli hans til lengri tíma litið. Nauðsynlegt er að tryggja að fjárfestingaráætlun evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs sé í samræmi við lausafjársnið og innlausnarstefnu hans. Við mat á því hvort líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs samrýmist lífsferlum hverrar einstakrar eignar sjóðsins, eins og um getur í 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, ætti rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs því að taka til athugunar lausafjársnið hverrar einstakrar eignar sjóðsins, lausafjársnið eignasafns hans á vegnum grundvelli, tímasetningu öflunar á þessum einstöku eignum og verðmat á þeim. Þar eð innlausnir kunna að hafa áhrif á eignir og skuldir og lausafjárstöðu evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ætti rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, sem gefur kost á innlausnum á líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, einnig að taka til athugunar innlausnarstefnu sjóðsins við mat á því hvort líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs samrýmist lífsferlum sérhverrar einstakrar eignar sjóðsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2024/2759, 25.10.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 2.10.2025, bls. 38.a

([1]) Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2015/760/oj.

3) Samkvæmt b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 verður rekstraraðili hans að geta sýnt lögbæru yfirvaldi sjóðsins fram á að til staðar séu viðeigandi innlausnarstefna og lausafjárstýringartæki sem eru samrýmanleg langtímafjárfestingarstefnu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins. Ein leið til að ná því markmiði er að greina niðurstöður, forsendur og ílög sem notuð eru við álagspróf á lausafjárstöðu þegar þau eru framkvæmd í samræmi við b-lið 3. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB ([2]). Niðurstöður greiningarinnar ættu að gera rekstraraðilum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða kleift að sýna fram á hvort og hvernig evrópskur langtímafjárfestingarsjóður getur, í alvarlegum en trúverðugum sviðsmyndum, tekist á við innlausnarbeiðnir. Þessar niðurstöður ættu einnig að gera lögbærum yfirvöldum kleift að meta sviðsmyndirnar fyrir eignir og skuldir, þ.m.t. innlausnar- og veðáföll, og lækkun á virði eigna við þessar álagssviðsmyndir.

4) Lágmarkseignartímabilið, ef við á, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, gerir evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum yfirleitt kleift að ljúka fjárfestingu með eiginfjárframlagi sínu. Þar af leiðandi ætti lágmarkseignartímabil, ef við á, að gera evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum kleift að ná því markmiði. Í reglugerð (ESB) 2015/760 er þó hvorki tilgreind lengd lágmarkseignartímabils né krafan um það og gerð krafa um að rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ákvarði lágmarkseignartímabil á grundvelli ákveðinna viðmiðana. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ætti því að taka tillit til aðstæðna sjóðsins við ákvörðun lágmarks-eignartímabils.

5) Að því er varðar evrópska langtímafjárfestingarsjóði sem bjóða upp á möguleika á innlausnum á líftíma sínum, í samræmi við 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, ætti að vekja athygli á því, í þágu réttarvissu evrópskra langtímafjárfestingarsjóða og fjárfesta þeirra, að í sumum aðildarríkjum er innlausnarstefnan ekki alltaf innifalin í félagssamningum. Ástæðan er sú að í sumum aðildarríkjum er tilgangur félagsins eða sjóðsins, skráð skrifstofa hans, hluthafafundir, valdsvið stjórnar og önnur atriði sem lúta að uppsetningu evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs yfirleitt tilgreind í félagssamningum en ekki stefnur eða verklagsreglur sem komið er í framkvæmd af þriðja aðila, þ.m.t. rekstraraðila sérhæfðs sjóðs sem stýrir sjóðnum. Í þágu gagnsæis og verndar fjárfesta ætti rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs að veita lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins tilteknar lágmarks-upplýsingar sem sýna fram á að sjóðurinn hafi innleitt viðeigandi innlausnarstefnu og lausafjárstýringartæki sem eru samrýmanleg langtímafjárfestingaráætlun evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.

6) Í ákvæðum 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2011/61/ESB er þess krafist að rekstraraðilar sérhæfðra sjóða, og þar með einnig rekstraraðilar evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, noti viðeigandi lausafjárstýringarkerfi, setji verklagsreglur sem gera þeim kleift að hafa eftirlit með lausafjáráhættu sinni og tryggi samræmingu fjárfestingaráætlunar, lausafjársniðs og innlausnarstefnu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins. Í þessu tilliti ætti rekstraraðili evrópsks langtímafjár-festingarsjóðs að hafa möguleika á að velja og beita, að eigin ákvörðun, einu eða fleiri lausafjárstýringartækjum til að vinna gegn þynningu eða öðrum lausafjárstýringartækjum. Þar eð unnt er að markaðssetja evrópska langtíma-fjárfestingarsjóði til almennra fjárfesta, og til að gera strangar kröfur til heilleika markaðarins mögulegar, ætti rekstraraðili sjóðsins í síðara tilvikinu að veita lögbæru yfirvaldi sjóðsins upplýsingar um val á lausafjárstýringartækjum og þess hve viðeigandi þau eru í tengslum við evrópska langtímafjárfestingarsjóðinn, að beiðni þess yfirvalds.

7) Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir ættu að geta innleitt fjárfestingaráætlanir fyrir langtímaeignir, sem krefjast þess að unnt sé að ákvarða hámarkslausafjárstöðu sem er í boði í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði og að dregið sé úr líkum á frestun evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs. Af þessum sökum ætti rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs að innleiða innlausnartakmarkanirnar sem mælt er fyrir um í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 á þann hátt að tryggt sé að innlausnir takmarkist við hluta lausafjáreigna og að komið sé í veg fyrir misræmi í lausafjárstöðu. Til að tryggja haldgóða vernd langtímaeigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og í kjölfarið verndun hagsmuna allra fjárfesta, ætti notkun innlausnartakmarkana að tengjast margs konar og mismunandi aðstæðum, þ.m.t. erfiðum markaðsaðstæðum.

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2011/61/oj).

8) Þegar lögbær yfirvöld meta hlutfallið, sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, ættu þau m.a. að taka tillit til fjölbreytileika evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, lausafjársniðs þeirra, uppsagnarfrests, ef við á, og innlausnartíðni evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs og vænts sjóðstreymis með varfærnum hætti. Lögbær yfirvöld ættu því einungis að taka tillit til vænts jákvæðs sjóðstreymis að því marki sem afar mikil vissa er fyrir því að þetta jákvæða sjóðstreymi muni koma fram. Því ættu lögbær yfirvöld ekki að telja þann möguleika að evrópskur langtímafjárfestingarsjóður geti ráðstafað viðurkenndum langtímafjárfestingareignum, eða möguleikann á því að sjóðurinn geti aflað fjármagns með nýjum áskriftum, sem vænt jákvætt sjóðstreymi.

9) Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ætti að ákvarða prósentuna sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, annaðhvort á grundvelli innlausnartíðni og hámarkslengdar uppsagnarfrests, sem táknar þann uppsagnarfrest, þ.m.t. framlengingu uppsagnarfrests ef við á, eða að öðrum kosti á grundvelli innlausnartíðni og lágmarkshlutfalls lausafjáreigna. Í báðum tilvikum getur rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs íhugað að innleiða uppsagnarfrest sem hluta af innlausnarstefnunni. Til að auðvelda rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs að kvarða mæliþætti lausafjár og skilvirkt eftirlit lögbærs yfirvalds, ætti að nota línulega nálgun til að ákvarða það hámarkshlutfall eigna sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 þegar innlausnartíðni eða uppsagnarfrestur samsvara ekki þeim mæliþáttum sem settir eru fram í kvörðunartöflunum sem látnar eru rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins í té.

10) Ef fjárhæð lausafjáreigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs fer undir tiltekin viðmiðunarmörk, einkum vegna sveiflna í verðmæti eigna eða áhrifa af innlausnum, ætti rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að endurreisa lágmarkshlutfall lausafjáreigna innan viðeigandi tímabils, að teknu tilhlýðilegu tilliti til hagsmuna fjárfesta í evrópskum langtímafjárfestingarsjóð og langtímafjárfestingaráætlun hans.

11) Til að tryggja seljanleika og framsalshæfi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa evrópskra langtímafjárfestingarsjóða ætti ekki að líta svo á að möguleikinn á að para framsalsbeiðnir, eins og um getur í 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, banni aðrar tegundir framsals, að því tilskildu að stefnan um beiðnir um paranir evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs banni ekki slíkt framsal og framsalsfjárfestarnir hafi komist að skýru samkomulagi um þann möguleika.

12) Í tengslum við möguleikann á að para saman framsalsbeiðnir, eins og um getur í 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, sem að því er varðar þessa reglugerð ætti ekki að líta á sem marghliða kerfi, og möguleikann á innlausnum á líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, sem um getur í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, er nauðsynlegt að tilgreina tilteknar kröfur sem lúta að virkni pörunar framsalsbeiðna.

13) Til að draga úr líkum á því að verðhögnun eigi sér stað milli innra virðis hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa evrópskra langtímafjárfestingarsjóða sem viðskipti eru með á eftirmarkaði og þeirra sem eru jöfnuð með pörun framsalsbeiðna, þar sem framkvæmdarverðið byggir ekki á innra virði evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, ætti að ákvarða framkvæmdarverðið utan verðmatsdaga sjóðsins.

14) Þegar misræmi er milli útgöngufjárfesta og hugsanlegra fjárfesta skal pörun gerð í réttu hlutfalli, skv. b-lið 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760. Til að tryggja skilvirka pörun beiðna og tiltrú fjárfesta á þeim ætti að bjóða fjárfestum tækifæri til að ítreka fyrirmæli sín, láta eftirstandandi pörunarbeiðnir standa áfram til boða áður en þær verða paraðar síðar meir eða draga eftirstæða eða útistandandi pörunarhagsmuni sína til baka.

15) Í sumum aðildarríkjum eru reglur eða stofnsamningar sem ákvarða vanalega tilgang félags eða sjóðs, skráða skrifstofu, hluthafafunda, valdsviðs stjórnar og önnur atriði sem lúta að uppsetningu lögaðila en ekki stefnur eða verklagsreglur sem þriðji aðili kemur á, eins og sá rekstraraðili sérhæfðs sjóðs sem stýrir sjóðnum. Enn fremur væri í vissum tilvikum ekki hægt að fella allar þessar upplýsingar inn í reglur eða stofnsamninga evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, einkum ef um er að ræða regnhlífarsjóði með ýmsa ólíka undirsjóði.

16) Án tillits til þess hvernig evrópskur langtímafjárfestingarsjóður gefur kost á að para beiðnir að fullu eða að hluta, í þágu öflugrar fjárfestaverndar, ætti stefna um pörun beiðna sem rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs setur að innihalda tilteknar upplýsingar sem varða snið, verklagsreglur, skilyrði og tímasetningu pörunar.

17) Nauðsynlegt er að tryggja mikið magn upplýsinga um hugsanlegan markað og þátttakendur hans sem gætu verið fulltrúar hugsanlegra kaupenda að ráðstöfuðum eignum evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, sem kunna að vera illseljanlegar og sérstæðar. Við mat á markaði fyrir hugsanlega kaupendur, sem um getur í a-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, ætti því að taka tillit til markaðsáhættu og meta þannig m.a. hvort hugsanlegir kaupendur séu háðir því að fá lán frá þriðju aðilum, hvort hætta sé á illseljanleika eigna áður en til sölu kemur, hvort fyrir hendi sé áhætta í tengslum við stjórnmálalegar breytingar eða lagabreytingar, þ.m.t. skattaumbætur, og hvort hætta sé á versnandi efnahagsástandi á markaðnum sem skiptir máli fyrir eignir evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs.

18) Markaðsatburðir geta breytt verðmati eigna evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs verulega og þar með haft áhrif á hagsmuni fjárfesta. Verðmat á eignunum sem á að ráðstafa, sem um getur í c-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 ætti því að fara fram nægilega nálægt því er ráðstöfun eignanna hefst. Til að koma í veg fyrir ótilhlýðilegar byrðar á evrópskan langtímafjárfestingarsjóð og tryggja að hann starfi á kostnaðarhagkvæman hátt sem kemur öllum fjárfestum í evrópskum langtímafjárfestingarsjóð til góða, ætti ekki að skylda evrópskan langtímafjárfestingarsjóð, sem hefur þegar verðmetið eignirnar í samræmi við tilskipun 2011/61/ESB nægilega nálægt áður en ráðstöfun eignanna hefst, til að endurmeta þær.

19) Til að tryggja sameiginlega nálgun í tengslum við birtingu upplýsinga um kostnað við að fjárfesta í evrópskum langtímafjárfestingarsjóð ætti slík birting upplýsinga um kostnað að ná yfir allan kostnað sem fjárfestar greiða, beint eða óbeint. Nauðsynlegt er að tilgreina að dreifingarkostnaður ætti að ná yfir allan kostnað vegna umsýslu, eftirlits, sérfræðiþjónustu og endurskoðunar sem tengist dreifingu og kveða á um sameiginlegar skilgreiningar, aðferðafræði við útreikninga og framsetningarform kostnaðar.

20) Evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir með starfsleyfi fyrir 10. janúar 2024 geta, skv. fjórðu undirgrein 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/606 ([3]), valið að falla undir þá reglugerð. Til samræmis við það ættu evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir sem kjósa ekki að falla undir reglugerð (ESB) 2023/606 áfram að falla undir framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 ([4]).

21) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.

22) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([5]).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/606 frá 15. mars 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/760 að því er varðar kröfur um fjárfestingarstefnu og rekstrarskilyrði evrópskra langtímafjárfestingarsjóða og gildissvið hæfra fjárfestingareigna, kröfur um samsetningu og fjölbreytileika eignasafna og lántöku í reiðufé og aðrar sjóðsreglur (Stjtíð. ESB L 80, 20.3.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/606/oj).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingasjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða (Stjtíð. ESB L 81, 23.3.2018, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2018/480/oj).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2010/1095/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Notkun fjármálaafleiðugerninga eingöngu til áhættuvarnar

Notkun fjármálaafleiðugerninga skal eingöngu þjóna þeim tilgangi að verja gegn áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) notkun fjármálaafleiðugerningsins er:

   i. efnahagslega viðeigandi fyrir evrópskan langtímafjárfestingarsjóð á sjóðsstigi,

   ii. í samræmi við áhættusnið evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

b) notkun fjármálaafleiðugerninga miðar að því að ná fram sannanlegri lækkun áhættu á stigi evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs,

c) undirliggjandi gerningar fjármálaafleiðugerninganna eru eignir sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður ber áhættu gagnvart eða, ef fjármálaafleiðugerningar til að verjast áhættu sem stafar af áhættuskuldbindingu gagnvart slíkum eignum eru ekki fyrir hendi, eru undirliggjandi þættir fjármálaafleiðugerninga í sama eða efnahagslega svipuðum eignaflokki.

Að því er varðar b-lið skal rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðs gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fjármálaafleiðugerningarnir, sem notaðir eru til að verja áhættu sem er innbyggð í aðrar fjárfestingar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, dragi úr áhættu á stigi sjóðsins, einnig við erfiðar markaðsaðstæður.

2. gr.

Aðstæður þar sem líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs samrýmist lífsferli sérhverrar einstakrar eignar

Við mat á því hvort líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs samrýmist lífsferlum sérhverrar einstakrar eignar, eins og um getur í 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal rekstraraðili sjóðsins hafa allt eftirfarandi í huga:

a) lausafjársnið sérhverrar einstakrar eignar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

b) lausafjársnið eignasafns evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins á vegnum grundvelli,

c) tímasetningu öflunar og ráðstöfunar sérhverrar stakrar eignar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, metið í ljósi efnahagslegs lífsferils eignanna og líftíma sjóðsins,

d) fjárfestingarmarkmið evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

e) innlausnarstefnu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, ef hann gefur kost á innlausnum á líftíma sjóðsins,

f) þörfina á reiðufjárstjórnun og væntu sjóðstreymi og skuldbindingum evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

g) möguleikann á að framlengja, eða binda enda á, áhættuskuldbindingu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins gagnvart einstökum eignum hans,

h) tiltækileika áreiðanlegs, trausts og uppfærðs verðmats á eignum í eignasafni evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

i) samsetningu eignasafnsins og stjórnun lífsferils eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins á líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins.

3. gr.

Viðmiðanir fyrir ákvörðun lágmarkseignatímabils sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760

1. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs sem kýs að ákvarða lágmarkseignartímabil, eins og um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal taka tillit til alls eftirfarandi:

a) langtímaeðlis og fjárfestingaráætlunar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

b) undirliggjandi eignaflokka evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, lausafjárstöðu þeirra og stöðunnar á lífsferli þeirra,

c) fjárfestingarstefnu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og að hvaða marki hann tekur þátt í fjárfestingarstefnu og stjórnun undirliggjandi eigna sem sjóðurinn fjárfestir í,

d) fjárfestagrunns evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og:

   i. ef evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn er markaðssettur fyrir almenna fjárfesta, vænta samanlagða samþjöppun almennra fjárfesta,

   ii. upplýsinga um umfang samþjöppunar á eignarhaldi fagfjárfesta í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum, ef þær eru fyrir hendi,

e) lausafjársniðs evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

f) verklagsreglna um mat á eignum evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og þeim tíma sem þarf til að gera áreiðanlegt, traust og uppfært mat (á grundvelli nýjustu gagna),

g) að hvaða marki evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn lánar eða tekur reiðufé að láni, veitir lán eða stofnar til verðbréfalánveitinga, verðbréfalántöku, endurhverfra viðskipta eða annars samnings sem hefur jafngild efnahagsleg áhrif og veldur svipaðri áhættu,

h) samsetningar og fjölbreytileika eignasafns evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

i) meðaltals og miðgildis líftíma eigna í eignasafni evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, eftir atvikum,

j) tímalengdar og einkenna lífsferils evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og innlausnarstefnu hans,

k) tímaramma fyrir fjárfestingarfasa fjárfestingaráætlunar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

l) hvort lágmarkseignartímabilið, eftir atvikum, sé stöðugt og í réttu hlutfalli við þann tíma sem þarf til að ljúka fjárfestingu í hlutafjárframlagi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, einkum:

   i. hvort lágmarkseignartímabilið nái yfir a.m.k. upphaflegan fjárfestingarfasa evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

   ii. hvort lágmarkseignartímabilið vari a.m.k. þar til fjárfest hefur verið fyrir heildarfjármagnsframlag evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, nema rekstraraðili sjóðsins rökstyðji það á viðeigandi hátt.

2. Þegar lögbært yfirvald evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins óskar eftir því skal rekstraraðili evrópska langtíma-fjárfestingarsjóðsins rökstyðja fyrir lögbæru yfirvaldi sjóðsins, einkum á grundvelli þeirra viðmiða sem sett eru fram í 1. mgr., hversu viðeigandi tímalengd lágmarkseignartímabils sjóðsins er og hvernig það samrýmist matsaðferðum og innlausnarstefnu hans.

4. gr.

Lágmarksupplýsingar um innlausnarstefnu og lausafjárstýringartæki sem rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal veita lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins skv. b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760

1. Ef evrópskur langtímafjárfestingarsjóður gefur kost á innlausnum á líftíma sjóðsins skal rekstraraðili hans veita lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins allar eftirfarandi upplýsingar þegar starfsleyfi sjóðsins er veitt:

a) innlausnarstefnu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, sem skal innihalda og tilgreina allt eftirfarandi á skýran hátt:

   i. upplýsingar um tíðni og tímalengd innlausna,

   ii. lýsingu á tiltækum lausafjárstýringartækjum og skilyrðum fyrir virkjun þeirra,

   iii. skilyrði og verklagsreglur fyrir beiðni um innlausn og við úrvinnslu móttekinna innlausnarbeiðna,

b) þær einingar sem eru ábyrgar fyrir stýringu innlausnarferlis og því hvernig innlausnir verða skjalfestar,

c) lýsingu á því hvernig eignum og skuldbindingum evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins verður stýrt til að mæta innlausnarbeiðnum,

d) lýsingu á verklagi, ef við á, til að koma í veg fyrir innlausnir sem hafa þynningaráhrif á fjárfesta,

e) lýsingu á matsaðferðum evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, sem settar eru fram í samræmi við þriðju undirgrein 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2011/61/ESB og 72. og 74. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 ([6]),

f) þær niðurstöður, forsendur og ílög sem notuð eru við álagspróf á lausafjárstöðu, ef gera á slík álagspróf á lausafjárstöðu skv. b-lið 3. mgr. 15. gr. og annarri undirgrein 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, sem sýna fram á hvort og hvernig evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn getur tekist á við innlausnarbeiðnir við alvarlegar en trúverðugar aðstæður,

g) lausafjárstöðu sem fjárfestum evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins stendur til boða og lausafjársniðs fjárfestinga sjóðsins, bæði við venjulegar aðstæður og álagsaðstæður,

h) upplýsingar um innleiðingu lausafjárstýringartækja,

i) þættina sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar,

j) aðferðina sem rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins notar til að ákvarða hámarkshlutfallið sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skv. fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar,

k) allar aðrar upplýsingar sem lögbært yfirvald evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins telur skipta máli til að meta hvort innlausnarstefna sjóðsins og lausafjárstýringartæki uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2015/760.

2. Rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins skal, á líftíma sjóðsins, áður en hann breytir þeim þáttum sem um getur í i. eða ii. undirlið a-liðar og j-lið 1. mgr., eða breytir verulega þeim þáttum sem um getur í iii. undirlið a-liðar 1. mgr., tilkynna lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins skriflega um slíka breytingu a.m.k. einum mánuði áður en hún er gerð eða strax eftir að ófyrirsjáanleg breyting, sem rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins fær ekki ráðið við, hefur átt sér stað. Hafi viðkomandi lögbært yfirvald ekki brugðist við innan 20 almanaksdaga skal litið svo á að það hafi samþykkt slíka breytingu.

([6]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2013, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2013/231/oj).

3. Á meðan líftíma evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs stendur skal rekstraraðili hans einnig veita allar eftirfarandi upplýsingar, óski lögbært yfirvald sjóðsins eftir því:

a) uppfærðar og ítarlegar upplýsingar um hvort lausafjárstýringartæki evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins hafi verið virkjuð og notuð til að stýra innlausnarbeiðnum og, ef svo er, við hvaða aðstæður og hvernig,

b) uppfærðar niðurstöður álagsprófa á lausafjárstöðu og uppfærðar forsendur og ílög sem notuð eru í álagsprófum vegna lausafjárstöðu sem framkvæmd eru, bæði við óvenjulegar og erfiðar markaðsaðstæður,

c) uppfærðar upplýsingar sem um getur í 1. mgr., ef um er að ræða verulegar breytingar á þeim upplýsingum.

5. gr.

Kröfurnar sem evrópskur langtímafjárfestingarsjóður þarf að uppfylla með tilliti til innlausnarstefnu sinnar og lausafjárstýringartækja, eins og um getur í b- og c-liðum fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760

1. Ef evrópskur langtímafjárfestingarsjóður gefur kost á innlausnum á líftíma sjóðsins skal innlausnarstefnan fela í sér alla eftirfarandi þætti:

a) skilyrðin fyrir því að unnt sé að veita innlausnir,

b) tímarammann þegar unnt er að veita innlausnir,

c) hversu oft eða með hvaða millibili veita má innlausnir,

d) tímatakmarkanir, ef einhverjar eru, og verklagsreglur og kröfur sem gilda um innlausnir, þ.m.t.:

   i. uppsagnarfrest og framlengingu á uppsagnarfresti, ef við á, ásamt lýsingu á því hvernig og innan hvaða tíma fjárfestar fá endurgreitt,

   ii. skilyrði og verklag vegna innlausnarbeiðna,

   iii. hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem taka þátt í verklaginu,

e) hvort og hvernig fjárfestar geti farið fram á niðurfellingu innlausnarbeiðna sem ekki hafa verið framkvæmdar að fullu,

f) hvort evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn gefi kost á endurgreiðslum með afhendingu úr eignum sjóðsins, eins og um getur í 5. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760,

g) hvort evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn sé með lágmarkseignartímabil eins og um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 og, ef svo er, tímalengd og skilyrði fyrir slíku lágmarkseignartímabili,

h) lýsingu á tiltækum lausafjárstýringartækjum og skilyrðunum fyrir virkjun þeirra,

i) hlutfallið sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760.

Ef evrópski langtímafjárfestingarsjóðurinn er markaðssettur fyrir almenna fjárfesta, að því er varðar h-lið, skal forðast notkun á tæknilegum hugtökum í lýsingu á tiltækum lausafjárstýringartækjum, til að gera almennum fjárfestum kleift að skilja þessi tæki.

2. Þegar rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs tekur upp innlausnarstefnu sjóðsins skal hann taka tillit til allra eftirfarandi einkenna sjóðsins til að meta lausafjársnið hans:

a) samsetningu eignasafns evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, þ.m.t. eignanna sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760,

b) líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

c) lausafjársniðs evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

d) aðferða og skjalfestra ferla við mat á eignum evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

e) markaðsaðstæðna og mikilvægra atburða sem gætu haft áhrif á möguleika rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins til að koma innlausnarstefnunni í framkvæmd,

f) lágmarkseignartímabils sem rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins ákvarðar í samræmi við 3. gr. þessarar reglugerðar og viðmiðanirnar sem notaðar eru til að ákvarða það lágmarkseignartímabil, eftir atvikum,

g) tiltækra lausafjárstýringartækja, kvörðunar þeirra og skilyrða fyrir virkjun þeirra,

h) hlutfallsins sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 og viðmiðananna sem eru notaðar til að ákvarða það hlutfall,

i) álagsprófa á lausafjárstöðu, ef slík álagspróf á lausafjárstöðu skulu gerð skv. b-lið 3. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2011/61/ESB, og niðurstaðna þeirra,

j) hvernig hagsmunir fjárfesta verði tryggðir.

3. Innlausnarstefnan skal vera traust, vel skjalfest og í samræmi við fjárfestingaráætlun og lausafjársnið evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins allan líftíma hans. Öll eftirfarandi atriði skulu vera í samræmi við eðli og seljanleika undirliggjandi eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins:

a) mismunandi einkenni innlausnarstefnunnar, þ.m.t. tíðni innlausna,

b) lágmarkseignartími, eftir atvikum,

c) dagsetningin sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760,

d) lausafjárstýringartækin sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760.

Við endurskoðun á gildi áhættumats og nýjar upplýsingar sem rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs aflar á líftíma hans skal rekstraraðili sjóðsins taka tillit til niðurstaðna afturvirkra prófana sem gerðar eru á álagsprófunum lausafjárstöðu hans, eigi slík afturvirk prófun að fara fram skv. b-lið 3. mgr. 45. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 231/2013.

4. Ef innlausnir eiga sér stað oftar en á ársfjórðungsgrundvelli skal rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs rökstyðja fyrir lögbæru yfirvaldi hans hversu viðeigandi innlausnartíðnin sé og hversu samrýmanleg hún er einstökum eiginleikum sjóðsins.

5. Hlutfallið, sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal vera órjúfanlegur þáttur af innlausnarstefnu evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal kvarða það hlutfall með eigin ákvörðun á grundvelli eins af eftirfarandi:

a) innlausnartíðni og uppsagnarfrests evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, þ.m.t. framlengingu á uppsagnarfresti, ef við á, með hliðsjón af því hver af þeim þremur valkostum sem um getur í I. viðauka við þessa reglugerð rekstraraðili sjóðsins velur, eða

b) innlausnartíðni og lágmarkshlutfall eignanna sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, eins og tilgreint er í II. viðauka við þessa reglugerð.

6. Til að ákvarða hámarksstærð innlausnar á tilteknum innlausnardegi skal rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins beita hlutfallinu, sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, eins og tilgreint er í I. eða II. viðauka við þessa reglugerð, á samtölu:

a) eignirnar sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 á innlausnardeginum, og

b) vænts sjóðstreymis, samkvæmt varfærnislegu mati yfir 12 mánuði.

Rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins skal, að því er varðar b-lið, eingöngu taka tillit til þess vænta jákvæða sjóðstreymis sem rekstraraðili sjóðsins getur sýnt fram á að mikil vissa sé fyrir að muni koma fram. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal ekki telja möguleikann á að sjóðurinn geti aflað fjármagns með nýjum áskriftum sem vænt jákvætt sjóðstreymi.

7. Ef hlutfallið, sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, er kvarðað á grundvelli b-liðar 5. mgr. og fjöldi eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, er undir viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð skal rekstraraðili langtímafjárfestingarsjóðsins, innan viðeigandi tímamarka fyrir evrópska langtímafjárfestingarsjóðinn, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að endurreisa lágmarkshlutfall lausafjáreigna og viðhalda um leið getu fjárfesta til að innleysa hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf, að teknu tilliti til tilhlýðilegrar hlutdeildar fjárfesta í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum.

8. Ef uppsagnarfrestur evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, þ.m.t. framlenging á uppsagnarfresti, ef við á, er innan við þrír mánuðir skal rekstraraðili sjóðsins upplýsa lögbært yfirvald hans um það, þ.m.t. ástæður fyrir styttri uppsagnarfresti, og útskýra hvernig styttri uppsagnarfresturinn er í samræmi við einstök einkenni sjóðsins.

9. Rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal ekki vera skylt, en er heimilt að eigin ákvörðun, að velja og innleiða a.m.k. eitt lausafjárstýringartæki til að vinna gegn þynningu úr öllum eftirfarandi lausafjárstýringartækjum:

a) andþynningargjöld,

b) sveiflujöfnunarverðlagningu,

c) innlausnargjöldum.

Rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs er einnig heimilt, til viðbótar við lausafjárstýringartækin til að vinna gegn þynningu sem um getur í fyrstu undirgrein, að velja og innleiða önnur lausafjárstýringartæki að eigin ákvörðun. Í slíku tilviki skal rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, að beiðni lögbærs yfirvalds hans, veita lögbæru yfirvaldi evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins upplýsingar um hvers vegna, á grundvelli einkenna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins sem um getur í 2. mgr., lausafjárstýringartækin til að vinna gegn þynningu, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru ekki fullnægjandi fyrir þennan tiltekna evrópska langtímafjárfestingarsjóð eða hvers vegna önnur lausafjárstýringartæki myndu eiga betur við, að teknu tilliti til hagsmuna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og fjárfesta hans.

10. Lögbært yfirvald getur, að beiðni rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, undanþegið evrópskan langtímafjárfestingarsjóð, sem einungis er hægt að markaðssetja til fagfjárfesta, frá þeirri skyldu að veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingarnar sem um getur í 8. mgr. og annarri undirgrein 9. mgr.

6. gr.

Viðmiðanir til að ákvarða hlutfallið sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760

1. Við ákvörðun hlutfallsins, sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs taka tillit til allra eftirfarandi þátta:

a) lausafjársniðs evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, eigna og skuldbindinga, áhættu vegna misræmis í lausafjárstöðu og vænts inn- og útstreymis,

b) líftíma eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, líftíma evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, heildarstöðugleika fjárfestingaráætlunar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins allan líftíma hans og hugsanlega markaðsatburði sem gætu haft áhrif á evrópska langtímafjárfestingarsjóðinn,

c) skipulagningar og væntrar innlausnartíðni evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og hættunnar á þynningaráhrifum af slíkum innlausnum fyrir fjárfesta,

d) aðgengi að og eðli fyrirliggjandi lausafjárstýringartækja,

e) rekstrarárangurs evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, þ.m.t. óbundins sjóðstreymis og efnahagsreiknings sjóðsins,

f) hugsanlegra markaðsaðstæðna og -skilyrða sem myndu hafa áhrif á evrópska langtímafjárfestingarsjóðinn þegar hlutfallið er ákveðið og að hvaða marki hægt er að innleysa hlutdeildarskírteini eða hlutabréf evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins við slíkar markaðsaðstæður og -skilyrði,

g) aðgengileika áreiðanlegra upplýsinga um mat á eignum evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins,

h) stöðugleika, fjárfestingaráætlunar og samsetningar eignasafns evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins allan líftíma sjóðsins eftir innlausn,

i) annarra viðeigandi upplýsinga, á grundvelli aðstæðna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og eigna hans og fjárfestingaráætlunar, sem eru nauðsynlegar til að ákvarða það hlutfall við erfiðar markaðsaðstæður og við eðlilegar markaðsaðstæður.

2. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal ákvarða hlutfall leyfilegra innlausna, sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, í samræmi við innlausnarstefnu og matsaðferðir evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og í samræmi við 6. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

7. gr.

Pörun beiðna um framsal eins og um getur í 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760

1. Ef evrópskur langtímafjárfestingarsjóður gefur kost á pörun framsalsbeiðna útgöngufjárfesta um hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í sjóðnum við framsalsbeiðnir hugsanlegra fjárfesta að fullu eða að hluta á líftíma sjóðsins, skal stefnan fyrir pörun beiðna fela í sér allt eftirfarandi:

a) sniðmát, ferli og tímasetningu pörunar,

b) hversu oft eða með hvaða millibili pörunarglugginn er og hversu lengi hans stendur,

c) viðskiptadaga,

d) kröfur um framlagningu beiðna um kaup og útgöngu, þ.m.t. fresti til að leggja slíkar beiðnir fram,

e) uppgjörs- og útgreiðslutímabil,

f) allar verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanlega högnun sem skaðar hagsmuni fjárfesta vegna ósamhverfra upplýsinga sem eru innbyggðar í pörun framsalsbeiðna,

g) ef rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins setur uppsagnarfrest til að taka við beiðnum um kaup og útgöngu, upplýsingar um slíkan uppsagnarfrest.

Ef evrópskur langtímafjárfestingarsjóður gefur kost á innlausnum á líftíma sjóðsins, eins og um getur í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal setja fram með skírum hætti í stefnu um pörunarbeiðnir mismuninn milli slíkra innlausna og pörunarinnar sem um getur í 2. mgr. a í 19. gr. þeirrar reglugerðar, einkum að því er varðar tíðni, tímabil, framkvæmdarverð og uppsagnarfrest fyrir slíka pörun, og skal hún hafa að geyma sérstök viðmið fyrir ákvörðun framkvæmdarverðs þegar um pörun er að ræða.

2. Reglur og verklagsreglur um beiðnir um paranir skulu vera traustar, henta evrópskum langtímafjárfestingarsjóð og fjárfestum hans og miða að því að koma í veg fyrir, stýra og vakta hagsmunaárekstra.

8. gr.

Ákvörðun framkvæmdarverðs og hlutfallslegra skilyrða þegar millifærslur eru paraðar, eins og um getur í 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, og fjárhæð þóknana, kostnaðar og gjalda, ef við á, sem tengjast millifærslunni

1. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs getur ákveðið framkvæmdarverðið sem um getur í iv. lið a-liðar 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 með því að nota innra virði eða aðrar aðferðir verðákvörðunar, að því tilskildu að tryggð sé sanngjörn meðferð allra fjárfesta, þ.m.t. útgöngufjárfesta og eftirstandandi fjárfesta í evrópskum langtímafjárfestingarsjóði, einkum þegar evrópskur langtímafjárfestingarsjóður heimilar innlausnir eins og um getur í 2. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Ef framkvæmdarverðið sem um getur í iv. lið a-liðar 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 byggist á innra virði skal rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs samræma pörun framsalsbeiðna við verðmatsdaga evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins. Ef slíkt framkvæmdarverð byggist ekki á innra virði skal rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs framkvæma slíka pörun utan verðmatsdaga hans.

3. Ef evrópskur langtímafjárfestingarsjóður gefur kost á innlausnum á líftíma sjóðsins, eins og um getur í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal sjóðurinn setja fram reglurnar sem ákvarða útgöngu- eða kaupgjöld í tengslum við pörun framsalsbeiðna.

4. Að því er varðar kröfuna, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, um að þegar misræmi fyrirfinnst milli útgöngufjárfesta og hugsanlegra fjárfesta skuli pörun gerð í réttu hlutfalli, skal tilgreina allt eftirfarandi í stefnu um pörunarbeiðnir evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs:

a) ef um er að ræða kaupfyrirmæli en engin sölufyrirmæli, eða öfugt, hvort beiðnirnar eru afturkallaðar eða yfirfærðar,

b) ef útgöngufyrirmæli eru lægri en kaupfyrirmæli, að útgöngufyrirmæli séu framkvæmd og að kaupfyrirmæli sem þarf að uppfylla séu valin á grundvelli þeirrar viðmiðunar sem rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins setur og hvort umframkaupfyrirmælin séu yfirfærð og, ef svo er, hversu lengi,

c) ef útgöngufyrirmæli eru hærri en kaupfyrirmæli, að rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins framkvæmi útgöngufyrirmæli á grundvelli þeirrar viðmiðunar sem rekstraraðili sjóðsins setur og hvort umframútgöngufyrirmæli séu yfirfærð og, ef svo er, hversu lengi.

Reglurnar sem tilgreina hvernig pörun á að vera framkvæmd í réttu hlutfalli skulu byggjast á stærð hverra útgöngufyrirmæla og taka tillit til tiltækra eigna evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins og einkenna hans.

9. gr.

Upplýsingar sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir þurfa að birta fjárfestum við pörun framsala eins og um getur í 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 og tímasetningu slíkrar birtingar

1. Upplýsingarnar sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir þurfa að birta fjárfestum við pörun framsala, eins og um getur í 2. mgr. a 19. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skulu innihalda allt eftirfarandi, eftir því sem við á, eftir því hvort framkvæmdarverðið byggist á innra virði eða ekki:

a) fyrirframákveðna viðskiptadaga og uppgjörs- eða útgreiðslutímabil,

b) fresti til að leggja fram kaup- eða útgöngufyrirmæli,

c) hversu oft hægt er að para saman,

d) ef framkvæmdarverð er reiknað út með öðrum aðferðum eða tækjum en innra virði, sérstök viðmið sem notuð eru til að ákvarða framkvæmdarverðið og hvernig fjárfestum verður gerð grein fyrir því,

e) hvers kyns útgöngu- eða áskriftargjöld, gjöld eða kostnað í tengslum við að para saman framsalsbeiðnir sem útgöngu- eða hugsanlegir fjárfestar munu bera,

f) hvers kyns uppsagnarfrest vegna móttöku kaup- eða útgöngufyrirmæla,

g) hvenær, frá hverjum og hvernig nýjum fjárfestum verður tilkynnt um að þeir hafi eignast hlutdeildarskírteini eða hlutabréf í evrópska langtímafjárfestingarsjóðnum og hvenær og hvernig útgöngufjárfestar munu fá samsvarandi fjárhæð fyrir hlutdeildarskírteini sín eða hlutabréf í sjóðnum,

h) reglur sem tilgreina hvernig og við hvaða skilyrði pörun á að fara fram í réttu hlutfalli.

Ef evrópskur langtímafjárfestingarsjóður gefur kost á innlausnum á líftíma sjóðsins, eins og um getur í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins tilkynna fjárfestum um mismuninn milli slíkra innlausna og pörunarinnar sem um getur í 2. mgr. a í 19. gr. þeirrar reglugerðar, einkum að því er varðar tíðni, tímabil, framkvæmdarverð og uppsagnarfrest fyrir pörunina.

2. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal halda upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr., uppfærðum.

10. gr.

Viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur

Að því er varðar a-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 skal rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs meta alla eftirfarandi þætti fyrir hverja eign sem sjóðurinn fjárfestir í:

a) hvort einn eða fleiri hugsanlegir kaupendur séu á markaðnum,

b) hvort rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins vænti þess, á grundvelli mats sem gert er af tilhlýðilegri færni, aðgát og kostgæfni við lok sundurliðaðrar áætlunarinnar, sem um getur í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, að hugsanlegir kaupendur séu háðir ytri fjármögnun til að kaupa viðkomandi eign,

c) ef engir milliliðalausir kaupendur eru að eign, hve langur tími er líklega nauðsynlegur til að finna einn eða fleiri kaupendur að þeirri eign,

d) hið tiltekna binditímastig eignarinnar,

e) hvort rekstraraðili evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins vænti þess, á grundvelli mats sem gert er af tilhlýðilegri færni, aðgát og kostgæfni við lok sundurliðaðarar áætlunar sem um getur í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, að eftirfarandi áhætta komi í ljós:

   i. áhætta tengd lagabreytingum sem gætu haft áhrif á markaðinn fyrir hugsanlega kaupendur,

   ii. stjórnmálaáhætta sem gæti haft áhrif á markaðinn fyrir hugsanlega kaupendur,

f) hvort almenn efnahagsskilyrði á markaðnum eða mörkuðunum, sem tengjast eigninni, gætu haft neikvæð áhrif á þættina sem taldir eru upp í a- og b-lið á ráðstöfunartímabilinu.

11. gr.

Viðmiðanir fyrir mat á virði eignanna sem á að losa um

1. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs skal, að því er varðar c-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, hefja mat á eignum sem á að losa um fyrir frestinn sem um getur í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 og ljúka því innan sex mánaða áður en sá frestur rennur út.

2. Rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs getur tekið tillit til verðmats sem er gert í samræmi við 19. gr. tilskipunar 2011/61/ESB ef slíku mati hefur verið lokið eigi síðar en 6 mánuðum áður en fresturinn sem um getur í 1. mgr. rann út.

12. gr.

Sameiginlegar skilgreiningar og aðferðafræði við útreikninga og framsetningarsnið kostnaðar

1. Kostnaðurinn við að koma evrópskum langtímafjárfestingarsjóð á fót, eins og um getur í a-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal ná yfir allan kostnað vegna umsýslu, eftirlits, vörslu, gæslu, sérfræðiþjónustu og endurskoðunar og annan kostnað í tengslum við stofnun sjóðsins, án tillits til þess hvort kostnaðurinn sé greiddur til rekstraraðila eða þriðja aðila.

2. Kostnaður í tengslum við öflun eigna, eins og um getur í b-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal ná yfir allan kostnað vegna umsýslu, eftirlits, vörslu, gæslu, sérfræðiþjónustu og endurskoðunar og annan kostnað í tengslum við öflun eigna sjóðsins, án tillits til þess hvort kostnaðurinn sé greiddur til rekstraraðila evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins eða til þriðja aðila.

3. Stjórnunarkostnaður og árangurstengdar þóknanir, sem um getur í c-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skulu samanstanda af öllum greiðslum til rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs, þ.m.t. greiðslur til aðila sem samsvarandi starfsþáttur hefur verið framseldur til, að undanskildum gjöldum sem tengjast öflun eignanna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

4. Dreifingarkostnaðurinn, sem um getur í d-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal taka til alls kostnaðar við dreifingu vegna umsýslu, eftirlits, sérfræðiþjónustu og endurskoðunar.

5. Annar kostnaður, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal fela í sér alla eftirfarandi þætti ef þessi kostnaður flokkast ekki undir 1.–4. mgr. þessarar greinar:

a) greiðslur til eftirfarandi einstaklinga eða aðila, þ.m.t. einstaklinga sem þessir einstaklingar eða einingar hafa falið eitthvert hlutverk,

   i. vörslufyrirtækis,

   ii. vörsluaðila,

   iii. fjárfestingaráðgjafa,

   iv. veitenda mats- og reikningshaldsþjónustu sjóða og sjóðsstýringar,

   v. veitenda þjónustu við rekstur fasteigna og svipaðrar þjónustu,

   vi. annarra veitenda sem setja af stað viðskiptakostnað,

   vii. veitenda viðskiptaþjónustu við fagfjárfesta,

   viii. þeirra sem veita umsjón veðtrygginga,

   ix. umboðsaðila verðbréfalánveitinga,

   x. ráðgefandi lögfræðinga og sérfræðinga,

b) þóknunartengd gjöld vegna sérstakrar meðferðar hagnaðar og taps,

c) rekstrarkostnaður samkvæmt fyrirkomulagi um þóknanaskiptingu við þriðja aðila,

d) þóknanir vegna endurskoðunar, skráningar og eftirlits.

Kostnaðurinn sem um getur í fyrstu undirgrein skal ekki fela í sér kostnað í tengslum við stofnsetningu evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins sem um getur í 1. mgr., fyrirframgreiddan hluta kostnaðarins sem tengist öflun eigna sem um getur í 2. mgr., fyrirframgreiddan hluta dreifingarkostnaðarins sem um getur í 4. mgr. og stjórnunarkostnað og árangurstengdar þóknanir sem um getur í 3. mgr.

6. Kostnaðurinn sem um getur í 5. mgr. skal gefinn upp sem hlutfall af innra virði evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs yfir eins árs tímabil.

7. Heildarhlutfall kostnaðar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, sem um getur í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, skal vera hlutfall heildarkostnaðar og innra virðis sjóðsins á ári og skal reiknað út sem hér segir:

a) heildarhlutfall kostnaðar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins skal gefin upp sem prósenta með tveimur aukastöfum,

b) heildarhlutfall kostnaðar evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins skal byggjast á nýjustu kostnaðarútreikningum rekstraraðila sjóðsins og skulu þeir reiknaðir og uppfærðir árlega,

c) kostnaðurinn skal metinn „að öllum sköttum meðtöldum“.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Ákvörðun á hámarkshlutfallinu sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760, sem fall af innlausnartíðni og uppsagnarfresti evrópska langtímafjárfestingarsjóðsins, þ.m.t. framlenging uppsagnarfrests, ef við á („Uppsagnarfrestur“)

1. valkostur – Grunnvalkostur

Uppsagnarfrestur / innlausnartíðni	Enginn uppsagnar-frestur	2 vikna uppsagnar-frestur	1 mánaðar uppsagnar-frestur	3 mánaða uppsagnar-frestur	6 mánaða uppsagnar-frestur	9 mánaða uppsagnar-frestur	12 mánaða uppsagnar-frestur
12 mánuðir	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
6 mánuðir	50,0%	52,2%	54,5%	66,7%	100,0%	100,0%	100,0%
3 mánuðir	25,0%	26,1%	27,3%	33,3%	50,0%	100,0%	100,0%
2 mánuðir	16,7%	17,4%	18,2%	22,2%	33,3%	66,7%	100,0%
1 mánuður	8,3%	8,7%	9,1%	11,1%	16,7%	33,3%	100,0%
Aðra hverja viku	4,2%	4,3%	4,5%	5,6%	8,3%	16,7%	100,0%
Vikulega	1,9%	2,0%	2,1%	2,6%	3,8%	7,7%	100,0%

2. valkostur – Samanlagt yfir einn mánuð

Uppsagnarfrestur / innlausnartíðni	Enginn uppsagnar-frestur	2 vikna uppsagnar-frestur	1 mánaðar uppsagnar-frestur	3 mánaða uppsagnar-frestur	6 mánaða uppsagnar-frestur	9 mánaða uppsagnar-frestur	12 mánaða uppsagnar-frestur
12 mánuðir	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
6 mánuðir	50,0%	52,2%	54,5%	66,7%	100,0%	100,0%	100,0%
3 mánuðir	25,0%	26,1%	27,3%	33,3%	50,0%	100,0%	100,0%
2 mánuðir	16,7%	17,4%	18,2%	22,2%	33,3%	66,7%	100,0%
1 mánuður eða oftar en 1 mánuður	Samanlagt yfir eins mánaðar tímabil: 8,3%	Samanlagt yfir eins mánaðar tímabil: 8,7%	Samanlagt yfir eins mánaðar tímabil: 9,1%	Samanlagt yfir eins mánaðar tímabil 11,1%	Samanlagt yfir eins mánaðar tímabil 16,7%	Samanlagt yfir eins mánaðar tímabil 33,3%	Samanlagt yfir eins mánaðar tímabil 100,0%

3. valkostur – Samanlagt yfir tvo mánuði

Uppsagnarfrestur / innlausnartíðni	Enginn uppsagnar-frestur	2 vikna uppsagnar-frestur	1 mánaðar uppsagnar-frestur	3 mánaða uppsagnar-frestur	6 mánaða uppsagnar-frestur	9 mánaða uppsagnar-frestur	12 mánaða uppsagnar-frestur
12 mánuðir	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
6 mánuðir	50,0%	52,2%	54,5%	66,7%	100,0%	100,0%	100,0%
3 mánuðir	25,0%	26,1%	27,3%	33,3%	50,0%	100,0%	100,0%
2 mánuðir eða oftar en 2 mánuðir	Samanlagt yfir tveggja mánaða tímabil: 16,7%	Samanlagt yfir tveggja mánaða tímabil: 17,4%	Samanlagt yfir tveggja mánaða tímabil: 18,2%	Samanlagt yfir tveggja mánaða tímabil: 22,2%	Samanlagt yfir tveggja mánaða tímabil: 33,3%	Samanlagt yfir tveggja mánaða tímabil: 66,7%	Samanlagt yfir tveggja mánaða tímabil: 100,0%

II. VIÐAUKI

Ákvörðun á hámarkshlutfallinu sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 sem fall af innlausnartíðni og lágmarkshlutfalli eignanna sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar

Innlausnartíðni	Lágmarkshlutfall eignanna sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr.	Hámarkshlutfallið sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 18. gr.
12 mánuðir og sjaldnar	10%	100%
6 mánuðir	15%	67%
3 mánuðir	20%	50%
1 mánuður eða oftar	25%	20%, beitt samanlagt mánaðarlega

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/258 **2026/EES/17/37**

frá 7. febrúar 2025

um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2400 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar meðalþungra og þungra vöruflutningabifreiða og þungra hópbifreiða og innfellingu ökutækja sem ganga fyrir vetni og annarrar nýrrar tækni og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 að því er varðar gildandi reglur um ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar til að fá rýmkun á ESB-gerðarviðurkenningu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB, ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr. og e-lið 4. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 ([2]) var innleidd sameiginleg aðferð til að bera saman frammistöðu þungra ökutækja, sem sett eru á markað Sambandsins, að því er varðar koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun þeirra. Í henni er mælt fyrir um ákvæði um vottun íhluta sem hafa áhrif á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun þungra ökutækja, innleitt hermitól til að ákvarða og tilgreina koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun þessara ökutækja, og m.a. mælt fyrir um kröfur, sem gerðar eru til yfirvalda aðildarríkja og framleiðenda, um að sannreyna samræmi vottunar íhlutanna og samræmi notkunar hermitólsins.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1379 ([3]) var gildissvið reglugerðar (ESB) 2017/2400 rýmkað til að ná til meðalþungra vöruflutningabifreiða og þungra hópbifreiða og nýrri tækni var bætt við, s.s. tvinnrafökutækjum og hreinum rafökutækjum, tvíbrenniökutækjum og glatvarmaheimt.

3) Önnur ný tækni er nú í þróun sem mögulega verður sett á markað í framtíðinni og því ætti að mæla fyrir um kröfur sem gilda um slíka nýja tækni. Slík ný tækni ætti að ná til ökutækja sem ganga fyrir vetni, skilvirkra hjólnafarsamstæðna (e. *wheel ends*), ökutækja sem knúin eru áfram af nokkrum drifrásum sem starfa sjálfstætt eða ökutækja sem geta hlaðið sig á ferð.

4) Þegar vottun á gildum koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar fer fram getur verið óljóst hvort ökutæki verði notað sem atvinnuökutæki eða ekki og því ætti að herma eftir öllum notkunarsniðum sem eiga við um ökutæki í viðkomandi yfirhópum. Því ætti rétt úthlutun vottaðra gilda fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun að miðast við skráningarstöðu ökutækisins.

5) Þar eð skilvirkar hjólnafarsamstæður ökutækja hafa jákvæð áhrif á koltvísýringslosun hefur verið innleidd ný aðferð sem gerir kleift að votta slíkar skilvirkar hjólnafarsamstæður í því skyni að tryggja að mikil skilvirkni þeirra komi fram við ákvörðun á gildum fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/258, 20.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 3, 15.1.2026, bls. 28.

([1]) Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/595/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 frá 12. desember 2017 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar þungra ökutækja og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 (Stjtíð. ESB L 349, 29.12.2017, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2017/2400/oj).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1379 frá 5. júlí 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/2400 að því er varðar ákvörðun koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar meðalþungra og þungra vöruflutningabifreiða og þungra hópbifreiða og til að innleiða rafknúin ökutæki og aðra nýja tækni (Stjtíð. ESB L 212, 12.8.2022, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2022/1379/oj).

6) Efla ætti aðferðina til að ákvarða loftviðnámsframmistöðu ökutækja til að bæta endurtekningarnákvæmni og samanburðarnákvæmni hennar og henni til fyllingar ætti að innleiða nýtt ferli sem byggist á hermun með tölvuvæddri straumfræði til að draga úr prófunarbyrði og tryggja skilvirka vottun á eiginleikum sem bæta loftviðnámsframmistöðu.

7) Þar eð sannprófunaraðferðin á vegum hefur reynst mikilvægt tæki til að sannprófa útreikninga á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun meðalþungra og þungra vöruflutningabifreiða ætti hún einnig að gilda um þungar hópbifreiðar en þó með tilteknum aðlögunartillögum til að endurspegla þá flóknu og oft fjölþrepaframleiðslu slíkra ökutækja.

8) Þar eð ný tækni mun falla undir þessa reglugerð, einkum í tengslum við meðalþungar vöruflutningabifreiðar, ætti að forðast að setja skuldbindingar sem kunna að valda árekstrum milli reglugerðar (ESB) 2017/2400 og prófunaraðferðanna fyrir létt ökutæki sem samræmdar eru á heimsvísu í þeim tilgangi að ákvarða koltvísýringslosunar- og eldsneytisnotkunargildi eins og mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 ([4]). Breyta ætti reglugerð (ESB) nr. 582/2011 til samræmis við það til að tryggja að meðalþungar vöruflutningabifreiðar verði ekki prófaðar samkvæmt tveimur mismunandi aðferðum í því skyni að ákvarða koltvísýringslosunar- og eldsneytisnotkunargildi.

9) Til að gefa aðildarríkjum, landsyfirvöldum og rekstraraðilum nægilegan tíma til að undirbúa sig fyrir beitingu reglnanna, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, ætti að fresta dagsetningunni sem hún kemur til framkvæmda.

10) Til að unnt sé að beita reglugerðinni fyrr, einkum að því er varðar tækni sem nýlega hefur verið felld inn með þessari breytingu, ætti að vera mögulegt að fá leyfi til að nota hermitólið og til að votta íhluti í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/2400, eins og henni var breytt með þessari reglugerð, frá og með gildistökunni.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 12. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi k-lið er bætt við 1. mgr.:

„k) hjólnafarsamstæðna.“

b) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Eiginleikar íhlutanna, aðskildu tæknieininganna og kerfanna sem tengjast koltvísýringslosuninni og eldsneytisnotkuninni sem um getur í b- til g-lið, i-, j- og k-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu byggjast annaðhvort á þeim gildum sem ákvörðuð eru fyrir hvern íhlut, aðskilda tæknieiningu, kerfi eða, ef við á, viðkomandi hóp þeirra, í samræmi við 14. gr., og vottuð í samræmi við 17. gr. („vottuð gildi“) eða, ef vottuð gildi eru ekki fyrir hendi, á staðalgildum sem ákvörðuð eru í samræmi við 13. gr.“

2) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Staðalgildi fyrir loftviðnám skulu ákvörðuð í samræmi við 7. viðbæti VIII. viðauka.“

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2011/582/oj).

b) Í stað 9. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Staðalgildi fyrir íhluti rafaflrása skulu ákvörðuð í samræmi við 8., 9.,10. og 11. viðbæti við X. viðauka b.“

c) Ákvæðum 10. mgr. er bætt við:

„10. Stöðluð gildi fyrir hjólnafarsamstæður skulu ákvörðuð í samræmi við 6. lið VII. viðauka a.“

3) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ökutækjaframleiðanda er heimilt að nota þau gildi sem ákvörðuð eru í samræmi við 2.–11. mgr. þessarar greinar sem ílagsgögn hermitóls ef þau eru vottuð í samræmi við 17. gr.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Vottuð gildi fyrir loftviðnám skulu ákvörðuð í samræmi við 3. lið VIII. viðauka.“

c) Ákvæðum 11. mgr. er bætt við:

„11. Vottuð gildi fyrir hjólnafarsamstæður skulu ákvörðuð í samræmi við VII. viðauka a.“

4) Eftirfarandi undirlið er bætt við í 1. mgr. 15. gr.:

„— að því er varðar hóphugtakið fyrir hjólnafarsamstæður: VII. viðauka a.“

5) Eftirfarandi undirlið er bætt við í 2. mgr. 16. gr.:

„— að því er varðar hjólnafarsamstæður: 2. viðbæti við VII. viðauka a.“

6) Eftirfarandi undirlið er bætt við í 2. mgr. 17. gr.:

„— að því er varðar hjólnafarsamstæður: 1. viðbæti við VII. viðauka a.“

7) Eftirfarandi undirlið er bætt við í fyrstu undirgrein 1. mgr. 18. gr.:

„— að því er varðar hóphugtakið fyrir hjólnafarsamstæður: VII. viðauka a.“

8) Annarri málsgrein 1. mgr. 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fjórða undirliðar kemur eftirfarandi:

„— þeim ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 6. viðbæti við VIII. viðauka að því er varðar loftviðnám,“.

b) Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„— þeim ráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 5. lið VII. viðauka a að því er varðar hjólnafarsamstæður.“

9) Í stað 24. gr. kemur eftirfarandi:

„24. gr.

Beiting krafnanna

Þegar skyldurnar, sem um getur í 9. gr. þessarar reglugerðar, hafa ekki verið uppfylltar skulu aðildarríkin, með fyrirvara um 3. mgr. 10. gr., líta svo á að samræmisvottorð fyrir gerðarviðurkennd ökutæki séu ekki lengur í gildi að því er varðar 48. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 og, að því er varðar ökutæki sem hafa hlotið gerðar- og skráningarviðurkenningu, banna að skráð séu, seld eða tekin í notkun ökutæki í yfirhópum 1s, 1, 2, 3, 4, 5, 9, 10, 11, 12, 16, 31–40, 53 og 54.“

10) Ákvæðum I. viðauka er breytt eins og fram kemur í I. viðauka við þessa reglugerð.

11) Ákvæðum III. viðauka er breytt eins og fram kemur í II. viðauka við þessa reglugerð.

12) Ákvæðum IV. viðauka er breytt eins og fram kemur í III. viðauka við þessa reglugerð.

13) Ákvæðum V. viðauka er breytt eins og fram kemur í IV. viðauka við þessa reglugerð.

14) Ákvæðum VI. viðauka er breytt eins og fram kemur í V. viðauka við þessa reglugerð.

15) Texti VI. viðauka við þessa reglugerð er felldur inn sem VII. viðauki a.

16) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt eins og fram kemur í VII. viðauka við þessa reglugerð.

17) Ákvæðum IX. viðauka er breytt eins og fram kemur í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

18) Ákvæðum X. viðauka a er breytt eins og fram kemur í IX. viðauka við þessa reglugerð.

19) Ákvæðum X. viðauka b er breytt eins og fram kemur í X. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í annarri undirgrein 1. mgr. fellur annar málsliður brott.

2) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Til að fá rýmkun, að því er varðar losun, á ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis sem hlotið hefur gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari reglugerð og hefur viðmiðunarmassa yfir 2380 kg en þó ekki yfir 2610 kg, skal framleiðandinn uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 5. lið VIII. viðauka nema gildi fyrir koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun slíkra ökutækja séu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/2400.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2026.

Ákvæði 21. liðar X. viðauka gildir frá og með 1. mars 2025.

Þrátt fyrir aðra og þriðju málsgrein skulu viðurkenningaryfirvöld, frá og með 12. mars 2025, ekki synja um vottun eiginleika íhluta sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/2400, eins og henni var breytt með þessari reglugerð. Frá og með 12. mars 2025 skulu aðildarríkin ekki banna að nýtt ökutæki sé skráð, sett á markað og tekið í notkun ef viðkomandi ökutæki uppfyllir ákvæði reglugerðar (ESB) 2017/2400 og reglugerðar (ESB) nr. 582/2011, eins og henni var breytt með þessari reglugerð, fari framleiðandi fram á það.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Í stað töflu 1 í lið 1.1 kemur eftirfarandi:

„Tafla 1

Ökutækjayfirhópar þungra vöruflutningabifreiða

Lýsing á þáttum sem skipta máli við flokkun í ökutækjayfirhópa			Ökutækjayfirhópur	Úthlutun notkunarsniðs og útfærsla ökutækis						
Útfærsla ása	Útfærsla undirvagns	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (tonn)		Flutningar á lengri leiðum	Flutningar á lengri leiðum EMS (*)	Svæðisbundnir flutningar	Svæðisbundnir flutningar EMS (*)	Þéttbýlisflutningar	Þjónustustofnun sveitarfélags	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð></>
4 × 2	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið (eða dráttartæki) (**)	> 7,4–7,5	1s			R		R		
	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið (eða dráttartæki) (**)	> 7,5–10	1			R		R		
	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið (eða dráttartæki) (**)	> 10–12	2	R+T1		R		R		
	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið (eða dráttartæki) (**)	> 12–16	3			R		R		
	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið	> 16	4	R+T2		R		R	R	R
	Dráttartæki	> 16	5	T+ST	T+ST+T2	T+ST	T+ST+T2	T+ST		T+ST
4 × 4	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið	> 7,5–16	(6)							
	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið	> 16	(7)							
	Dráttartæki	> 16	(8)							
6 × 2	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið	allar þyngdir	9	R+T2	R+D+ST	R	R+D+ST		R	R
	Dráttartæki	allar þyngdir	10	T+ST	T+ST+T2	T+ST	T+ST+T2			T+ST
6 × 4	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið	allar þyngdir	11	R+T2	R+D+ST	R	R+D+ST		R	R
	Dráttartæki	allar þyngdir	12	T+ST	T+ST+T2	T+ST	T+ST+T2			T+ST
6 × 6	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið	allar þyngdir	(13)							
	Dráttartæki	allar þyngdir	(14)							
8 × 2	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið	allar þyngdir	(15)							
8 × 4	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið	allar þyngdir	16	R+T2	R+D+ST	R	R+D+ST			R
8 × 6 8 × 8	Oliðskipt vöruflutninga-bifreið	allar þyngdir	(17)							
8 × 2 8 × 4 8 × 6 8 × 8	Dráttartæki	allar þyngdir	(18)							

Lýsing á þáttum sem skipta máli við flokkun í ökutækjayfirhópa			Ökutækjayfirhópur	Úthlutun notkunarsniðs og útfærsla ökutækis						
Útfærsla ása	Útfærsla undirvagns	Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (tonn)		Flutningar á lengri leiðum	Flutningar á lengri leiðum EMS (*)	Svæðisbundnir flutningar	Svæðisbundnir flutningar EMS (*)	Þéttbýlisflutningar	Þjónustustofnun sveitarfélags	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð></>
Fimm ásar, allar útfærslur	Óliðskipt vöruflutninga-bifreið eða dráttartæki	allar þyngdir	(19)							

(*) EMS - evrópska einingakerfið
(**) Í þessum ökutækjaflokkum er litið á dráttartæki sem óliðskiptar vöruflutningabifreiðar en með sértækri þyngd dráttartækis sem er tilbúið til aksturs

T = Dráttartæki
R = Óliðskipt vöruflutningabifreið og stöðluð yfirbygging
T1, T2 = Staðlaðir eftirvagnar
ST = Staðlaðir festivagnar
D = Staðlaður hjólafleki“.

2) Ákvæðum liðar 2.3 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texta er bætt við:

„Ef þung hópbifreið fær viðurkenningu sem fullbúið ökutæki má einungis herma eftir þeim notkunarsniðum yfirhóps aðalökutækisins sem tengjast yfirhópi fullbúna ökutækisins eins og sett er fram í töflu 7. Ef breyting verður á yfirhópi fullbúna ökutækisins á síðara framleiðsluþrepi skal framleiðandi aðalökutækisins gera ökutækjaupplýsingaskrá$_1$ (VIF$_1$) ásamt 22 niðurstöðum aðgengilegar fyrir framleiðandann sem ber ábyrgð á viðkomandi síðara framleiðsluþrepi.“

b) Eftirfarandi töflu er bætt við:

„Tafla 7

Yfirhópar aðalökutækja sem herma á eftir ef um er að ræða fullbúnar þungar hópbifreiðar

Yfirhópur fullbúins ökutækis	Yfirhópur aðalökutækis sem reikna á út
31a, 31b1, 31b2, 31d	P31 SD
31c, 31e	P31 DD
32a, 32b, 32c, 32d	P32 SD
32e, 32f	P32 DD
33a, 33b1, 33b2, 33d	P33 SD
33c, 33e	P33 DD
34a, 34b, 34c, 34d	P34 SD
34e, 34f	P34 DD
35a, 35b1, 35b2	P35 SD
35c	P35 DD
36a, 36b, 36c, 36d	P36 SD
36e, 36f	P36 DD
37a, 37b1, 37b2, 37d	P37 SD

Yfirhópur fullbúins ökutækis	Yfirhópur aðalökutækis sem reikna á út
37c, 37e	P37 DD
38a, 38b, 38c, 38d	P38 SD
38e, 38f	P38 DD
39a, 39b1, 39b2	P39 SD
39c	P39 DD
40a, 40b, 40c, 40d	P40 SD
40e, 40f	P40 DD“.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðum er bætt við í 2. lið:

„38. „tækni til hleðslu á ferð“ (e. *dynamic charging technology*): tækni sem gerir kleift að tengja ökutæki á hreyfingu við ytri raforkugjafa sem veitir knúnings- og/eða hjálparkerfum ökutækisins beina aflgjöf og/eða hleður raf-geyminn,

39) „straumsnerta á loftlínu“ (e. *overhead pantograph*): tækni til hleðslu á ferð sem gerir kleift að tengjast við grunnvirki loftstrengja með snertivírum á vegum og knýja ökutækið fyrir tilstilli þess,

40) „straumtrissa á loftlínu“ (e. *overhead trolley*): tækni til hleðslu á ferð með straumtakastaurum til tengingar við grunnvirki loftstrengja með snertivírum,

41) „jarðteinar“ (e. *ground rail*): tækni til hleðslu á ferð þar sem raforka er flutt með leiðni til ökutækisins í gegnum teina sem eru samþættir eða festir við yfirborð vegarins,

42) „þráðlaus tækni“: tækni til hleðslu á ferð þar sem raforka er flutt með spani til ökutækisins í gegnum búnað sem er samþættur eða festur við yfirborð vegarins og myndar segulsvið,

43) „samþjappað loftkennt vetni“: geymslutækni fyrir vetni þar sem vetnið er geymt í loftkenndu formi,

44) „fljótandi vetni“: geymslutækni fyrir vetni þar sem vetnið er geymt í fljótandi formi,

45) „lághitaþjappað vetni“ (e. *cryo-compressed hydrogen*): geymslutækni fyrir vetni þar sem vetnið er geymt við hitastig sem er nálægt þéttingarhitastigi og að umhverfishita og við a.m.k. 200 bara þrýsting; vetnisgeymslutæknin getur verið starfhæf við umhverfishita en einungis er hægt að ná nafnrúmtaki hennar nálægt þéttingarhitastigi vetnis,

46) „tómt ástand vetnisgeymis“: ástand vetnisgeymis þar sem enn er hægt að ná fullum geymi með einni áfyllingu án loftunar og sem uppfyllir einhver af eftirfarandi skilyrðum:

a) þegar ástandið fer niður fyrir þau mörk fær ökumaður ábendingu um að geymirinn sé „tómur“ eða „næstum tómur“ eða svipaða ábendingu,

b) þegar ástandið fer niður fyrir þau mörk eru afköst vetnisorkuumbreytingarkerfisins verulega takmörkuð,

47) „tvinnökutæki, ætlað fyrir ytri hleðslu“ (OVC-HV): tvinnökutæki sem hægt er að hlaða með ytri raforkugjafa,

48) „tvinnökutæki með efnarafala, ætlað fyrir ytri hleðslu“ (OVC-FCHV): tvinnökutæki með efnarafala sem hægt er að hlaða með ytri orkugjafa,

49) „valkvæður notkunarhamur“ (e. *driver-selectable mode*): sérstakur notkunarhamur sem ökumaður getur valið og sem kann að hafa áhrif á losun eða eldsneytis- og/eða orkunotkun,

50) „aðalhamur“: einn valkvæður notkunarhamur sem er alltaf valinn þegar hreyfill ökutækis er ræstur, óháð því hvaða valkvæði notkunarhamur var virkur síðast þegar drepið var á hreyfli ökutækisins og sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) ekki er hægt að endurskilgreina hann sem annan ham,

b) ökumaður getur einungis skipt úr honum í annan, valkvæðan notkunarham af ásetningi eftir að hreyfill ökutækisins hefur verið ræstur,

51) „notkun í aðalham byggist einungis á rafhlöðu“: aðalhamur þar sem tvinnökutæki, ætlað fyrir ytri hleðslu, virkar með knúningsafli sem kemur eingöngu frá endurhlaðanlega raforkugeymslukerfinu (REESS).“

2) Í stað fyrsta málsliðar fyrstu málsgreinar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„Mengi ílagsmæliþátta [áður þýtt sem ílagsþættir] sem gefa skal upp að því er varðar eiginleika ökutækis eru tilgreind í töflu 1–17.“

3) Töflu 1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars málsliðar í línunni „IdlingSpeed“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Ekki er þörf á ílagsgögnum fyrir hrein rafökutæki og tvinnökutæki með efnarafala“.

b) Í stað textans í línunni „RetarderType“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „None“, „Losses included in Gearbox“, „Engine Retarder“, „Transmission Input Retarder“, „Transmission Output Retarder“, „Axlegear Input Retarder“.

„Axlegear Input Retarder“ gildir eingöngu um uppbyggingu aflrásar „E3“, „S3“, „F3“, „S-IEPC“, „F-IEPC“ og „E-IEPC“.

Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

c) Eftirfarandi texta er bætt við í línunum „RetarderRatio“ og „AngledriveType“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“:

„Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

d) Eftirfarandi texta er bætt við í línunni „PTOShaftsGearWheels“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“:

„Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.

Ef um er að ræða samþætt raforkukerfi (e. *Integrated Electrical Power System*) (IEPS) og samþættan íhlut aflrásar tvinnrafökutækis (IHPC) skal ekkert ílag lagt fram.“

e) Eftirfarandi texta er bætt við í línunni „PTOOther Elements“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“:

„Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

f) Í línunni „CertificationNumberEngine“, í dálkunum „Heiti mæliþáttar“, „Kennimerki mæliþáttar“, „Gerð“ og „Eining“, eru reitirnir fjórir sameinaðir og í stað textans í reitunum fjórum kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn hreyfils í samræmi við 7. viðbæti V. viðauka.“

g) Í línunni „CertificationNumberGearbox“, í dálkunum „Heiti mæliþáttar“, „Kennimerki mæliþáttar“, „Gerð“ og „Eining“, eru reitirnir fjórir sameinaðir og í stað textans í reitunum fjórum kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn gírskiptingar í samræmi við töflu 1–3 í 12. viðbæti VI. viðauka.“

h) Í stað textans í línunni „CertificationNumberGearbox“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Á aðeins við ef íhlutur er til staðar í ökutækinu. Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

i) Í línunni „CertificationNumberTorqueconverter“, í dálkunum „Heiti mæliþáttar“, „Kennimerki mæliþáttar“, „Gerð“ og „Eining“, eru reitirnir fjórir sameinaðir og í stað textans í reitunum fjórum kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn vægisbreytis í samræmi við töflu 4 og 5 í 12. viðbæti VI. viðauka.“

j) Í stað textans í línunni „CertificationNumberTorqueconverter“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Á aðeins við ef íhlutur er til staðar í ökutækinu. Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

k) Í línunni „CertificationNumberAxlegear“, í dálkunum „Heiti mæliþáttar“, „Kennimerki mæliþáttar“, „Gerð“ og „Eining“, eru reitirnir fjórir sameinaðir og í stað textans í reitunum fjórum kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn áss í samræmi við töflu 1 og 2 í 6. viðbæti VII. viðauka.“

l) Í stað textans í línunni „CertificationNumberAxlegear“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Á aðeins við ef íhluturinn er til staðar í ökutækinu. Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

m) Í línunni „CertificationNumberAngledrive“, í dálkunum „Heiti mæliþáttar“, „Kennimerki mæliþáttar“, „Gerð“ og „Eining“, eru reitirnir fjórir sameinaðir og í stað textans í reitunum fjórum kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn vinkildrifs í samræmi við töflu 6 og 7 í 12. viðbæti VI. viðauka.“

n) Í stað textans í línunni „CertificationNumberAngledrive“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Vísar í vottaðan viðbótaríhlut drifkerfis sem er uppsettur í stöðu vinkildrifs.

Á aðeins við ef íhlutur er til staðar í ökutækinu.

Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

o) Í línunni „CertificationNumberRetarder“, í dálkunum „Heiti mæliþáttar“, „Kennimerki mæliþáttar“, „Gerð“ og „Eining“, eru reitirnir fjórir sameinaðir og í stað textans í reitunum fjórum kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn hamlara í samræmi við töflu 8 og 9 í 12. viðbæti VI. viðauka.“

p) Í stað textans í línunni „CertificationNumberRetarder“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Á aðeins við ef íhlutur er til staðar í ökutækinu og tap hamlara er ekki gefið upp með ílagsgögnunum fyrir íhlut gírskiptingar.

Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

q) Í línunni „Certification NumberAirdrag“, í dálkunum „Heiti mæliþáttar“, „Kennimerki mæliþáttar“, „Gerð“ og „Eining“, eru reitirnir fjórir sameinaðir og í stað textans í reitunum fjórum kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn loftviðnáms í samræmi við töflu 1 í 9. viðbæti VIII. viðauka.“

r) Í línunni „Certification NumberIEPC“, í dálkunum „Heiti mæliþáttar“, „Kennimerki mæliþáttar“, „Gerð“ og „Eining“, eru reitirnir fjórir sameinaðir og í stað textans í reitunum fjórum kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn samþætts íhlutar rafaflrásar í samræmi við 15. viðbæti X. viðauka b.“

s) Í stað textans í línunni „Certification NumberIEPC“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Á aðeins við ef íhluturinn er til staðar í ökutækinu.

Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

t) Í stað textans í línunni „BodyworkCode“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „CA“, „CB“, „CC“, „CD“, „CE“, „CF“, „CG“, „CH“, „CI“, „CJ“ í samræmi við 3. lið C-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858. Ef um er að ræða undirvagn strætisvagns með ökutækjakóðann CX skulu engin ílagsgögn ekki lögð fram.“

u) Í stað textans í línunni „LowEntry“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„lágt staðsettur inngangur“ í samræmi við lið 1.2.3 í I. viðauka.“

v) Eftirfarandi línum er bætt við:

„H2StorageUsable Capacity	P545	tvöfalt, 1	[kg]	Í samræmi við 12. lið. Á einungis við um ökutæki með eldsneytisgeymslukerfi sem inniheldur vetni. Hvað varðar þungar vöruflutningabifreiðar skal framleiðandinn, sem ber ábyrgð á eldsneytisgeymslukerfinu, einungis gefa upp ílagsgögn eða ef breytingar hafa verið gerðar á núverandi eldsneytisgeymslukerfi.	X	X	X	X
HydrogenStorage Technology	P546	strengur	[-]	Leyfð gildi: „Compressed“, „Liquid“, „Cryo-compressed“ Á einungis við um ökutæki með eldsneytisgeymslukerfi sem inniheldur vetni. Hvað varðar þungar vöruflutningabifreiðar skal framleiðandinn, sem ber ábyrgð á eldsneytisgeymslukerfinu, einungis gefa upp ílagsgögn eða ef breytingar hafa verið gerðar á núverandi eldsneytisgeymslukerfi.	X	X	X	X
SimulationToolLicenceNumber	P547	tóki	[–]	Leyfisnúmer sem tengist notkun hermitólsins í samræmi við 7. gr.	X	X	X	X“.

4) Töflu 2 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línu er bætt við fyrir ofan línuna „Twin Tyres“:

„AxleNumber	P548	heiltala	[–]	Staðsetning hjólássins á ökutækinu, talið framan frá og aftur úr og byrjað á 1	X	X	X“.	

b) Í stað línunnar „Certification NumberTyre“ kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn hjólbarða í samræmi við 3. viðbæti X. viðauka.		X	X	X“.	

c) Eftirfarandi línum er bætt við:

„Wheel End Friction	P549	tvöfalt, 1	[Nm]	Tilgreint núningsgildi hjólnafarsamstæðu. Ákvarðað í samræmi við lið 3.6 í VII. viðauka a. Hjólnafarsamstæður, sem eru uppsettar í ökutækinu, skulu hafa sömu eða lægri núningsgildi. Ef um er að ræða staðalgildi skal ekki veita nein ílagsgögn. Ílag á einungis við um driflausa ása.	X		X	
Vottunarnúmer hjólnafarsamstæðu	P550	tóki	[–]	Vottunarnúmer vottorðsins/vottorðanna fyrir tilgreindan núning í hjólnafarsamstæðu, gefið upp sem ílag um núning í hjólnafarsamstæðu (P549). Einungis skal færa inn fyrir ása þar sem ílag um núning í hjólnafarsamstæðu er í raun gefið upp. Margar færslur mögulegar.	X		X“.	

5) Töflu 3 er breytt sem hér segir:

a) Í stað textans í línunni „EngineCoolingFan/Technology“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „Crankshaft mounted - Electronically controlled visco clutch“, „Crankshaft mounted - Bimetallic controlled visco clutch“, „Crankshaft mounted - Discrete step clutch“, „Crankshaft mounted - On/off clutch“, „Belt driven or driven via transm. - Electronically controlled visco clutch“, „Belt driven or driven via transm. - Bimetallic controlled visco clutch“, „Belt driven or driven via transm. - Discrete step clutch“, „Belt driven or driven via transm. - On/off clutch“, „Hydraulic driven - Variable displacement pump“, „Hydraulic driven - Constant displacement pump“, „Electrically driven - Electronically controlled“.“

b) Í stað textans í línunni „SteeringPump/Technology“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „Fixed displacement“, „Fixed displacement with elec. control“, „Dual displacement“, „Dual displacement with elec. control“, „Variable displacement mech. controlled“, „Variable displacement elec. controlled“, „Electric driven pump“, „Full electric steering gear“.

„Electric driven pump“ eða „Full electric steering gear“ eru einu gildin sem eru leyfileg fyrir hrein rafökutæki, tvinnökutæki með efnarafala eða tvinnrafökutæki þar sem útfærsla aflrásar er „S“ eða „S-IEPC“ í samræmi við lið 10.1.1.

Sérstakrar færslu er krafist fyrir hvern virkan ás sem búinn er stýrðu hjóli í samsetningu með stað á ásnum talið framan frá og aftur úr og byrjað á 1.“

c) Í stað textans í línunni „PneumaticSystem/Technology“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „Small“, „Small + ESS“, „Small + visco clutch“, „Small + mech. clutch“, „Small + ESS + AMS“, „Small + visco clutch + AMS“, „Small + mech. clutch + AMS“, „Medium Supply 1-stage“, „Medium Supply 1-stage + ESS“, „Medium Supply 1-stage + visco clutch“, „Medium Supply 1-stage + mech. clutch“, „Medium Supply 1-stage + ESS + AMS“, „Medium Supply 1-stage + visco clutch + AMS“, „Medium Supply 1-stage + mech. clutch + AMS“, „Medium Supply 2-stage“, „Medium Supply 2-stage + ESS“, „Medium Supply 2-stage + visco clutch“, „Medium Supply 2-stage + mech. clutch“, „Medium Supply 2-stage + ESS + AMS“, „Medium Supply 2-stage + visco clutch + AMS“, „Medium Supply 2-stage + mech. clutch + AMS“, „Large Supply“, „Large Supply + ESS“, „Large Supply + visco clutch“, „Large Supply + mech. clutch“, „Large Supply + ESS + AMS“, „Large Supply + visco clutch + AMS“, „Large Supply + mech. clutch + AMS“, „Vacuum pump“, „Small + elec. driven“, „Small + ESS + elec. driven“, „Medium Supply 1-stage + elec. driven“, „Medium Supply 1-stage + AMS + elec. driven“, „Medium Supply 2-stage + elec. driven“, „Medium Supply 2-stage + AMS + elec. driven“, „Large Supply + elec. driven“, „Large Supply + AMS + elec. driven“, „Vacuum pump + elec. driven.“

Einungis tækni með gildin „elec. driven“ eru leyfileg fyrir hrein rafökutæki eða tvinnökutæki með efnarafala.“

6) Töflu 3a er breytt sem hér segir:

a) Í stað textans í línunni „EngineCoolingFan/Technology“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „Crankshaft mounted - Electronically controlled visco clutch“, „Crankshaft mounted - Bimetallic controlled visco clutch“, „Crankshaft mounted - Discrete step clutch 2 stages“, „Crankshaft mounted - Discrete step clutch 3 stages“, „Crankshaft mounted - On/off clutch“, „Belt driven or driven via transm. - Electronically controlled visco clutch“, „Belt driven or driven via trans. - Bimetallic controlled visco clutch“, „Belt driven or driven via transm. - Discrete step clutch 2 stages“, „Belt driven or driven via transm. - Discrete step clutch 3 stages“, „Belt driven or driven via transm. - On/off clutch“, „Hydraulic driven - Variable displacement pump“, „Hydraulic driven - Constant displacement pump“, „Electrically driven - Electronically controlled“.“

b) Í stað textans í línunni „SteeringPump/Technology“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „Fixed displacement“, „Fixed displacement with elec. control“, „Dual displacement“, „Dual displacement with elec. control“, „Variable displacement mech. controlled“, „Variable displacement elec. controlled“, „Electric driven pump“, „Full electric steering gear“.

„Electric driven pump“ eða „Full electric steering gear“ eru einu gildin sem eru leyfileg fyrir hrein rafökutæki, tvinnökutæki með efnarafala eða tvinnrafökutæki þar sem útfærsla aflrásar er „S“ eða „S-IEPC“ í samræmi við lið 10.1.1.

Sérstakrar færslu er krafist fyrir hvern virkan ás sem búinn er stýrðu hjóli í samsetningu með stað á ásnum talið framan frá og aftur úr og byrjað á 1.“

c) Eftirfarandi texta er bætt við í línunni „ElectricSystem/AlternatorTechnology“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“:

„Ekki er þörf á ílagsgögnum fyrir hrein rafökutæki eða tvinnökutæki með efnarafala.“

d) Eftirfarandi texta er bætt við í línunni „ElectricSystem/SupplyFromHEVPossible“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“:

„Einungis er þörf á ílagsgögnum fyrir tvinnrafökutæki með tæknina „conventional“ eða „smart“ í riðstraumsrafalnum.“

e) Í stað textans í línunni „PneumaticSystem/SizeOfAirSupply“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „Small“, „Medium Supply 1-stage“, „Medium Supply 2-stage“, „Large Supply 1-stage“, „Large Supply 2-stage“, „not applicable“.

Fyrir rafknúna þjöppu skal gefa upp „not applicable.“

Ekki er þörf á ílagsgögnum fyrir hrein rafökutæki eða tvinnökutæki með efnarafala.“

f) Í stað textans í línunni „PneumaticSystem/CompressorDrive“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „mechanically“, „electrically“.

Gildið „electrically“ er eina leyfilega gildið fyrir hrein rafökutæki eða tvinnökutæki með efnarafala.“

g) Í stað textans í línunni „PneumaticSystem/Clutch“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „none“, „visco“, „mechanically“.

Ekki er þörf á ílagsgögnum fyrir hrein rafökutæki eða tvinnökutæki með efnarafala.“

h) Í stað textans í línunni „PneumaticSystem/SmartCompressionSystem“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Ekki er þörf á ílagsgögnum fyrir hrein rafökutæki, tvinnökutæki með efnarafala eða tvinnrafökutæki þar sem útfærsla aflrásar er „S“ eða „S-IEPC“ í samræmi við lið 10.1.1.“

i) Í stað textans í línunni „PneumaticSystem/Ratio Compressor ToEngine“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Fyrir rafknúna þjöppu skal gefa upp „0,000.“

Ekki er þörf á ílagsgögnum fyrir hrein rafökutæki eða tvinnökutæki með efnarafala.“

j) Í stað textans í línunni „HVAC/EngineWasteGasHeatExchanger“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Ekki er þörf á ílagsgögnum fyrir hrein rafökutæki eða tvinnökutæki með efnarafala.“

k) Í stað textans í línunum „HVAC/WaterElectricHeater“, „HVAC/AirElectricHeater“ og „HVAC/OtherHeating Technology “í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Ílagsgögn skulu eingöngu gefin fyrir tvinnrafökutæki, tvinnökutæki með efnarafala og hrein rafökutæki.“

7) Töflu 4 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Ílagsmæliþættir „VehicleTorqueLimits“ á hvern gír (valkvætt)“.

b) Í stað textans í línunni „Gear“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Aðeins þarf að tilgreina númer gíra ef um er að ræða ökutækistengd snúningsvægismörk skv. 6. lið.“

c) Í línunni „MaxTorque“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ er eftirfarandi texta bætt við:

„Hámarksinntakssnúningsvægi hreyfils eða gírkassa fyrir tiltekinn gír, skilgreint í samræmi við 6. lið.“

8) Töflu 5 er breytt sem hér segir:

a) Í stað textans í línunni „BodyworkCode“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „CA“, „CB“, „CC“, „CD“, „CE“, „CF“, „CG“, „CH“, „CI“, „CJ“ í samræmi við 3. lið C-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.“

b) Í stað textans í línunni „Technology“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Í samræmi við töflu 1 í 1. viðbæti.

Leyfð gildi: „FCV Article 9 exempted“, „Dual-fuel vehicle Article 9 exempted“, „HEV Article 9 exempted“, „PEV Article 9 exempted“, „In-motion charging Article 9 exempted“, „Multiple powertrains Article 9 exempted“, „H2 ICE Article 9 exempted“, „HV Article 9 exempted“, „Other technology Article 9 exempted“.“

c) Eftirfarandi línu er bætt við:

„SimulationToolLicenceNumber	P551	tóki	[–]	Leyfisnúmer sem tengist notkun hermitólsins í samræmi við 7. gr.	X	X	X	X“.

9) Töflu 6 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texta er bætt við í línunni „EngineStopStart“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“:

„Fyrir tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu skal ílagið stillt á „true“.“

b) Í stað textans í línunni „PredictiveCruiseControl“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Í samræmi við lið 8.1.4 eru leyfð gildi: „none“, „1,2“, „1,2,3“.“

10) Í stað töflu 7 kemur eftirfarandi:

„Tafla 7

Almennir ílagsmæliþættir fyrir tvinnrafökutæki, hrein rafökutæki og tvinnökutæki með efnarafala

Heiti mæliþáttar	Kennimerki mæliþáttar	Gerð	Eining	Lýsing/tilvísun	Þungar vöruflutningabifreiðar	Meðalþungar vöruflutningabifreiðar	Þungar hópbifreiðar (aðalökutæki)	Þungar hópbifreiðar (fullbúið ökutæki eða fjölþrepa fullbúið ökutæki)
ArchitectureID	P400	strengur	[–]	Eftirfarandi gildi eru leyfileg ílagsgildi í samræmi við lið 10.1.3: „E2“, „E3“, „E4“, „E-IEPC“, „P1“, „P2“, „P2.5“, „P3“, „P4“, „S2“, „S3“, „S4“, „S-IEPC“, „F2“, „F3“, „F4“, „F-IEPC“.	X	X	X	
ArchitectureIDPwt2	P552	strengur	[–]	Ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4 skal tilgreina auðkennisnúmer uppbyggingar (e. *architecture ID*) aflrásar nr. tvö. Eftirfarandi gildi eru leyfileg ílagsgildi í samræmi við lið 10.1.3 og 10.1.4: „E2“, „E3“, „E4“, „E-IEPC“, „S2“, „S3“, „S4“, „S-IEPC“, „F2“, „F3“, „F4“, „F-IEPC“.	X		X	
OVC	P553	Boole-gildi	[–]	Ökutæki þar sem hægt er að hlaða endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið með ytri raforkugjafa. Stilla skal á „true“ fyrir: — tvinnrafökutæki ætlað fyrir ytri hleðslu, — hreint rafökutæki, — tvinnökutæki með efnarafala, ætlað fyrir ytri hleðslu, í þeim tilvikum þegar hleðslubúnaðurinn er einnig hannaður fyrir venjulega notkun ökutækisins og ekki bara fyrir viðhald.	X	X	X	

Heiti mæliþáttar	Kennimerki mæliþáttar	Gerð	Eining	Lýsing/tilvísun	Þungar vöruflutningabifreiðar	Meðalþungar vöruflutningabifreiðar	Þungar hópbifreiðar (aðalökutæki)	Þungar hópbifreiðar (fullbúið ökutæki eða fjölþrepa fullbúið ökutæki)
BatteryOnly Mode	P554	Boole-gildi	[–]	Tilgreint fyrir tvinnökutæki í samræmi við 50. lið 2. liðar. Ætíð skal stilla þetta ílag á „true“ fyrir hreint rafökutæki.	X	X	X	
Dynamic Charging Technology	P555	strengur	[–]	Leyfð gildi: „None“, „Overhead pantograph“, „Overhead trolley“, „Ground rail“, „Wireless“. „Overhead pantograph“ á ekki við um meðalstórar vöruflutningabifreiðar. „Overhead trolley“ á einungis við um þungar hópbifreiðar.	X	X	X	X“.

11) Töflu 8 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar og inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Tafla 8

Ílagsmæliþættir á hverja staðsetningu rafvélar

Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.

(Á aðeins við ef íhluturinn er til staðar í ökutækinu eða tilgreindu aflrásinni)“.

b) Í stað textans í línunni „CertificationNumberEM“ kemur eftirfarandi sem sameinar fyrstu fjóra dálka þessarar línu:

„Ílagsgögn rafvélakerfis í samræmi við 15. viðbæti X. viðauka b.“	

c) Í stað textans í línunni „CertificationNumberADC“ kemur eftirfarandi sem sameinar fyrstu fjóra dálka þessarar línu:

„Ílagsgögn viðbótaríhlutar drifkerfis (ADC-ílagsgögn) í samræmi við 12. viðbæti VI. viðauka.	Valkvætt ílag ef um er að ræða viðbótargírhlutfall sem nemur einu þrepi milli áss rafvélar og tengipunkts við aflrás ökutækis skv. lið 10.1.2. Ef um er að ræða stýrieiningu hreyfils, sem er tengd með reim, gilda ákvæði í samræmi við lið 6.1.3 í VI. viðauka. Ekki leyfilegt ef mæliþáttur „IHPCType“ er stilltur á „IHPC Type 1“.“

12) Eftirfarandi texta er bætt við á eftir inngangsorðunum í töflu 9:

„Sérstakrar færslu er krafist fyrir hverja einstaka aflrás ef um er að ræða margar vélrænt sjálfstæðar aflrásir í samræmi við lið 10.1.4.“

13) Í stað töflu 10 kemur eftirfarandi:

„Tafla 10

Ílagsmæliþættir fyrir hvert endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi

(Á aðeins við ef íhluturinn er til staðar í ökutækinu)

Heiti mæliþáttar	Kennimerki mæliþáttar	Gerð	Eining	Lýsing/tilvísun
StringID	P411	heiltala	[-]	Fyrirkomulag dæmigerðs rafgeymaundirkerfis ökutækis í samræmi við X. viðauka b skal tilgreint með því að úthluta hverju rafgeymaundirkerfi á tiltekinn streng sem er skilgreindur í þessum mæliþætti. Allir tilgreindir strengir eru hliðtengdir, öll rafgeymaundirkerfi sem eru staðsett á einum tilteknum streng eru raðtengd. Leyfð gildi: „1“, „2“, „3“, …
Ílagsgögn endurhlaðanlegs raforkugeymslukerfis í samræmi við 15. viðbæti X. viðauka b				
DeteriorationPerformanceRatio	P557	tvöfalt, 2	[%]	Fyrir hrein rafökutæki og tvinnökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu skal tilgreina sem ílag annaðhvort lágmarkskröfu um frammistöðu, sem gildir um ökutækið á aðalendingartíma þess samkvæmt töflu 3 í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1257 ([1]), eða tilgreinda kröfu um frammistöðu sem er hærri en lágmarkskrafan um frammistöðu, ef framleiðandinn tilgreinir slíka kröfu og hún er metin fyrir aðalendingartíma ökutækisins samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) 2024/1257 og framkvæmdarlöggjöf hennar. Ekki skal veita neitt ílag fyrir tvinnökutæki sem eru ekki tvinnökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu.
SOCmin	P413	tvöfalt, 1	[%]	Á eingöngu við þegar um er að ræða endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi af gerðinni „rafgeymir“. Fyrir hrein rafökutæki og tvinnökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu, þar sem notkun í aðalham byggist einungis á rafhlöðu í samræmi við 50. lið 2. liðar, skal tilgreina þetta ílag sem hundraðshluta af málaflinu þegar ökumanni er tilkynnt að eftirstandandi hleðsla rafgeymis sé núll (eða önnur lág mörk sem framleiðandi upprunalegs búnaðar skilgreinir) eða þegar eðlileg notkun ökutækis ([2]) er ekki möguleg í aðalham sem byggist einungis á rafhlöðu vegna þess að lítil hleðsla er á rafgeyminum. Fyrir tvinnökutæki sem eru ekki tvinnökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu og fyrir tvinnökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu, sem hafa ekki aðalham þar sem notkunin byggist einungis á rafhlöðu í samræmi við 50. lið 2. liðar, er þetta ílag valkvætt og mæliþátturinn er einungis virkur í hermitólinu þegar ílagið er hærra en almenna gildið sem er skráð í notendahandbókinni.

Heiti mæliþáttar	Kennimerki mæliþáttar	Gerð	Eining	Lýsing/tilvísun
SOCmax	P414	tvöfalt, 1	[%]	Á eingöngu við þegar um er að ræða endurhlaðanlegt raforkugeymslukerfi af gerðinni „rafgeymir“. Fyrir hrein rafökutæki og tvinnökutæki, ætluð fyrir ytri hleðslu, þar sem notkunin í aðalham byggist einungis á rafhlöðu í samræmi við 50. lið 2. liðar skal tilgreina þetta ílag sem hundraðshluta af málaflinu þegar ökumanni er tilkynnt að ökutækið sé fullhlaðið. Fyrir tvinnökutæki sem eru ekki tvinnökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu og fyrir tvinnökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu sem hafa ekki aðalham þar sem notkunin byggist einungis á rafhlöðu í samræmi við 50. lið 2. liðar er þetta ílag valkvætt og mæliþátturinn er einungis virkur í hermitólinu þegar ílagið er lægra en almenna gildið sem er skráð í notendahandbókinni.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1257 frá 24. apríl 2024 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru fyrir slík ökutæki, með tilliti til losunar frá þeim og endingar rafhlaðna (Euro 7), um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1362 (Stjtíð. ESB L 2024/1257, 8.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1257/oj).

([2]) „eðlileg notkun ökutækis“ skal útiloka alla umtalsverða takmörkun á notkun (t.d. skal „heimhökt“ (e. *limp home operation*) ekki teljast vera eðlileg notkun ökutækis).“

14) Eftirfarandi töflu er bætt við á eftir töflu 11:

„Tafla 11a

„Ílagsmæliþættir fyrir hvert efnarafalakerfi

(Á aðeins við ef íhluturinn er til staðar í ökutækinu)

Eitt eða tvö mismunandi efnarafalakerfi þar sem hvort um sig getur verið með allt að þremur uppsettum einingum sem eru nákvæmlega eins.

Heiti mæliþáttar	Kennimerki mæliþáttar	Gerð	Eining	Lýsing/tilvísun
Talning	P558	heiltala	[–]	Fjöldi nákvæmlega eins eininga, leyfð gildi: „1“, „2“, „3“.
MinPower	P559	heiltala	[W]	Valkvætt ílag fyrir yfirlýsingu um gildandi lægri aflviðmiðunarmörk efnarafalakerfis á samþættingarstigi ökutækis.
MaxPower	P560	heiltala	[W]	Valkvætt ílag fyrir yfirlýsingu um gildandi efri aflviðmiðunarmörk efnarafalakerfis á samþættingarstigi ökutækis.
„Ílagsgögn efnarafalakerfis í samræmi við 15. viðbæti X. viðauka b“.				

15) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6. Gírsérhæfð snúningsvægismörk og óvirkjun gíra.“

16) Í stað liðar 6.2 kemur eftirfarandi:

„6.2. Óvirkjun gíra

Framleiðanda ökutækis er heimilt að tilgreina algera óvirkjun gíra annaðhvort fyrir einungis hæsta gírinn eða fyrir báða efstu tvo gírana (t.d. gíra 5 og 6 fyrir 6 gíra gírkassa) með því að gefa upp 0 Nm sem gírsérhæfð snúningsvægismörk í ílaginu fyrir hermitólið. Ekki er leyfilegt að tilgreina slíka óvirkjun gíra einungis fyrir næsthæsta gírinn.“

17) Í stað 10. liðar kemur eftirfarandi:

„10. Tvinnrafökutæki, tvinnökutæki með efnarafala og hrein rafökutæki

Eftirfarandi ákvæði gilda eingöngu ef um er að ræða tvinnrafökutæki, tvinnökutæki með efnarafala og hrein rafökutæki.“

18) Eftirfarandi liðum er bætt við í lið 10.1.1:

„Ef um er að ræða tvinnökutæki með efnarafala:

a) „F“ ef rafvélaríhlutur er til staðar í ökutækinu,

b) „E-IEPC“ ef samþættur íhlutur rafaflrásar (IEPC) er til staðar í ökutækinu.“

19) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 10.1.2 kemur eftirfarandi:

„Ef útfærsla aflrásar ökutækis í samræmi við lið 10.1.1 er „P“, „S“, „F“ eða „E“ skal staðsetning uppsettrar rafvélar í aflrás ökutækis ákvörðuð í samræmi við skilgreiningarnar sem eru settar fram í töflu 14.“

20) Töflu 14 er breytt sem hér segir:

a) Í stað textans í línu „2“ í dálkinum „Útfærsla aflrásar í samræmi við lið 10.1.1“ kemur eftirfarandi:

„E, S, F“.

b) Í stað textans í annarri línu „3“ í dálkinum „Útfærsla aflrásar í samræmi við lið 10.1.1“ kemur eftirfarandi:

„E, S, F“.

c) Í stað textans í annarri línu „4“ í dálkinum „Útfærsla aflrásar í samræmi við lið 10.1.1“ kemur eftirfarandi:

„E, S, F“.

21) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 15:

„Tvinnökutæki með efnarafala	F	F2	nei	nei	nei	já	já	nei	já	nei	
		F3	nei	nei	nei	nei	nei	já	já	nei	
		F4	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	já	
		F-IEPC	nei	nei	nei	nei	nei	nei	(1)	nei	

(1) „Já“ (þ.e. ásíhlutur er til staðar) eingöngu ef báðir mæliþættirnir „DifferentialIncluded“ og „DesignTypeWheelMotor“ eru stilltir á „false“.“

22) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir töflu 15:

„10.1.4. Skilgreining á auðkennisnúmeri uppbyggingar vélrænt sjálfstæðrar aflrásar nr. tvö.

Í þeim tilvikum þar sem ökutækið er búið tveimur aflrásum og hver aflrás knýr mismunandi hjólása ökutækis og þar sem ekki er mögulegt undir nokkrum kringumstæðum að koma á vélrænni tengingu milli mismunandi aflrása skal framleiðandi ökutækisins tilgreina auðkennisnúmer aflrásar nr. tvö sem er skilgreint í samræmi við lið 10.1.3. Að auki skulu aflrásirnar tvær deila sama endurhlaðanlega raforkugeymslukerfinu og hafa aðskilda breyta sem virka sem breytar á milli raforku og vélrænnar orku.

Í þessu tilliti skal litið á vökvaknúna ása, í samræmi við aðra undirgrein a-liðar 5. liðar í þessum viðauka, sem driflausa ása og þeir skulu því ekki teljast vera vélrænt sjálfstæðar aflrásir.

Einungis skal vera leyfilegt að tilgreina aflrásir með útfærslunum S, S-IEPC, F, F-IEPC og E í samræmi við lið 10.1.1 þegar til staðar er önnur vélrænt sjálfstæð aflrás. Enn fremur er einungis leyfilegt að tilgreina samsett auðkennisnúmer fyrir uppbyggingu aflrásа eitt og tvö sem eru tilgreindar með „já“ í töflu 15a.“

23) Eftirfarandi töflu er bætt við á eftir lið 10.1.4:

„Tafla 15a

Gild ílagsgögn uppbyggingar aflrásar í hermitólið

Architecture ID \ ArchitectureIDPwt2	E2	E3	E4	E-IEPC	S2	S3	S4	S-IEPC	F2	F3	F4	F-IEPC
E2	já	já	já	já	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei
E3	já	já	já	já	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei
E4	já	já	já	já	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei
E-IEPC	já	já	já	já	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei
S2	nei	nei	nei	nei	já	já	já	já	nei	nei	nei	nei
S3	nei	nei	nei	nei	já	já	já	já	nei	nei	nei	nei
S4	nei	nei	nei	nei	já	já	já	já	nei	nei	nei	nei
S-IEPC	nei	nei	nei	nei	já	já	já	já	nei	nei	nei	nei
F2	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	já	já	já	já
F3	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	já	já	já	já
F4	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	já	já	já	já
F-IEPC	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	nei	já	já	já	Já“.

24) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11.5:

„12. Nýtanlegt rúmtak vetniseldsneytisgeymslukerfis

Ákvarða skal nýtanlegt rúmtak eldsneytisgeymslukerfa sem innihalda vetni.

12.1. Samþjappað loftkennt vetni

Reikna skal út nýtanlegt rúmtak samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$m_{usable} = V_{CHSS} \bullet \left(\rho_{15°C,\ NWP} - \rho_{15°C,\ p_{min,rel}}\right) \bullet 0{,}001$$

þar sem:

m_{usable}	nýtanlegt rúmtak [kg]
V_{CHSS}	rúmmál geymslutækni fyrir samþjappað vetni [l]
$p_{min,rel}$	hlutfallslegur þrýstingur sem samsvarar tómu ástandi vetnisgeymis [MPa]
$\rho_{15°C,\ NWP}$	eðlismassi samþjappaða loftkennda vetnisins við 15 °C og við nafngildi vinnuþrýstings (NWP) eins og er skilgreint í lið 2.17 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 134 [g/l]. Þetta eðlismassagildi skal ákvarðað út frá töflu 16 með línulegum innreikningi.
$\rho_{15°C,\ pmin,rel}$	eðlismassi samþjappaða loftkennda vetnisins við 15 °C og $p_{min,rel}$ [g/l]. Þetta eðlismassagildi skal ákvarðað út frá töflu 16 með línulegum innreikningi.

Tafla 16

Eðlismassi samþjappaðs vetnis við 15 °C [g/l]

Hitastig (°C)	Þrýstingur (MPa)												
	0,5	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	35	70
15	0,5	0,9	1,7	2,6	3,4	4,2	4,9	5,7	6,5	7,3	8,0	24,0	40,2

12.2. Fljótandi vetni

Reikna skal út nýtanlegt rúmtak samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$m_{usable} = V_{LHSS} \bullet (\rho_{full,ref} - \rho_{empty}) \bullet 0{,}001$$

þar sem:

m_{usable} nýtanlegt rúmtak [kg]

V_{LHSS} rúmmál geymslutækni fyrir fljótandi vetni [l]

$\rho_{full\ ref}$ eðlismassi fljótandi vetnisins sem samsvarar fullu ástandi vetnisgeymis [g/l], skilgreint út frá eftirfarandi rekstrarskilyrðum:

a) ökutækið er notað þar til ástandi tóms vetnisgeymis er náð,

b) enduráfylling hefst umsvifalaust eftir það,

c) með hliðsjón af ástandi vetnisins, eins og það er afhent úr áfyllingargrunnvirki fyrir vetni, skal vísa til alþjóðlegra staðla, ef þeir liggja fyrir.

ρ_{empty} eðlismassi fljótandi vetnisins sem samsvarar tómu ástandi vetnisgeymis [g/l].

Að fenginni beiðni skal greina viðurkenningaryfirvöldum frá því hvaða reikningslíkan var notað til að finna eðlismassann.

12.3. Lághitaþjappað vetni

Reikna skal út nýtanlegt rúmtak samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$m_{usable} = V_{CCHSS} \bullet \rho_{filling} \bullet f_{usable} \bullet 0{,}001$$

$$\rho_{filling} = 0{,}0589 \bullet p_{filling} + 52{,}395$$

þar sem:

m_{usable} nýtanlegt rúmtak [kg]

V_{CCHSS} rúmmál geymslutækni fyrir lághitaþjappað vetni [l]

$\rho_{filling}$ eðlismassi vetnis við lok áfyllingarferlis [g/l]

f_{usable} nýtanlegt hlutfall sem er ákvarðað út frá töflu 17 með línulegum innreikningi [–]

$p_{filling}$ raunþrýstingur vetnis í geyminum við lok áfyllingarferlisins [bör].

Gildi fyrir vetnisþrýsting í geyminum við lok áfyllingarferlisins, sem er notað við útreikningana, skal skjalfest í upplýsingaskjalinu fyrir geymakerfi lághitaþjappaða vetnisins. Við ákvörðun þessa gildis skal taka tillit til gildandi alþjóðlegra staðla um áfyllingargrunnvirki fyrir lághitaþjappað eldsneyti, liggi þeir fyrir.

Tafla 17

Nýtanlegt hlutfall vetnismassa í geymslutækni fyrir lághitaþjappað vetni [–]

raunþrýstingur sem samsvarar tómu ástandi vetnisgeymis [bör]	f_{usable} (*) [-]
5	0,97
8	0,95
10	0,93
15	0,88
20	0,85
30	0,75

(*) Í gildum sem tilgreind eru fyrir f_{usable} er gert ráð fyrir að í geyminum sé innra hitunarkerfi sem er virkjað þegar lágmarksþrýstingi er náð. Ef ekkert slíkt hitunarkerfi er fyrir hendi í geyminum skal framleiðandinn, að fengnu samþykki viðurkenningaryfirvaldsins, beita lægra gildi fyrir f_{usable}.“

25) Töflu 1 í 1. viðbæti er breytt sem hér segir:

a) Í stað textans í línunni „Ökutæki með efnarafala“ í dálkinum „Viðmiðanir fyrir undanþágu“ kemur eftirfarandi:

„Ökutæki skulu njóta undanþágu ef a.m.k. ein af eftirfarandi viðmiðunum á við:

— Ökutæki með efnarafala sem er ekki tvinnökutæki með efnarafala í samræmi við 13. lið 2. liðar í þessum viðauka.

— Ökutækið er búið mörgum rafvélum, sem eru staðsettar innan einnar aflrásar og ekki uppsettar við sama tengipunkt í drifrásinni, í samræmi við lið 10.1.2 í þessum viðauka.

— Ökutækið er búið mörgum rafvélum, sem eru staðsettar innan einnar aflrásar og uppsettar við sama tengipunkt í drifrásinni, í samræmi við lið 10.1.2 í þessum viðauka en hafa ekki nákvæmlega sömu forskriftir (þ.e. sama vottorð fyrir íhluti).

— Ökutækið er með uppbyggingu aflrásar sem er önnur en F2–F4 eða F-IEPC í samræmi við lið 10.1.3 í þessum viðauka.“

b) Línan „Brunahreyfill sem gengur fyrir vetni“ fellur brott.

c) Í stað textans í línunni „Tvíbrennieldsneyti“ í dálkinum „Viðmiðanir fyrir undanþágu“ kemur eftirfarandi:

„Tvíbrenniökutæki með hreyfli sem er knúinn jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi sem eru af gerð 1B, 2B og 3B, eins og skilgreint er í 53., 55. og 56. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011, eða tvíbrenniökutæki með hreyfli sem er knúinn vetni af annarri gerð en 1A, eins og skilgreint er í 52. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011.“

d) Í stað textans í línunni „Tvinnrafökutæki“ í dálkinum „Viðmiðanir fyrir undanþágu“ kemur eftirfarandi:

„Ökutæki skulu njóta undanþágu ef a.m.k. ein af eftirfarandi viðmiðunum á við:

— Ökutækið er búið mörgum rafvélum, sem eru staðsettar innan einnar aflrásar og ekki uppsettar við sama tengipunkt í drifrásinni, í samræmi við lið 10.1.2 í þessum viðauka.

— Ökutækið er búið mörgum rafvélum, sem eru staðsettar innan einnar aflrásar og uppsettar við sama tengipunkt í drifrásinni, í samræmi við lið 10.1.2 í þessum viðauka en hafa ekki nákvæmlega sömu forskriftir (þ.e. sama vottorð fyrir íhluti).

— Ökutækið er með uppbyggingu aflrásar sem er önnur en P1–P4, S2–S4, S-IEPC í samræmi við lið 10.1.3 í þessum viðauka eða aðra en IHPC af gerð 1.“

e) Í stað textans í línunni „Hreint rafökutæki“ í dálkinum „Viðmiðanir fyrir undanþágu“ kemur eftirfarandi:

„Ökutæki skulu njóta undanþágu ef a.m.k. ein af eftirfarandi viðmiðunum á við:

— Ökutækið er búið mörgum rafvélum, sem eru staðsettar innan einnar aflrásar og ekki uppsettar við sama tengipunkt í drifrásinni, í samræmi við lið 10.1.2 í þessum viðauka.

— Ökutækið er búið mörgum rafvélum sem eru staðsettar innan einnar aflrásar og uppsettar við sama tengipunkt í drifrásinni í samræmi við lið 10.1.2 í þessum viðauka en hafa ekki nákvæmlega sömu forskriftir (þ.e. sama vottorð fyrir íhluti).

— Ökutækið er með uppbyggingu aflrásar sem er önnur en E2–E4 eða E-IEPC í samræmi við lið 10.1.3 í þessum viðauka.“

f) Í stað textans í línunni „Margar aflrásir sem eru ávallt vélrænt sjálfstæðar“ í dálkinum „Viðmiðanir fyrir undanþágu“ kemur eftirfarandi í stað fyrstu málsgreinar:

„Ökutækið er búið fleiri en einni aflrás þar sem hver aflrás knýr mismunandi hjólás eða -ása ökutækisins og þar sem ekki er mögulegt undir nokkrum kringumstæðum að koma á vélrænni tengingu milli mismunandi aflrása og þar sem þetta tiltekna kerfi fellur ekki undir leyfilegar samsetningar sem eru skilgreindar í lið 10.1.4 í þessum viðauka.“

g) Línan „Hleðsla á ferð“ fellur brott.

h) Eftirfarandi línu er bætt við:

„Önnur tækni	Öll önnur knúningstækni sem ekki er skráð í þessari töflu og sem ekki er mögulegt að framkvæma hermun fyrir í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar vegna takmarkana hermitólsins að því er varðar þessa tilteknu knúningstækni.	Önnur tækni sem er undanþegin skv. 9. gr.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi lið er bætt við í 2. lið:

„4. „drægni á vetni“: vegalengd sem hægt er að aka á grundvelli nýtanlegs magns vetnis.“

2) Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

a) Liður 1.1.9 fellur brott.

b) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1.1.15:

„1.1.15a. Uppbygging tvinnökutækis með efnarafala (t.d. F2, F3)“. .....

c) Liður 1.1.18 fellur brott.

d) Í stað liðar 1.1.29 kemur eftirfarandi:

„1.1.29. Eldsneytisgeymakerfi ef um er að ræða jarðgas eða vetni (samanþjappað, fljótandi)“. .....

e) Liðum 1.1.31 og 1.1.32 er bætt við á eftir lið 1.1.30:

„1.1.31. Gerðarviðurkenningarnúmer ökutækis .....

1.1.32. Leyfisnúmer hermitóls“. .....

f) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 1.8.3:

„1.8.3a. Leyfisnúmer aðferðar við hermun með tölvuvæddri straumfræði (CFD-aðferðar) (ef við á) .....

1.8.3b. Delta CdxA úr hermun með tölvuvæddri straumfræði (ef við á)“. .....

g) Í stað liðar 1.10.5.2–1.10.5.5 kemur eftirfarandi:

„1.10.5.2. Gerð varmadælu til kælingar ökumannshúss .....

1.10.5.3. Gerð varmadælu til hitunar ökumannshúss .....

1.10.5.4. Gerð varmadælu til kælingar farþegarýmis .....

1.10.5.5. Gerð varmadælu til hitunar farþegarýmis“. .....

h) Í stað liðar 1.10.5.7 kemur eftirfarandi:

„1.10.5.7. Tvöföld rúða (já/nei)“. .....

i) Á eftir lið 1.13.15 er eftirfarandi lið bætt við:

„1.13.16. Takmarkanir á aukningu snúningsvægis“. .....

j) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1.14.7:

„1.14.7a. Gerð hjólnafarhreyfils (já/nei)“. .....

k) Í stað liðar 1.15 kemur eftirfarandi:

„1.15. Forskriftir endurhlaðanlegra orkugeymslukerfa – rafgeymir“.

l) Í stað liðar 1.15.6 kemur eftirfarandi:

„1.15.6. Vottunaraðferð (mæld, staðalgildi)“. .....

m) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 1.15.8:

„1.16. Forskriftir endurhlaðanlegra orkugeymslukerfa – þéttir

1.16.1. Undirtegund .....

1.16.2. Vottunarnúmer .....

1.16.3. Rýmd (F) .....

1.16.4. Lágmarksspenna (V) .....

1.16.5. Hámarksspenna (V) .....

1.16.6. Tæti ílagsgagna og ílagsupplýsinga .....

1.16.7. Vottunaraðferð (mæld, staðalgildi) .....

1.17. Forskriftir fyrir eitt eða fleiri efnarafalakerfi

1.17.1. Undirtegund .....

1.17.2. Vottunarnúmer .....

1.17.3. Vottunaraðferð (mæld, staðalgildi) .....

1.17.4. Málafl (kW) .....

1.17.5. Talning“.....

n) Í stað liðar 2.1 kemur eftirfarandi:

„2.1. Mæliþættir hermunar (fyrir hvert notkunarsnið og hverja hleðslusamsetningu, fyrir tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu eru aðskilin gildi fyrir afhleðsluham, hleðsluham og fyrir vegna notkun, fyrir tvinnökutæki með efnarafala ætluð fyrir ytri hleðslu eru aðskilin gildi fyrir afhleðsluham og hleðsluham).“

o) Á eftir lið 2.1.4 er eftirfarandi lið bætt við:

„2.1.5. Undirhópur aðalökutækis“.....

p) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 2.2.8:

„2.2.9. Meðalskilvirkni gírkassa (%) .....

2.2.10. Meðalskilvirkni áss (%)“. .....

q) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 2.3.16:

„2.3.17. Eldsneytis- og orkunotkun aukahitara ef um er að ræða ökutæki með núlllosun (g/km, g/p-km, l/100km, l/p-km, MJ/km, MJ/p-km) .....

2.3.18. Koltvísýringslosun aukahitara ef um er að ræða ökutæki með núlllosun (g/km, g/p-km) .....

2.3.19. Nýtingarstuðull“.

r) Í stað liðar 2.4 kemur eftirfarandi:

„2.4. Drægni á rafmagni og á vistvænum orkugjöfum með núlllosun (við upphaf og lok líftíma rafhlöðu)“.

s) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 2.4.3:

„2.4.4. Drægni á vetni (km)“.....

b) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1.1.5a:

„1.1.5b. Heildarknúningsafl sem skiptir máli fyrir skipun í undirhóp“. .....

b) Liður 1.1.9 fellur brott.

c) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1.1.15:

„1.1.15a. Uppbygging tvinnökutækis með efnarafala (t.d. F2, F3)“. .....

d) Liður 1.1.18 fellur brott.

e) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1.1.21:

„1.1.22. Gerðarviðurkenningarnúmer ökutækis“.....

f) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1.2.18:

„1.2.19. Heildarmálafl efnarafalakerfis eða -kerfa (kW)“. .....

g) Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun ökutækisins (fyrir hvert notkunarsnið og hverja hleðslusamsetningu, fyrir tvinnrafökutæki ætluð fyrir ytri hleðslu eru aðskilin gildi fyrir afhleðsluham, hleðsluham og fyrir vegna notkun, fyrir tvinnökutæki með efnarafala ætluð fyrir ytri hleðslu eru aðskilin gildi fyrir afhleðsluham og hleðsluham).“

h) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 2.4.5:

„2.4.6. Eldsneytis- og orkunotkun aukahitara ef um er að ræða ökutæki með núlllosun (g/km, g/p-km, l/100km, l/p-km, MJ/km, MJ/p-km) .....

2.4.7. Koltvísýringslosun aukahitara ef um er að ræða ökutæki með núlllosun (g/km, g/p-km) .....

2.4.8. Nýtingarstuðull“. .....

i) Í stað liðar 2.5 kemur eftirfarandi:

„2.5. Drægni á rafmagni (við upphaf og lok líftíma rafhlöðu)“.

j) Á eftir lið 2.5.3 er eftirfarandi lið bætt við:

„2.5.4. Drægni á vetni (km)“. .....

k) Í stað liðar 2.6.1 kemur eftirfarandi:

„2.6.1. Sértæk koltvísýringslosun (g/t-km)“. .....

l) Í stað liðar 2.6.4 kemur eftirfarandi:

„2.6.4. Sértæk koltvísýringslosun (g/p-km)“. .....

m) Í stað liða 2.6.7, 2.6.8 og 2.6.9 kemur eftirfarandi:

„2.6.7. Raundrægni á rafhlöðu þar til hún tæmist við upphaf og lok líftíma rafhlöðu) (km) .....

2.6.8. Jafngild drægni á rafmagni við upphaf og lok líftíma rafhlöðu (km) .....

2.6.9. Drægni með núllkoltvísýringslosun við upphaf og lok líftíma rafhlöðu (km)“. .....

n) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 2.6.9:

„2.6.10. Drægni á vetni (km) .....

2.6.11. CO_2 (g/km) .....

2.6.12. CO_2 (g/m^3-km) .....

2.6.13. Eldsneytisnotkun (g/km) .....

2.6.14. Eldsneytisnotkun (g/t-km) .....

2.6.15. Eldsneytisnotkun (g/p-km) .....

2.6.16. Eldsneytisnotkun (g/m3-km) .....

2.6.17. Eldsneytisnotkun (l/100 km) .....

2.6.18. Eldsneytisnotkun (l/t-km) .....

2.6.19. Eldsneytisnotkun (l/p-km) .....

2.6.20. Eldsneytisnotkun (l/m3-km) .....

2.6.21. Orkunotkun (MJ/km, kWh/km) .....

2.6.22. Orkunotkun (MJ/t-km) .....

2.6.23. Orkunotkun (MJ/p-km) .....

2.6.24. Orkunotkun (MJ/m3-km, kWh/m3-km)“. .....

c) Í stað liðar 1.1 í III. hluta kemur eftirfarandi:

„1.1. Ílagsgögn og ílagsupplýsingar, eins og sett er fram í III. viðauka fyrir aðalökutæki nema fyrir kenniferil eldsneytisnotkunar hreyfils, leiðréttingarstuðla hreyfils WHTC_Urban, WHTC_Rural, WHTC_Motorway, BFColdHot, CFRegPer, eiginleika vægisbreytis, línurit fyrir tap gírkassa, hamlara, vinkildrif og ás, kenniferil eða -ferla raforkunotkunar rafhreyflakerfa og kerfi samþættra íhluta rafaflrása, mæliþætti fyrir raforkutap endurhlaðanlegra raforkugeymslukerfa og kenniferil eldsneytisnotkunar fyrir efnarafalakerfi (FCS).“

———

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í lið 3.1.2:

„Ef hreyfli í CO_2-hreyflahópi, sem er skilgreindur í samræmi við 3. viðbæti, er komið fyrir í ökutæki sem búið er innbyggðum búnaði til að vakta og skrá eldsneytis- og/eða orkunotkun og akstursvegalengd vélknúinna ökutækja, í samræmi við kröfurnar sem um getur í b-lið 5. gr. c í reglugerð (EB) nr. 595/2009, skal setja slíkan búnað upp í prófunarhreyflinum.“

2) Í stað fyrirsagnar töflu 1 í lið 3.1.6.2 kemur „Tafla 1a“.

3) Ákvæðum liðar 3.2 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Viðkomandi viðmiðunareldsneyti fyrir hreyflakerfi sem verið er að prófa skal valið úr eldsneytistegundum sem skráðar eru í töflu 1 og skal vera það sama og notað er sem viðmiðunareldsneyti við EB-gerðarviðurkenninguna í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Eiginleikar viðmiðunareldsneytistegundanna, sem talin eru upp í töflu 1, skulu vera þeir sem eru tilgreindir í IX. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 og fyrir vetni í 5. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 49.“

b) Í stað sjöttu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Hvað varðar gas- og vetniseldsneyti innihalda staðlarnir um ákvörðun á nettóvarmagildinu samkvæmt töflu 1 útreikning á varmagildi sem byggist á samsetningu eldsneytisins. Samsetning gas- eða vetniseldsneytis til að ákvarða nettóvarmagildi skal tekin úr greiningu á því viðmiðunareldsneyti sem notað er við vottunarprófanir. Að því er varðar ákvörðun á samsetningu gas- eða vetniseldsneytis sem notuð er til að ákvarða nettóvarmagildið skal aðeins framkvæma eina staka greiningu á rannsóknarstofu sem er óháð framleiðandanum sem sækir um vottun. Hvað varðar gas- eða vetniseldsneyti skal nettóvarmagildið ákvarðað á grundvelli stakrar greiningar í stað meðalgildis tveggja aðskildra mælinga.“

c) Í stað sjöttu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Hvað varðar gas- og vetniseldsneyti eru skipti á milli eldsneytisgeyma úr mismunandi framleiðslulotum leyfð í sérstökum undantekningartilvikum. Í því tilviki ætti að reikna út nettóvarmagildi eldsneytis úr hverri lotu, sem notuð er, og skrá hæsta gildið.“

d) Töflu 1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað textans í línunni „ Dísilolía/þjöppukveikja (CI)“ í dálkinum „Gerð viðmiðunareldsneytis“ kemur eftirfarandi:

„B7 eða B100“.

b) Eftirfarandi línu er bætt við:

„Vetni/Rafkveikja (PI) eða Vetni/Þjöppukveikja (CI)	Vetni	ISO 6976 eða ASTM 3588“.

4) Í stað annars málsliðar fyrstu málsgreinar í lið 3.2.1 kemur eftirfarandi:

„Annað af viðmiðunareldsneytunum tveimur skal alltaf vera B7 eða B100 og hitt viðmiðunareldsneytið skal vera G25, GR, fljótandi jarðolíugas B eða vetni.“

5) Í stað textans í línunni „Massastreymi eldsneytis fyrir loftkennt eldsneyti“ í töflu 2 í lið 3.5 kemur eftirfarandi:

„**Massastreymi eldsneytis fyrir loftkennt eldsneyti og vetniseldsneyti**	≤ 1% hámarks-kvörðun (3)	0,99–1,01	≤ 1% hámarks-kvörðun (3)	≥ 0,995	1% af aflestrartölu eða 0,5% af hámarkskvörðun (3) af streymi, hvor talan sem er hærri	≤ 2 s“.

6) Í stað málsgreinarinnar í lið 4.3.3.1 kemur eftirfarandi:

„Til viðbótar við ákvæðin, sem skilgreind eru í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, skal skrá raunverulegt massastreymi eldsneytis sem hreyfillinn notar í samræmi við lið 3.4 og gögnin sem um getur a-lið 5. liðar í lið 4.3.5.3 í tengslum við beitingu WHTC-prófunar.“

7) Í stað málsgreinarinnar í lið 4.3.4.1 kemur eftirfarandi:

„Til viðbótar við ákvæðin, sem skilgreind eru í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49, skal skrá raunverulegt massastreymi eldsneytis sem hreyfillinn notar í samræmi við lið 3.4 og gögnin sem um getur a-lið 5. liðar í lið 4.3.5.3 í tengslum við beitingu WHSC-prófunar.“

8) Eftirfarandi lið er bætt við í fyrstu málsgrein á eftir 4. lið í lið 4.3.5.3:

„5. „Ef í prófunarhreyflinum er búnaður til að vakta og skrá eldsneytis- og/eða orkunotkun og akstursvegalengd vélknúins ökutækis, samkvæmt lið 3.1.2:

a) upplýsingarnar sem lýst er í liðum 8.13.15.3–8.13.15.8 í X. viðauka a,

b) fyrir hvern punkt eldsneytismassastreymisins, sem er skráður skv. 3. lið, OBFCM-augnabliksgildi eldsneytis-streymis hreyfilsins sem um getur í lið 5.13 í X. viðauka a,

c) tímabilin milli mismunandi punkta eldsneytismassastreymisins sem skráðir eru skv. 3. lið.“

9) Eftirfarandi færslum er bætt við í töflu 4 í lið 5.3.3.1:

„Vetni/Rafkveikja (PI) eða Vetni/Þjöppukveikja (CI)	Vetni	120,0
Dísilolía/þjöppukveikja (CI)	B100	37,2“.

10) Eftirfarandi texta er bætt við í lið 6.1.9:

„Ef um er að ræða dísilhreyfil, sem prófaður er með viðmiðunareldsneytistegund B100 í samræmi við lið 3.2, skal „Diesel B100 CI“ vera ílagið í forvinnslutól hreyfilsins.“

11) Ákvæðum 1. hluta 2. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 3.2.2.2 kemur eftirfarandi:

„3.2.2.2.	Þung ökutæki dísilolía/bensín/fljótandi jarðolíugas/jarðgas/etanól (ED95)/etanól (E85)/vetni (T)/vetni (TD)/vetni (U)/vetni (UD)/dísilolía B100([1])([11])“.							

b) Í stað liðar 3.2.17.1 kemur eftirfarandi:

„3.2.17.1.	Eldsneyti: Fljótandi jarðolíugas/jarðgas í H-flokki/jarðgas í L-flokki/jarðgas í HL-flokki/vetni (T)/vetni (TD)/vetni (U)/vetni (UD)([1])([11]).“							

c) Í stað liðar 3.5.5.2.1 kemur eftirfarandi:

„3.5.5.2.1.	Fyrir tvíbrennihreyfla sem knúnir eru með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi: Sértæk losun koltvísýrings meðan á WHSC-prófunarlotu stendur í samræmi við lið 6.1 í 4. viðbæti í g/kWh.“							

d) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 3.5.5.2.1:

„3.5.5.2.2.	Fyrir tvíbrennihreyfla sem eru knúnir vetni: Sértæk orkunotkun meðan á WHSC-prófunarlotu stendur í samræmi við lið 6.2 í 4. viðbæti í MJ/kWh.							
3.5.5.2.3.	Fyrir tvíbrennihreyfla sem knúnir vetni: Sértæk dísilolíunotkun meðan á WHSC-prófunarlotu stendur, þar sem $SFC_{WHSC,corr}$ er ákvarðað í samræmi við 6. lið í 4. viðbæti í g/kWh.“							

e) Eftirfarandi töfluathugasemd er bætt við:

„11. Fyrir vetnishreyfla samsvara bókstafirnir T, TD, U og UD eftirfarandi:

a) T ef um er að ræða rafkveikjuhreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður fyrir loftkennt vetni

b) TD ef um er að ræða þjöppukveikjuhreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður fyrir loftkennt vetni

c) U ef um er að ræða rafkveikjuhreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður fyrir fljótandi vetni

d) UD ef um er að ræða þjöppukveikjuhreyfil sem er viðurkenndur og kvarðaður fyrir fljótandi vetni“.

12) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 1.10.1 í 3. viðbæti:

„1.11. Sérákvæði fyrir dísilhreyfla sem eru prófaðir með viðmiðunareldsneytistegund B100.

1.11.1. Allir hreyflar innan sama CO_2-hóps skulu geta gengið fyrir hreinu B100 og skulu geta gengið fyrir nákvæmlega sömu röð lífdísilolíublandna og tilgreint er í lið 3.2.2.2.1 í upplýsingaskjalinu sem hefur verið útbúið í samræmi við 2. viðbæti.“

13) Ákvæðum 4. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 4. liðar er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við á eftir annarri málsgrein:

„Ef hreyfli í CO_2-hreyflahópi, sem er valinn í samræmi við 3. lið, er komið fyrir í ökutæki sem búið er innbyggðum búnaði til að vakta og skrá eldsneytis- og/eða orkunotkun og akstursvegalengd vélknúinna ökutækja í samræmi við kröfurnar sem um getur í b-lið 5. gr. c í reglugerð (EB) nr. 595/2009, skal setja slíkan búnað upp í prófunarhreyflinum.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 3. lið fimmtu málsgreinar:

„Ef annað markaðseldsneyti eða viðmiðunareldsneyti af tegundinni vetni er notað skal ákvarða nettóvarmagildið í samræmi við viðeigandi staðla sem settir eru fram í töflu 1 í þessum viðauka, út frá eldsneytisgreiningu sem eldsneytisbirgirinn leggur fram.“

b) Í lið 5.3 er b-lið fyrstu málsgreinar breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar E-liðar kemur eftirfarandi:

„Ákvæði framangreinds D-liðar gilda ekki um tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi.“

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„F. Ákvæði D-liðar gilda ekki um tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni. Þess í stað skal þróunarstuðullinn reiknaður út með því að deila í sértæka orkunotkun úr annarri prófuninni með sértækri orkunotkun úr fyrstu prófuninni. Gildin tvö fyrir sértæka orkunotkun skulu ákvörðuð í samræmi við ákvæðin sem eru tilgreind í lið 6.2 í þessum viðbæti með því að nota gildin tvö fyrir $SFC_{WHSC,corr}$ sem eru ákvörðuð í samræmi við C-lið. Þróunarstuðullinn má hafa lægra gildi en einn.“

c) Í stað liðar 5.4 kemur eftirfarandi:

„5.4. Ef ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í b-lið liðar 5.3 í þessum viðbæti er beitt skulu næstu hreyflar, sem valdir eru til að prófa samræmi eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, ekki tilkeyrðir, en sértæk eldsneytisnotkun þeirra meðan á WHSC-prófun stendur eða sértæk koltvísýringslosun meðan á WHSC-prófun stendur, ef um er að ræða tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, eða sértæk orkunotkun, ef um er að ræða tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni, sem er ákvörðuð á hreyfli sem nýbúið er að framleiða og hefur hámarkstilkeyrslu upp á 15 klst. í samræmi við lið 5.1 í þessum viðbæti, skal margfölduð með þróunarstuðlinum.“

d) Ákvæðum liðar 5.5 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Í þeim tilvikum sem lýst er í lið 5.4 í þessum viðbæti skulu gildin fyrir sértæka eldsneytisnotkun meðan á WHSC-prófun stendur eða sértæk koltvísýringslosun meðan á WHSC-prófun stendur, ef um er að ræða tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, eða sértæk orkunotkun, ef um er að ræða tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni, vera eftirfarandi:“

b) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) fyrir hina hreyflana skal nota þau gildi sem ákvörðuð eru fyrir hreyfilinn sem nýbúið er að framleiða og hefur hámarkstilkeyrslu upp á 15 klst. í samræmi við lið 5.1 í þessum viðbæti, margfölduð með þróunarstuðlinum sem ákvarðaður er í samræmi við D-lið b-liðar í lið 5.3 í þessum viðbæti eða E-lið b-liðar í lið 5.3 í þessum viðbæti, ef um er að ræða tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, eða F-lið b-liðar í lið 5.3 í þessum viðbæti ef um er að ræða tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni.“

e) Í stað annars málsliðar í lið 5.6 kemur eftirfarandi:

„Í því tilviki skal sértæka eldsneytisnotkunin meðan á WHSC-prófun stendur eða sértæka koltvísýringslosunin meðan á WHSC-prófun stendur, ef um er að ræða tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, eða sértæka orkunotkunin, ef um er að ræða tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni, sem ákvörðuð er fyrir hreyfilinn sem nýbúið er að framleiða og hefur hámarkstilkeyrslu upp á 15 klst. í samræmi við lið 5.1 í þessum viðbæti, margfölduð með almenna þróunarstuðlinum 0,99.“

f) Ákvæðum liðar 6.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar tvíbrennihreyfla, sem ganga fyrir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, skal markgildi til að meta samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun reiknað út frá þessum tveimur aðgreindum gildum fyrir hvort eldsneyti leiðréttrar sértækrar eldsneytisnotkunar meðan á WHSC-prófuninni stendur, $SFC_{WHSC,corr}$, í g/kWh sem eru ákvörðuð í samræmi við lið 5.3.3 í þessum viðauka. Margfalda skal hvort hinna tveggja aðgreindu gilda fyrir hvort eldsneyti með viðkomandi koltvísýringslosunarstuðli fyrir hvort eldsneyti í samræmi við töflu 1 í þessum viðbæti. Summa þeirra tveggja gilda sem fást fyrir sértæka koltvísýringslosun meðan á WHSC-prófun stendur skilgreinir viðeigandi markgildi til að meta samræmi vottaðra eiginleika tvíbrennihreyfla, sem ganga fyrir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.“

b) Eftirfarandi línu er bætt við í töflu 1:

„Dísilolía/þjöppukveikja (CI)	B100	2,83“.

g) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 6.1:

„6.2. Sérkröfur fyrir tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni

Að því er varðar tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni skal markgildi til að meta samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun reiknað út frá þessum tveimur aðgreindu gildum fyrir hvort eldsneyti leiðréttrar sértækrar eldsneytisnotkunar meðan á WHSC-prófuninni stendur, $SFC_{WHSC,corr}$, í g/kWh sem eru ákvörðuð í samræmi við lið 5.3.3 í þessum viðauka. Margfalda skal hvort hinna tveggja aðgreindu gilda fyrir hvort eldsneytis með viðkomandi NCV_{std}, eins og sett er fram í lið 5.3.3.1, og síðan skal margfalda þau með stuðlinum 0,001. Summa þeirra tveggja gilda sem fást fyrir sértæka orkunotkun meðan á WHSC-prófun stendur skilgreinir viðeigandi markgildi til að meta samræmi vottaðra eiginleika tvíbrennihreyfla, sem ganga fyrir vetni, sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.“

h) Í stað liðar 7.6 kemur eftirfarandi:

„7.6. Ákvæði liðar 7.5 gilda ekki um tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi. Þess í stað skal raungildi fyrir mat á samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vera summa þeirra tveggja gilda sem fást um sértæka koltvísýringslosunin meðan á WHSC-prófun stendur, sem eru ákvörðuð í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram í lið 6.1 í þessum viðbæti með því að nota gildin tvö fyrir $SFC_{WHSC,corr}$ sem eru ákvörðuð í samræmi við lið 7.4 í þessum viðbæti.“

i) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 7.6:

„7.7. „Ákvæði liðar 7.5 gilda ekki um tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni. Þess í stað skal raungildi fyrir mat á samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun vera summa þeirra tveggja gilda sem fást um sértæka orkunotkun meðan á WHSC-prófun stendur, sem eru ákvörðuð í samræmi við ákvæðin sem eru sett fram í lið 6.2 með því að nota gildin tvö fyrir $SFC_{WHSC,corr}$ sem eru ákvörðuð í samræmi við lið 7.4.“

j) Í stað 8. liðar kemur eftirfarandi:

„8. Mörk fyrir samræmi fyrir einstaka prófun

Að því er varðar dísilhreyfla (B7 eða B100) skulu viðmiðunarmörkin fyrir mat á samræmi eins staks hreyfils, sem prófaður er, vera það markgildi sem ákvarðað er í samræmi við 6. lið, plús 4%.

Að því er varðar hreyfla, sem ganga fyrir einu eldsneyti öðru en dísilolíu (B7 eða B100), og tvíbrennihreyfla skulu viðmiðunarmörkin fyrir mat á samræmi eins staks hreyfils, sem er prófaður, vera það markgildi sem ákvarðað er í samræmi við 6. lið, plús 5%.“

k) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 8. lið:

„8.1. Að því er varðar tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni gilda viðbótarviðmiðunarmörk sem varða sértæka dísilolíunotkun meðan á WHSC-prófunarlotunni stendur, $SFC_{WHSC,corr}$. Viðeigandi viðbótarviðmiðunarmörk fyrir mat á samræmi eins staks hreyfils, sem prófaður er, skulu vera sértæk dísilolíunotkun meðan á WHSC-prófuninni stendur, $SFC_{WHSC,corr}$, sem ákvörðuð er í samræmi við 6. lið auk vikmarka sem nema 4 g/kWh.“

l) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í lið 9.2:

„Þrátt fyrir fyrstu málsgrein skal, fyrir tvíbrennihreyfla sem ganga fyrir vetni, ein prófun á einum hreyfli, sem er prófaður í samræmi við 4. lið þessa viðbætis, einnig teljast vera í ósamræmi ef raungildi sértækrar dísilolíunotkunar meðan á WHSC-prófunarlotunni stendur, $SFC_{WHSC,corr}$, sem ákvarðað er í samræmi við 7. lið, er hærra en viðmiðunarmörkin sem skilgreind eru í samræmi við lið 8.1.“

14) Í stað textans í línunni „FuelType“ í töflu 1a í 7. viðbæti kemur eftirfarandi:

„FuelType	P193	strengur	[–]	Leyfð gildi: „Diesel CI“, „Ethanol CI“, „Petrol PI“, „Ethanol PI“, „LPG PI“, „NG PI“, „NG CI“, „H2 CI“, „H2 PI“, „Diesel B100 CI“.“

V. VIÐAUKI

Ákvæðum VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 4.1.7.2 á eftir lið 4.2.7.1 kemur eftirfarandi:

„4.2.7.2. Röð mælinga“.

2) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 6.1.2.1:

„6.1.3. Tilvik C: Reim (eða svipuð tækni) sem er notuð til að tengja rafvélakerfi við aðalaflrás ökutækisins (eins og skilgreint er í lýsingu á valkvæðum ADC-ílagsgögnum í töflu 8 í III. viðauka við þessa reglugerð).

Í því tilviki skulu ílagsgögnin, sem krafist er í samræmi við töflu 7 í 12. viðbæti, ákvörðuð í samræmi við ákvæðin, sem skilgreind eru í 11. viðbæti, þar sem gildið f_T skal vera 0,08 og mesta tiltækt snúningsvægi rafvélakerfisins skal notað fyrir $T_{max,in}$.“

3) Í stað annars málsliðar í lið 7.6 kemur eftirfarandi:

„Aðeins skal prófa einn gírkassa fyrir hvern hóp.“

4) Í stað fyrsta málsliðar í lið 7.10 kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir lið 7.6 skal prófa þrjá gírkassa til viðbótar úr sama hópi ef niðurstaða prófunar, sem framkvæmd er í samræmi við 8. lið, er hærri en sú sem er tilgreind í lið 8.1.3.“

5) Þar sem liðurinn „Stöðvunarpunktur“ kemur fyrir í annað skipti í 9. viðbæti kemur eftirfarandi í stað textans:

„Stöðvunarpunktur:

— Snúningsvægishlutfall við stöðvunarpunkt $v_0 = 0$:

$\mu(v_0) = 1{,}8/v_s$“.

6) Eftirfarandi texta er bætt við línuna „DifferentialIncluded“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ í töflu 1 í 12. viðbæti:

„Þessa ílagsmæliþáttar er einungis krafist fyrir framhjóladrifin ökutæki.“

———

VI. VIÐAUKI

„VII. VIÐAUKI a

Vottunaraðferð við prófun á hjólnafarsamstæðum

1. Inngangur og skilgreiningar

1.1. Inngangur

Í þessum viðauka er lýst vottunaraðferðinni fyrir núningstapi hjólnafarsamstæðna við notkun á driflausum ásum. Vottun á hjólnafarsamstæðum á drifásum fellur undir verklagsreglurnar sem mælt er fyrir um í VII. viðauka.

Í stað vottunar á hjólnafarsamstæðum er hægt að beita stöðluðu núningstapi hjólnafarsamstæðna, eins og sett er fram í 6. lið, í þeim tilgangi að ákvarða sértæka koltvísýringslosun ökutækis.

1.2. Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „hjólalega“: lega sem er notuð til að styðja eina hjólnafarsamstæðu ökutækis,

2) „hjólnafarsamstæða“: samsetning íhluta sem mynda tengingu á milli hjólsins og ássins og taka m.a. til hjólalega, þétta og smurefna ásamt hjólnöfinni, ef hún er fyrir hendi, og allra annarra íhluta sem skipta máli fyrir snúningsviðnám; heimilt er að undanskilja hemladiskinn og hjólflansinn,

3) „þverstætt álag“: álag sem verkar þvert á hjólnafarsamstæðuna og lóðrétt á öxulinn,

4) „áslægt álag“: álag sem verkar á hjólnafarsamstæðuna langsum eftir öxlinum, þvert á radíus hjólsins,

5) „staðsetning álagslínu“: sú staðsetning á hjólnafarsamstæðu sem þverstætt álag hvílir á,

6) „framleiðandi hjólnafarsamstæðu“: lögaðili sem framleiðir hjólnafarsamstæðuna,

7) „hópur hjólnafarsamstæðna“: flokkun framleiðanda á hjólnafarsamstæðum sem vegna hönnunar hafa svipaða hönnunareiginleika og eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, eins og er sett fram í lið 2.3,

8) „viðskiptavinur“: lögaðili sem selur ökutækið eða ásinn þar hjólnafarsamstæðu er komið fyrir,

9) „prófunaraðili“: lögaðili sem ber ábyrgð á prófun á hjólnafarsamstæðu, annaðhvort framleiðandi hjólnafarsamstæðu eða þriðji aðili,

10) „þétti“: sá hluti hjólalegu sem er hannaður til að koma í veg fyrir að agnir eða vökvar komist inn í hjóllegu eða til að koma í veg fyrir smurefnisleka,

11) „rýmd“: sú heildarlengd sem hægt er að færa einn leguhring miðað við annan í áslæga stefnu,

12) „forspenna“: neikvæð innri rýmd hjólalegu,

13) „innri hringur“: hringur eða hringir í hjólalegum sem hafa minna þvermál en ytri hringurinn,

14) „ytri hringur“: hringur eða hringir í hjólalegum sem hafa meira þvermál en innri hringurinn,

15) „mæling“: mæling á núningstapi í hjólnafarsamstæðu sem er sett fram sem núningsvægi í Nm,

16) „málálag legu“: hámarkshönnunarálagið eins og það er skilgreint í forskriftunum fyrir hjólalegur,

17) „þvermál skurðar“: fjarlægð í hjólalegu á milli rúmfræðilegrar miðju tveggja snúningshluta þegar snúningshlutarnir tveir eru staðsettir gagnstætt hvor öðrum,

18) „tilkeyrsla“: ferli þar sem ónotuð hjólnafarsamstæða er hæfð undir álagi til að koma henni í dæmigert notkunarástand.

2. Almennar kröfur

2.1. Val á hjólnafarsamstæðu

Hjólnafarsamstæður, sem eru notaðar við sannprófun á mælingum á núningstapi, skulu vera nýjar.

Þetta skulu vera sömu hjólnafnarsamstæðurnar og skilgreindir eru í forskriftunum, þ.e. þær sem eru ætlaðir til fjöldaframleiðslu, og sem á að setja upp í búnað viðskiptavinarins.

Þessar forskriftir fela í sér, en takmarkast þó ekki við, mælivídd, efni, gæði og meðhöndlun yfirborðsflata, fjölda kefla, þétti, tegund smurefnis og gæði þess og magn, sem og hvers konar aðra eiginleika sem skipta máli fyrir núning hjólnafarsamstæðnanna.

2.2. Fjöldi hjólnafarsamstæðna sem skal prófa

Að því er varðar koltvísýringsvottun hóps hjólnafarsamstæðna skal prófa a.m.k. fjórar mismunandi hjólnafarsamstæður úr stofnhópnum, samkvæmt aðferðunum sem lýst er í 3. og 4. lið, þar sem notuð eru sömu hraða- og álagsmarkþrep fyrir hverja og eina.

2.3. Mæliþættir sem skilgreina hóp hjólnafarsamstæðna

Eftirfarandi viðmiðanir skulu vera þær sömu fyrir allar einingar innan hóps hjólnafarsamstæðna:

— fjöldi snúningshluta,

— þvermál snúningshluta innan við ± 0,5 mm (þegar mælt er þvert á og í miðju lengdaráss),

— lengd snúningshluta innan við ±1 mm (þegar mælt er eftir lengdarásnum)

— þvermál skurðar innan ± 1 mm,

— fjöldi raða,

— snertihorn ytri hrings við snúningshlutana innan ± 1 gráðu,

— tegund smurefnis: olía eða feiti,

— staðsetning álagslínu (ef stofnhópurinn er ekki prófaður á þeim stað sem sýndur er á mynd 2).

2.4. Val á stofnhópi hjólnafarsamstæðu

Stofnhópur hjólnafarsamstæðu skal vera sú eining innan hópsins sem verður fyrir mesta núningnum.

Ef hópur samanstendur af fleiri en einni einingu skal prófunaraðilinn rökstyðja val stofnhópsins á grundvelli eiginleika íhlutarins.

Málálag legu í hópnum skal vera mesta málálag legu í öllum einingum hópsins.

Prófunaraðilinn skal leggja fram mælanleg gögn fyrir hverja einingu hópsins um eftirfarandi:

— frammistöðu þéttis (t.d. núningstap),

— frammistöðu smurefnis (olíu eða feiti) (t.d. seigja),

— svið forspennu/rýmdar (t.d. mesta og minnsta).

Viðurkenningaryfirvaldið getur óskað eftir því að prófunaraðilinn leggi fram viðbótarrökstuðning, þ.m.t. með hermunum eða útreikningum, þegar það telur að þeir eiginleikar sem taldir eru upp í fjórðu málsgrein nægi til að réttlæta val á hópi.

2.5. Tilkeyrsla

Prófunaraðilinn skal framkvæma tilkeyrslu á hjólnafarsamstæðum.

Við tilkeyrsluna skal nota sömu uppsetningu prófunar og beita sömu kröfum og gilda um mælingu á núningstapi.

2.5.1. Tilkeyrsla

Tilkeyrslan skal samanstanda af fjórum fösum í röð.

Í fyrsta fasanum skal hjólnafarsamstæðan látin ganga réttsælis á stöðugum hraða sem nemur 300 snún./mín. með þverstætt álag sem samsvarar 50% af málálagi leganna í 60 ± 2 mínútur.

Í öðrum fasanum skal hjólnafarsamstæðan látin ganga rangsælis á stöðugum hraða sem nemur 300 snún./mín. með þverstætt álag sem samsvarar 50% af málálagi leganna í 60 ± 2 mínútur.

Í þriðja fasanum skal hjólnafarsamstæðan látin ganga réttsælis á stöðugum hraða sem nemur 500 snún./mín. með þverstætt álag sem samsvarar 100% af málálagi leganna í 660 ± 2 mínútur.

Í fjórða fasanum skal hjólnafarsamstæðan látin ganga rangsælis á stöðugum hraða sem nemur 500 snún./mín. með þverstætt álag sem samsvarar 100% af málálagi leganna í 660 ± 2 mínútur.

Prófunaraðilinn skal skrásetja tilkeyrsluna að því er varðar keyrslutíma, hraða, þverstætt álag og hitastig leganna og gefa viðurkenningaryfirvaldinu skýrslu um það.

2.6. Smurefni

2.6.1. Kröfur um smurefni

Smurefnistegundin, gæði hennar og magn skulu vera þau sömu og skilgreind eru í forskriftum fyrir raðframleiðslu og sem viðskiptavinurinn mun nota.

Ef framleiðandi hjólnafarsamstæðu afhendir ekki smurefni með hjólalegunni skal viðskiptavinurinn veita nauðsynlegar upplýsingar um smurefnið sem notað verður við endanlega notkun til að unnt sé að prófa hjólnafarsamstæðuna á réttan hátt.

2.6.2. Smurolía

Ef smurefnið er olía skal olíuhæðin í legunni vera sú sem er skilgreind í forskriftunum fyrir ásinn. Ef forskrift er ekki fyrir hendi skal nota mestu rúmfræðilega mögulega olíuhæð ássins.

2.7. Innri rýmd/forspenna

Ef hægt er að stilla innri rýmd/forspennu hjólalegunnar skal rýmdin/forspennan við prófun hjólalegunnar vera stillt á reiknað meðaltal uppgefinnar rýmdar/forspennu, sem skilgreind er forskriftum, innan ± 20 μm vikmarka.

2.8. Tegundir þéttis

Þær tegundir þéttis sem eru notaðar við prófun á hjólnafarsamstæðum skulu vera þær sömu og skilgreindar eru í forskriftunum, þ.e. þær sem eru ætlaðar til fjöldaframleiðslu, og sem á að setja upp í búnað viðskiptavinarins.

Ef framleiðandi hjólnafarsamstæðu afhendir ekki tegundir þétta með hjólnafarsamstæðunni skal viðskiptavinurinn veita nauðsynlegar upplýsingar um þær tegundir sem verða notaðar í endanlega búnaðinn til að unnt sé að prófa hjólnafarsamstæðuna á réttan hátt.

3. Aðferð við prófun á hjólnafarsamstæðum

3.1. Prófunarskilyrði

3.1.1. Umhverfishiti

Hitastiginu í prófunarklefanum skal haldið við 25 °C ± 10 °C. Umhverfishitinn skal mældur innan við einn metra frá ytri hring hjólalegunnar og skráður í prófunarskýrsluna. Þetta skal vera markhitastig sem prófunaraðilinn hefur til viðmiðunar og kerfisbundin frávik frá því milli prófana eru ekki leyfð.

3.1.2. Hitastig í hjólalegum

Mæla skal hitastigið í hjólalegunni við innra þvermál innri hringsins sem er staðsettur á innri hlið ökutækisins. Meðan á mælingum stendur skal hitastigi hjólaleganna haldið við 60 °C að hámarki. Í þeim tilgangi er heimilt að beita loftkælingu í samræmi við lið 3.3.5.

3.2. Uppsetning prófunar

Uppsetning prófunarinnar skal vera eins og er sýnt á mynd 1.

Mynd 1

Einfölduð yfirlitsmynd af uppsetningu prófunarinnar



3.2.1. Uppsetning mælibúnaðar fyrir snúningsvægi, álag, hitastig og hraða

Setja skal upp mælibúnað fyrir snúningsvægi til að mæla núningstap í hjólnafarsamstæðunni og skal það gert þannig að áhrifum frá utanaðkomandi þáttum sé haldið í lágmarki.

Setja skal upp hraðamælibúnað til að mæla snúningshraða hjólnafarsamstæðunnar.

Setja skal upp hitamælibúnað til að mæla hitastigið í hjólalegunni við innra þvermál innri hringsins sem er staðsettur á innri hlið ökutækisins.

Setja skal upp álagsmælibúnað til að mæla þverstætt álag á hjólnafarsamstæðuna.

3.2.2. Uppsetning prófunar

Uppsetning prófunarinnar skal samanstanda af rafvél, sem er notuð til að beita snúningshraða á hjólnafarsamstæðuna, og af búnaði sem getur beitt þverstæðu álagi á hjólnafarsamstæðuna.

Hjólnafarsamstæðan skal vera þannig uppsett að ytri hringur hjólalegunnar snúist og sé notaður sem ílag fyrir snúningshraða, á sama tíma og innri hringinn snýst ekki.

Heimilt er að nota tannhjól og tengingar á milli rafvélarinnar og hjólnafarsamstæðunnar, að því tilskildu að þau hafi ekki áhrif á niðurstöður mælinganna.

3.2.3. Mælibúnaður

Starfsstöðvar kvörðunarstofunnar skulu uppfylla kröfurnar í IATF 16949-staðlinum, ISO 9000-staðlaröðinni eða ISO/IEC 17025-staðlinum. Allur viðmiðunarmælibúnaður á rannsóknarstofu, sem notaður er við kvörðun og/eða sannprófun, skal vera rekjanlegur til innlendra (alþjóðlegra) staðla.

Nákvæmni mælinga, sem sett er fram í liðum 3.2.3.1–3.2.3.4 skal varða alla mælingaröðina, þ.m.t. aðrar uppsprettur ónákvæmni og nema. Tilgreind vikmörk fyrir óvissu skulu ekki notuð fyrir kerfisbundin frávik þegar mælitækjum er beitt með meiri nákvæmni.

3.2.3.1. Núningsvægi

Óvissa mælingar á snúningsvægi við mælingu á núningsvægi hjólnafarsamstæðunnar skal ekki vera meiri en ± 0,2 Nm.

Ef um er að ræða meiri óvissu skal setja fram útreikninga við mælingarnar samkvæmt lið 3.4.6.

3.2.3.2. Þverstætt álag

Óvissa álagsmælingar fyrir mælingu á þverstæðu álagi á hjólnafarsamstæðu skal ekki vera meiri en ± 1 kN.

Ef þverstæðu álagi er beitt sem massa skal umreikna það með því að beita þyngdaraflsstuðlinum 9,81 N/kg.

3.2.3.3. Snúningshraði

Óvissa snúningshraðamælingar við mælingu á hraða hjólnafarsamstæðunnar skal ekki vera meiri en ± 2,5 snún./mín.

3.2.3.4. Hitastig

Óvissa hitamælingar við mælingu á umhverfishita skal ekki vera meiri en ± 2 °C.

Óvissa hitamælingar við mælingu á hitastigi í hjólalegu skal ekki vera meiri en ± 2 °C.

3.2.4. Skráning mælingarmerkja og gagna

Skrá skal eftirfarandi merki í þeim tilgangi að reikna út núningsvægistap:

a) Innsnúningshraða [snún./mín.]

b) Núningsvægi í hjólnafarsamstæðu [Nm]

c) Þverstætt álag sem beitt er [kN]

d) Hitastig í legum [°C]

e) Umhverfishita [°C].

Beita skal eftirfarandi lágmarkstíðni sýnatöku fyrir nemana:

a) Núningsvægi: 300 Hz

b) Snúningshraði: 100 Hz

c) Hitastig: 10 Hz

d) Álag: 10 Hz

Sía skal óunnin gögn fyrir núningsvægi með hentugri lághleypisíu (e. *low-pass filter*), t.d. annars stigs Butterworth-síu með 0,1 Hz lokunartíðni. Beita má síun á önnur merki í samráði við viðurkenningaryfirvaldið. Forðast skal öll bjögunaráhrif.

Ekki skal tilkynna óunnu gögnin.

3.3. Prófunaraðferð

Til að ákvarða kenniferil snúningsvægistaps fyrir hjólnafarsamstæðu skal mæla netpunktagögn fyrir kenniferil núningsvægistapsins eins og tilgreint er í lið 3.4.

Einungis má endurtaka mælingu á netpunkti ef tæknilegar og rökstuddar ástæður liggja fyrir, s.s. ef mælingarnemi bilar. Slík endurtekning skal skráð í prófunarskýrsluna. Heildarprófun á einu sýnishorni af hjólnafarsamstæðu, allt frá því að tilkeyrsla hefst og þar til síðasti netpunktur hefur verið mældur, skal vera lokið að hámarki innan 55 klst., að öðrum kosti telst prófun sýnisins vera ógild.

3.3.1. Svið þverstæðs álags

Kenniferill núningsvægistaps skal mældur með þverstæðu álagi sem samsvarar 25%, 50% og 100% af málálagi legunnar.

Prófunaraðilinn skal gefa upp markálagið ásamt raunverulegu mældu álagi.

3.3.2. Staðsetning þverstæðrar álagslínu

Þverstæðu álagi skal beitt á miðju hjólnafarsamstæðunnar, þannig að álagslínan sé á miðju hjólalegunnar með innan við ± 0,5 mm nákvæmni. Miðja hjólalegunnar er ákvörðuð sem miðja ytri staðsetningar innri hringja hjólalegunnar (sjá mynd 2).

Mynd 2

Ákvörðun staðsetningar álagslínu



Heimilt er að velja að staðsetning álagslínunnar sé utan við miðju legunnar ef framleiðandi óskar þess og viðurkenningaryfirvaldið samþykkir það. Í því tilviki verður framleiðandinn að leggja fram gögn um að þessi staðsetning álagslínunnar samsvari notkun hjólnafarsamstæðunnar.

3.3.3. Áslægt álag

Engu áslægu álagi skal beitt á hjólnafarsamstæðurnar að því er varðar þær mælingar sem settar eru fram í þessum lið.

3.3.4. Snúningshraðasvið

Prófa skal hjólnafarsamstæðuna við 250 og 500 snún./mín. Allir snúningshraðapunktar skulu mældir í réttsælis og rangsælis snúningi í samræmi við prófunarröðina sem tilgreind er í lið 3.4.1. Skýra má frá niðurstöðunum sem meðaltali mæligilda í réttsælis og rangsælis snúningi.

3.3.5. Kæling og hitun

Heimilt er að loftkæla hjólnafarsamstæðuna með viftu við umhverfishita, eins og skilgreint er í lið 3.1.1. Önnur utanaðkomandi kæling eða hitun skal ekki heimiluð. Ef um er að ræða loftkælingu skal nota sömu kæliskilyrði fyrir allar hjólnafarsamstæðurnar, sem eru prófaðar, við alla netpunkta.

3.4. Mæling á núningsvægistapi

3.4.1. Prófunarröð

Prófunarröðin sem á að nota miðast við útfærslu mælinga í uppsetningu prófunarinnar.

Ef útfærsla mælinga er þannig að bæði þverstætt álag og núningsvægi eru ákvörðuð sitt í hvoru lagi með sérhæfðum mælibúnaði fyrir snúningsvægi skulu prófanir á hjólnafarsamstæðum fylgja prófunarröð A eins og lýst er í lið 3.4.1.1.

Ef útfærsla mælinga er þannig að þverstætt álag og núningsvægi eru ákvörðuð samtímis með sama mælibúnaði fyrir snúningsvægi skal prófun á hjólnafarsamstæðum fylgja prófunarröð B eins og lýst er í lið 3.4.1.2.

Ef prófunaraðilinn getur ekki, á grundvelli lýsinga á virkni sem um getur í annarri og þriðju málsgrein, dæmt um það hvaða prófunarröð skuli nota, skal nota prófunarröð A.

3.4.1.1. Prófunarröð A

Mælingar á núningi við netpunktana skulu hefjast við mesta þverstæða álagið og síðan stig af stigi við minnsta þverstæða álagið og við hvert álagsþrep skal fyrst prófa mesta snúningshraðann og síðan minnsta snúningshraðann. Þegar netpunkturinn við minnsta álagið og minnsta snúningshraðann hefur verið mældur er snúningsátt hjólnafarsamstæðunnar snúið við og ferlið, sem áður var lýst, endurtekið.

Yfirlit yfir prófunarferlið er sýnt á mynd 3.

Mynd 3

Prófunarröð A



3.4.1.2. Prófunarröð B

Mælingar á núningi við netpunktanna skulu hefjast við mesta geislalægt álag og mesta snúningshraða. Síðan er snúningsáttinni snúið við og því næst er sami álags-/hraðapunktur mældur. Snúningsátt er aftur snúið við og núningur mældur á minni snúningshraðanum á meðan sama álagi er viðhaldið. Þessi álags-/hraðapunktur er einnig mældur í báðar snúningsáttir. Röðin sem er lýst hér á undan er endurtekin fyrir stillingu með 50% og 25% geislalægu álagi.

Yfirlit yfir prófunarferlið er sýnt á mynd 4.

Mynd 4

Prófunarröð B



3.4.2. Tímalengd stöðgunar og mælinga

Prófunaraðilinn skal gera ráð fyrir stöðgunartímabili sem nemur 117 ± 2 mínútum fyrir hvern netpunkt, áður en mæling hefst. Auk þess skal beita eftirfarandi stöðgunartímabilum:

— Fyrir prófunarröð A:

Stöðgunartímabilið skal framlengt um 60 ± 2 mínútur til viðbótar á undan fyrsta netpunktinum og á undan sjöunda netpunktinum (eftir að snúningsáttinni hefur verið snúið við). Stöðgunartímarnir eru tilgreindir á mynd 3.

— Fyrir prófunarröð B:

Stöðgunartímabilið skal framlengt um 60 ± 2 mínútur til viðbótar á undan fyrsta netpunktinum. Stöðgunartímabilið skal framlengt um 30 ± 2 mínútur til viðbótar á undan fimmta og níunda netpunkti. Stöðgunartímarnir eru tilgreindir á mynd 4.

Mæla skal núninginn fyrir hvern einstakan netpunkt síðustu 180 sekúndurnar í samsvarandi fasa við stöðugan hraða. Ef stöðgunarviðmiðunin, eins og henni er lýst í lið 3.4.3, er ekki uppfyllt síðustu 180 sekúndur netpunktsins er heimilt að mæla frá fyrsta órofna 180 sekúndna áfanganum þar sem stöðgunarviðmiðunin var uppfyllt þar á undan.

Í tilvikum þar sem prófunarbúnaðurinn er búinn stoðlegu fyrir hjólnafarsamstæðuna, sem þarf að geta snúist í báðar áttir þegar mælt er við hvern netpunkt, skal mæla núninginn síðustu 180 sekúndurnar af snúningi stoðlegunnar réttsælis og síðustu 180 sekúndurnar af snúningi stoðlegunnar rangsælis.

3.4.3. Stöðgunarviðmiðun

Stöðgunarviðmiðunin telst vera uppfyllt þegar staðalfrávik núningsvægis við mælingu er ekki meira en 15% af meðalgildinu eða 0,4 Nm, eftir því hvort gildið er hærra.

3.4.4. Meðaltalsútreikningur netpunkta

Fyrir hvert einstakt sýni skal reikna meðaltal allra skráðra gilda fyrir hvern netpunkt þannig að reiknað meðaltal fáist yfir mælingartímann. Því næst skal reikna meðaltal þessara reiknuðu meðaltala fyrir sama netpunkt allra sýnanna þannig að eitt reiknað meðaltal fáist fyrir hvern netpunkt.

3.4.5. Fullgilding mælinga

Fyrir hvern netpunkt:

— Hraðagildið fyrir hjólnafarsamstæðuna, áður en meðaltalið er reiknað út, skal ekki víkja meira frá gildinu sem stillt er á en sem nemur ± 5 snún./mín.

— Gildi þverstæða álagsins, áður en meðaltalið er reiknað út, skal ekki víkja meira frá gildinu sem stillt er á en sem nemur ± 2 kN.

— Ekki eru leyfð nein kerfisbundin frávik frá þeim gildum sem stillt er á.

Mælingin á viðkomandi netpunkti er ógild ef framangreindar viðmiðanir eru ekki uppfylltar. Í því tilviki skal endurtaka mælinguna á öllu hraða- og álagsþrepinu sem um ræðir og skrá ástæðuna fyrir ógildingu netpunktsins í prófunarskýrsluna. Þegar endurtekin mæling er gild er gögnunum steypt saman.

3.4.6. Mat á heildaróvissu snúningsvægistaps

Ef óvissan í mældu núningsvægi er undir mörkunum, sem sett eru fram í lið 3.2.3.1, skal uppgefið núningsvægistap teljast jafngilt mældu núningsvægistapi.

Ef um er að ræða meiri óvissu skal bæta þeim hluta óvissunnar sem er yfir mörkunum við mælt núningsvægistap.

Endanlegt núningsvægistap hjólnafarsamstæðu við tiltekinn hraða og álag skal því reiknað út sem hér segir:

$$T_{reported} = T_{measured} + \max(0, U_t - U_{limit})$$

Þar sem:

— $T_{reported}$ er útreiknað núningsvægistap við tiltekinn hraða og álag sem er gefið upp vegna koltvísýringsvottunar hjólnafarsamstæðna [Nm]

— $T_{measured}$ er mælt núningsvægistap samkvæmt lið 3.4.4 við tiltekinn hraða og álag [Nm],

— U_t er algildi snúningsvægisóvissu (> 0), gefið upp í Nm,

— U_{limit} er 0,2 Nm.

3.5. Útreikningur núningsgildisins vegna vottunar

Við útreikning á endanlegu núningsgildi hjólnafarsamstæðunnar skal fyrst reikna út meðaltal netpunkta í uppgefnu kenniferli fyrir snúningsvægistap fyrir öll sýni hjólnafarsamstæðunnar í samræmi við lið 0, leiðrétt í samræmi við lið 3.4.6, ef við á, og síðan vegið samkvæmt töflu 1 fyrir hjólnafarsamstæður með driflausum ásum.

Tafla 1

Vægisstuðlar fyrir driflausa ása

	250 snún./mín.	500 snún./mín.
25% álag	0,4%	2,4%
50% álag	7,9%	35,3%
100% álag	9,5%	44,5%

3.6. Tilgreining vottaðs núningsgildis

Framleiðandi hjólnafarsamstæðu getur gefið upp vegið meðaltal núningsgildis, eins og það er reiknað út samkvæmt lið 3.5, sem vottað gildi fyrir hjólnafarsamstæðuhópinn. Að öðrum kosti getur framleiðandi hjólnafarsamstæðunnar valið að gefa upp hærra núningsgildi. Námunda skal uppgefið núningsgildi að einum aukastaf hægra megin við tugabrotskommuna.

4. Samræmi við vottaða eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun

„Allar hjólnafarsamstæður, sem eru vottaðir samkvæmt þessum viðauka, skulu framleiddar þannig að þær samrýmist, að því er varðar lýsinguna á vottunareyðublaðinu og í viðaukum þess, viðurkenndu gerðinni. Samræmisferlið vegna vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun skal uppfylla ákvæðin sem sett eru fram í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

Samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun skal athugað á grundvelli lýsingarinnar í vottorðinu sem sett er fram í 1. viðbæti og þeirra tilteknu skilyrða sem mælt er fyrir um í þessum lið.

Framleiðandi hjólnafarsamstæðunnar skal prófa, minnst annað hvert ár frá dagsetningu vottunar stofnhópsins, þann fjölda hjólnafarsamstæðna sem sýndur er í töflu 2. Fjöldi hjólnafarsamstæðna sem á að prófa ræðst af framleiðsluumagni ársins á undan árinu þegar prófun á samræmi framleiðslu á að fara fram.

Prófa skal a.m.k. tvær hjólnafarsamstæður sem tilheyra sömu einingu í hópnum.

Tafla 2

Úrtaksstærð fyrir samræmisprófun

Framleiðslufjöldi	Fjöldi hjólnafarsamstæðna sem á að prófa
0–100 000	2
100 001–150 000	3
150 001–250 000	4
250 001 og fleiri	5

5. Prófun á samræmi í framleiðslu

Framleiðandi hjólnafarsamstæðnanna skal, vegna prófunar á samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun, beita sömu aðferðinni og lýst er í 3. lið, þ.m.t. tilkeyrsluaðferð og fullgildingarviðmiðunum.

5.1. Mat á prófun á samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun

Prófun á samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun telst vera fullnægjandi þegar vegið meðalnúningsgildi úr samræmisprófuninni er lægra en eða jafnt og tilgreint núningsgildi fyrir hóp hjólnafarsamstæðna, með leyfilegum +10% vikmörkum.

Ef prófun á samræmi framleiðslu er ófullnægjandi skal prófa þrjár hjólnafarsamstæður til viðbótar með sömu aðferðinni. Reikna skal meðaltal skráðra gilda fyrir allar prófaðar hjólnafarsamstæður, að meðtöldum þremur viðbótarhjólnafarsamstæðum, fyrir hvern netpunkt til að fá reiknað meðaltal. Ákvæðin, sem sett eru fram í 23. gr., gilda ef prófun á samræmi framleiðslu reynist aftur ófullnægjandi.

Ef einhver eining í hópnum reynist hafa hærra núningsgildi en stofnhópurinn skal sú eining endurflokkuð og færð í annan hjólnafarsamstæðuhóp og nýrrar vottunar krafist.

6. Staðlað núningsvægistap

Staðlað snúningsvægistap fyrir driflausan ás skal vera 4,8 Nm.

———

1. viðbætir

FYRIRMYND AÐ VOTTORÐI FYRIR ÍHLUT, AÐSKILDA TÆKNIEININGU EÐA KERFI

Hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm)

VOTTORÐ UM EIGINLEIKA SEM TENGJAST KOLTVÍSÝRINGSLOSUN OG ELDSNEYTISNOTKUN HJÓLNAFARSAMSTÆÐUHÓPS

Tilkynning um:	Stimpill yfirvalds
— veitingu[1]	
— rýmkun	
— synjun[1]	
— afturköllun[1]	

á vottorð um eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun hjólnafarsamstæðuhóps í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400, eins og henni var síðast breytt með …….

Vottunarnúmer:

Tæti:

Ástæða fyrir rýmkun:

[1] Strika skal út það sem ekki á við

I. LIÐUR

1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
2. Gerð:
3. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
4. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
5. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

II. LIÐUR

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót
2. Viðurkenningaryfirvald sem ber ábyrgð á prófunum:
3. Dagsetning prófunarskýrslu
4. Númer prófunarskýrslu
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót
6. Staður
7. Dagsetning
8. Undirskrift

Fylgiskjöl:

1. Upplýsingaskjal
2. Prófunarskýrsla

2. viðbætir

UPPLÝSINGASKJAL FYRIR HJÓLNAFARSAMSTÆÐU

Upplýsingaskjal nr.: …

Málefni: …

Útgáfudagur: …

Dagsetning breytingar: …

samkvæmt …

Gerð og hópur hjólnafarsamstæðu (ef við á): …

ALMENNT

1. Nafn og heimilisfang framleiðanda:
2. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
3. Gerð hjólnafarsamstæðu:
4. Gerð áss:
5. Hópur hjólnafarsamstæðu (ef við á):
6. Verslunarheiti (ef til er):
7. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
8. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðanda:

1. LIÐUR

Grundvallareiginleikar (stofnhóps) hjólnafarsamstæðu og gerða hjólnafarsamstæðna innan hjólnafarsamstæðuhóps

Sértækir eiginleikar hjólnafarsamstæðu	Stofnhópur hjólnafarsamstæðu	Eining í hópi		
		#1	#2	#3
Fjöldi snúningshluta	…	…	…	…
Þvermál snúningshluta	…	…	…	…
Lengd snúningshluta	…	…	…	…
Þvermál skurðar	…	…	…	…
Fjöldi lína	…	…	…	…
Snertihorn ytri hrings við snúningshlutana	…	…	…	…
Tegund smurefnis	…	…	…	…
Staðsetning álagslínu	…	…	…	…
Málálag	…	…	…	…

SKRÁ YFIR FYLGISKJÖL

Nr.	Lýsing	Útgáfudagur
1	Frammistaða þéttis	…
2	Frammistaða smurefnis	…
3	Svið forspennu eða rýmdar	…
4	Skrá yfir hlutanúmer íhluta hjólnafarsamstæðu	…“.

———

VII. VIÐAUKI

Ákvæðum VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi lið er bætt við í 2. lið:

„18. „CFD“: hermun með tölvuvæddri straumfræði.“

2) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Ákvörðun á loftviðnámi

3.0.1. Beita skal prófunaraðferð við stöðugan hraða, eins og sett er fram í liðum 3.1–3.7, til að ákvarða eiginleika loftviðnáms. Meðan á prófun við stöðugan hraða stendur skal mæla helstu mælingarmerkin fyrir snúningsvægi við akstur, hraða ökutækis, hraða loftstreymis og geighorn á tveimur mismunandi stöðugum hraðastigum ökutækis (við lítinn og mikinn hraða) við skilgreindar aðstæður á prófunarbraut. Mæligögn sem eru skráð meðan á prófun við stöðugan hraða stendur skulu unnin í samræmi við lið 3.8 og færð inn í forvinnslutól fyrir loftviðnám, í samræmi við lið 3.9, sem ákvarðar margfeldi viðnámsstuðuls með þversniðsflatarmáli við skilyrði þar sem hliðarvindur er enginn, $C_d \cdot A_{cr}$ (0). Viðmiðunum, sem skal uppfylla við prófun við stöðugan hraða til að fá marktækar niðurstöður, er lýst í lið 3.10.

3.0.2. Einnig má ákvarða eiginleika loftviðnáms með því að sameina $C_d \cdot A_{cr}$ (0) úr prófun við stöðugan hraða með stigvaxandi mismun $\Delta C_d \cdot A_{cr}$ (0) sem fæst með hermun með tölvuvæddri straumfræði. Í þessu skyni skal eftirfarandi kröfum fullnægt:

a) CFD-aðferðin, sem er notuð, skal viðurkennd í samræmi við 10. viðbæti; við alla síðari notkun á viðurkenndu CFD-aðferðinni skal halda samræmi við jaðarskilyrðin sem eru sett fram í 1. lið i. liðar í c-lið 10. viðbætis,

b) einungis skal beita aðferðinni á ökutæki þar sem útfærsla ökutækis, sem er prófuð með prófun við stöðugan hraða og útfærsla ökutækis eins og hún er greind með hermun með tölvuvæddri straumfræði, er leyfð innan sama loftviðnámshóps, eins og sett er fram í 4. lið 5. viðbætis fyrir meðalþungar og þungar vöru-flutningabifreiðar og í 6. lið 5. viðbætis fyrir þungar hópbifreiðar. Einnig skal taka tillit til þeirra sérstöku tilvika sem sett eru fram í 2. lið 5. viðbætis,

c) notkun á hermun með tölvuvæddri straumfræði skal takmarkast við jákvæð gildi fyrir $\Delta C_d \cdot A_{cr}$ (0) $_{CFD}$,

d) gildi $C_d \cdot A_{cr}$ (0), sem er myndað með hermun með tölvuvæddri straumfræði skal ekki vera hærra en hæsta gildið sem er vottað með aðferðinni sem sett er fram í lið 3.0.1 fyrir ökutæki sem uppfyllir sömu hópviðmiðanirnar og settar eru fram í lið 4.1 í 5. viðbæti fyrir meðalþungar og fyrir þungar vöru-flutningabifreiðar í lið 6.1 í 5. viðbæti fyrir þungar hópbifreiðar.

3.0.3. Umsækjandi um vottorð skal tilgreina gildi $C_d \cdot A_{declared}$ á sviði sem nær frá því að vera jafnt og upp að hámarkinu + 0,2 m^2 hærra en loftviðnámseiginleikarnir sem ákvarðaðir eru í samræmi við liði 3.0.1 og 3.0.2, ef við á.

Með þessum vikmörkum skal tekið tillit til óvissu við val á stofnökutækjum sem versta tilvik fyrir öll prófanleg ökutæki sem tilheyra ökutækjahópnum. Gildið $C_d \cdot A_{declared}$ skal vera viðmiðunargildið fyrir prófun á samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun.

Hægt er að mynda nokkur mismunandi tilgreind $C_d \cdot A_{declared}$-gildi á grunni eins mælds $C_d \cdot A_{cr}$ (0), svo fremi að uppfyllt séu ákvæði um hópa í samræmi við lið 4.1 í 5. viðbæti fyrir meðalþungar og þungar hópbifreiðar og í samræmi við lið 6.1. í 5. viðbæti fyrir þungar hópbifreiðar.

3.0.4. Fyrir ökutæki sem eru ekki hluti af hóp skal nota staðalgildin fyrir $C_d \cdot A_{declared}$, eins og lýst er í 7. viðbæti. Í því tilviki skal ekki leggja fram nein ílagsgögn um loftviðnám. Úthlutun staðalgilda skal gerð á sjálfvirkan hátt með hermitóli.“

3) Í stað fyrsta málsliðar liðar 3.2.2 kemur eftirfarandi:

„3.2.2. Umhverfishiti skal vera á bilinu 5–25 °C.“

4) Í stað i. og ii. liðar í lið 3.2.5 kemur eftirfarandi:

„i. Meðalvindhraði: ≤ 4 m/s

ii. Vindhraði í hviðum (1 sek. miðlægt hlaupandi meðaltal): ≤ 7 m/s“.

5) Í stað liðar 3.3.1.7 kemur eftirfarandi:

„3.3.1.7. Ekki er tekið tillit til eftirmarkaðshluta, sem falla ekki undir gerðarviðurkenningu ökutækis í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/858 (t.d. sólskyggni, flautur, aukaaðalljósker, merkjaljós, stórgripavarnir eða skíðahulstur), í tengslum við loftviðnám í samræmi við þennan viðauka.“

6) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 3.3.1.8:

„3.3.1.9. Búnaður ökutækis sem er hannaður til hleðslu á ferð, eins og skilgreint er í 38. lið 3. liðar í III. viðauka, skal stilltur á „inndregna“ stöðu ef bæði „útdregin“ og „inndregin“ staða stendur til boða.“

7) Í stað liðar 3.5.2 kemur eftirfarandi:

„3.5.2. Meðalhraði innan mælingarhluta í prófun við mikinn hraða skal vera á eftirfarandi bili:

hámarkshraði: 92 km/klst. fyrir meðalþungar og þungar vöruflutningabifreiðar og 102 km/klst. fyrir þungar hópbifreiðar,

lágmarkshraði: 87 km/klst. fyrir meðalþungar og þungar vöruflutningabifreiðar og 97 km/klst. fyrir þungar hópbifreiðar. Ef ekki er hægt að keyra ökutæki á slíkum hraða skal lágmarkshraðinn vera 3 km/klst. minni en sá hámarkshraði sem ökutækið nær þegar því er ekið á prófunarbraut.“

8) Í stað annars undirliðar vii. liðar í lið 3.5.3.1 kemur eftirfarandi:

„— Þungar hópbifreiðar og meðalþungar vöruflutningabifreiðar með útfærslu undirvagns sendibifreiðar: hámarkshæð ökutækis skal mæld í samræmi við tæknilegar kröfur í reglugerð (ESB) 2021/535, án tillits til tækja og búnaðar sem um getur í 1. viðbæti.“

9) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í lið 3.5.3.4:

„Hvers konar notkun vélræns akstursheimils í þeim hlutum prófunarinnar sem settir eru fram í þessum lið og í lið 3.5.3.5 gerir alla prófunina ógilda.

Ef þörf er á sértækum stillingum ökutækis til að tryggja að akstursheimill virkist ekki í þessum hlutum prófunarinnar skal framleiðandi, sé þess óskað, láta viðurkenningaryfirvaldinu, framkvæmdastjórninni, markaðseftirlitsyfirvaldi eða þriðja aðila, sem uppfyllir kröfurnar í reglugerð (ESB) 2022/163, í té upplýsingar um þessar stillingar til að tryggja að hægt sé að endurgera prófunina óháð framleiðandanum.“

10) Ákvæðum liðar 3.5.3.5 er breytt sem hér segir:

a) Í stað vii. liðar kemur eftirfarandi:

„vii. hámarkstími prófunar við lítinn hraða vari ekki lengur en 25 mínútur til þess að koma í veg fyrir kælingu hjólbarðanna.“

b) Ákvæði viii. liðar falla brott.

11) Í stað liðar 3.5.3.8 kemur eftirfarandi:

„3.5.3.8. Seinni prófun við lítinn hraða:

Seinni mælingin við lítinn hraða skal framkvæmd strax á eftir prófun við mikinn hraða.

Uppfylla skal sömu ákvæði og fyrir fyrstu prófun við lítinn hraða.“

12) Liður 3.11 fellur brott.

13) Eftirfarandi línu er bætt við í töflu 5 í lið 3.9:

„Akstursheimill	<s_brake>	[–]	≥ 4 Hz	„Þarfarþrýstingur akstursheimlanna“ í samræmi við ISO-staðal 11992-2:2014. (0=hlutlaus, 1=virkur)“.

14) Í stað textans í síðustu málsgrein II. liðar 1. viðbætis „Upplýsingasafn. Prófunarskýrsla.“ kemur eftirfarandi:

„— Prófunarskýrslur úr prófunum við stöðugan hraða.

— Fyrir loftviðnámsgerðir sem verða til með því að nota CFD-aðferð:

— Myndir af ökutækinu með áherslu á þau svæði sem eru frábrugðin í tengslum við ökutæki sem er prófað við prófun við stöðugan hraða.

— Óunnin gögn um þróunarferil $C_D \cdot A_{cr}$ (0) $_{CFD}$ á móti ítrun (fyrir aðferðir við stöðugt ástand) eða á móti tíma (fyrir svipular aðferðir), á *.csv-sniði.“

15) Eftirfarandi lið er bætt við í I. hluta 2. viðbætis:

Fylgiskjal 2 við upplýsingaskjal

„*Upplýsingar um framkvæmd CFD-aðferðarinnar (ef við á):*

1.1. Leyfisnúmer CFD-aðferðar (ef við á)

1.2. Stigvaxandi mismunur $\Delta C_d \cdot A_{cr}$ (0) $_{CFD}$, eins og hann fæst með hermun með tölvuvæddri straumfræði“.

16) Ákvæðum 5. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðja málsliðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„Framleiðanda er heimilt að ákveða hvaða ökutæki heyra til tiltekins loftviðnámshóps svo fremi að skilyrðin fyrir aðild sem eru talin upp í 4. lið fyrir meðalþungar vöruflutningabifreiðar og þungar vöruflutningabifreiðar og í 6. lið fyrir þungar hópbifreiðar, séu virt. Loftviðnámshópurinn skal vera viðurkenndur af viðurkenningaryfirvaldinu.“

b) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4.3:

„4.4. Fyrir ökutæki sem búin eru tækni til hleðslu á ferð, eins og um getur í III. viðauka, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

a) Ökutæki sem eru búin straumsnertum á loftlínu skulu sýnd í loftaflfræðilegri útfærslu með straumsnertuna í inndreginni stöðu.

b) Leggja má fram ökutæki sem búin eru straumtrissum eða búnaði sem tengist jarðteinum, og tækni til þráðlausrar hleðslu á ferð, án tengds búnaðar sem gerir hleðslu á ferð mögulega.“

c) Liður 5.3 fellur brott.

17) Ákvæðum 6. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í 1. lið fellur ii. liður brott.

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 2. lið:

„Þrátt fyrir aðra málsgrein skal viðurkenningaryfirvaldið, ef mælt gildi $C_d\ A_{cr}$ (0) í öllum prófunum, sem eru framkvæmdar í samræmi við lið 3.1, er hærra en gildi $C_d \cdot A_{declared}$ sem er tilgreint fyrir stofnökutækið með 7,5% vikmörkum, rannsaka hvort viðurkenndri CFD-aðferð hafi verið beitt á réttan hátt fyrir aðra loftviðnámshópa með loftviðnámseiginleika sem eru ákvarðaðir í samræmi við lið 3.0.2. Hafi aðferðinni ekki verið beitt rétt skal 23. gr. þessarar reglugerðar gilda um allar loftviðnámsgerðir sem settar eru fram á grundvelli viðurkenndu CFD-aðferðarinnar eða um viðkomandi loftviðnámsgerðir ef viðurkenndu CFD-aðferðinni hefur verið beitt rétt einungis fyrir sumar þeirra.“

c) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 3. lið:

„3.1. Hafi framleiðandi ökutækis notað viðurkennda CFD-aðferð til að ákvarða eiginleika loftviðnáms í samræmi við lið 3.0.2 í þessum viðauka skulu viðbótarökutæki, þrátt fyrir 3. lið, einnig prófuð með tilliti til samræmis við vottaða eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun í samræmi við töflu 17a.

Tafla 17a

Fjöldi ökutækja sem á að prófa með CFD-aðferðinni fyrir samræmi við vottaða eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun á hverju framleiðsluári

Fjöldi ökutækja sem á að prófa fyrir samræmi framleiðslu	Tímaáætlun	Fjöldi framleiddra ökutækja sem hafa hlotið vottun loftviðnámseiginleika með viðurkenndu CFD-aðferðinni
1	þriðja hvert ár	≤ 1 000
1	annað hvert ár	1 000 < X ≤ 5 000
1	ár hvert	5 000 < X ≤ 15 000
2	ár hvert	15 000 < X ≤ 25 000
3	ár hvert	25 000 < X ≤ 50 000
4	ár hvert	50 001 og fleiri“.

d) Í stað fyrsta málsliðar í lið 4.6 kemur eftirfarandi:

„Að því er varðar prófanirnar, sem um getur í 3. lið, skal fyrsta ökutækið sem prófað er fyrir samræmi við vottaða eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun valið úr þeirri loftviðnámsgerð eða þeim loftviðnámshópi sem stendur fyrir hæstu framleiðslutölurnar á samsvarandi ári.“

e) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4.6:

„4.7. Að því er varðar prófanirnar, sem um getur í lið 3.1, skal aðeins velja ökutæki sem loftviðnámseiginleikar hafa verið ákvarðaðir fyrir með viðurkenndri CFD-aðferð.“

18) Töflu 1 í 9. viðbæti er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línum er bætt við á eftir línu „CdxA_0“:

„DeltaCdxA_CFD	P561	tvöfalt, 2	[m^2]	Stigvaxandi mismunur $\Delta C_d \cdot A_{cr}$, $(0)_{CFD}$ sem fæst með hermun með tölvuvæddri straumfræði eins og ákvarðað er á grundvelli liðar 3.0.2. Aðeins viðeigandi ef valkostinum að nota hermun með tölvuvæddri straumfræði er beitt.
Leyfisnúmer CFD-aðferðar	P562	tóki	[–]	Aðeins viðeigandi ef valkostinum að nota hermun með tölvuvæddri straumfræði er beitt.
DeltaCdxA_declared	P563	tvöfalt, 2	[m^2]	Mismunurinn milli $C_d \cdot A_{declared}$ í samræmi við lið 3.0.3 og $\Delta C_d \cdot A_{cr}$ (0) í samræmi við lið 3.0.1 eða 3.0.2, eftir því sem við á.“

b) Í stað línu „TransferredCdxA“ kemur eftirfarandi:

„DeltaTransferredCdxA	P564	tvöfalt, 2	[m^2]	Delta CdxA sem er fært yfir í tengda hópa í öðrum ökutækjayfirhópum í samræmi við töflu 16 í 5. viðbæti fyrir þungar vöruflutningabifreiðar, töflu 16a í 5. viðbæti fyrir meðalþungar vöruflutningabifreiðar og töflu 16b í 5. viðbæti fyrir þungar hópbifreiðar. Leggja skal fram CdxA_0 ef engri reglu um færslu var beitt. Ef um er að ræða færslu með því að afrita CdxA-gildin úr öðrum ökutækjayfirhópum skal gefa upp „0“. Ef engri reglu um færslu hefur verið beitt skal ekki fylla reitinn út.“

c) Línan „DeclaredCdxA“ fellur brott.

19) Eftirfarandi viðbætum er bætt við á eftir 9. viðbæti:

„10. viðbætir

Viðurkenning CFD-aðferðarinnar

1. Til að ákvarða eiginleika loftviðnáms með því að nota CFD-aðferð, eins og lýst er í lið 3.0.2, skal lögmæti aðferðarinnar viðurkennt eins og lýst er hér á eftir.

a) Notkun CFD-aðferðarinnar skal vera í samræmi við 1. viðbæti VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

b) Sértæka fullgildingin, þar sem notaðar eru raunlægar prófanir, skal framkvæmd á grundvelli tveggja mismunandi ökutækja „A“ og „B“, þar sem B er sú útfærsla ökutækisins sem hefur minna loftviðnám. A og B skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. Meðalþungar og þungar vöruflutningabifreiðar þurfa að uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í lið 4.1 í 5. viðbæti. Einnig skal taka tillit til sérstakra tilvika eins og sett er fram í 2. lið 5. viðbætis.

ii. Munurinn á loftviðnámi milli ökutækjanna tveggja skal uppfylla eftirfarandi viðmiðun:

$$\Delta C_d \bullet A_{cr}(0)_{CST} > 3{,}5\% \bullet \frac{C_d \bullet A_{cr}(0)_{CST,avg,A} + C_d \bullet A_{Cr}(0)_{CST,avg,B}}{2}$$

þar sem:

$$\Delta C_d \bullet A_{cr}(0)_{CST} = C_d \bullet A_{cr}(0)_{CST,avg,A} - C_d \bullet A_{Cr}(0)_{CST,avg,B}$$

$C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CST,avg,A}$ Meðalgildi loftviðnámsgilda fyrir ökutæki A sem mælt er í röð prófana við stöðugan hraða samkvæmt ákvæðum d-liðar 1. liðar.

$C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CST,avg,B}$ Meðalgildi loftviðnámsgilda fyrir ökutæki B sem mælt er í röð prófana við stöðugan hraða samkvæmt ákvæðum d-liðar 1. liðar.

c) Framleiðandinn skal framkvæma eftirfarandi þrep til að ákvarða muninn á loftviðnámi milli A og B með því að nota hermun með tölvuvæddri straumfræði.

i. Eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt í hermun með tölvuvæddri straumfræði:

1) rúmfræðileg lögun ökutækisins, sem er notuð í hermun með tölvuvæddri straumfræði, skal samsvara uppsetningu ökutækisins eins og mælt er fyrir um í lið 3.3 fyrir prófun við stöðugan hraða,

2) lofthraðinn í hermuninni skal vera 90 km/klst. fyrir vöruflutningabifreiðar og 100 km/klst. fyrir hópbifreiðar.

3) Aðeins skal taka tillit til 0° geighorns.

4) Öll hjól (hjólbarðar og felgur) skulu skilgreind í líkaninu sem snúningshlutar (annaðhvort með snúningsjaðarskilyrðum eða sem raunverulegir snúningsíhlutar) með samsvarandi snúningshraða.

5) Yfirborð hermisvæðisins skal skilgreint í líkaninu með snertilhraða í gagnstæða átt við hreyfingu ökutækisins fram á við.

6) Hermisvæðinu skal skipt niður í a.m.k. 60 milljón rúmmálseiningar, að meðtalinni aukinni upplausn möskva hlémegin sem og á öðrum straumfræðilega mikilvægum svæðum.

7) Ef notaðar eru CFD-aðferðir við stöðugt ástand skal hermunin keyrð í minnst 2000 ítranir.

8) Ef notaðar eru svipular CFD-aðferðir skal hermunin keyrð í minnst 10 sekúndur af hermitíma.

ii. Stigvaxandi mismunur $\Delta C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CFD}$ milli ökutækja A og B með CFD-aðferðinni skal reiknaður sem hér segir:

$$\Delta C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CFD} = C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CFD,\,A} - C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CFD,\,B}$$

þar sem $C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CFD}$ samsvarar meðaltalinu af:

— a.m.k. síðustu 400 ítrunum ef um er að ræða aðferðir við stöðugt ástand

— a.m.k. síðustu 5 sekúndum hermitímans ef um er að ræða svipular aðferðir.

iii. Afhenda skal viðurkenningaryfirvaldinu $\Delta C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CFD}$-gildið áður en prófanir við stöðugan hraða, eins og sett er fram í d-lið, hefjast.

d) Ákvarða skal, fyrir bæði ökutæki A og B, viðmiðunargildi fyrir eiginleika loftviðnáms, annars vegar $C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CST,avg,A}$ og hins vegar $C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CST,avg,B}$, á grunni raða prófana við stöðugan hraða. Í því skyni skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

i. Viðmiðunargildið fyrir $C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CST,avg}$ skal reiknað út sem reiknað meðaltal af $C_d \cdot A_{cr}\,(0)_{CST}$-gildunum úr öllum tiltækum prófunum sem gerðar eru við stöðugan hraða og framkvæmdar eru á tilteknu ökutæki. Einungis skal taka tillit til gildra niðurstaðna í samræmi við lið 3.10. Ekki er heimilt að útiloka úr matinu fyrirliggjandi og gildar niðurstöður úr prófun við stöðugan hraða fyrir þá útfærslu ökutækis sem verið er að skoða, nema viðurkenningaryfirvaldið geti rökstutt það.

ii. 95% öryggisbilið (CI_{95}) fyrir meðaltal prófunargagna, $C_d \cdot A_{cr}\ (0)_{CST,avg}$, skal vera innan bilsins $C_d \cdot A_{cr}\ (0)_{CST,avg} \pm 2{,}5\%$ sem er ákvarðað með eftirfarandi jöfnu:

$$\left(\frac{s}{\sqrt{n}}\right) \bullet t \leq 0{,}025 \bullet \bar{x}$$

Þar sem:

s er staðalfrávik sýnisins fyrir $C_d \cdot A_{cr}\ (0)_{CST}$, skilgreint á eftirfarandi hátt:

$$s = \sqrt{\frac{1}{n-1}\sum_{i=1}^{n}(x_i - \bar{x})^2}$$

$\bar{x}$ er meðalgildi sýnisins fyrir $C_d \cdot A_{cr}\ (0)_{CST}$, skilgreint á eftirfarandi hátt:

$$\bar{x} = \frac{1}{n}\sum_{i=1}^{n} x_i$$

n er fjöldi prófana við stöðugan hraða fyrir viðkomandi útfærslu ökutækis

x_i er loftviðnámsgildið $C_d \cdot A_{cr}\ (0)_{CST}$ sem fæst úr stakri prófun við stöðugan hraða

t er stigið fyrir 95% öryggisbil tvíhliða t-dreifingar, eins og sett er fram í töflu 1.

Tafla 1

# tests	t
3	4,303
4	3,182
5	2,776
6	2,571
7	2,447
8	2,365
9	2,306
10	2,262
11	2,228

iii. Framkvæma skal minnst þrjár gildar prófanir við stöðugan hraða fyrir hverja útfærslu ökutækis og skulu þær teknar með við útreikninginn.

iv. Ef ekki er unnt að uppfylla viðmiðunina, sem sett er fram í ii. lið þessarar undirgreinar, skal framkvæma frekari prófanir við stöðugan hraða.

v. Ef ekki er unnt að uppfylla viðmiðunina, sem sett er fram í ii. lið þessarar undirgreinar, eftir að ellefu gildar prófanir við stöðugan hraða hafa verið framkvæmdar skulu allar prófanirnar teljast ógildar fyrir þessa útfærslu ökutækis og ekki má nota þær að því er varðar þennan viðbæti.

vi. Viðmiðunargildið fyrir mismuninn á loftviðnámi milli ökutækjanna tveggja $\Delta C_d \cdot A_{cr}\ (0)_{CST}$ skal reiknað út sem hér segir:

$$\Delta C_d \cdot A_{cr}\ (0)_{CST} = C_d \cdot A_{cr}\ (0)_{CST,avg,A} - C_d \cdot A_{cr}\ (0)_{CST,avg,B}$$

e) Sýna skal fram á að CFD-aðferðin samrýmist tilteknum ákvæðum með því að uppfylla eftirfarandi viðmiðun:

$$\Delta C_D \bullet A_{cr}(0)_{CST} - TOL < \Delta C_D \bullet A_{cr}(0)_{CFD} < \Delta C_D \bullet A_{cr}(0)_{CST} + TOL$$

Þar sem

$$TOL = 0{,}035 \cdot \frac{C_D \bullet A_{cr}(0)_{CST,avg\ A} + C_D \bullet A_{cr}(0)_{CST,avg\ B}}{2}$$

2. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókninni um viðurkenningu á CFD-aðferðinni fyrir hvert ökutæki A og B:

a) Hugbúnaður fyrir hermun með tölvuvæddri straumfræði sem er notaður, þ.m.t. upplýsingar um útgáfunúmer,

b) gildi fyrir $C_D \cdot A_{cr}(0)_{CFD}$ í m^2,

c) SHA256-tætið af hermiskránni úr hermun með tölvuvæddri straumfræði, þ.m.t. rúmfræðileg gögn, net- og eðlisfræðistillingar, niðurskipting hermisvæðisins, jaðarskilyrði og niðurstöður flæðissviðs. Ef hugbúnaðurinn, sem er notaður, skiptir þessum upplýsingum upp í margar skrár skulu þær geymdar í einni þjappaðri skrá (t.d. á sniðinu *.zip eða sambærilegu sniði) og SHA256-tætið skal samsvara þessari einu þjöppuðu skrá. Framleiðandinn skal geyma alla uppsetningarmæliþætti fyrir hermun, s.s. möskvana eða tæknilegu mæliþættina sem eru nauðsynlegir til að endurgera hermunina, ásamt tengdri útgáfu af tólinu sem er notað við hermun með tölvuvæddri straumfræði, í 10 ár og skal framleiðandinn endurgera hermunina að beiðni viðurkenningaryfirvaldsins.

d) Óunnin gögn um þróunarferil $C_D \cdot A_{cr}(0)_{CFD}$ á móti ítrun (fyrir aðferðir við stöðugt ástand) eða á móti tíma (fyrir svipular aðferðir) á *.csv-sniði.

e) Eftirvinnslumyndir af hermunum með tölvuvæddri straumfræði samkvæmt meginreglunum eins og sýnt er með myndum 3– 6 í V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2022/1362.

f) Gildin fyrir $C_D \cdot A_{cr}(0)_{CST}$ og $C_D \cdot A_{cr}(0)_{CST,avg}$.

g) Upplýsingaskjal um loftviðnám, eins og sett er fram í 2. viðbæti við þennan viðauka, ásamt prófunarskýrslum fyrir hverja gilda prófun við stöðugan hraða.

3. Framkvæma skal viðurkenningu CFD-aðferðarinnar sérstaklega fyrir vöruflutningabifreiðar og sérstaklega fyrir hópbifreiðar.

4. Ef sýnt er fram á að CFD-aðferðin uppfylli tilskildar kröfur í samræmi við 1. og 2. lið skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út leyfi í formi skjalsins sem sett er fram í 11. viðbæti.

5. Endurnýja skal viðurkenninguna á CFD-aðferðinni í öllum eftirfarandi tilvikum:

a) ef breyting er gerð á CFD-aðferðinni sem gæti hugsanlega haft áhrif á gildi niðurstaðnanna,

b) þegar fimm ár eru liðin frá viðurkenningu á CFD-aðferðinni,

c) að beiðni viðurkenningaryfirvaldsins.

Ef viðurkenningin á CFD-aðferðinni er ekki endurnýjuð skal líta svo á að viðurkenningin á aðferðinni hafi verið afturkölluð og hún skuli ekki lengur notuð að því er varðar þennan viðauka.

Innan fyrstu fimm áranna frá upphaflegu viðurkenningunni er heimilt að nota upphaflegu gagnamengin úr prófun við stöðugan hraða við sérhverja endurnýjun á viðurkenningunni á CFD-aðferðinni. Eftir það skal leggja fram nýtt mengi prófunargagna frá mismunandi ökutækjum, ef slík ökutæki eru fyrir hendi, í þeim tilgangi að endurnýja viðurkenningu CFD-aðferðarinnar.

11. viðbætir

FYRIRMYND AÐ LEYFI TIL AÐ BEITA CFD-AÐFERÐ TIL AÐ ÁKVARÐA LOFTVIÐNÁM

Hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm)

LEYFI TIL AÐ BEITA CFD-AÐFERÐ TIL AÐ ÁKVARÐA LOFTVIÐNÁM

Tilkynning um: — veitingu (1) — synjun (1) — afturköllun (1)	Stimpill yfirvalds

(1) Strika skal út það sem á ekki við.

á leyfi til að beita CFD-aðferð að því er varðar ákvörðun á loftviðnámi í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400.

Leyfisnúmer CFD-aðferðar (samkvæmt númerakerfinu sem sett er fram í 2. lið 8. viðbætis, að því undanskildu að í stað viðbótarbókstafsins „P“ í 3. lið kemur „CFD“):

Ástæða fyrir synjun/veitingu:

I. LIÐUR

0.1. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.2. Ökutæki sem falla undir leyfi (vöruflutningabifreiðar, hópbifreiðar):

0.3. Hugbúnaður fyrir hermun með tölvuvæddri straumfræði sem er notaður, þ.m.t. upplýsingar um útgáfunúmer

0.4. SHA256-tæti í samræmi við c-lið 2. liðar í þessum viðbæti.

II. LIÐUR

1. Viðurkenningaryfirvald sem ber ábyrgð á matinu
2. Dagsetning matsskýrslu
3. Númer matsskýrslu
4. Athugasemdir (ef einhverjar eru)
5. Staður
6. Dagsetning
7. Undirskrift

Fylgiskjöl (fyrir hverja útfærslu ökutækis A og B)

1. Óunnin gögn úr þróunarferli $C_D \cdot A_{cr}\,(0)_{CFD}$
2. Eftirvinnslumyndir af hermunum með tölvuvæddri straumfræði
3. Upplýsingaskjal um loftviðnám

Prófunarskýrslur fyrir hverja gilda prófun við stöðugan hraða.“

———

VIII. VIÐAUKI

Ákvæðum IX. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað 33. liðar kemur eftirfarandi:

„33. „hlutfall þjöppu á móti hreyfli“: snúningshraðahlutfall loftþjöppu og hreyfils án skriks (loftknúið kerfi),“.

b) Í stað 63. liðar kemur eftirfarandi:

„63. „R-744- varmadæla“: varmadæla sem gengur stöðugt (þ.e. rafknúin) og notar kælimiðilinn R-744 sem vinnslumiðil (hitunar-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfi),“.

2) Í dálkinum „Skýringar“ í undirlínunni „Tækni riðstraumsrafala“ í línunni „Riðstraumsrafali“ í töflu 7 í lið 3.3.2 kemur eftirfarandi í stað síðasta málsliðar:

„Ekki er þörf á ílagsgögnum fyrir hrein rafökutæki eða tvinnökutæki með efnarafala.“

3) Í stað dálksins „Þjöpputengsli (P311)“ í töflu 10 í lið 3.4.1.2 kemur eftirfarandi:

„engin
engin
engin
engin
seigjutengsli
seigjutengsli
seigjutengsli
seigjutengsli
vélræn
vélræn
vélræn
vélræn
engin
engin.“

4) Töflu 14 í lið 3.5.2 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi texta er bætt við í dálkinum „Skýringar“ í línunum „Gerð varmadælu til kælingar ökumannshúss“ til „Gerð varmadælu til upphitunar ökumannshúss“:

„Að því er varðar hrein rafökutæki og tvinnökutæki með efnarafala eru einungis varmadælur sem ganga stöðugt (þ.e. rafknúnar) leyfilegar sem ílagsgögn (þ.e. „R-744“ eða „non R-744 continuous“).“

b) Í línunum „Rafmagnsvatnshitari“ til „Önnur hitunartækni“ í dálkinum „Skýringar“ kemur eftirfarandi í stað textans:

„Ílagsgögn skulu eingöngu gefin fyrir tvinnrafökutæki, tvinnökutæki með efnarafala og hrein rafökutæki.“

5) Ákvæðum liðar 3.6 er breytt sem hér segir:

a) „Tafla 12“ fær nýja heitið „Tafla 15“.

b) Í stað málsgreinarinnar á eftir töflu 15 kemur eftirfarandi:

„Ef gírkassinn hefur mörg aflúttök skal aðeins tilgreina íhlutinn með mesta tapið í samræmi við töflu 15, fyrir samsetningu viðmiðananna „PTOShaftsGearWheels“ og „PTOShaftsOtherElements“. Ekki er gert ráð fyrir tilgreiningu á aflúttökum gírkassa að því er varðar meðalþungar völuflutningabifreiðar og þungar hópbifreiðar.“

———

IX. VIÐAUKI

Ákvæðum X. viðauka a við reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrstu, annarrar og þriðju málsgreinar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„Í þessum viðauka eru settar fram kröfur um þá sannprófunaraðferð sem er prófunaraðferðin til að sannprófa koltvísýringslosun nýrra þungra ökutækja.

Sannprófunaraðferðin felur í sér prófun í vegaakstri til að sannprófa koltvísýringslosun nýrra ökutækja eftir framleiðslu. Framleiðandi ökutækisins skal framkvæma prófunina og skal hún vera undir eftirliti viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti leyfið til að nota hermitólið. Ef um er að ræða þungar hópbifreiðar skal framleiðandi aðalökutækisins framkvæma sannprófunaraðferðina.

Meðan á sannprófunarferlinu stendur skal mæla snúningsvægi og hraða drifhjóla, snúningshraða hreyfils, eldsneytisnotkun, losun mengandi efna og aðra viðkomandi mæliþætti sem skráðir eru í lið 6.1.6. Nota skal mæligögnin sem ílag fyrir hermitólið sem notar ílagsgögn um ökutæki og ílagsupplýsingar úr ákvörðuninni á koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun ökutækisins. Við hermunina á sannprófunaraðferðinni skal nota augnabliksmæld gögn um snúningsvægi og snúningshraða hjólanna ásamt snúningshraða hreyfilsins sem ílag. Til að standast sannprófunaraðferðina skal koltvísýringslosunin, sem er reiknuð út frá mældri eldsneytisnotkun, vera innan þeirra vikmarka sem sett eru fram í 7. lið samanborið við koltvísýringslosunina úr hermuninni á sannprófunaraðferðinni. Mynd 1 er skýringarmynd af sannprófunaraðferðinni. Matsþrepunum, eins og þau eru framkvæmd af hermitólinu við hermunina á sannprófunaraðferðinni, er lýst í 1. viðbæti þessa viðauka.“

2) Í stað 4. liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„4. „raunmassi ökutækis sem er notað við sannprófun“: raunmassi ökutækis eins og skilgreint er í 6. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/535, en með fullan eldsneytisgeymi og með viðbótarmælibúnað, eins og sett er fram í 5. lið, að viðbættum raunmassa eftirvagns eða festivagns í samræmi við lið 6.1.4.1,“.

3) Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað b- og c-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Viðurkenningaryfirvaldið sem veitti leyfið til að nota hermitólið skal sjá um val ökutækja á grundvelli tillagna frá framleiðanda ökutækisins. Þegar um þungar hópbifreiðar er að ræða skal valið vera í höndum viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti framleiðanda aðalökuækisins leyfið til að nota hermitólið.

c) Einungis skal velja ökutæki með einn drifás til sannprófunar. Tvinnrafökutæki, hrein rafökutæki og tvinnökutæki með efnarafala skulu ekki valin fyrir sannprófunina.“

b) Í töflu 1 kemur eftirfarandi í stað textans í töfluathugasemdum (*) og (**):

„(*) Sannprófunin skal framkvæmd innan fyrstu tveggja áranna.

(**) Taka skal tillit til allra þungra vöruflutningabifreiða, meðalþungra vöruflutningabifreiða og hópbifreiða, sem eru aðalökutæki, sem eru framleidd af framleiðanda og falla undir þessa reglugerð og meðalþungar og þungar vöruflutningabifreiðar og þungar hópbifreiðar þurfa að falla undir sannprófunaraðferðina yfir sex ára tímabil.“

c) Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:

„e) Ákjósanlegast er að prófa ökutæki þar sem ekki eru notuð staðalgildi fyrir koltvísýringsvottun íhluta þeirra, aðskildra tæknieininga eða kerfa í staðinn fyrir mæligildi fyrir gírskiptingu og ásatap. Ef engin ökutæki uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í a- til c-lið, skal aðeins framkvæma sannprófun á ílagsupplýsingum og ílagsgögnum og meðhöndlun gagna skal fara fram í samræmi við lið 6.1.1.“

4) Í stað fyrstu málsgreinar 4. liðar kemur eftirfarandi:

„Sérhvert ökutæki, sem valið er til sannprófunar, skal vera í því ástandi sem er líkast því ástandi sem það á að vera í þegar það er sett á markað. Engar breytingar eru leyfilegar á vélbúnaði, s.s. smurefnum, eða á hugbúnaði, s.s. viðbótarstillibúnaði. Heimilt er að skipta hjólbörðunum út fyrir mælihjólbarða með þvermál sem skal ekki fara yfir ± 10% af þverináli upprunalegu hjólbarðanna.“

5) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í lið 5.6:

„Skrá skal stöðu þjöppunnar í loftknúnu kerfi þungra hópbifreiða. Fasar þar sem þrýstilofti er veitt í geyminn skulu merktir í mæligögnunum samkvæmt ákvæðum í töflu 4 í þessum viðauka. Staða þjöppunnar skal vöktuð annaðhvort með skráningu á þrýstingnum í kerfinu eða með tiltækum CAN-merkjum.“

6) Í öðrum undirlið liðar 5.7 er formúlunni í línu „β“ breytt sem hér segir:

„β	=	0,001 [K^{-1}] (leiðréttingarstuðull hitastigs)“.

7) Í stað línunnar „Snúningsvægi hjóla “ í lið 5.9 í töflu 2 kemur eftirfarandi:

„Snúningsvægi hjóla	Við 10 kNm kvörðun (yfir allt kvörðunarsviðið): i. Ólínuleiki ([1]): < ± 40 Nm fyrir þungar vöruflutningabifreiðar og þungar hópbifreiðar < ± 30 Nm fyrir meðalþungar vöruflutningabifreiðar ii. Endurtekningarnákvæmni ([2]): < ± 20 Nm fyrir þungar vöruflutningabifreiðar og þungar hópbifreiðar < ± 15 Nm fyrir meðalþungar vöruflutningabifreiðar iii. Milliheyrsla: < ± 20 Nm fyrir þungar vöruflutningabifreiðar og þungar hópbifreiðar < ± 15 Nm fyrir meðalþungar vöruflutningabifreiðar (á einungis við um mæla fyrir snúningsvægi við felgur) iv. Tíðni mælingar: ≥ 20 Hz	< 0,1 s

([1]) „Ólínuleiki“: hámarksfrávik milli sérkenna ákjósanlegs og raunverulegs frálagsmerkis í tengslum við mæligildi á tilteknu mælisviði.
([2]) „Endurtekningarnákvæmni“: hversu vel niðurstöðum úr röð mælinga á sama mæligildi, sem gerðar eru við sömu skilyrði við mælingu, ber saman.“

8) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 5.11:

„5.12. Vegalengd sem farin er

Ef ökutækið er búið innbyggðum búnaði til að vakta og skrá eldsneytis- og/eða orkunotkun og akstursvegalengd vélknúinna ökutækja, í samræmi við kröfurnar sem um getur í b-lið 5. gr. c í reglugerð (EB) nr. 595/2009, skal akstursvegalengdin skráð úr búnaðinum.

5.13. Eldsneytisstreymi hreyfils

Ef ökutækið er búið innbyggðum búnaði til að vakta og skrá eldsneytis- og/eða orkunotkun og akstursvegalengd vélknúinna ökutækja, í samræmi við kröfurnar sem um getur í b-lið 5. gr. c í reglugerð (EB) nr. 595/2009, skal skrá úr búnaðinum augnabliksgildi eldsneytisstreymis hreyfils sem og heildareldsneytisnotkun við upphaf og lok prófunar.

5.14. Heildarmassi ökutækis

Ef ökutækið er búið innbyggðum massavöktunarbúnaði til að ákvarða og skrá farmþunga eða heildarþyngd ökutækja, í samræmi við kröfurnar sem um getur í b-lið 5. gr. c í reglugerð (EB) nr. 595/2009, skal skrá úr búnaðinum augnabliksgildi heildarmassa ökutækisins.“

9) Eftirfarandi undirgrein er bætt við í lið 6.1.1:

„Ef um er að ræða þungar hópbifreiðar skal framleiðandi aðalökutækisins gera ílagsupplýsingarnar og ílagsgögnin aðgengileg sem og skrá framleiðanda yfir skráningar og framleiðandi fjölþrepa fullbúna ökutækisins skal gera upplýsingaskrá ökutækisins og upplýsingaskrá viðskiptavinarins aðgengilegar.“

10) Ákvæðum liðar 6.1.1.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar c-liðar kemur eftirfarandi:

„Snúningsvægismörk hreyfils, sem eru tilgreind í ílaginu til hermitólsins, skulu háð sannprófun með sannprófunaraðferðinni ef þau eru tilgreind fyrir einhvern af hæstu 50% gíranna (t.d. að því er varðar 7.–12. gír í 12 gíra gírskiptingu) og ef eitt af eftirfarandi tilvikum á við:“.

b) Í stað vii. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„vii. loftviðnáms,“.

11) Í stað liðar 6.1.1.2 kemur eftirfarandi:

„6.1.1.2. Sannprófun á massa ökutækis

Ef viðurkenningaryfirvaldið, sem veitti leyfið til að nota hermitólið, fer fram á það skal ákvörðun framleiðanda á massa sannprófuð í samræmi við 2. lið G-þáttar 2. hluta VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535. Ef sú sannprófun bregst skal ákvarða leiðréttan raunmassa eins og skilgreint er í 4. lið 2. liðar í III. viðauka við þessa reglugerð. Ef um er að ræða þungar hópbifreiðar skal sannprófa massa fjölþrepa fullbúna ökutækisins.“

12) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í lið 6.1.4.1:

„Þungar hópbifreiðar í þeim ökutækjayfirhópum sem skilgreindir eru í töflu 4, 5 og 6 í I. viðauka skulu prófaðar með endanlegum yfirbyggingum fullbúins ökutækis eða fjölþrepa fullbúins ökutækis.“

13) Í stað annarrar málsgreinar í lið 6.1.4.2 kemur eftirfarandi:

„Fyrir þungar vöruflutningabifreiðar í yfirhópum 1s, 1, 2 og 3 og meðalþungar vöruflutningabifreiðar og þungar vöruflutningabifreiðar skal farmþungi vera á bilinu 55–75% af leyfilegri hámarksþyngd í samræmi við 96/53/EB fyrir það tiltekna ökutæki eða þau samtengdu ökutæki.“

14) Í stað liðar 6.1.4.4 kemur eftirfarandi:

„6.1.4.4. Stillingar aukabúnaðar

Allar stillingar, sem hafa áhrif á aukaorkuþörfina, skulu, eftir atvikum, vera þannig að orkunotkun verði sem minnst en þó innan skynsamlegra marka. Slökkva skal á loftjöfnun og loftun í farþegarými eða ökumannshúsi skal sett á lægri stillingu en meðalmassastreymi. Slökkt skal á allri viðbótarorkunotkun sem er ekki nauðsynleg til að knýja ökutækið. Ytri búnaður til að veita orku um borð, t.d. ytri rafgeymar, er einungis leyfilegur til að keyra viðbótarmælibúnaðinn fyrir sannprófunaraðferðina, sem skráð er í töflu 2, en hann skal ekki veita orku til búnaðar ökutækis sem mun vera til staðar þegar ökutækið verður sett á markað. Ef um er að ræða þungar hópbifreiða skal í sannprófuninni ekki taka tillit til dyraops og innstigslækkunar á biðstöðvum.“

15) Í lið 6.1.5.5 er eftirfarandi málsgreinum bætt við:

„Ef ökutækið er búið eldsneytisknúnum aukahiturum skal aðeins mæla eldsneytisnotkun brunahreyfilsins.

Skráning á heildarmassa ökutækis og merkjum eldsneytisstreymis til hreyfils, eins og ákvarðað er með innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun, skal, eftir atvikum, hefjast í síðasta lagi þegar mæling á eldsneytisnotkun hefst og henni skal ljúka um leið og mælingu á eldsneytisnotkun lýkur. Endingartímagildi fyrir akstursvegalengd og heildareldsneytisnotkun, eins og ákvarðað er með innbyggða vöktunarbúnaðinum fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun, skulu skráð við upphaf mælingar á eldsneytisnotkun og við lok mælingar á eldsneytisnotkun með innbyggða vöktunarbúnaðinum fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun.“

16) Ákvæðum liðar 6.1.5.7 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Jaðarskilyrðin, sem uppfylla þarf til að sannprófun sé gild, eru sett fram í töflu 3–3d.“

b) Þriðja málsgrein fellur brott.

c) Eftirfarandi töflum er bætt við:

„Tafla 3c

Mæliþættir fyrir gilda sannprófun þungra hópbifreiða með hátt gólf

Nr.	Mæliþáttur	Lágmark	Hámark
4	Hlutfall af þéttbýlisakstri miðað við vegalengd	12%	40%
5	Hlutfall af dreifbýlisakstri miðað við vegalengd	10%	30%
6	Hlutfall af hraðbrautaakstri miðað við vegalengd	30%	-
7	Tímahlutdeild lausagangs í kyrrstöðu	-	10%

Tafla 3d

Mæliþættir fyrir gilda sannprófun þungra hópbifreiða með lágt gólf

Nr.	Mæliþáttur	Lágmark	Hámark
4	Hlutfall af þéttbýlisakstri miðað við vegalengd	75%	90%
5	Hlutfall af dreifbýlisakstri miðað við vegalengd	10%	25%
6	Hlutfall af hraðbrautaakstri miðað við vegalengd	-	0%
7	Tímahlutdeild lausagangs í kyrrstöðu	-	10%“.

17) Töflu 4 í lið 6.1.6 er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línu er bætt við á eftir línunni „streymi eldsneytis“:

„Staða þjöppu loftknúins kerfis	[-]	<PS_comp_active>	1 = virk (þjappa sem skilar til loftknúins kerfis), 0 = ekki virk, þessi ílagsgögn eiga aðeins við um þungar hópbifreiðar“.

b) Í línunni „massastreymi koltvísýrings“ í dálkinum „Fyrirsögn ílagsgagna“ er eftirfarandi texta bætt við:

„<CO_2>“.

c) Eftirfarandi línum er bætt við:

„Akstursvegalengd með innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun.	[km]	<ml_obfcm>	Akstursvegalengd í samræmi við lið 5.12 (ef við á).
Massastreymi eldsneytis í hreyfli með innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun.	[g/s]	<fcm_obfcm>	Massastreymi eldsneytis í hreyfli í samræmi við lið 5.13 (ef við á).
Rúmmál eldsneytis-streymis í hreyfli með innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun.	[l/s]	<fcv_obfcm>	Rúmmál eldsneytisstreymis í hreyfli í samræmi við lið 5.13 (ef við á).
Heildarmassi ökutækis með innbyggðum vöktunarbúnaði fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun.	[kg]	<m_obfcm>	Heildarmassi ökutækis í samræmi við lið 5.14 (ef við á).“

18) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 6.1.6:

„6.2. „Viðbótarsannprófanir

Fyrir þungar hópbifreiðar skal sannprófa hvort ökutækið, sem verið er að prófa, uppfylli eftirfarandi mæliþætti:

i. tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu

ii. ökutækjakóða

iii. undirflokk ökutækis

iv. lágt staðsettan inngang (ef við á)

v. fjölda farþegasæta

vi. hæð samþættrar yfirbyggingar.“

19) Í stað liðar 7.1 kemur eftirfarandi:

„7.1. Ílag fyrir hermitólið

Eftirfarandi ílagsgögn fyrir hermitólið skulu gerð aðgengileg: ílagsgögn og ílagsupplýsingar.

a) Ef um er að ræða meðalþungar og þungar vöruflutningabifreiðar:

i. skrá framleiðanda yfir skráningar,

ii. upplýsingaskrá viðskiptavina,

iii. unnin mæligögn í samræmi við töflu 4,

iv. frekari upplýsingar í samræmi við töflu 4a.

b) Þegar um er að ræða þungar hópbifreiðar:

v. ílagsgögn og ílagsupplýsingar eins og skilgreint er fyrir þungu hópbifreiðina sem er aðalökutæki,

vi. skrár framleiðanda yfir skráningar á þungu hópbifreiðinni sem er aðalökutæki,

vii. upplýsingaskrá ökutækis fyrir aðalökutækið,

viii. upplýsingaskrá viðskiptavinar fyrir fjölþrepa fullbúið ökutæki,

ix. upplýsingaskrá ökutækis fyrir fjölþrepa fullbúið ökutæki,

x. unnin mæligögn í samræmi við töflu 4,

xi. frekari upplýsingar í samræmi við töflu 4a.“

20) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í lið 7.2.1 á eftir fyrstu málsgreininni:

„Að því er varðar þungar hópbifreiðar skal einnig sannprófa upplýsingaskrá ökutækis og upplýsingaskrá viðskiptavinar fyrir fjölþrepa fullbúið ökutæki.“

21) Í stað liðar 7.3 kemur eftirfarandi:

„7.3. Staðist/Ekki staðist

Ökutækið skal standast sannprófunina ef C_{VTP}-hlutfallið, sem er ákvarðað í samræmi við lið 7.2.2., er jafnt og eða lægra en vikmörkin sem eru sett fram í töflu 5.

Sannprófuð koltvísýringslosun ökutækisins skal ákvörðuð með eftirfarandi hætti til samanburðar við tilgreinda koltvísýringslosun ökutækisins í samræmi við 9. gr.:

$$CO_{2verified} = C_{VTP} \times CO_{2declared}$$

þar sem:

$CO_{2verified}$	=	sannprófuð koltvísýringslosun ökutækisins í [g/t-km] fyrir meðalþungar og þungar vöruflutningabifreiðar og í [g/pkm] fyrir þungar hópbifreiðar
$CO_{2declared}$	=	tilgreind koltvísýringslosun ökutækisins í [g/t-km] fyrir meðalþungar og þungar vöruflutningabifreiðar og í [g/pkm] fyrir þungar hópbifreiðar.

Ef fyrsta ökutækið stenst ekki viðmiðun sannprófunaraðferðarinnar, sem sett er fram í töflu 5, skal framkvæma allt að tvær prófanir til viðbótar á sama ökutækinu eða tveimur svipuðum ökutækjum til viðbótar, að beiðni framleiðanda ökutækisins. Til að meta viðmiðunina fyrir að standast prófunina, sem sett er fram í töflu 5, skal nota reiknað meðaltal einstakra C_{VTP}-hlutfalla úr öllum prófununum sem eru gerðar. Ef viðmiðuninni fyrir að standast prófunina er ekki náð stenst ökutækið ekki sannprófunina.

Tafla 5

Viðmiðun fyrir að standast sannprófunina

Viðmiðun fyrir að standast sannprófunaraðferðina	C_{VTP}-hlutfall ≤ 1,075

Ef C_{VTP} er lægra en 0,925 þarf að gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöðurnar til frekari greiningar til að komast að orsökinni.“

22) Í stað liðar 8.1.1 kemur eftirfarandi:

„8.1.1. Heiti og heimilisfang framleiðanda ökutækisins ([14])

([14]) Einungis framleiðandi aðalökutækis þegar um þungar hópbifreiðar er að ræða.“

23) Í stað liðar 8.2.3 kemur eftirfarandi:

„8.2.3. Ökutækjaflokkur (N_2, N_3, M_3)“.

24) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8.13.14.7:

„8.13.14.8. CO_2 (g/kWh)“.

25) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 8.13.14.7:

„8.13.15. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – gildi sannprófunarinnar (ef við á)

8.13.15.1. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – álestrartala fyrir akstursvegalengd við upphaf mælingar á eldsneytisnotkun út frá merkinu sem um getur í lið 5.12 (km)

8.13.15.2. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – álestrartala fyrir akstursvegalengd við lok mælingar á eldsneytisnotkun út frá merkinu sem um getur í lið 5.12 (km)

8.13.15.3. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – heildarmassi notaðs eldsneytis, fenginn úr endingartímamerkinu sem um getur í lið 5.13, við upphaf mælingar á eldsneytisnotkun (kg)

8.13.15.4. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – heildarmassi notaðs eldsneytis, fenginn úr endingartímamerkinu sem um getur í lið 5.13, við lok mælingar á eldsneytisnotkun (kg)

8.13.15.5. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – heildarrúmmál notaðs eldsneytis, fengið úr endingartímamerkinu sem um getur í lið 5.13, við upphaf mælingar á eldsneytisnotkun (l)

8.13.15.6. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – heildarrúmmál notaðs eldsneytis, fengið úr endingartímamerkinu sem um getur í lið 5.13, við lok mælingar á eldsneytisnotkun (l)

8.13.15.7. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – gildi uppsafnaðs massastreymis eldsneytis til hreyfilsins frá augnabliksmerkinu sem um getur í lið 5.13 (kg)

8.13.15.8. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – gildi uppsafnaðs rúmmáls eldsneytis-streymis til hreyfilsins út frá augnabliksmerkinu sem um getur í lið 5.13 (l)

8.13.15.9. Innbyggður vöktunarbúnaður fyrir eldsneytis- og/eða orkunotkun – meðalheildarmassi fenginn úr merkinu sem um getur í lið 5.14 (kg)

8.13.15.10. Staða kílómetramælis við lok mælingar á eldsneytisnotkun (km)

8.13.15.11. Gildi fyrir mældan heildarmassa eldsneytis sem er notað í sannprófuninni (kg)

8.13.15.12. Gildi fyrir mælt heildarrúmmál eldsneytis sem er notað í sannprófuninni (l).“

26) Í stað 3. liðar í A-hluta 1. viðbætis kemur eftirfarandi:

„3. Ákvörðun á eldsneytisnotkun miðað við snúningshraða og álag sem hermitólið líkir eftir ($BSFC_{sim}$)

Nota skal mælt hjólafl sem ílag í reiknirit afturvirkrar hermunar í sannprófunarham hermitólsins. Gírarnir, sem eru tengdir í sannprófuninni, eru ákvarðaðir með því að reikna út snúningshraða hreyfilsins í hverjum gír á mældum hraða ökutækisins og velja gírinn sem gefur þann snúningshraða sem er næstur mældum snúningshraða hreyfilsins. Að því er varðar APT-gírkassa, meðan á fösum stendur þar sem vægisbreytir er virkur, er notað raunverulegt gíramerki úr mælingunni.

Líkönum vegna taps, að því er varðar tannhjól í ásum, vinkildrif, hamlara, gírkassa og aflúttök, er beitt á svipaðan máta og í tilgreiningarham hermitólsins.

Að því er varðar aflþörf aukaeininga sem varða stýrisdælu, loftknúið kerfi, rafkerfi og hitunar-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfi skal beita almennum gildum eins og þeim er beitt fyrir hverja tækni í hermitólinu. Fyrir þungar hópbifreiðar er einnig tekið tillit til skráðs merkis um stöðu þjöppu loftknúna kerfisins. Við útreikning á aflþörf kæliviftu hreyfils er eftirfarandi formúlum beitt:

Tilvik a) kæliviftur hreyfils sem eru ekki rafknúnar:

$$P_{fan(t)} = C1 \bullet \left(\left(\frac{n_{fan(t)}}{C2} \right)^3 \bullet \left(\frac{D_{fan}}{C3} \right)^5 \right) \bullet C4$$

þar sem:

P_{fan} = aflþörf kæliviftu hreyfils [kW]

t = tímahnútpunktur [s]

n_{fan} = mældur snúningshraði viftunnar [snún./mín.]

D_{fan} = þvermál viftunnar [mm]

C1 = 7,32 kW

C2 = 1 200 snún./mín.

C3 = 810 mm

C4 = fyrir þungar hópbifreiðar er notaður stuðullinn sem er gefinn upp í töflu 6 en fyrir aðra ökutækjaflokka samsvarar hann 1.

Tafla 6

C4-þættir fyrir útreikning á aflþörf kæliviftu hreyfils fyrir þungar hópbifreiðar

Drifklasi viftu	Stýring viftu	C4
Fest á sveifarás	Rafeindastýrt seigjutengsli	1,05
	Seigjutengsli með tvímálmastýringu	1,05
	Þrepaskipt tengi með tengsli (e. *clutch coupling*), 2. þrep (0%/1. þrep/2. þrep)	1,05
	Þrepaskipt tengi með tengsli, 3. þrep (0%/1. þrep/2. þrep /3. þrep)	1,05
	Tengsli virk/óvirk	1,05
Knúið með reim eða frá gírkassa	Rafeindastýrt seigjutengsli	1,11
	Seigjutengsli með tvímálmastýringu	1,11
	Þrepaskipt tengi með tengsli, 2. þrep (0%/1. þrep/2. þrep)	1,11
	Þrepaskipt tengi með tengsli, 3. þrep (0%/1. þrep/2. þrep /3. þrep)	1,11
	Tengsli virk/óvirk	1,11
Vökvaknúin	Vökvadæla (e. *displacement pump*) með breytilegu/stillanlegu dældu magni	1,75
	Vökvadæla með föstu/stöðugu dældu magni	2,25

Tilvik b) rafknúnar kæliviftur hreyfils:

$P_{fan(t)} = P_{el(t)} \cdot 1{,}43$

P_{fan} = aflþörf kæliviftu hreyfils [kW]

t = tímahnútpunktur [s]

P_{el} = rafafl við endatengi kæliviftu eða kæliviftna hreyfils eins og það er mælt í samræmi við lið 5.6.1.

Ef um er að ræða ökutæki þar sem stöðvunar-/ræsingarkerfi hreyfils virkjast meðan á sannprófun stendur er svipuðum leiðréttingum beitt fyrir viðbótaraflþörf og -orku til að endurræsa ökutækið eins og þeim er beitt í tilgreiningarham hermitólsins.

Hermun á augnablikseldsneytisnotkun hreyfils $FC_{sim(t)}$ er framkvæmd fyrir hvert 0,5 sekúndna tímabil sem hér segir:

— Innreikningur út frá kenniferli eldsneytisnotkunar þar sem notaður er mældur snúningshraði hreyfils og það snúningsvægi sem af honum hlýst, fengið með afturvirkum útreikningi, þ.m.t. hverfitregðu hreyfla sem er reiknuð út frá mældum snúningshraða hreyfils.

— Snúningsvægisþörf hreyfils, eins og hún er ákvörðuð hér að framan, takmarkast við vottaða getu hreyfils við fullt álag. Að því er varðar þessi tímabil er dregið úr hjólafli í afturvirku hermuninni í samræmi við það. Við útreikning á $BSFC_{sim}$, eins og sett er fram hér á eftir, er tekið mið af þessu ferli hermunar hjólafls ($P_{wheel,sim(t)}$).

— WHTC-leiðréttingarstuðli er beitt í samræmi við úthlutun í þéttbýli, dreifbýli og hraðbraut á grundvelli skilgreininganna sem eru gefnar í 8.–10. lið 2. liðar og út frá mældum hraða ökutækis.

Eldsneytisnotkun miðað við snúningshraða og álag, sem er reiknuð út með hermitólinu $BSFC_{m\text{-}c}$ eins og því er beitt í lið 7.2.2 við útreikning á C_{VTP}-stuðlinum, er reiknuð út sem hér segir:

$$BSFC_{sim} = \frac{\left(\sum_{t_{start}}^{t_{end}} FC_{sim(t)} \bullet \Delta t\right) + FC_{ESS,corr}}{W_{wheel,pos,sim}}$$

þar sem:

$BSFC_{sim}$ = eldsneytisnotkun miðað við snúningshraða og álag ákvörðuð með hermitólinu fyrir sannprófunina [g/kWh]

t = tímahnútpunktur [s]

FC_{sim} = augnablikseldsneytisnotkun hreyfils [g/s]

Δt = lengd tímaaukningar = 0,5 [s]

$FC_{ESS,corr}$ = leiðrétting á eldsneytisnotkun sem tengist viðbótaraflþörf sem skapast vegna stöðvunar-/ræsingarkerfis hreyfils eins og henni er beitt í tilgreiningarham hermitólsins [g]

$W_{wheel,pos,sim}$ = jákvæð vinna hjóls ákvörðuð með hermitólinu fyrir sannprófunina [kWh]

$$W_{wheel,pos,sim} = \sum_{t_{start}}^{t_{end}} \frac{max\left(P_{wheel,sim(t)}, 0\right)}{3\,600 \bullet fs}$$

fs = hermunartíðni = 2 [Hz]

$P_{wheel,sim}$ = hermt hjólafl fyrir sannprófunina [kW].

Ef um er að ræða tvíbrennihreyfla skal ákvarða $BSFC_{sim}$ sérstaklega fyrir hvort eldsneyti.“

———

X. VIÐAUKI

Ákvæðum X. viðauka b við reglugerð (ESB) 2017/2400 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðum er bætt við í 2. lið:

„54) „FCS UUT“: eining efnarafalakerfisins (e. *fuel cell system* (*FCS*)) eða dæmigert undirkerfi efnarafala (e. *fuel cell* (*FC)*) sem verið er að prófa,

55) „stoðbúnaður stöðvar“ (BoP): samstæða allra stoðíhluta og aukakerfa efnarafalakerfis sem nauðsynleg eru til að skila orkunni, að framleiðslueiningunni sjálfri undanskilinni; þau geta m.a. tekið til spennubreyta, áriðla, stoðvirkja o.s.frv., allt eftir tegund stöðvar,

56) „íhlutur í stoðbúnaði stöðvar“ (BoPC): íhlutur sem tilheyrir BoP-kerfi,

57) „loftvinnsluundirkerfi“ (APS): samstæða íhluta sem flytur loft (efni sem inniheldur súrefni) til efnahvörfunar í efnarafalakerfinu. Loftvinnsluundirkerfið getur fært að loft eftir þörfum til a) eldsneytisvinnsluundirkerfisins (FPS), b) varmastjórnunarundirkerfisins (TMS) og c) efnarafalastæðuundirkerfisins (FCSS); loftvinnsluundirkerfið getur m.a. tekið til síunar, hreinsunar, þjöppunar og rakabætingar sem og streymisstýringaríhluta,

58) „eldsneytisvinnsluundirkerfi“ (FPS): samstæða íhluta sem umbreytir því eldsneyti, sem í hana er fært með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum í form sem hentar til notkunar í efnarafalastæðuundirkerfið. Eldsneytisvinnsluundirkerfið getur m.a. tekið til þrýstingsstýringar, rakabætingar og íhluta til blöndunar; einnig má vísa til eldsneytisvinnsluundirkerfisins sem undirkerfis eldsneytisgjörva eða eldsneytisgjörva,

59) „varmastjórnunarundirkerfi“ (TMS): samstæða íhluta sem veitir bæði varma- og vatnsstjórnun fyrir efnarafalakerfið. Varmastjórnunarundirkerfið getur m.a. innihaldið búnað til að safna og geyma rafmagn (e. *accumulator*), dælu, vatnskassa og/eða eimsvala; það getur einnig veitt endurheimt vatns- og rakabætingaraðgerða fyrir vinnsluna,

60) „efnarafalastæðuundirkerfi“ (FCSS): samstæða sem inniheldur eina eða fleiri efnarafalastæður þar sem rafefnafræðilegum efnahvörfum milli eldsneytis og oxandi efnaorku er umbreytt í raforku. Efnarafalastæðuundirkerfið tekur að jafnaði til tenginga til að leiða eldsneyti, oxandi efni og útblástursloft, einnig rafmagnstenginga fyrir orkuna, sem kemur frá undirkerfi stæðunnar, og búnaðar til að vakta rafmagnsálag sem tengist skilfletinum við efnarafalakerfið. Þar að auki getur efnarafalastæðuundirkerfið verið með ísettum búnaði til að leiða viðbótarvökva (t.d. kælivökva, óhvarfgjarnt gas), úrræði til að greina eðlileg og/eða óeðlileg rekstrarskilyrði, umlykjur eða þrýstihylki, og loftræstikerfi; efnarafalastæðuundirkerfi er einnig nefnt efnarafalaeining, efnarafalaorkueining eða samstæða efnarafalastæða,

61) „undirstjórnkerfi efnarafala“: kerfi til að stjórna og/eða vakta skilyrði í efnarafalakerfinu sem bregst sjálfvirkt við aflþörf ökutækis og kemur um leið í veg fyrir hættulegar aðstæður og skemmdir á efnarafalakerfinu; sjálfvirka stýrikerfið inniheldur yfirleitt búnað sem byggist á örgjörvum með ílags- og frálagsvirkni og getur framkvæmt greiningar- eða bilanaleitaraðgerð,

62) „orkudreifingarundirkerfi“ (PDS): samsafn íhluta sem tengir efnarafalastæðuundirkerfið við orkuhæfingarkerfið og umbreytir orku fyrir notkun í efnarafalakerfinu. Orkudreifingarundirkerfið getur m.a. tekið til kapla, rofa og/eða spólurofa og/eða rafliða, tengibrautir, annan tengibúnað og tækjabúnað; orkudreifingarundirkerfið notar eingöngu jafnstraum sem ílag,

63) „efnarafalakerfi“ (FCS): orkubreytir sem umbreytir efnaorku í raforku með raðtengdum rafefnahlöðum sem kallast efnarafalastæða. Efnarafalakerfið inniheldur alla íhluti stoðbúnaðar stöðvar sem eru nauðsynlegir til að veita eldsneyti, súrefni (t.d. í formi lofts), kælingu og hæfingu miðla til að tryggja trausta virkni efnarafalastæðanna; til eru mismunandi útfærslur efnarafalakerfa, einnig nefndar mismunandi tegundir eða afbrigði og viðeigandi tegundum er lýst í töflu 9,

64) „orkuhæfingarkerfi“: safn íhluta sem umbreytir raforkunni, sem efnarafalastæða eða -stæður framleiða, í raforku sem nýtist fyrir ökutækið. Orkuhæfingarkerfið inniheldur a.m.k. spennustilli (jafnstraumur/jafnstraumur) og/eða spennubreyta (jafnstraumur/riðstraumur). Kerfið gæti tengst kælimiðilshringrásinni; það veitir skilflöt milli efnarafalakerfisins og rafgeymisins og annarrar rafmagnshleðslu ökutækisins,

65) „vatnsmeðhöndlunarundirkerfi“ (WTS): samstæða íhluta sem veitir þá meðhöndlun sem er nauðsynleg fyrir vinnsluvatnið sem er notað í efnarafalakerfinu; til dæmis getur vatnsmeðhöndlunarundirkerfið tekið til resínsúlu og tækjabúnaðar til að steinefnisskerða eða afjóna vatnið og gæti skilað vatnsendurheimtar- og rakabætingaraðgerðum í vinnsluferlinu,

66) „innri kælihringrás“ (ICL): í efnarafalakerfi með skiptingu í innri (aðal-) og ytri (auka-) kælihringrás íhlutar í stoðbúnaði stöðvar er þetta lokuð kælivökvahringrás sem er tengd við kælimiðla hinna ýmsu íhluta í stoðbúnaði stöðvarinnar og samþætt efnarafalakerfinu sem hluti af varmastjórnunarundirkerfinu; margar innri kælihringrásir geta verið fyrir hendi í efnarafalakerfi, t.d. ein fyrir rafeindabúnað fyrir orku (orkudreifingarundirkerfi, orkuhæfingarkerfi) og ein fyrir efnarafalastæðuundirkerfið,

67) „ytra kæliundirkerfi“: safn íhluta til að skiptast á glatvarma frá efnarafalakerfinu, sem er geymdur í kælivökvanum, við umhverfið; það getur m.a. innihaldið vatnskassa, dælur, viftur og aðra átakshluti,

68) „ytri rafmagnsíhlutir“: allir rafmagnsíhlutir sem eru ekki hluti af efnarafalakerfinu og/eða eru ekki tengdir með rafrænum hætti við jafnstrauminn á milli efnarafalastæðuundirkerfisins og orkuhæfingarkerfisins; þar á meðal eru rafvélar aflrásarinnar og endurhlaðanlega raforkugeymslukerfið,

69) „hlutfallsleg færsluhallatala“ (RTS): reiknistuðull sem sýnir hraða breytinga á stillipunktinum fyrir rafrænt útafl í efnarafalakerfinu; hlutfallsleg færsluhallatala skapar samhengi milli breytinga á tíma á móti efri mörkum rafræns útafls efnarafalakerfisins,

70) „vinnslupunktur kerfishæfingar“ (SCOP): stillipunktur fyrir rafrænt útafl kerfisins sem hentar til að hæfa efnarafalakerfið í tilgreindan tíma á hæfingarstiginu,

71) „stillipunktur“ (SP): æskilegt gildi eða markgildi fyrir nauðsynlega breytu, eða vinnslugildi kerfis,

72) „vinnslugildi“ eða „vinnslubreyta“ (PV): núverandi mæligildi fyrir nauðsynlega breytu, eða vinnslugildi kerfis.“

2) Eftirfarandi línum er bætt við í töflu 1 í lið 3.1 á eftir línunni „Snúningsvægi“:

„**Massastreymi eldsneytis** (*)	1,0% af aflestrartölu greiningartækis eða 0,5% af hámarkskvörðun (2), hvor talan sem er hærri
Massastreymi lofts/oxandi efnis (1)	1,0% af aflestrartölu greiningartækis eða 0,5% af hámarkskvörðun (2), hvor talan sem er hærri
Massastreymi kælivökva	2,5% af aflestrartölu greiningartækis eða 0,1% af hámarkskvörðun (2), hvor talan sem er hærri
Rúmmálsstreymi kælivökva	2,5% af aflestrartölu greiningartækis eða 0,1% af hámarkskvörðun (2), hvor talan sem er hærri
Þrýstingur kælivökva	0,5% af aflestrartölu greiningartækis eða 0,1% af hámarkskvörðun (2), hvor talan sem er hærri
Eldsneyti, umhverfi, loftþrýstingur	1 kPa

(*) Ef rúmmálsstreymi er mælt skal nákvæmnin yfirfærð sem nákvæmni við mælingar á massastreymi.“

3) Eftirfarandi línu er bætt við í töflu 1 í lið 3.1 á eftir línunni „Hitastig“:

„**Daggarmark**	± 2,5 K af aflestrartölu greiningartækis eða 1,0% af hámarkskvörðun (2), hvor talan sem er hærri.“

4) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 3.2:

„3.2.1. Gagnaskráning vegna vottunar efnarafalakerfis

Að því er varðar vottun efnarafalakerfis skal sýnatökutíðnin vera stöðug með a.m.k. 10 Hz sýnatökutíðni fyrir öll gildi.

3.2.2. Formerkjavenjur fyrir orku- og miðlaskipti yfir mörk einingarinnar, sem verið er að prófa, vegna vottunar á efnarafalakerfinu

Flæði miðla eða orku sem fer frá einingunni, sem verið er að prófa, skal vera með neikvæðu formerki og öfugt.“

5) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í lið 4.1.3:

„Spenna fyrir ótakmarkaða vinnslugetu skal vera dæmigert spennusvið sem venjulega er notað í raunverulegum ökutækjum og skal ekki endilega endurspegla tæknilega leyfilega lágmarks-/hámarksinngangsspennu til einingarinnar, sem verið er að prófa, og skal ekki endurspegla öfgakennd jaðarskilyrði þar sem vinnslugeta einingarinnar, sem verið er að prófa, takmarkast af stýringu ökutækis á háu stigi sem er ekki hluti af raunverulegum aðferðum við stýringu einingarinnar, sem verið er að prófa (t.d. lækkun á tiltæku knýjandi snúningsvægi einingarinnar, sem verið er að prófa, vegna takmarkana í endurhlaðanlegu raforkugeymslukerfi ökutækisins).“

6) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4.1.8.4:

„4.1.8.5. Kröfur um uppsetningu

Uppsetning einingarinnar, sem verið er að prófa, á prófunarbekknum skal vera með hallahorn líkt og við uppsetningu í ökutækinu samkvæmt gerðarviðurkenningarteikningunni ±1°. Að öðrum kosti skal setja hana upp við 0° ± 1° á prófunarbekkinn til að ná til allra mismunandi afbrigða uppsetningar í ökutækinu.“

7) Ákvæðum liðar 4.2.2 er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Prófunin fyrir samþættan íhlut rafaflrásar með fjölhraða gírkassa skal framkvæmd í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) prófunin skal eingöngu framkvæmd fyrir gírinn sem hefur það gírhlutfall sem er næst því að vera 1,

b) ef gírhlutfall tveggja gíra er jafnlangt frá gírhlutfallinu 1 skal prófunin framkvæmd á gírnum með hærra gírhlutfallið af þeim tveimur,

c) auk þess má einnig framkvæma prófunina fyrir alla aðra framgíra samþætts íhlutar rafaflrásar þannig að sérstakt gagnasafn fyrir hvern framgír samþætts íhlutar rafaflrásar sé ákvarðað.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„Prófun á hámarks- og lágmarkssnúningsvægismörkum skal framkvæmd fyrir hverja viðeigandi samsetningu af spennu og gír (þ.e. annaðhvort spennustig eða framgír ef um er að ræða samþættan íhlut rafaflrásar með fjölhraða gírkassa) sem tilgreind er í samræmi við lið 4.2.2.1 með því að beita ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í liðum 4.2.2.2, 4.2.2.3 og 4.2.2.4, sérstaklega á hvert þessara viðeigandi afbrigða.“

8) Í stað annars málsliðar í lið 4.2.2.1 kemur eftirfarandi:

„Sú yfirlýsing skal gerð sérstaklega fyrir hvern framgír í samþættum íhlut rafaflrásar með fjölhraða gírkassa sem mældur er í samræmi við lið 4.2.2 og einnig fyrir hvort af tveimur spennustigunum $V_{min,Test}$ og $V_{max,Test}$.“

9) Í stað liðar 4.2.6.2 kemur eftirfarandi:

„4.2.6.2. Vinnslupunktar sem á að mæla

Ef um er að ræða samþættan íhlut rafaflrásar með fjölhraða gírkassa skal ákvarða stillipunkta fyrir snúningshraða og snúningsvægi, sem krafist er að mælt sé við raunverulega prófunarkeyrslu, fyrir hvern einstakan framgír í samræmi við liði 4.2.6.2.1, 4.2.6.2.2 og 4.2.6.2.3.“

10) Ákvæðum liðar 4.2.6.2.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í annarri málsgrein kemur eftirfarandi:

„Ef um er að ræða samþættan íhlut rafaflrásar með fjölhraða gírkassa þar sem snúningsvægismörkin voru eingöngu ákvörðuð fyrir einn gír í samræmi við a- og b-lið liðar 4.2.2 skal skilgreina aðskilið gagnamengi stillipunkta fyrir snúningshraða einingarinnar, sem verið er að prófa, fyrir hvern einstakan framgír á grundvelli eftirfarandi ákvæða:“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„Ef um er að ræða samþættan íhlut rafaflrásar með fjölhraða gírkassa þar sem snúningsvægismörkin voru ákvörðuð fyrir hvern framgír í samræmi við c-lið liðar 4.2.2 skal skilgreina aðskilið gagnasafn stillipunkta fyrir snúningshraða einingarinnar, sem verið er að prófa, fyrir hvern einstakan framgír á grundvelli eftirfarandi ákvæða:

f) Nota skal sömu stillipunkta fyrir snúningshraða einingarinnar, sem verið er að prófa, og eru notaðir fyrir mælingu sem gerð er í samræmi við lið 4.2.2.2 fyrir viðkomandi spennustig og viðkomandi framgír.

g) Til viðbótar við stillipunktana fyrir snúningshraða, sem skilgreindir eru í f-lið þessa liðar, skal nota hraðastillipunktinn fyrir sannprófun á samfelldu hámarkssnúningsvægi á 30 mínútum sem framkvæmd er í samræmi við lið 4.2.4.2 fyrir viðkomandi spennustig. Þeim stillipunkti fyrir snúningshraða skal umbreytt í viðeigandi stillipunkt fyrir tiltekinn framgír með jöfnunni sem skilgreind er í e-lið þessa liðar.

h) Skilgreina má fleiri stillipunkta fyrir snúningshraða til viðbótar við þá stillipunkta sem skilgreindir eru í f- og g-lið.“

11) Ákvæðum liðar 4.2.6.2.2 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í annarri málsgrein kemur eftirfarandi:

„Ef um er að ræða samþættan íhlut rafaflrásar með fjölhraða gírkassa þar sem snúningsvægismörkin voru eingöngu ákvörðuð fyrir einn gír í samræmi við a-lið liðar 4.2.2 skal skilgreina aðskilið gagnasafn stillipunkta fyrir snúningsvægi einingarinnar, sem verið er að prófa, fyrir hvern einstakan framgír á grundvelli eftirfarandi ákvæða:“.

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„Ef um er að ræða samþættan íhlut rafaflrásar með fjölhraða gírkassa þar sem snúningsvægismörkin voru ákvörðuð fyrir hvern framgír í samræmi við c-lið liðar 4.2.2 skal skilgreina aðskilið gagnasafn stillipunkta fyrir snúningsvægi einingarinnar, sem verið er að prófa, fyrir hvern einstakan framgír á grundvelli eftirfarandi ákvæða:

i. Skilgreina skal minnst 10 stillipunkta fyrir snúningsvægi einingarinnar, sem verið er að prófa, fyrir mælingu á hverjum einstökum framgír, bæði þeim sem eru staðsettir á þeirri hlið sem hefur jákvætt snúningsvægi (þ.e. akstur) og á þeirri hlið sem hefur neikvætt snúningsvægi (þ.e. hemlun), með því að beita ákvæðunum sem skilgreind eru í a- til e-lið þessa liðar fyrir þann tiltekna gír.

j) Ekki skal gerð krafa um að allir stillipunktar snúningsvægis, sem fást, sem hafa hærra algildi en 10 kNm séu mældir við raunverulega prófunarkeyrslu að því er varðar tiltekinn gír, sem framkvæmd er í samræmi við lið 4.2.6.4.“

12) Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 4.2.6.2.2:

„4.2.6.2.3. Kröfur um lágmarksfjölda stillipunkta fyrir snúningsvægi

Eftirfarandi kröfur skulu gilda fyrir hvern stillipunkt snúningshraða sem er skilgreindur í samræmi við lið 4.2.6.2.1:

a) ef einn upprunalegur stillipunktur snúningsvægis, sem er skilgreindur í samræmi við lið 4.2.6.2.2 og hefur algildi snúningsvægis sem er lægra en eða jafnt og 10 kNm, er staðsettur á jákvæðu (þ.e. aksturs-) hliðinni, skal bæta við tveimur viðbótarstillipunktum fyrir snúningsvægi í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

i. ef upprunalegi stillipunkturinn fyrir snúningsvægi er staðsettur hærra en 6,66 kNm skal skilgreina tvo nýja viðbótarstillipunkta fyrir snúningsvægi sem eru staðsettir í jafnri fjarlægð milli upprunalega stillipunktsins fyrir snúningsvægi og 0 kNm,

ii. ef upprunalegi stillipunkturinn fyrir snúningsvægi er staðsettur lægra en 6,66 kNm:

— skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi við 9,8 kNm,

— ef upprunalegi stillipunkturinn fyrir snúningsvægi er staðsettur lægra en 3,33 kNm skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi sem er staðsettur í jafnri fjarlægð milli upprunalega stillipunktsins fyrir snúningsvægi og 9,8 kNm,

— ef upprunalegi stillipunkturinn fyrir snúningsvægi er staðsettur hærra en eða jafnt og 3,33 kNm skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi sem er staðsettur í jafnri fjarlægð milli upprunalega stillipunktsins fyrir snúningsvægi og 0 kNm.

b) Ef tveir upprunalegir stillipunktar snúningsvægis, sem eru skilgreindir í samræmi við lið 4.2.6.2.2 og hafa algildi snúningsvægis sem er lægra en eða jafnt og 10 kNm, eru staðsettir á jákvæðu (þ.e. aksturs-) hliðinni, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

i. ef ekki er til staðar neinn upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi, sem er staðsettur hærra en 6,66 kNm, skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi við 9,8 kNm,

ii. ef til staðar er upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi, sem er staðsettur hærra en 6,66 kNm og einnig upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi sem er staðsettur lægra en 3,33 kNm, skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi sem er staðsettur í jafnri fjarlægt milli lægstu og hæstu upprunalegu jákvæðu (þ.e. aksturs-) stillipunktanna fyrir snúningsvægi,

iii. ef til staðar er upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi, sem er staðsettur hærra en 6,66 kNm og einnig upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi sem er staðsettur hærra en eða jafnt og 3,33 kNm, skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi sem er staðsettur í jafnri fjarlægð milli lægsta upprunalega jákvæða (þ.e. aksturs-) stillipunktsins fyrir snúningsvægi og 0 kNm.

c) Ef einn upprunalegur stillipunktur snúningsvægis, sem er skilgreindur í samræmi við lið 4.2.6.2.2 og hefur algildi snúningsvægis sem er lægra en eða jafnt og 10 kNm, er staðsettur á neikvæðu (þ.e. hemlunar-) hliðinni, skal bæta við tveimur viðbótarstillipunktum fyrir snúningsvægi í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

i. ef upprunalegi stillipunkturinn fyrir snúningsvægi er staðsettur lægra en –6,66 kNm skal skilgreina tvo nýja viðbótarstillipunkta fyrir snúningsvægi sem eru staðsettir í jafnri fjarlægð milli upprunalega stillipunktsins fyrir snúningsvægi og 0 kNm,

ii. ef upprunalegi stillipunkturinn fyrir snúningsvægi er staðsettur lægra en –6,66 kNm:

— skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi við –9,8 kNm,

— ef upprunalegi stillipunkturinn fyrir snúningsvægi er staðsettur hærra en –3,33 kNm skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi sem er staðsettur í jafnri fjarlægð milli upprunalega stillipunktsins fyrir snúningsvægi og –9,8 kNm,

— ef upprunalegi stillipunkturinn fyrir snúningsvægi er staðsettur lægra en eða jafnt og –3,33 kNm skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi sem er staðsettur í jafnri fjarlægð milli upprunalega stillipunktsins fyrir snúningsvægi og 0 kNm.

d) Ef tveir upprunalegir stillipunktar fyrir snúningsvægi, sem eru skilgreindir í samræmi við lið 4.2.6.2.2 og hafa algildi snúningsvægis sem er lægra en eða jafnt og 10 kNm, eru staðsettir á neikvæðu (þ.e. hemlunar-) hliðinni, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

i. ef ekki er til staðar neinn upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi sem er staðsettur lægra en –6,66 kNm skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi við –9,8 kNm,

ii. ef til staðar er upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi, sem er staðsettur lægra en –6,66 kNm og einnig upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi sem er staðsettur hærra en –3,33 kNm, skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi sem er staðsettur í jafnri fjarlægð milli hæstu og lægstu upprunalegu neikvæðu (þ.e. hemlunar-) stillipunktanna fyrir snúningsvægi,

iii. ef til staðar er upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi, sem er staðsettur lægra en –6,66 kNm og einnig upprunalegur stillipunktur fyrir snúningsvægi sem er staðsettur lægra en eða jafnt og –3,33 kNm, skal skilgreina nýjan viðbótarstillipunkt fyrir snúningsvægi sem er staðsettur í jafnri fjarlægð milli hæsta upprunalega neikvæða (þ.e. hemlunar-) stillipunktsins fyrir snúningsvægi og 0 kNm.“

13) Í stað sjöttu málsgreinar í lið 4.2.6.4 kemur eftirfarandi:

„Öllum vinnslupunktum skal haldið í a.m.k. 5 sekúndur. Á þessum notkunartíma skal snúningshraða einingarinnar, sem verið er að prófa, haldið við stillipunktinn fyrir snúningshraða innan vikmarka sem eru ± 1% eða 20 snún./mín., eftir því hvort gildið er hærra. Á þeim notkunartíma skal meðalsnúningsvæginu, að undanskildum hæsta og lægsta stillipunkti snúningsvægis við hvern stillipunkt snúningshraða, að auki haldið við stillipunkt snúningsvægis, innan vikmarka sem nema ± 1% af gildi stillipunkts snúningsvægisins eða ± 5 Nm (± 2% af gildi stillipunkts snúningsvægisins eða ± 20 Nm ef einingin, sem verið er að prófa, er samþættur íhlutur rafaflrásar með annaðhvort gírkassa og/eða mismunadrif) hvort gildið sem er stærra.“

14) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í lið 4.3.2:

„Ef um er að ræða samþættan íhlut rafaflrásar með fjölhraða gírkassa þar sem snúningsvægismörkin voru ákvörðuð fyrir hvern framgír í samræmi við c-lið liðar 4.2.2 skal hagræðingarstigið framkvæmt aðskilið fyrir hvern framgír.“

15) Ákvæðum liðar 4.3.3 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Gögnunum um viðnámsferilinn, sem er ákvarðaður í samræmi við lið 4.2.3, skal breytt í samræmi við eftirfarandi ákvæði þar sem viðnámssnúningsvægi skal hafa neikvætt formerki í samræmi við formerkjavenjurnar sem mælt er fyrir um í lið 4.1.9:“

b) Eftirfarandi málslið er bætt við í 4. lið:

„Þessi gildi sýndartregðuvægis skulu hafa neikvætt formerki í samræmi við formerkjavenjurnar sem skilgreindar eru í lið 4.1.9.“

16) Ákvæðum liðar 4.3.4 er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Gildissvið gagna fyrir EPMC-prófunarlotu, sem er ákvarðað í samræmi við lið 4.2.6.4, skal rýmkað í samræmi við eftirfarandi ákvæði fyrir hvern framgír sem er mældur sérstaklega, og einnig aðskilið fyrir hvort hinna tveggja spennustiga, Vmin,Test og Vmax,Test:“

b) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Ef stillipunkti snúningsvægis, sem var ákvarðaður í samræmi við ákvæðin í a- til g-lið og i-lið liðar 4.2.6.2.2, var sleppt við tiltekinn stillipunkt snúningshraða, þ.m.t. nýlega viðbættu gögnin í 1. og 2. lið þessa liðar, við raunmælingu í samræmi við h- eða j-lið liðar 4.2.6.2.2 skal reikna út nýjan gagnapunkt sem stendur fyrir punktinn sem var sleppt, á grundvelli eftirfarandi ákvæða:

a) snúningshraði: með því að nota gildi stillipunktsins, sem var sleppt, fyrir snúningshraða,

b) snúningsvægi: með því að nota gildi stillipunktsins, sem var sleppt, fyrir snúningsvægi,

c) raforka áriðils: útreikningur á nýju gildi með línulegum framreikningi samkvæmt síðari ákvæðum í þessum lið. Ákvarða skal mæliþátt fyrir línulegt aðhvarf minnstu fervika (þ.e. hallatölu og y-skurðpunkt) að því er varðar tiltekinn punkt, sem var sleppt, á grundvelli þriggja raunverulega mældra punkta (þ.e. gagnapör fyrir snúningsvægi og raforku áriðils) sem eru staðsettir næst gildi snúningsvægis úr b-lið, fyrir samsvarandi stillipunkt snúningshraða; ákvarða skal framreiknaða gildið fyrir raforku áriðilsins, með því að nota raforku áriðilsins á þeim punkti sem var raunverulega mældur og er staðsettur næst gildinu fyrir snúningsvægið úr b-lið, sem upphafspunkt og beita einungis hallatölu þess tiltekna línulega aðhvarfs minnstu fervika,

d) að því er varðar jákvæð gildi snúningsvægis skulu framreiknuð gildi fyrir raforku áriðils sem leiða til lægri gilda en þess sem mælist við raunverulega mælda snúningsvægispunktinn, sem er staðsettur næst gildi snúningsvægisins í b-lið, stillt á raunverulega raforku áriðilsins sem mæld er við snúningsvægispunktinn sem er staðsettur næst gildi snúningsvægisins í b-lið,

e) að því er varðar neikvæð gildi snúningsvægis skulu framreiknuð gildi fyrir raforku áriðils sem leiða til hærri gilda en þess sem mælist við raunverulega mælda snúningsvægispunktinn, sem er staðsettur næst gildi snúningsvægisins í b-lið, stillt á raunverulega raforku áriðilsins sem mæld er við snúningsvægispunktinn sem er staðsettur næst gildi snúningsvægisins í b-lið,

f) þrátt fyrir ákvæði d- og e-liðar skal skipta út framreiknuðum gildum fyrir raforku áriðils, sem leiða til þess að heildarskilvirkni samþætts íhlutar rafaflrásar (þ.e. ákvarðað á grundvelli raforku áriðils og vélræns afls við útás íhlutarins) fer yfir þá tvo skilvirknistuðla sem settir eru fram í i. eða ii. lið, eftir því sem við á, fyrir nýtt gildi raforku áriðils sem endurspeglar skilvirknina nákvæmlega:

i. annaðhvort skilvirknina sem næst fyrir þennan tiltekna vinnslupunkt þegar ákvæðum um ákvörðun staðalgilda í samræmi við 9. viðbæti er beitt

ii. eða skilvirkni þess raunverulega mælda snúningsvægispunkts sem er næstur snúningsvægisgildinu í b-lið, lækkuð um 2 prósentustig (t.d. 90,5% – 2% = 88,5%).“

17) Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 6.4.1:

„7. Prófun á efnarafalakerfi

7.1. Prófunaraðferð fyrir íhluti efnarafalakerfis

7.1.1. Gæði eldsneytis

Nota skal viðmiðunareldsneytið, sem mælt er fyrir um í töflu 8, við prófunarkeyrsluna sem er framkvæmd í samræmi við lið 7.3.

Tafla 8

Skilgreining á viðmiðunareldsneyti vetnis

Eiginleikar	Einingar	Viðmiðunarmörk		Prófunaraðferð
		Lágmark	Hámark	
Stuðull fyrir vetniseldsneyti	% mólbrot	99,97		(1)
Heildarmagn gass sem er ekki vetni	míkrómól/mól		300	
Skrár yfir gös, önnur en vetni, og tilgreining á hverju aðskotaefni (6)				
Vatn (H_2O)	míkrómól/mól		5	(5)
Heildarvetniskolefni (2) önnur en metan (C1-jafngildi)	míkrómól/mól		2	(5)
Metan (CH_4)	míkrómól/mól		100	(5)
Súrefni (O_2)	míkrómól/mól		5	(5)
Helíum (He)	míkrómól/mól		300	(5)
Heildarmagn köfnunarefnis (N_2) og argons (Ar) (2)	míkrómól/mól		300	(5)
Koltvísýringur (CO_2)	míkrómól/mól		2	(5)
Kolsýringur (CO) (3)	míkrómól/mól		0,2	(5)
Heildarbrennisteinssambönd (4) (á grundvelli H_2S)	míkrómól/mól		0,004	(5)
Formaldehýð (HCHO)	míkrómól/mól		0,2	(5)
Maurasýra (HCOOH)	míkrómól/mól		0,2	(5)
Ammoníak (NH_3)	míkrómól/mól		0,1	(5)
Heildarmagn halógenaðra efnasambanda (5) (á grundvelli halógenaðra jóna)	míkrómól/mól		0,05	(5)

(1) Stuðullinn fyrir vetniseldsneyti er ákvarðaður með því að draga „heildarmagn gass sem er ekki vetni“ í þessari töflu, gefið upp sem mólhlutfall, frá 100% mólhlutfalli.
(2) Súrefnismettaðar lífrænar tegundir, aðrar en metan, eru taldar með í heildarmagni vetniskolefna.
(3) Summa mælds CO, HCHO og HCOOH skal ekki vera hærri en 0,2 míkrómól/mól.
(4) Heildarmagn brennisteinssambanda inniheldur hið minnsta H2S, COS, CS2 og merkaptön, sem eru venjulega til staðar í jarðgasi.
(5) Skjalfesta skal prófunaraðferðina. Ákjósanlegt er að notaðar séu prófunaraðferðirnar sem eru skilgreindar í staðlinum ISO 21087.
(6) Greining á tilteknum aðskotaefnum með hliðsjón af framleiðsluferlinu skal undanþegin. Framleiðandi ökutækis skal tilkynna ábyrga yfirvaldinu um ástæðurnar fyrir því að undanþiggja tiltekin aðskotaefni.

7.2. Kerfismörk einingarinnar, sem verið er að prófa, og lýsingar á tilteknum íhlutum.

7.2.1. Kerfismörk einingarinnar sem verið er að prófa

Efnarafalakerfiseiningin, sem verið er að prófa, getur samanstaðið af mismunandi íhlutum í stoðbúnaði stöðvar; leyfilegar útfærslur eru settar fram í töflu 9. Hugtakanotkun fyrir mismunandi íhluti byggist á SAE-staðlinum J2615. Allar útfærslur á efnarafalakerfinu eiga tvennt sameiginlegt:

a) þær eru prófaðar og vottaðar án ytra kæliundirkerfis sem sjálfstæðar aflgjafaeiningar með ytri rafmagnsíhluti ökutækisins ótengda,

b) allar innihalda þær loftvinnsluundirkerfi.

Óvirkir íhlutir, sem geta haft áhrif á eldsneytisnotkun efnarafalakerfisins, skulu annaðhvort vera hluti af einingu efnarafalakerfisins, sem verið er að prófa, eða hluti af uppsetningu prófunarinnar til að tryggja sambærilegar notkunaraðstæður og í ökutæki.

Eining efnarafalakerfisins, sem verið er að prófa, skal sett upp á prófunarbekk í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í töflu 9 og liðum 7.2.2 og 7.2.3. Gerð efnarafalakerfisins skal ákvörðuð með hliðsjón af raunverulegri útfærslu einingar efnarafalakerfisins, sem verið er að prófa, á prófunarbekknum og skal úthlutað einu af gerðarauðkennunum „A“, „B“, „C“ eða „D“ í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í töflu 9.

7.2.2. Efnarafalakerfi án orkuhæfingarundirkerfis (Power Conditioning Sub-system (PCS))

Ef orkuhæfingarundirkerfi er ekki til staðar skal beita leiðréttingaraðferðunum, sem mælt er fyrir um í lið 7.5, til að taka tillit til áhrifa afltaps vegna skilvirkni orkuhæfingarundirkerfisins.

7.2.3. Efnarafalakerfi að undanskildum íhlutum stoðbúnaðar stöðvar sem nota orku

Beita skal leiðréttingaraðferðunum, sem mælt er fyrir um í lið 7.5, til að taka tillit til orkunotandi íhluta sem eru skyldubundnir vegna notkunar á efnarafalakerfinu og eru ekki hluti af einingunni sem verið er að prófa. Allir undanskildir orkunotandi íhlutir skulu skráðir og orkan sem þeir nota skal skráð í upplýsingaskjalið sem sett er fram í 7. viðbæti.

Tafla 9

Skilgreining á mismunandi afbrigðum efnarafalakerfis (gerðir A–D) vegna vottunar

Undirkerfi	Íhlutur	Hluti efnarafalakerfis					Settar upp fyrir vottunarprófun			
		Gerð_A	Gerð_B	Gerð_C	Gerð_D		Gerð_A	Gerð_B	Gerð_C	Gerð_D
APS (loftvinnsluundirkerfi)	Inntakssía fyrir svifagnir	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
	Soggrein	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
	Búnaður til áfyllingar inntakslofts (t.d. hverfiþjappa eða þjappa)	Já					Já			
	Loftstreymismælir (3)	Já					Já			
	Loftinntaksrör	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
	Inntakshljóðdeyfir (3)	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
	Hleðsluloftkælir (3)	Já					Já			
	Rakabæting (3)	Já					Já			

Undirkerfi	Íhlutur	Hluti efnarafalakerfis					Settar upp fyrir vottunarprófun			
		Gerð_A	Gerð_B	Gerð_C	Gerð_D		Gerð_A	Gerð_B	Gerð_C	Gerð_D
Varma-stjórnunarundir-kerfi	Allar kælivökvadælur	Já		Nei eða að hluta til			Já		Já eða búnaður í prófunarklefa (1) (2) (5)	
	Vatnskassi	Nei					Búnaður í prófunarklefa (2)			
	Jónaskiptir (3) (6)	Já					Já eða búnaður í prófunarklefa (2) (3)			
	Vifta	Nei					Nei			
Vatnsmeðhöndl-unarundirkerfi	Rakaskilja (3)	Já					Já			
	Afrennslisloki (3) (6)	Já					Já			
	Útblástursgrein	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
	Tengirör	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
	Hljóðdeyfir (3)	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
	Útblástursrör	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
	H2-útblástursnemi	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
Eldsneyt-isvinnslu-undirkerfi	Eldsneytis-skömmtunar-kerfi (FSS)	Nei					Já eða búnaður í prófunarklefa (2)			
	Þrýstistillir/ innsprautunar-loki með dælu	Já					Já			
	Varmaskiptir fyrir eldsneyti (3)	Já					Já			
	Virkur hringrásar-búnaður (þjappa/dæla) (3)	Já					Já			
	Óvirkur hringrásar-búnaður (innsprautunarloki með dælu/spýtidæla) (3)	Já					Já			
	Síur (3)	Já					Já			
Efnarafalastæðu-undirkerfi	(*)	Já					Já			
Orkudreifingar-undirkerfi	Rafmagnsíhlutir (t.d. kaplar, rofar, rafliðar) (*)	Já					Já (4)			
Orkuhæfingar-kerfi	Spennustillir (jafnstraumur/ jafnstraumur) og/eða spennubreytir (jafnstraumur/ riðstraumur)	Já	Nei	Já	Nei		Já	Búnaður í prófunarklefa (1) (2)	Já	Búnaður í prófunarklefa (1) (2)
Undirstjórnkerfi efnarafala	Vinnslu-/ stýrieining	Já					Já			
	Tilgreind útgáfa hugbúnaðar	Já					Já (4)			

(*) Engin frekari sundurliðun.
(1) Ef íhlutir í stoðbúnaði stöðvar eru ekki hluti af vottuðu orkubókhaldi skal gera grein fyrir þeim íhlutum sem vantar með því að nota aðferðirnar sem mælt er fyrir um í lið 7.5.
(2) Samkvæmt forskrift framleiðanda sem skal tryggja raunverulegar akstursaðstæður.
(3) Ef við á/fest á efnarafalakerfið eða ökutækið.
(4) Aðeins má gera breytingar til að gera sjálfstæða notkun mögulega.
(5) Samþætting hluta er valkvæð.
(6) Getur verið hluti af annaðhvort varmastjórnunarundirkerfinu (TMS) eða vatnsmeðhöndlunarundirkerfinu (WTS).

7.2.4. Lýsing á sértækum íhlutum í stoðbúnaði stöðvar

Varmastjórnunarundirkerfið og kæliundirkerfið geta samanstaðið af mörgum kælivökvahringrásum. Allar þessar hringrásir geta skiptst í innri og ytri hluta.

7.2.4.1. Innri hluti kælihringrásar

Innri hluti kælihringrásarinnar samanstendur af öllum hlutum kælihringrásarinnar sem eru samþættir efnarafalakerfinu og eru hluti af varmastjórnunarundirkerfi einingarinnar sem verið er að prófa.

7.2.4.2. Ytri hluti kælihringrásar

Allir hlutar ytra kæliundirkerfisins, sem eru ekki hluti af einingunni sem verið er að prófa, teljast til ytra kæliundirkerfisins, þ.m.t. varmaskiptar sem eru samþættir undirvagni ökutækisins og gætu verið breytilegir eftir gerð ökutækisins, eða aðrir hlutar sem eru ekki hluti af einingunni sem verið er að prófa.

7.3. Prófunaraðferð

7.3.1. Tilgangur

Tilgangurinn með vottunarprófuninni er að fullgilda frammistöðu og getu sem framleiðandi efnarafalakerfisins tilgreinir og mæla eldsneytisnotkun/massastreymi vetnis við tiltekin vel skilgreind notkunarskilyrði. Markmiðið er að fá fram samanburðarnákvæm gögn sem henta sem ílagsgögn fyrir hermitólið til að gera kleift að spá fyrir um eldsneytisnotkun vottaðs ökutækjaíhlutar efnarafalakerfisins.

7.3.2. Starfrækslumæliþættir og vinnslupunktar

Mæliþættirnir, sem settir eru fram í töflu 10 skulu gilda í tengslum við vottunarprófunina.

Tafla 10

Starfrækslumæliþættir og vinnslupunktar

Heiti/lýsing	Skyldubundið: Já/Nei	Eining
Vinnslupunktur kerfishæfingar (SCOP)	J	kW
hlutfallsleg færsluhallatala vegna stighækkunar stillipunkta (RTS-UP) Framleiðandi getur tilgreint gildi fyrir RTS-UP. Ef ekkert gildi er tilgreint skal nota sjálfgildið í samræmi við lið 7.3.4.6.	N	s-1
Hlutfallsleg færsluhallatala vegna stiglækkunar stillipunkta (RTS-DOWN) Framleiðandi getur tilgreint gildi fyrir RTS-DOWN. Ef ekkert gildi er tilgreint skal nota sjálfgildið í samræmi við lið 7.3.4.6.	N	s-1
Vinnslupunktar: #01 .. #n_{op} OP_{01}, minni raforkuafköst efnarafalakerfis við OP #$_{01}$, efri vinnslupunktur OPn_{op}. Ein lína í töflunni fyrir hvern punkt. Til að gefa til kynna hvort OPxx sé prófað við stighækkun eða stiglækkun skal bæta viðbótarviðskeyti í formi eins rittákns við í upplýsingaskjölin, sem skal vera bókstafurinn „a“ fyrir hækkandi vinnslupunkta, og bókstafurinn „d“ fyrir lækkandi vinnslupunkta.	J	kW

Heiti/lýsing	Skyldubundið: Já/Nei	Eining
Efnarafalakerfi af gerð A/C (orkuhæfingarundirkerfið er hluti einingarinnar sem verið er að prófa): Lægra spennustig í úttaki orkuhæfingarundirkerfisins $U_{PCS,\ out,\ lower}$ þar sem hægt er að keyra efnarafalakerfið við OPn_{op} án straumtakmarkana. Efnarafalakerfi af gerð B/D (orkuhæfingarundirkerfi er ekki hluti af einingunni sem verið er að prófa): $U_{PCS,\ lower}$ er jafnstraums-/jafnstraumskröfuforskrift frá framleiðandanum. Jafnstraumur/jafnstraumur í prófunarklefanum skal uppfylla þessa kröfu.	J	V
Efnarafalakerfi af gerð A/C (orkuhæfingarundirkerfið er hluti einingarinnar sem verið er að prófa): Efra spennustig í úttaki orkuhæfingarkerfisins $U_{PCS,\ out,\ upper}$ þar sem hægt er að keyra efnarafalakerfið við OPn_{op}. Efnarafalakerfi af gerð B/D (orkuhæfingarundirkerfið er ekki hluti einingarinnar sem verið er að prófa): $U_{PCS,\ upper}$ er jafnstraums-/jafnstraumskröfuforskrift frá framleiðandanum. Jafnstraumur/jafnstraumur í prófunarklefanum skal uppfylla þessa kröfu.	J	V

7.3.3. Aðferð

Vottunarprófunin hefur það markmið að skrá föst gögn stöðgaðs efnarafalakerfis á tilteknum fjölda mismunandi vinnslupunkta. Hver vinnslupunktur skal tilgreindur með stillipunkti hans fyrir rafrænt útafl efnarafalakerfisins.

Á meðan vottunin stendur yfir skal keyra efnarafalakerfið við stöðluð notkunarskilyrði þess, eins og framleiðandinn skráir þau í samræmi við 7. viðbæti.

Spennustigið við skilflötinn á milli orkuhæfingarundirkerfisins og ytri rafmagnsíhlutanna skal ákvarðað út frá efra og neðra spennustigi eins og tilgreint er í töflu 10, að:

$U_{PCS,\ out} = 0{,}5 * (U_{PCS,\ out,\ upper} + U_{PCS,\ out,\ lower})$

Ef orkuhæfingarundirkerfið er ekki haft með í einingunni sem verið er að prófa skulu gildin fyrir $U_{PCS,\ upper}$ og $U_{PCS,\ lower}$ leidd af forskriftum krafnanna fyrir jafnstraums-jafnstraumsumriðilinn sem framleiðandinn lætur í té.

Framleiðandinn skal, í samræmi við 7. viðbæti, tilgreina raunhæf jaðarskilyrði fyrir venjulega keyrslu efnarafalakerfisins við notkun í ökutæki.

7.3.4. Lýsing á prófunaraðferð

Framkvæma skal alla prófunina án hlés og skrá alla prófunina.

Framleiðandinn skal tilgreina vinnslupunktinn (OP) með minnsta (OP01) og mesta (OPn_{op}) rafrænt útafl efnarafalakerfisins sem mæla skal sem vottunarprófunarsvið. Þetta svið skal ná yfir allt mælisviðið fyrir raunverulega notkun ökutækja.

7.3.4.1. Skilgreining á vinnslupunktum

Prófa skal efnarafalakerfið á skilgreindum fjölda vinnslupunkta, n_{op}, sem skulu vera 12 eða fleiri.

Skylda skal vera að mæla vinnslupunktana með minnsta (OP01) og mesta (OPn_{op}) rafrænt útafl frá efnarafalakerfinu.

Eftirstandandi fjölda vinnslupunkta skal dreift innan vottunarprófunarsviðsins. Dreifing vinnslupunktanna þarf ekki að vera jöfn en hún skal gera kleift að ná góðum innreikningi eldsneytisnotkunar á öllu vottunarprófunarsviðinu. Minni þrepastærð milli stillipunkta er leyfð á svæðum þar sem um er að ræða aukin ólínuleg tengsl milli rafræns útafls efnarafalakerfis og eldsneytisnotkunar.

Skilgreina skal nafngiftavenjuna fyrir notkunarstillipunktana sem:

P@OP01: markgildi rafræns útafls efnarafalakerfis við OP01

P@OPxx: markgildi rafræns útafls efnarafalakerfis við hvaða vinnslupunkt sem er á milli lægsta og hæsta gildis með auðkennið xx í gangi frá 02 til (n_{op} –1)

P@OPn$_{op}$: markgildi rafræns útafls efnarafalakerfis við OPn_{op}

Hámarksstærð þrepa milli tveggja aðliggjandi vinnslupunkta, Step-size$_{max}$, skal skilgreind í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$\text{Step-size}_{max} < 0{,}20 * (\text{P@OPn}_{op} - \text{P@OP01})$$

7.3.4.2. Hæfingarfasi

Áður en raunveruleg prófun fer fram skal kerfið látið ganga í minnst 60 mínútur við vinnslupunkt kerfishæfingar. Sá stillipunktur (markgildi fyrir rafrænt útafl efnarafalakerfisins) skal vera á bilinu 40–60% af efri vinnslupunktinum vegna vottunar, OPn_{op}, og skal framleiðandinn skilgreina hann.

7.3.4.3. Röðun vinnslupunkta

Röðin skal hefjast á OP01 og skal haldið áfram í hækkandi röð og upp í OPn_{op} og síðan aftur til baka að lægsta vinnslupunkti í lækkandi röð. Heildartíminn er háður stöðgunartíma við einstaka vinnslupunkta.

Mynd 3 sýnir yfirlit yfir alla prófunarröðina.

Mynd 3

Röðun vinnslupunkta



7.3.4.4. Þrep sem framkvæma á við hvern vinnslupunkt

Í því skyni að ákvarða eldsneytisnotkunina við hvern vinnslupunkt með samanburðarnákvæmum hætti skal framleiðandinn skilgreina nægjanlegan stöðgunartíma við hvern vinnslupunkt með það fyrir augum að ná viðunandi stöðugleika í kerfinu. Stöðgunartíminn skal skilgreindur sem sérstakt gildi fyrir hvern vinnslupunkt sem á að mæla og skal vera á bilinu $t_{stab,min}$ = 300 – 1 s og $t_{stab,max}$ = 1 800 + 1 s. Báðir stöðgunartímarnir fyrir sama vinnslupunktinn í hækkandi og lækkandi hlutanum skulu vera innan 2 sekúndna vikmarka. Stöðgunartíminn fyrir mældan vinnslupunkt skal hefjast um leið og stigbreytingunni frá fyrri stillipunkti er lokið. Greiningartíminn er nauðsynlegur til að öðlast meðalgildi þar sem komist er hjá mælisuði og öðrum skammvinnum áhrifum. Því skal fastsetja greiningartímann við t_{anlys} = 180 ± 1 s og hann skal hefjast að stöðgunartíma loknum. Mæligildin innan þessa tímabils skulu uppfylla stöðugleikakröfurnar, sem settar eru fram í lið 7.3.4.5, nema hámarksstöðgunartímanum $t_{stab,max}$ = 1800 + 1 s sé beitt. Að greiningartímanum loknum skal koma reiðuhamstími sem er notaður til að öðlast viðeigandi aðskilnað frá næsta álagspunkti og tímalengdin skal skilgreind sem t_{stb} = 10 ± 1 s.

Mynd 4 sýnir þrepin sem framkvæma á við hvern vinnslupunkt.

Mynd 4

Þrep sem framkvæma á við hvern vinnslupunkt



7.3.4.5. Stöðugleikakröfur

Til að ákvarða hversu stöðug eldsneytisnotkunin er, mælt með prófunarklefanema við eldsneytisinntak efnarafalakerfisins (m_F FPS eins og tilgreint er á mynd 5), skal framkvæma línulegt aðhvarf minnstu fervika þar sem óháða breytan er tíminn og fylgibreytan er eldsneytisstreymið, í samræmi við liði 7.3.6.1 og 7.3.6.2. Reikna skal út eftirfarandi tvo stöðugleikavísa á grundvelli aðhvarfsgreiningarinnar í samræmi við lið 7.3.6.3:

a) algildi hlutfallslegrar hallatölu matsins (ARS) sem stendur fyrir hallatöluna,

b) hlutfallslega skekkju á mati (REE) sem sýnir sveiflustig þess sem er vaktað.

Reikna skal út gildin fyrir stöðugleikakröfurnar í samræmi við lið 7.3.6.3. Vinnslupunkturinn skal teljast stöðugur ef báðir vísarnir eru undir tilteknu viðmiðunargildi innan skilgreinds greiningartímaramma. Viðmiðunargildin fyrir báða stöðugleikavísana, ARS og REE, skulu reiknuð út í samræmi við viðmiðunargildin sem sett eru fram í töflu 11. Við útreikning á REE skal skilgreina staðlað úthlutað afl við einhvern vinnslupunkt samanborið við hæsta vinnslupunkt sem:

$$\mathrm{P@OPxx_{norm}} = \frac{\mathrm{P@OPxx}}{\mathrm{P@OPn_{op}}}$$

Tafla 11

Viðmiðunargildi

Vísir:	Viðmiðunargildi:
ARS	7,0E-5 sE-1
REE	$\frac{1}{P@OPxx_{norm}} + 1$

Ef sönnun fyrir stöðugleika stenst ekki prófun við einhvern vinnslupunkt skal endurtaka prófunina með lengdum stöðgunartíma eða hámarksstöðgunartíma í samræmi við lið 7.3.4.4.

7.3.4.6. Færsluhalli milli tveggja vinnslupunkta

Færslan frá einum stillipunkti til þess næsta skal framkvæmd með miðlungshalla. Framleiðandi skal tilgreina hentuga halla fyrir stigbreytingu stillipunkts upp og niður. Markmiðið skal vera að ákvarða halla sem greiðir fyrir því að sá vinnslupunktur sem kemur í kjölfarið stöðgist hratt. Engar takmarkanir skulu gilda um gildi færsluhallans eða lögun þess halla. Ef framleiðandi tilgreinir engan færsluhalla skal hlutfallsleg færsluhallatala stillt á +0,002 ± 0,0004 s^{-1} við stighækkun og –0,002 ± 0,0004 s^{-1} við stiglækkun.

$$RTS = \frac{dP_{el}/dt}{P@OPn_{op}}$$

þar sem:

P_{el}: rafrænt jafnstraumsútafl efnarafalakerfisins

dP_{el}/dt: hallatala færslu eins vinnslupunkts $P_{el,\,1}$ á tímapunkti t_1 yfir að næsta vinnslupunkti á eftir $P_{el,\,2}$ á tímapunkti t_2. Þar sem færslutíminn $dt = t_2 - t_1$ er nógu stuttur til að vega upp á móti áhrifunum af ólínuleikanum

$P@OPn_{op}$: markgildi rafræns útafls efnarafalakerfis við hæsta vinnslupunkt.

7.3.4.7. Útreikningur á mældri eldsneytisnotkun og útafli

Rafrænt útafl og samsvarandi hraði vetnisnotkunar í einingunni, sem verið er að prófa, við hvern vinnslupunkt skal reiknað sem meðaltal á greiningartímanum t_{anlys} sem er skilgreindur í samræmi við lið 7.3.4.4. Reikna skal meðaltalið út á eftirfarandi hátt:

$$P_{FCS,avg,p} = \frac{1}{n}\sum_{i=1}^{n} P_{FCS,i,p}$$

og

$$m_{F,avg,p} = \frac{1}{n}\sum_{i=1}^{n} m_{F,i,p}$$

þar sem:

$P_{FCS,\,avg,\,p}$: reiknað meðaltal yfir n skráðum gildum innan t_{anlys} fyrir rafrænt útafl $P_{FCS,\,i,\,p}$ í kW

$P_{FCS,\,i,\,p}$: skráð gildi rafræns útafls með vísitölu i í kW.

Mæling þessa útafls er háð gerð einingar sem verið er að prófa, á eftir orkudreifingarundirkerfinu (staða nema: P_el, PDS, eins og sýnt er á mynd 5) eða orkuhæfingarkerfinu (staða nema: P_el, PCS, eins og sett er fram á mynd 5 í lið 7.4)

$m_{F,avg,p}$: reiknað meðaltal yfir skráð gildi n innan t_{anlys} í eldsneytisstreyminu $m_{F,i,p}$ í g/klst.

$m_{F,i,p}$: skráð gildi eldsneytisstreymis með vísitölu i í g/klst.

i: Stuðull fyrir einstaka skráða gagnapunkta frá 1 til n

p: Stuðull fyrir hækkandi feril a) eða lækkandi feril d) (sleppt fyrir OPn_{op})

n:: fjöldi skráðra gilda á meðaltalstímanum t_{anlys} sem er skilgreindur í samræmi við lið 7.3.4.4.

Því næst skal reikna út eitt meðaltal fyrir bæði gildi $P_{FCS,\,avg}$ og $\dot{m}_{F,avg}$ fyrir hvern einstakan vinnslupunkt undir OPn_{op} sem meðaltal reiknaðra meðalgilda úr hækkandi og lækkandi hlutanum í samræmi við eftirfarandi jöfnur:

$$P_{FCS,avg} = \frac{P_{FCS,avg,a} + P_{FCS,avg,d}}{2}$$

og

$$\dot{m}_{F,avg} = \frac{\dot{m}_{F,avg,a} + \dot{m}_{F,avg,d}}{2}$$

þar sem:

$P_{FCS,\,avg,\,a}$: reiknað meðaltal rafræns útafls á hækkandi ferlinum, ákvarðað í kW í samræmi við síðustu málsgrein

$P_{FCS,\,avg,\,d}$: reiknað meðaltal rafræns útafls á lækkandi ferlinum, ákvarðað í kW í samræmi við síðustu málsgrein

$\dot{m}_{F,avg,a}$: reiknað meðaltal eldsneytisstreymis á hækkandi ferlinum, ákvarðað í g/klst. í samræmi við síðustu málsgrein

$\dot{m}_{F,avg,d}$: reiknað meðaltal eldsneytisstreymis á lækkandi ferlinum, ákvarðað í g/klst. í samræmi við síðustu málsgrein.

Að því er varðar OPn_{op} (efri vinnslupunktinn) á þetta meðaltalsreikniþrep ekki við þar sem aðeins er til ein mæling fyrir þennan vinnslupunkt.

7.3.4.8. Leiðrétting á útafli efnarafalakerfisins í tengslum við viðmiðunarskilyrðin.

Mælt útafl efnarafalakerfisins, P_{FCS}, skal leiðrétt í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$P^*_{FCS} = P_{FCS,avg} + \Delta\eta\, \dot{m}_{F,avg} \frac{NCV_{std,H2}}{3600 \frac{s}{h}}$$

með:

$$\Delta\eta = k_{load} * (p_{in} - p^*)$$

þar sem:

P^*_{FCS}: Rafrænt útafl efnarafalakerfis við viðmiðunarskilyrði í kW

$P_{FCS,avg}$: Rafrænt útafl efnarafalakerfisins í samræmi við lið 7.3.4.7 í kW

$\dot{m}_{F,avg}$: Eldsneytisstreymi í samræmi við lið 7.3.4.7 í g/klst.

$NCV_{std,H2}$: Staðalnettóvarmagildi vetnis í samræmi við lið 5.3.3.1 í MJ/kg

p^*: Þrýstingur við viðmiðunarskilyrði með tölugildið 0,975 bör

p_{in}: Þrýstingur inntakslofts til loftvinnsluundirkerfisins í einingunni sem verið er að prófa ($p_{\_A,APS}$ eins og tilgreint er á mynd 5) í börum. Gildið skal reiknað út sem reiknað meðaltal á viðkomandi greiningartíma, t_{anlys}, skilgreint í samræmi við lið 7.3.4.4, og gildið sem fæst er síðan reiknað sem meðaltal af hækkandi og lækkandi hlutanum (nema OPn_{op}) eins og mælt er fyrir um fyrir eldsneytisnotkunarmerkið í samræmi við lið 7.3.4.7.

k_{load}: Skilvirknihallinn er ákvarðaður í samræmi við lið 7.3.4.8.1 í börum^{-1}.

7.3.4.8.1. Skilvirknihalli k_{load}

Gildi staðlaðs afls skal ákvarðað með því að deila í $P_{FCS,avg}$-gildi tiltekins vinnslupunkts með gildinu $P_{FCS,avg}$ fyrir OPn_{op}, sem bæði eru fengin í samræmi við lið 7.3.4.7.

Ákvarða skal gildið fyrir k_{load} út frá samsvarandi gögnum í töflu 12 með línulegum innreikningi á milli hinna tveggja aðliggjandi gagnapunkta, á grundvelli gildis fyrir staðlað afl tiltekins vinnslupunkts. Ef gildi staðlaðs afls er lægra en 0,1 skal nota gildið k_{load} sem er skilgreint við 0,1 staðlað afl.

Tafla 12

Mæliþáttur k_{load} sem fall af stöðluðu afli

Staðlað afl [-]	k_{load}
0,1	0,3730
0,2	0,1485
0,5	0,0745
0,8	0,0855
1,0	0,1115

7.3.5. Prófunarskilyrði

Umhverfisskilyrðin í prófunarklefanum skulu uppfylla lágmarks- og hámarksviðmiðanirnar sem settar eru fram í töflu 13.

Tafla 13

Viðmiðunarmörk umhverfis- og miðilsskilyrða meðan á vottunarprófun stendur

	Lágmarksgildi	Hámarksgildi
Umhverfisþrýstingur	90,0 kPa	102,0 kPa
Umhverfishiti	288,0 K	298,0 K
Inntaksþrýstingur oxandi efnis (lofts)	90,0 kPa	102,0 kPa
Inntakshiti oxandi efnis (lofts)	288,0 K	303,0 K
Rakastig streymis oxandi efnis (lofts)	45,0%	80,0%

7.3.6. Tölfræðilegar upplýsingar

7.3.6.1. Meðalgildi og staðalfrávik

Reikna skal gildi meðaltals sem hér segir:

$$\bar{x} = \frac{\sum_{i=1}^{n} x_i}{n}$$

Reikna skal staðalfrávikið sem hér segir:

$$s = \sqrt{\frac{\sum_{i=1}^{n}(x_i - \bar{x})^2}{n - 1}}$$

7.3.6.2. Aðhvarfsgreining

Hallatala aðhvarfsgreiningar skal reiknuð út sem hér segir:

$$a_1 = \frac{\sum_{i=1}^{n}(y_i - \bar{y}) \times (x_i - \bar{x})}{\sum_{i=1}^{n}(x_i - \bar{x})^2}$$

y-skurðpunktur aðhvarfsgreiningar skal reiknaður út sem hér segir:

$$a_0 = \bar{y} - (a_1 \times \bar{x})$$

Reikna skal staðalskekkjuna á matinu sem hér segir:

$$SEE = \sqrt{\frac{\sum_{i=1}^{n}[y_i - (x_i \bullet a_1 + a_0)]^2}{n}}$$

7.3.6.3. Stöðugleikakröfur

Reikna skal algildi hlutfallslegu hallatölunnar (ARS) sem hér segir:

$$ARS = \left|\frac{a_1}{\bar{y}}\right|$$

REE-gildið skal reiknað út sem hér segir:

$$REE = \left|\frac{SEE}{\bar{y}}\right| \bullet 100\%$$

7.4. Skjalahald um vottunarprófanir

Viðeigandi gögn um samanburðarnákvæmni prófunar skulu skráð í upplýsingaskjalið sem sett er fram í 7. viðbæti. Staðsetning mismunandi nema, sem notaðir eru við prófunina, skal skilgreind í samræmi við yfirlitsteikninguna af dæmigerðu efnarafalakerfi sem sett er fram á mynd 5.

Mynd 5

Yfirlitsteikning af dæmigerðu efnarafalakerfi, þ.m.t. staðsetning viðeigandi nema



7.5. Útreikningur á raunverulegu rafrænu útafli

Rafrænt útafl efnarafalakerfis við viðmiðunarskilyrði, P^*_{FCS}, sem ákvarðað er í samræmi við lið 7.3.4.8, skal leiðrétt fyrir eftirfarandi útfærslur:

a) orkuhæfingarkerfi er ekki hluti af efnarafalakerfi sem er sett upp fyrir vottunarprófunina,

b) íhlutir stoðbúnaðar stöðvar sem nota orku eru hvorki settir upp með hliðsjón af vottunarprófuninni né innan einingarinnar, sem verið er að prófa, og fá ekki heldur utanaðkomandi orku frá grunnvirki prófunarbekkjarins meðan á vottunarprófuninni stendur.

7.5.1. Skráning viðbótargilda

Fyrir hverja kælivökvadælu, sem er hvorki sett upp með hliðsjón af vottunarprófuninni né innan einingarinnar sem verið er að prófa, skal skrá eftirfarandi gildi sérstaklega:

$\dot{V}_{C,TMS,in}$ rúmmálsstreymi kælivökvans ofan við varmastjórnunarundirkerfið,

$p_{C,TMS,in}$ þrýstingur kælivökva ofan við varmastjórnunarundirkerfið,

$p_{C,TMS,out}$ þrýstingur kælivökva neðan við varmastjórnunarundirkerfið.

Skrá skal raforkuupptöku, $P_{el,AUX}$, sérstaklega fyrir hvern íhlut stoðbúnaðar stöðvar sem notar orku í stöðinni og er knúin með utanaðkomandi orku frá grunnvirki prófunarbekkjarins meðan á vottunarprófuninni stendur.

Rúmmálsstreymið og raforkuupptakan hafa jákvætt algebrutákn í samræmi við lið 3.2.2.

Reikna skal meðaltal allra skráðra gilda fyrir hvern einstakan vinnslupunkt efnarafalakerfisins sem mældur er í samræmi við aðferðina sem sett er fram í lið 7.3.4.7 með því að beita sama tiltekna meðaltíma, t_{anlys}, í samræmi við lið 7.3.4.4.

7.5.2. Jöfnur fyrir framkvæmdar leiðréttingar

Allar eftirfarandi jöfnur skulu metnar fyrir hvern einstakan vinnslupunkt efnarafalakerfisins sem mældur er í samræmi við aðferðina sem sett er fram í lið 7.3.4.7.

Ef orkuhæfingarkerfið er ekki hluti af efnarafalakerfinu, sem er uppsett fyrir vottunarprófunina, skal leiðrétta mælt rafrænt útafl við staðsetningu orkudreifingarundirkerfisins í samræmi við yfirlitsteikninguna af dæmigerðu efnarafalakerfi sem sett er fram á mynd 5, með tilliti til taps frá almennu orkuhæfingarundirkerfi í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$P^*_{el,PCS} = P^*_{FCS,PDS} \times eta_{DC/DC}$$

þar sem:

$P^*_{el,PCS}$ rafrænt útafl við staðsetningu orkuhæfingarundirkerfis í samræmi við mynd 5 við viðmiðunarskilyrði, í kW

$P^*_{FCS,PDS}$ rafrænt útafl efnarafalakerfisins við staðsetningu orkudreifingarundirkerfisins í samræmi við yfirlitsteikninguna af dæmigerðu efnarafalakerfi sem sett er fram á mynd 5, við viðmiðunaraðstæður sem eru ákvarðaðar í samræmi við lið 7.3.4.8, í kW

$eta_{DC/DC}$ almennur skilvirknistuðull jafnstraums-jafnstraumsumriðils skal vera 0,975.

Reikna skal út raforkuupptöku fyrir hverja kælivökvadælu sem er ekki sett upp með hliðsjón af vottunarprófuninni né innan einingarinnar, sem verið er að prófa, í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$P_{el,Cool} = (p_{C,TMS,in} - p_{C,TMS,out}) \times \dot{V}_{C,TMS,in} / eta_{WP,hyd} / eta_{WP,EM}$$

þar sem:

$P_{el,Cool}$	raforkuupptaka kælivökvadælu í kW
$p_{C,TMS,in}$	þrýstingur kælivökva ofan við varmastjórnunarundirkerfið, í kPa
$p_{C,TMS,out}$	þrýstingur kælivökva neðan við varmastjórnunarundirkerfið, í kPa
$\dot{V}_{C,TMS,in}$	rúmmálsstreymi kælivökva ofan við varmastjórnunarundirkerfið, í m3/s
$eta_{WP,hyd}$	almennur skilvirknistuðull vökvadælu skal vera 0,8
$eta_{WP,EM}$	almennur skilvirknistuðull rafmagnsdælu dælu skal vera 0,8.

Reikna skal út endanlegt raunverulegt rafrænt útafl efnarafalakerfisins, sem er notað sem ílag í hermitólið, með tilliti til allra íhluta sem nota viðbótarraforku, í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$P^*_{el,FCS,net} = P^*_{el,PCS} + \sum_{i=1}^{n} P_{el,AUX,i} / eta_{DC/DC} + \sum_{j=1}^{o} P_{el,AUX,j} + \sum_{k=1}^{p} P_{el,Cool,k} / eta_{DC/DC} + \sum_{l=1}^{q} P_{el,Cool,l}$$

þar sem:

$P^*_{el,FCS,net}$	raunverulegt rafrænt útafl efnarafalakerfisins (notað sem ílag í hermitólið) við viðmiðunarskilyrði, í kW
$P^*_{el,PCS}$	rafrænt útafl við staðsetningu orkuhæfingarundirkerfis í samræmi við mynd 5 við viðmiðunarskilyrði, í kW
$P_{el,AUX}$	íhlutur stoðbúnaðar stöðvar sem notar raforku, sem er hvorki settur upp með hliðsjón af vottunarprófuninni né innan einingarinnar, sem verið er að prófa, og fær ekki heldur utanaðkomandi orku frá grunnvirki prófunarbekkjarins meðan á vottunarprófuninni stendur, í kW þar sem beita skal eftirfarandi aðgreiningu:
$P_{el,AUX,i}$	allir íhlutir sem eru tengdir við efnarafalakerfið, annaðhvort þar sem orkudreifingarundirkerfið er staðsett í samræmi við mynd 5 eða í gegnum aðskilinn jafnstraums-jafnstraumsumriðil; þar sem i = 1, 2, 3, ... þar sem n er hámarksfjöldi slíkra íhluta sem taka á tillit til
$P_{el,AUX,j}$	allir íhlutir sem eru tengdir við efnarafalakerfið, annaðhvort þar sem orkuhæfingarundirkerfið er staðsett í samræmi við mynd 5 eða án aðskilins jafnstraums-jafnstraumsumriðils; þar sem j = 1, 2, 3, ... þar sem o er hámarksfjöldi slíkra íhluta sem taka á tillit til
$P_{el,Cool}$	raforkuupptaka kælivökvadælu í kW þar sem beita skal eftirfarandi aðgreiningu:
$P_{el,Cool,k}$	allar kælivökvadælur sem eru tengdar við efnarafalakerfið, annaðhvort þar sem orkudreifingarundirkerfið er staðsett í samræmi við mynd 5 eða í gegnum aðskilinn jafnstraums-jafnstraumsumriðil; þar sem k = 1, 2, 3, ... þar sem p er hámarksfjöldi slíkra íhluta sem taka á tillit til
$P_{el,Cool,l}$	allar kælivökvadælur sem eru tengdar við efnarafalakerfið, annaðhvort þar sem orkuhæfingarundirkerfið er staðsett í samræmi við mynd 5 eða án aðskilins jafnstraums-jafnstraumsumriðils; þar sem l = 1, 2, 3, ... þar sem q er hámarksfjöldi slíkra íhluta sem taka á tillit til
$eta_{DC/DC}$	almennur skilvirknistuðull jafnstraums-jafnstraumsumriðils skal vera 0,975.

7.5.3. Ílag fyrir hermitólið

Nota skal gildi raunverulegs rafræns útafls, $P^*_{el,FCS,net}$, sem er ákvarðað í samræmi við lið 7.5.2, margfaldað með –1 og algildum eldsneytisstreymis sem eru ákvörðuð í samræmi við lið 7.3.4.7, sem ílag fyrir hermitólið.“

18) Í stað 7. viðbætis kemur eftirfarandi:

„7. viðbætir

Upplýsingaskjal fyrir efnarafalakerfi

Tilkynning um: — veitingu ([1]) — rýmkun ([1]) — synjun ([1]) — afturköllun ([1])	Stimpill yfirvalds

([1]) Strika skal út það sem á ekki við.

vottorðs um eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun rafvélakerfis/samþætts íhlutar rafaflrásar/samþætts íhlutar aflrásar tvinnrafökutækis af gerð 1/rafgeymakerfis/þéttakerfis/efnarafalakerfis í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2400 eins og hún gildir hinn [dagsetning]

Vottunarnúmer:

Tæti:

Ástæða fyrir rýmkun:

Upplýsingaskjal nr.:

Útgáfa:
Útgáfudagur:
Dagsetning breytingar:

samkvæmt …

Gerð/hópur efnarafalakerfis (ef við á):

0. ALMENNT

0.1. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.2. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.3. Gerð efnarafalakerfis:

0.4. Hópur efnarafalakerfis:

0.5. Gerð efnarafalakerfis sem aðskilin tæknieining/hópur efnarafalakerfis sem aðskilin tæknieining:

0.6. Verslunarheiti (ef til eru):

0.7. Auðkenning undirtegundar, ef hún er merkt á efnarafalakerfinu:

0.8. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:

0.9. Heiti og heimilisföng samsetningarverksmiðja:

0.10. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðanda:

1. HLUTI

GRUNDVALLAREIGINLEIKAR (STOFN-)EFNARAFALAKERFIS OG GERÐA INNAN HÓPS EFNARAFALAKERFIS

	Stofnefnarafala-kerfi eða gerð efn-arafalakerfis	**Einingar í hópi**			
		#1	**#2**	**#3**	…
1. Almennt:					
1.1. Efri orkumörk efnarafalakerfis (tilgreint efra raforkustig við raunverulega notkun): ..... kW					
1.2. Þyngd efnarafalakerfisins (að meðtöldum öllum hlutum einingarinnar sem verið er að prófa): ..... kg					
1.3. Ytri heildarmál efnarafalakerfisins (lengd, breidd og hæð): ..... mm					
1.4. U_{out}-svið við skilflöt einingarinnar sem verið er að prófa, annaðhvort PDS, out eða PCS, out (lágm./hám.): V					
1.5. I_{out}-svið við skilflöt einingarinnar sem verið er að prófa, annaðhvort PDS, out eða PCS, out (lágm./hám.): ..... A					
1.6. Spennusvið útgangsspennu fyrir orkuhæfingarundirkerfið (lágm./hám.) (*): V					
1.7. Gerð efnarafalakerfis með tilliti til uppsetningar prófunar (**) (A, B, C, D):					
2. Loftvinnsluundirkerfi:					
2.1. Loftþjappa					
2.1.1. Tegund(ir), gerð(ir)					
2.1.2. Orkuupptaka á vottunarprófunarsviði (lágm./hám.) ..... kW					
2.2. Loftrakabætingartæki (*)					
2.2.1. Tegund(ir), gerð(ir)					
2.2.2. Rakaskiptahimna, tegund(ir), gerð(ir):					
3. Varmastjórnunarundirkerfi:					
3.1. Kælimiðlar innri kælivökva					
3.1.1. Tegund(ir), gerð(ir)					
3.1.2. Eðlisvarmi @345 K: ..... J/(kg · K)					
3.1.3. Eðlismassi @345 K: ..... kg/l					
4. Vatnsmeðhöndlunarundirkerfi:					
4.1. Afjónunareining					
4.1.1. Tegund(ir), gerð(ir)					
4.1.2. Kælimiðlar með jónaleiðni (nafn-/hám.) ..... mS/cm					
5. Eldsneytisvinnsluundirkerfi:					
5.1. Eldsneytisinnspýtir eða samsetning innspýtis/spýtidælu:					
5.1.1. Tegund(ir), gerð(ir):					
5.1.2. Fjöldi innspýta:					

5.2. Blásari fyrir forskaustshringrás(*) .....

5.2.1. Tegund(ir), gerð(ir) (*): .....

6. Efnarafalastæðuundirkerfi:

6.1. Efnarafalastæða eða -stæður:

6.1.1. Tegund(ir), gerð(ir): .....

6.1.2. Fjöldi stæða: .....

6.1.3. Fjöldi hlaða í hverri stæðu: .....

6.1.4. Yfirborðsflötur hlaða í hverri stæðu: ..... cm^2

6.1.5. Stillipunktur viðmiðunarstraums stæðunnar: ..... A

6.1.6. Viðmiðunarskilyrði (***), hitastig $T_{FCSS} = 0.5 \times (T_{C,out,FCSS} + T_{C,in,FCSS})$: ..... K

6.1.7. Viðmiðunarskilyrði (***), þrýstingur $p_{A,FCSS,in}$: ..... kPa

6.1.8. Viðmiðunarskilyrði (***), efnahlutfallsmæling forskauts, v_{fuel} .....

6.1.9. Viðmiðunarskilyrði (***), efnahlutfallsmæling bakskauts, v_{Air} .....

6.1.10. Spenna í stæðu við viðmiðunarskilyrði hverrar stæðu: V

6.1.11. Tegund(ir), gerð(ir) rafskautasamstæður með himnum (MEA): .....

7. Orkudreifingarundirkerfi (PDS)

7.1. Rafmagnstengi við skilflöt við efnarafalastæðuundirkerfið (*)

7.1.1. Tegund(ir), gerð(ir): .....

8. Orkuhæfingarundirkerfi (PCS):

8.1. Jafnstraumur/jafnstraumur (*)

8.1.1. Tegund(ir), gerð(ir): .....

8.1.2. Spennusvið við inntak/aðalhlið (lágm./hám.): V

8.1.3. Spennusvið við inntak/aukahlið (lágm./hám.): V

9. Undirstjórnkerfi efnarafala:

9.1. Fastbúnaður (e. *firmware*), útgáfa og smíðanúmer: .....

9.2. Vélbúnaður stýrieiningar, tegund og gerð: .....

(*) Ef við á.
(**) Í samræmi við lið 7.2.1 og töflu 9 í þessum viðauka.
(***) Tilgreint af framleiðanda efnarafalastæðuundirkerfisins.

SKRÁ YFIR FYLGISKJÖL

Nr.:	**Lýsing:**	**Útgáfudagur:**
1	Upplýsingar um prófunarskilyrði efnarafalakerfis	DD-MMM-ÁÁÁÁ
2	Upplýsingar um jaðarskilyrði notkunar	DD-MMM-ÁÁÁÁ
3	Upplýsingar um niðurstöður úr vottunarprófun efnarafala-kerfis	DD-MMM-ÁÁÁÁ

Fylgiskjal 1 með upplýsingaskjali um efnarafalakerfi

Upplýsingar um prófunarskilyrði efnarafalakerfis:

	gildi og eining
Umhverfisþrýstingur (algildi)	XYZ,0 kPa
Umhverfishiti	XYZ,0 K
Inntakshiti oxandi efnis (lofts)	XYZ,0 K
(Algildur) inntaksþrýstingur oxandi efnis (lofts)	XYZ,0 kPa
Rakastig flæðis af oxandi efni/lofti	XY,0 %
Kælimiðlar innri hringrásar: Tegund: _____ Gerð: _____	
Eðlismassi kælimiðils innri hringrásar @345 K	XY,0 kg/l
Eðlisvarmi kælimiðils í innri kælihringrásinni @345 K	XYZ,0 J/(kg · K)
Vinnslupunktur kerfishæfingar:	XYZ,0 kW
Vinnslupunktur #01 (OP01):	XYZ,0 kW
Vinnslupunktur #02 (OP02):	XYZ,0 kW
Vinnslupunktur #xx (OPxx, OP milli OP02 og OPn_{op}):	XYZ,0 kW
Vinnslupunktur #n_{op} (OPn_{op}, hæsti vinnslupunktur):	XYZ,0 kW
Efnarafalakerfi af gerð A/C (orkuhæfingarundirkerfi er hluti einingarinnar sem verið er að prófa): Lægra spennustig í úttaki orkuhæfingarundirkerfisins, UPCS,out,lower, þar sem hægt er að keyra efnarafalakerfið við OPnop án núverandi straumtakmarkana. Efnarafalakerfi af gerð B/D (orkuhæfingarundirkerfi er ekki hluti af einingunni sem verið er að prófa): UPCS, lower er jafnstraums-/jafnstraumskröfuforskrift	XYZ,0 V
Efnarafalakerfi af gerð A/C (orkuhæfingarundirkerfi er hluti einingarinnar sem verið er að prófa): Efra spennustig í úttaki orkuhæfingarkerfisins, UPCS,out,upper, þar sem hægt er að keyra efnarafalakerfið við OPnop. Efnarafalakerfi af gerð B/D (orkuhæfingarundirkerfi er ekki hluti af einingunni sem verið er að prófa): UPCS, upper er jafnstraums-/jafnstraumskröfuforskrift	XYZ,0 V

Valkvætt, mæliþættir sem varða notkunarskilyrði:

hlutfallsleg færsluhallatala vegna stighækkunar stillipunkta (RTS-UP) (þetta er námundunargildi fyrir afstöðu, framleiðandi getur tilgreint svið í kringum þessa tölu)	XYZ,0 s^{-1}
hlutfallsleg færsluhallatala vegna stiglækkunar stillipunkta (RTS-DOWN) (þetta er námundunargildi fyrir afstöðu, framleiðandi getur tilgreint svið í kringum þessa tölu)	XYZ,0 s^{-1}

Fylgiskjal 2 með upplýsingaskjali um efnarafalakerfi

Jaðarskilyrði fyrir notkun efnarafalakerfis í ökutækjum eins og framleiðandinn tilgreinir þau:

Framleiðandinn samþykkir/útfyllir þessa töflu í samræmi við notkunarforskrift hans fyrir notkun á efnarafalakerfi í ökutæki. Forskriftirnar í eftirfarandi töflu eru skyldubundnar:

OP#	mæliþáttur	efri		neðri	
01	Umhverfishiti	XYZ,0	K	XYZ,0	K
…		XYZ,0	K	XYZ,0	K
n_{op}		XYZ,0	K	XYZ,0	K
01	Umhverfisþrýstingur	XYZ,0	Pa	XYZ,0	Pa
…		XYZ,0	Pa	XYZ,0	Pa
n_{op}		XYZ,0	Pa	XYZ,0	Pa
01	Umhverfisraki	XYZ,0	%	XYZ,0	%
…		XYZ,0	%	XYZ,0	%
n_{op}		XYZ,0	%	XYZ,0	%
01	Inntakshiti kælivökva efnarafalastæðuundirkerfis Merking samkvæmt mynd 5: T_C,in með viðbótarviðskeytinu FCSS	XYZ,0	K	XYZ,0	K
…		XYZ,0	K	XYZ,0	K
n_{op}		XYZ,0	K	XYZ,0	K
01	Úttakshiti kælivökva FCSS	XYZ,0	K	XYZ,0	K
…		XYZ,0	K	XYZ,0	K
n_{op}		XYZ,0	K	XYZ,0	K
01	Frekari jaðarskilyrði fyrir notkun í ökutæki	XYZ,0	Eining	XYZ,0	Eining
…		XYZ,0	Eining	XYZ,0	Eining
n_{op}		XYZ,0	Eining	XYZ,0	Eining

Fylgiskjal 3 með upplýsingaskjali um efnarafalakerfi

Tafla 1

Upplýsingar um niðurstöður úr vottunarprófun efnarafalakerfis í formi reiknaðra meðaltalsgilda

OPXXa: hækkandi **OPXXd: lækkandi**	01: Tímalengd/s	02: ARS/s^{-1}	03: REE/-	04: SP fyrir raforkuþörf efnarafalakerfis við PDS-/PCS-skilflötinn(*)/kW	05: SP fyrir jafnstraum efnarafalakerfis við PDS-/PCS-skilflötinn(*)/A	06: PV fyrir rafrænt útafl efnarafalakerfis við skilflöt einingarinnar sem verið er að prófa (þ.e. annaðhvort PDS eða PCS)/kW	07: PV fyrir jafnstraum við skilflöt einingar sem verið er að prófa skilflötur (þ.e. annaðhvort PDS eða PCS)/A	frátekið	09: PV fyrir spennu við skilflöt einingar sem verið er að prófa (þ.e. annaðhvort PDS eða PCS)/V	10: Massastreymi eldsneytis/g/klst.	…
SCOP											
OP01a											
OP02a											
OP03a											
OP..											
OP*n*$_{op}$(***)											
OP*n*$_{op}$*-1d*											
OP*n*$_{op}$*-2d*											
OP*n*$_{op}$*-3d*											
OP..d											
OP01d											

OPXXa: hækkandi **OPXXd: lækkandi**	11: Rúmmálsstreymi eldsneytis(**)/l/mín.	12: Eldsneytisþrýstingur við inntak efnarafalakerfis/kPa	13: Eldsneytisþrýstingur við inntak efnarafalastæðuundirkerfis(*)/kPa	14: Hitastig eldsneytis við inntak efnarafalastæðuundirkerfis(*)/K	15: Massastreymi lofts/g/klst.	16: Rúmmálsstreymi lofts(**)/l/mín.	17: Loftþrýstingur við inntak loftvinnsluundirkerfis/kPa	18: Lofthiti við inntak loftvinnsluundirkerfis/K	19: Rakastig lofts við inntak loftvinnsluundirkerfis/%	20: Massastreymi kælimiðils við inntak varmastjórnunarundirkerfis/g/klst.	…
SCOP											
OP01a											
OP02a											
OP03a											
OP..											
OP*n*$_{op}$(***)											
OP*n*$_{op}$*-1d*											
OP*n*$_{op}$*-2d*											
OP*n*$_{op}$*-3d*											
OP..d											
OP01d											

OPXXa: hækkandi OPXXd: lækkandi	21: Massastreymi kælimiðils við inntak varmastjómunarundirkerfis(**)/l/klst.	22: Hitastig kælimiðils við inntak varmastjómunarundirkerfis/K	23: Hitastig kælimiðils við úttak varmastjómunarundirkerfis/K	24: Raforku sem er miðlað til efnarafalakerfisins frá prófunarklefanum við orkudreifingarundirkerfið/kW	25: Raforku sem er miðlað til efnarafalakerfisins frá prófunarklefanum við orkuhæfingarundirkerfið/kW
SCOP					
OP01a					
OP02a					
OP03a					
OP..					
OP*n*$_{op}$(***)					
OP*n*$_{op}$*-1d*					
OP*n*$_{op}$*-2d*					
OP*n*$_{op}$*-3d*					
OP..d					
OP01d					

(*) Ef við á/aðgengilegt.
(**) Ef reikna þarf út massastreymi miðla á grundvelli rúmmálsstreymis og eðlismassa.
(***) n_{op}: fjöldi mismunandi vinnslupunkta, OPn_{op}, er efri vinnslupunkturinn við vottun eins og tilgreint er í lið 7.3.4.1.

Skýringar varðandi töfluna í viðhengi 3 við upplýsingaskjal efnarafalakerfisins

Staðsetningar nema eru tilgreindar með skýringarteikningu á mynd 5. Öll gildi – nema fyrir tímalengdina, ARS og REE – eru reiknuð meðalgildi fyrir hvern vinnslupunkt sem eru ákvörðuð á greiningartímanum, t_{anlys}, sem eru skilgreind í samræmi við lið 7.3.4.4 (þ.e. á undan þrepunum þegar meðaltal fyrir hækkandi og lækkandi gildi er reiknað). Að því er varðar vinnslupunkt kerfishæfingar skal tímaramminn, sem meðaltalið er reiknað fyrir, skilgreindur út frá sömu lengd tímaramma og fyrir greiningartímann og skal hann staðsettur rétt á undan umskiptunum yfir í næsta OP01a.

Lágmarkskröfur um nákvæmni nema eru tilgreindar með gerðarflokkun í viðkomandi dálki í töflu 2. Eftirfarandi gerðir eru auðkenndar þar sem gerð I hefur mestu nákvæmnina og gerð III minnstu nákvæmnina:

Gerð I: nákvæmni samkvæmt töflu 1 í þessum viðauka,

Gerð II: nákvæmni samþættra og aðgengilegra nema (þ.e. allir samþættir nemar í efnarafalakerfi fyrir vélknúin ökutæki eru af gerð II),

Gerð III: á ekki við eða nákvæmni er ekki tilgreind: nákvæmni samkvæmt bestu starfsvenjum/almennri skynsemi.

Ef sama gildi er mælt með fleiri en einum nema skal aðeins skrá þær tölur sem eru ákvarðaðar af nemanum með mestu nákvæmnina. Ef í athugasemdardálkinum kemur fram „ef við á“/„ef aðgengilegt“ þarf ekki að setja upp neina viðbótarnema.

Tafla 2

Nákvæmniskröfur fyrir nema

#	Lýsing	Eining	Gerð	Athugasemd
01	Tímalengd	s	III	tímabil milli umbreytingartímabila fyrir orku/núverandi stillipunkt
02	ARS	s^{-1}	III	sjá lið 7.3.4.5 í þessum viðauka: Algildi hlutfallslegu hallatölunnar
03	REE	-	III	sjá lið 7.3.4.5 í þessum viðauka: Hlutfallsleg skekkja á mati
04	SP raforkuþörf fyrir efnarafalakerfi við skilflötinn við eininguna sem verið er að prófa	kW	III	stillipunktur, ef við á (afbrigði, háð annaðhvort PDS,out eða PCS,out) (ef P_{el} er SP)
05	SP fyrir jafnstraum efnarafalakerfis við skilflötinn við eininguna sem verið er að prófa	A	III	stillipunktur, ef við á (afbrigði, háð annaðhvort PDS,out eða PCS,out) (ef I_{FCS} er SP)
06	SP fyrir útafl efnarafalakerfis við skilflötinn við eininguna sem verið er að prófa	kW	I	vinnslugildi, (afbrigði, háð annaðhvort PDS,out eða PCS,out) Merking á mynd 5: P_el, PDS eða P_el,PCS Ef U- og I-nemar eru ekki mældir með beinum hætti, heldur á grundvelli U- og I-gilda, skulu U- og I-nemar uppfylla kröfur um nema af gerð I.
07	PV fyrir jafnstraum við skilflötinn við eininguna sem verið er að prófa	A	I	vinnslugildi (afbrigði, háð annaðhvort PDS,out eða PCS,out)
08	frátekið			
09	PV fyrir spennu við skilflöt einingar sem verið er að prófa	V	I	vinnslugildi (afbrigði, háð annaðhvort PDS,out eða PCS,out)
10	Massastreymi eldsneytis	g/klst.	I/III	annaðhvort mælt (I) eða reiknað (III) út frá eðlismassa og rúmmáli streymis, merking á mynd 5: $\dot{m}$_F, FPS
11	Massastreymi eldsneytis	l/mín.	I	ef reikna þarf út massastreymi miðils á grundvelli rúmmálsstreymis og eðlismassa, en að öðrum kosti má sleppa því, merking á mynd 5: $\dot{V}$_F, FPS
12	Eldsneytisþrýstingur við inntak efnarafalakerfis	kPa	I	við skilflöt prófunarklefa/einingar sem verið er að prófa
13	Eldsneytisþrýstingur við inntak efnarafalastæðuundirkerfis	kPa	II	ef aðgengilegt
14	Hitastig eldsneytis við inntak efnarafalastæðuundirkerfis	K	II	ef aðgengilegt, annars hitastig eldsneytis við inntak efnarafalakerfis
15	Massastreymi lofts	g/klst.	I	annaðhvort mælt eða reiknað út frá eðlismassa og rúmmáli streymis (merking á mynd 5: $\dot{m}$_A, APS)

#	Lýsing	Eining	Gerð	Athugasemd
16	Massastreymi lofts	l/mín.	I	ef reikna þarf út massastreymi miðils á grundvelli rúmmálsstreymis og eðlismassa, en að öðrum kosti má sleppa því (merking á mynd 5: $\dot{V}$_A, APS)
17	Loftþrýstingur við inntak loftvinnsluundirkerfis	kPa	I	merking á mynd 5: p_A, APS
18	Lofthiti við inntak loftvinnsluundirkerfis	K	I	merking á mynd 5: T_A, APS
19	Rakastig lofts við inntak loftvinnsluundirkerfis	%	II	rakastig við inntak efnarafalakerfis/FCS-/APS-skilflöt, merking á mynd 5: RH_A
20	Massastreymi kælimiðils við varmastjórnunarundirkerfi	g/klst.	II	ef það er ekki mælt er það reiknað út frá rúmmálsstreymi og eðlismassa, merking á mynd 5: $\dot{m}$_C, TMS
21	Rúmmálsstreymi kælimiðils við varmastjórnunarundirkerfi	l/klst.	II	ef reikna þarf út massastreymi miðils á grundvelli rúmmálsstreymis og eðlismassa, en að öðrum kosti má sleppa því, merking á mynd 5: $\dot{V}$_C, TMS
22	Hitastig kælimiðils við inntak varmastjórnunarundirkerfis	K	II	Merking á mynd 5: T_C, in_TMS
23	Hitastig kælimiðils við úttak varmastjórnunarundirkerfis	K	II	Merking á mynd 5: T_C, out_TMS
24	Raforku sem er miðlað til efnarafalakerfisins frá prófunarklefanum við orkudreifingarundirkerfið	kW	I	summa allrar raforku sem er miðlað frá prófunarklefanum sem er tengdur við efnarafalakerfið, annaðhvort við staðsetningu orkudreifingarundirkerfisins í samræmi við mynd 5 eða í gegnum aðskilinn jafnstraums-jafnstraumsumriðil
25	Raforku sem er miðlað til efnarafalakerfisins frá prófunarklefanum við orkuhæfingarundirkerfið	kW	I	summa allrar raforku sem er miðlað frá prófunarklefanum sem er tengdur við efnarafalakerfið, annaðhvort við staðsetningu orkuhæfingarundirkerfisins í samræmi við mynd 5 eða án aðskilins jafnstraums-jafnstraumsumriðils
	…			…
	…			*Ef þörf er á öðrum gildum til að tryggja samanburðarnákvæmni prófunarinnar skal þessum gildum einnig bætt við, þ.m.t. ef kælingin er í mörgum hringrásum, en þá skal skrá hvert kælistreymi sérstaklega.“*

19) Ákvæðum 8. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Í stað fimmta undirliðar kemur eftirfarandi:

„— Þrep 5: Eiginleikar yfirálags skulu ákvarðaðir út frá gögnum sem verða til í samræmi við þrep 2. Reikna skal yfirálagssnúningsvægi og samsvarandi snúningshraða sem meðalgildi á hraðasviðinu þar sem aflið er jafnt og eða meira en 90% af hámarksafli. Ef yfirálagssnúningsvægið sem fæst er minna en samfellt snúningsvægi skal yfirálagssnúningsvægið stillt á 30 mínútna samfellt snúningsvægi sem fæst úr þrepi 4. Yfirálagstímabilið t0_maxP skal skilgreint út frá allri tímalengd prófunarkeyrslu sem framkvæmd er í samræmi við þrep 2, margfaldað með stuðlinum 0,25.“

b) Eftirfarandi jöfnu í iii. lið e-liðar sjötta undirliðar:

„$P_{loss}(T_i, n_j) = \left(1 - n\left(\frac{T_i}{T_{max}}, \frac{n_j}{n_{rated}}\right)\right) \times |T_i| \times n_j \times \frac{2\pi}{60}$“

er skipt út fyrir eftirfarandi:

„$P_{loss}(T_i, n_j) = \left(1 - \eta\left(\frac{T_i}{T_{max}}, \frac{n_j}{n_{rated}}\right)\right) \times |T_i| \times n_j \times \frac{2\pi}{60}$“.

20) Ákvæðum 9. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi jöfnu í a-lið 2. liðar:

„$T_{gbx,l,in}$ (n_{in}, T_{in}, gear) = $T_{d0} + T_{d1000} \times n_{in}$ / 1000 rpm + $f_{T,gear} \times T_{in}$“

er skipt út fyrir eftirfarandi:

„$T_{gbx,l,in}$ (n_{in}, T_{in}, gear) = $T_{d0} + T_{d1000} \times n_{in}$ / 1000 rpm + $f_{T,gear} \times |T_{in}|$“.

b) Eftirfarandi jöfnu í a-lið 3. liðar:

„$T_{diff,l,in}$ (T_{in}) = $\eta_{diff} \times T_{diff,d0} / i_{diff} + (1 - \eta_{diff}) \times T_{in}$“

er skipt út fyrir eftirfarandi:

„$T_{diff,l,in}$ (T_{in}) = $\eta_{diff} \times T_{diff,d0} / i_{diff} + (1 - \eta_{diff}) \times |T_{in}|$“.

21) Ákvæðum 10. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) Málaflið skal vera gildið í amperstundum á grundvelli afls einstakra hlaða sem fram kemur á gagnablaði frá framleiðanda hlaðanna, að teknu tilliti til upprðunar einstakra hlaða í hliðtengdri og raðtengdri útfærslu. Margfalda skal gildið sem fæst fyrir heildarafl með stuðlinum 0,9.“

b) Í stað d-liðar kemur eftirfarandi:

„d) Innra viðnám jafnstraums skal ákvarðað í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

i. Fyrir háaflsrafgeymakerfi (HPBS) í samræmi við a-lið skulu hin mismunandi gildi innra viðnáms jafnstraums reiknuð með því að deila í sértæka viðnámið [mOhm × Ah], eins og sett er fram í eftirfarandi töflu, með málaflinu í amperstundum, eins og skilgreint er í samræmi við b-lið og margfalda gildið sem fæst með fjölda hlaðanna sem eru raðtengd, eins og tilgreint er í samræmi við lið 1.3.2 í 2. viðbæti 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100:

DCIR	Sértækt viðnám í [mOhm × Ah]
DCIR R_{I2}	40
DCIR R_{I10}	45
DCIR R_{I20}	50

ii. Fyrir háorkurafgeymakerfi (HEBS) í samræmi við a-lið skulu hin mismunandi gildi innra viðnáms jafnstraums reiknuð með því að deila í sértæka viðnámið [mOhm × Ah], eins og sett er fram eftirfarandi töflu, með málaflinu í amperstundum, eins og skilgreint er í samræmi við b-lið og margfalda gildið sem fæst með fjölda hlaðanna sem eru raðtengd, eins og tilgreint er í samræmi við lið 1.3.2 í 2. viðbæti 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100:

DCIR	Sértækt viðnám í [mOhm × Ah]
DCIR R_{I2}	210
DCIR R_{I10}	240
DCIR R_{I20}	270
DCIR R_{I120}	390“

c) Í stað i. og ii. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„i. Að því er varðar háaflsrafgeymakerfi, í samræmi við a-lið, skulu gildin fyrir bæði hámarkshleðslu- og hámarksafhleðslustrauminn, sem miðast við hleðsluástandið, stillt á viðeigandi straum í amperum sem samsvarar C-gildunum (nC) sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Hleðsluástand [%]	C-gildi (nC) fyrir hámarkshleðslustraum	C-gildi (nC) fyrir hámarksafhleðslustraum
0	9,0	0,0
30	9,0	50,0
80	9,0	50,0
100	0,0	50,0

ii. Að því er varðar háorkurafgeymakerfi, í samræmi við a-lið, skulu gildin fyrir bæði hámarkshleðslu- og hámarksafhleðslustrauminn, sem miðast við hleðsluástandið, stillt á viðeigandi straum í amperum sem samsvarar C-gildunum (nC) sem sett eru fram í eftirfarandi töflu:

Hleðsluástand [%]	C-gildi (nC) fyrir hámarkshleðslustraum	C-gildi (nC) fyrir hámarksafhleðslustraum
0	0,9	0,0
30	0,9	5,0
80	0,9	5,0
100	0,0	5,0“

b) Í stað d-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„Innra viðnám skal ákvarðað í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$R_{I,Cap} = R_{I,ref} \times \frac{V_{max,Cap} - V_{min,Cap}}{0{,}55 \times V_{ref}} \times \frac{C_{ref}}{C_{Cap}} \times \frac{1}{n_{ser}}$$

þar sem:

$R_{I,Cap}$ = innra viðnám [Ohm]

$R_{I,ref}$ = tilvísun í innra viðnám með tölugildið 0,00375 [Ohm]

$V_{max,Cap}$ = hámarksspenna eins og hún er skilgreind í samræmi við b-lið hér að framan [V]

$V_{min,Cap}$ = lágmarksspenna eins og hún er skilgreind í samræmi við c-lið hér að framan [V]

V_{ref} = tilvísun í hámarksspennu með tölugildið 2,7 [V]

C_{ref} = tilvísun í rýmd með tölugildið 3000 [F]

C_{Cap} = rýmd eins og hún er skilgreind í samræmi við a-lið hér að framan [F]

n_{ser} = fjöldi raðtengdra hlaða eins og skilgreint er í samræmi við a-lið hér að framan [-].“

22) Í stað 11. viðbætis kemur eftirfarandi:

„11. viðbætir

Staðalgildi fyrir efnarafalakerfi

Fylgja skal eftirfarandi þrepum til að búa til ílagsgögn fyrir efnarafalakerfið á grundvelli staðalgilda:

a) Ílagsgögnin fyrir efnarafalakerfið, sem krafist er í samræmi við 15. viðbæti, skulu ákvörðuð á grundvelli rafræns hámarksútafls efnarafalakerfisins í samræmi við lið 4.6 í 1. viðbæti 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100.

b) Ef fleiri en eitt efnarafalakerfi er uppsett í ökutækinu skal mæliþátturinn í samræmi við a-lið tilgreindur fyrir hvert einstakt efnarafalakerfi sérstaklega og einnig skal ákvörðun ílagsgagna framkvæmd sérstaklega fyrir hvert einstakt efnarafalakerfi í samræmi við samsvarandi tilskilið ílag sem skilgreint er í töflu 11a í III. viðauka við þessa reglugerð.

c) Gildi eldsneytismassastreymis sem fall af rafrænu útafli skulu reiknuð út á grundvelli almennra skilvirknigilda í samræmi við eftirfarandi töflu:

Staðlað afl [-]	Skilvirkni [%]
0,01	3,67
0,05	18,33
0,10	36,67
0125	45,83
0,15	55,00
0,20	54,12
0,25	53,24
0,30	52,35
0,35	51,47
0,40	50,59
0,45	49,71
0,50	48,82
0,55	47,94
0,60	47,06
0,65	46,18
0,70	45,29
0,75	44,41
0,80	43,53
0,85	42,65
0,90	41,76
0,95	40,88
1,000	40,00

d) Gildi massastreymis eldsneytis og samsvarandi rafræns útafls skulu ákvörðuð í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$m_{fuel} = P_{rated,el} * \frac{P_{norm,i}}{eta_i} * 100 * \frac{3\,600\,\frac{s}{h}}{NCV_{std,H2}\,\frac{kJ}{g}}$$

þar sem:

$\dot{m}_{fuel}$ = eldsneytismassastreymi [g/klst.]

$P_{rated,el}$ = rafrænt hámarksútafl efnarafalakerfisins, eins og skilgreint er í samræmi við a-lið hér að framan [kW]

$P_{norm,i}$ = staðlað rafrænt útafl efnarafalakerfisins fyrir öll gildi i, eins og skilgreint er í samræmi við c-lið hér að framan [-]

eta_i = skilvirkni efnarafalakerfisins fyrir öll gildi i, eins og skilgreint er í samræmi við c-lið hér að framan sem samsvarar $P_{norm,i}$ [%]

$NCV_{std,H2}$ = staðalnettóvarmagildi vetnis í samræmi við lið 5.3.3.1 [MJ/kg]

$$P_{FCS,el,i} = P_{rated,el} * P_{norm,i}$$

þar sem:

$P_{FCS,el,i}$ = rafrænt útafl efnarafalakerfisins [kW]

$P_{rated,el}$ = rafrænt hámarksútafl efnarafalakerfisins, eins og skilgreint er í samræmi við a-lið hér að framan [kW]

$P_{norm,i}$ = staðlað rafrænt útafl efnarafalakerfisins fyrir öll gildi i, eins og skilgreint er í samræmi við c-lið hér að framan [–]“.

23) Eftirfarandi liðum er bætt við í 12. viðbæti:

„5. Efnarafalakerfi

5.1. Sérhvert efnarafalakerfi skal framleitt þannig að það samrýmist viðurkenndu gerðinni að því er varðar lýsinguna í vottorði og viðaukum þess. Samræmisferlið vegna vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun skal uppfylla ákvæðin sem sett eru fram í 31. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

5.2. Athuga skal samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun á grundvelli lýsingarinnar í vottorðunum og upplýsingasöfnum sem fylgja með þeim eins og sett er fram í 7. viðbæti.

5.3. Meta skal samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun á grundvelli sértæku skilyrðanna sem mælt er fyrir um í 5. lið.

5.4. Íhlutaframleiðandinn skal árlega prófa þann fjölda eininga sem tilgreindur er í töflu 4, á grundvelli heildarfjölda efnarafalakerfa sem sá íhlutaframleiðandi framleiðir árlega. Í því skyni að ákvarða árlegan framleiðslufjölda skal einungis taka til greina efnarafalakerfi sem falla undir kröfurnar í þessari reglugerð og þar sem staðalgildi voru ekki notuð.

Tafla 4

Úrtaksstærð við samræmisprófun

Fjöldi viðeigandi efnarafalakerfa sem voru framleidd árið áður (**)	Árlegur fjöldi prófana
0–3 000	Ein prófun á þriggja ára fresti (*)
3 001–6 000	Ein prófun á tveggja ára fresti (*)
6 001–12 000	1
12 001–30 000	2
30 001–60 000	3
60 001–90 000	4
90 001–120 000	5
120 001–150 000	6
> 150 000	7

(*) Prófun á samræmi framleiðslu skal framkvæmd á fyrsta árinu.

(**) Einungis skal taka til athugunar efnarafalakerfi sem falla undir kröfur þessarar reglugerðar og fengu ekki staðalgildi skv. 11. viðbæti.

5.5. Viðurkenningaryfirvaldið skal, ásamt íhlutaframleiðandanum, tilgreina þá gerð eða gerðir efnarafalakerfa sem á að prófa með tilliti til samræmis vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun. Viðurkenningaryfirvaldið skal tryggja að valin gerð eða valdar gerðir efnarafalakerfa séu framleiddar samkvæmt sömu stöðlum og gilda um raðframleiðslu.

5.6. Prófa skal þrjár einingar af sömu gerð til viðbótar ef niðurstaða prófunar, sem framkvæmd er í samræmi við lið 5.7, uppfyllir ekki skilyrðin til að standast prófun sem eru tilgreind í lið 5.7.4. Ákvæði 23. gr. skulu gilda ef einhver þeirra stenst ekki prófun.

5.7. Samræmi framleiðslu við prófanir á efnarafalakerfum

5.7.1. Jaðarskilyrði

Öll jaðarskilyrði fyrir vottunarprófun, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, skulu gilda nema annað sé tekið fram í þessari málsgrein.

Ekki þarf að uppfylla forskriftir fyrir mælibúnað, sem skilgreindar eru í samræmi við lið 3.1, vegna prófunar á samræmi framleiðslu.

Nota má venjulegt markaðseldsneyti í prófunum á samræmi framleiðslu. Óski framleiðandi eftir því má þó nota viðmiðunareldsneytið sem sett er fram í lið 7.1.1.

5.7.2. Prófunarkeyrsla

Framkvæma skal prófunina í samræmi við lið 7.3.4 og fylgja öllum meginreglum sem þar eru settar fram en fækka skal vinnslupunktum sem á að mæla. Framleiðandinn getur kosið, sem annan valkost, að mæla allt mengi vinnslupunkta úr upprunalegri vottun íhlutarins og fylgja nákvæmlega sömu ákvæðum og jaðarskilyrðum sem voru notuð við upprunalegu vottunina á íhlutnum og skráð í upplýsingaskjalið í 7. viðbæti.

Markvinnslupunktarnir sem á að mæla skulu skilgreindir með stöðluðu úthlutuðu afli, $P@OPxx_{norm}$, sem er reiknað í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$P@OPxx_{norm} = \frac{P@OPxx}{P@OPn_{op}}$$

þar sem:

$P@OPxx$: markgildi rafræns útafls efnarafalakerfis við tiltekinn vinnslupunkt á milli lægsta og hæsta gildis með auðkennið xx í gangi frá 01 til n_{op}

$P@OPn_{op}$: markgildi rafræns útafls efnarafalakerfis við hæsta vinnslupunkt.

Markvinnslupunktarnir, sem mæla á við prófun á samræmi framleiðslu, skulu valdir úr markvinnslupunktunum úr upprunalegri vottun íhlutarins sem eru skilgreindir í samræmi við lið 7.3.4.1 og skráðir í upplýsingaskjalið sem sett er fram í 7. viðbæti við vottun íhlutar. Markvinnslupunktarnir sem á að mæla skulu skilgreindir með stöðluðum gildum fyrir úthlutað afl í samræmi við eftirfarandi a- til e-lið:

a) Næsti vinnslupunktur sem er lægri en eða jafnt og 0,15.

Ef enginn vinnslupunktur er fyrir hendi sem er lægri en eða jafnt og 0,15 skal nota lægsta vinnslupunktinn meðal markvinnslupunktanna úr upprunalegri vottun íhlutarins.

b) Næsti vinnslupunktur sem er hærri en 0,15.

Ef þessi vinnslupunktur hefur þegar verið valinn vegna prófunar á samræmi framleiðslu skv. a-lið skal nota næsthæsta vinnslupunktinn meðal markvinnslupunktanna úr upprunalegri vottun íhlutarins.

c) Vinnslupunktur sem er næstur 0,4.

Ef næsti lægri og næsti hærri vinnslupunktur eru nákvæmlega jafn langt frá 0,4 skal nota næsta lægri vinnslupunktinn við prófunina á samræmi framleiðslu.

Ef þessi vinnslupunktur hefur þegar verið valinn vegna prófunar á samræmi framleiðslu skv. b-lið skal nota næsthæsta vinnslupunktinn meðal markvinnslupunktanna úr upprunalegri vottun íhlutarins.

d) Næsti vinnslupunktur sem er lægri en 0,7.

Ef þessi vinnslupunktur er valinn vegna prófunar á samræmi framleiðslu skv. c-lið skal nota næsthæsta vinnslupunktinn meðal markvinnslupunktanna úr upprunalegri vottun íhlutarins.

e) Vinnslupunktur sem er jafnt og 1,0.

Ef þessi vinnslupunktur hefur þegar verið valinn fyrir prófun á samræmi framleiðslu skv. d-lið skal hann aðeins mældur einu sinni.

Að því er varðar markvinnslugildi sem mæla á vegna prófunar á samræmi framleiðslu skulu ákvæði liðar 7.3.4. gilda, þ.m.t. allir liðir sem falla undir hann, til að ákvarða gildi $P_{FCS,\,avg}$ og $\dot{m}_{F,\,avg}$. Í því samhengi skulu markvinnslugildi, sem mæla á með stöðluðu úthlutuðu afli sem er jafnt og 1, teljast vera OPn_{op} og skulu einungis mæld einu sinni á meðan öll önnur markvinnslugildi skulu mæld tvisvar (þ.e. á hækkandi og lækkandi ferlinu).

5.7.3. Eftirvinnsla niðurstaðna

Öll $P_{FCS,\,avg}$-gildi, sem eru ákvörðuð í samræmi við lið 5.7.2, skulu unnin í samræmi við lið 7.5 í þessum viðauka til að leiða út gildin fyrir endanlegt raunverulegt rafrænt útafl, $P^*_{el,FCS,net}$.

Því næst skal leiðrétta gildin, sem fást fyrir $P^*_{el,FCS,net}$ og $\dot{m}_{F,\,avg}$ og eru ákvörðuð í samræmi við lið 5.7.2, fyrir óvissufrávikum búnaðar sem er notaður við mælingu á samræmi framleiðslu í samræmi við a- til f-lið:

a) Mismunurinn á óvissuþætti í mælibúnaði, í hundraðshlutum, á milli gerðarviðurkenningar íhlutar og prófunar á samræmi framleiðslu í samræmi við þennan viðbæti skal reiknaður út fyrir mælikerfin sem notuð eru fyrir straum, spennu og eldsneytismassastreymi.

b) Mismunurinn á óvissu í hundraðshlutum, sem um getur í a-lið, skal reiknaður út fyrir bæði aflestrartölu greiningartækisins og hámarkskvörðunargildið sem skilgreint er í samræmi við lið 3.1 í þessum viðauka.

c) Heildarmismunurinn á óvissu að því er varðar rafafl skal reiknaður út í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$\Delta u_{P,el,CoP} = \sqrt{\Delta u^2_{U,maxcalib} + \Delta u^2_{U,value} + \Delta u^2_{I,maxcalib} + \Delta u^2_{I,value}}$$

þar sem:

$\Delta u_{U,\text{max calib}}$	mismunurinn á óvissu fyrir hámarkskvörðunargildi að því er varðar spennumælingu [%]
$\Delta u_{U,\text{value}}$	mismunurinn á óvissu fyrir aflestrartölu greiningartækis að því er varðar spennumælingu [%]
$\Delta u_{I,\text{max calib}}$	mismunurinn á óvissu fyrir hámarkskvörðunargildi að því er varðar mælingu á straumi [%]
$\Delta u_{I,\text{value}}$	mismunurinn á óvissu fyrir aflestrartölu greiningartækis að því er varðar mælingu á straumi [%]

d) Heildarmismunurinn á óvissu að því er varðar eldsneytismassastreymi skal reiknaður út í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$\Delta u_{\dot{m}_{fuel},CoP} = \sqrt{\Delta u^2_{\dot{m}_{fuel},maxcalib} + \Delta u^2_{\dot{m}_{fuel},value}}$$

þar sem:

$\Delta u_{\dot{m}_{fuel},maxcalib}$	mismunurinn á óvissu fyrir hámarkskvörðunargildi að því er varðar mælingu á eldsneytismassastreymi [%]
$\Delta u_{\dot{m}_{fuel},value}$	mismunurinn á óvissu fyrir aflestrartölu greiningartækis að því er varðar mælingu á eldsneytismassastreymi [%]

e) Öll gildi P*el,FCS,net, ákvörðuð í samræmi við lið 7.5 í þessum viðauka, skulu leiðrétt í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$P^*_{el,CoP} = P^*_{el,FCS,net} (1 - \Delta u_{P,el,CoP})$$

þar sem:

$\Delta u_{P,el,CoP}$ heildarmismunur á óvissu að því er varðar rafafl í samræmi við c-lið

f) Öll gildi fyrir $\dot{m}_{F,\,avg}$, ákvörðuð í samræmi við lið 7.3.4.7 í þessum viðauka, skulu leiðrétt í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$m_{F,CoP} = \dot{m}_{F,\,avg} (1 + \Delta u_{\dot{m}_{fuel},CoP})$$

þar sem:

$\Delta u_{\dot{m}_{fuel},CoP}$ heildarmismunur á óvissu að því er varðar eldsneytismassastreymi í samræmi við d-lið.

5.7.4. Mat á niðurstöðum

Fyrir hvern markvinnslupunkt fyrir prófun á samræmi framleiðslu skal reikna sértæka eldsneytisnotkun, SFC_{CoP}, út frá samsvarandi gildum $P^*_{el,CoP}$ og $m_{F,CoP}$, sem eru ákvörðuð í samræmi við lið 5.7.3 með því að deila í $m_{F,CoP}$ með $P^*_{el,CoP}$.

Gerðarviðurkennd sértæk eldsneytisnotkun, SFC_{TA}, skal reiknuð út frá gögnum úr upprunalegri vottun íhlutar fyrir $P^*_{el,FCS,net}$, ákvarðað í samræmi við lið 7.5 í þessum viðauka, og $\dot{m}_{F,\,avg}$, ákvarðað í samræmi við lið 7.3.4.7 í þessum viðauka fyrir alla markvinnslupunkta úr upprunalegri vottun íhlutar sem samsvara þeim sem er beitt vegna samræmis framleiðslu. Gildi SFC_{TA} skulu reiknuð út með því að deila í $\dot{m}_{F,\,avg}$ með samsvarandi gildi $P^*_{el,FCS,net}$ fyrir hvern markvinnslupunkt.

Eftir það skal reikna út algilt hlutfallslegt frávik, ARD, fyrir hvern markvinnslupunkt fyrir prófun á samræmi framleiðslu í samræmi við eftirfarandi jöfnu:

$$ARD = \frac{|SFC_{CoP} - SFC_{TA}|}{SFC_{TA}}$$

Prófun á samræmi vottaðra eiginleika sem tengjast koltvísýringslosun og eldsneytisnotkun telst fullnægjandi þegar meðaltal ARD, sem er ákvarðað út frá einstökum ARD-gildum fyrir hvern markvinnslupunkt vegna prófunar á samræmi framleiðslu, er undir 0,08.“

24) Eftirfarandi liðum er bætt við í 13. viðbæti:

„2. Efnarafalakerfi

2.1. Almennt

Hópur efnarafalakerfa einkennist af mæliþáttum hönnunar og frammistöðu. Þeir skulu vera sameiginlegir öllum eintökum innan hópsins. Framleiðanda íhlutar eða ökutækis er heimilt að ákvarða hvaða efnarafalakerfi tilheyrir tilteknum hópi svo framarlega sem skilyrðin, sem eru talin upp í þessum viðbæti, eru uppfyllt. Viðurkenningaryfirvaldið skal viðurkenna hópinn. Framleiðandinn skal veita viðurkenningaryfirvaldinu viðeigandi upplýsingar að því er varðar þau eintök sem tilheyra hópnum.

2.2. Sérstök tilvik

Í sumum tilvikum getur verið um milliverkun mæliþátta að ræða. Taka skal þetta með í reikninginn til að tryggja að einungis efnarafalakerfi með svipuð einkenni séu sett í sama hóp. Framleiðandi skal bera kennsl á þessi tilvik og tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu um þau. Síðan skal hafa þetta til viðmiðunar þegar stofna á nýjan hóp efnarafalakerfa.

Ef um er að ræða búnað eða eiginleika, sem ekki eru skráðir í lið 2.5 í þessum viðbæti en hafa mikil áhrif á frammistöðu og/eða raforkuframleiðslu, skal framleiðandinn bera kennsl á viðkomandi búnað eða eiginleika, á grundvelli góðra verkfræðilegra starfsvenja, og tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu þar um. Síðan skal hafa þetta til viðmiðunar þegar stofna á nýjan hóp efnarafalakerfa.

2.3. Hóphugtak

Með hóphugtakinu eru skilgreindar þær viðmiðanir og þeir mæliþættir sem gera framleiðanda kleift að flokka efnarafalakerfi með svipaða eða sambærilega eiginleika í hópa að því er varðar eldsneytis- eða vetnisnotkun.

2.4. Sérákvæði um það hversu dæmigerðar einingar eru fyrir hópa

Viðurkenningaryfirvaldið getur ákveðið að viðbótarprófun sé besta leiðin til að greina mæliþætti frammistöðu og eldsneytis- eða vetnisnotkun hóps efnarafalakerfa. Í því tilviki skal framleiðandinn leggja fram viðeigandi upplýsingar til að ákvarða hvaða efnarafalakerfi innan hópsins eru líkleg til að gefa sem besta mynd af hópnum. Viðurkenningaryfirvaldið getur einnig, á grundvelli þeirra upplýsinga, komist að þeirri niðurstöðu að þess skuli krafist af framleiðandanum að hann stofni nýjan hóp efnarafalakerfa, sem inniheldur færri einingar, til að gefa betri mynd af hópnum.

Ef einingar innan tiltekins hóps hafa önnur einkenni sem gætu talist hafa áhrif á mæliþætti frammistöðu og/eða eldsneytis- eða vetnisnotkun skulu þau einkenni einnig skilgreind og tekin með í reikninginn við val á stofneiningu.

2.5. Mæliþættir sem skilgreina hóp efnarafalakerfa

Til viðbótar við þá mæliþætti sem eru taldir upp hér á eftir er framleiðandanum heimilt að bæta við viðbótarviðmiðunum svo unnt sé að skilgreina hópa af takmarkaðri stærð. Þessir mæliþættir eru ekki endilega mæliþættir sem hafa áhrif á frammistöðu og/eða eldsneytis- eða vetnisnotkun.

2.5.1. Eftirfarandi viðmiðanir skulu gilda um allar einingar innan hóps efnarafalakerfa:

a) Allar einingar í hópnum eru af sömu gerð efnarafalakerfis sem er skilgreind í samræmi við töflu 9 í þessum viðauka.

b) Efnarafalastæða með ± 5% frávik fyrir þyngd og stærð og með ± 2% frávik fyrir fjölda hlaða og yfirborðsflatarmál hlaða.

c) Orkuhæfingarkerfi (ef við á) með ± 5% vikmörkum: skilvirkni.

d) Loftþjappa með ± 5% vikmörkum: skilvirkni.

e) Rakabúnaður (ef við á): svipuð uppsetning og mál.

f) Dælur (ef við á): svipuð uppsetning og mál.

g) Varmaskiptar: svipuð uppsetning og mál.

h) Rafmagnsklær: allar breytingar eru leyfðar.

i) Lagnir: allar breytingar eru leyfðar.

j) Átakshlutar fyrir miðla: allar breytingar eru leyfðar.

k) Hlífðarhús: allar breytingar eru leyfðar.

l) Nemar: breytingar eru leyfðar ef skilyrði um nákvæmni stofnnemans, sem notaður er í vottunarferlinu, eru enn uppfyllt.

m) Lágmarksfjöldi vinnslupunkta á tilgreindu vinnusviði: öll efnarafalakerfi innan sama hóps efnarafalakerfa skulu hafa að lágmarki 8 vinnslupunkta, eins og skilgreint er í samræmi við lið 7.3.4.1, sem staðsettir eru innan einstakra tilgreindra vinnusviða sem framleiðandi tilgreinir í samræmi við lið 7.3.4 í þessum viðauka.

Að fengnu samþykki frá viðurkenningaryfirvaldinu er heimilt að gera breytingar á íhlutunum, sem eru tilgreindir í a- til l-lið, ef tæknileg rök eru fyrir því að viðkomandi breyting hafi ekki neikvæð áhrif á frammistöðumæliþættina eða eldsneytisnotkunina.

2.6. Val á stofneiningu

Stofneining eins hóps efnarafalakerfa skal vera sú eining sem hefur mesta raunverulega rafræna útaflið í heildina.“

25) Á eftir línunni „B“ í töflu 1 í lið 1.4 í 14. viðbæti er eftirfarandi línu bætt við:

„F	Efnarafalakerfi (FCS)“.

26) Ákvæðum 15. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Liðnum „Mengi ílagsmæliþátta fyrir rafvélakerfi“ er breytt sem hér segir:

a) Töflu 1 er breytt sem hér segir:

1) Í stað textans í línunni „CertificationMethod“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „Measured“, „Standard values“.“

2) Í stað textans í línunni „DcDcConverterIncluded“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Stillt á „true“ ef jafnstraums-jafnstraumsumriðill er hluti af rafvélakerfi, í samræmi við lið 4.1 í þessum viðauka. Ef mæliþátturinn „CertificationMethod“ er „Standard values“ skal mæliþátturinn alltaf stilltur á „true“.“

b) Töflu 6 er breytt sem hér segir:

1) Í stað textans í línunni „CoolantTempInlet“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Ákvarðað í samræmi við liði 4.1.5.1 og 4.3.6 í þessum viðauka.

Tilgreina skal ílagið sem meðalgildi fyrir bæði spennustigin.“

2) Í stað textans í línunni „CoolingPower“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Ákvarðað í samræmi við liði 4.1.5.1 og 4.3.6 í þessum viðauka.

Tilgreina skal ílagið sem meðalgildi fyrir bæði spennustigin.“

b) Liðnum „Mengi ílagsmæliþátta fyrir samþættan íhlut rafaflrásar“ er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi línu er bætt við í töflu 1:

„DisengagementClutch	P565	Boole-gildi	[-]	Ef samþættur íhlutur rafaflrásar er búinn virkni sem gerir kleift með virkum hætti, við tiltekin notkunarskilyrði, að aftengja með vélrænum hætti allar rafvélar innan íhlutarins frá öðrum hlutum aflrásar ökutækisins í áttina að hjólunum skal þetta ílag stillt á „true“. Nákvæm staðsetning aftengingarinnar getur einnig verið enn lengra neðan við útása rafvélarinnar og einnig náð til aftengingar sumra gírhlutanna í samþættum íhlut rafaflrásarinnar.“

b) Í stað textans í línunni „MaxOutputShaftTorque“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ í töflu 2 kemur eftirfarandi:

„Valkvætt.

Ef um er að ræða hjólnafarhreyfil sem er gerð samþætts íhlutar rafaflrásar skal tilgreint gildi fyrir hámarks-snúningsvægi við útás íhlutarins samsvara þeirri útfærslu sem er mæld í samræmi við lið 4.1.1.2 í þessum viðauka (þ.e. gildið sem er tilgreint ef tveir slíkir íhlutir væru mældir skal vera tvisvar sinnum hærra en ef aðeins einn stakur íhlutur væri mældur).“

c) Í stað fyrirsagnarinnar í töflu 4 kemur eftirfarandi:

„Ílagsmæliþættir „IEPC/MaxMinTorque“ fyrir hvern vinnslupunkt, fyrir hvert mælt spennustig og fyrir hvern mældan framgír (valkvæð gírsérhæfð mæling í samræmi við c-lið liðar 4.2.2 í þessum viðauka).“

d) Í stað textans í línunum „CollantTempInlet“ og „CoolingPower“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ í töflu 7 kemur eftirfarandi:

„Ákvarðað í samræmi við liði 4.1.5.1 og 4.3.6 í þessum viðauka.

Tilgreina skal ílagið sem meðalgildi fyrir bæði spennustigin.“

c) Liðnum „Mengi ílagsmæliþátta fyrir rafgeymakerfi“ er breytt sem hér segir:

a) Töflu 1 er breytt sem hér segir:

1) Í línunni „RatedCapacity“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ er eftirfarandi texta bætt við:

„Ef mæliþátturinn „CertificationMethod“ er „Standard values“ skulu þau gildi ákvörðuð í samræmi við b-lið 1. liðar í 10. viðbæti.“

2) Í stað textans í línunni „JunctionboxIncluded“ í dálkinum „Kennimerki mæliþáttar“ kemur eftirfarandi:

„P516“.

b) Töflu 4 er breytt sem hér segir:

1) Textinn í línunni „SOC“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ er felldur brott.

2) Eftirfarandi texta er bætt við í línunum „MaxChargingCurrent“ og „MaxDischargingCurrent“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“:

„Ef mæliþátturinn „CertificationMethod“ er „Standard values“ skulu þau gildi ákvörðuð í samræmi við e-lið 1. liðar í 10. viðbæti og öll gildi skulu hafa jákvætt formerki.“

d) Í liðnum „Mengi ílagsmæliþátta fyrir þéttakerfi“ er töflu 1 breytt sem hér segir:

a) Í stað textans í línunni „CertificationMethod“ í dálkinum „Lýsing/Tilvísun“ kemur eftirfarandi:

„Leyfð gildi: „Measured“, „Standard values“.

b) Í línunni „InternalResistance“ í dálkinum „Eining“ er eftirfarandi texta bætt við:

„[mOhm]“.

c) Í stað textans í línunni „TestingTemperature“ í dálkinum „Kennimerki mæliþáttar“ kemur eftirfarandi:

„P537“.

e) Eftirfarandi lið er bætt við:

„*Mengi ílagsmæliþátta fyrir efnarafalakerfi*

Tafla 1

„Ílagsmæliþættir „Fuel cell system/General“

Heiti mæliþáttar	Kennimerki mæliþáttar	Gerð	Eining	Lýsing/tilvísun
Framleiðandi	P566	tóki	-	
Undirtegund	P567	tóki	-	
CertificationNumber	P568	tóki	-	
Dagsetning	P569	dateTime	-	Dagsetning og tími þegar íhlutar-tæti er myndað
AppVersion	P570	tóki	-	Sértækt ílag framleiðanda að því er varðar tól sem eru notuð við mat og meðhöndlun mældra gagna um íhluti
CertificationMethod	P571	strengur	-	Leyfð gildi: „Measured“, „Standard values“
FCSRatedPower	P572	heiltala	kW	Skilgreint í samræmi við lið 4.6 í 1. viðbæti. við 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100

Tafla 2

Ílagsmæliþættir „Fuel cell system/FuelMap“ fyrir hvern mældan vinnslupunkt

Heiti mæliþáttar	Kennimerki mæliþáttar	Gerð	Eining	Lýsing/tilvísun
OutputPower	P573	tvöfalt, 2	kW	Raforka frá efnarafalakerfinu, ákvörðuð í samræmi við lið 7.5.3
FuelConsumption	P574	tvöfalt, 2	g/klst.	Massastreymi eldsneytis í samræmi við lið 7.5.3.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2023/2631 **2026/EES/17/38**

frá 22. nóvember 2023

um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umbreyting yfir í loftslagshlutlaust, sjálfbært, orku- og auðlindanýtið, sanngjarnt hringrásarhagkerfi er lykilatriði til að tryggja langtímasamkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins og velferð þjóða þess. Parísarsamningurinn sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar („Parísarsamningurinn“) var samþykktur af hálfu Sambandsins 5. október 2016 ([3]). Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. Parísarsamningsins miða að því að styrkja hnattræn viðbrögð við ógninni af loftslagsbreytingum með því, m.a., að láta fjármagnsstreymi samrýmast þróun sem eykur viðnám gegn loftslagsbreytingum. Markmið Sambandsins um loftslagshlutleysi fyrir 2050 er í samræmi við það markmið.

2) Í orðsendingu sinni frá 14. janúar 2020 sem ber yfirskriftina „Fjárfestingaráætlun fyrir sjálfbæra Evrópu. Fjárfestingaráætlun fyrir Grænt samkomulag í Evrópu“ gerði framkvæmdastjórnin ráð fyrir að komið yrði á staðli fyrir umhverfislega sjálfbær skuldabréf til að auka enn frekar fjárfestingartækifæri og greiða fyrir greiningu á umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum með skýrum merkingum. Í niðurstöðum sínum frá 11. desember 2020 hvatti leiðtogaráðið framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf um staðal um græn skuldabréf. Í ályktunum sínum frá 29. maí 2018 um sjálfbær fjármál ([4]) og frá 13. nóvember 2020 um fjárfestingaráætlun fyrir sjálfbæra Evrópu – Hvernig á að fjármagna Grænt samkomulag ([5]) lagði Evrópuþingið áherslu á þörfina á Evrópustaðli um græn skuldabréf.

3) Umhverfislega sjálfbær skuldabréf eru ein helsta leiðin til að fjármagna fjárfestingar í tengslum við umhverfissjálfbæra tækni, orku- og auðlindanýtni, sem og umhverfissjálfbær samgöngugrunnvirki og rannsóknarinnviði. Fyrirtæki á fjármálamarkaði og fyrirtæki sem eru ekki á fjármálamarkaði, sem og aðilar sem eru ekki viðskiptafyrirtæki, s.s. ríki, geta gefið út slík skuldabréf. Hin ýmsu framtaksverkefni sem eru fyrir hendi í tengslum við umhverfislega sjálfbær skuldabréf innihalda ekki sameiginlegar skilgreiningar á umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi. Þetta kemur í veg fyrir að fjárfestar geti auðveldlega greint skuldabréf þar sem ágóði er samræmdur við eða stuðlar að umhverfismarkmiðunum sem mælt er fyrir um í Parísarsamningnum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2023/2631, 30.11.2023. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2025 frá 24. október 2025 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 152, 6.4.2022, bls. 105.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 5. október 2023 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 23. október 2023.

([3]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

([4]) Stjtíð. ESB C 76, 9.3.2020, bls. 23.

([5]) Stjtíð. ESB C 415, 13.10.2021, bls. 22.

4) Þann 8. júlí 2021 samþykkti Seðlabanki Evrópu vegvísi í loftslagsmálum til að taka enn frekar tillit til sjónarmiða sem tengjast loftslagsbreytingum í ramma sínum um peningamálastefnu og starfsemi á sviði birtingar, áhættumats, tryggingaramma og eignakaupa í fyrirtækjageiranum. Þessi reglugerð getur því verið gagnleg að því er þetta varðar.

5) Mismunandi reglur um birtingu upplýsinga, gagnsæi og ábyrgð ytri úttektaraðila umhverfislega sjálfbærra skuldabréfa og hæfisviðmið fyrir umhverfislega sjálfbær verkefni koma í veg fyrir að fjárfestar geti greint, treyst og borið saman umhverfislega sjálfbær skuldabréf og getu útgefenda til að nota umhverfislega sjálfbær skuldabréf til að færa starfsemi sína yfir í viðskiptalíkön sem eru umhverfislega sjálfbærari.

6) Til að tryggja samræmi við markmið Parísarsamningsins og með hliðsjón af núverandi misræmi og skorti á sameiginlegum reglum er líklegt að aðildarríki muni samþykkja mismunandi ráðstafanir og aðferðir, sem mun síðan hafa bein neikvæð áhrif á og skapa hindranir fyrir eðlilegri starfsemi innri markaðarins og hafa skaðleg áhrif á útgefendur umhverfislega sjálfbærra skuldabréfa. Samhliða þróun á markaðsvenjum, sem byggjast á markaðsdrifnum forgangsmálum sem geta leitt til mismunandi niðurstöðu, kann að valda uppskiptingu markaðarins nú um stundir og hætta er á að óskilvirkni í starfsemi innri markaðarins aukist enn frekar. Mismunandi staðlar og markaðsvenjur gera það erfitt að bera saman ólík skuldabréf, skapa ójöfn markaðsskilyrði fyrir útgefendur, valda frekari hindrunum á innri markaðnum og auka hættu á grænþvotti og röskun á fjárfestingarákvörðunum.

7) Skortur á samræmdum reglum um verklagsreglur sem ytri úttektaraðilar nota við úttektir á umhverfislega sjálfbærum skuldabréfum og mismunandi skilgreiningar á umhverfislega sjálfbærri starfsemi gerir fjárfestum sífellt erfiðara að bera saman með skilvirkum hætti skuldabréf í Sambandinu að því er varðar umhverfismarkmið þeirra. Markaður fyrir umhverfislega sjálfbær skuldabréf er í eðli sínu alþjóðlegur þar sem markaðsaðilar stunda viðskipti með skuldabréf og nýta sér ytri úttektarþjónustu þriðju aðila sem veita þjónustu yfir landamæri. Aðgerðir á vettvangi Sambandsins gætu dregið úr hættunni á uppskiptingu innri markaðar fyrir umhverfislega sjálfbær skuldabréf og ytri úttektarþjónustu í tengslum við skuldabréf og aðstoðað við beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 ([6]) á markaðnum fyrir slík skuldabréf.

8) Því ætti að mæla fyrir um samræmdar sértækar kröfur fyrir skuldabréf sem fyrirtæki á fjármálamarkaði, fyrirtæki sem ekki eru á fjármálamarkaði og ríki gefa út og óska þess að nota merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ fyrir slík skuldabréf. Með því að tilgreina gæðakröfur fyrir evrópsk græn skuldabréf á formi reglugerðar ætti að tryggja að til staðar séu samræmd skilyrði fyrir útgáfu slíkra skuldabréfa með því að koma í veg fyrir ólíkar landsbundnar kröfur sem leitt gætu af lögleiðingu tilskipunar og einnig tryggja að þessi skilyrði gildi án frekari lögfestingar um útgefendur slíkra skuldabréfa. Útgefendur sem vilja nota merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ ættu að fylgja sömu reglum alls staðar í Sambandinu til að auka skilvirkni markaðarins með því að draga úr ósamræmi og þar með einnig draga úr kostnaði fjárfesta við að meta slík skuldabréf. Til að auðvelda samanburð og takast á við grænþvott ættu valkvæð sniðmát fyrir birtingu upplýsinga um sjálfbærni að vera fyrir hendi bæði fyrir skuldabréf sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf.

9) Á skuldabréfamarkaði taka sjálfbærnitengd skuldabréf til hvers konar skuldabréfagerninga þar sem fjárhagsleg eða kerfislæg einkenni eru mismunandi, allt eftir því hvort útgefandi nær fyrirframskilgreindum markmiðum um sjálfbærni eða umhverfismarkmiðum, félagslegum markmiðum og stjórnunarmarkmiðum. Þar sem þessi reglugerð tekur aðeins til umhverfislegrar sjálfbærni ætti skilgreiningin á sjálfbærnitengdum skuldabréfum að því er varðar þessa reglugerð eingöngu að ná yfir skuldabréf sem hafa fjárhagslega eiginleika eða eiginleika í uppbyggingu, sem eru mismunandi eftir því hvort útgefandi nær fyrirframskilgreindum umhverfislegum sjálfbærnimarkmiðum.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

10) Í reglugerð (ESB) 2020/852 er gerður greinarmunur, innan umhverfislega sjálfbærrar starfsemi, á starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og umbreytingarstarfsemi sem telst vera umhverfislega sjálfbær við tiltekin skilyrði. Þennan sama greinarmun ætti einnig að gera í upplýsingagjöf um evrópsk græn skuldabréf, sem og skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf, ásamt sértækum kröfum um gagnsæi fyrir starfsemi sem tengist kjarnorku og jarðefnagasi, þegar slík starfsemi fellur undir framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 ([7]).

11) Í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/852 og til að veita fjárfestum skýrar, megindlegar, ítarlegar og sameiginlegar skilgreiningar ætti að nota viðmiðanirnar sem settar eru fram í þeirri reglugerð til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi teljist umhverfislega sjálfbær. Úthluta ætti ágóða af skuldabréfum sem nota merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ til atvinnustarfsemi sem er annaðhvort umhverfislega sjálfbær og því í samræmi við þau umhverfismarkmið sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2020/852 eða sem stuðla að umbreytingu starfseminnar þannig að hún geti uppfyllt viðmið til að verða umhverfislega sjálfbær. Útgefendur ættu í öllum tilvikum að ráðstafa öllu andvirði af evrópskum grænum skuldabréfum fyrir gjalddaga hvers skuldabréfs en hafa heimild til að draga frá útgáfukostnað sem tengist beint útgáfu þeirra. Það ætti að vera hægt að nota ágóða af þessum skuldabréfum til að fjármagna slíka umhverfislega sjálfbæra starfsemi, bæði beint með fjármögnun eigna og útgjalda sem tengjast atvinnustarfsemi sem uppfyllir viðmiðanir fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2020/852 („kröfur flokkunarkerfisins“), og á óbeinan hátt við tiltekin skilyrði, með fjáreignum sem fjármagna atvinnustarfsemi sem uppfyllir þessar viðmiðanir. Því er nauðsynlegt að tilgreina þá eigna- og útgjaldaflokka sem hægt er að fjármagna með ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum.

12) Ágóðanum af evrópskum grænum skuldabréfum skal varið til að fjármagna atvinnustarfsemi sem hefur varanleg jákvæð áhrif á umhverfið. Slíkum varanlegum jákvæðum áhrifum má ná á ýmsa vegu. Þar sem fastafjármunir eru yfirleitt langtímaeignir er fyrsta leiðin að nota ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum til að fjármagna efnislegar eignir eða óefnislegar eignir sem eru ekki fjáreignir, að því tilskildu að þessir fastafjármunir tengist atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfur flokkunarkerfisins. Þar eð einnig er unnt að nota fjáreignir til að fjármagna atvinnustarfsemi sem hefur varanleg jákvæð áhrif á umhverfið er önnur leið að nota ágóðann af evrópskum grænum skuldabréfum til að fjármagna fjáreignir, að því tilskildu að ágóða af þessum fjáreignum sé ráðstafað til atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfur flokkunarkerfisins, á beinan eða óbeinan hátt í gegnum síðari fjáreignir. Það ætti að vera hægt að úthluta þessum fjáreignum að hámarki til þriggja síðari fjáreigna í röð og útgefendur ættu að tryggja að ytri úttektaraðilar geti skoðað endanlega skiptingu ágóða á skilvirkan hátt. Þar sem eignir heimila geta einnig haft jákvæð áhrif á umhverfið til frambúðar er þriðja leiðin sú að nota ágóðann af evrópskum grænum skuldabréfum til að fjármagna eignir og útgjöld heimila. Enn fremur, þar eð unnt er að nota fjárfestingargjöld og valinn rekstrarkostnað til að afla, uppfæra eða viðhalda fastafjármunum, er fjórða leiðin sú að nota ágóðann af evrópskum grænum skuldabréfum til að fjármagna fjárfestingar- og rekstrarkostnað sem tengist atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfur flokkunarkerfisins eða sem uppfyllir þessar kröfur innan hæfilega skamms tíma frá útgáfu viðkomandi skuldabréfs, að því tilskildu að útgefandinn hafi birt áætlun um að víkka út atvinnustarfsemi sem er í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/852 („fellur að flokkunarkerfinu“) eða til að atvinnustarfsemi verði samræmd að flokkunarkerfi í samræmi við I. viðauka við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 ([8]) (fjárfestingargjaldaáætlun). Loks ættu útgefendur að geta úthlutað ágóða af einu eða fleiri útistandandi evrópskum grænum skuldabréfum til safns fastafjármuna eða fjáreigna („eignasafnsleið“), að því tilskildu að þeir sýni fram á það í úthlutunarskýrslum að heildarvirði fastafjármuna eða fjáreigna í eignasafni þeirra sé hærra en heildarvirði útistandandi skuldabréfa.

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139 frá 4. júní 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfismarkmiðum (Stjtíð. ESB L 442, 9.12.2021, bls. 1).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2178 frá 6. júlí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að tilgreina innihald og framsetningu upplýsinga sem fyrirtæki eiga að birta skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB varðandi umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi og tilgreina aðferðafræðina við að fara að þessari birtingarskyldu (Stjtíð. ESB L 443, 10.12.2021, bls. 9).

13) Að því er varðar tiltekna atvinnustarfsemi, þar sem ekki eru í gildi tæknileg matsviðmið samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852, eða tiltekna atvinnustarfsemi í tengslum við alþjóðlegan stuðning sem stuðlar að almennum umhverfismarkmiðum þeirrar reglugerðar, ætti að kveða á um ákveðinn sveigjanleika. Slíkur sveigjanleiki ætti að vera takmarkaður á viðeigandi hátt að því er varðar stærð og umfang til að viðhalda mjög háu metnaðarstigi fyrir evrópsk græn skuldabréf. Útgefandi ætti að sýna fram á að atvinnustarfsemin stuðli verulega að einu eða fleiri þessara almennu umhverfismarkmiða, að hún skaði þessi almennu umhverfismarkmið ekki verulega og að hún sé framkvæmd í samræmi við lágmarksverndar-ráðstafanir. Þessi sönnun ætti að koma fram á upplýsingablaði um evrópsk græn skuldabréf og ytri úttektaraðili ætti að staðfesta hana með jákvæðu áliti í úttekt fyrir útgáfu.

14) Til að auðvelda útgáfu smærri fyrirtækja á evrópskum grænum skuldabréfum ætti krafan um að ráðstafa ágóða af grænum skuldabréfum til umhverfislega sjálfbærrar atvinnustarfsemi einungis að gilda um hreinan ágóða af slíkum skuldabréfum. Hreinn ágóði samanstendur af mismun á heildarandvirði skuldabréfa og útgáfukostnaði sem tengist útgáfu skuldabréfanna á beinan hátt, sem felur í sér kostnað fjármálamilliliða sem stýra útgáfunni, ráðgjafarkostnað, lögfræðikostnað, matskostnað og kostnað sem tengist ytri úttekt. Útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa ættu að geta ákveðið að ráðstafa vergum ágóða til umhverfislega sjálfbærrar atvinnustarfsemi án þess að draga kostnað frá.

15) Ríki Sambandsins og þriðju landa eru tíðir útgefendur skuldabréfa sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og ættu því einnig að hafa heimild til að gefa út evrópsk græn skuldabréf. Heimila ætti ríkjum Sambandsins og þriðju landa að gefa út evrópsk græn skuldabréf til að fjármagna opinberar eignir eða útgjöld sem uppfylla eða reiknað er með að uppfylli kröfur flokkunarkerfisins innan tiltölulega skamms tíma frá útgáfu viðkomandi skuldabréfa, s.s. eignir eða útgjöld sem varða skattaívilnanir, styrki, aðfanganotkun, rekstrartilfærslur hjá opinberum yfirvöldum og yfirstandandi alþjóðlega samvinnu.

16) Tiltekin fyrirtæki, sem eru með eitt eða fleiri evrópsk græn skuldabréf í skuldahluta efnahagsreiknings síns, geta hugsanlega ekki tilgreint þær sérstöku eignir á efnahagsreikningnum, sem ágóða af þessum skuldabréfum hefur verið úthlutað til, fyrir sérhverja útgáfu á evrópskum grænu skuldabréfum. Í slíkum tilvikum ætti að heimila fyrirtækjum að upplýsa um ráðstöfun samanlagðs ágóða af eignasafni sínu í evrópskum grænum skuldabréfum í eignasafni umhverfislega sjálfbærra eigna á efnahagsreikningi sínum. Þessi fyrirtæki ættu síðan að sýna fram á það í árlegum úthlutunarskýrslum að tengdar umhverfislega sjálfbærar eignir uppfylli viðeigandi tæknileg matsviðmið. Til að tryggja að allur ágóði af evrópskum grænum skuldabréfum renni til umhverfislega sjálfbærrar atvinnustarfsemi ættu fyrirtækin einnig að sýna fram á að verðgildi þessara umhverfislega sjálfbæru eigna sé meira eða jafnt verðgildi evrópskra grænna skuldabréfa sem hafa ekki enn fallið í gjalddaga. Þegar útgefendur nota eignasafnsaðferðina ætti krafan um að ágóða af skuldabréfum sé eingöngu úthlutað til fjáreigna sem stofnaðar eru áður en fimm ár eru liðin frá útgáfu skuldabréfanna ekki að gilda. Til að tryggja að veittar upplýsingar haldist fullnægjandi og uppfærðar ætti ytri úttektaraðili að skoða árlegar úthlutunarskýrslur ár hvert, nema í þeim tilvikum þar sem engin breyting er gerð á úthlutun eignasafnsins. Sá ytri úttektaraðili ætti einkum að beina athyglinni að eignum sem voru ekki taldar með í fyrri árlegu úthlutunarskýrslunni.

17) Ákvæði reglugerðar (ESB) 2020/852 krefjast þess að Sambandið og aðildarríki beiti kröfum flokkunarkerfisins til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi uppfylli skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær með tilliti til allra ráðstafana þar sem settar eru fram kröfur fyrir aðila á fjármálamarkaði eða útgefendur að því er varðar fjármálaafurðir eða fyrirtækjaskuldabréf sem eru gerð aðgengileg sem umhverfislega sjálfbær. Því er rökrétt að tæknilegu matsviðmiðin sem komið var á með framseldum gerðum sem samþykktar voru samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852 eigi að ákvarða hvaða fastafjármuni, útgjöld og fjáreignir sé hægt að fjármagna með ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum. Í ljósi væntanlegra tækniframfara á sviði umhverfislegrar sjálfbærni er líklegt að þessi tæknilegu matsviðmið verði endurskoðuð og þeim breytt með tímanum. Þrátt fyrir slíkar breytingar ættu útgefendur, til að veita útgefendum og fjárfestum réttarvissu og koma í veg fyrir að breytingar á tæknilegum matsviðmiðum hafi neikvæð áhrif á verð evrópskra grænna skuldabréfa sem þegar hafa verið gefin út, að geta beitt þeim tæknilegu matsviðmiðunum sem gilda á þeim tíma sem viðkomandi evrópsk græn skuldabréf eru gefin út þegar ágóða af þeim skuldabréfum er úthlutað til hæfra fastafjármuna eða útgjalda. Ef viðeigandi tæknilegum matsviðmiðum er breytt ætti útgefandi að tryggja að óráðstafaður ágóði og ágóði, sem fellur undir fjárfestingargjaldaætlun sem ekki hefur enn uppfyllt flokkunarfræðilegar kröfur, uppfylli breyttu tæknilegu matsviðmiðin innan sjö ára. Telji útgefandi að hætta sé á að atvinnustarfsemi sem fjármögnuð

er með ágóða af skuldabréfum uppfylli ekki breytt tæknileg matsviðmið innan sjö ára, ætti honum að vera heimilt að birta áætlun um hvernig á að samræma atvinnustarfsemina breyttum tæknilegum matsviðmiðum og draga úr neikvæðum afleiðingum, að því marki sem hægt er. Birta ætti áætlunina fyrir lok sjö ára tímabilsins sem hefst við breytingu á tæknilegum matsviðmiðum og ytri úttektaraðili ætti að endurskoða hana. Samkvæmt eignasafnsaðferðinni ættu útgefendur að hafa með í eignasafni sínu yfir fastafjármuni eða fjáreignir einungis þær eignir sem samræmast öllum tæknilegum matsviðmiðum sem gilda á einhverjum tímapunkti á sjö ára tímabili fyrir birtingu viðkomandi úthlutunarskýrslu. Ef einhver eign sem fjármögnuð er með evrópskum grænu skuldabréfum er ekki samræmd breyttum tæknilegum matsviðmiðunum ætti hún því að geta verið hluti af safni fjármagnaðra eigna í allt að sjö ár.

18) Tíminn sem þarf til að umbreyta eign til að atvinnustarfsemin sem hún tengist samræmist kröfum flokkunarkerfisins ætti að vera í samræmi við tímarammana sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178. Ákvæði þessarar framseldu reglugerðar myndu sem stendur krefjast þess að tæk fjárfestingarútgjöld tengist atvinnustarfsemi sem uppfylla, eða reiknað er með að uppfylli, kröfur flokkunarkerfisins innan fimm ára frá útgáfu evrópskra grænna skuldabréfa, nema allt að 10 árum lengra tímabil sé réttlætanlegt vegna sérkenna viðkomandi atvinnustarfsemi og fjárfestinga. Útgefandi ætti að láta samantekt um fjárfestingargjaldaáætlun fylgja með í lýsingu sem er tekin saman í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 ([9]) og einnig að gefa skýrslu um framvinduna við framkvæmd áætlunarinnar í árlegum úthlutunarskýrslum. Í lok tímaáætlunarinnar sem tilkynnt er í fjárfestingar-gjaldaáætlun útgefanda ætti hann að fá mat frá ytri úttektaraðila um hvernig útgjöld sem fjármögnuð eru með skuldabréfinu falla að flokkunarkerfinu. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á kröfur framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 2021/2178.

19) Ekki ætti að heimila þriðju löndum sem talin eru upp í I. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaða skrá ESB yfir ósamvinnuþýðar lögsögur í skattalegu tilliti eða áhættusömum löndum sem talin eru upp í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 ([10]) og útgefendum, sem hafa staðfestu í þessum lögsagnarumdæmum eða löndum, að nota merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“.

20) Meginstofnanir og aðilar Sambandsins ættu að fylgja stöðlum Sambandsins við að ná sjálfbærnimarkmiðum, þ.m.t. þeim sem um getur í reglugerð (ESB) 2020/852. Evrópuþingið og ráðið hvetja til notkunar á Evrópustaðli um græn skuldabréf við útgáfu á tryggðum skuldabréfum sem hafa umhverfislega sjálfbærni að markmiði. Sem leiðandi útgefandi grænna skuldabréfa um allan heim, hefur Fjárfestingarbanki Evrópu skuldbundið sig til að laga áætlun sína um græn skuldabréf að Evrópustaðli um græn skuldabréf í áföngum.

21) Fjárfestar ættu að fá allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta nýtingu ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum og til að bera slík skuldabréf saman. Í því skyni ætti að setja fram sértækar og staðlaðar birtingarkröfur sem veita gagnsæi um hvernig útgefandi hyggst ráðstafa ágóða skuldabréfa til hæfra fastafjármuna, útgjalda og fjáreigna og hvernig þessum ágóða er ráðstafað í reynd. Slíku gagnsæi er best náð með upplýsingablöðum og úthlutunarskýrslum um evrópsk græn skuldabréf. Til að styrkja samanburðarhæfi evrópskra grænna skuldabréfa og gera auðveldara að finna viðeigandi upplýsingar er nauðsynlegt að mæla fyrir um sniðmát fyrir birtingu slíkra upplýsinga.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjtíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).

([10]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu (Stjtíð. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1).

22) Skortur á sameiginlegum stöðluðum sniðmátum fyrir upplýsingagjöf fyrir útgefendur umhverfislega sjálfbærra skuldabréfa eða sjálfbærnitengdra skuldabréfa á vettvangi Sambandsins gerir fjárfestum slíkra skuldabréfa erfitt um vik að finna auðveldlega og áreiðanlega þær upplýsingar sem þeir þarfnast og bera og taka saman gögn um slík skuldabréf. Einkum skapar skortur á sameiginlegum aðferðum fyrir útgefendur til að tilkynna um samræmingu ágóða af skuldabréfum við flokkunarlegar kröfur stjórnsýslulega erfiðleika og óvissu fyrir fjárfesta í skuldabréfum sem gefa skýrslu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 ([11]). Því ætti að koma á sniðmátum fyrir opinbera birtingu sem útgefendur slíkra skuldabréfa geta valið að fylla út og birta samhliða öðrum gögnum sínum um birtingu upplýsinga. Slík sniðmát ættu að innihalda upplýsingar um úthlutun ágóða af skuldabréfum til starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, jafnframt því að tilgreina með skýrum hætti þann hluta ágóða sem úthlutað er til gass og kjarnorku. Framkvæmdastjórnin ætti að þróa sniðmátin með því að nota viðmiðunarreglur um valfrjálsa upplýsingagjöf áður en til útgáfu kemur, sem geta verið hvatning til að nota við sjálfbærnitengda upplýsingagjöf í framtíðinni samkvæmt lögum Sambandsins, og framselda gerð um reglubundnar birtingar upplýsinga. Slík upplýsingagjöf skal vera í samræmi við viðeigandi kafla í upplýsinga-skjali og úthlutunarskýrslu um evrópsk græn skuldabréf.

23) Fjárfestar ættu að hafa hag af kostnaðarhagkvæmu aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum um evrópsk græn skuldabréf. Útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa ættu því að gera samning við óháðan ytri úttektaraðila um að gera úttekt á upplýsingablaði um evrópsk græn skuldabréf fyrir útgáfu og úttekt á árlegum úthlutunarskýrslum um evrópsk græn skuldabréf að útgáfu lokinni.

24) Þegar ytri úttektaraðilar veita þjónustu sína samkvæmt þessari reglugerð ætti þeim að vera heimilt að nota slembiúrtak í samræmi við bestu markaðsvenjur fyrir staðfestingarþjónustu þegar þeir meta hvernig mörg verkefni falla að flokkunarkerfinu, ef það er réttlætanlegt vegna þess hversu flókið, umfangsmikið og óframkvæmanlegt heildarmat á undirliggjandi starfsemi er. Slíkt slembiúrtak ætti að gera ytri úttektaraðilum kleift að treysta því að slík verkefni, þ.m.t. þau sem eru fjármögnuð með skattaívilnunum og niðurgreiðslum, séu framkvæmd í samræmi við upplýsingarnar sem veittar eru í viðaukum við þessa reglugerð. Framkvæma ætti slíkt slembiúrtak með því að taka tillit til ráðstafana varðandi gagnaleynd, til að tryggja öfluga vernd persónuupplýsinga og annarra viðkvæmra upplýsinga sem ekki skipta máli að því er varðar ytri úttektaraðila.

25) Þegar ytri úttektaraðilar veita þjónustu samkvæmt þessari reglugerð skulu þeir gefa óháð álit á því hvort útgefandi hafi uppfyllt kröfur flokkunarkerfisins. Við mat á samræmingu við megindlegar viðmiðanir ættu ytri úttektaraðilar að sannreyna að hugsanlegt framsýnt mat byggist á raunhæfum forsendum án þess að ábyrgjast niðurstöður. Við mat á samræmingu við eigindlegar viðmiðanir ættu ytri úttektaraðilar að sannreyna að til séu viðeigandi ferlar og kerfi áreiðanleikakannana sem eru hönnuð til að meta, milda og bæta úr áhættu og öðrum málum sem gætu komið upp í tengslum við viðmiðanirnar.

26) Til að auka gagnsæi ættu útgefendur einnig að birta upplýsingar um umhverfisáhrif skuldabréfa sinna með því að gefa út áhrifaskýrslu, a.m.k. einu sinni á endingartíma skuldabréfanna og þegar ágóða af slíkum skuldabréfum hefur verið ráðstafað að fullu. Til að veita fjárfestum allar viðeigandi upplýsingar til að meta umhverfisáhrif evrópskra grænna skuldabréfa ætti að tilgreina mælistikur, aðferðir og forsendur, sem notaðar eru við mat á umhverfisáhrifum, með skýrum hætti í áhrifaskýrslum. Til að styrkja samanburðarhæfi evrópskra grænna skuldabréfa og gera auðveldara að finna viðeigandi upplýsingar er nauðsynlegt að mæla fyrir um sniðmát fyrir birtingu slíkra upplýsinga. Til að tryggja nákvæmni áhrifaskýrslna og vernda fjárfesta fyrir grænþvotti ættu útgefendur að geta samið við óháðan ytri úttektaraðila um að leggja fram úttekt á áhrifaskýrslu.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

27) Evrópsk græn skuldabréf, skuldabréf sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf geta stutt fyrirtæki við að fjármagna umbreytingu sína yfir í sjálfbærni. Útgefendur þeirra skuldabréfa sem falla undir skyldu til að birta ófjárhagslegar upplýsingar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([12]) ættu að tilgreina hvernig og að hvaða marki útgáfa skuldabréfanna eykur hlutfall þess sem fellur að flokkunarkerfinu á einingastigi, eins og kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852. Setja mætti þessa yfirlýsingu fram sem prósentustigahækkun á veltu sem fellur að flokkunarkerfinu sem á að nást með því að nota ágóða af skuldabréfunum. Af þessum útgefendum ættu þeir sem skylt er að birta áætlanir sem þeir kunna að hafa til að tryggja að viðskiptalíkan þeirra og stefnuáætlun samrýmist umbreytingu yfir í sjálfbært hagkerfi skv. tilskipun 2013/34/ESB og þeir sem birta slíkar áætlanir að eigin frumkvæði að tilgreina hvernig ágóði skuldabréfa þeirra rennur til fjármögnunar og framkvæmdar á slíkum áætlunum. Slíkar yfirlýsingar ætti að birta á upplýsingablaði evrópskra grænna skuldabréfa og úthlutunarskýrslu eða á valkvæðu sniðmáti fyrir og eftir útgáfu sem birtir reglubundið upplýsingar, eða hvort tveggja.

28) Ríkisendurskoðendur eru löggiltar einingar sem bera ábyrgð á og búa yfir sérfræðiþekkingu á eftirliti með fjárnotkun hins opinbera og sjálfstæði þeirra er lagalega tryggt. Ríkjum sem gefa út evrópsk græn skuldabréf ætti því að vera heimilt að nýta sér ríkisendurskoðendur til að gera úttekt á ráðstöfun ágóða af skuldabréfum, ásamt ytri úttektaraðilum sem ættu áfram að bera ábyrgð á að meta hvernig atvinnustarfsemin sem skuldabréfið fjármagnar fellur að flokkunarkerfinu. Ríkisendurskoðendur ættu hvorki að vera skráðir né undir eftirliti samkvæmt þessari reglugerð.

29) Einungis ætti að heimila skuldabréfum sem útgefandinn hefur birt lýsingu fyrir samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 og skuldabréfum sem falla undir b- og d-lið 2. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar að nota merkinguna „grænn evrópsk skuldabréf“ eða „EuGB“. Í þeirri reglugerð eru ákvæði um bótaábyrgð.

30) Til að tryggja skilvirkni markaðar fyrir evrópsk græn skuldabréf ættu útgefendur að birta upplýsingar um evrópsk græn skuldabréf, sem þeir gefa út, á vefsetrum sínum. Til að tryggja áreiðanleika upplýsinga og tiltrú fjárfesta ættu útgefendur einnig að birta úttekt fyrir útgáfu, allar úttektir eftir útgáfu sem og, ef við á, allar úttektir á áhrifaskýrslum, fjárfestingargjaldaáætlun og tengil á lýsinguna sem krafist er samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129. Þetta birta efni ætti að vera aðgengilegt þar sem birtingardagar eru sýndir á skýran hátt, svo notandi geti greint breytingar frá einni úttekt til annarrar. Upplýsingar í þessum skjölum skulu samdar á tungumáli sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkis, þar sem skuldabréfin eru boðin út í almennu útboði eða tekin til viðskipta, hefur samþykkt eða, að öðrum kosti, á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum. Þegar þessi reglugerð er samþykkt er enska venjubundna tungumálið í alþjóðafjármálageiranum en það gæti breyst í framtíðinni.

31) Í hefðbundnum verðbréfunarviðskiptum er útgefandi skuldabréfa sérstakur verðbréfunaraðili sem er lagalega aðskilinn frá upphafsaðila. Upphafsaðilinn er aftur á móti sú eining sem notar ágóða af skuldabréfunum til að ráðstafa fjármögnun til atvinnustarfsemi. Verðbréfunarmarkaður með evrópsk græn skuldabréf þar sem allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar falla að flokkunarkerfinu myndi mæta verulegum vaxtartakmörkunum sem stendur, þar sem lítið er af eignum sem falla að flokkunarkerfinu og eru hæfar til verðbréfunar. Í skýrslu sinni um „Þróun ramma fyrir sjálfbæra verðbréfun“ mælti Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([13]), því með því að beita ákvæðum um kröfu um tryggð græn skuldabréf á upphafsaðila verðbréfunar, í stað sérstaks verðbréfunaraðila, sem skilvirkri og hagnýtri aðferð á umbreytingartímabilinu. Sú nálgun væri viðeigandi þar til nægilegt magn eigna sem falla að flokkunarkerfinu myndast í hagkerfi Sambandsins. Til að tryggja fullnustuhæfi ætti ábyrgð upphafsaðila, að því er varðar notkun ágóða í framtíðinni, að koma skýrt fram í lýsingunni sem er birt samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129.

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

([13]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

32) Sérstakar upplýsinga- og útilokunarkröfur ættu að gilda um skuldabréf sem verða til við verðbréfun sem eru merkt sem „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ til að auka tiltrú fjárfesta og tryggja að þeir séu upplýstir að fullu um umhverfiseiginleika viðskiptanna. Tryggja ætti nægilegt gagnsæi fyrir fjárfesta með mismunandi óskir um umhverfiseiginleika undirliggjandi eignasafns. Verndarráðstafanir eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að upphafsaðili velji eignir til verðbréfunar sem innihalda áhættuskuldbindingar sem fjármagna leit, námugröft, námuvinnslu, framleiðslu, vinnslu, geymslu, hreinsun eða dreifingu, þ.m.t. flutninga og viðskipti með jarðefnaeldsneyti eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 ([14]). Hins vegar ættu útilokunarkröfur að taka tillit til megintilgangs verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og ættu ekki að ná yfir áhættuskuldbindingar þar sem tengsl við starfsemi með jarðefnaeldsneyti eru aðeins óveruleg eða tilfallandi, s.s. viðskiptahúsnæði með geymslutank fyrir gas. Auk þess ættu útilokunarkröfur ekki eingöngu að byggjast á notkun jarðefnaeldsneytis, eins og þegar um bílalán eða húsnæðislán er að ræða. Enn fremur ætti upphafsaðili að birta upplýsingar um hæfi flokkunarkerfis, hvernig liðir falla að flokkunarkerfinu og fylgni við meginregluna um að „valda ekki verulegu tjóni“ að því er varðar starfsemi sem fjármögnuð er með verðbréfuðum áhættuskuldbindingum. Slík upplýsingagjöf ætti að vera eftir bestu getu með því að nota tiltæk gögn eins og þau sem safnað er í innri gagnagrunn eða upplýsingatæknikerfi upphafsaðila. Upphafsaðilar eru hvattir til að gera upplýsingarnar einnig aðgengilegar í gegnum verðbréfunarskrár sem skráðar eru hjá Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([15]), í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 ([16]).

33) Nauðsynlegt er að lögbær yfirvöld hafi skilvirkt eftirlit með því að farið sé að sértækum kröfum sem gilda um upphafsaðila og sérstaka verðbréfunaraðila. Í ákvæðum reglugerðar (ESB) 2017/2402 er þess krafist að aðildarríki tilnefni eitt eða fleiri lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með því að verðbréfunarviðskipti séu í samræmi við merkinguna „einföld, gagnsæ og stöðluð“ (STS) sem einnig tekur til sérstakra upplýsinga- og útilokunarkrafna. Í ljósi þeirrar reynslu sem þessi lögbæru yfirvöld hafa fengið við úttekt á verðbréfunarviðskiptum er viðeigandi að þau hafi eftirlit með því að upphafsaðilar fari að kröfum þessarar reglugerðar. Þar sem bæði upphafsaðilar og sérstakir verðbréfunaraðilar koma að verðbréfun ætti þó að fela bæði lögbærum yfirvöldum upphafsaðila og sérstaks verðbréfunaraðila samsvarandi eftirlits-heimildir og mælt er fyrir um í þessari reglugerð og þeir ættu að starfa saman til að tryggja skilvirkt og fullnægjandi eftirlit.

34) Lögbær yfirvöld ættu að hafa eftirlit með útgefendum skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengdra skuldabréfa sem ákveða að nota sameiginleg sniðmát fyrir reglubundna birtingu upplýsinga eftir útgáfu til að tryggja að allir þættirnir sem felast í þessum sniðmátum séu birtir með réttum hætti. Fari útgefendur ekki að þessari reglugerð ættu lögbær yfirvöld að birta þær upplýsingar.

35) Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum viðkomandi fjármálaþjónustu, fjármagnsmörkuðum og sjálfbærni. Upplýsingar um evrópsk græn skuldabréf munu hafa gildi fyrir fjárfesta og aðra þátttakendur á fjármálamarkaði, jafnt sem almenning. Því ættu upplýsingaskjölin sem um getur í þessari reglugerð, þ.m.t. upplýsingablað um evrópsk græn skuldabréf, úthlutunarskýrsla og áhrifaskýrsla, fjárfestingargjaldaáætlun, eftir atvikum, og valkvæð sniðmát fyrir birtingu upplýsinga um skuldabréf sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf, sem og úttekt sem ytri úttektaraðilar annast, að vera aðgengileg öllum og án endurgjalds. Slíkur einn evrópskur aðgangsstaður gæti verið viðeigandi fyrirkomulag til að ná því markmiði.

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1999 frá 11. desember 2018 um stjórnun orkusambandsins og aðgerða í loftslagsmálum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 663/2009 og (EB) nr. 715/2009, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB, 98/70/EB, 2009/31/EB, 2009/73/EB, 2010/31/ESB, 2012/27/ESB og 2013/30/ESB, tilskipunum ráðsins 2009/119/EB og (ESB) 2015/652 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (Stjtíð. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 1).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402 frá 12. desember 2017 um almennan ramma fyrir verðbréfun og gerð sértæks ramma fyrir einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB og 2011/61/ESB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 347, 28.12.2017, bls. 35).

36) Til að auka gagnsæi í aðferðum ytri úttektaraðila, tryggja að þeir búi yfir fullnægjandi menntun og hæfi, starfsreynslu og sjálfstæði og draga úr hættu á hugsanlegum hagsmunaárekstrum og tryggja þannig fullnægjandi fjárfestavernd, ættu útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa einungis að notast við ytri úttektaraðila, þ.m.t. frá þriðju löndum, sem hafa verið skráðir og falla undir viðvarandi eftirlit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

37) Til að efla gagnsæi gagnvart fjárfestum um hvernig metið er hvernig atvinnustarfsemi sem er fjármögnuð með ágóða af skuldabréfinu fellur að flokkunarkerfinu, ættu ytri úttektaraðilar að birta notendum úttekt á undan útgáfu, eftir útgáfu og, ef við á, úttekt á áhrifaskýrslu, nægilega ítarlegar upplýsingar um þá aðferðafræði og helstu forsendur sem þeir nota við ytri úttekt en taka einnig tilhlýðilegt tillit til verndar einkaleyfisverndaðra gagna og hugverkaréttar.

38) Ytri úttektaraðilar ættu að hafa fyrirkomulag fyrir eigin traustu stjórnarhætti fyrirtækja til að tryggja að úttekt þeirra fyrir og eftir útgáfu sé óháð, hlutlæg og vönduð. Háttsettir stjórnendur hjá ytri úttektaraðila ættu því að búa yfir fullnægjandi sérþekkingu á fjármálaþjónustu og umhverfismálum og tryggja að nægilegur fjöldi starfsmanna með nauðsynlega þekkingu og reynslu annist ytri úttekt. Af sömu ástæðu ætti regluvarsla að geta gefið skýrslu um niðurstöður sínar til annaðhvort eftirlitseiningar eða stjórnar ytri úttektaraðila.

39) Til að tryggja sjálfstæði sitt og standa vörð um mikið gagnsæi og siðferðilega háttsemi ættu ytri úttektaraðilar að fullnægja skipulagskröfum og hátternisreglum til að draga úr og forðast aðstæður þar sem um raunverulegan eða mögulegan hagsmunaárekstur er að ræða, eða hafa fullnægjandi stjórn á þessum árekstrum ef þeir eru óhjákvæmilegir. Ytri úttektaraðilar ættu ekki að hafa rétt á að annast ytri úttekt ef um er að ræða hagsmunaárekstur sem ekki er hægt að taka á með tilhlýðilegum hætti. Ytri úttektaraðilar ættu því að upplýsa um hvers kyns hagsmunaárekstra með gagnsæjum hætti við ytri úttekt. Þeir ættu að halda skrár yfir alla þætti sem eru veruleg ógnun við óhæði þeirra og einnig um óhæði starfsfólks þeirra, helstu hluthafa eða annarra aðila sem taka þátt í ferli ytri úttektar og skrár yfir verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr þessum ógnum.

40) Ytri úttektaraðilar ættu að meta og skjalfesta hvort um sé að ræða raunverulega eða mögulega hagsmunaárekstra við viðskiptavin, þ.m.t. í aðstæðum þar sem umtalsverð persónuleg eða fjárhagsleg tengsl eru á milli ytri úttektaraðila og aðila sem sætir úttekt.

41) Í ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 ([17]) er lagt bann við því að veita endurskoðaðri einingu þjónustu utan endurskoðunar sem tengist fjármögnun, fjármagnsuppbyggingu og úthlutun og fjárfestingargjaldaáætlun þeirrar einingar, að undanskilinni staðfestingarþjónustu í tengslum við reikningsskil. Veiting ytri úttektar samkvæmt þessari reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á reglugerð (ESB) nr. 537/2014.

42) Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld beiti þessari reglugerð á ólíka vegu. Jafnframt er nauðsynlegt að lækka viðskipta- og rekstrarkostnað ytri úttektaraðila, efla tiltrú fjárfesta og auka réttarvissu. Því er rétt að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni almenna valdheimild til skráningar og viðvarandi eftirlits með ytri úttektaraðilum í Sambandinu. Það að fela Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni alfarið ábyrgð á þessum málum ætti að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði með tilliti til skráningarkrafna og viðvarandi eftirlits og koma í veg fyrir hættu á eftirlitshögnun milli aðildarríkja. Jafnframt ætti slík einskorðuð ábyrgð að hámarka úthlutun eftirlitsfjármagns á vettvangi Sambandsins, sem gerir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina þar með að miðstöð sérþekkingar og eykur skilvirkni eftirlits.

43) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að geta krafist allra nauðsynlegra upplýsinga til að annast eftirlitsverkefni sín með skilvirkum hætti. Því ætti hún að geta krafist slíkra upplýsinga frá ytri úttektaraðilum, aðilum sem koma að ytri úttekt, tengdum þriðju aðilum, þriðju aðilum sem ytri úttektaraðilar hafa útvistað rekstrarþáttum til, sem og aðilum sem eru nátengdir eða verulega skyldir eða tengdir ytri úttektaraðilum eða ytri úttektarstarfsemi á annan hátt.

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 77).

44) Til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að annast eftirlitsverkefni sín, einkum til að þvinga ytri úttektaraðila til að láta af broti, veita tæmandi og réttar upplýsingar eða hlíta rannsókn eða vettvangsskoðun, ætti Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að geta beitt sektum eða févíti.

45) Útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa gætu þurft að nýta sér þjónustu ytri úttektaraðila frá þriðju löndum utan Sambandsins. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur um þriðju lönd að því er varðar ytri úttektaraðila á grundvelli jafngildismats, viðurkenningar eða stuðnings en samkvæmt þeim er ytri úttektaraðilum þriðju landa heimilt að veita ytri úttektarþjónustu. Til að auðvelda aðgang ytri úttektaraðila í þriðja landi þegar ekki er fyrir hendi ákvörðun um jafngildi er nauðsynlegt að mæla fyrir um ferli fyrir viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á ytri úttektaraðilum með staðfestu í þriðja landi.

46) Til að auðvelda ytri úttektaraðilum frá þriðja landi að veita útgefendum evrópskra grænna skuldabréfa þjónustu ætti að mæla fyrir um stuðningsfyrirkomulag sem gerir skráðum ytri úttektaraðilum með staðfestu í Sambandinu kleift, við tiltekin skilyrði, að styðja þjónustu sem ytri úttektaraðili frá þriðja landi veitir. Ytri úttektaraðili sem hefur stutt þjónustu sem ytri úttektaraðili frá þriðja landi veitir ætti að bera fulla ábyrgð á slíkri þjónustu sem hann styður og á því að tryggja að slíkur ytri úttektaraðili fari að þessari reglugerð.

47) Til að ná markmiðum þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni valdheimild til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) til að bæta við þessa reglugerð að því er varðar efni, aðferðir og framsetningu þeirra upplýsinga sem birta á í sniðmátum fyrir valkvæða reglubundna birtingu eftir útgáfu, málsmeðferðarreglur fyrir beitingu valdheimilda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á álagningu sekta eða dagsekta, þ.m.t. ákvæði um rétt til málsvarnar, tímabundnar ráðstafanir, innheimtu sekta eða dagsekta og ítarlegar reglur um fyrningarfresti við álagningu og framfylgd viðurlaga, og málsmeðferðarreglur fyrir beitingu valdheimilda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á gjaldtöku, þ.m.t. ákvæði um hvaða gjöld skuli lögð á, hvaða atriði skuli leggja gjöld á, fjárhæð gjalda, sem ætti að vera í réttu hlutfalli við veltu, og með hvaða hætti eigi að greiða þessi gjöld. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([18]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða skulu Evrópuþingið og ráðið fá öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

48) Þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin býr yfir mikilli sérhæfðri sérþekkingu væri skilvirkt og viðeigandi að fela stofnuninni það verkefni að þróa drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem fela ekki í sér stefnuákvarðanir, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina.

49) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að hafa umboð til að þróa drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina nánar viðmið til að meta umsókn ytri úttektaraðila um skráningu, þ.m.t. stýringu hagsmunaárekstra, og upplýsingagjöf þess ytri úttektaraðila til að ákvarða að hve miklu leyti hann fari að þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

50) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([19]).

([18]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

51) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ætti að hafa umboð til að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur um upplýsingagjöf fyrir skráningu á ytri úttektaraðilum. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

52) Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða beitingu þessarar reglugerðar fimm árum eftir að hún tekur gildi og á þriggja ára fresti eftir það, á grundvelli framlags frá vettvangi fyrir sjálfbær fjármál sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2020/852 og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, ef við á. Þremur árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar ætti framkvæmdastjórnin einnig að taka saman skýrslu þar sem metin er þörf á að setja reglur um sjálfbærnitengd skuldabréf. Enn fremur ætti framkvæmdastjórnin, fyrir lok 2024 og á þriggja ára fresti eftir það, að leggja fram skýrslu sem byggist á endurskoðun hennar á tæknilegum matsviðmiðum samkvæmt reglugerð (ESB) 2020/852.

53) Til að tryggja að útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa, sem lýsing er birt fyrir samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, fari að þeim birtingarkröfum sem settar eru fram í þessari reglugerð, ættu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu að hafa nauðsynlegar valdheimildir til eftirlits og rannsókna. Lögbær yfirvöld ættu að geta beitt eftirlitsheimildum sínum fyrir og eftir útgáfu á evrópskum grænum skuldabréfum. Ekki ætti að krefjast af lögbærum yfirvöldum, samkvæmt þeim eftirlitsheimildum sem þessi reglugerð veitir, að þau sannreyni réttmæti eða nákvæmni þeirra upplýsinga sem útgefendum ber að veita skv. þessari reglugerð né hvort útgefendur hafi uppfyllt skuldbindingar varðandi úthlutun ágóða.

54) Þar eð þessi reglugerð skapar ramma sem gerir það kleift að tilgreina að ríkisskuld sé umhverfislega sjálfbær ættu fjármálafyrirtæki að birta upplýsingar um áhættuskuldbindingar sínar vegna umhverfislega sjálfbærra ríkisskulda í hlutfalli grænna eigna eins og kveðið er á um í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178. Við endurskoðun þessarar framseldu reglugerðar fyrir 30. júní 2024 ætti að meta hvort fella eigi áhættuskuldbindingar gagnvart ríki inn í teljara og nefnara lykilárangursmælikvarða.

55) Til að auðvelda ytri úttektaraðilum að veita þjónustu og tryggja jafnframt að Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin hafi viðeigandi tíma til að þróa ramma fyrir skráningu og eftirlit með ytri úttektaraðilum, ætti umbreytingartímabil að gilda fyrstu 18 mánuðina sem þessari reglugerð er beitt. Á umbreytingartímabilinu ættu ytri úttektaraðilar að geta veitt þjónustu ef þeir tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og gera sitt ýtrasta til að fara að þessari reglugerð. Ytri úttektaraðilar frá þriðju löndum skulu þar að auki tryggja að þeir hafi lagalegan fyrirsvarsmann með staðfestu í Sambandinu á meðan á umbreytingartímabilinu stendur. Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin ætti að fylgjast með því hvort ytri úttektaraðilar fari að ákvæðum þessarar reglugerðar og taka tillit til þess við mat á því hvort ytri úttektaraðili hafi uppfyllt kröfur um skráningu.

56) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiði þessarar reglugerðar á fullnægjandi hátt, þ.e. að tryggja að samræmdar kröfur gildi um notkun á merkingunni „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“, koma á fót einföldu skráningarkerfi og eftirlitsramma fyrir ytri úttektaraðila með því að fela einu eftirlitsyfirvaldi skráningu og eftirlit með ytri úttektaraðilum í Sambandinu, koma á eftirliti með útgefendum á evrópskum grænum skuldabréfum sem lýsingar er krafist fyrir, skv. reglugerð (ESB) 2017/1129, og mæla fyrir um valkvæð sniðmát fyrir birtingu upplýsinga fyrir og eftir útgáfu fyrir skuldabréf sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf, til að bæta gagnsæi og auðvelda samanburð á skuldabréfunum, í því skyni að auðvelda fjáröflun fyrir verkefni sem stefna að umhverfislega sjálfbærum markmiðum, en stuðla um leið að heilleika markaðarins, heldur væri þeim betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs eða áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

57) Evrópuþingið hafði samráð við Seðlabanka Evrópu og skilaði hann áliti sínu 5. nóvember 2021 ([20]),

([20]) Stjtíð. ESB C 27, 19.1.2022, bls. 4.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Þessi reglugerð:

a) mælir fyrir um samræmdar kröfur fyrir útgefendur skuldabréfa sem vilja nota merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ fyrir skuldabréf sín sem gerð eru aðgengileg fjárfestum í Sambandinu,

b) kemur á fót kerfi til að skrá og hafa eftirlit með ytri úttektaraðilum evrópskra grænna skuldabréfa, og

c) kveður á um valkvæð sniðmát fyrir birtingu upplýsinga vegna skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengdra skuldabréfa í Sambandinu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „útgefandi“: aðili sem gefur út skuldabréf,

2) „ríki“: aðili sem um getur í b-liðar 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129,

3) „kröfur flokkunarkerfis“: þær viðmiðanir fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi sem settar eru fram í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,

4) „skipulegur markaður“: skipulegur markaður sem fellur undir skilgreiningu 21. liðar, 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ([21]),

5) „skuldabréf sem markaðssett er sem umhverfislega sjálfbært“: skuldabréf þar sem útgefandi gefur fjárfestum skuldbindingu eða annars konar samningsbundna staðhæfingu áður en samningur er gerður um að ágóða skuldabréfsins sé ráðstafað til atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfismarkmiði,

6) „sjálfbærnitengt skuldabréf“: skuldabréf sem hefur fjárhagslega eða kerfislæga eiginleika sem eru breytilegir eftir því hvort útgefandinn nær fyrirframskilgreindum markmiðum um umhverfislega sjálfbærni,

7) „heimaaðildarríki“: heimaaðildarríki eins og það er skilgreint í m-lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129,

8) „gistiaðildarríki“: gistiaðildarríki eins og það er skilgreint í n-lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129,

9) „fjáreign“: skuld eða eigið fé, eða sambland af þessu,

10) „gert aðgengilegt fjárfestum í Sambandinu“:

    a) almennt útboð innan Sambandsins, eða

    b) taka skuldabréfa til viðskipta á viðskiptavettvangi í Sambandinu,

11) „almennt útboð“: almennt útboð á verðbréfum eins og skilgreint er í d-lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129,

12) „viðskiptavettvangur“: viðskiptavettvangur eins og skilgreindur er í 24. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

([21]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

13) „fjárfestingargjaldaáætlun“: fjárfestingargjaldaáætlun eins og kveðið er á um í b-lið liðar 1.1.2.2 og b-lið liðar 1.1.3.2 í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178,

14) „útgáfukostnaður“: kostnaður sem tengist útgáfu skuldabréfa á beinan hátt, þ.m.t. kostnaður sem stofnað er til vegna sérfræðiráðgjafar, lögfræðiþjónustu, mats, ytri úttektar, sölutryggingar og setningar á markað,

15) „tæknileg matsviðmið“: þau tæknilegu matsviðmið sem sett eru fram í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852,

16) „umbreytingaratvinnustarfsemi“: atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfurnar í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,

17) „starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum“: atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfurnar í 16. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852,

18) „verðbréfun“: verðbréfun eins og skilgreind er í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

19) „upphafsaðili“: upphafsaðili eins og skilgreindur er í 3. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

20) „sérstakur verðbréfunaraðili“: sérstakur verðbréfunaraðili eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

21) „verðbréfuð áhættuskuldbinding“: áhættuskuldbinding sem er innifalin í verðbréfun,

22) „verðbréfunarskuldabréf“: skuldabréf sem sérstakur verðbréfunaraðili gefur út í samræmi við 3. kafla II. bálks,

23) „tilbúin verðbréfun“: tilbúin verðbréfun eins og skilgreind er í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402,

24) „jarðefnaeldsneyti“: jarðefnaeldsneyti eins og það er skilgreint í 62. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999.

II. BÁLKUR

KRÖFUR UM NOTKUN Á MERKINGUNNI „EVRÓPSK GRÆN SKULDABRÉF“ EÐA „EUGB“

1. KAFLI

Skuldabréfatengdar kröfur

3. gr.

Merkingin „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“

Merkingin „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ skal aðeins notuð um skuldabréf sem fullnægja kröfunum sem settar eru fram í þessum bálki.

4. gr.

Notkun ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum

1. Áður en að gjalddaga evrópsks græns skuldabréfs kemur skal ágóða slíks skuldabréfs úthlutað að fullu, í samræmi við kröfur flokkunarkerfisins, í einn eða fleiri eftirfarandi flokka („áfangaskipt leið“):

a) fastafjármuni sem eru ekki fjáreignir,

b) fjárfestingargjöld sem falla undir lið 1.1.2.2. í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178,

c) rekstrarkostnað sem fellur undir lið 1.1.3.2. í I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2178 og til hans var stofnað eigi síðar en þremur árum fyrir útgáfu evrópsku grænu skuldabréfanna,

d) fjáreignir sem urðu til eigi síðar en fimm árum eftir útgáfu evrópsku grænu skuldabréfanna,

e) eignir og útgjöld heimila.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er útgefendum heimilt að draga útgáfukostnað frá ágóða af evrópsku grænu skuldabréfunum áður en honum er úthlutað.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er útgefendum heimilt að ráðstafa ágóða af einu eða fleiri útistandandi evrópskum grænum skuldabréfum til eignasafns fastafjármuna eða fjáreigna í samræmi við kröfur flokkunarkerfisins („eignasafnsleiðin“).

Ef útgefendur úthluta ágóða í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu þeir sýna fram á það í úthlutunarskýrslunum, sem um getur í 11. gr., að heildarvirði eignanna, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í eignasafni þeirra sé meira en heildarvirði útistandandi eignasafns þeirra í evrópskum grænum skuldabréfum.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. getur útgefandi sem er ríki eða útgefandi frá þriðja landi sem er ríki, aðili að sambandsríki ef um sambandsríki er að ræða, eða svæðisbundin eining eða sveitarfélagseining, einnig ráðstafað ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum sem hann hefur gefið út til skattaívilnana, styrkja, aðfanganotkunar, rekstrartilfærslna hjá hinu opinbera, núverandi alþjóðlegrar samvinnu eða annars konar opinberra útgjalda, að því tilskildu að ágóðanum sé úthlutað í samræmi við kröfur flokkunarkerfisins.

5. gr.

Sveigjanleiki í notkun ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. er útgefendum heimilt að ráðstafa allt að 15% af ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum til atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfur flokkunarkerfisins, að undanskildum tæknilegum matsviðmiðum, að því tilskildu að þessi starfsemi sé:

a) atvinnustarfsemi þar sem engin tæknileg matsviðmið hafa öðlast gildi á útgáfudegi evrópsku grænu skuldabréfanna, eða

b) starfsemi í tengslum við alþjóðlegan stuðning sem tilkynntur er í samræmi við alþjóðlega samþykktar viðmiðunarreglur, viðmiðanir og skýrslugjafarferli, þ.m.t. loftslagsfjármögnun sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, eins og um getur í 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1999, og opinber þróunaraðstoð sem tilkynnt er um til þróunaraðstoðarnefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

2. Ef útgefandi ráðstafar ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal lýsa viðkomandi starfsemi í upplýsingaskjalinu um evrópsk græn skuldabréf, sem um getur í 10. gr., ásamt áætlaðri prósentu ágóða sem reiknuð er til fjármögnunar slíkrar starfsemi í heild sinni og einnig hverrar starfsemi fyrir sig.

3. Ef útgefandi ráðstafar ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum til atvinnustarfsemi, sem um getur í a-lið 1. mgr., skal hann tryggja að þessi starfsemi uppfylli, eftir atvikum, þær almennu viðmiðanir um að „valda ekki verulegu tjóni“ sem settar eru fram í viðbætum A, B, C og D við I. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2021/2139.

4. Ef útgefandi ráðstafar ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum til þeirrar starfsemi, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal hann tryggja að sú starfsemi uppfylli viðeigandi tæknileg matsviðmið eftir bestu getu.

6. gr.

Fjáreignir

1. Ágóða af fjáreignum skal eingöngu úthlutað til notkunar sem er sett fram í 1. mgr. 4. gr. eða, eftir atvikum, til notkunar sem er sett fram í 2. og 3. mgr. 4. gr.

2. Heimilt er að úthluta ágóða af fjáreignum til annarra fjáreigna sem koma á eftir, að því tilskildu að:

a) það séu ekki fleiri en þrjár fjáreignir í röð eftir það,

b) að ágóða af fjáreignum sem eru í lok þessarar raðar sé ráðstafað til þeirrar notkunar sem er sett fram í a-, b-, c- eða e-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr. eða, eftir atvikum, til þeirrar notkunar sem er sett fram í 3. mgr. 4. gr., og

c) útgefandi tryggi að ytri úttektaraðilar geti skoðað á skilvirkan hátt endanlega úthlutun ágóða.

7. gr.

Fjárfestingargjaldaáætlanir

1. Ef notkun ágóðans sem um getur í b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr. tengist atvinnustarfsemi sem uppfyllir kröfur flokkunarkerfisins skal útgefandinn birta fjárfestingargjaldaáætlun.

2. Í fjárfestingargjaldaáætluninni skal tilgreina frest, sem á sér stað áður en evrópska skuldabréfið nær fullum gjalddaga, þar sem öll fjármagns- og rekstrargjöld sem fjármögnuð eru með evrópska skuldabréfinu skulu samræmd flokkunarkerfinu.

3. Útgefandi skal, innan 60 daga frá þeim eindaga sem tilgreindur er í fjárfestingargjaldaáætluninni, fá mat frá ytri úttektaraðila á hvernig fjármagns- og rekstrargjöld, sem falla undir fjárfestingargjaldaáætlun og eru fjármögnuð með ágóðanum af evrópska græna skuldabréfinu, falla að flokkunarkerfinu.

8. gr.

Beiting tæknilegra matsviðmiða og eldri reglna

1. Ef útgefendur ráðstafa ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum til þeirrar notkunar sem sett er fram í 1. og 3. mgr. 4. gr. skulu þeir tryggja að:

a) ágóðanum sé úthlutað í samræmi við þau tæknilegu matsviðmið sem gilda á þeim tíma sem skuldabréfið var gefið út,

b) ef tæknilegum matsviðmiðum er breytt eftir útgáfu skuldabréfa skal eftirfarandi ágóða úthlutað í samræmi við breytt tæknileg matsviðmið eigi síðar en sjö árum eftir gildistökudag breyttra viðmiða:

   i. ágóða sem hefur enn ekki verið úthlutað, og

   ii. ágóða sem fellur undir fjárfestingargjaldaáætlun í samræmi við 7. gr., sem hefur ekki enn uppfyllt kröfur flokkunarkerfisins.

2. Ef útgefendur úthluta ágóða í samræmi við eignasafnsleiðina skulu útgefendur einungis taka með í eignasafn sitt þær eignir þar sem undirliggjandi atvinnustarfsemi er í samræmi við öll tæknileg matsviðmið sem giltu á einhverjum tímapunkti á sjö ára tímabili fyrir birtingu úthlutunarskýrslu.

3. Ef hætta er á að ágóði af útistandandi skuldabréfum verði ekki samræmdur við ii. lið b-liðar 1. mgr. skal útgefandi semja áætlun um samræmingu þeirra við breyttu tæknilegu matsviðmiðin, leggja hana fyrir ytri úttekt og birta áætlun um að samræma hana eftir því sem unnt er að breyttum tæknilegum matsviðmiðum og, eftir því sem hægt er, draga úr neikvæðum afleiðingum þess að full samræming við breytt tæknileg matsviðmið sé ófullnægjandi. Útgefandinn skal birta áætlunina áður en tímabilið, sem sett er fram í b-lið 1. mgr., rennur út.

4. Sýna skal fram á samræmingu við viðkomandi tæknileg matsviðmið í úthlutunarskýrslunni sem um getur í 11. gr.

9. gr.

Útilokun ósamvinnuþýðra lögsagna í skattalegu tilliti

Lögbæru yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. 44. gr. þessarar reglugerðar skulu ekki samþykkja lýsingu sem gefin er út af lögsögu sem talin er upp í I. viðauka við ályktanir ráðsins um endurskoðaða skrá ESB yfir ósamvinnuþýðar lögsögur í skattalegu tilliti, áhættusömu landi sem talið er upp í viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675 eða útgefendum sem hafa staðfestu í þeim lögsögum eða löndum, ef lýsingin vísar til þessarar reglugerðar eða merkingarinnar „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“.

2. KAFLI

Gagnsæi og kröfur um ytri úttekt

10. gr.

Upplýsingablað um evrópsk græn skuldabréf og úttekt fyrir útgáfu

1. Áður en evrópsk græn skuldabréf eru gefin út skulu útgefendur:

a) fylla út upplýsingablaðið um evrópsk græn skuldabréf sem sett er fram í I. viðauka,

b) tryggja að gerð hafi verið úttekt fyrir útgáfu á útfylltu upplýsingablaði um evrópsk græn skuldabréf með jákvæðu áliti ytri úttektaraðila.

2. Upplýsingablaðið um evrópsk græn skuldabréf, sem um getur í 1. mgr., getur varðað fleiri en eina útgáfur af evrópskum grænum skuldabréfum.

3. Úttekt fyrir útgáfu, sem um getur í b-lið 1. mgr. skal fela í sér:

a) mat á því hvort útgefandi hafi fyllt út upplýsingablað um evrópsk græn skuldabréf í samræmi við 4.–8. gr. og I. viðauka, og

b) þættina sem settir eru fram í IV. viðauka,

11. gr.

Úthlutunarskýrslur og úttekt á úthlutunarskýrslum eftir útgáfu

1. Á hverju 12 mánaða tímabili fram að þeim degi sem ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum er úthlutað til fulls og, eftir atvikum, þar til fjárfestingargjaldaáætlun er lokið, skulu útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa semja skýrslu um úthlutun evrópskra grænna skuldabréfa með því að nota sniðmátið sem sett er fram í II. viðauka, þar sem sýnt er fram á að ágóða af evrópsku grænu skuldabréfi frá útgáfudegi þess til loka tímabilsins sem um getur í skýrslunni, hafi verið úthlutað í samræmi við 4.–8. gr.

Fyrsta 12 mánaða tímabilið skal hefjast á útgáfudegi.

Þrátt fyrir aðra undirgrein geta útgefendur fastsett lokadagsetningu fyrsta skýrslutímabils sem síðasta dag almanaksársins eða fjárhagsársins þegar það er gefið út.

2. Úthlutunarskýrslurnar skulu innihalda, eftir atvikum, upplýsingar um framvindu við framkvæmd fjárfestingar-gjaldaáætlunar.

Í árlegum úthlutunarskýrslum skulu útgefendur birta ástæður fyrir hvers kyns töfum eða frávikum sem hafa veruleg áhrif á framkvæmd fjárfestingargjaldaáætlunar.

3. Úthlutunarskýrslur geta tengst fleiri en einni útgáfu á evrópskum grænum skuldabréfum.

4. Útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa skulu fá úttekt ytri úttektaraðila á úthlutunarskýrslunni eftir útgáfu, sem gerð er eftir að ágóða af evrópsku grænu skuldabréfi hefur verið ráðstafað að fullu.

5. Ef úthlutun ágóða er leiðrétt, í kjölfar birtingar á úthlutunarskýrslu í samræmi við d-lið 1. mgr. 15. gr., skulu útgefendur viðkomandi evrópskra grænna skuldabréfa breyta úthlutunarskýrslunni og fá ytri úttekt eftir útgáfu á breyttri úthlutunarskýrslu, án ótilhlýðilegrar tafar.

6. Þrátt fyrir 4. mgr. skal sérhver úthlutunarskýrsla útgefenda sem ráðstafa ágóða af einu eða fleiri evrópskum grænum skuldabréfum til eignasafns falla undir endurskoðun ytri úttektaraðila eftir útgáfu. Ytri úttektaraðili skal beina sérstakri athygli að þeim eignum sem voru ekki áður innifaldar í birtri úthlutunarskýrslu.

Ekki skal krefjast slíkrar endurskoðunar eftir útgáfu ef engin breyting var gerð á úthlutun til eignasafnsins á tímabilinu sem úthlutunarskýrslan tekur til og engri eign í safninu var breytt eða ef eignin var sjálf breyting á úthlutun, samanborið við það tímabil sem fyrri úthlutunarskýrsla tók til. Í slíkum tilvikum skal yfirlýsing um að endurskoðun eftir útgáfu sé ekki fyrir hendi þar sem slíkar breytingar hafi ekki verið gerðar koma fram í samsvarandi úthlutunarskýrslu.

7. Útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa skulu tryggja að árlegar úthlutunarskýrslur og, eftir atvikum, öll endurskoðun eftir útgáfu, sem ákvæði þessarar greinar krefjast, séu gerðar opinberar innan 270 daga frá lokum sérhvers 12 mánaða tímabils sem um getur í 1. mgr. Á þessu 270 daga tímabili skulu útgefendur tryggja að ytri úttektaraðili hafi a.m.k. 90 daga til að endurskoða úthlutunarskýrslu.

8. Endurskoðunin eftir útgáfu, sem um getur í 4., 5. og 6. mgr. þessarar greinar, skal fela í sér eftirfarandi:

a) mat á því hvort útgefandi hafi ráðstafað ágóða af skuldabréfum í samræmi við 4.–8. gr. á grundvelli þeirra upplýsinga sem ytri úttekt voru veittar,

b) mat á því hvort útgefandi hafi ráðstafað ágóða af skuldabréfi eins og sett er fram í upplýsingaskjalinu um evrópsk græn skuldabréf, sem um getur í 10. gr., á grundvelli þeirra upplýsinga sem ytri úttekt voru veittar,

c) þættina sem settir eru fram í IV. viðauka,

12. gr.

Áhrifaskýrsla um evrópsk græn skuldabréf

1. Útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa skulu, eftir að ágóða hefur verið að fullu úthlutað og a.m.k. einu sinni á líftíma skuldabréfanna, semja og birta skýrslu um evrópsk græn skuldabréf á umhverfisáhrif af notkun ágóða af skuldabréfum og nota til þess sniðmátið sem sett er fram í III. viðauka.

2. Áhrifaskýrslur um evrópsk græn skuldabréf geta tengst fleiri en einni útgáfu á evrópskum grænum skuldabréfum.

3. Útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa geta óskað eftir endurskoðun ytri úttektaraðila á áhrifaskýrslu. Slík endurskoðun á áhrifaskýrslum skal fela eftirfarandi í sér:

a) mat á því hvort útgáfa skuldabréfanna samræmist viðtækari umhverfisstefnu útgefanda,

b) mat á tilgreindum umhverfisáhrifum af ágóða skuldabréfanna,

c) þættina sem settir eru fram í IV. viðauka,

13. gr.

Ríkisútgefendur

1. Ríki skal fá endurskoðun á evrópskum grænum skuldabréfum eftir útgáfu frá:

a) ytri úttekt, eða

b) ytri úttekt og ríkisendurskoðanda.

2. Ef ríkissjóður fær endurskoðun eftir útgáfu frá ytri úttekt og ríkisendurskoðanda skal ríkisendurskoðandinn endurskoða ráðstöfun ágóðans af skuldabréfinu og ytri endurskoðandinn skal ganga úr skugga um hvort atvinnustarfsemi, sem fjármögnuð er með skuldabréfinu, samræmist kröfum flokkunarkerfis.

14. gr.

Lýsing fyrir evrópsk græn skuldabréf

1. Til að nota merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ skal útgefandi birta lýsingu samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) skuldabréfin eru tilgreind sem „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ í allri lýsingunni,

b) í lýsingunni kemur fram að evrópsku grænu skuldabréfin séu gefin út í samræmi við þessa reglugerð, í þeim hluta lýsingar sem inniheldur upplýsingar um ráðstöfun ágóða.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. má nota merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ yfir skuldabréf sem falla undir b- og d-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

3. Að því er þessa reglugerð varðar skal túlka hugtakið „upplýsingar sem reglur kveða á um“, sem um getur í c-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, þannig að það taki einnig til upplýsinga á upplýsingablaðinu um evrópsk græn skuldabréf sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar.

4. Ef lýsing er birt samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 skal samantekt um fjárfestingargjaldaáætlunina fylgja með í þeirri lýsingu. Í samantektinni skal tilgreina mikilvægustu verkefnin sem útgefandi hefur annast, mæld sem hluti af heildar-fjárfestingarútgjöldum sem falla undir fjárfestingargjaldaáætlun og skal tilgreina tegund, geira, staðsetningu og áætlað lokaár þessara verkefna.

15. gr.

Birting á vefsetri útgefanda og tilkynning til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda

1. Útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa skulu birta á vefsetrum sínum og veita aðgang að eftirfarandi, án endurgjalds og í samræmi við 3. og 4. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, þar til a.m.k. 12 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga skuldabréfanna, þ.m.t. allar breytingar eða leiðréttingar á þeim:

a) útfyllt upplýsingablað um evrópsk græn skuldabréf sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar, áður en skuldabréfið er gefið út,

b) endurskoðun fyrir útgáfu í tengslum við upplýsingablað um evrópsk græn skuldabréf sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar, áður en skuldabréfið er gefið út,

c) tengil á vefsetrið þar sem hægt er að skoða lýsingu í þeim tilvikum þar sem lýsing er birt samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129, áður en skuldabréfið er gefið út,

d) skýrslur um úthlutun evrópskra grænna skuldabréfa, án ótilhlýðilegrar tafar eftir að þær hafa verið teknar saman í samræmi við 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar,

e) endurskoðun á úthlutunarskýrslum um evrópsk græn skuldabréf eftir útgáfu, sem um getur í 11. gr. þessarar reglugerðar, án ótilhlýðilegrar tafar þegar þær liggja fyrir,

f) skýrslu um áhrif af evrópska græna skuldabréfinu, án ótilhlýðilegrar tafar eftir að hún hefur verið samin í samræmi við 12. gr. þessarar reglugerðar,

g) eftir atvikum, fjárfestingargjaldaáætlun,

h) eftir atvikum, áhrifaskýrsluna sem um getur í 3. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar.

Ef endurskoðun á úthlutunarskýrslu um evrópskt grænt skuldabréf er gerð eftir útgáfu skal birta þá úthlutunarskýrslu án ástæðulausrar tafar þegar endurskoðun eftir útgáfu liggur fyrir, þrátt fyrir d-lið fyrstu undirgreinar.

2. Upplýsingarnar í skjölunum, sem um getur í a-, d- og f-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., skulu veittar, að vali útgefanda, á annaðhvort tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum eða:

a) ef evrópsk græn skuldabréf eru boðin út á almennum markaði eða tekin til viðskipta í aðeins einu aðildarríki, á tungumáli sem lögbært yfirvald þess aðildarríkis samþykkir,

b) ef evrópsk græn skuldabréf eru boðin út á almennum markaði eða tekin til viðskipta í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, á tungumáli sem lögbær yfirvöld hvers þessara aðildarríkja samþykkja.

3. Ef birta á lýsingu fyrir evrópskt grænt skuldabréf samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 skal, þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar, birta upplýsingarnar í skjölunum sem um getur í a-, d- og f-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar á tungumáli eða tungumálum þeirrar lýsingar.

4. Útgefendur skulu, eftir atvikum, tilkynna lögbærum yfirvöldum sem um getur í 1. og 2. mgr. 44. gr. um útgáfu allra þeirra skjala, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. þessarar greinar, án ástæðulausrar tafar eftir sérhverja birtingu.

5. Útgefendur skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um birtingu allra gagna sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. innan 30 daga frá útgáfu þeirra.

3. KAFLI

Skilyrði fyrir notkun á merkingunni „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ að því er varðar verðbréfunarskuldabréf

16. gr.

Beiting merkingarinnar „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ á verðbréfunarskuldabréf

1. Ef um er að ræða verðbréfunarskuldabréf sem er tilgreint sem „evrópskt grænt skuldabréf“ eða „EuGB“:

a) litið skal á tilvísanir til „útgefanda“ í þessari reglugerð sem tilvísanir til „upphafsaðila“,

b) tilvísanir í 4. gr. til „ágóða“ skulu túlkaðar sem tilvísanir í ágóða sem upphafsaðili hefur af sölu verðbréfaðra áhættuskuldbindinga til sérstaks verðbréfunaraðila.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. skal litið á tilvísanir til „útgefanda“ í 9. og 15. gr., 44. gr. (3. mgr.), 45. gr. (1. mgr.), 48. gr. og 49. gr. (1. mgr.) sem tilvísanir til „upphafsaðila“ eða „sérstaks verðbréfunaraðila“ og tilvísanir til „útgefanda“ í 14. gr. (1. mgr.) og 44. gr. (1. mgr.) sem tilvísanir til „sérstaks verðbréfunaraðila“.

3. Ef margir upphafsaðilar hafa stofnað verðbréfaðar áhættuskuldbindingar skal eftirfarandi gilda:

a) sérhver upphafsaðili skal uppfylla kröfurnar um notkun ágóða sem settar eru fram í 4.–8. gr. í réttu hlutfalli, með hliðsjón af hlut hans í safni verðbréfaðra áhættuskuldbindinga,

b) upphafsaðilar skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 10., 11., 12., 15., 18. og 19. gr. í sameiningu, og koma skal skýrt fram að hve miklu leyti hver upphafsaðili hefur uppfyllt kröfurnar,

c) upphafsaðilar skulu uppfylla kröfurnar um að fá ytri úttekt, sem settar eru fram í 10. og 11. gr., í sameiningu,

d) ef margir upphafsaðilar ákveða að fara fram á úttekt á áhrifaskýrslu, sem um getur í 3. mgr. 12. gr., skulu þeir uppfylla kröfurnar sem þar koma fram í sameiningu.

17. gr.

Útilokun skuldabréfa sem gefin eru út að því er varðar tilbúna verðbréfun

Skuldabréf sem gefin eru út fyrir tilbúna verðbréfun skulu ekki eiga rétt á merkingunni „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“.

18. gr.

Útilokun tiltekinna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga

1. Að því er varðar þessa reglugerð skulu verðbréfaðar áhættuskuldbindingar ekki ná yfir áhættuskuldbindingar sem fjármagna leit, námugröft, námuvinnslu, framleiðslu, vinnslu, geymslu, hreinsun eða dreifingu, þ.m.t. flutninga, og viðskipti með jarðefna-eldsneyti.

2. Heimilt er að taka áhættuskuldbindingar sem fjármagna raforkuframleiðslu úr jarðefnaeldsneyti, samþætta vinnslu varma/kælingar og raforku úr jarðefnaeldsneyti eða framleiðslu varma/kælingar úr jarðefnaeldsneyti, ef starfsemin uppfyllir viðmiðanirnar fyrir að „valda ekki verulegu tjóni“, sem settar eru fram í framseldri reglugerð (ESB) 2021/2139, með í safn verðbréfaðra áhættuskuldbindinga að því er þessa reglugerð varðar.

3. Upphafsaðilinn skal útskýra að hvaða marki farið er að 1. mgr. þessarar greinar á upplýsingablaðinu um evrópsk græn skuldabréf sem um getur í 10. gr.

4. Upphafsaðili skal, að fenginni beiðni frá lögbæru yfirvaldi sem um getur í 44. gr., sýna fram á að farið sé að 1. mgr. þessarar greinar.

19. gr.

Viðbótarkröfur um birtingu þegar um verðbréfun er að ræða

1. Ef um er að ræða verðbréfunarskuldabréf sem er merkt sem „evrópskt grænt skuldabréf“ eða „EuGB“, skal lýsingin sem er birt samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129 innihalda yfirlýsingu um að skuldabréfið sé verðbréfunarskuldabréf og að upphafsaðilinn beri ábyrgð á því að staðið verði við þær skuldbindingar sem gerðar voru samkvæmt lýsingunni varðandi notkun ágóða.

2. Til að veita gagnsæi að því er varðar umhverfiseiginleika verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skal veita upplýsingar um eftirfarandi í lýsingu eftir bestu getu og á grundvelli fyrirliggjandi gagna:

a) hluta verðbréfaðra áhættuskuldbindinga í safni verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, sem fjármagna atvinnustarfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir, eins og skilgreint er í 5. lið 1. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2178,

b) um viðeigandi atvinnustarfsemi sem skráð er í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852, í safni áhættuskuldbindinga sem flokkunarkerfið nær yfir og um getur í a-lið þessarar málsgreinar, hluti verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem falla að flokkunarkerfinu,

c) um viðeigandi atvinnustarfsemi sem skráð er í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852, í safni áhættuskuldbindinga sem flokkunarkerfið nær yfir og um getur í a-lið þessarar málsgreinar, hluti verðbréfaðra áhættuskuldbindinga sem ná ekki markmiðum um að „valda ekki verulegu tjóni“ eins og um getur í b-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

3. Upplýsingarnar í lýsingu í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar skulu einnig vera á upplýsingablaði um evrópsk græn skuldabréf sem um getur í 10. gr. og, á grundvelli árlegra uppfærslna sem upphafsaðili mun annast, í skýrslunni um úthlutun evrópskra grænna skuldabréfa sem um getur í 11. gr.

III. BÁLKUR

VALKVÆÐ SNIÐMÁT FYRIR BIRTINGU UPPLÝSINGA VEGNA SKULDABRÉFA SEM MARKAÐSETT ERU SEM UMHVERFISLEGA SJÁLFBÆR OG SJÁLFBÆRNITENGDRA SKULDABRÉFA

20. gr.

Upplýsingagjöf fyrir útgáfu fyrir útgefendur skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær eða sjálfbærnitengd skuldabréf

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. desember 2024, birta leiðbeiningar til að koma á sniðmátum fyrir valfrjálsa birtingu upplýsinga fyrir útgefendur skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengdra skuldabréfa.

2. Sniðmátin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu tilgreina hvort útgefandi hyggist nota ytri úttekt og sameiginlegt sniðmát fyrir reglubundna birtingu upplýsinga sem um getur í 21. gr.

3. Að því er varðar útgefendur skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær skulu sniðmátin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, auk upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, innihalda a.m.k. eftirfarandi þætti sem skulu endurspegla tilgang útgefandans á grundvelli fyrirliggjandi gagna á þeim tíma sem skuldabréfið er gefið út:

a) ef útgefandi fellur undir skuldbindingu um að birta áætlanir skv. iii. lið a-liðar 2. mgr. 19. gr. a eða iii. lið a-liðar 2. mgr. 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB eða ef hann birtir slíkar áætlanir að eigin frumkvæði, hvernig ágóða af skuldabréfinu er ætlað að stuðla að því að hrinda þessum áætlunum í framkvæmd,

b) ef útgefandinn fellur undir skuldbindingu um að birta upplýsingar skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, á hvaða hátt búist er við að ágóði af skuldabréfi muni leggja af mörkum til veltu, fjárfestingarútgjalda og rekstrarútgjalda útgefanda sem falla að flokkunarkerfinu,

c) lágmarkshlutfall ágóða af skuldabréfum sem nota á í starfsemi sem er umhverfislega sjálfbær skv. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

4. Að því er varðar útgefendur skuldabréfa sem tengjast sjálfbærni skulu sniðmátin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, auk upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, innihalda a.m.k. eftirfarandi þætti, sem skulu endurspegla tilgang útgefanda á grundvelli fyrirliggjandi gagna á þeim tíma sem skuldabréfið er gefið út:

a) grunnforsendur, metnaðarstig, mikilvægi og aðferðafræði við útreikning á lykilárangursmælikvörðum sem útgefandi ákvarðar,

b) ef útgefandi er skuldbundinn til að birta áætlanir skv. iii. lið a-liðar 2. mgr. 19. gr. a eða iii. lið a-liðar 2. mgr. 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB eða hann birtir slíkar áætlanir að eigin frumkvæði, á hvaða hátt ágóða af skuldabréfi er ætlað að stuðla að því að hrinda þessum áætlunum í framkvæmd,

c) ef við á, hvernig skuldabréf tengist veltu, fjárfestingargjöldum og rekstrarútgjöldum, sem falla að flokkunarkerfi útgefanda, með því að beita framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178,

d) lýsingu á uppbyggingu skuldabréfs, þ.m.t. kerfi til að aðlaga arðmiða.

21. gr.

Reglubundin birting upplýsinga eftir útgáfu fyrir útgefendur skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær eða sjálfbærnitengd skuldabréf

1. Útgefendur skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengdra skuldabréfa geta birt reglubundnar upplýsingar eftir útgáfu með því að nota sameiginleg sniðmát.

Ef útgefandi birtir reglulega upplýsingar eftir útgáfu í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal 44. gr. gilda fram að gjalddaga skuldabréfs.

2. Fyrir útgefanda skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær skulu sniðmátin sem um getur í 1. mgr. innihalda a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) ef útgefandi fellur undir skuldbindingu um að birta áætlanir skv. iii. lið a-liðar 2. mgr. 19. gr. a eða iii. lið a-liðar 2. mgr. 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB eða ef hann birtir slíkar áætlanir að eigin frumkvæði, hvernig ágóði af skuldabréfinu stuðlar að framkvæmd þessara áætlana,

b) ef útgefandinn fellur undir skuldbindingu um að birta upplýsingar skv. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, á hvaða hátt ágóði af skuldabréfi leggur af mörkum til veltu, fjárfestingarútgjalda og rekstrarútgjalda útgefanda sem falla að flokkunarkerfinu,

c) lágmarkshlutfall ágóða af skuldabréfum sem notaðar eru í starfsemi sem er umhverfislega sjálfbær skv. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

3. Að því er varðar útgefanda sjálfbærnitengdra skuldabréfa skulu sniðmátin sem um getur í 1. mgr. innihalda a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) grunnforsendur, metnaðarstig, mikilvægi og aðferðafræði við útreikning á lykilárangursmælikvörðum sem útgefandi setur,

b) ef útgefandi er skuldbundinn til að birta áætlanir skv. iii. lið a-liðar 2. mgr. 19. gr. a eða iii. lið a-liðar 2. mgr. 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB eða hann birtir slíkar áætlanir að eigin frumkvæði, á hvaða hátt ágóða af skuldabréfi er ætlað að stuðla að því að hrinda þessum áætlunum í framkvæmd,

c) ef við á, hvernig ágóði af skuldabréfi tengist veltu, fjárfestingargjöldum og rekstrarútgjöldum, sem falla að flokkunarkerfi útgefanda, með því að beita framseldri reglugerð (ESB) 2021/2178,

d) lýsingu á uppbyggingu skuldabréfs, þ.m.t. kerfi til að aðlaga arðmiða.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 68. gr. fyrir 21. desember 2024, til að bæta við þessa reglugerð með því að koma á efni, aðferðum og framsetningu þeirra upplýsinga sem birta á í sniðmátunum sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Þegar framkvæmdastjórnin semur þessa framseldu gerð skal hún taka tillit til þeirra upplýsinga um umhverfislega, félagslega og stjórnunarlega þætti sem krafist er að séu birtir samkvæmt öðrum viðkomandi lagagerðum, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2017/1129, til að hindra að upplýsingagjöf útgefenda skarist.

Þegar framkvæmdastjórnin semur þessa framseldu gerð skal hún einnig taka tillit til upplýsingaþarfar þátttakenda á fjármálamarkaði, sem fellur undir birtingarkröfur reglugerðar (ESB) 2019/2088.

IV. BÁLKUR

YTRI ÚTTEKTARAÐILAR EVRÓPSKRA GRÆNNA SKULDABRÉFA

1. KAFLI

Skilyrði fyrir ytri úttekt á evrópskum grænum skuldabréfum

22. gr.

Skráning

1. Ytri úttektaraðilar fyrir evrópsk græn skuldabréf skulu, áður en þeir hefja starfsemi, vera skráðir hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.

2. Ytri úttektaraðilar, sem skráðir eru hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, skulu ávallt uppfylla skilyrðin fyrir skráningu sem sett eru fram í 2. mgr. 23. gr.

3. Ríkisendurskoðendur skulu ekki falla undir IV. og V. bálk þessarar reglugerðar.

23. gr.

Umsókn um skráningu sem ytri úttektaraðili evrópskra grænna skuldabréfa

1. Umsókn um skráningu sem ytri úttektaraðili fyrir evrópsk græn skuldabréf skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) fullt nafn umsækjanda, heimilisfang skráðrar skrifstofu hans í Sambandinu, vefsetur umsækjanda og, ef það er tiltækt, auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni),

b) nafn og samskiptaupplýsingar tengiliðar,

c) félagsform umsækjanda,

d) skipulag eignarhalds hjá umsækjanda,

e) deili á háttsettum stjórnendum og stjórnarmönnum hjá umsækjanda, ásamt ferilskrá sem sýnir a.m.k. hæfni þeirra, reynslu og starfsmenntun,

f) fjölda greinenda, starfsfólks og annarra einstaklinga sem taka beinan þátt í matsstörfum og þekkingu þeirra, reynslu og þjálfun sem aflað var fyrir og við störf sín fyrir umsækjanda við veitingu ytri úttektar eða sambærilegrar þjónustu,

g) lýsingu á verklagi og aðferðum sem umsækjandi notar við að gefa út úttektir,

h) fyrirkomulag stjórnarhátta umsækjanda og stefnur eða verklagsreglur sem umsækjandi kemur til framkvæmda til að greina, eyða eða stjórna og birta upplýsingar um raunverulega eða mögulega hagsmunaárekstra með gagnsæjum hætti, eins og um getur í 35. gr.,

i) eftir atvikum, skjöl og upplýsingar sem tengjast gildandi eða fyrirhuguðu fyrirkomulagi útvistunar á starfsemi ytri úttektaraðila sem fellur undir þessa reglugerð, þ.m.t. upplýsingar um einingar sem annast útvistaða starfsemi,

j) eftir atvikum, upplýsingar um aðra starfsemi sem umsækjandi annast.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðeins skrá umsækjanda sem ytri úttektaraðila ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) að háttsettir stjórnendur og stjórnarmenn umsækjanda:

   i. hafi nægilega gott orðspor,

ii. hafi fullnægjandi fagþekkingu til að tryggja að umsækjandinn geti innt af hendi þau verkefni sem krafist er af ytri úttektaraðilum samkvæmt þessari reglugerð,

iii. hafi fullnægjandi faglega menntun og hæfi,

iv. hafi viðeigandi reynslu af starfsemi eins og gæðatryggingu, gæðaeftirliti, framkvæmd úttektar fyrir útgáfu, eftir útgáfu og úttektar á áhrifaskýrslu, veitingu álits annars aðila um samræmingarkosti eða fjármálaþjónustu,

b) að fjöldi greinenda, starfsfólks og annarra einstaklinga sem taka beinan þátt í matsstarfsemi umsækjanda og þekking þeirra, reynsla og þjálfun sé fullnægjandi til að umsækjandi geti sinnt þeim verkefnum sem krafist er af ytri úttektaraðilum samkvæmt þessari reglugerð,

c) að innra fyrirkomulag umsækjanda, sem komið er til framkvæmda til að tryggja að farið sé að ákvæðum 2. kafla þessa bálks, sé viðeigandi og skilvirkt.

Við mat á skilyrðunum sem sett eru fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að taka tillit til þess hvort umsækjandi, hafi hann veitt þjónustu skv. 69. og 70. gr., hefur sýnt ítrustu viðleitni til að fara að 24.–38. gr. Í þeim tilgangi getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin krafist þess að umsækjandi veiti henni nauðsynlegar upplýsingar.

3. Innan tuttugu virkra daga frá viðtöku umsóknar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta hvort hún sé fullnægjandi.

Ef umsókn er ekki fullgerð skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynna umsækjanda um það og setja frest til að veita viðbótarupplýsingar.

Ef umsóknin er fullnægjandi skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynna umsækjanda um það.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan 45 virkra daga frá viðtöku fullgerðrar umsóknar, skrá umsækjanda eða synja honum um skráningu.

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að framlengja tímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein um 15 virka daga, hyggist umsækjandi útvista tilteknum ytri úttektaraðgerðum.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilkynna umsækjanda skriflega um skráningu hans sem ytri úttektaraðila eða synjun á skráningu hans. Rökstyðja skal ákvörðun um skráningu umsækjanda eða synjun hennar og skal hún öðlast gildi á fimmta virka degi eftir samþykkt hennar.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðin sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. fyrstu undirgreinar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir þá miðlun upplýsinga sem um getur í 1. mgr.

Við gerð draga að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til stafrænna aðferða við skráningu.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

24. gr.

Verulegar breytingar sem skipta máli fyrir skráningu

1. Ytri úttektaraðili skal tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um allar verulegar breytingar á upplýsingunum sem veittar eru í samræmi við 1. mgr. 23. gr. áður en slíkar breytingar eru gerðar.

Andmæli Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin slíkum verulegum breytingum skal hún upplýsa ytri úttektaraðila innan 45 virkra daga frá tilkynningunni um breytingarnar og tilgreina ástæðurnar fyrir andmælum sínum. Breytingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, skulu ekki koma til framkvæmda ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin andmælir innan þess tímabils.

2. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að tilgreina stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir þá miðlun upplýsinga sem um getur í 1. mgr.

Við gerð draga að tæknilegum framkvæmdarstöðlum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til stafrænna aðferða við skráningu.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2025.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

25. gr.

Tungumál

Umsækjandi skal leggja fram umsókn um skráningu, sem um getur í 23. gr., á einu af opinberum tungumálum meginstofnana Sambandsins. Reglugerð nr. 1 frá 15. apríl 1958 ([22]) skal gilda, að breyttu breytanda, um öll önnur samskipti milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og umsækjanda og starfsfólks hans.

2. KAFLI

Skipulagskröfur, ferli og skjöl er varða stjórnarhætti

26. gr.

Almennar meginreglur

1. Ytri úttektaraðilar skulu nota viðeigandi kerfi, tilföng og verklagsreglur til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

2. Ytri úttektaraðilar skulu a.m.k. árlega fylgjast með og meta hvort kerfi þeirra, tilföng og verklagsreglur, sem komið er á í samræmi við þessa reglugerð, séu fullnægjandi og skilvirk og grípa til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á annmörkum að því er þetta varðar.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðanir fyrir mat á því hvort kerfi, tilföng og verklagsreglur ytri úttektaraðila, sem um getur í 1. og 2. mgr., séu viðeigandi, fullnægjandi og skilvirk.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2025.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

([22]) Reglugerð nr. 1 frá 15. apríl 1958 þar sem ákveðið er hvaða tungumál skulu notuð í Efnahagsbandalagi Evrópu (Stjtíð. EB 17, 6.10.1958, bls. 385/58).

27. gr.

Háttsettir stjórnendur og stjórnarmenn

1. Háttsettir stjórnendur og stjórnarmenn hjá ytri úttektaraðila skulu, eftir því sem við á, tryggja eða hafa eftirlit með eftirfarandi:

a) traustri og varfærinni stjórnun ytri úttektaraðila,

b) óhæði matsstarfsemi,

c) að allir raunverulegir eða mögulegir hagsmunaárekstrar séu greindir, þeim eytt eða stjórnað á tilhlýðilegan hátt og birtir með gagnsæjum hætti,

d) að ytri úttektaraðili fari ávallt að þessari reglugerð.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðin til að meta trausta og varfærna stjórnun ytri úttektaraðila, sem um getur í a-lið 1. mgr., og stjórnun hagsmunaárekstra, sem um getur í c-lið 1. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

28. gr.

Greinendur og starfsfólk ytri úttektaraðila og annarra aðila sem taka beinan þátt í matsstarfsemi ytri úttektaraðila

1. Ytri úttektaraðilar skulu tryggja að greinendur þeirra og starfsfólk og aðrir einstaklingar sem þjónusta þá eða eru undir yfirráðum þeirra og sem taka beinan þátt í matsstarfsemi hafi nauðsynlega þekkingu, reynslu og starfsþjálfun til að sinna þeim skyldustörfum sem þeim eru falin.

2. Ytri úttektaraðilar skulu tryggja að einstaklingunum sem um getur í 1. mgr. sé ekki heimilt að hefja eða taka þátt í samningaviðræðum um þóknanir eða greiðslur við neina einingu sem verið er að meta, tengdan þriðja aðila eða neinn einstakling, sem hefur bein eða óbein tengsl við eininguna sem verið er að meta með eftirliti.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðanir fyrir mat á því hvort þekking, reynsla og starfsþjálfun ytri úttektaraðila, sem um getur í 1. mgr., séu viðeigandi.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

29. gr.

Regluvarsla

1. Ytri úttektaraðilar skulu koma á og viðhalda varanlegri, óháðri og skilvirkri regluvörslu fyrir starfsemi sem framkvæmd er samkvæmt þessari reglugerð.

2. Ytri úttektaraðilar skulu tryggja að regluvarsla uppfylli eftirfarandi:

a) hún hafi valdheimild til að sinna skyldum sínum á réttan og óháðan hátt,

b) hún hafi nauðsynleg tilföng og sérfræðiþekkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli,

c) hún vakti hvorki né meti eigin starfsemi,

d) hún þiggi ekki greiðslur í tengslum við rekstrarárangur ytri úttektaraðila.

3. Niðurstöður regluvörslu skulu gerðar aðgengilegar annaðhvort eftirlitseiningu eða stjórn ytri úttektaraðila.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðanir fyrir mat á því hvort regluvarsla hafi heimild til að sinna skyldum sínum á réttan og óháðan hátt, eins og um getur í a-lið 2. mgr., og viðmiðanir fyrir mat á því hvort regluvarsla búi yfir nauðsynlegum úrræðum og sérfræðiþekkingu og hafi aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum eins og um getur í b-lið 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2025.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

30. gr.

Innri stefnur og verklagsreglur

1. Ytri úttektaraðilar skulu samþykkja og framkvæma innri stefnur og verklagsreglur um áreiðanleikakannanir til að tryggja að viðskiptahagsmunir þeirra dragi ekki úr óhæði eða nákvæmni matsstarfsemi.

2. Ytri úttektaraðilar skulu samþykkja og innleiða traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, innri eftirlitskerfi og skilvirkt eftirlits- og öryggisfyrirkomulag fyrir upplýsingavinnslukerfi.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðin til að meta áreiðanleika stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulags og innri eftirlitskerfa, sem og skilvirkni eftirlits- og verndarfyrirkomulags fyrir gagnavinnslukerfi, sem um getur í 2. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2025.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

31. gr.

Matsaðferðir og upplýsingar sem notaðar eru við úttekt

1. Ytri úttektaraðilar skulu samþykkja og gera ráðstafanir til að tryggja að úttektir þeirra gefi álit sem byggist á ítarlegri greiningu á öllum upplýsingum sem þeir hafa aðgang að og, samkvæmt aðferðum þeirra, skipta máli fyrir greininguna.

2. Ytri úttektaraðilar skulu gera aðgengileg öllum helstu skref sem tekin eru í rökstuðningi hans til að komast að niðurstöðu úttektar hans.

3. Ytri úttektaraðilar skulu nota fullnægjandi upplýsingar frá áreiðanlegum heimildum þegar þeir gera úttektir.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðanir fyrir mat á því hvort upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. séu nægilega vandaðar og hvort heimildirnar sem um getur í þeirri málsgrein séu áreiðanlegar.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2025.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

32. gr.

Villur í matsaðferðum eða beitingu þeirra

1. Ytri úttektaraðilar sem finna villur í matsaðferðum sínum eða beitingu þeirra, sem hafa veruleg áhrif á úttekt skulu tafarlaust tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og útgefendum hlutaðeigandi evrópskra grænna skuldabréfa um villurnar og útskýra þær.

2. Ytri úttektaraðilar skulu takast tímanlega á við villurnar og birta villurnar, sem um getur í 1. mgr., á vefsetrum sínum ásamt, ef við á, endurskoðaðri og leiðréttri úttekt eins fljótt og unnt er. Í endurskoðuðu skjölunum skulu ástæður breytinganna koma fram.

33. gr.

Útvistun

1. Ytri úttektaraðilar sem útvista matsstarfsemi sinni til þjónustuveitenda sem eru þriðju aðilar skulu tryggja að slíkur þjónustuveitandi sem er þriðji aðili hafi hæfni og getu til að annast matsstarfsemina með áreiðanlegum og faglegum hætti. Þessir ytri úttektaraðilar skulu einnig tryggja að útvistun dragi ekki verulega úr gæðum innra eftirlits þeirra og getu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að hafa eftirlit með því að þessir ytri úttektaraðilar fari að þessari reglugerð.

2. Ytri úttektaraðilar skulu ekki útvista allri matsstarfsemi sinni eða regluvörslu.

3. Ytri úttektaraðilar skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um þá matsstarfsemi sem þeir hyggjast útvista, þ.m.t. tilgreiningu á umfangi þess mannauðs og tækniúrræða sem þörf er á til að annast hverja starfsemi og ástæður slíkrar útvistunar.

4. Ytri úttektaraðilar sem útvista matsstarfsemi skulu tryggja að slík útvistun dragi ekki úr eða skerði getu háttsettra stjórnenda eða stjórnarmanna hjá ytri úttektaraðila til að sinna starfi sínu eða hlutverkum.

5. Ytri úttektaraðilar skulu tryggja að þriðju aðilar sem veita þjónustu starfi saman og fari að eftirlitsbeiðnum frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í tengslum við útvistaða matsstarfsemi.

6. Ytri úttektaraðilar skulu áfram bera ábyrgð á allri útvistaðri starfsemi og skulu samþykkja ráðstafanir til að tryggja eftirfarandi:

a) mat á því hvort þriðju aðilar sem veita þjónustu sinni útvistuðum verkefnum á skilvirkan hátt og í samræmi við gildandi lög og reglur og taki með skilvirkum hætti á annmörkum sem finnast,

b) greiningu á allri hugsanlegri áhættu í tengslum við útvistaða matsstarfsemi,

c) fullnægjandi reglubundið eftirlit með útvistaðri matsstarfsemi,

d) fullnægjandi eftirlitsaðferðir að því er varðar útvistaða matsstarfsemi, þ.m.t. skilvirkt eftirlit með útvistaðri matsstarfsemi og allri hugsanlegri áhættu í tengslum við þriðja aðila sem veitir þjónustu,

e) fullnægjandi rekstrarsamfellu útvistaðrar matsstarfsemi.

Að því er varðar e-lið fyrstu undirgreinar skulu ytri úttektaraðilar fá upplýsingar um fyrirkomulag þriðju aðila sem veita þjónustu til að viðhalda rekstrarsamfellu, meta gæði þeirra og fara fram á endurbætur á slíku fyrirkomulagi ef nauðsyn krefur.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðanir til að:

a) meta hæfni og getu þriðju aðila sem veita þjónustu til að framkvæma matsaðgerðir með áreiðanlegum og faglegum hætti, og

b) tryggja að framkvæmd matsstarfsemi dragi ekki verulega úr gæðum innra eftirlits ytri úttektaraðila eða getu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að hafa eftirlit með því að ytri úttektaraðilar fari að þessari reglugerð.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

34. gr.

Kröfur að því er varðar skráahald

1. Ytri úttektaraðilar skulu halda fullnægjandi skrár yfir eftirfarandi:

a) auðkenni þeirra aðila sem taka þátt í ákvörðun og samþykki á úttekt og dagsetninguna þegar ákvarðanir um að samþykkja hana voru teknar,

b) skjalfesting á þeim settu verklagsreglur og aðferðum sem ytri úttektaraðilar nota við að annast og taka saman úttektir,

c) innanhússskjöl, þ.m.t. óopinberar upplýsingar og vinnuskjöl, sem notuð eru til grundvallar hvers konar birtri úttekt,

d) skrár yfir verklagsreglur og ráðstafanir sem ytri úttektaraðilar gera til að fara að þessari reglugerð,

e) afrit af innri og ytri samskiptum sem varða matsstarfsemi, þ.m.t. rafræn samskipti, sem ytri úttektaraðili og starfsfólk hans tekur á móti og sendir,

f) gögn sem innihalda mat sem gert er áður en samningur er gerður, eins og um getur í 2. mgr. 35. gr.

2. Skrárnar og skjölin, sem um getur í 1. mgr., skulu geymd þar til a.m.k. fimm ár eru liðin frá gjalddaga viðkomandi skuldabréfs og skulu gerð aðgengileg Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni að beiðni hennar.

3. Hafi Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin afturkallað skráningu ytri úttektaraðila, í samræmi við 1. mgr. 59. gr., skal hann sjá til þess að skrár og skjöl séu geymd í fimm ár til viðbótar. Skrár og skjöl þar sem sett eru fram réttindi og skyldur ytri úttektaraðila og útgefanda evrópsks græns skuldabréfs, samkvæmt samningi um að veita matsþjónustu skulu geymd á meðan samband við þann útgefanda varir.

35. gr.

Hagsmunaárekstrar og upplýsingaleynd

1. Ytri úttektaraðilar skulu greina, eyða eða stjórna og birta, á gagnsæjan hátt, í úttekt sinni, hvers kyns raunverulega eða mögulega hagsmunaárekstra sem varða eitthvað af eftirfarandi:

a) greinendur þeirra eða starfsfólk,

b) hluthafa sem eiga a.m.k. 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti ytri úttektaraðila eða í fyrirtæki sem hefur vald til að beita heimildum sínum eða ráðandi áhrifum á ytri úttektaraðila,

c) sérhvern aðila sem er samningsbundinn ytri úttektaraðilum og tekur beinan þátt í matsstarfsemi,

d) aðila sem samþykkir úttekt.

2. Áður en ytri úttektaraðili gerir samning við útgefanda um að veita þjónustu skal hann gera mat, áður en samningur er gerður, á því hvort um raunverulegan eða mögulegan hagsmunaárekstur er að ræða og skjalfesta matið. Ytri úttektaraðili skal uppfæra matið fyrir samning og tilheyrandi gögn þegar veruleg breyting verður á áhættu vegna hagsmunaárekstra eftir að samningur hefur verið gerður milli ytri úttektaraðila og útgefanda.

Ytri úttektaraðili skal ekki gefa út úttekt ef hann greinir raunverulegan hagsmunaárekstur og ytri úttektaraðili getur ekki gert ráðstafanir til að eyða eða ná stjórn á þeim hagsmunaárekstrum.

3. Gjöld, sem ytri úttektaraðilar innheimta fyrir matsþjónustu, skulu hvorki ráðast af niðurstöðum úttekta né neinum öðrum niðurstöðum eða útkomu úr þeirri vinnu sem innt er af hendi.

4. Greinendur, starfsfólk ytri úttektaraðila og allir aðrir aðilar sem eru samningsbundnir ytri úttektaraðilum og taka beinan þátt í matsstarfsemi skulu bundnir þagnarskyldu.

5. Ytri úttektaraðilar skulu tryggja að greinendur þeirra og starfsfólk eða allir aðrir einstaklingar sem eru samningsbundnir ytri úttektaraðilum og taka beinan þátt í matsstarfsemi uppfylli eftirfarandi:

a) geri allar réttmætar ráðstafanir til að vernda eignir og gögn í eigu ytri úttektaraðila fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun, að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs í rekstri þeirra og eðlis og umfangs matsstarfsemi þeirra,

b) birti ekki upplýsingar um úttektir og hugsanlegar úttektir í framtíðinni neinum öðrum aðilum en þeim útgefendum sem óskað hafa eftir mati ytri úttektaraðilans,

c) noti ekki eða deili trúnaðarupplýsingum í öðrum tilgangi en að sinna matsstarfsemi.

36. gr.

Veiting annarrar þjónustu

Ytri úttektaraðilar sem veita aðra þjónustu en matsstarfsemi skulu tryggja að þessi önnur þjónusta skapi ekki hagsmunaárekstra við matsstarfsemi sína varðandi evrópsk græn skuldabréf. Slíkir ytri úttektaraðilar skulu í úttekt sinni birta upplýsingar um alla aðra þjónustu sem veitt er einingunni sem er metin eða tengdum þriðja aðila.

3. KAFLI

Úttektir

37. gr.

Tilvísanir til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða annarra lögbærra yfirvalda

Í úttekt sinni skulu ytri úttektaraðilar ekki vísa til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða neins lögbærs yfirvalds með hætti sem gæti gefið til kynna eða bent til að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða eitthvert lögbært yfirvald styðji eða samþykki þá úttekt eða neina aðra matsstarfsemi hjá ytri úttektaraðilanum.

38. gr.

Birting úttekta

1. Ytri úttektaraðilar skulu birta eftirfarandi, án endurgjalds, og gera aðgengilegar á vefsetrum sínum:

a) innan hæfilegs frests fyrir útgáfu viðkomandi skuldabréfs, úttektir fyrir útgáfu sem þeir hafa birt,

b) án tafar þegar ytri úttektaraðili hefur lokið við að meta úthlutunarskýrslur, úttektir sem hann hefur gefið út að lokinni útgáfu,

c) án tafar að loknu mati ytri úttektaraðila á áhrifaskýrslum, úttektir á áhrifaskýrslum sem þeir hafa gefið út.

2. Úttektirnar skulu áfram vera aðgengilegar öllum á vefsetri ytri úttektaraðila, a.m.k. fram að gjalddaga hlutaðeigandi skuldabréfs.

3. Ytri úttektaraðilar sem ákveða að hætta úttekt skulu veita upplýsingar um ástæður fyrir þeirri ákvörðun á vefsetrum sínum án tafar í kjölfar slíkrar ákvörðunar.

4. KAFLI

Þjónustustarfsemi af hálfu ytri úttektaraðila frá þriðja landi

39. gr.

Almenn ákvæði

1. Ytri úttektaraðili frá þriðja landi hefur heimild til að veita útgefendum evrópskra grænna skuldabréfa þjónustu sína í samræmi við þessa reglugerð ef sá ytri úttektaraðili er skráður í skrá yfir ytri úttektaraðila í þriðja landi, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin heldur í samræmi við 67. gr.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal aðeins skrá ytri úttektaraðila í þriðja landi sem hefur sótt um að veita ytri úttektþjónustu, í samræmi við þessa reglugerð, í gervöllu Sambandinu, í samræmi við 1. mgr. (umsækjandi sem ytri úttektaraðili frá þriðja landi), að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) framkvæmdastjórnin hafi tekið ákvörðun skv. 1. mgr. 40. gr.,

b) ytri úttektaraðili sem sækir um sé skráður eða hafi starfsleyfi til að veita úttektþjónustuna sem fyrirhuguð er í Sambandinu og lúti skilvirku eftirliti og framfylgd sem tryggja að farið sé að fullu að gildandi kröfum í því þriðja landi,

c) komið hafi verið á samstarfsfyrirkomulagi skv. 3. mgr. 40. gr.

3. Ef ytri úttektaraðili í þriðja landi er skráður í samræmi við þessa grein skal ekki gera neinar viðbótarkröfur til ytri úttektaraðila í þriðja landi að því er varðar þau atriði sem þessi reglugerð tekur til.

4. Ytri úttektaraðili í þriðja landi sem sækir um skal leggja umsókn sína fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og nota til þess eyðublöðin og sniðmátin sem um getur í 7. mgr. 23. gr. eftir að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvörðunina sem um getur í 1. mgr. 40. gr. í tengslum við þriðja landið þar sem ytri úttektaraðili í þriðja landi sem sækir um er skráður eða er með starfsleyfi.

5. Ytri úttektaraðili í þriðja landi sem sækir um skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til skráningar hans.

6. Innan tuttugu virkra daga frá viðtöku umsóknar skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta hvort hún sé fullnægjandi.

Ef umsókn er ekki fullgerð skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynna það ytri úttektaraðila sem sækir um og setja frest til að veita viðbótarupplýsingar.

Ef umsóknin er fullnægjandi skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynna það ytri úttektaraðila í þriðja landi sem sækir um.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan 45 virkra daga frá viðtöku fullgerðrar umsóknar, skrá ytri úttektaraðila sem sækir um eða synja honum um skráningu.

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að framlengja tímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein um 15 virka daga, hyggist ytri úttektaraðili sem sækir um útvista tiltekinni ytri úttekt.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilkynna ytri úttektaraðila í þriðja landi, sem sækir um, skriflega um skráningu þess ytri úttektaraðila í þriðja landi eða um synjun á skráningu hans. Rökstyðja skal slíka ákvörðun um skráningu ytri úttektaraðila í þriðja landi sem sækir um eða synjun hennar og skal hún öðlast gildi á fimmta virka degi eftir samþykkt hennar.

9. Ytri úttektaraðilar í þriðja landi skulu, áður en þeir veita þjónustu í tengslum við útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa með staðfestu í Sambandinu, bjóðast til að vísa hvers kyns ágreiningi sem tengist þjónustunni til lögsögu dómstóls í aðildarríki eða gerðardóms með aðsetur í aðildarríki.

40. gr.

Ákvörðun um jafngildi

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja ákvörðun í tengslum við þriðja land þess efnis að laga- og eftirlitsrammar þess þriðja lands tryggi allt eftirfarandi:

a) að ytri úttektaraðilar, sem eru skráðir eða með starfsleyfi í því þriðja landi, uppfylli lagalega bindandi kröfur um skipulags- og viðskiptahætti, sem hafa jafngild áhrif og kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í framkvæmdarráðstöfunum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð,

b) að lagarammi þess þriðja lands kveði á um skilvirkt jafngilt kerfi fyrir viðurkenningu á ytri úttektaraðilum sem eru skráðir eða með starfsleyfi samkvæmt lögum þess þriðja lands.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að líta svo á að lagarammi þriðja lands er varðar skipulagskröfur og viðskiptahætti hafi jafngild áhrif og kröfur þessarar reglugerðar þegar, innan þess ramma, aðilar sem veita ytri úttektþjónustu falla undir eftirfarandi:

a) skráningu eða starfsleyfi ásamt virku eftirliti og framfylgd á áframhaldandi grundvelli,

b) fullnægjandi skipulagskröfur á sviði innra eftirlits,

c) viðeigandi reglur um viðskiptahætti.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal koma á samstarfsfyrirkomulagi við viðkomandi lögbær yfirvöld þriðju landa sem hafa laga- og eftirlitsramma sem hafa verið viðurkenndir sem jafngildir í raun í samræmi við 1. mgr. Þess háttar fyrirkomulag skal tilgreina eftirfarandi:

a) kerfi til upplýsingaskipta milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi þriðju landa, þ.m.t. aðgang að öllum upplýsingum um ytri úttektaraðila í þriðja landi, sem eru skráðir eða með starfsleyfi í þriðju löndum, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fer fram á,

b) kerfi fyrir tafarlausar tilkynningar til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar ef lögbært yfirvald í þriðja landi telur að ytri úttektaraðili í þriðja landi sem það hefur eftirlit með og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur skráð í skrána sem um getur í 67. gr. brjóti í bága við skilyrði skráningar sinnar eða starfsleyfis eða gildandi laga,

c) verklag við samræmingu á eftirlitsstarfsemi, þ.m.t., eftir því sem við á, vettvangsskoðanir.

4. Ytri úttektaraðili í þriðja landi, með staðfestu í landi þar sem laga- og eftirlitsramminn hefur verið viðurkenndur sem í reynd jafngildur í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar og sem er skráður í skrána sem um getur í 67. gr., skal geta veitt útgefendum evrópskra grænna skuldabréfa þá þjónustu sem skráningin tekur til alls staðar í Sambandinu.

5. Ytri úttektaraðili í þriðja landi skal ekki lengur nota réttinn skv. 39. gr. ef framkvæmdastjórnin afturkallar ákvörðun sína sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í tengslum við það þriðja land.

41. gr.

Afturköllun skráningar ytri úttektaraðila í þriðja landi

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal afturkalla skráningu ytri úttektaraðila í þriðja landi með því að taka hann af skránni sem um getur í 67. gr. ef hún hefur rökstuddar ástæður, byggðar á skriflegum sönnunargögnum, til að ætla að þegar þjónustan er veitt samkvæmt þessari reglugerð í Sambandinu, hafi ytri úttektaraðili í þriðja landi:

a) komið fram á þann hátt sem er bersýnilega skaðlegur hagsmunum fjárfesta eða skipulegri starfsemi markaða, eða

b) brotið með alvarlegum hætti gegn lögum og reglugerðum sem gilda um hann í viðkomandi þriðja landi og sem voru grundvöllur framkvæmdastjórnarinnar fyrir samþykkt ákvörðunar skv. 1. mgr. 40. gr.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal taka ákvörðun skv. 1. mgr. eftir að:

a) hafa vísað málinu til eftirlitsyfirvalds í viðkomandi þriðja landi og það eftirlitsyfirvald hefur ekki gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að vernda fjárfesta og skipulega starfsemi markaða í Sambandinu, eða hefur ekki sýnt fram á að viðkomandi ytri úttektaraðili í þriðja landi fari að kröfum sem gilda um hann í þriðja landinu, og

b) hafa upplýst eftirlitsyfirvald í viðkomandi þriðja landi um fyrirhugaða afturköllun skráningar ytri úttektaraðila í þriðja landi, a.m.k. 30 dögum fyrir afturköllunina.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina um ákvörðun sem tekin er skv. 1. mgr. og birta ákvörðun sína á vefsetri sínu.

4. Komi til afturköllunar á skráningu ytri úttektaraðila í þriðja landi skal framkvæmdastjórnin meta hvort skilyrðin fyrir því að ákvörðun var samþykkt skv. 1. mgr. 40. gr. séu enn fyrir hendi að því er varðar viðkomandi þriðja land.

42. gr.

Viðurkenning á ytri úttektaraðila frá þriðja landi

1. Þar til ákvörðun skv. 1. mgr. 40. gr. hefur verið samþykkt er ytri úttektaraðila í þriðja landi heimilt að veita þjónustu sína í samræmi við þessa reglugerð að því tilskildu að hann fái viðurkenningu frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við þessa grein.

2. Ytri úttektaraðili í þriðja landi sem hyggst öðlast viðurkenningu eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar („ytri úttektaraðili í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu“) skal uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23.–38. gr. og 54.–56. gr.

3. Ytri úttektaraðili í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu skal hafa lagalegan fyrirsvarsmann með staðfestu í Sambandinu. Lagalegi fyrirsvarsmaðurinn skal:

a) bera, ásamt ytri úttektaraðila í þriðja land sem leitar viðurkenningar, ábyrgð á því að tryggja að þjónustustarfsemi samkvæmt þessari reglugerð af hálfu ytri úttektaraðila í þriðja landi, sem sækist eftir viðurkenningu, uppfylli kröfurnar sem um getur í 2. mgr. og skal að því leyti vera ábyrgur gagnvart Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni vegna framferðis ytri úttektaraðila í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu í Sambandinu,

b) koma fram fyrir hönd ytri úttektaraðila í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu sem helsti tengiliður við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og alla aðra aðila í Sambandinu að því er varðar skyldur ytri úttektaraðila samkvæmt þessari reglugerð og

c) búa yfir fullnægjandi þekkingu, sérfræðikunnáttu og tilföngum til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt þessari málsgrein.

4. Umsókn um viðurkenningu frá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni eins og um getur í 1. mgr., skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að fullvissa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um að ytri úttektaraðili í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu hafi gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfurnar sem um getur í 2. og 3. mgr. og skal, eftir atvikum, tilgreina lögbæra yfirvaldið sem ber ábyrgð á eftirliti með ytri úttektaraðila í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu í þriðja landinu.

5. Innan þrjátíu virkra daga frá viðtöku umsóknar um viðurkenningu skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin meta hvort hún sé fullnægjandi.

Ef umsókn er ekki fullgerð skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynna ytri úttektaraðila í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu um það og setja frest til að veita viðbótarupplýsingar.

Ef umsóknin er fullnægjandi skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynna ytri úttektaraðila í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu um það.

6. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan 45 virkra daga frá viðtöku fullgerðrar umsóknar, sannreyna að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. séu uppfylltar.

Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að framlengja tímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar um 15 virka daga, hyggist ytri úttektaraðili sem sækist eftir viðurkenningu útvista tiltekinni ytri úttektaraðilatarfsemi.

7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilkynna ytri úttektaraðila í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu skriflega um þá ákvörðun sína að viðurkenna eða synja ytri úttektaraðila sem sækist eftir viðurkenningu sem ytri úttektaraðili í þriðja landi. Rökstyðja skal ákvörðun um viðurkenningu ytri úttektaraðila í þriðja landi sem sækist eftir viðurkenningu eða synjun viðurkenningar og skal hún öðlast gildi á fimmta virka degi eftir samþykkt hennar.

8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal fella tímabundið úr gildi eða, eftir því sem við á, afturkalla viðurkenningu sem er veitt í samræmi við 7. mgr. ef það hefur rökstuddar ástæður, byggðar á skriflegum sönnunargögnum, til að ætla að ytri úttektaraðili í þriðja landi komi fram með þeim hætti sem er skaðlegur hagsmunum notenda þjónustu hans eða skipulegri starfsemi markaða eða hafi brotið alvarlega gegn þessari reglugerð, eða að ytri úttektaraðili í þriðja landi hafi sett fram rangar staðhæfingar eða notað aðrar óréttmætar aðferðir til að hljóta viðurkenninguna.

9. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina upplýsingar og snið og innihald umsóknarinnar, sem um getur í 4. mgr.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 21. desember 2025.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

43. gr.

Stuðningur við þjónustu samkvæmt þessari reglugerð sem veitt er í þriðja landi

1. Ytri úttektaraðili með staðfestu í Sambandinu sem skráður er í samræmi við 23. gr. getur sótt um heimild til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að styðja þjónustu sem ytri úttektaraðili í þriðja landi veitir á áframhaldandi grundvelli í Sambandinu, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) ytri úttektaraðili hafi sannreynt og geti sýnt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni fram á, á áframhaldandi grundvelli, að þjónustustarfsemi ytri úttektaraðila í þriðja landi samkvæmt þessari reglugerð uppfylli kröfur sem eru a.m.k. jafn strangar og kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

b) viðkomandi ytri úttektaraðili býr yfir nauðsynlegri sérfræðikunnáttu til að hafa skilvirkt eftirlit með þjónustu sem ytri úttektaraðili í þriðja landi veitir samkvæmt þessari reglugerð og til að stýra tengdri áhættu,

c) þjónusta ytri úttektaraðila í þriðja landi sé nýtt af einni af eftirfarandi hlutlægum ástæðum:

i. vegna sérstakra eiginleika undirliggjandi markaða eða fjárfestinga,

ii. vegna nálægðar ytri úttektaraðila í þriðja landi við markaði, útgefendur eða fjárfesta í þriðja landi,

iii. vegna sérfræðiþekkingar ytri úttektaraðila í þriðja landi á því að veita þjónustu á sviði ytri úttektar eða á tilteknum mörkuðum eða fjárfestingum.

2. Ytri úttektaraðili sem leggur fram umsóknina sem um getur í 1. mgr. („styðjandi ytri úttektaraðili“) skal veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fullvissa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um að þegar umsókn er lögð fram séu öll skilyrði sem um getur í þeirri málsgrein uppfyllt.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal meta hvort umsóknin sem um getur í 1. mgr. sé fullnægjandi innan 20 virkra daga frá viðtöku hennar.

Ef umsókn er ekki fullgerð skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynna styðjandi ytri úttektaraðilanum um það og setja frest til að veita viðbótarupplýsingar.

Ef umsóknin er fullnægjandi skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tilkynna styðjandi ytri úttektaraðilanum um það.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, innan 45 virkra daga frá viðtöku fullgerðrar umsóknar, skoða umsóknina og samþykkja ákvörðun um að heimila stuðninginn eða synja honum. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilkynna styðjandi ytri úttektaraðilanum um ákvörðun sína. Rökstyðja skal ákvörðunina og skal hún öðlast gildi á fimmta virka degi eftir samþykkt hennar.

4. Þjónusta sem ytri úttektaraðili í þriðja landi veitir samkvæmt þessari reglugerð og hefur fengið stuðning fyrir skal teljast þjónusta sem styðjandi ytri úttektaraðilinn veitir. Styðjandi ytri úttektaraðili skal ekki nota stuðninginn í þeim tilgangi að komast hjá kröfum þessarar reglugerðar.

5. Styðjandi ytri úttektaraðili skal bera fulla ábyrgð á þeirri þjónustu sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð af hálfu ytri úttektaraðila frá þriðja landi sem hefur hlotið stuðning fyrir þjónustu sinni og bera ábyrgð á hlítni við þessa reglugerð.

6. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur rökstudda ástæðu til að ætla að skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. séu ekki lengur uppfyllt skal hún hafa heimild til að krefjast þess að styðjandi ytri úttektaraðili falli frá stuðningnum.

7. Styðjandi ytri úttektaraðili skal birta upplýsingarnar sem um getur í 38. gr. á vefsetri sínu.

8. Styðjandi ytri úttektaraðili skal árlega skýra Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni frá þeirri þjónustu sem hann hefur stutt næstliðna 12 mánuði.

V. BÁLKUR

EFTIRLIT LÖGBÆRRA YFIRVALDA OG EVRÓPSKU VERÐBRÉFAMARKAÐSEFTIRLITSSTOFNUNARINNAR

1. KAFLI

Lögbær yfirvöld

44. gr.

Eftirlit af hálfu lögbærra yfirvalda

1. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki, sem tilnefnt er skv. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129, skal hafa eftirlit með eftirfarandi:

a) útgefendum evrópskra grænna skuldabréfa að því er varðar uppfyllingu á skyldum sínum skv. 2. kafla II. bálks og 18. og 19. gr.,

b) útgefendum sem nota sameiginlegu sniðmátin, sem kveðið er á um í 21. gr., að því er varðar hlítni við þessi sniðmát.

2. Lögbær yfirvöld, sem eru tilnefnd í samræmi við 5. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402, skulu hafa eftirlit með því að upphafsaðilar uppfylli skyldur sínar, skv. 2. kafla II. bálks og 18. og 19. gr. þessarar reglugerðar.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. skulu lögbært yfirvöld ekki hafa eftirlit með útgefendum evrópskra grænna skuldabréfa sem falla undir b- og d-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129.

45. gr.

Valdheimildir lögbærra yfirvalda

1. Svo þeim sé unnt að rækja skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð skulu lögbær yfirvöld, í samræmi við landslög, hafa a.m.k. eftirfarandi eftirlits- og rannsóknarheimildir:

a) að skylda útgefendur til að birta upplýsingablöð um evrópsk græn skuldabréf, sem um getur í 10. gr., eða til að fella upplýsingarnar, sem um getur í I. viðauka, inn í þau upplýsingablöð,

b) að skylda útgefendur til að birta úttektir og mat,

c) að skylda útgefendur til að birta árlegar úthlutunarskýrslur eða setja upplýsingarnar, sem um getur í II. viðauka, í árlegar úthlutunarskýrslur,

d) að skylda útgefendur til að birta áhrifaskýrslu eða fella upplýsingarnar, sem um getur í III. viðauka, inn í áhrifaskýrsluna,

e) að skylda útgefendur til að tilkynna lögbæru yfirvaldi um birtingu í samræmi við 4. mgr. 15. gr.,

f) ef útgefendur nota sameiginlegu sniðmátin, sem kveðið er á um í 21. gr., að skylda þessa útgefendur til að láta þættina sem þar er vísað til fylgja með í reglubundinni birtingu upplýsinga eftir útgáfu,

g) að skylda endurskoðendur og háttsetta stjórnendur útgefanda til að leggja fram viðeigandi upplýsingar og skjöl,

h) að stöðva tímabundið útboð eða töku evrópskra grænna skuldabréfa til viðskipta á skipulegum markaði í að hámarki 10 virka daga samfellt í hvert sinn sem gild ástæða er til að ætla að útgefandi hafi ekki uppfyllt skyldur, skv. 2. kafla II. bálks eða 18. eða 19. gr.,

i) að banna útboð á evrópskum grænum skuldabréfum eða töku þeirra til viðskipta á skipulegum markaði, ef gildar ástæður eru til að ætla að útgefandi hafi enn ekki uppfyllt skyldur skv. 2. kafla II. bálks eða 18. eða 19. gr.,

j) að fresta auglýsingum í að hámarki 10 virka daga samfellt eða skylda útgefendur grænna evrópskra skuldabréfa eða fjármálamilliliði til að fresta auglýsingum í að hámarki 10 virka daga samfellt í hvert sinn sem gildar ástæður eru til að ætla að útgefandi hafi ekki uppfyllt skyldur, skv. 2. kafla II. bálks eða 18. eða 19. gr.,

k) að banna auglýsingar eða skylda útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa eða viðkomandi fjármálamilliliði til að hætta að auglýsa ef gildar ástæður eru til að ætla að útgefandi standi enn ekki við skyldur skv. 2. kafla II. bálks eða 18. eða 19. gr.,

l) að gera opinbert að útgefandi evrópskra grænna skuldabréfa uppfylli ekki ákvæði þessarar reglugerðar og skylda hann til að birta upplýsingarnar á vefsetri sínu,

m) að banna útgefanda að gefa út evrópsk græn skuldabréf til allt að eins árs ef hann hefur brotið ítrekað og alvarlega gegn 2. kafla II. bálks eða 18. eða 19. gr.,

n) að birta opinberlega, að þremur mánuðum liðnum frá því að krafan sem um getur í l-lið þessarar undirgreinar hefur verið gerð, þá staðreynd að útgefandi grænna evrópskra skuldabréfa uppfylli ekki lengur ákvæði 3. gr. að því er varðar notkun merkingarinnar „græn evrópsk skuldabréf“ eða „EuGB“, og skylda útgefandann til að birta upplýsingarnar á vefsetri sínu,

o) að gera vettvangsathuganir eða -rannsóknir á öðrum stöðum en einkaheimilum einstaklinga, og að fara í þeim tilgangi inn á athafnasvæði til að nálgast skjöl og önnur gögn á hvaða formi sem er, sé rökstuddur grunur um að skjölin eða önnur gögn í tengslum við efni athugunarinnar eða rannsóknarinnar gætu skipt máli við að sýna fram á brot gegn þessari reglugerð.

Þegar nauðsynlegt er samkvæmt landslögum er lögbærum yfirvöldum heimilt að óska eftir því við viðkomandi dómsyfirvald að það úrskurði um beitingu þeirra heimilda sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Lögbær yfirvöld skulu rækja hlutverk sitt og beita valdheimildum sínum, sem um getur í 1. mgr., með einhverjum eftirfarandi hætti:

a) beint,

b) í samstarfi við önnur yfirvöld,

c) á eigin ábyrgð með framsali til yfirvaldanna sem um getur í b-lið,

d) með því að leita til lögbærra dómsyfirvalda.

3. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar svo lögbær yfirvöld hafi allar nauðsynlegar eftirlits- og rannsóknarheimildir til að uppfylla skyldur sínar.

4. Aðili sem gerir upplýsingar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi samkvæmt þessari reglugerð telst ekki brjóta gegn ákvæðum um takmörkun á birtingu upplýsinga, sem mælt er fyrir um í samningi eða laga- eða stjórnsýsluákvæðum, og skal ekki sæta ábyrgð af neinu tagi fyrir að gera slíkar upplýsingar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi.

46. gr.

Samstarf milli lögbærra yfirvalda

1. Lögbær yfirvöld skulu starfa saman að framkvæmd þessarar reglugerðar. Þau skulu skiptast á upplýsingum án ástæðulausrar tafar og vinna saman á sviði rannsókna, eftirlits og framfylgdar.

Aðildarríki sem hafa kosið, í samræmi við 5. mgr. 49. gr., að mæla fyrir um refsiviðurlög við brotum á þessari reglugerð skulu tryggja að viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar svo lögbær yfirvöld hafi allar nauðsynlegar heimildir til samskipta við dómsyfirvöld innan lögsögu sinnar til að fá í hendur tilteknar upplýsingar í tengslum við rannsókn sakamála eða málssóknir sem gerðar eru vegna meintra brota á þessari reglugerð og útvega öðrum lögbærum yfirvöldum sömu upplýsingar til að uppfylla skuldbindingu sína um samstarf sín á milli að því er varðar þessa reglugerð.

2. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að synja beiðni um upplýsingar eða samstarf vegna rannsóknar eingöngu í eftirfarandi undantekningartilvikum:

a) ef það að verða við beiðninni er líklegt til að hafa skaðleg áhrif á þess eigin rannsókn, framfylgd eða rannsókn sakamáls,

b) ef málarekstur hefur þegar hafist varðandi sömu aðgerðir gagnvart sömu aðilum hjá viðeigandi yfirvöldum aðildarríkis þess lögbæra yfirvalds,

c) ef aðilarnir, sem um getur í b-lið, hafa þegar hlotið endanlegan dóm fyrir sömu aðgerðir í aðildarríki lögbæra yfirvaldsins.

3. Lögbær yfirvöld geta óskað aðstoðar lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis vegna vettvangsathugana eða rannsókna.

Lögbæru yfirvaldi sem fær beiðni frá lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis um að gera vettvangsathugun eða rannsókn er heimilt að gera hvað sem er af eftirfarandi:

a) annast sjálft vettvangsathugunina eða rannsóknina,

b) leyfa lögbæra yfirvaldinu sem lagði fram beiðnina að taka þátt í vettvangsathugun eða rannsókn,

c) leyfa lögbæra yfirvaldinu sem lagði fram beiðnina að framkvæma sjálft vettvangsathugunina eða rannsóknina,

d) skipa úttektaraðila eða sérfræðinga til að annast vettvangsathugunina eða rannsóknina,

e) deila tilteknum eftirlitstengdum verkefnum með öðrum lögbærum yfirvöldum.

4. Ef lögbært yfirvald, sem um getur í 2. mgr. 44. gr., kemst að því eða hefur ástæðu til að ætla að skylda skv. 2. kafla II. bálks, eða 18. eða 19. gr. hafi ekki verið uppfyllt þegar um verðbréfunarskuldabréf er að ræða, skal það upplýsa lögbært yfirvald aðildarríkis aðilans eða aðilanna, sem grunaðir eru um slíkt, um niðurstöður sínar með nægilega ítarlegum hætti. Þegar lögbæru yfirvaldi aðildarríkis þess aðila, sem grunur leikur á að fylgi ekki tilskildum ákvæðum, berast þessar upplýsingar skal það, innan 15 virkra daga, grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að taka á þeim tilvikum þar sem komið hefur í ljós að ekki hafi verið farið að tilskildum ákvæðum og tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum, sem málið varðar, um það. Sé lögbært yfirvald, sem um getur í 2. mgr. 44. gr., ósammála öðru lögbæru yfirvaldi um málsmeðferð eða inntak aðgerða þess eða aðgerðaleysi skal það tilkynna öllum öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum um ágreininginn án ástæðulausrar tafar.

5. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að vekja athygli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á tilvikum þar sem beiðni um samstarf, einkum til að skiptast á upplýsingum, hefur verið synjað eða ekki hefur verið brugðist við henni innan eðlilegs tíma. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt við slíkar aðstæður og með fyrirvara um 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að nýta sér þær valdheimildir sem henni eru faldar, skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

6. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þær upplýsingar sem á að miðla í samræmi við 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

7. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum til að koma á stöðluðum eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir samvinnu og skipti á upplýsingum sem um getur í 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

47. gr.

Þagnarskylda

1. Allar upplýsingar sem lögbær yfirvöld skiptast á samkvæmt þessari reglugerð er varða viðskipta- eða rekstrarskilyrði og önnur efnahagsleg eða einkamálefni skulu vera trúnaðarupplýsingar og um þær skal gilda þagnarskylda, nema lögbæra yfirvaldið lýsi því yfir þegar slík upplýsingaskipti fara fram við annað lögbært yfirvald, að slíkar upplýsingar megi birta eða ef slík birting upplýsinga er nauðsynleg vegna málarekstrar.

2. Þagnarskylda gildir um alla þá sem vinna eða hafa unnið fyrir lögbæra yfirvaldið eða þriðja aðila sem lögbæra yfirvaldið felur umboð sitt. Upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu skal ekki miðlað til annars aðila eða yfirvalds nema samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.

48. gr.

Varúðarráðstafanir

1. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríki, sem hefur skýrar og sannanlegar ástæður til að ætla að útgefandi evrópskra grænna skuldabréfa hafi framið brot á reglum eða að slíkur útgefandi hafi brotið í bága við þessa reglugerð, skal senda niðurstöðurnar til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríkinu og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. Ef útgefandi evrópskra grænna skuldabréfa heldur áfram að brjóta gegn þessari reglugerð, þrátt fyrir ráðstafanir lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins, skal lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins, eftir að hafa gert lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni viðvart, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta og skal gera framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni viðvart án ástæðulausrar tafar.

3. Lögbært yfirvald sem er mótfallið ráðstöfunum sem annað lögbært yfirvald gerir skv. 2. mgr. getur það borið málið undir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur aðhafst í samræmi við þær valdheimildir sem henni eru veittar skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

49. gr.

Stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir

1. Án þess að hafa áhrif á eftirlits- og rannsóknarheimildir lögbærra yfirvalda skv. 45. gr. og réttindi aðildarríkja til að kveða á um og beita refsiviðurlögum skulu aðildarríki, í samræmi við landslög, kveða á um að lögbær yfirvöld hafi vald til að beita stjórnsýsluviðurlögum og gera aðrar viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir, sem skulu vera skilvirk, í samræmi við meðalhóf og hafa varnaðaráhrif. Slík stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir skulu gilda um:

a) brot útgefenda á skyldum sínum, skv. 2. kafla II. bálks eða 18., 19. eða 21. gr.,

b) skort á samstarfsvilja eða að farið sé að kröfum í rannsókn eða í tengslum við eftirlit eða kröfu, skv. 1. mgr. 45. gr.

2. Aðildarríkin geta, fyrir 21. desember 2024, ákveðið að mæla ekki fyrir um reglur varðandi valdheimild lögbærra yfirvalda til að beita stjórnsýsluviðurlögum og gera aðrar viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir eins og um getur í 1. mgr., ef brotin sem getið er í a- og b-lið þeirrar málsgreinar falla þegar undir refsiviðurlög í landslögum þeirra. Taki aðildarríki slíka ákvörðun skal það gera framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ítarlega grein fyrir viðkomandi hlutum refsilöggjafar sinnar.

3. Aðildarríki skulu, eigi síðar en 21. desember 2024, tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í smáatriðum um reglurnar sem um getur í 1. og 2. mgr. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, án tafar, um hvers konar síðari breytingar á reglunum.

4. Aðildarríki skulu, í samræmi við landslög, tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til að beita eftirfarandi stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum í tengslum við þau brot sem um getur í a-lið 1. mgr.:

a) opinberri yfirlýsingu, sem gefur til kynna ábyrgan einstakling eða lögaðila og eðli brotsins í samræmi við l-lið 1. mgr. 45. gr.,

b) fyrirmælum um að einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á brotlegu athæfi láti af því,

c) fyrirmælum sem banna ábyrgum einstaklingi eða lögaðila að gefa út evrópsk græn skuldabréf í allt að eitt ár,

d) hámarksstjórnsýslusektum sem nema a.m.k. tvöfaldri fjárhæð hagnaðarins af brotinu, eða tapsins sem komist er hjá með því, ef unnt er að ákvarða slíkt,

e) sé um að ræða lögaðila, hámarksstjórnvaldssektum sem nema a.m.k. 500 000 evrum eða, í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil, samsvarandi fjárhæð í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 20. desember 2023, eða 0,5% af heildarársveltu viðkomandi lögaðila samkvæmt nýjustu fyrirliggjandi reikningsskilum sem samþykkt eru af stjórninni.

f) sé um að ræða einstakling, hámarksstjórnvaldssektum sem nema a.m.k. 50 000 evrum eða, í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil, samsvarandi fjárhæð í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 20. desember 2023.

Að því er varðar e-lið fyrstu undirgreinar, sé lögaðilinn móðurfélag eða dótturfélag móðurfélags sem ber að gera samstæðureikningsskil í samræmi við tilskipun 2013/34/ESB skal viðkomandi heildarársvelta vera heildarársvelta eða samsvarandi tekjur í samræmi við gildandi lög Sambandsins um reikningsskil samkvæmt nýjasta fyrirliggjandi samstæðureikningi sem stjórn hins endanlega móðurfélags hefur samþykkt.

5. Aðildarríki geta kveðið á um frekari viðurlög eða ráðstafanir og um hærri stjórnsýslusektir en sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

50. gr.

Nýting eftirlitsheimilda og valdheimilda til að beita viðurlögum

1. Þegar lögbær yfirvöld taka ákvörðun um tegund og umfang stjórnsýsluviðurlaga og annarra stjórnsýsluráðstafana skulu þau taka tillit til allra aðstæðna sem máli skipta, þ.m.t., eftir því sem við á:

a) alvarleika og tímalengdar brotsins,

b) umfangs ábyrgðar aðilans sem ber ábyrgð á brotinu,

c) fjárhagslegs styrks hins brotlega, á grundvelli heildarveltu brotlegs lögaðila eða árstekna eða hreinnar eignar brotlegs einstaklings,

d) áhrifa brotsins á hagsmuni fjárfesta,

e) mikilvægis hagnaðar hins brotlega eða taps sem hann kemst hjá eða taps þriðju aðila sem brotið veldur, að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt,

f) umfangs samstarfs aðilans sem ber ábyrgð á brotinu við lögbæra yfirvaldið, án þess að hafa áhrif á þörfina fyrir að tryggja að sá aðili skili áunnum hagnaði eða tapi sem komist var hjá,

g) fyrri brota aðilans sem ábyrgur er fyrir brotinu á þessari reglugerð,

h) allra ráðstafana sem aðilinn sem ber ábyrgð á brotinu grípur til eftir brotið til að koma í veg fyrir endurtekið brot.

2. Við beitingu valdheimilda sinna til að leggja á stjórnsýsluviðurlög og gera aðrar stjórnsýsluráðstafanir skv. 49. gr. skulu lögbær yfirvöld vinna náið saman til að tryggja að beiting þeirra á eftirlits- og rannsóknarheimildum sínum, stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum sé skilvirk og viðeigandi. Þau skulu samræma aðgerðir sínar til að forðast tvítekningu og skörun þegar þau beita eftirlits- og rannsóknarheimildum sínum, stjórnsýsluviðurlögum og öðrum stjórnsýsluráðstöfunum í tilvikum sem ná yfir landamæri.

51. gr.

Málskotsréttur

Aðildarríki skulu tryggja að ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessari reglugerð séu rökstuddar á viðhlítandi hátt og unnt sé að skjóta þeim til dómstóls.

52. gr.

Birting ákvarðana

1. Lögbær yfirvöld skulu birta allar ákvarðanir sínar um að leggja á stjórnsýsluviðurlög eða beita öðrum stjórnsýsluráðstöfunum við brotum á þessari reglugerð, á opinberu vefsetri sínu án tafar eftir að sá sem sætir þeirri ákvörðun er upplýstur um hana. Birtingin skal innihalda upplýsingar um gerð og eðli brotsins og deili á aðilunum sem bera ábyrgð á brotinu. Þessi skylda skal ekki gilda um ákvarðanir um að beita ráðstöfunum sem eru rannsóknarlegs eðlis.

2. Telji lögbært yfirvald að opinber birting sem tilgreinir deili á lögaðilum eða persónuupplýsingar einstaklinga sé ekki í samræmi við meðalhóf, að undangengnu meðalhófsmati í hverju tilviki fyrir sig á opinberri birtingu slíkra gagna, eða að opinbera birtingin myndi tefla stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi rannsókn í tvísýnu, skal lögbæra yfirvaldið grípa til eins af eftirfarandi:

a) fresta opinberri birtingu ákvörðunarinnar um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða öðrum stjórnsýsluráðstöfunum þar til ástæður þess að birta þau ekki opinberlega eru ekki lengur fyrir hendi,

b) birta opinberlega ákvörðunina um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða annarri ráðstöfun án nafngreiningar með hætti sem samræmist landslögum, ef slík opinber birting án nafngreiningar tryggir skilvirka vernd viðkomandi persónuupplýsinga,

c) ekki birta ákvörðunina um stjórnsýsluviðurlög eða aðra stjórnsýsluráðstöfun þegar kostirnir sem eru settir fram í a- og b-lið eru taldir ófullnægjandi til að tryggja:

   i. að stöðugleika fjármálamarkaða væri ekki stefnt í hættu, eða

   ii. meðalhóf við birtingu slíkrar ákvörðunar, sé um að ræða ráðstafanir sem teljast minni háttar.

Sé um að ræða ákvörðun um að birta opinberlega stjórnsýsluviðurlög eða aðra stjórnsýsluráðstöfun án nafngreiningar, eins og um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, er heimilt að fresta opinberri birtingu viðkomandi upplýsinga í hæfilegan tíma ef búist er við að ástæður opinberrar birtingar án nafngreiningar verði ekki lengur fyrir hendi innan þess tíma.

3. Sé ákvörðun um að beita stjórnsýsluviðurlögum eða stjórnsýsluráðstöfun skotið til þar til bærs dómstóls eða annarrar stjórnsýslustofnunar skulu lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr. 44. gr., einnig birta slíkar upplýsingar á opinberu vefsetri sínu án tafar og allar síðari upplýsingar um niðurstöðu þess málskots. Auk þess skal birta opinberlega allar ákvarðanir um ógildingu fyrri ákvörðunar um beitingu stjórnsýsluviðurlaga eða stjórnsýsluráðstöfunar.

4. Lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að hvers konar útgefið efni í samræmi við þessa grein verði áfram á opinberu vefsetri þeirra í minnst fimm ár frá birtingu þess. Persónuupplýsingar, sem birtingin tekur til, skulu einskorðast við það sem nauðsynlegt er að því er varðar tiltekin mál og einungis vera á vefsíðu lögbæru yfirvaldanna þann tíma sem nauðsynlegur er í samræmi við gildandi reglur um persónuvernd.

53. gr.

Skýrslugjöf um stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Lögbær yfirvöld skulu árlega veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni samanteknar upplýsingar um öll stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem beitt er skv. 49. gr. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta þessar upplýsingar í árlegri skýrslu.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkja sem kosið hafa, í samræmi við 5. mgr. 49. gr., að kveða á um refsiviðurlög við brotum á þeim ákvæðum sem um getur á þeim stað, skulu árlega afhenda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni nafnlaus samantekin gögn um allar rannsóknir sakamála sem ráðist er í og þau refsiviðurlög sem beitt er. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta í árlegri skýrslu upplýsingar um þau refsiviðurlög sem beitt er.

3. Lögbært yfirvald sem hefur birt upplýsingar um stjórnsýsluviðurlög, aðrar stjórnsýsluráðstafanir eða refsiviðurlög opinberlega skal samtímis tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um viðurlögin eða ráðstafanirnar.

4. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um öll stjórnsýsluviðurlög og aðrar stjórnsýsluráðstafanir sem beitt er en ekki gerð opinber í samræmi við c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. 52. gr., þ.m.t. hverja áfrýjun í tengslum við þau og niðurstöðu hennar. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld fái í hendur upplýsingar og endanlegan úrskurð í tengslum við öll refsiviðurlög sem beitt er og afhendi þær Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hafa yfir að ráða miðlægu gagnasafni yfir viðurlög sem tilkynnt er um til hennar í þeim eina tilgangi að miðla upplýsingum milli lögbærra yfirvalda. Gagnasafnið skal eingöngu vera aðgengilegt lögbærum yfirvöldum og uppfært á grundvelli upplýsinga sem lögbæru yfirvöldin veita.

2. KAFLI

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin

54. gr.

Beiðnir um upplýsingar.

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur með einfaldri beiðni eða með ákvörðun krafið eftirfarandi aðila um að veita allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð:

a) aðila sem í reynd stýra starfsemi ytri úttektaraðila,

b) fulltrúa í eftirlitsstjórn, framkvæmdastjórn eða stjórn ytri úttektaraðila,

c) háttsetta stjórnendur hjá ytri úttektaraðila,

d) sérhvern aðila sem tekur beinan þátt í matsstarfsemi ytri úttektaraðila,

e) lagalega fulltrúa og starfsmenn eininga sem ytri úttektaraðili hefur útvistað tilteknum störfum til í samræmi við 33. gr.,

f) einstaklinga sem hafa að öðru leyti náin og veruleg tengsl við stjórn ytri úttektaraðila, þ.m.t. hluthafa sem eiga a.m.k. 10% af hlutafé eða atkvæðisrétti ytri úttektaraðila eða í fyrirtæki sem hefur vald til að beita heimildum sínum eða ráðandi áhrifum á ytri úttektaraðila,

g) hvern þann sem gegnir hlutverki ytri úttektaraðila, eða gefur sig út fyrir að vera slíkur, án þess að vera skráður sem slíkur og hverjum þeim einstaklingi sem gegnir einhverju því starfi sem um getur í a- til f-lið fyrir hönd slíks aðila.

2. Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sendir einfalda beiðni um upplýsingar skv. 1. mgr. skal hún:

a) vísa til þessarar greinar sem lagagrundvallar beiðninnar,

b) tilgreina tilgang beiðninnar,

c) tilgreina hvaða upplýsinga er krafist,

d) setja tímamörk sem virða skal við afhendingu upplýsinganna,

e) upplýsa aðilann sem óskað er eftir upplýsingum frá um að það sé engin skylda að veita upplýsingarnar, en ef beiðninni er svarað að eigin ákvörðun skulu upplýsingarnar vera réttar og ekki villandi, og

f) tilgreina sektina sem kveðið er á um í 60. gr. ef svörin við spurningunum sem eru spurðar eru röng eða villandi.

3. Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin krefst þess að upplýsingar séu veittar með ákvörðun skv. 1. mgr. skal hún:

a) vísa til þessarar greinar sem lagagrundvallar beiðninnar,

b) tilgreina tilgang beiðninnar,

c) tilgreina hvaða upplýsinga er krafist,

d) setja tímamörk sem virða skal við afhendingu upplýsinganna,

e) tilgreina dagsektir sem kveðið er á um í 61. gr. ef tilskildar upplýsingar, sem veittar hafa verið, eru ófullnægjandi,

f) tilgreina sektina sem kveðið er á um í 60. gr. ef svörin við spurningunum sem eru spurðar eru röng eða villandi,

g) tilgreina rétt til að áfrýja ákvörðuninni til kærunefndar í samræmi við 58. og 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010 og til að fá Evrópudómstólinn til að endurskoða ákvörðunina í samræmi við 60. og 61. gr. þeirrar reglugerðar.

4. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. eða fulltrúar þeirra og, þegar um er að ræða lögaðila eða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, aðilarnir sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum skulu veita umbeðnar upplýsingar. Lögmönnum sem til þess hafa fullt umboð er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd skjólstæðinga sinna. Hinir síðarnefndu skulu áfram bera fulla ábyrgð á að veittar upplýsingar séu hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, án tafar, senda afrit af einföldu beiðninni eða ákvörðun sinni sem um getur í 1. mgr. til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem aðilarnir, sem beiðni um upplýsingar er beint til, hafa lögheimili eða eru með staðfestu.

55. gr.

Almennar rannsóknir

1. Til að sinna verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin framkvæmt nauðsynlegar rannsóknir á aðilum sem um getur í 1. mgr. 54. gr. Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa til þess umboð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skulu hafa vald til að:

a) skoða allar skrár, öll gögn, verklagsreglur og annað efni sem varðar framkvæmd verkefna hennar óháð geymslumiðli þeirra,

b) taka afrit eða fá vottuð afrit af eða útdrætti úr slíkum skrám, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni,

c) boða til fundar og biðja alla aðila sem um getur í 1. mgr. 54. gr., eða fulltrúa þeirra eða starfsfólk, um munnlega eða skriflega útskýringu á staðreyndum eða gögnum í tengslum við málsatvik og tilgangi skoðunar og til að skrá svörin,

d) taka viðtöl við aðra einstaklinga eða lögaðila sem samþykkja að veita viðtal í þeim tilgangi að safna upplýsingum að því er varðar viðfangsefni rannsóknar,

e) óska eftir skrám um símtöl og gagnaumferð.

2. Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa heimild Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til þeirra rannsókna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu beita valdheimildum sínum að fenginni skriflegri heimild sem tilgreinir viðfangsefni og tilgang rannsóknarinnar. Sú heimild skal einnig tilgreina dagsektir sem kveðið er á um í 61. gr. ef tilskildar skrár, gögn, verklagsreglur eða önnur gögn, sem framvísað hefur verið, eru ófullnægjandi, eða ef svörin við spurningum til aðilanna, sem um getur í 1. mgr. 54. gr., eru ekki veitt eða eru ófullnægjandi, og sektirnar, sem kveðið er á um í 60. gr., ef svörin við spurningunum sem aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. 54. gr., eru spurðir, eru röng eða misvísandi.

3. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 54. gr. skulu gangast undir rannsóknir sem gerðar eru á grundvelli ákvörðunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ákvörðunin skal tilgreina viðfangsefni og tilgang rannsóknarinnar, dagsektir sem kveðið er á um í 61. gr., lagaleg úrræði sem standa til boða samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 auk réttarins á því að Dómstóllinn taki ákvörðunina til endurskoðunar.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi þessa aðildarríkis þar sem rannsóknin, sem um getur í 44. mgr., fer fram um rannsóknina innan hæfilegs tíma og hvaða aðilar hafa fengið heimild. Embættismenn viðkomandi lögbærs yfirvalds skulu, að beiðni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, aðstoða viðurkenndu aðilana við skyldustörf sín. Embættismenn hlutaðeigandi lögbærs yfirvalds geta einnig verið viðstaddir rannsóknirnar ef þeir óska eftir því.

5. Krefjist beiðni um skrár yfir símtöl eða gagnaumferð eins og um getur í e-lið 1. mgr. þess að lögbært yfirvald hafi heimild dómsyfirvalds samkvæmt innlendum lögum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sækja um slíka heimild. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur einnig sótt um slíka heimild í varúðarskyni.

6. Ef sótt er um þá heimild, eins um getur í 5. mgr., skulu innlend dómsmálayfirvöld staðfesta að ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem áformaðar eru, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni eftirlitsúttektarinnar. Við sannprófun á meðalhófi þvingunarráðstafana getur landsbundið dómsmálayfirvald beðið Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um ítarlegar útskýringar, einkum að því er varðar ástæður þess sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur til að gruna að brot gegn þessari reglugerð hafi átt sér stað og alvarleika brotsins sem grunur er um og eðli afskipta aðila sem falla undir þvingunarráðstafanir. Landsbundin dómsmálayfirvöld skulu þó ekki endurskoða nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Lögmæti ákvörðunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar er aðeins háð endurskoðun Dómstólsins eftir málsmeðferðina sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

56. gr.

Vettvangsskoðanir

1. Til að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að framkvæma allar nauðsynlegar vettvangsskoðanir á starfsstöðvum, landi eða fasteignum þeirra lögaðila sem um getur í 1. mgr. 54. gr. Ef þess þarf til að tryggja rétta framkvæmd og skilvirkni skoðunarinnar er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að framkvæma vettvangsskoðun án undangenginnar tilkynningar.

2. Embættismönnum og öðrum aðilum, sem hafa heimild Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að framkvæma vettvangsskoðun, er heimilt að fara inn á hverja starfsstöð, land eða fasteign lögaðila sem fellur undir ákvörðun sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur og skulu þeir hafa allar þær heimildir sem um getur í 1. mgr. 55. gr. Einnig skal þeim heimilt að innsigla sérhverja starfsstöð, húsnæði, bækur og gögn í þann tíma og að því marki sem nauðsynlegt er vegna skoðunarinnar.

3. Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa heimild Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að framkvæma vettvangsskoðun skulu beita valdheimildum sínum að fenginni skriflegri heimild sem tilgreinir eru viðfangsefni og tilgang eftirlitsúttektarinnar sem og dagsektir sem kveðið er á um í 61. gr. ef hlutaðeigandi aðilar gangast ekki undir eftirlitsúttektina. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, þar sem skoðunin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara.

4. Aðilarnir sem um getur í 1. mgr. 54. gr. skulu gangast undir vettvangsskoðanir sem gerðar eru á grundvelli ákvörðunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Ákvörðunin skal tilgreina viðfangsefni og tilgang skoðunarinnar, dagsetninguna sem fyrirhugað er að hefja hana og dagsektir sem kveðið er á um í 61. gr., tiltæk lagaleg úrræði samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 og réttinn til að Dómstóllinn taki ákvörðunina til endurskoðunar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem athugunin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir með umboð frá eða skipaðir af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, þar sem skoðunin verður gerð, skulu, að beiðni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, aðstoða embættismenn og aðra aðila, sem hafa umboð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, með virkum hætti. Í þessu skyni skulu þeir hafa það vald sem sett er fram í 2. mgr. Embættismenn þess lögbæra yfirvalds geta einnig verið viðstaddir vettvangsskoðanirnar ef þeir óska eftir því.

6. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er heimilt að krefjast þess að lögbær yfirvöld í því aðildarríki þar sem eftirlitsúttekt á að fara fram framkvæmi fyrir hönd þess tiltekin eftirlitsverkefni og vettvangsskoðanir, eins og kveðið er á um í þessari grein og í 1. mgr. 55. gr. Í þeim tilgangi skulu lögbær yfirvöld njóta sömu heimilda og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eins og kveðið er á um í þessari grein og í 1. mgr. 55. gr.

7. Ef embættismenn og aðrir fylgdarmenn, sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur veitt umboð, komast að raun um að aðili leggst gegn athugun sem farið er fram á samkvæmt þessari grein skal lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða stjórnvalds með sambærilegt löggæsluvald til þess að gera þeim kleift að framkvæma skoðun sína á staðnum.

8. Ef vettvangsskoðun, sem kveðið er á um í 1. mgr., eða aðstoðin sem kveðið er á um í 7. mgr., krefst heimildar dómsyfirvalda samkvæmt gildandi landslögum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sækja um slíka heimild. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur einnig sótt um slíka heimild í varúðarskyni.

9. Ef sótt er um þá heimild, eins um getur í 8. mgr., skulu innlend dómsmálayfirvöld staðfesta að ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar sé ósvikin og að þær þvingunarráðstafanir, sem áformaðar eru, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni eftirlitsúttektarinnar. Þegar landsbundið dómsmálayfirvald sannprófar meðalhóf þvingunarráðstafana, er því heimilt að biðja Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina um ítarlegar útskýringar, einkum að því er varðar ástæður þess sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur til að gruna að brot gegn þessari reglugerð hafi átt sér stað, sem og alvarleika brotsins sem grunur er um og eðli afskipta aðila sem falla undir þvingunarráðstafanir. Landsbundin dómsmálayfirvöld skulu þó ekki endurskoða nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjali Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Lögmæti ákvörðunar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar er aðeins háð endurskoðun Dómstólsins eftir málsmeðferðina sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1095/2010.

57. gr.

Beiting heimildanna sem um getur í 54., 55 og 56. gr.

Valdheimildum, sem faldar eru Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, embættismönnum hennar eða einstaklingi í umboði Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skv. 54., 55. eða 56. gr., skal ekki beitt til að krefjast birtingar upplýsinga eða gagna sem falla undir þagnarskyldu lögmanna.

58. gr.

Upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld sem um getur í 44. gr., Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og önnur viðeigandi yfirvöld skulu tafarlaust leggja fram til hvers annars þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að þau uppfylli skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

2. Lögbær yfirvöld sem um getur í 44. gr., Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, önnur viðeigandi yfirvöld og aðrir aðilar eða einstaklingar og lögaðilar sem taka við trúnaðarupplýsingum við skyldustörf sín samkvæmt þessari reglugerð skulu eingöngu nota slíkar upplýsingar við skyldustörf sín.

59. gr.

Eftirlitsráðstafanir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar

1. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin kemst að því, í samræmi við 8. mgr. 63. gr., að aðili hafi framið brot sem skráð er í 1. mgr. 60. gr. skal hún taka ákvörðun um að grípa til einnar eða fleiri eftirfarandi aðgerða:

a) afturköllun skráningar á ytri úttektaraðila,

b) afturköllun á viðurkenningu á ytri úttektaraðila í þriðja landi,

c) banna ytri úttektaraðila tímabundið að stunda starfsemi samkvæmt þessari reglugerð í öllu Sambandinu, þar til látið hefur verið af brotinu,

d) afturkalla skráningu ytri úttektaraðila í þriðja landi,

e) krefjast þess að aðilinn láti af brotinu,

f) leggja á sektir skv. 60. gr.,

g) leggja á dagsektir skv. 61. gr.,

h) gefa út opinbera tilkynningu.

2. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal afturkalla skráningu eða viðurkenningu á ytri úttektaraðila við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) ytri úttektaraðili hefur ótvírætt afsalað sér skráningu eða viðurkenningu eða ekki nýtt sér skráninguna eða viðurkenninguna innan 36 mánaða frá því að skráning eða viðurkenning var veitt,

b) ytri úttektaraðili hefur fengið skráningu eða viðurkenningu með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan óréttmætan hátt,

c) ytri úttektaraðili uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem hann var skráður eða viðurkenndur samkvæmt.

Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin afturkallar skráningu eða viðurkenningu á ytri úttektaraðila skal hún upplýsa um allar ástæður fyrir ákvörðun sinni.

Afturköllunin skal gilda þegar í stað.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til eðlis og alvarleika brotsins, með hliðsjón af eftirfarandi viðmiðum:

a) tímalengd og tíðni brotsins,

b) hvort brotið hafi leitt til, auðveldað eða með öðrum hætti tengst efnahagsbroti,

c) hvort brotið hafi verið framið af ásetningi eða gáleysi,

d) umfangs ábyrgðar aðilans sem ber ábyrgð á brotinu,

e) fjárhagslegs styrks hins brotlega, á grundvelli heildarveltu brotlegs lögaðila eða árstekna eða hreinnar eignar brotlegs einstaklings,

f) áhrifa brotsins á hagsmuni fjárfesta,

g) mikilvægis hagnaðar hins brotlega eða taps sem hann kemst hjá eða taps þriðju aðila sem brotið veldur, að því marki sem unnt er að ákvarða slíkt,

h) samstarfsfýsi hins brotlega við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina, án þess að hafa áhrif á þörfina á að tryggja að viðkomandi endurgreiði hagnað sinn af brotinu eða tap sem hann komst hjá með því,

i) fyrri brota aðilans sem ábyrgur er fyrir brotinu á þessari reglugerð,

j) allra ráðstafana sem aðilinn sem ber ábyrgð á brotinu grípur til eftir brotið til að koma í veg fyrir endurtekið brot.

4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal, án óhóflegrar tafar, tilkynna aðilanum sem ber ábyrgð á brotinu um allar aðgerðir sem gripið hefur verið til skv. 1. mgr. og upplýsa lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnina um þær. Hún skal birta opinberlega allar slíkar aðgerðir á vefsetri sínu innan 10 virkra daga frá þeim degi sem ákvörðunin sem um getur í 1. mgr. var tekin.

Opinbera birtingin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal taka til eftirfarandi atriða:

a) yfirlýsingu sem staðfestir rétt aðilans sem ber ábyrgð á brotinu til að áfrýja ákvörðuninni,

b) ef við á, yfirlýsingu sem staðfestir að áfrýjun hafi verið skráð og tilgreinir að slík áfrýjun hafi ekki áhrif til frestunar,

c) yfirlýsingu með staðhæfingu um að það sé mögulegt fyrir kærunefnd Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar að fresta beitingu ákvörðunarinnar í samræmi við 3. mgr. 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

60. gr.

Sektir

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal samþykkja ákvörðun um að leggja á sekt, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, ef hún kemst að þeirri niðurstöðu, í samræmi við 8. mgr. 63. gr., að ytri úttektaraðili eða einhver þeirra aðila sem um getur í 1. mgr. 54. gr. hafi, af ásetningi eða gáleysi, framið eitt eða fleiri eftirfarandi brota:

a) vanefndir við ákvæði 1. mgr. 24. gr. eða einhver ákvæði 2. og 3. kafla IV. bálks,

b) að lagðar séu fram rangar yfirlýsingar þegar sótt er um skráningu sem ytri úttektaraðili eða með öðrum óréttmætum hætti til að fá slíka skráningu,

c) þegar upplýsingar eru ekki veittar sem svar við ákvörðun sem krefst upplýsinga skv. 54. gr. eða þegar lagðar eru fram rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni um upplýsingar eða ákvörðun,

d) hindrun á eða að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum með eftirlitsúttekt skv. a-, b-, c- eða e-lið 1. mgr. 55. gr.,

e) brot á 56. gr. með því að gefa ekki skýringu á málavöxtum eða gögnum í tengslum við viðfangsefnið og tilgang eftirlitsúttektar eða með því að gefa ranga eða villandi útskýringu,

f) að taka að sér starfsemi ytri úttektaraðila eða gefa sig út fyrir að vera ytri úttektaraðili án þess að vera skráður sem ytri úttektaraðili.

Brot telst hafa verið framið af ásetningi ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin finnur hlutlæga þætti sem sýna fram á að aðilinn hafi einsett sér að fremja brotið.

2. Með fyrirvara um 3. mgr. skal lágmarksfjárhæð sektarinnar, sem um getur í 1. mgr., vera 20 000 evrur. Hámarksfjárhæðin skal vera 200 000 evrur.

Við ákvörðun á umfangi sektar, skv. 1. mgr. í þessari grein, skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin taka tillit til viðmiðanna sem sett eru fram í 3. mgr. 59. gr.

3. Ef aðili sem hefur framið brot sem skráð er í 1. mgr. og hefur með beinum eða óbeinum hætti haft fjárhagslegan ávinning af brotinu, skal fjárhæð sektarinnar vera a.m.k. jöfn þeim fjárhagslega ávinningi.

4. Ef aðgerð eða aðgerðaleysi er sambland af fleiri en einu broti skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beita einni sekt. Sú sekt skal vera hæsta gildandi sekt fyrir þá aðgerð eða aðgerðaleysi.

61. gr.

Dagsektir

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal með ákvörðun leggja á dagsektir til að þvinga:

a) aðila til að láta af broti í samræmi við ákvörðun sem tekin er skv. e-lið 1. mgr. 59. gr.,

b) aðila sem um getur í 1. mgr. 54. gr.:

i. til að veita tæmandi upplýsingar sem óskað hefur verið eftir með ákvörðun skv. 54. gr.,

ii. til að gangast undir rannsókn og einkum afhenda tæmandi skrár, gögn, verklagsreglur eða annað efni sem krafist er og ljúka við og leiðrétta aðrar upplýsingar sem veittar eru við rannsókn sem hafin var með ákvörðun skv. 55. gr., eða

iii. til að gangast undir vettvangsskoðun sem fyrirskipuð hefur verið með ákvörðun skv. 56. gr.

2. Dagsekt skal lögð á fyrir hvern dag umfram frestinn.

3. Fjárhæð dagsektanna skal vera 3% af meðaldagsveltu næstliðins rekstrarárs eða, ef um er að ræða einstaklinga, 2% af meðaldagstekjum næstliðins almanaksárs. Reikna skal sektina frá þeirri dagsetningu sem mælt er fyrir um í ákvörðuninni um álagningu dagsektarinnar.

4. Dagsektir skal leggja á fyrir tímabil sem er að hámarki sex mánuðir frá því að tilkynnt er um ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal endurskoða ráðstöfunina eftir lok tímabilsins.

62. gr.

Birting, eðli, framfylgd og beiting sekta og dagsekta

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta opinberlega allar sektir og dagsektir sem hafa verið lagðar á skv. 60. gr. og 61. gr., nema slík opinber birting upplýsinga myndi tefla fjármálamarkaðnum í tvísýnu eða valda hlutaðeigandi aðilum óhóflegum skaða. Slík birting upplýsinga skal ekki innihalda persónuupplýsingar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/1725 ([23]).

2. Álagning sekta og dagsekta skv. 60. gr. og 61. gr. skal vera stjórnsýsluleg í eðli sínu.

3. Álagning sekta og dagsekta skv. 60. gr. og 61. gr. skal vera framfylgjanleg.

Til að framfylgja sektum og dagsektum skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beita gildandi reglum um meðferð einkamála í aðildarríkinu eða þriðja landinu þar sem sektin eða dagsektin kemur til framkvæmda.

([23]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11. 2018, bls. 39).

4. Fjárhæðir sekta og dagsekta skulu renna til fjárlaga Sambandsins.

5. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákveður að leggja ekki á sektir eða dagsektir þegar rannsókn er hætt, skal hún upplýsa Evrópuþingið, ráðið, framkvæmdastjórnina og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja til samræmis við það og setja fram ástæður ákvörðunar sinnar.

63. gr.

Verklagsreglur um eftirlitsráðstafanir og álagningu sekta

1. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin kemst að því, þegar hún sinnir skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð, að sterkar vísbendingar séu um mögulega tilvist málsatvika sem geta falið í sér eitt eða fleiri af brotunum sem skráð eru í 1. mgr. 60. gr. skal stofnunin tilnefna óháðan rannsakanda innan Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að rannsaka málið. Rannsakandi skal hvorki taka þátt í né hafa tekið beint eða óbeint þátt í eftirliti eða skráningarferli á viðkomandi ytri úttektaraðila og skal sinna skyldum sínum óháð stjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

2. Rannsakandinn skal rannsaka meint misferli, taka tillit til allra athugasemda, sem aðilarnir sem falla undir rannsóknirnar hafa lagt fram, og leggja fram fullgerða skýrslu til stjórnar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með niðurstöðum sínum.

3. Til að inna af hendi verkefni sín getur rannsakandinn beitt þeirri valdheimild að óska eftir upplýsingum í samræmi við 54. gr. og að framkvæma rannsóknir og vettvangsskoðanir í samræmi við 55. gr. og 56. gr. Við beitingu þessara valdheimilda skal rannsakandi fara að 57. gr.

4. Við störf sín skal rannsakandi hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur safnað við eftirlitsstarfsemi sína.

5. Eftir að rannsakandi hefur lokið rannsókn sinni og áður en hann leggur skýrsluna með niðurstöðum sínum fyrir stjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal hann gefa aðilunum sem falla undir rannsóknina tækifæri til að taka til máls um málefnin sem eru til rannsóknar. Rannsakandi skal einungis byggja niðurstöður sínar á málsatvikum sem aðilar sem sæta rannsókn hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

6. Réttur hlutaðeigandi aðila til varnar skal virtur að fullu meðan á rannsókn stendur samkvæmt þessari grein.

7. Þegar rannsakandinn leggur skýrsluna með niðurstöðunum fram til stjórnar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal hann tilkynna það aðilunum sem falla undir rannsóknina. Aðilarnir sem eru til rannsóknar skulu eiga rétt á aðgangi að málsskjölunum, með fyrirvara um lögmæta hagsmuni annarra aðila til verndar atvinnuleyndarmála sinna. Réttur til aðgangs að skýrslunni nær ekki til trúnaðarupplýsinga sem varða þriðju aðila.

8. Á grundvelli skýrslunnar með niðurstöðum rannsakanda og, ef hlutaðeigandi aðilar óska eftir því, eftir að hafa veitt aðilunum áheyrn í samræmi við 64. gr., skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákveða hvort aðilarnir sem falla undir rannsóknirnar hafi framið eitt eða fleiri þeirra brota sem skráð eru í 1. mgr. 60. gr. og, ef svo er, grípa til eftirlitsráðstafana í samræmi við 59. gr. og beita sektum í samræmi við 60. gr.

9. Rannsakandi skal ekki taka þátt í umfjöllun stjórnar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða með öðrum hætti skipta sér af ákvarðanatökuferlinu.

10. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 68. gr. eigi síðar en 21. desember 2024 til að bæta við þessa reglugerð með því að tilgreina nánar verklagsreglur um beitingu valdheimilda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að leggja á sektir eða dagsektir, þ.m.t. ákvæði um rétt til málsvarnar, tímabundnar ráðstafanir og innheimtu sekta og dagsekta og nákvæmar reglur um fyrningarfresti vegna beitingar og fullnustu viðurlaga.

11. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal vísa málum til saksóknar hjá viðeigandi landsyfirvöldum ef hún kemst að því, þegar hún sinnir skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð, að sterkar vísbendingar séu um mögulega tilvist málsatvika sem geti falið í sér refsiverð brot. Auk þess skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sleppa því að beita sektum eða dagsektum ef fyrir liggur sýkna eða sakfelling vegna nákvæmlega eins málsatvika, eða vegna málsatvika sem eru að verulegu leyti eins, samkvæmt bindandi dómi sem kveðinn hefur verið upp í sakamáli sem höfðað er á grundvelli laga aðildarríkis.

64. gr.

Skýrslutaka af aðilum sem falla undir ákvarðanir skv. 59., 60. og 61. gr.

1. Áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin tekur ákvörðun skv. 59., 60. og 61. gr. skal hún gefa aðilunum sem falla undir slíka ákvörðun tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum varðandi niðurstöður hennar. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal einungis byggja ákvarðanir sínar á niðurstöðum sem aðilarnir hafa fengið tækifæri til að tjá sig um.

2. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gildir ekki ef þörf er á að grípa til skjótra aðgerða skv. 59. gr. til að koma í veg fyrir verulegan og bráðan skaða fyrir fjármálakerfið. Í slíkum tilvikum er Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun og skal hún þá gefa hlutaðeigandi aðilum tækifæri til að tjá sig eins fljótt og auðið er eftir að ákvörðunin er tekin.

3. Réttur hlutaðeigandi aðila, sem falla undir ákvörðun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, til varnar skal virtur að fullu við viðkomandi málsmeðferð. Þessir aðilar skulu eiga rétt á aðgangi að málsskjölum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, með fyrirvara um lögmæta hagsmuni annarra aðila af vernd atvinnuleyndarmála þeirra. Réttur til aðgangs að málsskjölum nær ekki til trúnaðarupplýsinga og innanhússskjala Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.

65. gr.

Endurskoðun Dómstólsins

Dómstóllinn skal hafa ótakmarkaða lögsögu til að endurskoða ákvarðanir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um að leggja á sektir eða dagsektir samkvæmt þessari reglugerð. Honum er heimilt að fella niður, lækka eða hækka álagða sekt eða dagsekt.

66. gr.

Gjöld fyrir skráningu, viðurkenningu og eftirlit

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal innheimta gjöld af ytri úttektaraðilum vegna útgjalda sem varða skráningu þeirra, viðurkenningu og eftirlit og vegna alls kostnaðar sem hún kann að stofna til við framkvæmd verkefna samkvæmt þessari reglugerð.

2. Heildargjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af ytri úttektaraðilum sem sækja um, skráðum ytri úttektaraðilum eða viðurkenndum ytri úttektaraðilum í samræmi við þessa reglugerð skulu ná yfir þann stjórnsýslukostnað sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin stofnar til í starfsemi sinni í tengslum við skráningu og eftirlit með öllum ytri úttektaraðilum. Jafnframt skulu öll gjöld vera í réttu hlutfalli við veltu hlutaðeigandi ytri úttektaraðila.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein geta ytri úttektaraðilar með ársveltu undir tiltekinni fjárhæð verið undanþegnir skyldu til að greiða gjald, eins og nánar er tilgreint í framseldu gerðinni sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja skv. 3. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 68. gr. eigi síðar en 21. desember 2024 til að bæta við þessa reglugerð með því að tilgreina nánar tegund gjalda, í hvaða tilvikum gjöld skuli innheimt, fjárhæð gjalda og með hvaða hætti þau skulu greidd.

Þegar framkvæmdastjórnin semur framselda gerð skal hún tilgreina viðmiðunarmörk ársveltu ytri úttektaraðila á samstæðustigi sem ekki má innheimta gjald ef undir, og einnig tilgreina hvernig ársveltan skal reiknuð út við beitingu viðmiðunarmarkanna.

4. Áður en framselda gerðin sem um getur í 3. mgr. er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina varðandi gjöldin sem um getur í þeirri málsgrein.

67. gr.

Skrá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar yfir ytri úttektaraðila og ytri úttektaraðila í þriðja landi

1. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda úti á vefsetri sínu skrá, sem er öllum aðgengileg, þar sem eftirfarandi er skráð:

a) ytri úttektaraðilar sem eru skráðir í samræmi við 23. gr.,

b) ytri úttektaraðilar sem er tímabundið bannað að stunda starfsemi sína, í samræmi við 59. gr.,

c) ytri úttektaraðilar sem hafa fengið skráningu sína afturkallaða, í samræmi við 59. gr.,

d) ytri úttektaraðilar í þriðja landi sem hafa leyfi til að veita þjónustu í Sambandinu, í samræmi við 39. gr.,

e) ytri úttektaraðilar í þriðja landi sem eru viðurkenndir í samræmi við 42. gr.,

f) ytri úttektaraðilar sem skráðir eru í samræmi við 23. gr. og styðja þjónustu sem ytri úttektaraðilar í þriðja landi veita, í samræmi við 43. gr.,

g) ytri úttektaraðilar í þriðja landi sem hafa fengið skráningu sína afturkallaða og nýta ekki lengur réttindin skv. 39. gr., ef framkvæmdastjórnin dregur til baka ákvörðun sína skv. 1. mgr. 40. gr. í tengslum við viðkomandi þriðja land,

h) ytri úttektaraðilar í þriðja landi sem hafa fengið viðurkenningu sína fellda tímabundið úr gildi eða afturkallaða,

i) ytri úttektaraðilar sem skráðir eru í samræmi við 23. gr. og geta ekki lengur stutt þjónustu ytri úttektaraðila í þriðja landi í samræmi við 43. gr.

2. Skráin skal innihalda samskiptaupplýsingar ytri úttektaraðila, vefsetur þeirra og dagsetningarnar þegar ákvarðanir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar varðandi þessa ytri úttektaraðila taka gildi.

3. Að því er varðar ytri úttektaraðila í þriðja landi skal skráin einnig innihalda upplýsingar um þá þjónustu sem ytri úttektaraðilar í þriðja landi veita og samskiptaupplýsingar lögbærs yfirvalds sem ber ábyrgð á eftirliti með þeim í þriðja landi.

VI. BÁLKUR

FRAMSELDAR GERÐIR

68. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild um óákveðinn tíma til að samþykkja framseldu gerðirnar sem um getur í 21. gr. (4. mgr.), 63. gr. (10. mgr.) og 66. gr. (3. mgr.) frá og með 20. desember 2023.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 21. gr. (4. mgr.), 63. gr. (10. mgr.) og 66. gr. (3. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun er bundinn endi á valdaframsalið sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð sem er samþykkt skv. 21. gr. (4. mgr.), 63. gr. (10. mgr.) og 66. gr. (3. mgr.) skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

VII. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

69. gr.

Umbreytingarákvæði varðandi ytri úttektaraðila

1. Ytri úttektaraðili sem hyggst veita þjónustu í samræmi við þessa reglugerð, frá 21. desember 2024 til 21. júní 2026, skal aðeins veita slíka þjónustu eftir að hafa tilkynnt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það og veitt upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 23. gr.

2. Ytri úttektaraðilar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu fram til 21. júní 2026 leggja sig fram um að uppfylla 24.–38. gr., að undanskildum kröfunum sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðunum sem um getur í 2. mgr. 24. gr. og framseldu gerðunum sem um getur í 26. gr. (3. mgr.), 27. gr. (2. mgr.), 28. gr. (3. mgr.), 29. gr. (4. mgr.), 30. gr. (3. mgr.), 31. gr. (4. mgr.) og 33. gr. (7. mgr.).

3. Eftir 21. júní 2026 skulu ytri úttektaraðilar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, aðeins veita þjónustu í samræmi við þessa reglugerð eftir skráningu í samræmi við 23. gr., að því tilskildu að þeir fari að 22. gr. og 24. til 38. gr., eins og bætt er við þær við með framseldu gerðunum sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

70. gr.

Umbreytingarákvæði varðandi ytri úttektaraðila í þriðja landi

1. Ytri úttektaraðili í þriðja landi sem hyggst veita þjónustu í samræmi við þessa reglugerð, frá 21. desember 2024 til 21. júní 2026, skal aðeins veita slíka þjónustu eftir að hafa tilkynnt Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um það og veitt upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 23. gr.

2. Ytri úttektaraðilar í þriðja landi, sem um getur í 1. mgr., skulu:

a) leggja sig fram um að uppfylla 24.–38. gr., að undanskildum kröfunum sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðunum sem um getur í 2. mgr. 24. gr. og framseldu gerðunum sem um getur í 26. gr. (3. mgr.), 27. gr. (2. mgr.), 28. gr. (3. mgr.), 29. gr. (4. mgr.), 30. gr. (3. mgr.), 31. gr. (4. mgr.) og 33. gr. (7. mgr.),

b) hafa lagalegan fyrirsvarsmann með staðfestu í Sambandinu sem skal uppfylla 3. mgr. 42. gr.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur hvenær sem er frá 21. desember 2024 til 21. júní 2026 framfylgt því að ytri úttektaraðilar í þriðja landi fari að ákvæðum að því er varðar b-lið 2. mgr., með því að beita eftirlitsráðstöfunum í samræmi við V. bálk.

71. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. desember 2028 og síðan þriðja hvert ár, að höfðu samráði við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og vettvang fyrir sjálfbær fjármál sem komið var á fót með 20. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar reglugerðar. Í þeirri skýrslu skal meta, að því marki sem unnt er, a.m.k. eftirfarandi:

a) upptöku Evrópustaðals um græn skuldabréf og markaðshlutdeild hans, bæði í Sambandinu og á heimsvísu, einkum hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum,

b) áhrif þessarar reglugerðar á umbreytinguna yfir í sjálfbært hagkerfi, á skort á fjárfestingum sem þörf er á til að uppfylla loftslagsmarkmið Sambandsins eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 ([24]) og á að beina einkafjármagni aftur í átt að sjálfbærum fjárfestingum,

c) hvernig markaður ytri úttektaraðila virkar og eftirlit Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar með honum,

d) hversu viðeigandi framseldar gerðir, sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 66. gr., eru og áhrif þeirra á ytri úttektaraðila og fjárhagsáætlun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar,

e) trúverðugleika umhverfiskrafna á markaði með græn skuldabréf og hvers kyns tilvik um misnotkun,

f) starfsemi markaðar með skuldabréf sem tengjast sjálfbærni, þ.m.t. trúverðugleika og gæði viðkomandi krafna,

g) nauðsyn þess að viðurkenna viðmiðanir þriðja lands til að ákvarða að umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi jafngildi kröfum flokkunarkerfisins, að því tilskildu að fyrir hendi séu sérstakar verndarráðstafanir til að tryggja jafngild markmið, í þeim tilgangi að heimila ráðstöfun á nýtingu ávinnings af evrópskum grænum skuldabréfum í samræmi við slíkar viðmiðanir þriðja lands,

h) hagnýt áhrif ákvæða 5. gr. á notkun á evrópskum grænum skuldabréfum, umhverfisgæði nýtingar ávinnings af þeim og ástæður þess að sveigjanleikinn, sem kveðið er á um í þeirri grein, kemur ekki í veg fyrir umbreytingu yfir í fjármögnun umhverfislega sjálfbærrar starfsemi,

i) framkvæmd III. bálks þessarar reglugerðar, þ.m.t. notkun útgefenda skuldabréfa, sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær eða sjálfbærnitengdra skuldabréfa, á sniðmátunum sem um getur í þeim bálki, hvort sem slík skuldabréf eru markaðssett á Evrópska efnahagssvæðinu eða ekki, greiningu á upptöku þessara sniðmáta, þróun markaðarins og samræmi þessara sniðmáta við viðkomandi lög Sambandsins, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2019/2088.

2. Skýrslunum, sem um getur í 1. mgr., skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á, þ.m.t. að því er varðar upplýsingagjöf fyrir útgefendur skuldabréfa sem markaðssett eru sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 21. desember 2026, birta skýrslu um nauðsyn þess að setja reglur um sjálfbærnitengd skuldabréf, ásamt tillögu að nýrri löggjöf eftir því sem við á.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2024 og á þriggja ára fresti eftir það, birta skýrslu til að upplýsa útgefendur evrópskra grænna skuldabréfa um endurskoðunina sem fram fer samkvæmt þriðju undirgrein 5. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, þ.m.t. samræmi tæknilegra matsviðmiða við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. þeirrar reglugerðar, að teknu tilliti til eldri reglna, sem mælt er fyrir um í 8. gr. þessarar reglugerðar.

([24]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1119 frá 30. júní 2021 um að koma á ramma til að ná fram loftslagshlutleysi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 401/2009 og (ESB) 2018/1999 („evrópsku loftslagslögin“) (Stjtíð. ESB L 243, 9.7.2021, bls. 1).

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, í nánu samstarfi við Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópsku eftirlitsstofnunina (Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina) (EIOPA), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([25]) (sameiginlega „evrópsku eftirlitsstofnanirnar“), skal birta skýrslu um hagkvæmni þess að rýmka heimild til að nota merkinguna „evrópskt grænt skuldabréf“ eða „EuGB“ að því er varðar tilbúna verðbréfun, eigi síðar en 21. desember 2028.

6. Framkvæmdastjórnin getur, á grundvelli skýrslunnar sem um getur í 5. mgr., lagt skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 21. desember 2029. Skýrslu framkvæmdastjórnarinnar getur fylgt tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

7. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir 21. desember 2028 og eftir því sem við á þriðja hvert ár eftir það, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar sem um getur í 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010, birta skýrslu um þróun markaðar fyrir verðbréfunarskuldabréf. Í þessum skýrslum skal m.a. meta hvort umfang eigna, sem falla að flokkunarkerfinu, hafi aukist nægilega til að hægt sé að endurskoða beitingu reglna um tryggð verðbréfunarskuldabréf, þar sem útgefendur óska eftir að nota merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“.

8. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli skýrslunnar sem um getur í 7. mgr., leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið. Skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, ef við á.

72. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 21. desember 2024.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar skulu ákvæði 20. gr., 21. gr. (4. mgr.), 23. gr. (6. og 7. mgr.), 24. gr. (2. mgr.), 26. gr. (3. mgr.), 27. gr. (2. mgr.), 28. gr. (3. mgr.), 29. gr. (4. mgr.), 30. gr. (3. mgr.), 31. gr. (4. mgr.), 33. gr. (7. mgr.), 42. gr. (9. mgr.), 46. gr. (6. og 7. mgr.), 49. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 63. gr. (10. mgr.), 66. gr. (3. mgr.) og 68. gr., 69. gr. og 70. gr. koma til framkvæmda frá og með 20. desember 2023.

4. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar gilda ákvæði 40. gr., 42. gr. (1.–8. mgr.) og 43. gr. frá og með 21. júní 2026.

5. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að 45. og 49. gr. eigi síðar en 21. desember 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 22. nóvember 2023.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
R. METSOLA	P. NAVARRO RÍOS
forseti.	*forseti.*

([25]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGABLAÐ UM EVRÓPSK GRÆN SKULDABRÉF

Skjal þetta og efni þess er hvorki háð samþykki né stuðningi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar né annarra lögbærra yfirvalda.

1. **Almennar upplýsingar**

— [Útgáfudagur upplýsingablaðs um evrópsk græn skuldabréf]
— [Lögheiti útgefanda]
— [Ef tiltækt, auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) útgefanda]
— [Veffang þar sem fjárfestum eru veittar upplýsingar um hvernig hafa megi samband við útgefanda]
— [Heiti skuldabréfa sem útgefandi hefur úthlutað, ef það liggur fyrir]
— [Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) skuldabréfanna, ef það liggur fyrir]
— [Ef tiltækur, fyrirhugaður útgáfudagur eða -tímabil]
— [Auðkenni og samskiptaupplýsingar ytri úttektaraðila]
— [Eftir atvikum, heiti lögbærs yfirvalds sem hefur staðfest lýsingu/ar skuldabréfsins]

2. **Mikilvægar upplýsingar**

— [Eftirfarandi yfirlýsing: „[Þetta skuldabréf notar] [Þessi skuldabréf nota] merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 ([1]).“]
— [Ef fyrirhugað er að ráðstafa ágóða af skuldabréfum í samræmi við 5. gr. þeirrar reglugerðar, eftirfarandi yfirlýsing: „[Þetta evrópska græna skuldabréf] [Þessi evrópsku grænu skuldabréf] nýta sveigjanleika sem gerir það kleift víkja að hluta til frá tæknilegum matsviðmiðum sem sett eru fram í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 ([2]) („tæknilegu matsviðmiðin“), eins og nánar er lýst í 4. lið á þessu upplýsingablaði.“]

3. **Stefnumörkun og grunnforsenda í umhverfismálum**

[Yfirlýsing um hvort útgefandi hyggist fá ytri úttekt á upplýsingunum sem lagðar eru fram samkvæmt þessum lið með endurskoðun á áhrifaskýrslunni.]

Yfirlit

— [Upplýsingar um hvernig þess er vænst að skuldabréf stuðli að viðtækari umhverfisstefnu útgefanda, þ.m.t. umhverfismarkmiðin sem um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 sem skuldabréf verða að uppfylla.]

Tengill á lykiláranguramælikvarða eigna, veltu, fjárfestingargjalda og rekstrargjalda

— [Að því marki sem útgefandi hefur aðgang að við útgáfu og ef hann fellur undir 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, lýsing á því hvernig og að hvaða marki (t.d. gefið upp sem áætluð hlutfallsleg breyting frá ári til árs) gert er ráð fyrir að ágóði af skuldabréfum stuðli að lykiláranguramælikvörðum útgefanda fyrir eignir, veltu, fjárfestingarútgjöld og rekstrarútgjöld sem falla að flokkunarkerfinu.]

Tengill á umbreytingaráætlanirnar

— [Ef útgefandi fellur undir skuldbindingu um að birta áætlanir skv. iii. lið a-liðar 2. mgr. 19. gr. a eða, eftir atvikum, iii. lið a-liðar 2. mgr. 29. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([3]), eða ef útgefandi birtir umbreytingaráætlanir að eigin frumkvæði:

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 frá 22. nóvember 2023 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf (Stjtíð. ESB L, 2023/2631, 30.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2631/oj).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

— á hvaða hátt ágóða af skuldabréfum er ætlað að stuðla að fjármögnun og því að hrinda þessum áætlunum í framkvæmd. Þessar upplýsingar má veita innan ramma atvinnustarfsemi eða á vettvangi hvers verkefnis fyrir sig og
— tengil á vefsetrið þar sem þessar áætlanir eru birtar.]

Verðbréfun

[Eftir atvikum ef um verðbréfun er að ræða, lýsing á því með hvaða hætti farið er að 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 og upplýsingarnar sem krafist er í 2. mgr. 19. gr. þeirrar reglugerðar.]

4. **Fyrirhuguð úthlutun á ágóða skuldabréfa**

[Upplýsingarnar sem eru taldar upp hér á eftir skulu veittar a.m.k. á stigi atvinnustarfsemi og helst í tengslum við verkefni eða verkefnaflokk. Samningar um trúnaðarkvaðir, samkeppnisaðstæður eða mikill fjöldi undirliggjandi verkefna sem uppfylla skilyrði og sambærileg sjónarmið geta réttlætt takmörkun þeirra upplýsinga sem settar eru fram. Ef ágóða af skuldabréfum er úthlutað til útgjalda, eins og um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, er hægt að veita upplýsingarnar á áætlunarstigi.]

Fyrirhuguð úthlutun til atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu

— [Hvort útgefandi ráðstafar ágóða í samræmi við áfangaskiptu leiðina eða eignasafnsleiðina og hvort skuldabréf [sé/séu] verðbréfunarskuldabréf.]
— [Lágmarkshlutfall ágóða af skuldabréfum sem krafist er samkvæmt áætlunum útgefanda sem nota skal í starfsemi sem er umhverfislega sjálfbær skv. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, samkvæmt aðferðafræðinni í úthlutunarskýrslunni (hlutfallið skal vera a.m.k. 85%)]: [XX] % af ágóða skuldabréfa.]
— [Vísbending um hluta af ágóða skuldabréfa sem nota á til fjármögnunar (á útgáfuári eða eftir útgáfuárið) og endurfjármögnunar, ef hann liggur fyrir.]
— [Ef útgefandi er ríkisvald og áætlað er að ráðstafa ágóða af skuldabréfum til skattaívilnunar, eins og sett er fram í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, skal gera áætlun um áætlað umfang tekjutaps í tengslum við aðstoðarhæfa skattaívilnun.]
— [Umhverfismarkmið sem stefnt er að, eins og um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, ef þau liggja fyrir.]
— [Fyrir hverja þá atvinnustarfsemi sem ráðstafa á ágóða til, upplýsingar um tegundir, geira og viðkomandi kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ([4]).]

Fyrirhuguð úthlutun til tiltekinnar atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu

— [Ef fyrirhugað er að úthluta ágóða af skuldabréfum til starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum eða fjármagna umbreytingaratvinnustarfsemi og, ef hún liggur fyrir, hve hárri fjárhæð og hlutfalli ágóðans á að úthluta til hverrar tegundar af starfsemi sem gerir annarri atvinnustarfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum eða umbreytingaratvinnustarfsemi.]
— [Eftir atvikum, fjárhæð og hlutfall ágóða sem ætlunin er að úthluta til starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og tengist kjarnorku og jarðefnagasi í samræmi við 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.]

Fyrirhuguð úthlutun til atvinnustarfsemi sem er ekki í samræmi við tæknileg matsviðmið

— [Ef ætlunin er að ráðstafa ágóða af skuldabréfum í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, yfirlýsing um að fyrirhugað sé að úthluta [hreinum] ágóða af skuldabréfum að hluta til atvinnustarfsemi sem er ekki í samræmi við tæknileg matsviðmið. Útgefandi skal lýsa slíku fráviki, viðkomandi starfsemi og, ef hægt er, áætluðu hlutfalli ágóða sem ætlað er að fjármagna slíka starfsemi í heild og á grundvelli hverrar starfsemi fyrir sig, þ.m.t. sundurliðun sem lýsir hvaða liðir 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 eru notaðir. Enn fremur útskýring á því hvers vegna ekki er hægt að beita tæknilegum matsviðmiðum og útskýring á því með hvaða hætti útgefandi ætlar að tryggja að þessi starfsemi sé í samræmi við 3. og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 og a-, b- og c-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.]

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 og einnig tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

Ferli og tímalína fyrir úthlutun [Áætlaður tími frá útgáfu skuldabréfa þar til ágóða af þeim er að fullu úthlutað.] [Lýsing á ferlunum sem útgefandi mun fylgja til að ákvarða hvernig verkefni samræmast viðmiðununum fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi sem settar eru fram í 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 („kröfur flokkunarkerfisins“).] Útgáfukostnaður [Áætluð fjárhæð uppsafnaðs útgáfukostnaðar sem dregin er frá ágóða, eins og heimilt er skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, með meðfylgjandi skýringu.]
5. **Umhverfisáhrif af ágóða skuldabréfa** [Mat á áætluðum umhverfisáhrifum af ágóða af skuldabréfum, ef það liggur fyrir. Ef þessar upplýsingar eru ekki aðgengilegar verður að rökstyðja það.
6. **Upplýsingar um skýrslugjöf** [Tengill við vefsetur útgefanda eins og krafist er skv. í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631.] [Eftir atvikum, tengill á viðeigandi skýrslur útgefanda, s.s. samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar eða skýrslugjöf um sjálfbærni á samstæðustigi samkvæmt tilskipun 2013/34/ESB.] Dagsetningin þegar fyrsta skýrslutímabilið hefst, ef hún er önnur en útgáfudagurinn, eins og sett er fram í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631. — [Vísbending um hvort úthlutunarskýrslur muni innihalda upplýsingar um fjárhæðir sem úthlutað er og áætluð umhverfisáhrif fyrir hvert verkefni fyrir sig.]
7. **Fjárfestingargjaldaáætlun** — [Eftir atvikum, ítarleg lýsing á fjárfestingargjaldaáætluninni sem um getur í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, þ.m.t. helstu breytur sem útgefandi notar til að ákvarða samræmingu viðkomandi eigna eða starfsemi við kröfur flokkunarkerfisins fyrir lok tímabilsins sem kveðið er á um í þeirri grein.]
8. **Aðrar upplýsingar sem skipta máli**

[Þegar um er að ræða verðbréfunarskuldabréf skal líta á tilvísanir í þessu skjali til útgefanda sem tilvísanir til upphafsaðila og, eftir því sem við á, setja í staðinn tilvísanir til hans.]

———

II. VIÐAUKI

ÁRLEG ÚTHLUTUNARSKÝRSLA UM EVRÓPSK GRÆN SKULDABRÉF

[ef úthlutunarskýrslan er endurskoðuð skal titillinn endurspegla það]

Skjal þetta og efni þess er hvorki háð samþykki né stuðningi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar né annarra lögbærra yfirvalda.

1. **Almennar upplýsingar**

— [Útgáfudagur skuldabréfa eða áhættulaga skuldabréfa]
— [Útgáfudagur úthlutunarskýrslu]
— [Fyrsta og síðasta dagsetning tímabilsins sem árleg úthlutunarskýrsla vísar til: [dagsetning – dagsetningar]]
— [Lögheiti útgefanda]
— [Ef tiltækt, auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) útgefanda]
— [Veffang þar sem fjárfestum eru veittar upplýsingar um hvernig hafa megi samband við útgefanda]
— [Heiti skuldabréfa sem útgefandi hefur úthlutað, ef það liggur fyrir]
— [Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) skuldabréfanna og áhættulaga þeirra, ef það liggur fyrir]
— [Ef úthlutunarskýrslan hefur verið endurskoðuð eftir útgáfu, deili á ytri úttektaraðila og samskiptaupplýsingar viðkomandi]
— [Eftir atvikum, heiti lögbærs yfirvalds sem hefur staðfest lýsingu/ar skuldabréfsins]

2. **Mikilvægar upplýsingar**

[Eftirfarandi yfirlýsing: „[Þetta skuldabréf notar] [Þessi skuldabréf nota] merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 ([1]).“]
[Ef ágóða af skuldabréfum [á að verða] [hefur verið] úthlutað í samræmi við 5. gr. þeirrar reglugerðar, eftirfarandi yfirlýsing: „[Þetta evrópska græna skuldabréf] [Þessi evrópsku grænu skuldabréf] nýta sveigjanleika sem gerir kleift víkja að hluta til að frá tæknilegum matsviðmiðum sem sett eru fram í framseldu gerðunum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 ([2]) („tæknileg matsviðmið“), eins og nánar er lýst í 4. lið þessarar úthlutunarskýrslu.]

3. **Stefnumörkun og grunnforsenda í umhverfismálum**

Yfirlit
[Umhverfismarkmiðin, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, sem stefnt er að með skuldabréfunum]
Tengill við lykilárangursmælikvarða eigna, veltu, fjárfestingargjalda og rekstrargjalda
[Ef útgefandi fellur undir 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, lýsing á því hvernig, að hve miklu leyti (t.d. gefið upp sem prósentubreyting frá ári til árs) og á hvaða fjárhagstímabilum ágóði af skuldabréfum stuðlar að lykilárangursmælikvörðum útgefanda fyrir eignir, veltu, fjárfestingarútgjöld og rekstrarútgjöld sem falla að flokkunarkerfinu, að teknu tilliti til fjárhæða í töflunni „Heildarfjárhæðir“ í töflu A, eftir atvikum.]

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 frá 22. nóvember 2023 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf (Stjtíð. ESB L, 2023/2631, 30.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2631/oj).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

Tengill á umbreytingaráætlunina

[Ef útgefandi fellur undir skuldbindingu um að birta áætlanir skv. iii. lið a-liðar 2. mgr. 19. gr. a eða, eftir atvikum, iii. lið a-liðar 2. mgr. 29. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([3]), eða ef útgefandi birtir umbreytingaráætlanir að eigin frumkvæði:

— á hvaða hátt ágóði af skuldabréfum stuðlar að fjármögnun og framkvæmd þessara áætlana. Þessar upplýsingar má veita innan ramma atvinnustarfsemi eða á vettvangi hvers verkefnis fyrir sig og
— tengil á vefsetrið þar sem þessar áætlanir eru birtar.]

Verðbréfun

[Eftir atvikum, þegar um verðbréfun er að ræða, upplýsingarnar sem krafist er í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631.]

4. **Úthlutun á ágóða skuldabréfa**

[Upplýsingarnar sem eru taldar upp hér á eftir skulu veittar a.m.k. á stigi atvinnustarfsemi og helst í tengslum við verkefni eða verkefnaflokk. Samningar um trúnaðarkvaðir, samkeppnisaðstæður eða mikill fjöldi undirliggjandi verkefna sem uppfylla skilyrði og sambærileg sjónarmið geta réttlætt takmörkun þeirra upplýsinga sem settar eru fram. Ef ágóða af skuldabréfum er úthlutað til útgjalda, eins og um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, er hægt að veita upplýsingarnar á áætlunarstigi.]

Úthlutun til atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu

— [Hvort útgefandi ráðstafar ágóða í samræmi við áfangaskiptu leiðina eða eignasafnsleiðina og hvort skuldabréf sé/séu verðbréfunarskuldabréf.]
— [Eftir atvikum, í samræmi við 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, yfirlýsing um að samsetning eignasafns fjáreigna og/eða fastafjármuna hafi ekki breyst, samanborið við árið sem fyrri úthlutunarskýrsla tók til.]
— [Útgefandi skal fylla út töflu A eða töflu B hér að neðan, eftir því hvort notuð er áfangaskipt leið eða eignasafnsleið við úthlutun ágóða. Einnig skal fylla út samsvarandi samtölur.]
— [Staðfesting á því að farið sé að c-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 (lágmarksverndarráðstafanir).]
— [Ef útgefandi er ríkisvald og ágóða af skuldabréfum hefur verið úthlutað til skattaívilnunar, eins og sett er fram í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, skal gera áætlun um tekjutap í tengslum við aðstoðarhæfa skattaívilnun.]

Úthlutun til tiltekinnar atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu

— [Ef ágóða af skuldabréfum er úthlutað til starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum eða fjármagna umbreytingaratvinnustarfsemi og hve hárri fjárhæð og hlutfalli ágóðans er úthlutað til hverrar tegundar af starfsemi sem gerir annarri atvinnustarfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum eða umbreytingaratvinnustarfsemi.]
— [Eftir atvikum, magn og hlutfall eigna sem tengjast starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og tengist kjarnorku og jarðefnagasi í samræmi við 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.]

Úthlutun til atvinnustarfsemi sem er ekki í samræmi við tæknileg matsviðmið

— [Ef ágóða af skuldabréfum er úthlutað í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, yfirlýsing um að [hreinum] ágóða af skuldabréfum sé úthlutað að hluta til atvinnustarfsemi sem er ekki í samræmi við tæknileg matsviðmið. Útgefandi skal lýsa slíku fráviki, viðkomandi starfsemi og hlutfalli ágóða sem hefur verið úthlutuð til slíkrar starfsemi í heild og á grundvelli hverrar starfsemi fyrir sig, þ.m.t. sundurliðun sem lýsir hvaða liðir 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 eru notaðir. Enn fremur útskýring á því hvers vegna ekki er hægt að beita tæknilegum matsviðmiðum og útskýring á því með hvaða hætti útgefandi hefur tryggt að þessi starfsemi sé í samræmi við 3. og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 og a-, b- og c-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.]

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

Útgáfukostnaður — [Áætluð fjárhæð uppsafnaðs útgáfukostnaðar sem dregin er frá ágóða, eins og heimilt er skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, með meðfylgjandi skýringu.] 5. **Umhverfisáhrif af ágóða skuldabréfa** [Ekki er þörf á að veita upplýsingar í þessum lið skýrslunnar.]
6. **Upplýsingar um skýrslugjöf** — [Tengill við vefsetur útgefanda sem um getur í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631.] — [Eftir atvikum, tengill á viðeigandi skýrslur útgefanda, s.s. samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar eða skýrslugjöf um sjálfbærni á samstæðustigi samkvæmt tilskipun 2013/34/ESB.]
7. **Fjárfestingargjaldaáætlun** — [Eftir atvikum, framvinda við framkvæmd áætlunarinnar um hrávöruúrgang sem um getur í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 og áætluð verklok verkefnanna í henni.] — [Ef einhver seinkun eða frávik verða sem hafa veruleg áhrif á framkvæmd fjárfestingaráætlunar, skal útgefandi tilgreina ástæður þess í samræmi við 2. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar.] — [Eftir atvikum, áætlunin sem um getur í 3. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar.]
8. **Aðrar upplýsingar sem skipta máli**

[Þegar um er að ræða verðbréfunarskuldabréf skal líta á tilvísanir til útgefanda í þessu skjali sem tilvísanir til upphafsaðila og, ef við á, skipta þeim út fyrir tilvísanir til upphafsaðila.]

Tafla A: Upplýsingar um hvernig ágóði af skuldabréfum, þar sem áfangaskipta leiðin er notuð við úthlutun á ágóða af skuldabréfum, fellur að flokkunarkerfinu

[Upplýsingarnar í töflunni hér á eftir skulu veittar a.m.k. á stigi atvinnustarfsemi og helst í tengslum við verkefni eða verkefnaflokk. Samningar um trúnaðarkvaðir, samkeppnisaðstæður eða mikill fjöldi undirliggjandi verkefna sem uppfylla skilyrði og sambærileg sjónarmið geta réttlætt takmörkun þeirra upplýsinga sem settar eru fram. Ef ágóða af skuldabréfum er úthlutað til útgjalda, eins og um getur í 3. mgr. 4. gr., er hægt að veita upplýsingarnar á áætlunarstigi.]

Upplýsingarnar í töflunni hér að neðan ná yfir tímabilið frá útgáfu viðkomandi skuldabréfa fram að reikningsskiladegi.

1. Heiti, staðsetning og lýsing á verkefni (eða flokki verkefna eða atvinnustarfsemi)
1.1. (fyrir hvert verkefni/verkefnaflokk/atvinnustarfsemi, eftir því sem við á) [Heiti]
1.2. [Staðsetning]
1.3. [Grunnlýsing]
2. Fjárhæð ágóða sem úthlutað er af skuldabréfum
2.1. [ágóða af skuldabréfum sem hefur verið úthlutað til þessa verkefnis/verkefnaflokks/atvinnustarfsemi frá útgáfudegi]
2.2. [ágóða af skuldabréfum sem er úthlutað til þessa verkefnis/verkefnaflokks/atvinnustarfsemi á skýrslutímabilinu]
2.3. Hluti verkefnis sem er fjármagnaður með skuldabréfum

3. Hluti heildarágóða sem notaður er til fjármögnunar (á útgáfuári eða eftir útgáfuárið) eða endurfjármögnunar (áður)
3.1. [hluti fjárhæðarinnar í línu 2.1 sem notaður er til fjármögnunar og endurfjármögnunar]
3.2. [hluti fjárhæðarinnar í línu 2.2 sem notaður er til fjármögnunar og endurfjármögnunar]
4. Tegund og svið atvinnustarfsemi sem fjármögnuð er með skuldabréfum
4.1. [Fyrir hverja atvinnustarfsemi sem tengist verkefninu sem er fjármögnuð með skuldabréfum: tegundir/geirar]
4.2. [Fyrir hverja þá atvinnustarfsemi sem tengist verkefni sem skuldabréfin fjármagna: eftir atvikum, viðkomandi kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 (4)]
5. Fjárhæð ágóða sem er úthlutað af skuldabréfum sem fellur að flokkunarkerfinu
5.1. [af heildarágóða af skuldabréfum sem er úthlutað til verkefnis, fjárhæðin sem er úthlutað til starfsemi, sem fellur að flokkunarkerfinu, frá útgáfudegi]
5.2. [hlutfall fjárhæðar sem tilgreind er í línu 2.1]
5.3. [af ágóða af skuldabréfum sem úthlutað er til verkefnis á reikningsskilatímabili, fjárhæðin sem er úthlutað til starfsemi, sem fellur að flokkunarkerfinu, á reikningsskilatímabilinu]
5.4. [hlutfall fjárhæðar sem tilgreind er í línu 2.2]
6. Umhverfismarkmið og tæknileg matsviðmið
6.1. [Umhverfismarkmið sem stefnt er að, eins og um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852]
6.2. [Vísbending um hvaða framseldu gerðir, sem samþykktar eru í samræmi við 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852, eru notaðar til að ákvarða tæknileg matsviðmið og framkvæmdardagsetningar þeirra]
6.3. [Upplýsingar um aðferðafræði og forsendur sem notaðar eru við útreikning á lykiláhrifamælistikum í samræmi við framseldar gerðir sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852 og fyrir allar viðbótaráhrifamælistikur]
7. Eðli umhverfislega sjálfbærra eigna og útgjalda
7.1. [af fjárhæðinni sem úthlutað er á reikningsskilatímabilinu í línu 5.3, fjárhæð fjárfestingargjalda]
7.2. [af fjárhæðinni sem úthlutað er á reikningsskilatímabilinu í línu 5.3, fjárhæð rekstrargjalda]
7.3. [af fjárhæðinni sem úthlutað er á reikningsskilatímabilinu í línu 5.3, fjárhæð fastafjármuna]
7.4. [af fjárhæðinni sem úthlutað er á reikningsskilatímabilinu í línu 5.3, fjárhæð fjáreigna]
8. Aðrar upplýsingar sem skipta máli
8.1. [Aðrar viðeigandi upplýsingar, s.s. viðeigandi umhverfislykilárangursmælikvarðar, og einnig tenglar á vefsetur með viðeigandi upplýsingum og tenglar í viðeigandi opinber skjöl með ítarlegri upplýsingum, s.s. vefsetur fyrirtækisins sem lýsir verkefninu eða skýrsla frá ráðgjafarstofnun um umhverfismál]

Samtals:

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 og einnig tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtíð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

Frá útgáfu	[skýrslutímabil]
Heildarfjárhæð ágóða af skuldabréfum sem hefur verið úthlutað frá útgáfu: [X] Þar af, heildarfjárhæð ágóða af skuldabréfum sem úthlutað hefur verið til atvinnustarfsemi, sem fellur að flokkunarkerfinu, frá útgáfu: [X]	Heildarfjárhæð ágóða af skuldabréfum sem úthlutað er á skýrslutímabilinu: [X] Þar af, heildarfjárhæð ágóða af skuldabréfum sem úthlutað er til atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu á reikningsskilatímabili: [X] Þar af: — Heildarfjárhæð ágóða af skuldabréfum sem úthlutað er til fjárfestingargjalda, sem falla að flokkunarkerfinu, á reikningsskilatímabili: [X] — Heildarfjárhæð ágóða af skuldabréfum sem úthlutað er til rekstrargjalda, sem falla að flokkunarkerfinu, á skýrslutímabili: [X] — Heildarfjárhæð ágóða af skuldabréfum sem úthlutað er til [annars] sem fellur að flokkunarkerfinu á reikningsskilatímabili: [X]

Tafla B: Upplýsingar um hvernig ágóði af skuldabréfum, þar sem eignasafnsleiðin er notuð við úthlutun á ágóða af skuldabréfum, fellur að flokkunarkerfinu

[Upplýsingarnar í töflunni hér á eftir skulu veittar a.m.k. á stigi atvinnustarfsemi og helst í tengslum við verkefni eða verkefnaflokk. Samningar um trúnaðarkvaðir, samkeppnisaðstæður eða mikill fjöldi undirliggjandi verkefna sem uppfylla skilyrði og sambærileg sjónarmið geta réttlætt takmörkun þeirra upplýsinga sem settar eru fram. Sumar eða allar nauðsynlegar upplýsingar kunna að vera veittar utan við töfluna.]

Upplýsingarnar í töflunni hér fyrir neðan ná yfir skýrslutímabilið.

Útistandandi evrópsk græn skuldabréf	Eignasafn umhverfislega sjálfbærra eigna
[Yfirlit yfir öll útistandandi evrópsk græn skuldabréf þar sem fram kemur stakt og samanlagt virði þeirra.]	[Yfirlit yfir hæfar fjáreignir og eignir, eins og um getur í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, á efnahagsreikningi útgefanda þar sem fram koma upplýsingar um: 1. [Nafn, staðsetning og grunnlýsing verkefnis] 2. [Vísbending um þann ágóða sem fyrirhugað er að ráðstafa til þessa verkefnis af skuldabréfinu, ef hann liggur fyrir] 3. [Vísbending um hluta fjárhæðarinnar í 2. lið sem nota á til fjármögnunar og endurfjármögnunar, ef hann liggur fyrir] 4. [Fyrir hverja þá atvinnustarfsemi sem tengist verkefni sem skuldabréfin fjármagna: tegundir/geirar og, eftir atvikum, viðkomandi kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins í samræmi við atvinnugreinaflokkunina sem komið var á með reglugerð (EB) nr. 1893/2006] 5. [Fjárhæð ágóða af verkefninu, sem er fjármagnað með skuldabréfinu og er úthlutað til starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu, ef hún liggur fyrir,] [hlutfall fjárhæðar sem gefin er upp í 2. lið] 6. [Umhverfismarkmiðin sem stefnt er að, eins og um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852] [Vísbending um hvaða framseldu gerðir, sem samþykktar voru í samræmi við 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852, eru notaðar til að ákvarða tæknileg matsviðmið og dagsetningar fyrir beitingu þeirra] [Upplýsingar um þær aðferðir og forsendur sem eru notaðar við útreikninga á lykiláhrifamælistikum í samræmi við framseldar gerðir sem samþykktar voru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2020/852 og fyrir allar viðbótaráhrifamælistikur.]

	7. [Sundurliðun fjárhæðarinnar sem um getur í 5. lið, eftir því hvort ágóða er úthlutað til fastafjármuna eða fjáreigna, ef upplýsingar liggja fyrir.] 8. [Eftir atvikum, viðbætur eða afturkallanir úr verkefnasafni þegar nýjum evrópskum grænum skuldabréfum er bætt í safnið eða ef evrópsk græn skuldabréf (á gjalddaga) eru fjarlægð úr safninu]. 9. [Tilgreinið fjárhæð og/eða fjölda nýrra verkefna á móti fjárhæð útgáfu nýrra evrópskra grænna skuldabréfa á almanaksárinu sem það er gefið út, ef slíkar upplýsingar liggja fyrir.] 10. [Aðrar viðeigandi upplýsingar, s.s. viðkomandi umhverfislykilárangursmælikvarðar og einnig tenglar á vefsetur með viðeigandi upplýsingum og tenglar á viðeigandi opinber skjöl með ítarlegri upplýsingum.]
Heildarvirði eignasafns útistandandi evrópskra grænna skuldabréfa:	Heildarvirði eignasafns umhverfislega sjálfbærra eigna: Heildarvirði eignasafns umhverfislega sjálfbærra eigna sem tengjast starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu:

III. VIÐAUKI

ÁHRIFASKÝRSLA UM EVRÓPSK GRÆN SKULDABRÉF

[Ef áhrifaskýrslan er endurskoðuð skal titillinn endurspegla það]

Skjal þetta og efni þess er hvorki háð samþykki né stuðningi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar né annarra lögbærra yfirvalda.

1. **Almennar upplýsingar**

— [Útgáfudagur áhrifaskýrslu]
— [Eftir atvikum, útgáfudagur endurskoðaðrar áhrifaskýrslu]
— [Útgáfudagur skuldabréfa eða áhættulaga skuldabréfa]
— [Lögheiti útgefanda]
— [Ef tiltækt, auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) útgefanda]
— [Veffang þar sem fjárfestum eru veittar upplýsingar um hvernig hafa megi samband við útgefanda]
— [Heiti skuldabréfa sem útgefandi hefur úthlutað, ef það liggur fyrir]
— [Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) skuldabréfanna og áhættulaga þeirra, ef það liggur fyrir]
— [Ef ytri úttektaraðili lagði mat á áhrifaskýrslu: heiti og samskiptaupplýsingar ytri úttektaraðila]
— [Eftir atvikum, heiti lögbærs yfirvalds sem hefur staðfest lýsingu/ar skuldabréfsins]

2. **Mikilvægar upplýsingar**

— [Eftirfarandi yfirlýsing: „[Þetta skuldabréf notar] [Þessi skuldabréf nota] merkinguna „evrópsk græn skuldabréf“ eða „EuGB“ í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 ([1])].“]
— [Ef ágóða af skuldabréfum hefur verið úthlutað í samræmi við 5. gr. þeirrar reglugerðar, eftirfarandi yfirlýsing: „[Þetta evrópska græna skuldabréf] [Þessi evrópsku grænu skuldabréf] nýta sveigjanleika sem gerir kleift víkja að hluta til að frá tæknilegum matsviðmiðum sem sett eru fram í framseldu gerðunum sem samþykktar eru skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 ([2]) („tæknileg matsviðmið“), eins og nánar er lýst í 4. lið þessarar áhrifaskýrslu.]

3. **Stefnumörkun og grunnforsenda í umhverfismálum**

Yfirlit

— [Upplýsingar um með hvaða hætti skuldabréfin hafa stuðlað að víðtækari umhverfisstefnu útgefanda.]
— [Eftir atvikum, útskýring á öllum breytingum sem hafa orðið á víðtækari umhverfisstefnu útgefanda frá útgáfu upplýsingablaðs um evrópska græna skuldabréfið.]
— [Umhverfismarkmiðin, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, sem stefnt er að með skuldabréfunum.]

Lykilárangursmælikvarðar fyrir fjárfestingargjöld og rekstrargjöld

— [Ef útgefandi fellur undir 8. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, lýsing á því hvernig, að hve miklu leyti (t.d. gefið upp sem prósentubreyting frá ári til árs) og á hvaða fjárhagstímabilum ágóði af skuldabréfum hefur stuðlað að lykilárangursmælikvörðum útgefanda fyrir eignir sem falla að flokkunarkerfinu, veltu, fjárfestingarútgjöld og rekstrarútgjöld.]

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 frá 22. nóvember 2023 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf (Stjtíð. ESB L, 2023/2631, 30.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2631/oj).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

Tengill á umbreytingaráætlunina

— [Ef útgefandi fellur undir skuldbindingu um að birta áætlanir skv. iii. lið a-liðar 2. mgr. 19. gr. a eða, eftir atvikum, iii. lið a-liðar 2. mgr. 29. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ([3]), eða ef útgefandi birtir umbreytingaráætlanir að eigin frumkvæði:
  — á hvaða hátt ágóði af skuldabréfum hefur stuðlað að fjármögnun og framkvæmd þessara áætlana. Þessar upplýsingar má veita á samanteknu stigi atvinnustarfsemi eða á vettvangi hvers verkefnis fyrir sig og
  — tengil á vefsetrið þar sem þessar áætlanir eru birtar.]

4. **Úthlutun á ágóða skuldabréfa**

[Upplýsingarnar sem eru taldar upp hér á eftir skulu veittar a.m.k. á stigi atvinnustarfsemi og helst í tengslum við verkefni eða verkefnaflokk. Samningar um trúnaðarkvaðir, samkeppnisaðstæður eða mikill fjöldi undirliggjandi verkefna sem uppfylla skilyrði og sambærileg sjónarmið geta réttlætt takmörkun þeirra upplýsinga sem settar eru fram. Ef ágóða af skuldabréfum er úthlutað til útgjalda, eins og um getur í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, er hægt að veita upplýsingarnar á áætlunarstigi.]

Úthlutun til tiltekinnar atvinnustarfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu

[Hlutfall af ágóða skuldabréfa sem var úthlutað til starfsemi sem er umhverfislega sjálfbær skv. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/2631:] [XX] % af ágóða skuldabréfa.]

[Ef ágóða af skuldabréfum var úthlutað til starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum eða umbreytingaratvinnustarfsemi, þar sem tilgreind er starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum eða umbreytingarstarfsemi og hve hárri fjárhæð og hlutfalli ágóðans er úthlutað til starfsemi sem gerir annarri atvinnustarfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum eða umbreytingaratvinnustarfsemi.]

[Eftir atvikum, magn og hlutfall eigna sem tengjast starfsemi sem fellur að flokkunarkerfinu og tengist kjarnorku og jarðefnagasi í samræmi við 2. mgr. 10. gr. og 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.]

Úthlutun til atvinnustarfsemi sem er ekki í samræmi við tæknileg matsviðmið

[Ef ágóða af skuldabréfum var úthlutað í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631, yfirlýsing um að [hreinum] ágóða af skuldabréfum hafi verið úthlutað að hluta til atvinnustarfsemi sem er ekki í samræmi við tæknileg matsviðmið. Útgefandi skal lýsa slíku fráviki, viðkomandi starfsemi og hlutfalli ágóða sem hefur verið úthlutuð til slíkrar starfsemi í heild og á grundvelli hverrar starfsemi fyrir sig, þ.m.t. sundurliðun sem lýsir hvaða liðir 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 voru notaðir. Enn fremur útskýring á því hvers vegna ekki var hægt að beita tæknilegum matsviðmiðum og útskýring á því með hvaða hætti útgefandi hefur tryggt að þessi starfsemi sé í samræmi við 3. og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 og a-, b- og c-lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.]

5. **Umhverfisáhrif af ágóða skuldabréfa**

— [Mat á jákvæðum og neikvæðum umhverfisáhrifum á samanteknu formi.]
— [Upplýsingar um aðferðir og forsendur sem notaðar eru til að meta áhrif verkefna, ef upplýsingablað um evrópsk græn skuldabréf innihélt þessar upplýsingar ekki.]
— [Upplýsingar um jákvæð og neikvæð umhverfisáhrif verkefnanna og tengdar breytur, ef þær liggja fyrir. Ef þessar upplýsingar eru ekki aðgengilegar á verkefnastigi verður að útskýra það.
— [Ef útgefandinn vill einnig láta upplýsingar fylgja með um hvort og hvernig verkefnið hefur stuðlað að öðrum sjálfbærniþáttum skuldabréfa, þ.m.t. félagslegum þáttum umbreytingar í átt að loftslagshlutleysi, s.s. með því að útvega samfélögum, sem verða fyrir áhrifum af umbreytingu efnahagslegrar starfsemi yfir í sjálfbærni, ný störf, endurþjálfun og staðbundna innviði.]
— [Ef ágóða af skuldabréfum er úthlutað í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 skal útgefandi tilkynna þessar upplýsingar sérstaklega fyrir þessi verkefni og starfsemi.]

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

6. **Upplýsingar um skýrslugjöf** — [Tengill við vefsetur útgefanda sem um getur í 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631.] — [Eftir atvikum, tengill á viðeigandi skýrslur útgefanda, s.s. samstæðuskýrslu framkvæmdastjórnar eða skýrslugjöf um sjálfbærni á samstæðustigi samkvæmt tilskipun 2013/34/ESB.]
7. **Fjárfestingargjaldaáætlun** [Eftir atvikum, framvinda við framkvæmd áætlunarinnar um hrávöruúrgang sem um getur í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631.]
8. **Aðrar upplýsingar sem skipta máli**

[Þegar um er að ræða verðbréfunarskuldabréf skal líta á tilvísanir til útgefanda í þessu skjali sem tilvísanir til upphafsaðila og, ef við á, skipta þeim út fyrir tilvísanir til upphafsaðila.]

———

IV. VIÐAUKI

EFNI ENDURSKOÐANA FYRIR OG EFTIR ÚTGÁFU EÐA Á ÁHRIFASKÝRSLUM

Skjal þetta og efni þess er hvorki háð samþykki né stuðningi Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar né annarra lögbærra yfirvalda.

Fyrirsögnin „Endurskoðun fyrir útgáfu“, „Endurskoðun eftir útgáfu“ eða „Endurskoðun á áhrifaskýrslu“ skal vera á áberandi stað efst á fyrstu síðu skjalsins.
1. **Almennar upplýsingar** — [Útgáfudagur endurskoðunar] — [Útgáfudagur skuldabréfa eða áhættulaga skuldabréfa] — [Útgáfudagur viðkomandi upplýsingablaðs um evrópska græna skuldabréfið og, eftir atvikum, viðkomandi úthlutunar-skýrslu, eða áhrifaskýrslu] — [Lögheiti útgefanda] — [Ef tiltækt, auðkenni lögaðila (LEI-auðkenni) útgefanda] — [Heiti skuldabréfa sem útgefandi hefur úthlutað, ef það liggur fyrir] — [Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) skuldabréfanna og áhættulaga þeirra, ef það liggur fyrir] — [Auðkenni og samskiptaupplýsingar ytri úttektaraðila, þ.m.t. veffang hans] — [Nafn og starfstitill yfirgreinanda tiltekinnar matsstarfsemi] — [Nafn og staða þess aðila sem ber höfuðábyrgð á að samþykkja endurskoðunina] — [Eftir atvikum, dagsetning þegar endurskoðunin var síðast uppfærð og útskýring þar sem ástæða fyrir uppfærslunni kemur fram] — [Eftir atvikum, önnur þjónusta sem ytri úttektaraðili veitir fyrir einingu sem metin er ásamt lýsingu á öllum raunverulegum eða hugsanlegum hagsmunaárekstrum]
2. **Inngangsorð** [Fyrir endurskoðanir fyrir útgáfu: Yfirlýsing þess efnis að ytri úttektaraðili hafi lagt mat á útfyllt upplýsingablað um evrópska græna skuldabréfið sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 ([1])] [Fyrir endurskoðanir eftir útgáfu: Yfirlýsing þess efnis að ytri úttektaraðili hafi lagt mat á fullgerða úthlutunarskýrslu um evrópsk græn skuldabréf sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/2631] [Fyrir endurskoðanir á áhrifaskýrslum: Yfirlýsing þess efnis að ytri úttektaraðili hafi lagt mat á fullgerða áhrifaskýrslu um evrópsk græn skuldabréf sem mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2023/2631] [Yfirlýsing þess efnis að þessi úttekt feli í sér óháð álit ytri úttektaraðila og að einungis megi treysta á hana að takmörkuðu leyti]
3. **Yfirlýsingar um að notkun ágóðans sé í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852** ([2]) [Þennan lið skal aðeins fylla út ef um er að ræða úttekt fyrir eða eftir útgáfu.] [Yfirlýsing um hvort notkun ágóða af evrópskum grænum skuldabréfum sé í samræmi við reglugerð (ESB) 2020/852 á grundvelli þeirra upplýsinga sem útgefandi veitir ytri úttektaraðila: — ef álit óháðs úttektaraðila er jákvætt, yfirlýsing um að skuldabréfin uppfylli – eða búist er við að þau uppfylli, þar sem við á – kröfurnar í reglugerð (ESB) 2023/2631 að því er varðar notkun ágóða,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2631 frá 22. nóvember 2023 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf (Stjtíð. ESB L, 2023/2631, 30.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2631/oj).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).

— ef álit óháðs úttektaraðila er neikvætt, yfirlýsing um að skuldabréfin uppfylli ekki – eða að ekki sé búist við að þau uppfylli, þar sem við á – kröfurnar í reglugerð (ESB) 2023/2631 að því er varðar notkun á ágóða og að eingöngu sé hægt að nota merkinguna „græn evrópsk skuldabréf“ eða „EuGB“ ef skuldabréfið er lagt fram til nýrrar endurskoðunar og fær jákvætt álit.]

4. **Heimildir, matsaðferðir og lykilforsendur**

— [Upplýsingar um þær heimildir sem voru notaðar til að undirbúa endurskoðun, þ.m.t. tenglar á mæligögn og aðferðir sem beitt er, ef þær liggja fyrir]
— [Útskýring á matsaðferðum og lykilforsendum]
— [Skýring á forsendum og kröfum flokkunarkerfisins sem notað er, á takmörkunum og óvissu í tengslum við þær aðferðir sem notaðar eru og skýra yfirlýsingu um hvort ytri úttektaraðili telji gæði þeirra upplýsinga sem útgefandi eða tengdur þriðji aðili veitir séu nægjanleg til að framkvæma endurskoðunina og að hvaða marki ytri úttektaraðili hefur reynt að sannprófa upplýsingar sem veittar eru með þeim hætti]

5. **Mat og álit**

[Í hverju tilviki sem byggist á þeim upplýsingum sem útgefandi veitir ytri úttektaraðila – tilgreinið eftir því sem við á.]
[Fyrir endurskoðanir fyrir útgáfu:
— Ítarlegt mat á því hvort útfyllt upplýsingablað samræmist 4.–8. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631,
— Álit ytri úttektaraðila á matinu sem um getur hér að framan,
— Ef fyrirhugað er að ráðstafa ágóða af skuldabréfum í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 skal leggja matið og álitið fram í sérstökum lið.]
[Fyrir endurskoðanir eftir útgáfu:
— Ítarlegt mat á því hvort útgefandi hafi ráðstafað ágóða af skuldabréfinu í samræmi við 4.–8. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631,
— Mat á því hvort útgefandi hafi farið að fyrirhugaðri notkun ágóða sem sett er fram á upplýsingablaði um evrópska græna skuldabréfið,
— Álit ytri úttektaraðila á matsgerðunum tveimur sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið,
— Fyrir eignir eða starfsemi sem falla undir fjárfestingargjaldaáætlun, mat á því þegar hún er fullgerð hvort þessar eignir eða starfsemi uppfyllir kröfur flokkunarkerfisins,
— [Ef ágóða af skuldabréfum er úthlutað í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2023/2631 skal mat og álit lagt fram í sérstökum lið.] Í matinu skal tekið fram hvort sérhver viðeigandi krafa þessarar greinar hafi verið uppfyllt.]
[Fyrir endurskoðanir á áhrifaskýrslum:
— Mat á því hvort útgáfa skuldabréfanna samræmist víðtækari umhverfisstefnu og grunnforsendum útgefanda,
— Mat á tilgreindum umhverfisáhrifum af ágóða skuldabréfanna,
— Álit ytri úttektaraðila á matinu sem um getur í fyrsta og öðrum undirlið.]

6. **Allar aðrar upplýsingar**

[Allar aðrar upplýsingar sem úttektaraðilinn kann að telja að skipti máli fyrir endurskoðun.]

[Þegar um er að ræða verðbréfunarskuldabréf skal líta á tilvísanir til útgefanda í þessu skjali sem tilvísanir til upphafsaðila og, ef við á, skipta þeim út fyrir tilvísanir til upphafsaðila.]

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1047 **2026/EES/17/39**

frá 27. maí 2025

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 9 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 7 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem lágu fyrir 8. september 2022.

2) Þann 30. maí 2024 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli 9, *fjármálagerningum* („IFRS-staðli 9“) og alþjóðlegum reikningsskilastaðli 7, *fjármálagerningum: upplýsingagjöf* („IFRS-staðli 7“). Markmið breytinganna var að fjalla um nokkrar af niðurstöðunum frá árinu 2022 úr endurskoðun að lokinni framkvæmd að því er varðar flokkunar- og matskröfur IFRS-staðals 9 og bregðast við beiðni hagsmunaaðila til alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil.

3) Breytingarnar skýra flokkun fjáreigna með umhverfis-, félags- og stjórnunarþætti („UFS“) og sambærilega eiginleika og uppgjör skulda í gegnum rafræn greiðslukerfi. Breytingarnar leggja einnig á kröfur um upplýsingagjöf til að auka gagnsæi fyrir fjárfesta í tengslum við fjárfestingar í eiginfjárgerningum,sem metnir eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu og fjármálagerninga með ófyrirséða þætti, svo sem þætti sem tengjast UFS-tengdum markmiðum.

4) Breytingarnar ættu að stuðla að lánum með UFS-tengda eiginleika þar sem hægt ætti að vera að beita annaðhvort afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, allt eftir viðskiptalíkaninu, á þeim grundvelli að lánin uppfylli prófun á einungis greiðslum af höfuðstól og greiðslum vaxta. Þannig ættu reikningsskil að styðja við ráðstafanir vegna efnahagslegra umskipta sem flýta fyrir Grænu samkomulagi í Evrópu.

5) Í kjölfar samráðs við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil (EFRAG) hefur framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að breytingarnar á IFRS-staðli 9 og IFRS-staðli 7 uppfylli skilyrðin fyrir samþykkt sem sett eru fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Evrópsk ráðgjafarnefnd um reikningsskil hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu að ávinningurinn af breytingunum sé meiri en kostnaðurinn sem fylgir þeim.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1803 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1047, 28.5.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2025 frá 24. október 2025 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/1606/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 frá 13. september 2023 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 237, 26.9.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1803/oj).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 2023/1803 er breytt sem hér segir:

1) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

2) IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Sérhvert félag skal beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þess sem hefst 1. janúar 2026 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. maí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

BREYTINGAR Á FLOKKUN OG MATI Á FJÁRMÁLAGERNINGUM

Breytingar á IFRS-staðli 9 og IFRS-staðli 7

Breytingar á IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*

Liðum 7.1.12–7.1.13 og 7.2.47–7.2.49 og fyrirsögn á undan lið 7.2.47 er bætt við.

7.1 GILDISTÖKUDAGUR

...

7.1.12. Með *Breytingum á flokkun og mati á fjármálagerningum*, sem breyttu IFRS 9 og IFRS 7, gefnum út í maí 2024, var bætt við liðum 7.2.47–7.2.49, B3.1.2 A, B3.3.8–B3.3.10, B4.1.8 A, B4.1.10 A, B4.1.16 A og B4.1.20 A. Með þeim var liðum B4.1.10, B4.1.13, B4.1.14, B4.1.16, B4.1.17, B4.1.20, B4.1.21 og B4.1.23 einnig breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2026 eða síðar. Heimilt er að beita þeim fyrr.

7.1.13. Kjósi eining að beita þessum breytingum að því er varðar fyrra tímabil skal hún annaðhvort:

a) beita öllum breytingunum samtímis og greina frá því, eða

b) beita aðeins breytingunum á Leiðbeiningar um beitingu á bálki 4.1 í þessum staðli (Flokkun fjáreigna) fyrir fyrra tímabilið og greina frá því.

7.2 UMBREYTING

...

Umbreyting vegna *Breytinga á flokkun og mati á fjármálagerningum*

7.2.47. Eining skal beita *Breytingum á flokkun og mati á fjármálagerningum* afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, nema að því leyti sem tilgreint er í liðum 7.2.48–7.2.49. Að því er varðar kröfur í þessum liðum er upphafsdagur beitingar upphaf árlega reikningsskilatímabilsins þegar eining beitir breytingunum í fyrsta sinn.

7.2.48. Einingu er ekki skylt að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu þessara breytinga. Eining getur endurgert fyrri tímabil þá og því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa. Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil skal hún færa áhrif upphaflegrar beitingar þessara breytinga sem leiðréttingu á upphafsstöðu fjáreigna og fjárskulda og samlegðaráhrif, ef við á, sem leiðréttingu á upphafsstöðu óráðstafaðs eigin fjár (eða annars eiginfjárþáttar, eins og við á) á upphafsdegi beitingar.

7.2.49. Á upphafsdegi beitingar breytinga á Leiðbeiningum um beitingu á bálki 4.1 í þessum staðli (Flokkun fjáreigna) skal eining birta fyrir sérhvern flokk fjáreigna sem skiptu um matsflokk vegna beitingar á breytingunum:

a) matsflokk og bókfært verð sem ákvarðað var rétt áður en breytingunum var beitt, og

b) matsflokk og bókfært verð sem ákvarðað var strax eftir að breytingunum var beitt.

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Liðum B3.1.2 A, B3.3.8–B3.3.10, B4.1.8 A, B4.1.10 A, B4.1.16 A og B4.1.20 A og fyrirsögn á undan lið B3.1.2 A er bætt við. Liðum B4.1.10, B4.1.13, B4.1.14, B4.1.16, B4.1.17, B4.1.20, B4.1.21 og B4.1.23 er breytt. Ekki eru gerðar breytingar á liðum B4.1.7 A, B4.1.15 og B4.1.22 en þeir eru taldir með hér til að auðvelda tilvísanir.

FÆRSLA OG AFSKRÁNING (3. KAFLI)

Upphafsfærsla (þáttur 3.1)

...

Dagsetning upphafsfærslu eða afskráningar

B3.1.2 A Eining skal færa fjáreign eða fjárskuld á deginum sem einingin gerist aðili að samningsákvæðum gerningsins (sjá lið 3.1.1), nema ákvæði liðar 3.1.2 eigi við. Fjáreign er afskráð daginn sem samningsbundinn réttur að sjóðstreymi rennur út eða eignin er flutt (sjá lið 3.2.3). Fjárskuld er afskráð á uppgjörsdegi, sem er dagurinn þegar skuldin er ógilt vegna þess að skuldbindingin sem tilgreind er í samningnum er uppfyllt, numin úr gildi eða rennur út (sjá lið 3.3.1) eða skuldin uppfyllir að öðru leyti skilyrði fyrir afskráningu (sjá lið 3.3.2), nema eining kjósi að beita lið B3.3.8.

...

Afskráning fjárskulda (þáttur 3.3)

...

B3.3.8 Þrátt fyrir kröfuna í lið B3.1.2 A um að afskrá fjárskuld á uppgjörsdegi, þegar eining gerir upp fjárskuld (eða hluta fjárskuldar) í reiðufé með rafrænu greiðslukerfi er henni heimilt að líta svo á að fjárskuldin (eða hluti hennar) sé greidd fyrir uppgjörsdag þá og því aðeins að einingin hafi gefið greiðslufyrirmæli sem leiddu til þess að:

a) einingin hefur enga raunverulega getu til að afturkalla, stöðva eða fella greiðslufyrirmæli úr gildi,

b) einingin hefur enga raunverulega getu til að nálgast reiðuféð sem á að nota til uppgjörs vegna greiðslufyrirmæla, og

c) uppgjörsáhættan sem tengist rafræna greiðslukerfinu er óveruleg.

B3.3.9 Að því er varðar beitingu c-liðar liðar B3.3.8 er uppgjörsáhætta sem tengist rafrænu greiðslukerfi óveruleg ef einkenni hennar eru á þann veg að framkvæmd greiðslufyrirmæla fylgir stöðluðu stjórnsýsluferli og tíminn frá því að viðmiðanirnar í a- og b-liðum liðar B3.3.8 eru uppfylltar og þar til reiðuféð er afhent mótaðila er stuttur. Hins vegar væri uppgjörsáhætta ekki óveruleg ef framkvæmd greiðslufyrirmæla væri háð getu einingar til að afhenda reiðufé á uppgjörsdegi.

B3.3.10 Eining sem kýs að beita lið B3.3.8 við uppgjör fjárskuldar (eða hluta fjárskuldar) með því að nota rafrænt greiðslukerfi skal beita liðnum á allt uppgjör sem gert er í gegnum sama rafræna greiðslukerfi.

FLOKKUN (4. KAFLI)

Flokkun fjáreigna (þáttur 4.1)

...

Samningsbundið sjóðstreymi sem er aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól

...

B4.1.7 A Samningsbundið sjóðstreymi, sem er aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól, er í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar. Í grundvallarfyrirkomulagi við lánveitingar er endurgjald vegna tímavirðis peninga (sjá liði B4.1.9 A-B4.1.9E) og útlánaáhætta yfirleitt mikilvægustu þættir vaxta. Í slíku fyrirkomulagi taka vextir þó til endurgjalds vegna grundvallarútlánaáhættu (til dæmis lausafjáráhættu) og kostnaðar (t.d. stjórnsýslukostnaður) sem tengjast haldi á fjáreignum í tiltekinn tíma. Auk þess geta vextir tekið til hagnaðarálagningar sem er í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar. Við brýnar efnahagsaðstæður geta vextir verið neikvæðir ef handhafi fjáreignar greiðir t.d. beint eða óbeint fyrir að leggja peninga sína inn í tiltekinn tíma (og þóknunin er hærri en endurgjaldið sem handhafinn tekur við vegna tímavirðis peninga, útlánaáhættu og grundvallaráhættu og kostnaðar við lánveitingar). Hins vegar gefa samningsskilmálar, sem lýsa óvarinni áhættu eða óstöðugleika í samningsbundnu sjóðstreymi, sem er ótengt grundvallarfyrirkomulagi við lánveitingar, t.d. áhættu gagnvart breytingum á gengi hlutabréfa eða hrávöruverði, ekki tilefni til samningsbundins sjóðstreymis sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Útgefin eða keypt fjáreign getur verið grundvallarfyrirkomulag við lánveitingu óháð því hvort lagalegt form hennar er lán.

...

B4.1.8 A Við mat á því hvort samningsbundið sjóðstreymi fjáreignar sé í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar gæti eining þurft að skoða mismunandi vaxtaþætti sérstaklega. Mat á vöxtum beinist að því fyrir *hvað* eining fær greitt, frekar en *hversu háar* jöfnunargreiðslur hún fær. Engu að síður getur fjárhæð jöfnunargreiðslna sem eining fær bent til þess að hún fái greitt fyrir eitthvað annað en grundvallaráhættu og kostnað við lánveitingu. Samningsbundið sjóðstreymi er í ósamræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar ef það er vísitölutryggt á grundvelli breytu sem er ekki grundvallaráhætta eða kostnaður við lánveitingu (t.d. virði eiginfjárgerninga eða verð hrávöru) eða ef það sýnir hlutdeild í tekjum eða hagnaði skuldara, jafnvel þótt slíkir samningsskilmálar séu hefðbundnir á markaðnum þar sem einingin starfar.

...

Samningsskilmálar sem breyta tímasetningu eða fjárhæð samningsbundins sjóðstreymis

B4.1.10 Ef fjáreign felur í sér samningsskilmála sem gæti breytt tímasetningu eða fjárhæð samningsbundins sjóðstreymis (t.d. ef greiða má eignina upp fyrir gjalddaga eða framlengja skilmála hennar) verður einingin að ákveða hvort samningsbundna sjóðstreymið, sem kann að verða á líftíma gerningsins vegna þessa samningsskilmála, er einvörðungu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Við þessa ákvörðun verður einingin að meta samningsbundið sjóðstreymi sem gæti orðið fyrir eða eftir breytingu á samningsbundnu sjóðstreymi, án tillits til þess hvaða líkur eru á því að breyting verði á samningsbundnu sjóðstreymi. Einingin gæti einnig þurft að meta eðli ófyrirséðs atburðar (þ.e. kveikjan) sem myndi breyta tímasetningu eða fjárhæð samningsbundins sjóðstreymis. Þótt ófyrirséður atburður sé í sjálfu sér ekki ákvarðandi þáttur við mat á því hvort samningsbundna sjóðstreymið er eingöngu greiðslur af höfuðstól og vöxtum kann hann að vera vísbending. Til dæmis má bera saman fjármálagerning með vöxtum sem eru hækkaðir ef skuldari hefur ekki greitt nokkrar greiðslur af honum og vexti sem eru hækkaðir ef tilgreind hlutabréfavísitala nær tilteknu stigi. Það eru meiri líkur á því í fyrra tilvikinu að samningsbundið sjóðstreymi á líftíma gerningsins verði eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól vegna þeirra tengsla sem eru milli vangoldinna greiðslna og aukinnar útlánaáhættu. Í fyrra tilvikinu tengist eðli ófyrirséðs atburðar beint breytingum á grundvallaráhættu og kostnaði við lánveitingu og samningsbundið sjóðstreymi breytist á sambærilegan hátt. (Sjá einnig lið B4.1.18.)

B4.1.10 A Í sumum tilvikum leiðir ófyrirséður þáttur til samningsbundins sjóðstreymis sem er í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar bæði fyrir og eftir breytingu á samningsbundnu sjóðstreymi, en eðli ófyrirséða atburðarins sjálfs tengist ekki beint breytingum á grundvallaráhættu og kostnaði við lánveitingar. Til dæmis eru vextir á láni leiðréttir um tiltekna fjárhæð ef skuldari nær samningsbundnum samdrætti í kolefnislosun. Í því tilviki, við beitingu liðar B4.1.10, er fjáreignin með samningsbundið sjóðstreymi sem samanstendur af aðeins greiðslum af höfuðstól og greiðslum vaxta af útistandandi höfuðstól, þá og því aðeins að ekki sé marktækur munur á öllum hugsanlegum sviðsmyndum og samningsbundnu sjóðstreymi fjármálagernings með sömu samningsskilmála, en án þess að slíkur ófyrirséður þáttur sé til staðar. Við vissar aðstæður getur einingin ákvarðað þetta með því að framkvæma eigindlegt mat en í öðrum aðstæðum kann að vera nauðsynlegt að framkvæma megindlegt mat. Ef ljóst er, með lítilli sem engri greiningu, að ekki sé marktækur munur á samningsbundnu sjóðstreymi þarf einingin ekki að gera ítarlegt mat.

...

B4.1.13 Hér á eftir fara dæmi sem lýsa samningsbundnu sjóðstreymi sem er aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Þessi dæmalisti er ekki tæmandi.

Gerningur	Greining
...	...
Gerningur EA Gerningur EA er lán með vexti sem eru leiðréttir á hverju reikningsskilatímabili um fastan fjölda grunnpunkta, ef skuldari nær samningsbundnum samdrætti í kolefnislosun á reikningsskilatímabilinu á undan. Jafnvel þótt hámarki hugsanlegra uppsafnaðra leiðréttinga sé náð myndi það ekki breyta vöxtum á láninu að neinu marki.	Samningsbundið sjóðstreymi sem er aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Einingin skoðar hvort samningsbundið sjóðstreymi sem gæti myndast bæði fyrir og eftir hverja breytingu á samningsbundnu sjóðstreymi samanstandi eingöngu af greiðslum af höfuðstól og greiðslum vaxta (sjá lið B4.1.10). Ef ófyrirséður atburður verður við að ná markmiði um kolefnislosun eru vextirnir leiðréttir um fastan fjölda grunnpunkta, sem leiðir til samningsbundins sjóðstreymis sem er í samræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar. Það er einungis vegna þess að eðli sjálfs ófyrirséða atburðarins tengist ekki beint breytingum á grundvallaráhættu og kostnaði við lánveitingar að einingin getur ekki ályktað, án frekara mats, hvort sjóðstreymi fjáreignar sé eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta. Einingin metur því, í öllum hugsanlegum sviðsmyndum samningsins, hvort ekki sé marktækur munur á samningsbundnu sjóðstreymi og samningsbundnu sjóðstreymi fjármálagernings með sömu samningsskilmála en án ófyrirséðs þáttar sem tengist kolefnislosun (sjá lið B4.1.10 A). Þar sem engar leiðréttingar á gildistíma gernings myndu leiða til samningsbundins sjóðstreymis með marktækum mun kemst einingin að þeirri niðurstöðu að lánið sé með samningsbundið sjóðstreymi sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól.

B4.1.14 Hér á eftir fara dæmi sem lýsa samningsbundnu sjóðstreymi sem er ekki aðeins greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Þessi dæmalisti er ekki tæmandi.

Gerningur	Greining
...	...
Gerningur I Gerningur I er lán með vöxtum sem eru leiðréttir á hverju reikningsskilatímabili til að rekja hreyfingar á markaðsákvarðaðri vísitölu kolefnisverðs á næstliðnu reikningsskilatímabili.	Samningsbundið sjóðstreymi er ekki eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Samningsbundið sjóðstreymi er vísitölutryggt á grundvelli breytu (vísitölu kolefnisverðs) sem er ekki grundvallaráhætta eða kostnaður við lánveitingu. Samningsbundið sjóðstreymi er því í ósamræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar (sjá lið B4.1.8 A).

B4.1.15 Í sumum tilvikum getur fjáreign haft samningsbundið sjóðstreymi sem er lýst sem höfuðstól og vöxtum en það sjóðstreymi táknar ekki greiðslu höfuðstóls og vaxta af útistandandi höfuðstól eins og lýst er í lið 4.1.2 (b-lið), lið 4.1.2 A (b-lið) og lið 4.1.3 í þessum staðli.

B4.1.16 Þetta kann að verða reyndin ef fjáreignin táknar fjárfestingu í tilteknum eignum eða sjóðstreymi og þar af leiðir er samningsbundið sjóðstreymi ekki eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Ef mælt er fyrir um það í samningsbundnum skilmálum, svo dæmi sé tekið, að sjóðstreymi fjáreignarinnar aukist eftir því sem fleiri bifreiðar fara um tiltekinn veg með vegatolli þá er þetta samningsbundna sjóðstreymi í ósamræmi við grundvallarfyrirkomulag við lánveitingar. Af því leiðir að gerningurinn myndi ekki uppfylla skilyrðið í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2 A.

B4.1.16 A Aðstæðurnar sem lýst er í lið B4.1.15 geta einnig komið upp ef fjáreign er „án endurkröfuréttar“. Fjáreign er án endurkröfuréttar ef endanlegur réttur til að sjóðstreymis takmarkast samningsbundið við það sjóðstreymi sem myndast af tilgreindum eignum. Með öðrum orðum stendur einingin einkum frammi fyrir frammistöðuáhættu tilgreindra eigna, fremur en útlánaáhættu skuldara. Til dæmis getur endanlegur réttur lánardrottins til sjóðstreymis samkvæmt samningi takmarkast við það sjóðstreymi sem tilgreindar eignir sérsniðinnar einingar mynda.

B4.1.17 Sú staðreynd að fjáreign er án endurkröfuréttar kemur þó í sjálfu sér ekki í veg fyrir að hún uppfylli skilyrðið í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2 A. Í þeim aðstæðum er þess krafist að lánveitandi meti („skoði“) tengslin milli tiltekinna undirliggjandi eigna eða sjóðstreymis og samningsbundins sjóðstreymis af fjáreigninni sem verið er að flokka til að ákvarða hvort samningsbundna sjóðstreymið sé greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Eining skal einnig skoða hvaða áhrif annað samningsbundið fyrirkomulag hefur á þessi tengsl, svo sem víkjandi lán eða eiginfjárgerningar sem skuldari gefur út. Ef skilmálar fjáreignarinnar gefa tilefni til annars sjóðstreymis eða takmarka sjóðstreymi á þann hátt sem er í ósamræmi við greiðslur sem tákna höfuðstól og vexti uppfyllir fjáreignin ekki skilyrðið í b-lið í lið 4.1.2 og b-lið í lið 4.1.2 A. Hvort undirliggjandi eignir eru fjáreignir eða ófjárhagslegar eignir hefur í sjálfu sér ekki áhrif á matið.

...

Samningsbundnir gerningar

B4.1.20 Í sumum tegundum viðskipta án endurkröfuréttar getur útgefandi forgangsraðað greiðslum til handhafa fjáreigna með því að nota marga samningsbundna gerninga (áhættulög). Sérhvert áhættulag er flokkað sem víkjandi áhættulag þar sem tilgreint er í hvaða röð sjóðstreymi, sem útgefandi myndar úr undirliggjandi safni fjármálagerninga, er úthlutað á áhættulagið. Forgangsröðun greiðslna til handhafa þessara áhættulaga er komið á með greiðsluflæði sem skapar samþjöppun útlánaáhættu og leiðir til óhóflegrar ráðstöfunar á óinnheimtu reiðufé úr undirliggjandi safni milli áhættulaga. Við slíkar aðstæður hafa handhafar áhættulags rétt til greiðslna á höfuðstól og greiðslna vaxta af útistandandi höfuðstól því aðeins að útgefandi myndi nægilegt sjóðstreymi til að fullnægja áhættulögum sem raðast ofar. Í þessum tegundum viðskipta beita handhafar áhættulags ákvæðum liða B4.1.21–B4.1.26 í stað ákvæðum liðar B4.1.17.

B4.1.20 A Sumar viðskiptafærslur, sem geta falið í sér marga skuldagerninga og virðast hafa einkennin sem er lýst í lið B4.1.20, eru í raun fyrirkomulag við lánveitingar sem er gert til að veita lánveitanda (eða hópi lánveitanda) aukna útlánavörn. Til dæmis gæti sérsniðin eining hafa verið stofnuð til að halda undirliggjandi eignir sem munu mynda sjóðstreymi til að endurgreiða lánveitanda. Sérsniðin eining gefur út forgangs- og víkjandi skuldagerninga. Lánveitandinn á forgangsskuldagerninginn og einingin sem styður sérsniðna einingu sem á víkjandi skuldagerninginn hefur enga raunverulega getu til að selja hann án þess að forgangsskuldagerningurinn komi til greiðslu. Handhafar slíkra skuldagerninga beita ákvæðum liða B4.1.7–B4.1.19 í stað ákvæða liðar B4.1.21–B4.1.26.

B4.1.21 Í viðskiptafærslum sem innihalda samningsbundna gerninga, eins og lýst er í lið B4.1.20, hefur áhættulag sjóðstreymiseinkenni sem eru greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól því aðeins að:

a) …

B4.1.22 gerninga sem skapa (í stað þess að streyma í gegnum) sjóðstreymið. Þetta er undirliggjandi safn fjármálagerninga.

B4.1.23 Undirliggjandi safn verður að hafa einn eða fleiri gerninga sem hafa samningsbundið sjóðstreymi sem er eingöngu greiðslur af höfuðstól og greiðslur vaxta af útistandandi höfuðstól. Undirliggjandi safn getur, að því er varðar þetta mat, falið í sér fjármálagerninga sem falla ekki undir flokkunarkröfur (sjá bálk 4.1) en hafa samningsbundið sjóðstreymi sem jafngildir aðeins greiðslum af höfuðstól og greiðslum vaxta af útistandandi höfuðstól, t.d. útistandandi leigu. Hins vegar hefur útistandandi leiga, sem sætir hrakvirðisáhættu eða samanstendur af breytilegum leigugreiðslum sem eru vísitölutryggðar á grundvelli breyta sem er ekki grundvallaráhætta eða kostnaður (t.d. leiguverð á markaði), ekki samningsbundið sjóðstreymi sem jafngildir aðeins greiðslum af höfuðstól og greiðslum vaxta af útistandandi höfuðstól.

Breytingar á IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*

Liðum 20B, 20C, 20D, 44LL og 44MM er bætt við. Ákvæðum liða 11A og 11B er breytt.

MIKILVÆGI FJÁRMÁLAGERNINGA FYRIR FJÁRHAGSSTÖÐU OG ÁRANGUR

...

Efnahagsreikningur

...

Fjárfestingar í eiginfjárgerningum sem eru tilgreindir á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu

11A Ef eining hefur tilgreint fjárfestingar í eiginfjárgerningum, sem á að meta á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu eins og heimilað er með lið 5.7.5 í IFRS-staðli 9, skal hún láta í té upplýsingar um hvern fjárfestingarflokk:

a) …

b) …

c) gangvirði við lok reikningsskilatímabilsins.

d) …

e) …

f) hagnað eða tap gangvirðis sem er sýnt í annarri heildarafkomu á reikningsskilatímabilinu, þar sem sýndur er sérstaklega sá hagnaður eða tap gangvirðis sem tengist fjárfestingum sem voru afskráðar á reikningsskilatímabilinu og hagnaður eða tap gangvirðis sem tengist fjárfestingum sem er haldið við lok skýrslutímabilsins.

11B Ef eining afskráir fjárfestingar í eiginfjárgerningum, sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu á reikningsskilatímabilinu, skal hún láta í té upplýsingar um:

a) …

b) …

c) …

d) hvers kyns yfirfærslur á uppsöfnuðum hagnaði eða tapi á eigin fé á reikningsskilatímabili sem tengjast fjárfestingum sem voru afskráðar á reikningsskilatímabilinu.

...

Yfirlit um heildarafkomu

Tekjuliðir, gjaldaliðir, hagnaður eða tap

...

20B Eining skal veita upplýsingarnar sem krafist er skv. lið 20C eftir flokki fjáreigna sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu og eftir flokki fjárskulda sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Einingin skal skoða hve ítarlegar upplýsingar skal birta, viðeigandi stig samsöfnunar eða aðgreiningar og hvort notendur reikningsskila þurfi viðbótarskýringar til að meta þær tölulegu upplýsingar sem birtar eru.

20C Til að gera notendum reikningsskila kleift að skilja áhrif samningsskilmála sem geta breytt fjárhæð samningsbundins sjóðstreymis út frá því hvort ófyrirséður atburður á sér stað (eða ekki), sem tengist ekki beint breytingum á grundvallaráhættu og kostnaði við lánveitingar (svo sem tímavirði peninga eða útlánaáhættu), skal eining upplýsa um:

a) eigindlega lýsingu á eðli ófyrirséðs atburðar,

b) megindlegar upplýsingar um hugsanlegar breytingar á samningsbundnu sjóðstreymi sem gætu stafað af samningsskilmálunum (t.d. umfangi hugsanlegra breytinga), og

c) bókfært verð fjáreigna og afskrifað kostnaðarverð fjárskulda sem falla undir samningsskilmálana.

20D Til dæmis skal eining birta upplýsingarnar sem krafist er skv. lið 20C fyrir flokk fjárskulda sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði, þar sem samningsbundið sjóðstreymi breytist ef einingin nær að draga úr kolefnislosun.

...

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

...

44LL Með *Breytingum á flokkun og mati á fjármálagerningum*, gefnar út í maí 2024, var liðum 20B, 20C og 20D bætt við og liðum 11A og 11B breytt. Eining skal beita þessum breytingum þegar hún beitir breytingunum á IFRS-staðli 9, í samræmi við liði 7.1.12–7.1.13 í IFRS-staðli 9. Kjósi eining að beita eingöngu breytingunum á Leiðbeiningum um beitingu á bálki 4.1 í IFRS-staðli 9 (Flokkun fjáreigna) fyrir fyrra tímabil í samræmi við b-lið liðar 7.1.13 í IFRS-staðli 9, skal hún einnig beita liðum 20B, 20C og 20D í þessum staðli samtímis. Í hvorugu tilvikinu þarf einingin að veita upplýsingarnar sem krafist er með þessum breytingum fyrir neitt tímabil sem er á undan dagsetningu upphaflegrar beitingar breytinganna.

44MM Á reikningsskilatímabilinu er einingu ekki skylt að veita upplýsingar, sem annars myndi vera gerð krafa um í f-lið 28. liðar í IAS-staðli 8, þegar hún beitir fyrst *Breytingum á flokkun og mat fjármálagerninga*.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/1266 **2026/EES/17/40**

frá 30. júní 2025

um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/1803 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 9 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) 7 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 ([2]) voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og túlkanir sem voru í gildi til 8. september 2022.

2) Þann 18. desember 2024 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli 9, *fjármálagerningum* (IFRS-staðli 9) og alþjóðlegum reikningsskilastaðli 7, *fjármálagerningum: upplýsingagjöf* (IFRS-staðli 7) til að auðvelda fyrirtækjum að tilkynna um fjárhagsleg áhrif samninga um raforku sem er háð náttúruöflum, sem eru oft byggðir upp sem orkukaupasamningar.

3) Breytingarnar fjalla um hvernig kröfur um „eigin notkun“ eiga við, heimila áhættuvarnarreikningsskil ef þeir samningar eru notaðir sem áhættuvarnargerningar og bæta við kröfum um upplýsingagjöf til að gera fjárfestum kleift að skilja þau áhrif sem samningarnir hafa á rekstrarárangur fyrirtækisins og framtíðarsjóðstreymi.

4) Í kjölfar samráðs við evrópsku ráðgjafarnefndina um reikningsskil (EFRAG) hefur framkvæmdastjórnin komist að þeirri niðurstöðu að breytingarnar á IFRS-staðli 9 og IFRS-staðli 7 uppfylli skilyrðin fyrir samþykkt sem sett eru fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2023/1803 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2023/1803 er eftirfarandi breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð:

a) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli („IFRS-staðli“) 9 *fjármálagerningar,*

b) IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf.*

2. gr.

Sérhvert félag skal beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdegi fyrsta fjárhagsárs þess sem hefst 1. janúar 2026 eða síðar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/1266, 1.7.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 253/2025 frá 24. október 2025 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 243, 11.9.2002, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2002/1606/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1803 frá 13. september 2023 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtíð. ESB L 237, 26.9.2023, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/1803/oj).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júní 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Samningar sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum

Breytingar á IFRS-staðli 9 og IFRS-staðli 7

Breytingar á IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar*

Liðum 2.3 A–2.3B, 2.8, 6.10.1–6.10.2, 7.1.15, 7.2.51–7.2.53, B2.7–B2.8 og undirliðum þeirra er bætt við. Undirlið er einnig bætt við á undan lið 2.4. Lið 2.6 er breytt. Ekki eru gerðar breytingar á liðum 2.4 og 2.5 en þeir eru teknir með hér til einföldunar.

2. kafli Gildissvið

...

2.3A **Liðir 6.10.1–6.10.2 og B2.7–B2.8 gilda aðeins um samninga sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflum. Samningar sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum eru samningar sem gera einingu óvarða fyrir breytileika á undirliggjandi magni rafmagns þar sem uppspretta raforkuframleiðslu fer eftir óstjórnanlegum náttúrulegum aðstæðum (t.d. veðrinu). Samningar sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum eru bæði samningar um kaup eða sölu á raforku sem er háð náttúruöflunum og fjármálagerningar sem vísa til slíkrar raforku.**

2.3B Eining skal ekki beita liðum 6.10.1–6.10.2 og B2.7–B2.8 með hliðstæðum hætti á aðra samninga, liði eða viðskipti.

Samningar um kaup eða sölu ófjárhagslegra liða

2.4. **Þessum staðli skal beita á þá samninga um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið, sem hægt er að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum líkt og samningarnir væru fjármálagerningar, að undanskildum samningum sem gerðir voru og ætlaðir eru til móttöku eða afhendingar ófjárhagslegs liðar í samræmi við þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun. Þó skal beita þessum staðli gagnvart þeim samningum sem eining tilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 2.5.**

2.5. **Tilgreina má samning um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið, sem hægt er að gera upp með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum, líkt og samningurinn væri fjármálagerningur, á óafturkræfan hátt á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef hann var gerður til móttöku eða afhendingar ófjárhagslegs liðar í samræmi við þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun. Þessi tilgreining er einungis möguleg við gildistöku samningsins og því aðeins að hún eyði eða dragi verulega úr ósamræmi í færslum (stundum kallað „reikningsskilalegt ósamræmi“) sem að öðrum kosti mundi koma fram ef samningurinn er ekki færður vegna þess að hann fellur utan gildissviðs þess staðals (sjá lið 2.4).**

2.6. Ýmsar leiðir eru til að gera upp samning um kaup eða sölu á ófjárhagslegum lið með handbæru fé eða öðrum fjármálagerningi eða með skiptum á fjármálagerningum. Þetta felur í sér eftirfarandi:

...

Samningur, sem b- eða c-liður gildir um, er ekki gerður í þeim tilgangi að taka við ófjárhagslega liðnum eða afhenda hann í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun og fellur innan gildissviðs þessa staðals í samræmi við það. Aðrir samningar (þ.m.t. samningar eins og lýst er í lið 2.3 A), sem liður 2.4 gildir um, eru metnir til að ákvarða hvort þeir voru gerðir og áfram haldið í þeim tilgangi að taka við ófjárhagslega liðnum eða afhenda hann í samræmi við áætlaða þörf einingarinnar fyrir kaup, sölu eða notkun, og hvort þeir falla þar með innan gildissviðs þessa staðals.

...

2.8. Eining skal einnig beita liðum B2.7–B2.8 til að leggja mat á hvort samningar sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum (eins og lýst er í lið 2.3 A) hafi verið gerðir og sé haldið áfram í þeim tilgangi að taka við rafmagni í samræmi við áætlaða notkunarþörf einingarinnar.

...

6. kafli Áhættuvarnarreikningsskil

...

6.10 SAMNINGAR SEM VÍSA Í RAFORKU SEM ER HÁÐ NÁTTÚRUÖFLUNUM

6.10.1. Sumir samningar sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum eru tilgreindir sem áhættuvarnargerningar til að áhættuverja áætluð framtíðarraforkuviðskipti. Auk krafnanna í lið 6.3.7, er einingu heimilt, að því er varðar slík áhættuvarnartengsl, að tilgreina sem áhættuvarinn lið breytilegt nafnverð áætlaðra framtíðarraforkuviðskipta sem eru í samræmi við þá breytilegu fjárhæð raforku sem er háð náttúruöflunum sem búist er við að orkuver skili, eins og vísað er til í áhættuvarnargerningnum. Aðrar kröfur um áhættuvarnarreikningsskil í þessum kafla gilda áfram um slík áhættuvarnartengsl.

6.10.2. Ef sjóðstreymi samnings sem vísar í raforku sem er háð náttúruöflunum, og er tilgreindur sem áhættuvarnargerningur, er háð því að áætluð framtíðarviðskipti, sem eru tilgreind sem áhættuvarinn liður, eigi sér stað, í samræmi við lið 6.10.1, er gert ráð fyrir að þau áætluðu framtíðarviðskipti séu afar líkleg, skv. kröfunum í lið 6.3.3.

7. kafli Gildistökudagur og umbreyting

7,1 GILDISTÖKUDAGUR

...

7.1.15. Með *Samningum sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum*, gefnir út í desember 2024, var bætt við liðum 2.3 A–2.3B, 2.8, 6.10.1–6.10.2, 7.2.51–7.2.53, og B2.7–B2.8 og lið 2.6. breytt. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2026 eða síðar. Heimilt er að beita þeim fyrr. Eining skal greina frá því ef hún beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil.

7.2 UMBREYTING

...

Umbreyting samninga sem vísa í rafmagn sem er háð náttúruöflunum

7.2.51. Eining skal beita liðum 2.3 A–2.3B, 2.8 og B2.7–B2.8 afturvirkt í samræmi við IAS-staðal 8 með því að nota málavexti og aðstæður á upphafsdegi beitingar (deginum þegar eining beitir breytingunum fyrst). Upphafsdagur beitingar skal vera við upphaf reikningsskilatímabils, sem kann að vera annað reikningsskilatímabil en árlegt reikningsskilatímabil. Eining þarf ekki að endurgera fyrri tímabil til að endurspegla beitingu þessara breytinga. Einingunni er heimilt að endurgera fyrri tímabil því aðeins að slíkt sé hægt án eftiráskýringa. Ef eining endurgerir ekki fyrri tímabil skal hún færa hvers kyns mismun milli fyrra bókfærðs verðs og bókfærðs verðs við upphafsdag beitingar á þessum breytingum í upphaflegt óráðstafað eigið fé (eða annan eiginfjárþátt, eftir því sem við á) við upphaf þess reikningsskilatímabils.

7.2.52. Ef samningur sem vísar í raforku sem er háð náttúruöflunum (eins og lýst er í lið 2.3 A) fellur utan gildissviðs IFRS-staðals 9 vegna beitingar á kröfunum í liðum B2.7 – B2.8 er einingu heimilt, á upphafsdegi beitingar, að tilgreina samninginn á óafturkræfan hátt á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við lið 2.5.

7.2.53. Eining skal beita liðum 6.10.1–6.10.2 framvirkt á ný áhættuvarnartengsl sem eru tilgreind á eða eftir upphafsdag beitingar. Á upphafsdegi beitingar er einingu heimilt að slíta áhættuvarnartengslum þar sem samningur sem vísar í raforku sem er háð náttúruöflunum (eins og lýst er í lið 2.3 A) hefur verið tilgreindur sem áhættuvarnargerningur, ef sami áhættuvarnargerningur er tilgreindur í nýjum áhættuvarnartengslum í samræmi við liði 6.10.1–6.10.2.

Viðbætir B

Leiðbeiningar varðandi beitingu

Þessi viðbætir er óaðskiljanlegur hluti staðalsins.

GILDISSVIÐ (2. KAFLI)

...

Samningar um kaup á raforku sem er háð náttúruöflunum

B2.7 Sumir samningar sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum (eins og lýst er í lið 2.3 A) krefjast þess að eining kaupi og taki við raforku um leið og hún er framleidd. Þessir samningsbundnu þættir geta orðið til þess að einingin verði skyldug til að kaupa raforku á afhendingartímabili þegar hún getur ekki notað raforkuna. Einnig gæti einingin ekki haft raunverulega getu til að komast hjá því að selja ónotað rafmagn vegna þess að hönnun og starfræksla raforkumarkaðarins þar sem verslað er með rafmagnið samkvæmt samningnum krefst þess að öll ónotuð raforka sé seld innan tiltekins tíma. Þegar eining beitir kröfunum í lið 2.4 er slík sala ekki endilega ósamrýmanleg því að samningurinn sé gerður í samræmi við áætlaða notkunarþörf einingarinnar. Einingin hefur gert og heldur áfram að halda slíkan samning í samræmi við áætlaða rafmagnsnotkunarþörf ef einingin hefur verið og væntir þess að verða nettó kaupandi raforku á samningstímanum. Eining er nettó kaupandi raforku ef hún kaupir nægilegt magn rafmagns til að jafna sölu á ónotaðri raforku á sama markaði og hún seldi rafmagnið.

B2.8 Við ákvörðun á því hvort eining sé nettó kaupandi raforku skal einingin líta til raunhæfra og rökstuddra upplýsinga (sem eru tiltækar án óhóflegs kostnaðar eða fyrirhafnar) um fyrri, núverandi og fyrirhuguð raforkuviðskipti yfir hæfilegan tíma. Einingin tilgreinir „hæfilegan tíma“ með því að taka tillit til breytileika í magni raforku sem búist er við að verði framleidd vegna árstíðabundinna sveiflna í náttúrulegum aðstæðum og breytileika í eftirspurn einingarinnar eftir rafmagni vegna rekstrarlotu þess. Við ákvörðun á því hvort eining sé nettó kaupandi skal „hæfilegur tími“ ekki fara yfir 12 mánuði.

Breytingar á IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf*

Liðum 5B–5D, 30A–30C, 44OO–44PP og undirliðnum á undan lið 30A er bætt við. Ákvæði 5. liðar eru höfð með til að auðvelda tilvísanir.

GILDISSVIÐ

...

5. Þessi IFRS-staðall gildir um samninga um kaup og sölu á ófjárhagslegum lið sem falla innan gildissviðs IFRS-staðals 9.

...

5B Liður 30A gildir eingöngu um samninga um kaup á raforku sem er háð náttúruöflunum sem uppfylla kröfurnar í lið 2.3 A í IFRS-staðli 9 og er utan gildissviðs þess staðals í samræmi við liði B2.7–B2.8 í IFRS-staðli 9.

5C Liður 30B gildir aðeins um samninga sem uppfylla kröfurnar í lið 2.3 A í IFRS-staðli 9 og hafa verið tilgreindir í áhættuvarnartengslum sjóðstreymis í samræmi við lið 6.10.1 í IFRS-staðli 9.

5D Liður 30C gildir aðeins um samninga sem uppfylla kröfurnar í lið 2.3 A í IFRS-staðli 9 og hafa verið gerðir með tilliti til kaupa einingarinnar á raforku. Samningarnir fela í sér þá samninga sem eru:

a) innan gildissviðs IFRS-staðals 9, og

b) utan gildissviðs IFRS-staðals 9 í samræmi við lið 2.4 í þeim staðli, þ.m.t. samningana sem eru undanskildir í samræmi við liði B2.7–B2.8 í þeim staðli.

...

MIKILVÆGI FJÁRMÁLAGERNINGA FYRIR FJÁRHAGSSTÖÐU OG ÁRANGUR

...

Aðrar upplýsingar

...

Samningar sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum

30A Eining skal birta upplýsingar um samninga sem uppfylla viðmiðanirnar, sem eru settar fram í lið 5B, í stakri athugasemd í reikningsskilum sínum. Einkum skal einingin birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskilanna kleift að skilja þau áhrif sem samningarnir hafa á fjárhæð, tímasetningu og óvissu framtíðarsjóðstreymis hennar sem og á rekstrarárangur. Til að uppfylla þessi markmið skal eining birta:

a) upplýsingar um samningsbundna þætti sem gera eininguna óvarða fyrir:

i. breytileika í undirliggjandi magni raforku (sjá lið 2.3 A í IFRS-staðli 9), og

ii. hættunni á því að einingu verði skylt að kaupa raforku á afhendingartímabili þegar hún getur ekki notað raforkuna (sjá lið B2.7 í IFRS-staðli 9),

b) upplýsingar um ófærðar skuldbindingar sem leiða af slíkum samningum á reikningsskiladegi, þ.m.t.:

i. áætlað framtíðarsjóðstreymi vegna raforkukaupa samkvæmt þessum samningum. Einingin skal beita dómgreind sinni við að skilgreina viðeigandi tímabil þegar birta á áætlað framtíðarsjóðstreymi,

ii. eigindlegar upplýsingar um hvernig einingin leggur mat á það hvort samningur geti orðið íþyngjandi (sjá IAS-staðal 37, *reiknaðar skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*), þ.m.t. þær forsendur sem einingin notar við matið,

c) eigindlegar og megindlegar upplýsingar um áhrif á rekstrarárangur einingar á reikningsskilatímabili. Upplýsingagjöfin byggist á þeim upplýsingum sem eiga við um reikningsskilatímabilið og einingin notaði til að meta hvort hún hafi verið nettó kaupandi að raforku (sjá lið B2.8 í IFRS-staðli 9). Eining skal birta upplýsingar fyrir reikningsskilatímabilið um:

i. kostnað vegna raforkukaupa sem gerð eru samkvæmt samningum, þar sem tilgreint er sérstaklega hversu mikið keypt rafmagn var ónotað við afhendingu,

ii. ágóða af sölu á ónotuðu rafmagni, og

iii. kostnað af raforkukaupum sem gerð voru til að jafna sölu á ónotuðu rafmagni.

30B Eining skal sundurliða, fyrir samninga sína sem uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í lið 5C, upplýsingarnar sem hún birtir eftir áhættuflokkum, varðandi skilmála og skilyrði áhættuvarnargerninga í samræmi við lið 23A.

30C Ef eining birtir upplýsingar um aðra samninga sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum, eins og lýst er í lið 5D (þ.m.t. samningana sem lýst er í lið 30B) í öðrum athugasemdum í reikningsskilum sínum, skal hún hafa millivísanir í þær athugasemdir með í stöku athugasemdinni sem krafist er skv. lið 30A.

...

GILDISTÖKUDAGUR OG UMBREYTINGARÁKVÆÐI

...

44OO Með *Samningum sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum*, gefnum út í desember 2024, sem breytti einnig IFRS-staðli 9, var bætt við liðum 5B–5D, 30A–30C og 44PP. Eining skal beita þessum liðum þegar hún beitir breytingunum á IFRS-staðli 9. Ef eining endurgerir ekki samanburðarupplýsingar við upphaflega beitingu breytinganna á IFRS-staðli 9 í samræmi við lið 7.2.51 í þeim staðli, skal hún ekki veita samanburðarupplýsingar fyrir upplýsingagjöfina sem krafist er skv. liðum 30A–30C. Eins skal eining sem beitir IFRS-staðli 19, dótturfélög án opinberrar ábyrgðar: upplýsingagjöf, ekki veita samanburðarupplýsingar fyrir upplýsingagjöfina sem er krafist skv. liðum 64A–64C.

44PP Á því reikningsskilatímabili sem eining beitir fyrst *Samningum sem vísa í raforku sem er háð náttúruöflunum*, þarf hún ekki að birta þær megindlegu upplýsingar sem annars væri krafist skv. f-lið 28. liðar IAS-staðals 8. Eins þarf eining sem beitir IFRS-staðli 19 ekki að birta þær megindlegu upplýsingar sem annars væri krafist skv. f-lið 178. liðar IFRS-staðals 19.